Hæstaréttardómar 1997 - 2. bindi

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1997

Efnisskrá til bráðabirgða

2. hefti

Bls.

Aðfinnslur 1304
Aðför 950
Aðild 939, 1304
Aðildarhæfi 862
Afréttarland 1162, 1183
Afsláttur 1528
Ábyrgð 864, 930, 1388, 1476
Áfrýjun 1293
Ávana- og fíkniefni 1354
Bankar 1323
Biðlaunakrafa 1499, 1509
Bifreiðar:
a) Einkamál 829, 1071, 1197, 1230
Dánarbú 1156
Dómkvaðning matsmanns 1248
Dráttarvextir 1433
Eignarréttur 841, 1162, 1183
Einkahlutafélög 1248
Endurupptaka 946
Erfðaábúð 1409
Erfðafjárskattur 1156
Erlendir dómar 986
Félagaréttur 841
Félagsdómur 1457
Fiskeldi 1560
Fiskveiðibrot 1630
Fjárdráttur 1124
Fjármögnunarleiga 977
Fjárnám 1106, 1603
Fjársvik 1258
Fjöleignarhús 954, 1082
Flugskírteini 1423
Flýtimeðferð 856, 1499, 1509
Forkaupsréttur 1409

Bls.
Framsal kröfu 1323
Frávísun:
a) Frá héraðsdómi 939, 1295
b) Frá Hæstarétti 1023, 1063, 1152, 1160
Frávísun máls frá héraðsdómi að hluta 1528
Frávísun máls frá Hæstarétti að hluta 1304
Frávísunarúrskurður felldur úr gildi 1298, 1304, 1519
Frávísunarúrskurður staðfestur 1457
Friðhelgi einkalífs 887
Fullvirðisréttur 1269
Gagnkæra 954
Gengistrygging 977
Geymslugreiðsla 1082
Gjafsókn 1065
Gjaldþrot 1130
Gjaldþrotaskipti 862, 946, 971
Greiðsla 1023
Greiðslumark 1269
Grunnskólar 1499, 1509, 1544
Gæsluvarðhald:
2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ..... 1061, 1348, 1465
a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ..... 1145, 1148
..... 1150, 1153, 1350, 1352, 1612
c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 1296
Hald 1152, 1295, 1469
Heimvísun 1130, 1463, 1472
Höfundarréttur 887
Iðgjald 1537
Innsetningargerð 950
Ítrekun 986, 1057
Jafnrétti 1008, 1282
Jarðakaup 1409
Kaupmáli 1130
Kaupréttur 1409
Kennari 1544
Kjarasamningar 1008, 1423
Kröfugerð 1298
Kröfuréttur 1476
Kynferðisbrot 1215
Kærufrestur 1160
Kæruheimild 1063, 1160, 1304

Bls.

Kærumál:
Aðfinnslur ... 1304
Aðför ... 950
Aðild ... 1304
Aðildarhæfi ... 862
Dánarbú ... 1156
Dómkvaðning matsmanns ... 1248
Einkahlutafélög ... 1248
Endurupptaka ... 946
Erfðafjárskattur ... 1156
Félagsdómur ... 1457
Fjárnám ... 1106, 1603
Fjöleignarhús ... 954
Flýtimeðferð ... 856
Frávísun:
a) Frá héraðsdómi ... 1295
b) Frá Hæstarétti ... 1063, 1152, 1160
Frávísun máls frá Hæstarétti að hluta ... 1304
Frávísunarúrskurður felldur úr gildi ... 1298, 1304, 1519
Frávísunarúrskurður staðfestur ... 1457
Gagnkæra ... 954
Gjaldþrotaskipti ... 862, 946, 971
Gæsluvarðhald:
2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ... 1061, 1348, 1465
a-liður 1.mgr. 103.gr. laga nr. 19/1991 ... 1145, 1148, 1150, 1153 ... 1350, 1352, 1612
c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ... 1296
Hald ... 1152, 1295, 1469
Innsetningargerð ... 950
Kröfugerð ... 1298
Kærufrestur ... 1160
Kæruheimild ... 1063, 1160, 1304
Lögbann ... 965
Lögheimili ... 1298
Lögræðissvipting ... 1524
Lögvarðir hagsmunir ... 1298
Lögveðsréttur ... 850
Málskostnaður ... 1106
Nauðungarsala ... 850
Ómerking úrskurðar héraðsdóms ... 1302
Sjópróf ... 1063
Svipting lögræðis ... 1302

Bls.
Virðisaukaskattur ... 1106
Þinglýsing ... 954
Launakrafa ... 1008
Lausafjárkaup ... 1307, 1528
Lax- og silungsveiði ... 1096
Leigusamningur ... 977, 1096
Lífeyrir ... 1065
Lífeyrissjóður ... 1373
Líkamsárás ... 904, 986, 1000, 1441
Líkamsárás sem leiðir til dauða ... 1024
Líkamstjón ... 1115
Læknar ... 1615
Læknaráð ... 1197, 1615
Lögbann ... 965
Lögheimili ... 1298
Lögmenn ... 1323
Lögræðissvipting ... 1524
Lögvarðir hagsmunir ... 1023, 1298
Lögveðsréttur ... 850
Matsgerð ... 1409
Matsgerðir ... 1197, 1560
Málskostnaður ... 1106, 1293
Meiðyrði ... 887
Miskabætur ... 1215, 1544
Miski ... 1388
Nauðungarsala ... 850
Niðurfelling máls ... 1293
Ómerking ... 1130, 1463, 1472
Ómerking héraðsdóms ... 817
Ómerking úrskurðar héraðsdóms ... 1302
Ráðning ... 1544
Ráðningarsamningur ... 1008
Reynslulausn ... 1227
Riftun ... 1130, 1528
Ríkisstarfsmenn ... 1499, 1509
Samningar ... 1162, 1183
Samningur ... 1269, 1409, 1447, 1487, 1593
Samþykktir ... 1373
Sératkvæði ... 1071, 1082, 1115, 1197, 1323, 1388, 1423, 1447, 1544, 1630
Sérálit ... 904
Sjópróf ... 1063

Bls.
Sjúkrahús 1115
Skaðabótakrafa 1499, 1509
Skaðabótamál 1115, 1323, 1593, 1615
Skaðabætur 829, 930, 1071, 1096, 1230, 1388, 1487, 1630
Skilnaðarsamningur 1065
Skilorð 904, 1000, 1124, 1441
Skilorðsrof 1227
Skjalafals 1258
Skoteldar 1253
Skuldabréf 864
Slys 1137
Slysatrygging ökumanns 1197, 1230
Staðgreiðsla skatta 1124
Starfsréttindi 1544
Stéttarfélög 841, 1373
Stjórnsýsla 1544
Sveitarfélög 1499, 1509
Sveitarstjórn 864
Svipting lögræðis 1302
Sönnun 1447
Sönnunarbyrði 1008
Tómlæti 1447
Umferðarlög 1071, 1197
Uppsögn 1282
Úrsögn 841
Vanreifun 939
Varnir 1453
Vatnsréttindi 1162, 1183
Vátrygging 1071, 1537
Vátrygging, skilmálar 1137
Vátryggingarsamningar 1560
Veiðifélag 1096
Veiðiheimildir 1593
Verðbréfasala 864
Verksamningur 864, 939, 1082, 1307, 1388, 1433
Viðurlagaákvörðun 986
Vinnuslys 1388
Virðisaukaskattur 1106, 1124
Vitni 1215
Víxilmál 1223, 1453
Víxlar 930

Bls.
Þinghald 1215
Þinglýsing 954
Þjófnaður 986, 1057
Ökuréttur 1227
Örorka 1071, 1137, 1197, 1388
Örorkubætur 1230

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXVII. árgangur. 2. hefti. 1997

Fimmtudaginn 27. febrúar 1997.

Nr. 299/1996. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Stefáni Jóni Sigurðssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Ómerking héraðsdóms.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari og ákærði skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. júlí 1996. Krefst ákærði þess aðallega, að hann verði sýknaður, en til vara, að refsing verði milduð. Hann krefst jafnframt sýknu af bótakröfum í málinu, en til vara, að þeim verði vísað frá héraðsdómi.

Ákæruvaldið krefst staðfestingar á sakfellingu ákærða og að refsing hans verði þyngd. Þess er enn fremur krafist, að áfrýjun ákærða, að því er varðar skaðabætur, sem honum var gert að greiða með héraðsdómi, verði vísað frá Hæstarétti.

Ákæra er í tuttugu og níu liðum, þar sem ákærða er í öllum tilvikum gefið að sök að hafa brotið gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hefur hann ekki játað sök í neinu þessara tilvika. Í héraðsdómi er hann sakfelldur fyrir öll ákæruatriði.

Samkvæmt 1. mgr. 135. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skal skýrlega koma fram í röksemdum dómara, hvað hann telur sannað í máli og með hverjum hætti hann hefur komist að þeirri niðurstöðu. Tengist ákvæði þetta meginreglu 4. mgr. 159. gr. sömu laga um, að Hæstiréttur endurmeti ekki niðurstöðu héraðsdómara

um sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi, en báðum þessum greinum laganna var breytt í núverandi horf með lögum nr. 37/1994.

Í hinum áfrýjaða dómi er við reifun sakarefna í verulegum atriðum stuðst við framburð vitna og ákærða fyrir lögreglu, en framburði manna fyrir dómi eru hins vegar gerð ófullnægjandi skil. Í nokkrum tilvikum er látið hjá líða að geta afstöðu ákærða sjálfs til einstakra ákæruatriða, og í enn öðrum er aðeins getið afstöðu, sem ákærði lýsti í skýrslum hjá lögreglu. Þá skortir í forsendum fyrir niðurstöðum héraðsdóms verulega á, að áðurnefndum fyrirmælum 1. mgr. 135. gr. laga nr. 19/1991 sé fylgt sem skyldi. Er látið við það sitja í almennri umfjöllun, þar sem er skírskotað meðal annars til framburðar þrettán vitna, að telja sekt ákærða sannaða í öllum ákæruliðum í senn, en ekki er vikið að hverjum ákærulið fyrir sig og tekin afstaða hverju sinni til framburðar ákærða og vitna fyrir dómi svo og annarra sönnunargagna til að komast að rökstuddri niðurstöðu um sönnun á sekt vegna hvers þeirra. Verður í því sambandi að taka tillit til þess, að við úrlausn um hvern ákærulið verður að meta trúverðugleika framburðar ákærða í samanburði við framburð þeirra eins til fimm vitna, sem hafa borið um atvik tengd hverjum ákærulið, en ekki í samanburði við framburð allra þeirra í senn, sem hafa komið fyrir dóm í málinu. Í þessum efnum er þess jafnframt að gæta, að neitun ákærða um sök styðst ekki í öllum tilvikum við sömu forsendur. Þannig bar hann til dæmis fyrir sig um 5. ákærulið, að samþykkjandi víxils, sem þar er getið, hafi að mestu fengið andvirði hans í sinn hlut, svo og, að lánsfé, sem honum er gefið að sök með 22. ákærulið að hafa aflað sér með sviksamlegum hætti, hafi verið endurgreitt að fullu, en til atriða sem þessara er ekki tekin skýr afstaða í hinum áfrýjaða dómi.

Af þessum sökum verður ekki komist hjá að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu sjálfkrafa heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsálagningar að nýju. Greiða ber áfrýjunarkostnað málsins úr ríkissjóði, svo sem greinir í dómsorði, en um sakarkostnað í héraði verður að taka ákvörðun í heild, þegar dómur gengur þar að nýju um efni málsins.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur, og er málinu vísað til héraðsdóms til málflutnings og dómsálagningar að nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 4. maí 1996.

Ár 1996, laugardaginn 4. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara ásamt meðdómendunum Hjördísi Hákonardóttur héraðsdómara og Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-987/1995: Ákæruvaldið gegn Stefáni Sigurðssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 3. október 1995, á hendur „Stefáni Jóni Sigurðssyni, Stakkholti 3, Reykjavík, fæddum 8. maí 1944, fæðingarnúmer 316, fyrir fjársvik með því að hafa á tímabilinu frá 10. júlí 1991 til 1. október 1994 með kerfisbundnum blekkingum og sviksamlegum hætti fengið tólf neðangreinda einstaklinga, sem fæstir þekktust innbyrðis, til að taka á sig fjárskuldbindingar með útgáfu skuldabréfa eða sem sjálfskuldarábyrgðaraðilar á skuldabréfum og skrifa sem útgefendur eða samþykkjendur á víxla, en í mörgum tilvikum var nafn ákærða ekki á þessum skjölum nema sem votts. Ákærða tókst að telja brotaþolum trú um, að hann myndi greiða þessar skuldbindingar og brotaþolar þyrftu engar áhyggjur að hafa, þar sem ákærði hefði svo góðar tekjur og ætti von á vaxtabótum og tryggingarbótum, þrátt fyrir að ákærða væri ljóst, að fjárhag hans var þannig háttað, að hann hafði enga möguleika til að standa við allar þessar skuldbindingar, og sama er að segja um vitneskju ákærða um fjárhag brotaþola. Ákærði hélt leyndu fyrir hverjum einstökum brotaþola, til hve mikilla skulda hann hafði stofnað eða látið aðra stofna í sína þágu með sama hætti á sama tímabili. Ákærði ætlaði sér aldrei að standa í skilum með þau skuldabréf og víxla, sem hann var ekki skuldari eða ábyrgðarmaður á. Ákærði sá um að útbúa lánsumsóknir, útbúa viðskiptabréfin, sjá um sölu þeirra til lánastofnana, taka við andvirði þeirra og sjá einn um svo til öll önnur samskipti við lánastofnanir vegna neðangreindra lánveitinga.

1. Að hafa fengið Jón Gauta Kristjánsson, kt. 250349-4329, Blönduhlíð 5, Reykjavík, til að gefa út skuldabréf nr. 172298, að fjárhæð 250.000 kr., 20. mars 1992, þar sem ákærði væri á svörtum lista í bankakerfinu, og Freyju

Sigurðardóttur, kt. 310548-2519, Holtsgötu 12, Hafnarfirði, til að gerast sjálfskuldarábyrgðarmaður á skuldabréfinu. Ákærði sagði Freyju, að hann ætlaði að nota andvirði skuldabréfsins til að greiða aðrar skuldir, en hann seldi bréfið í Landsbanka Íslands, Háaleitisútibúi, og fékk allt andvirðið, 241.120 kr., greitt út.

2. Hafa fengið Jón Gauta Kristjánsson til að gefa út skuldabréf nr. 7365, að fjárhæð 200.000 kr., 18. maí 1992 og Freyju Sigurðardóttur til að gerast sjálfskuldarábyrgðaraðili á skuldabréfinu. Ákærði seldi skuldabréfið í Landsbanka Íslands, Múlaútibúi, og fór hluti andvirðisins til greiðslu afborgana á þremur skuldabréfum, en ákærði fékk 116.366,70 kr. greiddar út með tékka, sem stílaður var á Jón Gauta Kristjánsson.
3. Fengið Jón Gauta Kristjánsson til að gefa út skuldabréf nr. 3691, að fjárhæð 775.000 kr., 1. júlí 1992 og Freyju Sigurðardóttur og Hildu Björk Jónsdóttur, kt. 261135-2569, Stigahlíð 24, Reykjavík, til að gerast sjálfskuldarábyrgðaraðilar á skuldabréfinu. Ákærði fékk útborgað andvirði skuldabréfsins í Landsbanka Íslands, Þarabakka, og var andvirðið notað til að greiða upp þrjú eldri lán.
4. Hinn 8. júní 1994 fengið Freyju Sigurðardóttur til að gefa út og framselja víxil, að fjárhæð 350.000 kr., með gjalddaga 8. ágúst 1994 og samþykktan af ákærða. Ákærði sagði Freyju, að hann ætlaði að nota andvirði víxilsins til að greiða vanskil, sem skuldabréf, er Freyja hafði skrifað upp á, voru komin í, en ákærði seldi víxilinn í Tryggingamiðstöðinni hf., og gengu 79.540 kr. til greiðslu á tryggingariðgjöldum ákærða, en 259.654 kr. voru greiddar ákærða.
5. Hinn 19. júlí 1994 fengið Arnfríði Jónsdóttur, kt. 060860-2039, Svarthömrum 4, Reykjavík, sem átti við alvarleg geðræn vandamál að stríða, til að samþykkja víxil, að fjárhæð 150.000 kr., með gjalddaga 19. ágúst 1994, út gefinn af Maríasi Stefánssyni, syni ákærða. Víxillinn var seldur hjá Sjóvá-Almennum, og rann andvirðið að mestu til ákærða.
6. Fengið Arnfríði Jónsdóttur til þess að taka skuldabréfalán hjá Glitni hf. með skuldabréfi, að fjárhæð 1.766.176 kr., út gefnu af Arnfríði 15. júlí 1994. Skuldabréfið var notað til kaupa á bifreiðinni UN-305, Hyundai Sonata, hjá Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf. 15. júlí, sem ákærði fékk Arnfríði til að kaupa í eigin nafni, en ákærði notaði bifreiðina í leiguakstri.
7. Fengið Arnfríði Jónsdóttur til þess að samþykkja víxil, að fjárhæð 250.000 kr., út gefinn 21. júní 1994 af Ingibjörgu Einarsdóttur, Stigahlíð 28, Reykjavík, vinkonu Arnfríðar, með gjalddaga 21. ágúst. Víxillinn var seldur í Íslandsbanka, Garðabæ, og andvirðið lagt inn á tékkareikning nr.

1608 á nafni Arnfríðar, sem hún stofnaði hjá útibúinu, en það var skilyrði þess, að víxillinn yrði keyptur. Tékkar þeir, sem Arnfríður gaf út á tékkareikninginn, voru flestir notaðir í þágu ákærða.

8. Fengið Arnfríði Jónsdóttur til þess að gefa út víxil, að fjárhæð 200.000 kr., út gefinn 25. júlí 1994, með gjalddaga 25. október s. á., samþykktan af ákærða. Ákærði seldi víxilinn í Sparisjóði Þingeyrarhrepps, Þingeyri, og var andvirðið lagt inn á sparisjóðsbók nr. 25, sem ákærði stofnaði í sparisjóðnum.
9. Fengið Fanneyju Halldórsdóttur, kt. 260224-3289, Háaleitisbraut 117, Reykjavík, til að gerast útgefandi á víxli, að fjárhæð 300.000 kr., út gefnum 22. janúar 1993, með gjalddaga 22. apríl s. á. og fengið Jón Gauta Kristjánsson til að samþykkja víxilinn. Ákærði seldi víxilinn í Sparisjóði Kópavogs, og fór andvirðið inn á tékkareikning ákærða nr. 40186 við sparisjóðinn til greiðslu á óheimilum yfirdrætti á reikningnum.
10. Hinn 1. apríl 1993 fengið Fanneyju Halldórsdóttur til að gefa út skuldabréf nr. 1942, að fjárhæð 300.000 kr. Ákærði, sem var sjálfskuldarábyrgðaraðili á skuldabréfinu, sagði Fanneyju, að skuldabréfið yrði notað til að skuldbreyta lánum, sem hún hafði skrifað upp á fyrir ákærða, en ákærði seldi skuldabréfið í Landsbanka Íslands, Höfðabakkaútibúi, 1. apríl 1993, og var andvirðið greitt ákærða.
11. Í ágúst 1992 fengið Magnús Móberg Hansson, kt. 211249-5959, Þórsgötu 17, Reykjavík, til þess að gerast útgefandi víxils nr. 100011, að fjárhæð 300.000 kr., út gefins 25. ágúst 1992, með gjalddaga 25. nóvember s. á., og Þóru Bjarneyju Guðmundsdóttur, kt. 160450-4019, Þverholti 9, Mosfellsbæ, til að samþykkja víxilinn. Víxilinn seldi ákærði í Landsbanka Íslands, Hamraborg, Kópavogi. Víxillinn var framlengdur þrisvar, en lenti síðan í vanskilum og var greiddur af þeim Magnúsi og Þóru, þar sem þeim var orðið ljóst, að ákærði ætlaði sér aldrei að greiða víxilinn.
12. Í maí 1992 fengið Fanneyju Halldórsdóttur til þess að gerast útgefandi víxils nr. 029637, að fjárhæð 200.000 kr., út gefins 27. maí 1992, með gjalddaga 27. ágúst s. á., og Þóru Bjarneyju Guðmundsdóttur til að samþykkja víxilinn. Ákærði seldi víxilinn í Íslandsbanka við Þarabakka, Reykjavík, og var andvirðið lagt inn á tékkareikning ákærða nr. 3196. Víxillinn var framlengdur tvisvar, en síðan leysti Þóra Bjarney víxilinn til sín, þar sem henni var orðið ljóst, að ákærði ætlaði sér aldrei að greiða víxilinn.
13. Í desember 1992 fengið Þóru Bjarneyju Guðmundsdóttur til þess að gerast útgefandi víxils nr. 008270, að fjárhæð 300.000 kr., út gefins 28. desember 1992, með gjalddaga 28. janúar 1993, og Jón Gauta Kristjáns-

son til að samþykkja víxilinn og selja hann í Íslandsbanka, Mosfellsbæ. Andvirði víxilsins var lagt inn á tékkareikning ákærða nr. 3169 í Íslandsbanka, Þarabakka. Þóra Bjarney leysti til sín víxilinn 18. maí 1994.

14. Í september 1993 fengið Ágústu Sigmundsdóttur, kt. 110858-6639, Mánabraut 11, Akranesi, sem er við skerta andlega heilsu og var á þeim tíma á lokaðri geðdeild Landspítalans, til að veðsetja fasteign sína að Mánabraut 11, efri hæð, Landsbanka Íslands til tryggingar veðskuldabréfaláni ákærða við Landsbanka Íslands nr. 38659, að fjárhæð 1.500.000 kr., út gefnu 9. september 1993. Ákærði sagði Ágústu, að hann ætti von á tryggingarbótum, að fjárhæð 4.000.000 kr., og myndi hann greiða veðskuldabréfið upp, þegar hann fengi bæturnar.
15. Í janúar 1994 fengið Sólveigu Pétursdóttur, kt. 020944-7819, Hafnargötu 20, Keflavík, til að gefa út skuldabréf nr. 172732, að fjárhæð 500.000 kr., dagsett 7. janúar 1994, og Ágústu Sigmundsdóttur til að rita sem sjálfskuldarábyrgðaraðila á skuldabréfið. Ákærði seldi skuldabréfið í Landsbanka Íslands, Háaleitisútibúi, og var andvirði þess notað til að greiða eldri skuldir.
16. Í apríl 1993 fengið Svanfríði Hagvaag, kt. 220249-4769, Bræðraborgarstíg 7, Reykjavík, sem var við skerta andlega heilsu, til að taka skuldabréfalán hjá Íslandsbanka, Dalbraut 3, nr. 21235, að fjárhæð 500.000 kr., dagsett 27. apríl 1993, og þær Ólafíu Jónsdóttur, kt. 100645-7699, Dvergabakka 6, Reykjavík, og Ingibjörgu Sveinsdóttur, kt. 040752-3909, Stuðlabergi 62, Hafnarfirði, til að gerast sjálfskuldarábyrgðaraðilar á skuldabréfinu. Bréfið var notað til skuldbreytinga.
17. Í september 1993 fengið Sólveigu Pétursdóttur til að taka skuldabréfalán hjá Landsbanka Íslands, Langholtsútibúi, samkvæmt skuldabréfi nr. 22524, að fjárhæð 450.000 kr., út gefnu 29. september 1993, og Ágústu Sigmundsdóttur til að gerast sjálfskuldarábyrgðaraðili á skuldabréfinu. Skuldabréfið var keypt 30. september og andvirði þess lagt inn á sparisjóðsbók ákærða nr. 40803 við útibúið.
18. Í október 1993 fengið Sólveigu Pétursdóttur til að taka skuldabréfalán hjá Landsbanka Íslands, Árbæjarútibúi, samkvæmt skuldabréfi nr. 113-4849, að fjárhæð 200.000 kr., út gefnu af Sólveigu 18. október 1993. Andvirði skuldabréfsins var notað til greiðslu víxils, sem ákærði hafði selt bankanum, en samþykkjandi þess víxils var Fanney Halldórsdóttir.
19. Í janúar 1993 fengið Svanfríði Hagvaag til þess að taka skuldabréfalán hjá Sparisjóði Kópavogs, Digranesvegi 10, samkvæmt skuldabréfi, að fjárhæð 250.000 kr., út gefnu af Svanfríði 14. janúar 1993, og þær Fanneyju Halldórsdóttur og Þóru Bjarneyju Guðmundsdóttur til að gerast

sjálfskuldarábyrgðaraðilar á skuldabréfinu. Ákærði seldi skuldabréfið í Sparisjóði Kópavogs, og var andvirðið lagt inn á tékkareikning ákærða nr. 40186 við sparisjóðinn.

20. Í apríl 1993 fengið Svanfríði Hagvaag til að taka skuldabréfalán hjá Sparisjóði Kópavogs með skuldabréfi nr. 211135, að fjárhæð 1.000.000 kr., út gefnu af Svanfríði 16. apríl 1993, og þær Fanneyju Halldórsdóttur og Ágústu Sigmundsdóttur til að gerast sjálfskuldarábyrgðaraðilar á skuldabréfinu. Ákærði seldi skuldabréfið í Sparisjóði Kópavogs 19. apríl, og var andvirðið lagt inn á tékkareikning ákærða nr. 40186, en samdægurs voru 738.621,20 kr. teknar út af tékkareikningnum og varið til greiðslu á Visa-skuld ákærða og innborgun á víxil nr. 583645.
21. Í nóvember 1993 fengið Ágústu Sigmundsdóttur og Sólveigu Pétursdóttur til að gerast sjálfskuldarábyrgðaraðilar á skuldabréfi nr. 411276, að fjárhæð 2.319.511 kr., út gefnu af ákærða 17. nóvember 1993. Andvirðið var notað til að greiða upp vanskilaskuldir ákærða, sem komnar voru í innheimtu hjá Lögmönnum, Hamraborg, og til að greiða upp skuldabréf, að fjárhæð 1.000.000 kr., sem um getur í ákærulið 20.
22. Fengið Sólveigu Pétursdóttur til að lána sér peninga, alls að fjárhæð 1.773.000 kr. Þessi fjárhæð sundurliðast þannig: tékki nr. 282990, að fjárhæð 200.000 kr., dags. 13. 9. 1993, tékki nr. 0282991, að fjárhæð 433.000 kr., dags. 16. 9. 1993, tékki nr. 282993, að fjárhæð 500.000 kr., dags. 20. 9. 1993, tékki nr. 282995, að fjárhæð 250.000 kr., dags. 22. 9. 1993, greitt með gíróseðli nr. 1637912, að fjárhæð 130.000 kr., dags. 29. 9. 1993, inn á reikning kærða nr. 40805, greitt inn á sparisjóðsbók kærða nr. 10805, 70.000 kr., 11. 10. 1993 og greitt á sama hátt 190.000 kr. 14. 12. 1993. Ákærða var ljóst, eins og fjárhag hans var háttað, að hann hafði enga möguleika til að greiða þessi lán.
23. Hinn 7. júlí 1991 fengið Jón Gauta Kristjánsson til að gefa út skuldabréf nr. 4332, að fjárhæð 350.000 kr., dagsett 10. júlí 1991, og þær Ólafíu Jónsdóttur og Ingibjörgu Sveinsdóttur til að gerast sjálfskuldarábyrgðaraðilar á skuldabréfinu. Bréfið var selt í Landsbanka Íslands, Breiðholtsútibúi, og andvirðið lagt inn á sparisjóðsbók ákærða.
24. Í janúar 1992 fengið Jón Gauta Kristjánsson til að gefa út skuldabréf nr. 7232, að fjárhæð 250.000 kr., dagsett 9. janúar 1992, og Ólafíu Jónsdóttur til að gerast sjálfskuldarábyrgðaraðili á skuldabréfinu. Skuldabréfið var selt í Landsbanka Íslands, Múlaútibúi, og tók ákærði við andvirði þess samkvæmt skriflegu umboði Jóns Gauta.
25. Í ágúst 1993 fengið Ágústu Sigmundsdóttur til að gefa út skuldabréf nr. 8783, að fjárhæð 350.000 kr., dagsett 12. ágúst, og þær Ólafíu Jónsdóttur

og Fanneyju Halldórsdóttur til að gerast sjálfskuldarábyrgðaraðilar á skuldabréfinu. Skuldabréfið var selt í Landsbanka Íslands, Langholtsútibúi, og tók ákærði við andvirði þess og nýtti í eigin þágu.

26. Í janúar 1992 fengið Jón Gauta Kristjánsson til að taka skuldabréfalán hjá Landsbanka Íslands, Breiðholtsútibúi, samkvæmt skuldabréfi nr. 4660, að fjárhæð 200.000 kr., út gefnu 21. janúar 1992 af Jóni Gauta, og þær Ólafíu Jónsdóttur og Hildu Björk Jónsdóttur, kt. 261135-2569, Stigahlíð 24, Reykjavík, til að gerast sjálfskuldarábyrgðaraðilar á skuldabréfinu. Skuldabréfið var selt í Landsbanka Íslands, Breiðholtsútibúi, 22. janúar 1992 á nafni Jóns Gauta Kristjánssonar og andvirðið notað að mestu til að greiða upp víxil, að fjárhæð 150.000 kr., og afborgun af láni nr. 4332. Eftirstöðvarnar, 9.254,20 kr., voru lagðar inn á sparisjóðsbók ákærða nr. 6101.
27. Í janúar 1993 fengið Svanfríði Hagvaag og Þóru Bjarneyju Guðmundsdóttur til að gerast sjálfskuldarábyrgðaraðilar á skuldabréfi nr. 00044, að fjárhæð 625.000 kr., út gefnu af ákærða 20. janúar 1993. Ákærði seldi skuldabréfið í Landsbanka Íslands, Hótel Loftleiðum, og var andvirðið notað til að greiða upp þrjú skuldabréf, sem ákærði hafði selt bankanum og voru komin í vanskil.
28. Í nóvember 1992 fengið Svanfríði Hagvaag til að taka skuldabréfalán hjá Landsbanka Íslands, Langholtsútibúi, samkvæmt skuldabréfi nr. 8336, að fjárhæð 300.000 kr., út gefnu af Svanfríði 18. nóvember 1992. Ákærði veitti lánsfénu viðtöku samkvæmt skriflegu umboði Svanfríðar.
29. Í nóvember 1992 fengið Svanfríði Hagvaag til að taka skuldabréfalán hjá Íslandsbanka, Þarabakkaútibúi, samkvæmt skuldabréfi, að fjárhæð 150.000 kr., út gefnu af Svanfríði 18. nóvember 1992. Skuldabréfið var selt í Íslandsbanka, Þarabakka 3, 19. nóvember 1992 og andvirði þess greitt inn á hlaupareikning ákærða nr. 3169 hjá útibúinu.

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

– – –

Mál þetta var upphaflega flutt og dómtekið 19. janúar, en vegna umfangs málsins dróst dómsuppsaga fram yfir frest þann, er greinir í 133. gr. laga um meðferð opinberra mála, og var því ákveðið að flytja málið að nýju. Dráttur hefur orðið á því vegna mikilla anna dómenda og sækjanda.

Málavextir.

Með bréfi, dags. 14. mars 1994, fór Sigmundur Hannesson hæstaréttarlögmaður þess á leit við rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, að hann hlutaðist til

um, að fram færi opinber rannsókn á meintum brotum ákærða, þar sem ákærða hafi tekist að fá þrjá aðila til þess á 10 mánaða tímabili að skrifa upp á víxla og skuldabréf upp á tæpar 9 milljónir króna, jafnframt því sem kærði hefði m. a. fengið kæranda, sem var tímabundið vistuð á lokaðri geðdeild Landspítalans, til þess að gangast í gífurlegar fjárskuldbindingar og þannig gegn betri vitund notfært sér bágindi og veikindi kæranda til fjárhagslegs ávinnings fyrir sjálfan sig.

Í framhaldi af því hófst rannsókn máls þessa og komu þá fram kærur fleiri aðila á hendur ákærða og í framhaldi af rannsókn Rannsóknarlögreglu ríkisins var framangreind ákæra gefin út á hendur ákærða.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 14. október 1994 var ákærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til 24. sama mánaðar og var honum sleppt úr haldi 25. október eftir að Héraðsdómur hafði synjað kröfu um framlengingu gæsluvarðhaldsins með úrskurði upp kveðnum þann dag.

Málsatvik verða nú rakin í þeirri röð, sem greinir í ákæruskjali.

– – –

Niðurstaða.

Ákærði lofaði vitninu Jóni Gauta Kristjánssyni, að hann þyrfti aldrei að greiða skuldbindingar þær, er hann undirgekkst fyrir ákærða. Vitnið sagði og, að ákærði hefði sýnt sér vináttu, og enda þótt hann væri ekki eignamaður, lánaði hann ákærða einnig umtalsverða fjárhæð, 500.000 krónur. Þá kom fram, að vitnið ályktaði, að ákærði hefði traust í bönkum. Þessa hugmynd vitnisins færði ákærði sér í nyt og vakti auk þess með vitninu traust, enda þótt fjárhagur ákærða hefði verið slíkur, að honum hlaut sjálfum að vera ljóst, að hann gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar, svo sem reyndar hefur komið í ljós.

Ákærði sagði vitninu Þóru Bjarneyju Guðmundsdóttur, sem er einstæð sex barna móðir, að hann þyrfti peninga vegna fráfalls dóttur sinnar til þess að ganga frá útförinni, að því er vitninu skildist. Ákærða tókst að fullvissa hana um það, að hún þyrfti aldrei að greiða neitt af þessum víxli, þar sem hann ætti von á að fá tryggingarbætur.

Ákærði gætti þess jafnan, er hann átti samtöl við vitnið Svanfríði Hagvaag, að aðrir væru ekki nærri, og fram kemur í gögnum málsins, að hún var veik fyrir andlega og að ákærði vakti með henni rangar hugmyndir um stöðu sína og greiðslugetu.

Fram kom hjá vitninu Fanneyju Halldórsdóttur, fyrrverandi tengdamóður ákærða, að hún hefði verið mjög langt niðri vegna sviplegs fráfalls dótturdóttur sinnar. Þetta notfærði ákærði sér. Þá sagði hann henni, að framlengdi hún ekki lánin, féllu þau á hana.

Ákærði fékk vitnið Ágústu til þess að veita sér veðleyfi í fasteign vitnisins, en vitnið var þá á geðdeild Landspítalans, en fékk hana auk þess til að undirgangast fjárskuldbindingar fyrir sig. Hún kvað ákærða hafa verið vingjarnlegan í sinn garð, en hann hefði átt auðvelt með að fá sitt fram og taldi hana á að aðstoða sig. Reyndar kom það fram við skýrslutöku af vitninu fyrir dómi, að hún var ekki í jafnvægi og undir áhrifum lyfja, en samkvæmt vottorðum lækna er andleg heilsa hennar ekki góð.

Vitnið Sólveig Pétursdóttir taldi, að ákærði hefði traust í bönkum, úr því að hann gæti jafnan selt þeim verðbréf og fengið þar fyrirgreiðslu. Notfærði ákærði sér þetta og hélt því auk þess fram við hana, að fjárhagsleg geta sín væri slík, að hann gæti staðið við skuldbindingar sínar. Þegar fram í sótti, fann vitnið fyrir þrýstingi frá ákærða í þá átt að framlengja lánin, ella færi allt um koll.

Samskipti ákærða og Arnfríðar Jónsdóttur, sem gat ekki gefið skýrslu fyrir dómi vegna geðrænna veikinda, voru þau, að honum tókst að telja henni trú um, að með því að gangast undir fjárskuldbindingar leysti hún úr fjárhagsvanda þeirra beggja, enda þótt ákærði hefði á þeim tíma verið búinn að stofna til skuldbindinga, sem fráleitt var, að hann gæti staðið við.

Ákærði sýndi vitninu Freyju Sigurðardóttur vináttu og reyndist henni hjálplegur, en taldi henni síðan trú um, að hann hefði góðar tekjur af leiguakstri og ætti auk þess von á tryggingarbótum. Þá vakti hann samúð hennar með því að skýra frá því, að hann hefði misst dóttur sína.

Vitnið Ólafía Jónsdóttir þekkti ákærða, frá því að þau voru börn og unglingar, og vakti hann traust hjá henni, enda þótt hann hefði hlotið að vita, að hann gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem hann var að blanda vitninu inn í.

Ákærði sannfærði vitnið Ingibjörgu Sveinsdóttur um, að með því að hún skrifaði upp á fyrir hann, væri hún að bjarga honum, en ekki vissi vitnið um stöðu ákærða að öðru leyti. Síðar fann hún fyrir þrýstingi til að framlengja lánin, ella féllu þau á hana.

Vitnið Hilda Björk Jónsdóttir var sannfærð af ákærða um, að þetta lenti aldrei á henni, og bar ákærði fyrir sig dótturmissinn og það, að hann þyrfti að framlengja aðrar skuldbindingar. Þá sagði hann henni, að Jón Gauti Kristjánsson og Freyja Sigurðardóttir væru borgunarmenn fyrir lánunum, enda þótt hann hefði vitað betur.

Vitnið Ingibjörg Einarsdóttir sagðist hafa skrifað upp á víxil fyrir vinkonu sína, en ekki ákærða, en útibússtjóri Íslandsbanka í Garðabæ hefði varað hana við ákærða.

Ákærði kynntist vitninu Magnúsi Móberg Hanssyni í AA-samtökunum og vakti hjá honum traust í sinn garð og notfærði sér það.

Ákærði sagði vitnunum í fyrstu, að hann þyrfti aðstoð þeirra til þess að greiða skuldir, en þegar á leið, að hann þyrfti að bjarga sér frá gjaldþroti, annars hryndi allt. Gaf hann vitnunum þá hugmynd, að vandinn væri ekki meiri en fjárhæð láns þess, sem hann var að leita eftir, að þau tækju eða ábyrgðust fyrir hann. Ákærði missti dóttur sína á sviplegan hátt, og varð það til þess að afla honum samúðar vitnanna. Þá gerði hann mikið úr því við sum vitnanna, að hann hefði greitt útför dóttur sinnar, og leitaði endurtekið aðstoðar vegna þess.

Þegar framburður vitnanna og málsatvik eru virt í heild sinni, þykir sannað, að ákærði hafi vakið með þeim hugmyndir um, að hann gæti borgað lánin, enda þótt ákærða hafi hlotið að vera ljóst, að honum væri það ofviða. Hann var búinn að sæta gjaldþrotaskiptum á búi sínu, fasteign hans hafði verið seld, og samkvæmt skattframtali fyrir árið 1991 voru reiknaðar tekjur hans af leiguakstri það ár 400.000 krónur.

Þá þykir verða að líta til þess, að vitnum ber mjög saman um þær aðferðir, sem ákærði beitti við að telja þau á að gangast undir fjárskuldbindingar að fortölum hans og í sumum tilvikum afhenda honum fé. Þá er samband vitnanna innbyrðis lítið, og fæst þekktust fyrir, og raunar var það ekki fyrr en eftir, að rannsókn máls þessa hófst, að þau gerðu sér grein fyrir, hversu margir höfðu undirgengist fjárskuldbindingar fyrir ákærða, og umfangi þeirra.

Það er álit dómsins, að leggja beri framburð vitnanna til grundvallar um staðreyndir máls þessa. Þykir sannað, að ákærði hafi með kerfisbundnum blekkingum og sviksamlegum hætti fengið tiltekna einstaklinga til þess að taka á sig fjárskuldbindingar, eins og lýst er í ákæru, og með því stefnt fjárhagslegum hagsmunum þeirra í hættu í öllum þeim tilvikum, sem greinir í ákæruskjali. Varðar það ákærða refsingu skv. 248. gr. hegningarlaga.

Ákærði hefur átta sinnum verið dæmdur fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga á árunum 1968–1987, og árið 1981 hlaut hann fjögurra mánaða fangelsi fyrir brot á 155. og 246. gr. hegningarlaga. Þá hefur ákærði sætt refsingum fyrir brot á umferðar- og áfengislögum, sem þykja ekki skipta máli hér.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að hafa í huga, að hann náði til sín umtalsverðum fjárhæðum og stefndi fjárhag fjölda manna í hættu. Þá þykir atferli ákærða og viðhorf til brotaþola bera vott um ófyrirleitni og eindreginn brotavilja, auk þess sem ákærði virtist kæra sig kollóttan um afleiðingar verka sinna.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 20 mánuði, en til frádráttar refsingu kemur gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 14. október 1994 til 25. október s. á.

Ákærði hefur viðurkennt bótakröfur þær, sem gerðar eru á hendur honum, og verða þær teknar til greina með vöxtum, eins og greinir í dómsorði, en þess er að geta, að vitnið Magnús Móberg Hansson gerði hér fyrir dómi kröfu um dráttarvexti af kröfu sinni, og var samþykkt af hálfu ákærða, að hún kæmist að í málinu.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða 300.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð og 450.000 krónur í málsvarnarlaun og réttargæsluþóknun til verjanda síns, Brynjars Níelssonar hdl., frá þeim tíma, er gæsluvarðhaldsvist ákærða lauk.

Dómsorð:

Ákærði, Stefán Jón Sigurðsson, sæti fangelsi í 20 mánuði, en gæsluvarðhaldsvist hans frá 14. október 1994 til 25. s. m. komi til frádráttar refsivist.

Ákærði greiði 300.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð og 450.000 krónur í málsvarnarlaun og réttargæsluþóknun verjanda síns, Brynjars Níelssonar hdl.

Ákærði greiði eftirtöldum skaðabætur sem hér segir: Kristjáni Maríassyni, Urðarteigi 14, Neskaupstað, 168.783 krónur, Þóru Bjarneyju Guðmundsdóttur, Þverholti 9, Mosfellsbæ, 822.000 krónur, Magnúsi Móberg Hanssyni, Þórsgötu 17, Reykjavík, 150.000 krónur með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 27. júlí 1993 og Árna Þórhallssyni, Hólagötu 5, Njarðvík, 338.267 krónur með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 16. nóvember 1994 til greiðsludags.

Fimmtudaginn 27. febrúar 1997.

Nr. 220/1996. **Zygmunt Pawlik og**
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.
(Ólafur Axelsson hrl.)
gegn
íslenska ríkinu
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)
og gagnsök

Bifreiðir. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Aðaláfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. júní 1996. Þeir krefjast aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að krafa gagnáfrýjanda verði lækkuð og málskostnaður falli niður.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. september 1996 og krefst þess aðallega, að aðaláfrýjendum verði in solidum gert að greiða 3.255.174 krónur með 1,1% ársvöxtum frá 8. febrúar 1993 til 1. mars sama árs, 1% ársvöxtum frá þeim degi til 17. sama mánaðar, en með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hann annarrar lægri fjárhæðar úr hendi aðaláfrýjenda með sömu ársvöxtum og dráttarvöxtum og í aðalkröfu. Loks krefst gagnáfrýjandi staðfestingar á málskostnaðarákvörðun héraðsdóms og að auki málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Fallist er á með héraðsdómi, að aðaláfrýjandinn Zygmunt Pawlik beri bótaábyrgð samkvæmt 1. mgr. 88. gr., sbr. 1. mgr. 90. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, vegna umferðarslyss þess, sem málið er risið af. Þá er og fallist á, að aðaláfrýjandinn Sjóvá-Almennar tryggingar hf. sé greiðsluskyldur eftir 1. mgr. 95. gr. sömu laga.

Málsatvikum er lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar kemur fram, hafði gæslumaður leitarhundanna þá ekki í taumi, er hann gekk að sendibifreiðinni umrætt sinn. Mátti þó búast við umferð

eftir veginum, þar sem sendibifreiðin stóð. Gæslumaðurinn skýrði svo frá fyrir dómi, að þegar hann heyrði til bifreiðar aðaláfrýjanda Zygmunts Pawlik, hafi hann skipað hundunum að leggjast fyrir aftan sendibifreiðina. Í framburði gæslumannsins fyrir lögreglu fáeinum dögum eftir tjónsatburðinn kemur fram, að hann fylgdist ekki með hundunum, meðan hann var að opna afturdyr sendibifreiðarinnar. Meta verður honum til gáleysis að vera á ferð með lausa hunda á bílvegi og í nágrenni vegar án þess að gera fullnægjandi ráðstafanir til að afstýra því, að hundarnir hlypu frá honum. Þá er fallist á með héraðsdómara, að við mat á sök vörslumannsins beri að hafa í huga, að hann hafði með höndum gæslu á verðmætum hundum.

Stjórnandi bifreiðar aðaláfrýjanda Zygmunts Pawlik kvaðst hafa séð gæslumanninn ganga með hund að sendibifreiðinni. Verður að leggja til grundvallar, að hinn fyrrnefndi hafi ekki gætt þess að draga nægilega úr ferð bifreiðarinnar, áður en hann ók fram hjá hinni kyrrstæðu bifreið.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, og þegar litið er til hinnar ríku bótaábyrgðar, sem hvílir á bifreiðareiganda samkvæmt umferðarlögum, þykir hæfilegt, að gagnáfrýjandi beri 1/3 hluta tjóns síns sjálfur.

II.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, miðar gagnáfrýjandi aðalkröfu sína við kaupverð á fullþjálfuðum leitarhundi, tveggja og hálfs árs gömlum, auk ýmiss kostnaðar, sem gagnáfrýjandi telur óhjákvæmilegt, að leggist á kaupverðið. Varakrafa gagnáfrýjanda miðast við kaupverð og kostnað vegna hunds þess, er fórst, eins og nánar er rakið í héraðsdómi. Í þrautavarakröfunni felst hins vegar kaupverð og kostnaður við þjálfun hundsins, sem keyptur var í stað leitarhundsins, sem drapst. Er ekki annað komið fram en hundur þessi sé búinn sömu kostum og sá, sem bóta er krafist fyrir, og notagildi hans ekki minna.

Fallist er á með aðaláfrýjendum, að eðlilegt sé að ákveða bætur fyrir missi hundsins á grundvelli þrautavarakröfu gagnáfrýjanda, en hún miðast við enduröflunarverð, þ. e. kostnað, sem gagnáfrýjandi

þurfti að leggja í til þess að afla sér sambærilegs hunds. Þrautavarakrafan, sem sett er fram í tíu töluliðum, er sundurliðuð í héraðsdómi. Hér fyrir dómi andmæltu aðaláfrýjendur sérstaklega tveimur þessara liða, þ. e. fóður- og lyfjakostnaði, að fjárhæð 159.440 krónur, og launakostnaði vegna þjálfunar, að fjárhæð 1.381.644 krónur.

Fyrrnefndi liðurinn tekur til kostnaðar, sem á féll, frá því að hundurinn kom úr sóttkví og þar til hann hafði öðlast þjálfun sem alhliða fíkniefnaleitarhundur í októberlok 1994. Er því haldið fram af hálfu aðaláfrýjenda, að ekki sé eðlilegt að taka kostnað þennan til greina, þar sem hundurinn hafi á þessu tímabili að nokkru nýst gagnáfrýjanda við leit að fíkniefnum. Aðaláfrýjendur þykja ekki hafa stutt þá staðhæfingu haldbærum rökum, og verður því ekki fallist á þessa mótbáru þeirra.

Síðarnefndi kröfuliðurinn svarar til hálfra launa gæslumanns hundsins frá 1. september 1993 til 31. október 1994. Eru hér auk dagvinnulauna reiknuð laun fyrir yfirvinnu, vaktaálag og fleira. Gagnáfrýjandi þykir ekki hafa leitt í ljós, að til þjálfunar hundsins hafi verið varið helmingi vinnutíma gæslumannsins áðurnefnt tímabil. Eins og sönnunaraðstöðu er háttað, þykir mega ákveða að álitum bætur vegna tjóns samkvæmt þessum kröfulið. Þykja þær hæfilega metnar 750.000 krónur.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, verður fallist á fjárhæð hinna níu kröfuliða, alls 627.742 krónur, en enginn þeirra hefur sætt tölulegum andmælum. Telst tjón gagnáfrýjanda því nema alls 1.377.742 krónum. Ber aðaláfrýjendum samkvæmt því að greiða óskipt 2/3 hluta þeirrar fjárhæðar, 918.494 krónur, ásamt vöxtum, eins og greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum verður aðaláfrýjendum gert að greiða gagnáfrýjanda málskostnað, sem verður ákveðinn í einu lagi í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Zygmunt Pawlik og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði gagnáfrýjanda, íslenska ríkinu, óskipt 918.494 krónur með 1,1% ársvöxtum frá 8. febrúar 1993 til 1. mars

sama árs og 1% ársvöxtum frá þeim degi til 17. sama mánaðar, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda samtals 350.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 6. mars 1996.

Ár 1996, miðvikudaginn 6. mars, er í Héraðsdómi Reykjaness kveðinn upp dómur í málinu nr. E-1121/1995: Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli gegn Zygmunt Pawlik og Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. febrúar sl., var höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjaness með stefnu, birtri 5. október 1995.

Málið er höfðað af sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, Þorgeiri Þorsteinssyni, kt. 280829-2189, með starfsstöð að Grænási, varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, á hendur Zygmunt Pawlik, kt. 300443-2739, Efstahjalla 19, Kópavogi, og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 3.255.174 krónur, með 1,1% ársvöxtum frá 8. febrúar 1993 til 1. mars 1993, með 1,0% ársvöxtum frá þeim degi til 17. mars 1993, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara krefst stefnandi þess, að stefndu verði in solidum gert að greiða sér 2.455.909 krónur auk vaxta og dráttarvaxta eins og í aðalkröfu.

Til þrautavara krefst stefnandi þess, að stefndu verði in solidum gert að greiða sér 2.009.386 krónur eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins auk vaxta og dráttarvaxta eins og í aðalkröfu.

Þá er þess krafist í öllum tilvikum, að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt mati réttarins.

Stefndu gera þær dómkröfur aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda. Þá gera þeir kröfu um, að stefnanda verði gert að greiða þeim málskostnað að skaðlausu að viðbættum virðisaukaskatti. En til vara krefjast stefndu, að fjárkrafa stefnanda verði lækkuð verulega og hver aðili beri sinn kostnað af málinu.

Leitað var sátta með aðilum án árangurs.

Málavextir.

Mánudaginn 8. febrúar 1993, á tímabilinu kl. 17.45 til 18.00, var Þórður Þórðarson lögreglumaður að koma með tvo fíkniefnaleitarhunda frá fjör-

unni við Kúageröi á Vatnsleysuströnd, þar sem hann hafði verið með þá í daglegri þjálfun. Þórður hafði lagt sendibifreið þeirri, sem hann hefur til umráða fyrir hundana, í vegkantinn á Vatnsleysustrandarvegi sjávar megin í akstursstefnu að Vatnsleysu um það bil 400 metra frá Reykjanesbraut. Þegar Þórður var kominn að bifreiðinni aftanverðri til að hleypa hundunum inn í búr sín í henni, var bifreið stefnda, Zygmunts Pawlik, V-696, sem Jaroslaw Pawlik ók, ekið úr gagnstæðri átt. Varð þá annar hundurinn, Paks, fyrir bifreiðinni og drapst.

Hundurinn Paks var annar tveggja hunda, sem sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli keypti í Danmörku í byrjun mars 1991 og lét þjálfa til fíkniefnaleitar. Þórður Þórðarson, sem er umsjónarmaður leitarhunda við embættið, fór til Danmerkur í apríl s. á. til þess að læra og taka þátt í grunnþjálfun hundsins, og stóð námskeiðið í þrjár vikur.

Vitnið Þórður Þórðarson skýrði svo frá fyrir dóminum, að umrætt sinn hefði hann verið að koma með hundana úr þrekþjálfun, þeir hefðu verið búnir að synda í sjónum og brölta um í fjörunni í u. þ. b. 1/2 klst. Hann hefði gengið með hundana þvert á veginn, sem sé 100 til 200 metra frá fjörunni. Þegar 3 til 4 m hefðu verið að bifreiðinni, hefðu báðir hundarnir verið „við hæl", þ. e. gengið lausir við hlið hans. Hundarnir hefðu ekki farið fram fyrir hann, meðan hann gekk upp á veginn. Þegar hann hefði komið upp á veginn aftan við bifreiðina, hefði hann snúið sér að henni til að opna afturdyrnar og hleypa hundunum inn. Hundarnir hefðu þar með verið komnir aftur fyrir hann. Hann hefði verið að teygja sig í hurðirnar, þegar hann hefði orðið var við bifreið, en ekki séð hana, því að hann sjái ekki yfir bifreið sína. Hann hefði strax skipað hundunum að leggjast, en ekki séð þá. Í því aki bifreiðin fram hjá og hann heyri skell. Hann líti á eftir bifreiðinni og sjái þá Paks koma undan henni. Bifreiðin hefði staðnæmst um 30-40 metra frá og ökumaður komið út. Hinn hundurinn hefði legið kyrr hægra megin við hann, eftir áreksturinn, en hann eigi búrið þeim megin. Hundarnir hefðu verið vanir að hlýða skipunum hans. Hann hefði ekki séð, hvað gerðist, en hundurinn ekki haft tíma til að fara yfir veginn. Hundarnir hafi verið þreyttir eftir þrekþjálfun og undanfarandi leit. Þeir róist, þegar þeir séu þreyttir, og vilji komast inn í bifreiðina í rólegheit. Hann telji, að við þessar aðstæður hefði verið verra að hafa hundana í taumi. Vegurinn sé þröngur þarna. Ef hann hefði notað taum, hefði hann notað eins og hálfs faðms taum, sem er læstur í hálsólarnar á báðum hundunum, þ. e. verið með þá í sama taumi, og þá hefði hinn hundurinn orðið fyrir bifreiðinni líka.

Nauðsynlegt væri, að hann færi á þjálfunarnámskeið vegna hvers hunds, sem keyptur væri, ef hann þjálfaði hann ekki sjálfur. Þjálfa þurfi saman mann og hund, svo að þeir geti unnið saman.

Vitnið Jaroslaw Pawlik skýrði svo frá fyrir dóminum, að umrætt sinn hefði hann verið á leið frá Vatnsleysuströnd til Reykjavíkur og ekið með um 60 km hraða. Hann hefði veitt athygli bifreið í vinstri vegkanti, um 30 til 40 m áður en hann kom að henni, og séð mann með hund ganga að henni aftanverðri. Hann hefði flautað, þegar hann nálgaðist, og hægt á ferðinni. Rétt í þann mund, er hann hefði verið að aka fram hjá bifreiðinni, hefði hundur, sem hann hefði ekki séð fyrr, hlaupið frá hægri upp á veginn og stokkið í veg fyrir hann rétt fyrir framan hann. Hann hefði hemlað, en það ekki komið í veg fyrir, að hundurinn lenti framan á bifreiðinni.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi heldur því fram, að dauði hundsins Paks hafi verið afleiðing árekstrar bifreiðar stefnda, Zygmunts, á hann, og beri hann því hlutlæga ábyrgð á tjóni stefnanda sem skráður eigandi bifreiðarinnar. Sé stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. því skylt að greiða bæturnar óskipt með stefnanda Zygmunt á grundvelli lögboðinnar ábyrgðartryggingar.

Í Vatnsleysustrandarhreppi, þar sem ákeyrslan varð, gildi samþykkt nr. 428/1987, sett með heimild í lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og skv. lögum nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki. Stjórnvaldsfyrirmæli, sem byggð eru á löggjöf á sviði heilbrigðismála, skipti engu máli um rétt hans til bóta fyrir það tjón, sem hlaust af notkun bifreiðarinnar. Ákvæði samþykktarinnar standi ekki í neinum tengslum við þær aðstæður, sem tjón hlaust af, og geti ekki skoðast sem mælikvarði um eigin sök. Hagsmunir stefnanda, er njóti verndar skaðabótareglna, hafi verið skertir sem afleiðing af notkun ökutækis, og hlutlæg ábyrgð eiganda ökutækis eigi við. Ákvæði samþykktar, er sæki stoð sína í fyrrnefnd lög, breyti engu um rétt stefnanda til bóta fyrir verðmæti, sem farið hafi forgörðum.

Samkvæmt lögum hafi lögregla og tollgæsla völd og skyldur umfram aðra borgara til þess að gegna störfum sínum á þann veg, að þau geti skilað árangri. Enda þótt ákvæði í fyrrnefndri samþykkt leggi almennt bann við hundahaldi, geti það ekki gilt um hunda, sem ætlaðir séu til fíkniefnaleitar. Hundurinn hafi verið verkfæri í höndum lögreglu til að gegna allt öðru hlutverki en þeir hundar, sem samþykktin leggur almennt bann við, að almenningur hafi í haldi. Þess vegna geti hvorki ákvæði hennar né þeirra laga, sem hún sækir stoð sína í, komið til álita í máli þessu.

Þórður Þórðarson hafi haft fullt vald á þeim hundum, sem hann þjálfaði, og þeir því ekki lausir, þótt þeir hafi ekki verið í taumi, eins og samþykktin mæli fyrir um. Stefnandi fallist því ekki á, að þjálfari hundsins, sem gegndi umrætt sinn mikilvægum skyldustörfum í þágu löggæslu, hafi verið meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða gáleysi.

Aðalkrafa stefnanda miðast við verð á fullþjálfuðum leitarhundi tveggja og hálfs árs gömlum samkvæmt upplýsingum frá Statens hundskola í Svíþjóð auk kostnaðar á þeim tíma, er tjón varð. Aðalkrafan komist næst því að lýsa fjártjóni stefnanda. Aðalkrafan sundurliðast þannig:

Verð á fullþjálfuðum leitarhundi		2.227.654 kr.
Verð á þjálfunarnámskeiði		265.332 kr.
Dagpeningar		644.318 kr.
Flutningskostnaður til Íslands		47.870 kr.
Fargjald innan lands í Svíþjóð		10.000 kr.
Sóttkví		60.000 kr.
	Samtals	3.255.174 kr.

Varakrafa miðast við kaupverð tveggja hvolpa (Paks og Thors) og kostnað við þjálfun þeirra, sem sundurliðast þannig:

Kaupverð tveggja hvolpa		94.083 kr.
Launakostnaður umsjónarmanns		3.957.895 kr.
Fargjöld og dagpeningar erlendis		230.674 kr.
Fóður- og lyfjakostnaður		394.611 kr.
Sóttkví		234.556 kr.
	Samtals	4.911.819 kr.
Helmingur af 4.911.819 kr. (Paks)		2.455.909 kr.

Þrautavarakrafan miðast við kaupverð og kostnað við þjálfun hundsins „Cabelle“, sem kom í stað hundsins, sem drapst, og sundurliðast þannig:

Kaupverð hvolps		103.832 kr.
Gæsla og fóðrun erlendis		30.399 kr.
Fargjöld umsjónarmanns		36.876 kr.
Dagpeningar umsjónarmanns		77.818 kr.
Flutningskostnaður til Íslands		39.545 kr.
Flutningskostnaður í sóttkví		1.589 kr.
Einangrunarstöðin í Hrísey (sóttkví)		60.540 kr.
Fóður- og lyfjakostnaður		159.440 kr.
Launakostnaður vegna þjálfunar		1.381.644 kr.
Akstur vegna þjálfunar		117.703 kr.
	Samtals	2.009.386 kr.

Stefnandi vísar um bótaskyldu stefnda Zygmunts til 88. gr., sbr. 1. mgr. 90. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og um skyldu stefnda Sjóvár-Almennra trygginga hf. til 1. mgr. 95. gr. sömu laga. Um bótafjárhæð vísar stefnandi til almennra reglna skaðabótaréttar.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Stefndu reisa kröfu sína um sýknu á því, að vörslum umsjónarmanns á hundinum hafi verið ábótavant. Gáleysi starfsmanns stefnanda komi því í veg fyrir, að hlutlæg ábyrgðarregla umferðarlaga taki yfir tilvikið samkvæmt almennum reglum um eigin sök.

Almennt sé vitað, að lausir hundar eigi það til að hlaupa að bifreiðum á ferð, og einnig sé mögulegt, að þeir hlaupi fyrirvaralaust út á akbraut. Gæta þurfi sérstakrar varúðar, þegar slíkt sé hugsanlegt, vegna hættunnar á því, að hundurinn fari sér að voða eða valdi ökumönnum og öðrum vegfarendum erfiðleikum og jafnvel tjóni. Hundarnir hafi verið að koma úr þrekþjálfun, sem búast má við, að geri þá æstari, og því séu jafnvel enn meiri líkur á, að þeir geri eitthvað, sem ekki er æskilegt. Hér sé ekki um að ræða neina venjulega hunda, heldur hunda, sem þjálfaðir séu til að sinna ákveðnu hlutverki við löggæslu. Þegar sérþjálfaðir menn hafi slík verðmæti í sinni vörslu, verði að gera ríkar kröfur til þeirra, að þeir geri allt, sem í þeirra valdi stendur, til að ekkert komi fyrir hundana. Umsjónarmanni hafi borið að hafa þá í taumi.

Ekki verði talið, að um mikilvæg skyldustörf hafi verið að ræða, sem geti útilokað gáleysi umsjónarmannsins, enda sé ljóst, að ef hundarnir hefðu verið í taumi, hefði verið komið í veg fyrir óhappið. Því, að hér var um þjálfaðan leitarhund að tefla, verður ekki jafnað við, að umsjónarmaður hafi haft hundana í taumi.

Til frekari stuðnings ætluðu gáleysi umsjónarmanns benda stefndu á, að í Vatnsleysustrandarhreppi gildir samþykkt um hundahald nr. 428 frá 1987, sem bannar lausagöngu hunda innan hreppsins. Með því að láta hundana ganga lausa hafi stefnandi brotið gegn samþykktinni. Engin ástæða vegna þjálfunar hundanna eða hlutverks þeirra réttlæti það að láta hundana ganga lausa eftir æfinguna.

Varakröfu sína reisa stefndu á því, að stefnufjárhæð eigi að lækka verulega vegna reglna um eigin sök, þannig, að stefnandi beri hluta tjóns síns sjálfur.

Stefndu mótmæla niðurstöðu aðalkröfu sem órökstuddri. Fyrir utan fyrsta lið kröfunnar séu engin gögn fyrir rökstuðningi. Taka þurfi tillit til þess, að hundurinn hafi verið tekinn í notkun í ágúst 1991 og lögreglan haft not af honum eitt ár og sex mánuði. Við liðinn þjálfunarnámskeið og dag-

peningagreiðslur því fylgjandi gera stefndu þá athugasemd, að Þórður hafi farið á þjálfunarnámskeið í apríl og fram í maí 1991, og verði það að teljast hafa verið sambærilegt við það, sem sett er upp, og ekki séð, að nauðsynlegt sé að senda lögregluþjón á annað sambærilegt námskeið vegna óhappsins.

Þá mótmæla stefndu niðurstöðutölu varakröfunnar sem órökstuddri. Taka þurfi tillit til þess, að hundurinn hafi verið í notkun eitt ár og sex mánuði. Fóður- og lyfjakostnaður fylgi þessari notkun. Á þjálfunarnámskeiðinu sé Þórður eðlilega á launum, enda sé hann að auka við starfskunnáttu sína, sem muni koma lögreglunni að notum um ókomin ár. Þá tengist dagpeningagreiðslur og fargjöld erlendis fyrrnefndri starfsþjálfun Þórðar mun frekar en hundinum.

Þá er þrautavarakröfu mótmælt sem órökstuddri. Hundurinn Cabelle sé tveimur og hálfu ári yngri en sá hundur, sem fórst. Líkur séu því til, að hann eigi lengri starfstíma fram undan sem því nemi. Launalið og aksturslið er mótmælt sem órökstuddum, enda séu þeir ekki studdir neinum haldbærum gögnum. Hið sama eigi við liðinn fóður- og lyfjakostnað.

Stefndu vísa um sýknukröfu sína til 3. mgr. 88. gr., sbr. 1. mgr. 90. gr. og 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, einnig til almennra reglna skaðabótaréttar vegna tjóns utan samninga og að auki almennra reglna skaðabótaréttar um húsbóndaábyrgð.

Niðurstaða.

Ágreiningslaust er, að bifreiðinni V-696, eign stefnda Zygmunts Pawlik, sem tryggð var lögbundinni ábyrgðartryggingu hjá hinu stefnda tryggingarfélagi, Sjóvá-Almennum tryggingum hf., var ekið á fíkniefnaleitarhundinn Paks á Vatnsleysustrandarvegi 8. febrúar 1993 með þeim afleiðingum, að hann drapst. Bera stefndu sameiginlega bótaábyrgð á tjóni stefnanda, sem hlaust af akstri bifreiðar stefnda Zygmunts Pawlik samkvæmt 1. mgr. 88. gr., sbr. 1. mgr. 90. gr. og 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Til úrlausnar er í máli þessu, hvort Þórður Þórðarson, umsjónarmaður hundsins, hafi sýnt af sér gáleysi í skilningi 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem valdi því, að bætur megi lækka eða þær falli niður.

Þegar ekið var á hundinn Paks, var umsjónarmaður hans, Þórður Þórðarson, að koma með hann og annan hund úr þrekþjálfun. Hefur hann lýst því, að þegar 3 til 4 metrar hafi verið að veginum, þar sem hann hafði lagt sendibifreið sinni í vegkantinn, hafi báðir hundarnir verið við hlið sér og ekki farið fram fyrir sig á leiðinni. Hundarnir hafi ekki verið í taumi. Þegar upp á veginn hafi komið, hafi hann snúið sér að bifreið sinni, og þegar hann hafi verið að teygja sig í afturhurðirnar til að opna fyrir hundunum, hafi

hann heyrt í bifreið, en ekki séð hana, þar sem hann sjái ekki yfir bifreið sína. Hann hafi strax skipað hundunum að leggjast, en ekki séð þá, þar sem þeir hafi verið fyrir aftan hann. Óhugsandi sé, að Paks hafi haft tíma til að fara yfir veginn.

Þó að taka megi undir það, að almennt sé viðurkennt, að lausir hundar eigi það til að hlaupa að bifreiðum á ferð, og einnig, að hugsanlegt sé, að hundar geti fyrirvaralaust hlaupið út á akbraut, sé á það að líta, að hér var um sérþjálfaða hunda að ræða, sem voru vanir að gegna skipunum umsjónarmanns síns. Þá þykir ekki hafa verið gert líklegt, að hundarnir hafi vegna undanfarandi þrekþjálfunar verið æstari og líklegri til að óhlýðnast, en umsjónarmaður þeirra heldur því fram, að þeir róist, þegar þeir eru þreyttir, og sæki í að komast inn í bifreiðina.

Hins vegar er á það að líta, að umsjónarmaðurinn sá ekki hundana, þegar hann skipaði þeim að leggjast, og ekki hundinn, sem ekið var á, fyrr en eftir að bifreiðinni hafði verið ekið yfir hann. Þá liggur fyrir, að ökumaður bifreiðarinnar heldur því fram, að hundurinn hafi hlaupið í veg fyrir bifreið sína frá hægri miðað við aksturssstefnu, en ekki frá þeim vegkanti, sem bifreið umsjónarmannsins var á. Því verður ekki fullyrt, hvaðan hundurinn kom fyrir bifreiðina. Er því ekki öruggt, að hundurinn, sem drapst, hafi verið þar, sem umsjónarmaðurinn taldi hann vera, er hann gaf skipunina um, að hundarnir legðust, en á það er að líta, að hinn hundurinn lá aftan við bifreið umsjónarmanns eftir ákeyrsluna. Þykir umsjónarmaðurinn því ekki hafa fylgst svo vel með hundunum sem ástæða var til, en telja verður, að honum hafi borið að hafa sérstaka gát á hundunum, eftir að upp á veginn var komið, þar sem vænta mátti umferðar bifreiða, og að sérstök ástæða hafi verið fyrir hann að hafa auga með Paks, sem átti búrið vinstra megin í bifreiðinni, þ. e. nær veginum. Þá hafi honum borið að hafa sérstaka gát á hundunum, þar sem hann hafði þá ekki í taumi, sá ekki yfir bifreið sína og gat því ekki fylgst með umferð úr gagnstæðri átt.

Þá er og á það að líta, að í Vatnsleysustrandarhreppi, þar sem atburðurinn varð, gildir samþykkt nr. 428/1987 um hundahald, sem leggur bann við því, að hundar gangi lausir á almannafæri. Brot á samþykktinni eitt sér þykir ekki hafa áhrif á mat á gáleysi umsjónarmanns, en hins vegar varð ákeyrslan á vegi, sem telst almannafæri, og engin ástæða við þjálfun hundanna eða hlutverk þykir réttlæta það að láta þá ganga þar lausa. Umsjónarmaðurinn bar fyrir dóminum, að hann teldi, að miðað við aðstæður hefði það verið verra að hafa hundana í taumi. Ef hann hefði notað taum, hefði hann notað eins og hálfs faðms taum, sem er læstur í hálsólarnar á báðum hundunum, þ. e. verið með þá í sama taumi, og þá hefði hinn hundurinn

einnig orðið fyrir bifreiðinni. Þótt ekki þyki unnt að fallast á það, þykir ekki verða fullyrt í ljósi þess, að ekki liggur fyrir, hvernig óhappið varð, að komið hefði verið í veg fyrir óhappið, ef hundurinn hefði verið í taumi. Hitt þykir hins vegar nokkuð ljóst, að ef hundurinn hefði verið í taumi, hefði umsjónarmaður vitað, hvar hann var. En telja verður, eins og á stóð, að það hefði verið eðlileg varúðarráðstöfun að hafa hundana í taumi.

Þegar allt framangreint er virt og það haft í huga, að hér var um sérþjálfaða og verðmæta hunda að ræða, sem telja verður, að umsjónarmanni hafi borið að gæta sérstaklega, þykir Þórður Þórðarson, umsjónarmaður hundsins, eiga nokkra sök á því, hvernig fór, og að af þeim sökum beri að lækka fébætur til stefnanda, sbr. 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Hins vegar þykir ökumanni bifreiðarinnar, Jaroslaw Pawlik, sem hefur viðurkennt að hafa séð mann og hund ganga að bifreiðinni aftanverðri, hafa borið sérstök skylda til að sýna ýtrustu varkárni, er hann ók fram hjá henni, og vera við öllu búinn, m. a. að stöðva bifreið sína þegar í stað, en hann hefur haldið því fram, að hann hafi hægt á sér og flautað. Þykja ummæli ökumanns um, að hann hafi ekki séð hundinn, sem drapst, fyrr en hann hafi hlaupið í veg fyrir bifreið hans frá hægri, sýna, að hann hafi ekki beint athygli sinni til þeirrar hliðar, en ekkert hefur komið fram um, að þeim megin vegar hafi útsýn hans verið hindruð.

Þykir rétt að skipta sök þannig, að stefndu beri 3/4 hluta tjónsins, en stefnandi 1/4.

Stefndu hafa mótmælt niðurstöðu aðalkröfu stefnanda sem órökstuddri. Stefndu hafa ekki uppi mótmæli við fyrsta lið kröfunnar, sem er verð á fullþjálfuðum leitarhundi, en bera því við, að taka þurfi tillit til þess, að hundurinn, sem drapst, hafi verið tekinn í notkun í ágúst 1991. Ekki verður á það fallist, þar sem telja verður, að tjón stefnanda verði ekki metið og bætt, nema miðað sé við endurkaupsverð á fullþjálfuðum leitarhundi.

Um liðinn þjálfunarnámskeið og dagpeningagreiðslur halda stefndu því fram, að námskeiðið, sem Þórður sótti í apríl og fram í maí 1991, hafi verið sambærilegt og því óþarft að senda hann á annað námskeið. Þórður Þórðarson hefur skýrt svo frá, að þjálfa þurfi saman mann og hund, þannig, að hann þyrfti að fara á þjálfunarnámskeið vegna hvers hunds, sem keyptur væri og hann þjálfaði ekki sjálfur. Þar sem þeirri staðhæfingu hans hefur ekki verið hnekkt, þykir verða að leggja til grundvallar, að þjálfunarnámskeið sé nauðsynlegt. Samkvæmt bréfi frá Statens hundskola í Svíþjóð er gjald fyrir þjálfun hundstjórnanda í 5 vikur 30.000 SEK. Þjálfunarnámskeið erlendis hefur óhjákvæmilega í för með sér dagpeningagreiðslur. Öðrum liðum bótakröfu er ekki mótmælt.

Að framangreindu athuguðu og því, að fjárhæðum einstakra liða bótakröfunnar, sem eiga sér stoð í gögnum málsins, hefur ekki verið hnekkt, verður við aðalkröfu stefnanda miðað og stefndu dæmdir til að greiða honum in solidum 3/4 af 3.255.174 krónum, 2.441.380 krónur, ásamt vöxtum eins og krafist er.

Rétt þykir samkvæmt niðurstöðu málsins að dæma stefndu til greiðslu málskostnaðar til stefnanda, sem ákveðst 250.000 krónur.

Dóm þennan kvað upp Þorgerður Erlendsdóttir, settur héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndu, Zygmunt Pawlik og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði in solidum stefnanda, sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, 2.441.380 krónur með 1,1% ársvöxtum frá 8. febrúar 1993 til 1. mars 1993, með 1,0% ársvöxtum frá þeim degi til 17. mars 1993, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 250.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 27. febrúar 1997.

Nr. 285/1996. **Vélstjórafélag Íslands**
(Elvar Örn Unnsteinsson hrl.,
Stefán G. Þórisson hdl.)
gegn
Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands
(Jónatan Sveinsson hrl.)

Félagaréttur. Stéttarfélög. Úrsögn. Eignarréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júlí 1996. Hann krefst þess aðallega, að stefndi greiði sér 6.214.412 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. ágúst 1991 til greiðsludags, en til vara 1.302.812 krónur með sömu vöxtum. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjandi var eitt af aðildarfélögum stefnda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, frá stofnun þess 1937 til 1. ágúst 1991, er félagið sagði sig úr því. Með bréfi 20. september 1994 gerði áfrýjandi tilkall til hluta eigna stefnda, eins og þær voru við úrsögn hans. Stefndi hafnaði þeirri málaleitan, og er málið risið af þessum ágreiningi. Aðalkröfuna miðar áfrýjandi við hlutfall af nettóeign stefnda, reiknað út frá fjölda félagsmanna sinna á móti heildarfjölda félagsmanna í aðildarfélögum stefnda. Varakröfuna miðar áfrýjandi aftur á móti við hlutfall, reiknað út frá fjölda aðildarfélaga í stefnda. Er ekki tölulegur ágreiningur um útreikninginn.

II.

Áfrýjandi er félag vélstjóra og vélfræðinga á Íslandi. Tilgangur félagsins er að gæta hagsmuna stéttarinnar, semja um kaup hennar og kjör og vera málsvari hennar á opinberum vettvangi.

Stefndi er hins vegar landssamband sérmenntaðra farmanna og fiskimanna á Íslandi, og voru aðildarfélög þess fimmtán, þegar áfrýjandi sagði sig úr samtökunum. Var áfrýjandi langfjölmennasta aðildarfélagið, enda landsfélag. Tilgangur sambandsins er sá m. a. að vinna að bættum kjörum, atvinnuskilyrðum, menntun farmanna og fiskimanna og auka öryggi sjófarenda almennt. Samkvæmt 4. gr. laga sambandsins á sérhvert íslenskt farmanna- og fiskimannafélag yfirmanna á skipum rétt til þess að ganga í það með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem lögin ákveða. Ekki verður séð, að lögin geri auk formreglna aðrar takmarkanir á aðild þessara félaga en þau hafi eigi færri en fimmtán fullgilda félagsmenn, starfi á sama grundvelli og viðurkenni reglur og starfshætti sambandsins. Sambandsþing á þó endanlegan úrskurð um aðildarumsókn samkvæmt lögunum. Engin ákvæði eru um, að félag þurfi að leggja með sér fjármuni við inngöngu.

Við úrsögn skal félag vera skuldlaust við sambandið samkvæmt 8. gr. laganna. Hafa lögin ekki að geyma annað efnisákvæði um úrsögn. Hins vegar er þar lýst, hvernig úrsögn skal bera að og hvernig skuli staðið að henni. Í 9. gr. laganna er boðið, að félag, sem sagt hefur sig úr sambandinu, geti sótt um inngöngu að nýju á næsta sambandsþingi eða síðar.

Tekjur sambandsins eru annars vegar árlegt gjald frá hverju aðildarfélagi, sem miðað er við tölu félagsmanna þess, en hins vegar greiðslur úr greiðslumiðlunarreikningi fiskiskipa, sbr. lög nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Við lok reikningsársins 1990–1991 nam nettóeign sambandsins 19.542.176 krónum, og miðar áfrýjandi við þá tölu í kröfugerð sinni. Helstu eignir voru bankainnstæður og hluti húseignar. Kostnaður samkvæmt rekstrarreikningi var mestur af skrifstofuhaldi sambandsins.

Af því, sem hér hefur verið rakið, verður ekki annað ráðið en stefndi sé venjulegt samband stéttarfélaga og rekstur þess með hefðbundnu sniði slíkra sambanda. Um starfsemi þeirra nýtur ekki settra laga frá Alþingi, og fer því um hana að samþykktum (lögum) þeirra og þeim ólögfestu grunnreglum, sem gilda um almenn félög, er hafa ekki bein fjárhagsleg markmið með rekstri sínum. Þegar slíkt félag leggur ekki með sér fjármuni við inngöngu, eru almennt ekki líkur til þess, að það taki með sér fé við útgöngu.

III.

Áfrýjandi reisir kröfu sína um tilkall til hluta af eignum stefnda á því, að á sambandsþingi 1965 hafi samþykktum stefnda verið breytt og sambandsstjórn heimilað samkvæmt 7. gr. samþykktanna að víkja félagi úr sambandinu, lægju til þess gildar nánar ákveðnar ástæður. Þetta ákvæði 7. gr. hljóðar nú svo: „Félag, sem vikið hefur verið úr sambandinu, á enga kröfu á hendur því né tilkall til sjóða þess eða annarra eigna.“ Gagnályktun frá þessu ákvæði sýni, að félag, sem segi sig úr samtökunum, eigi rétt til eignarhluta. Ákvæðið um brottvikningu félags hafi verið sett að fyrirmynd samþykkta Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Þar sé það nákvæmlega tíundað, að félag, sem segi sig úr því sambandi, eigi engan rétt til eigna. Hafi fulltrúar á sambandsþingi 1965 ætlað að hafa þetta á sama veg, hefði það verið tekið sérstaklega fram í lögunum.

Í fundargerðum sambandsþings 1965 er ekkert bókað um ætlan fulltrúa varðandi þá, sem segja sig úr sambandinu. Vitnisburðir um, hvað var rætt í laganefnd fyrir þingið, eru ekki samhljóða og hafa takmarkaða þýðingu. Sambandið var stofnað 1937 í ákveðnum tilgangi, og því var ætluð áframhaldandi starfsemi óháð því, hversu mörg aðildarfélög þess væru. Starfsemi þess heldur áfram samkvæmt tilgangi samþykkta þess eftir brotthvarf áfrýjanda. Sú grein samþykktanna, sem fjallar um úrsögn, hefur samkvæmt því, sem að framan er rakið, það efnisákvæði eitt, að félag, sem segi sig úr sambandinu, eigi að vera skuldlaust. Áfrýjandi á samkvæmt samþykktunum rétt á að sækja um aðild að nýju, hvenær sem honum býður svo við að horfa. Hann hefur ekki sýnt fram á, að hann geti ekki haldið áfram starfsemi sinni, svo sem hann á rétt til, óháð starfsemi stefnda. Heimildir um setningu 4. mgr. 7. gr. samþykkta stefnda á þinginu leiða ekki til þess, að unnt sé að gagnálykta frá því ákvæði á þann veg, sem áfrýjandi telur. Önnur ákvæði samþykktanna styðja þessa niðurstöðu.

Áfrýjandi heldur því einnig fram, að með aðildarfélögum stefnda hafi myndast sameign í eignarréttarlegum skilningi og við úrsögn sína eigi hann rétt til hluta síns af þessari sameign. Ekki verður séð, að almenn fjárhagsleg ábyrgð aðildarfélaga stefnda á skuldbindingum sambandsins geti verið önnur en með félagsgjöldum. Að framan er því lýst, hvernig eignarmyndun í sambandinu á rót sína að rekja

annars vegar til gjalda af hverjum félagsmanni, en hins vegar til greiðslna úr greiðslumiðlunarreikningi samkvæmt lögum nr. 24/1986. Þessum lögum hefur nú verið breytt þannig, að áfrýjandi fær sinn hluta þessara síðarnefndu greiðslna. Sambandið heldur ekki sérstaka sjóði vegna starfsemi sinnar, heldur aðeins almennan félagssjóð. Ákvæði samþykktanna um fjármál þess leiða ekki í ljós, að stefnt skuli að eignarmyndun, heldur sýnist áherslan vera á því, að félagið njóti tekna til að standa undir nauðsynlegum kostnaði á ári hverju. Eignir sambandsins, sem handbærar voru við úrsögn áfrýjanda, hafa myndast áþekkt því, sem algengast er í stéttarfélögum, og virðast jafnframt ekki vera aðrar en þær, sem tengja megi við venjulegt starf að almennum tilgangi sambandsins. Hefur áfrýjandi ekki sannað, að þær hafi orðið til með þeim hætti, að á megi byggja sérstakt tilkall til þeirra af hans hálfu. Áfrýjandi hefur þannig ekki sýnt fram á, að venjuleg eignarréttarleg sameign hafi myndast með aðildarfélögunum.

Samkvæmt framanskráðu verður héraðsdómur staðfestur.

Áfrýjandi skal greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem nánar er kveðið á í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Vélstjórafélag Íslands, greiði stefnda, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. apríl 1996.

1. Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 27. júlí 1995, og dómtekið 22. þ. m. Stefnandi er Vélstjórafélag Íslands, kt. 690269-3419, Borgartúni 18, Reykjavík.

Stefndi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, kt. 520169-3509, Borgartúni 18, Reykjavík.

Dómari er Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari.

Undir rekstri málsins, 1. febrúar sl., var kveðinn upp úrskurður um heimild stefnda til að leiða vitni við aðalmeðferð málsins. Var hann kærður til Hæstaréttar, sem kvað upp dóm um ágreiningsefnið 1. mars sl. (mál nr. 74/1996).

2. Stefnandi gerir þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða

stefnanda hlutdeild hans í eignum stefnda við útgöngu stefnanda úr stefnda, eins og þær voru metnar í reikningum stefnda 30. september 1991, aðallega að fjárhæð 6.214.412 kr., en til vara að fjárhæð 1.302.812 kr., í báðum tilvikum með dráttarvöxtum [...].

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum gert að greiða sér málskostnað [...], en til vara, að stefnda verði einungis gert að greiða stefnanda 1.302.812 kr. auk dráttarvaxta af þeirri fjárhæð, frá því að málið telst höfðað til greiðsludags, en málskostnaður verði felldur niður.

3. Stefnandi er félag vélstjóra og vélfræðinga á Íslandi, og er tilgangi m. a. lýst svo í 2. gr. laga hans, að hann sé að gæta hagsmuna íslensku vélfræðinga-, vélstjóra- og vélvarðastéttarinnar, semja um kaup og kjör þeirra við vinnuveitendur og að vera málsvari stéttarinnar á opinberum vettvangi.

Stefndi er landssamband sérmenntaðra farmanna og fiskimanna á Íslandi. Samkvæmt 4. gr. laga hans á sérhvert íslenskt farmanna- og fiskimannafélag yfirmanna í skipum rétt til þess að ganga í FFSÍ með þeim skilyrðum og þeim takmörkunum, sem lögin ákveða, enda hafi viðkomandi félag eigi færri en 15 fullgilda félagsmenn og starfi á sama grundvelli og viðurkenni í öllum atriðum reglur og starfshætti sambandsins. Samkvæmt 2. gr. er tilgangur stefnda fyrst talinn vera sá að auka samstarf, samvinnu og skilning í milli sambandsfélaganna og beita sér fyrir gagnkvæmri samstöðu í baráttu fyrir stéttarlegum, félagslegum og menningarlegum hagsmunum þeirra.

Stefnandi var aðili að hinu stefnda sambandi frá stofnun þess árið 1937 til 1. ágúst 1991. Við aðalmeðferð kvað Helgi Laxdal, formaður stefnanda, ástæður úrsagnar annars vegar hafa verið þær, að stefnandi hefði ekki átt málefnalega samstöðu með stefnda, og hins vegar, að talið hefði verið unnt að tryggja hagsmuni félagsmanna betur utan stefnda.

Kröfur stefnanda eru reistar á rétti til hlutdeildar í eignum stefnda við útgöngu hans. Um tölulegan grundvöll þeirra er ekki ágreiningur. Miðað er við eignir stefnda við lok reikningsársins 1990-1991 30. september 1991, þ. e. höfuðstól, að fjárhæð 19.542.176 krónur. Aðalkrafan er um 31,8% af þeirri fjárhæð, sama hlutfall og fjöldi félagsmanna stefnanda var af heildarfjölda félagsmanna aðildarfélaga stefnda á þeim tíma, sem úrsögnin tók gildi. Varakrafa stefnanda, sbr. einnig varakröfu stefnda, er um 1/15 hluta höfuðstóls stefnda á sama tímamarki á grundvelli þess, að aðildarfélög voru þá fimmtán. Samkvæmt ársreikningnum námu heildartekjur 17.963.865 krónum. Þar af voru skattar sambandsfélaga 3.394.668 krónur, en samkvæmt samþykktum (lögum) stefnda miðast framlög aðildarfélaga við fjölda fé-

lagsmanna. Greiðslur úr greiðslumiðlunarreikningi fiskiskipa, sbr. lög nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, námu 13.415.293 krónum.

Í bréfum stefnanda til stefnda, dags. 4. mars, 19. ágúst og 5. september 1991, er vikið að samskiptamálum, sem þörf sé á að leysa í tengslum við úrsögn stefnanda, og sérstaklega tilgreind skipting greiðslna af greiðslumiðlunarreikningi og skipting fulltrúa í þær nefndir og ráð, þar sem viðkomandi lög gera ráð fyrir tilnefningu af hálfu FFSÍ.

Í bréfi stefnda til stefnanda, dags. 4. september 1991, segir, að hafnað sé að sinni að ræða öll samskiptamál í einni heild, enda sé FFSÍ ekki ljóst, hvaða stefna hafi verið mótuð af Vélstjórafélagi Íslands í einstökum málaflokkum.

Með lögum nr. 45/1992 varð sú breyting á 9. gr. laga nr. 247/1986, að greiðslur úr greiðslumiðlunarreikningi fiskiskipa, sem höfðu runnið óskipt til stefnda, skyldu deilast milli aðila máls þessa samkvæmt því, sem sjávarútvegsráðherra ákvæði. Upplýst er, að sú skipting er í hlutföllunum 1/3 til stefnanda og 2/3 til stefnda.

Gegn andmælum stefnda hefur stefnandi ekki sýnt fram á, að hann hafi sett fram kröfu á þeim grundvelli, sem höfðun máls þessa hvílir á, fyrr en með bréfi, dags. 20. september 1994. Þar er vísað til hjálagðrar álitsgerðar hæstaréttarlögmanns með þessum orðum: „Niðurstaða hennar er sú, að VSFÍ eigi tilkall til eigna FFSÍ við úrsögn félagsins úr sambandinu. Um það, hvert hlutfallið eigi að vera, eru tveir möguleikar reifaðir, en hvatt til þess, að málið verði til lykta leitt með samningum." Með bréfi stefnda, dags. 20. febrúar 1995, er stefnanda kunngerð sú samhljóða afstaða stjórnar samtakanna að taka ekki undir framangreint lögmannsálit.

4. Stefnandi byggir í máli þessu á því, að í því sambandi almennra félaga, sem hér um ræðir, öðlist aðildarfélag rétt til þess að fá greidda hlutdeild sína í eignum sambandsins við útgöngu úr því. Ekki sé að finna í settum lögum reglur, sem kveði beinlínis á um það tilvik, er hér um ræðir. Því verði með hliðsjón af meginreglum félagaréttar og eðli máls einkum að líta til laga stefnda, eðlis hans og uppbyggingar. Í stefnu segir síðan: „Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga stefnda getur sambandsstjórnin vikið sambandsfélagi úr sambandinu, ef til þess liggja gildar ástæður, svo sem er félag greiðir ekki framlag sitt til sambandsins, vanrækir að senda sambandsstjórn ársskýrslur skv. 13. gr. laganna, óhlýðnast fyrirmælum sambandsins, brýtur lög þess eða er því til tjóns eða vanvirðu. Í 4. mgr. 7. gr. er svofellt ákvæði: „Félag, sem vikið hefur verið úr sambandinu, á enga kröfu á hendur því né tilkall til sjóða þess eða annarra eigna." Í 8. og 9. gr. laga stefnda, þar sem

fjallað er um úrsögn félags úr sambandinu, er aftur á móti ekkert tekið fram um kröfur eða tilkall þess félags, sem segir sig úr sambandinu, á hendur því. Með hliðsjón af framanrituðu telur stefnandi, að lög stefnda verði ekki skilin á annan veg en þann, að þótt félag, sem vikið er úr sambandinu, eigi ekki rétt til hlutdeildar í eignum þess, gildi ekki hið sama um það félag, sem segir sig úr sambandinu og stendur ekki í óbættum sökum við það við úrsögnina."

Stefnandi kveður það vera ljóst, að eignir stefnda hafi einkum myndast með greiðslum félaganna og greiðslum úr opinberum sjóðum. Hann kveður það vera sérstök rök fyrir kröfum sínum, að hann hafi talið sig þjóna hagsmunum félagsmanna betur með úrsögn úr stefnda. Það sé í fyllsta máta óeðlilegt, að félagsmenn aðildarfélags verði við úrsögn félags síns af hlutdeild í eignamyndun stefnda og þeim afrakstri hennar, sem felist í virkri hagsmunagæslu um ókomin ár. Eðlilegra sé að líta á eignina sem sameign, er aðildarfélög geti samkvæmt almennum reglum slitið og krafist eignarhluta síns eða andvirðis hans.

Stefnandi vísar til þess, að samþykktir stefnda kveði ekki á um, að eignum skuli við slit ráðstafað í sjóð og síðar til sambands eða félags, sem hefði sama tilgang. Af því leiði, að eitt félag kynni að sitja uppi með allar eigur stefnda eftir úrsögn annarra aðildarfélaga, sem teldu hagsmunum sínum vera betur borgið með því. Í þessu felist þvingun fyrir aðildarfélögin til að vera aðilar að stefnda. Það sé brot á hinu neikvæða félagafrelsi, sem sé verndað af 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópuráðs, sbr. auglýsingu nr. 11/1954 og dóm Mannréttindadómstóls Evrópu frá 30. júní 1993. Hið neikvæða félagafrelsi hafi nú verið fest í lög með lögfestingu mannréttindasáttmála Evrópuráðs, sbr. lög nr. 62/1994, og í 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 með síðari breytingum, sbr. 12. gr. laga nr. 97/1995. Enn fremur er vísað til félagsmálasáttmála Evrópu og samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem séu gerðar á grundvelli sáttmála, er Ísland hafi staðfest og sé bundið af. Túlka verði lög og samningsskyldur í samræmi við efni slíkra reglna.

Sýknukrafa stefnda er reist á því, að framangreindar málsástæður stefnanda fái ekki með neinu móti staðist, að því er varði hina félagslegu stöðu hans, og því síður séu efni til að gagnálykta á framangreindan hátt um tilvist þeirrar efnisreglu í samþykktum stefnda, sem allur málatilbúnaður og kröfur stefnanda hvíli á.

Af hálfu stefnda er mótmælt réttmæti þeirra sjónarmiða, að réttur stefnanda til hlutdeildar í eignum stefnda verði reistur á meginreglum félagaréttarins. Sá rökstuðningur verði ekki skilinn á annan veg en þann, að stefndi sé talinn vera fjárhagslegt félag.

Því er haldið fram af hálfu stefnda, að gagnályktun og þá frá settum lögum komi þá fyrst til álita, að aðrir lögskýringarkostir eða réttarheimildir hafi verið kannaðar til hlítar. Að mati hans er gagnályktun ótæk í þessu tilviki. Rökstuðningur þess er að hluta til orðaður á þennan hátt: „Þá er á því byggt, að réttarheimild stefnanda, þ. e. gagnályktunin frá 4. mgr. 7. greinar í lögum stefnda, fái hvorki stoð í tilsvarandi efnisreglum annarra stéttarfélagasambanda eða landssambanda né í skýrum fordæmum, þar sem reynt hefur á slíkan rétt aðildarfélaga, sem gengið hafa úr stéttarfélaga- eða landssamböndum. Þá er það samróma álit allra forráðamanna þeirra stéttarfélagasambanda, sem leitað var til um upplýsingar um tilvist slíkrar efnisreglu og, ef því væri að skipta, um inntak hennar og framkvæmd, að slíka reglu væri hvergi að finna í lögum hlutaðeigandi sambanda og ekkert dæmi utan eitt. . ., að farið hefði verið fram á slíka hlutdeild í eignum sambandanna við úrsögn aðildarfélags."

Stefndi bendir á, að stefnandi, sem sé bókhaldsskyldur, hafi hvorki fyrir né eftir úrsögn úr stefnda talið fram ætlaða eign sína í stefnda. Þá hafi könnun í þingtíðindum ekki leitt í ljós, að forráðamenn stefnanda eða forsvarsmenn annarra aðildarfélaga stefnda hafi nokkru sinni hreyft slíkum sjónarmiðum sem þeim, er dómkröfur í málinu séu reistar á.

Um þá málsástæðu stefnanda, sem lýtur að ætluðu broti á neikvæðu félagafrelsi, segir í greinargerð stefnda: „Stefndi telur þetta langsótt og raunar fráleit rök fyrir kröfum stefnanda, og er þeim mótmælt sem slíkum. Hins vegar má á það fallast, að æskilegt væri, að lög stefnda sem annarra stéttarfélagasambanda kvæðu skýrt á um þessi atriði. Þessu mun vera með ýmsum hætti farið í lögum stéttarfélagasambanda og raunar sjálfra aðildarfélaganna, svo að vitnað sé til svarbréfa forráðamanna nokkurra helstu stéttarfélaga- og landssambanda, sem leitað var upplýsinga hjá um þetta atriði og nokkur önnur sakarefninu tengdu . . . . Virðist í þessum efnum það almenna viðhorf uppi, njóti ekki við skýrra lagaboða, að við slit á slíkum stéttarfélagasamböndum gangi eignir þeirra til nýrra samtaka, sé um þau að ræða, eða þá til Alþýðusambandsins eða félagsmálaráðuneytisins, allt eftir nánari ákvörðun sambandsstjórna, þegar slík ákvörðun væri tekin. Engin þekkt dæmi eru um, að slíkt hafi gerst."

5. Stefndi er stéttarfélagasamband í skilningi 1. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Það er því ófjárhagslegt (almennt) félag á sama hátt og aðildarfélögin sjálf. Tilgangur stefnda sem stéttarfélagasambands er að gæta hagsmuna aðildarfélaganna og um leið félagsmanna þeirra á þann hátt, sem samþykktir hans kveða á um. Fjárhagsleg ábyrgð aðildarfélaga er einskorðuð við greiðslu félagsgjalda. Verður engin stoð fundin fyrir því, að

fallist verði á, að líta beri á eign stefnda á hverjum tíma sem sameign aðildarfélaganna á grundvelli félagaréttar eða almennra reglna eignarréttar.

Hið ófjárhagslega markmið aðila samkvæmt samþykktum þeirra beggja felur í sér rök gegn þeirri málsástæðu stefnanda, sem lýtur að broti gegn neikvæðu félagafrelsi. Af því eðli stefnda að vera félagasamband mun leiða, að slíta beri sambandinu áður en aðeins eitt félag verði aðili að því. Telja verður, að líkur á því, að eitt félag geti að lokum setið uppi með allar eignir stefnda, séu eigi svo miklar, að í því felist þvingun gagnvart öðrum félögum til að halda áfram aðild sinni.

Ákvæði 7. gr. um brottvikningu sambandsfélags kom inn í samþykktir stefnda árið 1965. Vitnið Örn Steinsson, sem var þá forseti stefnda og jafnframt formaður stefnanda, kvað nýmælið hafa miðað að því að sveigja lög stefnda að lögum BSRB og Alþýðusambands Íslands. Þar er mælt fyrir um, að til brottvikningar þurfi gildar ástæður, svo sem, að félag greiði ekki framlag sitt til sambandsins eða að það óhlýðnist fyrirmælum eða brjóti gegn lögum þess. Eigi verður talið, að ákvæði 4. mgr. 7. gr. um, að félag, sem vikið hafi verið úr sambandinu, eigi enga kröfu á hendur því né tilkall til sjóða þess eða annarra eigna, sé refsikennt viðurlagaákvæði. Ástæða þess er m. a. allt of óljóst samhengi „sakar" og „refsingar". Ekki hefur verið sýnt fram á, að því hafi verið ætlað að breyta réttarstöðu að neinu leyti. Í því efni er annars vegar til þess að líta, að regla 8. gr. samþykktanna um úrsögn félags úr sambandinu, sem hefur verið efnislega óbreytt frá upphafi, kveður ekki á um nein fjárhagsleg réttindi, en setur hins vegar það skilyrði, að viðkomandi félag skuli vera skuldlaust, þegar úrsögn tekur gildi. Hitt atriðið, sem til álita kemur að þessu leyti, er það, sem segir í 9. gr., að félag, sem sagt hafi sig úr sambandinu, geti sótt um upptöku að nýju á næsta sambandsþingi eða síðar; þegar með vísun til þess, að greiðsla inntökugjalds er þá ekki gerð að skilyrði, verður eigi fallist á, að réttur stefnanda verði studdur með gagnályktun frá 4. mgr. 7. gr. samþykkta stefnda.

Samkvæmt framangreindu er niðurstaða dómsins sú, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda. Dæma ber stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst alls 500.000 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, er sýknaður af kröfum stefnanda, Vélstjórafélags Íslands.

Stefnandi greiði stefnda 500.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 6. mars 1997.

Nr. 85/1997. **Tryggingamiðstöðin hf.**
(Magnús Guðlaugsson hrl.)
gegn
Smiðshöfða 6 hf.

Kærumál. Nauðungarsala. Lögveðsréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 23. desember 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 25. febrúar 1997, en sóknaraðila var veitt leyfi til kærunnar 17. þess mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. desember 1996, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um, að hnekkt yrði ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 7. nóvember 1996 um að taka ekki til greina beiðni sóknaraðila um nauðungarsölu á fasteigninni Smiðshöfða 6 í Reykjavík, þinglýstri eign varnaraðila. Kæruheimild er í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, sbr. 4. mgr. 150. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála svo og 152. gr. sömu laga, svo sem henni var breytt með 6. gr. laga nr. 38/1994. Sóknaraðili krefst þess, að framangreindri ákvörðun sýslumanns verði hnekkt og lagt fyrir hann að láta umbeðna nauðungarsölu fara fram. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

I.

Málið á rætur að rekja til beiðni sóknaraðila 4. september 1996 til sýslumannsins í Reykjavík um nauðungarsölu á fasteigninni að Smiðshöfða 6 til fullnustu kröfu um iðgjöld af lögboðinni brunatryggingu hennar vegna áranna 1995 og 1996, að fjárhæð 132.729 krónur. Sóknaraðili leitaði þar fullnustu á kröfu sinni án undangenginnar dómsúrlausnar, sáttar eða fjárnáms. Um heimild til þess vísaði hann til 2. mgr. 4. gr. laga nr. 48/1994 um brunatryggingar svo og 4. töluliðar 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991. Í bréfi sýslumanns 7. nóvember 1996 var ákvörðun um að hafna þessari beiðni sóknar-

aðila reist á því, að fyrrnefnda lagaákvæðið fæli ekki í sér svo skýra heimild að leita nauðungarsölu án undangenginnar dómsúrlausnar, sáttar eða fjárnáms, að skilyrðum síðarnefnda ákvæðisins yrði talið fullnægt.

Í fyrri málsgrein 4. gr. laga nr. 48/1994, svo sem greininni var breytt með 3. gr. laga nr. 150/1994, var meðal annars kveðið á um lögveðsrétt fyrir iðgjöldum af skyldutryggingu húseigna gegn eldsvoða, en sá réttur skyldi í tvö ár ganga fyrir öðrum skuldbindingum en „sköttum til ríkissjóðs". Síðari málsgrein umræddrar greinar var svohljóðandi: „Séu iðgjöld eigi greidd innan sex mánaða frá gjalddaga, er heimilt að láta selja hina vátryggðu eign á uppboði samkvæmt ákvæðum laga um nauðungarsölu."

Með 2. gr. laga nr. 131/1996, sem birt voru 19. desember það ár, var 2. mgr. 4. gr. laga nr. 48/1994 breytt að nýju. Að orðinni þeirri breytingu er meðal annars tekið fram í ákvæðinu, að heimilt sé að krefjast nauðungarsölu á vátryggðri eign án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms. Hvað sem líður áhrifum þeirrar lagabreytingar, má fallast á, að sóknaraðili hafi hagsmuni af úrlausn málsins með tilliti til eldri lagaákvæða, enda getur niðurstaða samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laga nr. 90/1991, um hvort tekist hafi að slíta fyrningu lögveðsréttar fyrir hluta kröfu hans ráðist af því, hvort beiðni hans um nauðungarsölu 4. september 1996 hafi verið reist á viðhlítandi lagaheimild.

II.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. desember 1996.

I.

Mál þetta var þingfest 4. desember 1996 og tekið til úrskurðar sama dag, þar sem varnaraðili sótti ekki þing við þingfestingu þess.

Sóknaraðili er Tryggingamiðstöðin hf., kt. 660269-2079, Aðalstræti 6, Reykjavík.

Varnaraðili er Smiðshöfði 6 hf., kt. 670489-1249, Hvaleyrarbraut 18, Hafnarfirði.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að hnekkt verði þeirri ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 7. nóvember 1996 að synja um nauðungarsölu á fasteigninni nr. 6 við Smiðshöfða í Reykjavík, eign varnaraðila, með því að endursenda nauðungarsölubeiðni sóknaraðila, dags. 4. september 1996, og lagt verði fyrir sýslumanninn í Reykjavík að framkvæma hina umbeðnu nauðungarsölu. Jafnframt gerir sóknaraðili þá kröfu, að varnaraðili verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að mati dómsins, og verði við ákvörðun málskostnaðar tekið tillit til áhrifa 24,5% virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Varnaraðili hefur hvorki sótt þing né látið sækja og hefur ekki gert neinar kröfur í þessu máli.

II.

Sóknaraðili kveður málavexti vera þá helsta, að varnaraðili máls þessa hafi keypt lögboðna brunatryggingu hjá sóknaraðila vegna fasteignarinnar Smiðshöfða 6, Reykjavík. Þar sem hann hafi ekki greitt iðgjald tryggingarinnar, hvorki fyrir árið 1995 né 1996, hafi sóknaraðili hafið innheimtuaðgerðir með bréfi, dags. 22. júlí 1996. Eftir það hafi síðan verið birt greiðsluáskorun fyrir forsvarsmanni varnaraðila 19. ágúst 1996, enda telji sóknaraðili, að krafan njóti bæði lögveðsréttar og heimildar til nauðungarsölu án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms. Að liðnum þeim fresti, sem tiltekinn sé vegna birtingar greiðsluáskorunar, hafi verið send beiðni um nauðungarsölu fasteignarinnar Smiðshöfða 6, Reykjavík, 4. september 1996. Með bréfi, dags. 7. nóvember 1996, hafi sýslumaðurinn í Reykjavík endursent nauðungarsölubeiðnina með þeim rökstuðningi, að krafan nyti ekki heimildar til nauðungarsölu án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms. Hinn 12. nóvember 1996 hafi sóknaraðili tilkynnt sýslumannsembættinu, að hann hygðist skjóta þessari ákvörðun embættisins til Héraðsdóms Reykjavíkur, og var svo gert með bréfi, dags. 13. nóvember 1996. Var málið þingfest 4. desember sl. og tekið til úrskurðar þann dag að kröfu sóknaraðila.

III.

Sóknaraðili reisir kröfu sína um nauðungarsölu án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms á heimild í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 48/1994 um brunatryggingar. Kveður hann ákvæðið nú hljóða svo, sbr. 3. gr. laga nr. 150/1994, sem breytt hafi ákvæðinu: „Séu iðgjöld eigi greidd innan sex mánaða frá gjald-

daga, er heimilt að láta selja hina vátryggðu eign á uppboði samkvæmt ákvæðum laga um nauðungarsölu.“

Fyrir breytinguna hafi 2. og 3. mgr. 4. gr. laga nr. 48/1994 hljóðað svo: „Séu iðgjöldin eigi greidd innan sex mánaða frá gjalddaga, er heimilt að láta selja hina vátryggðu eign á uppboði án undanfarins dóms, sáttar eða lögtaks, en tilkynna skal vátryggjanda í ábyrgðarbréfi eða á annan öruggan hátt, að sölu hafi verið beiðst. Á sama hátt skal sýslumaður aðvara eiganda með tveggja vikna fyrirvara, áður en hann sendir söluauglýsingu til birtingar. Uppboðið skal auglýst einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Má sala ekki fara fram fyrr en sex vikum eftir birtingu auglýsingarinnar.“

Sóknaraðili telur, að eins og ákvæðið hafi verið upphaflega, hafi það ekki verið í samræmi við ákvæði nauðungarsölulaga nr. 90/1991 um tilkynningar og annað þess háttar. Hafi sýslumannsembættin staðið frammi fyrir því að þurfa að hafa annars konar aðferðir við nauðungarsölur vegna vanskila á iðgjöldum af lögboðnum brunatryggingum en öðrum vanskilakröfum. Hafi þetta verið til mikils óhagræðis, auk þess sem svo hafi virst sem Alþingi hafi ekki gert sér grein fyrir því, að árið 1991 hefðu verið sett ný lög um nauðungarsölu, sem tekið hafi gildi 1. júní 1992. Til að koma í veg fyrir þetta óhagræði hafi verið ákveðið að breyta lögum nr. 48/1994 um brunatryggingar, og hafi svo verið gert með lögum nr. 150/1994. Með 3. gr. þeirra laga hafi 4. gr. laga nr. 48/1994 verið breytt. Í greinargerð með 3. gr. laga nr. 150/1994 segi orðrétt: „Nauðsynlegt er að gera breytingu á 4. gr. til samræmis við breytingar, sem gerðar voru með lögum um nauðungarsölu nr. 90/1991. Þessa var ekki nægilega vel gætt við setningu laganna í vor.“

Tekur sóknaraðili fram, að lög nr. 48/1994 hafi verið sett í maí 1994, en lög nr. 150/1994 í lok desember 1994. Sjáist af ofangreindu skýrt og greinilega, að tilgangurinn hafi ekki verið að þrengja eða fella niður heimild til nauðungarsölu án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms. Einungis hafi átt að samræma nauðungarsölumeðferðina vegna vanskila á iðgjöldum af lögboðnum brunatryggingum ákvæðum laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu almennt. Tilvísunin í lög um nauðungarsölu í núgildandi 4. gr. laga um brunatryggingar sé þannig bein tilvísun í 4. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991, og hafi ekki þótt ástæða til að taka sérstaklega fram, að nauðungarsalan mætti fara fram án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, enda sé það óþarft vegna hinnar skýru tilvísunar í lög um nauðungarsölu. Sérstaklega eigi þetta við, þegar horft sé til greinargerðar með 3. gr. laga nr. 150/1994.

Þessu til viðbótar heldur sóknaraðili því fram, að annar skýringarkostur en að ofan greini leiði til þess, að ákvæði 2. mgr. 4. gr. laga nr. 48/1994 um brunatryggingar sé tilgangslaust. Afstaða sýslumannsins í Reykjavík leiði til

þess, að sóknaraðila máls þessa væri nauðsyn á að stefna varnaraðila vegna vanskilanna og gera m. a. þá kröfu, að staðfestur verði lögveðsréttur fyrir hinum vangoldnu iðgjöldum. Þegar dómur væri fenginn, yrði sóknaraðili að gera kröfu um, að gert yrði fjárnám í fasteigninni fyrir gjöldunum, og síðan yrði hann að óska eftir nauðungarsölu á henni á grundvelli fjárnámsins. Við úthlutun nauðungarsöluandvirðisins yrði sóknaraðili síðan að krefjast úthlutunar á grundvelli lögveðsins. Er hér um að ræða venjulega leið til innheimtu á vanskilaskuld að undanskildum lögveðsréttinum. Sé vandséð miðað við þetta, hver sé tilgangurinn með heimild 2. mgr. 4. gr. laga nr. 48/1994 til nauðungarsölu, og eigi það raunar við um alla skýringarkosti á ákvæðinu nema þann, sem sóknaraðili haldi fram.

Sóknaraðili styður kröfu sína um greiðslu málskostnaðar ákvæðum XXI. kafla laga nr. 91/1991. Krafan um, að tekið sé tillit til áhrifa 24,5% virðisaukaskatts við ákvörðun málskostnaðar, reisir hann á ákvæðum laga nr. 50/1988, sem gera lögmönnum skylt að innheimta skattinn af þjónustu sinni. Þar sem sóknaraðili reki ekki virðisaukaskattsskylda starfsemi, beri honum nauðsyn að fá skattinn tildæmdan úr hendi varnaraðila á grundvelli skaðleysissjónarmiða.

IV.

Um úrlausnarefni það, sem hér er til umfjöllunar, eiga við reglur XIII. kafla laga nr. 90/1991, og er ágreiningsefnið, hvort fullnægt sé skilyrðum laga, til að sóknaraðili gæti krafist nauðungarsölu á fasteign varnaraðila.

Krafa sóknaraðila er vegna ógreiddra gjaldfallinna iðgjalda lögboðinnar brunatryggingar sem varnaraðili keypti hjá sóknaraðila vegna fasteignarinnar Smiðshöfða 6, Reykjavík. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 48/1994, sbr. 3. gr. laga nr. 150/1994, hvíla öll iðgjöld og matskostnaður af húseignum í skyldutryggingu sem lögveð á eignunum sjálfum og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, er á þeim hvíla, nema sköttum til ríkissjóðs. Í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 48/1994, sbr. 3. gr. laga nr. 150/1994, segir: „Séu iðgjöld eigi greidd innan sex mánaða frá gjalddaga, er heimilt að láta selja hina vátryggðu eign á uppboði samkvæmt ákvæðum laga um nauðungarsölu."

Samkvæmt 4. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991 má krefjast nauðungarsölu á eign til fullnustu peningakröfu samkvæmt ákvæðum laga, sem veita lögveðsrétt í eigninni, og heimila nauðungarsölu hennar án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms. Samkvæmt ákvæði þessu eru skilyrði þess, að unnt sé að krefjast nauðungarsölu fasteignar, að ákvæði laga veiti lögveðsrétt í eigninni og heimili nauðungarsölu hennar án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms.

Með þeirri breytingu, sem gerð var á 4. gr. laga nr. 48/1994 með 3. gr. laga

nr. 150/1994, sýnist tilgangurinn umfram allt hafa verið sá að samræma ákvæðið lögum nr. 90/1991 um nauðungarsölu, hvað snertir meðferð nauðungarsölubeiðna. Við breytingu á ákvæðinu var fellt niður ákvæði um heimild til sölu hinnar vátryggðu eignar á uppboði án undanfarins dóms, sáttar eða lögtaks. Án þess að afstaða verði tekin um það, hvort hér hafi verið um að ræða mistök eða ekki, liggur alveg ljóst fyrir, að í ákvæðinu er ekki lengur heimild til að selja vátryggða eign á uppboði án dóms, sáttar eða lögtaks (fjárnáms), eins og áskilið er í 4. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991. Er því ekki fullnægt því fortakslausa skilyrði laganna, að til að unnt sé að krefjast nauðungarsölu í því tilviki, sem hér um ræðir, þurfi ákvæði laga að heimila nauðungarsölu án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, og verður því kröfum sóknaraðila hafnað.

Málskostnaður dæmist ekki.

Úrskurðinn kveður upp Greta Baldursdóttir, fulltrúi dómstjóra.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðila, Tryggingamiðstöðvarinnar hf., að hnekkt verði þeirri ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 7. nóvember 1996 að synja um nauðungarsölu á fasteign varnaraðila, Smiðshöfða 6, Reykjavík, er hafnað.

Málskostnaður dæmist ekki.

Fimmtudaginn 6. mars 1997.

Nr. 100/1997. **Bílastúdíó ehf.**
(Gunnar Jónsson hrl.)
gegn
tollstjóranum í Reykjavík

Kærumál. Flýtimeðferð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 28. febrúar 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 3. mars sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 14. febrúar 1997, þar sem hafnað var beiðni sóknaraðila um útgáfu stefnu til flýtimeðferðar á máli, sem hann hyggst höfða á hendur varnaraðila. Kæruheimild er í n-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að fallist verði á beiðni hans um flýtimeðferð málsins.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

I.

Samkvæmt stefnu, sem sóknaraðili lagði fyrir dómstjórann í Reykjavík, og beiðni, sem fylgdi henni um flýtimeðferð, hyggst sóknaraðili höfða mál til viðurkenningar á skyldu varnaraðila til að tollafgreiða fjórar tilteknar bifreiðir, sem sóknaraðili hafi flutt til landsins. Sóknaraðili kveður bifreiðirnar hafa beðið tollafgreiðslu frá því í nóvember 1996, en varnaraðili hafi ekki orðið við ítrekuðum óskum sóknaraðila um að ljúka henni, þótt hann hafi sinnt öllum kröfum varnaraðila um upplýsingar og gögn eftir því, sem föng eru á. Þá kveður sóknaraðili fullreynt, að ekki muni takast að fá kröfum sínum framgengt með stjórnsýslukæru.

Í hinum kærða úrskurði er sagt frá efni bréfa, sem hafa gengið milli málsaðila í tengslum við framangreint. Af þeirri frásögn verður meðal annars ráðið, hvaða ástæður varnaraðili hefur fært fram

fyrir því, að fyrrnefndar bifreiðir hafi ekki fengist afgreiddar úr tolli.

II.

Líta verður svo á, að fyrirstaða varnaraðila gegn umræddri tollafgreiðslu sé reist á stjórnvaldsákvörðun hans um, að ekki sé, enn sem komið er, fullnægt lagaskilyrðum til að verða við þeim óskum sóknaraðila, sem að framan greinir. Er að þessu leyti fullnægt því skilyrði fyrir flýtimeðferð, sem greinir í upphafi 1. mgr. 123. gr. laga nr. 91/1991, að fyrir dyrum standi að höfða einkamál vegna ákvörðunar stjórnvalds.

Í beiðni sóknaraðila um flýtimeðferð er því ekki borið við, að úrlausn málsins geti haft almenna þýðingu. Í rökstuðningi sóknaraðila fyrir beiðninni kemur meðal annars fram, að starfsemi hans felist í innflutningi bifreiða, en hún hafi legið með öllu niðri vegna framferðis varnaraðila allt frá því í nóvember 1996. Hafi viðskiptavinir afturkallað pantanir og sóknaraðili að auki farið á mis við talsverð ný viðskipti. Þar er hins vegar ekki gerð nánari grein fyrir þeim fjárhagslegu hagsmunum, sem sóknaraðili telur vera í húfi. Er þegar af þeirri ástæðu ófært að leggja mat á, hvort fullnægt sé því skilyrði síðari málsliðar 1. mgr. 123. gr. laga nr. 91/1991 fyrir flýtimeðferð, að hagsmunir sóknaraðila séu stórfelldir. Eins og málið liggur fyrir, verður ekki heldur fallist á, að sóknaraðili hafi sýnt nægilega fram á, að brýn þörf sé vegna hagsmuna hans á skjótri úrlausn málsins, svo sem áskilið er í fyrrgreindu lagaákvæði, enda hefur hann ekki borið því við, að annars fari forgörðum hagsmunir, sem skaðabætur gætu ekki nægt til að rétta hlut hans með. Að þessu virtu verður fallist á þá niðurstöðu héraðsdómara, að skilyrði séu ekki til að verða við beiðni sóknaraðila um, að gefin verði út stefna til flýtimeðferðar á væntanlegu máli hans gegn varnaraðila.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Það athugast, að eins og getið er í forsendum hins kærða úrskurðar, tók héraðsdómari við upplýsingum frá varnaraðila um atvik málsins, en þær urðu meðal annars til þess, að dómarinn fékk gögn frá varnaraðila með samþykki sóknaraðila. Er niðurstaða úrskurðarins að nokkru reist á þeim gögnum. Þessi afskipti varnar-

aðila af meðferð beiðni sóknaraðila eru andstæð ákvæðum 123. gr. laga nr. 91/1991.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 14. febrúar 1997.

Beiðni um flýtimeðferð barst dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur í hendur 7. febr. sl. Í málinu kvaðst beiðandi, Bílastúdíó ehf., kt. 470296-2409, myndu gera kröfu til þess, að tollstjórinn í Reykjavík yrði skyldaður til þess að taka til tafarlausrar tollafgreiðslu fjórar bifreiðar beiðanda, sem tilgreindar eru með sendingarnúmerum, og að tollstjóri greiddi auk þess kostnað í málinu.

Beiðandi kveðst hafa keypt þessar bifreiðar ýmist í Bandaríkjunum eða Kanada. Sér séu af seljanda gerðir tveir reikningar, annar fyrir kaupverði bifreiðanna og hinn fyrir kaupumboðslaunum þeirra, er bifreiðarnar selji sér. Engin formleg ákvörðun tollstjóra liggi fyrir um tollafgreiðslu þessara bifreiða, en eftir henni hafi verið beðið frá því í nóvember sl.

Beiðandi kveðst hafa reynt eftir stjórnsýsluleiðum að fá bifreiðarnar tollafgreiddar, en ekki tekist. Beiðninni fylgdu frávísunarúrskurðir fjármálaráðuneytis og ríkistollanefndar á stjórnsýslukærum beiðanda.

Beiðandi kveðst hafa ritað tollstjóra fimm bréf og krafist tollafgreiðslu bifreiðanna. Þau bréf fylgdu beiðninni í afriti ásamt tveimur bréfum tollstjóra. Í bréfum þessum kom fram, að tollstjóri hefur ritað þriðja bréfið, sem beiðandi sendi dómstjóra í símbréfi 10. þ. m.

Í fyrsta bréfi tollstjóra til beiðanda, sem dagsett er 18. des. sl., er vitnað til símskeytis beiðanda, þar sem farið er fram á, að tollstjóri upplýsi, hvaða gögn vanti, til þess að hægt sé að tollafgreiða umræddar bifreiðar. Í bréfi tollstjóra segir m. a. eftirfarandi:

„Við tollafgreiðslu þessara ökutækja hefur verið lagður fram einn reikningur fyrir hvert ökutæki. Samkvæmt upplýsingum, er embættið hefur aflað sér frá hinum erlenda seljanda, voru gefnir út tveir reikningar fyrir hvert ökutæki. Einnig hafið þér sýnt starfsmönnum embættisins annað eintak reikningsins, en neitað afhendingu þess.

Þar sem ljóst má vera samkv. ofanrituðu, að gefnir hafa verið út fleiri reikningar en framvísað hefur verið við tollyfirvöld, verður afhending ofangreindra ökutækja ekki heimiluð, fyrr en bæði eintök reikninganna hafa verið lögð fram og fyrrgreindar aðflutningsskýrslur leiðréttar til samræmis við það."

Lögmaður beiðanda svarar bréfi tollstjóra samdægurs og greinir þar frá

því, að annar reikningurinn af tveimur sé fyrir kaupumboðslaun seljanda bifreiðanna og slík þóknun reiknist ekki til stofns fyrir aðflutningsgjöld, og kveðst ekki sjá, hvaða heimild tollstjóri hafi til þess að krefja um reikningana. Kaupumboðslaunin séu einungis mál beiðanda og seljanda bifreiðanna. Segir síðan orðrétt í bréfinu:

„Í ljósi þess, að umbjóðandi minn hefur ítrekað reynt embættið að því að veita óviðkomandi aðgang að upplýsingum, sem eiga að vera einungis á milli hans og embættisins, kærir hann sig ekki um að afhenda því trúnaðarupplýsingar um viðskipti fyrirtækis síns."

Hinn 20. desember sl. ritar skrifstofustjóri tollstjóra lögmanni beiðanda bréf og segir þar umbeðin gögn, þ. e. framangreinda reikninga, ekki hafa verið lögð fram, og muni embættið ekki veita heimild til tollafgreiðslu, fyrr en úr hafi verið bætt, sbr. 2. mgr. 22. gr. tollalaga.

Sama dag ritar lögmaður beiðanda tollstjóra bréf og kveðst reiðubúinn til þess að koma á fund tollstjóra og sýna umbeðin skjöl og krefst þess, að hann og umbjóðandi sinn verði tafarlaust boðaðir á fund embættisins með pappírana eða bifreiðarnar verði tollafgreiddar á sama hátt og aðrar þær bifreiðar, sem beiðandi hafi flutt inn fyrr á árinu.

Í bréfi lögmanns beiðanda til tollstjóra, dags. 3. janúar sl., kveðst hann hafa afhent öll gögn, sem nauðsynleg séu til tollafgreiðslu bifreiðanna. Í bréfinu er að finna sundurliðun þess, hvernig kaupumboðslaun skiptist á bifreiðar, og virðist því hafa verið um það að ræða, að ekki hafi verið gerður sérstakur reikningur fyrir hverja bifreið, þótt ekki komi það skýrt fram. Í bréfinu er farið fram á tollafgreiðslu bifreiðanna án frekari tafar.

Þessu bréfi svarar skrifstofustjóri tollstjóra með bréfi, dags. 6. jan. sl. Segir þar orðrétt:

„Ekki verður tekin afstaða til þess af hálfu embættisins, hvort framangreindur „miscellaneous" kostnaður er tollskyldur eða ekki, fyrr en borist hefur frá útflytjandanum í Kanada sundurliðun á þeim kostnaði, sem hér um ræðir, ásamt tilvísun í þau viðskipti, sem hver upphæð tilheyrir. Venjulega tekur nokkrar vikur eða jafnvel mánuði fyrir embættið að afla slíkra upplýsinga eftir hefðbundnum leiðum, þ. e. í þessu tilviki með formlegri beiðni til kanadískra tollyfirvalda. Einfaldast og tafaminnst fyrir íslenskan innflytjanda er, að hann afli umbeðinna upplýsinga sjálfur og komi þeim á framfæri við tollstjóraembætti, enda er og innflytjanda skylt að leggja fram slík gögn skv. 1. mgr. 19. gr. tollalaga nr. 55/1987 og heimilt að neita honum um tollafgreiðslu, þar til úr hefur verið bætt, sbr. 2. mgr. 22. gr. sömu laga, eins og getið var um í bréfi embættisins til yðar, dags. 20. 12. 1996."

Lögmaður beiðanda ritar tollstjóra bréf sama dag og segir þar, að umbjóðandi sinn muni að beiðni embættisins leitast við að fá frekari sundurliðun á kaupumboðslaunareikningunum með faxi svo skjótt sem kostur sé. Hann kveðst ítreka fyrri áskorun um, að bifreiðarnar verði tollafgreiddar án frekari tafar, og lýsir því yfir, að umbjóðandi sinn sé reiðubúinn að leggja fram tryggingu fyrir viðbótartolli, sem kynni að verða lagður á, eftir að umbeðnar upplýsingar hafi borist.

Hinn 10. febr. hringdi tollstjóri í dómstjóra og greindi frá því, að hann hefði fengið beiðni lögmanns beiðanda um flýtimeðferð símsenda. Enn fremur greindi tollstjóri frá því, að hann hefði krafist rannsóknar Rannsóknarlögreglu ríkisins á viðskiptum innflytjanda, þ. e. beiðanda, og kært þau. Þá hefði hann krafist upptöku hinna innfluttu vara skv. 136. gr. laga nr. 55/1987.

Dómstjóri hafði samband við lögmann beiðanda og óskaði eftir því að fá framangreinda kæru senda, hefði lögmaðurinn hana undir höndum. Lögmaðurinn kvað svo ekki vera, en hann hefði einungis frétt á skotspónum, að til stæði að kæra viðskiptin til rannsóknarlögreglunnar. Með samþykki lögmannsins leitaði dómstjóri eftir því við tollstjóra, að hann sendi dómstólnum kæruna, sem reyndust vera tvær, þegar til kom, og varða þær fjórar bifreiðar sem krafist er, að verði tollafgreiddar. Kærurnar bárust dómstjóra 12. febrúar. Hinn 13. febrúar tjáði dómstjóri lögmanni beiðanda, að hann myndi synja um flýtimeðferð, og óskaði lögmaðurinn þá eftir því, að kveðinn yrði upp úrskurður þar um skv. 3. mgr. 123. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða.

Í 1. mgr. 123. gr. laga nr. 91/1991 er kveðið á um það, að aðili geti óskað eftir flýtimeðferð einkamáls, hyggist hann höfða mál vegna ákvörðunar eða athafnar stjórnvalds og það færi ella eftir almennum reglum laganna. Auk þess þarf að vera brýn þörf á skjótri úrlausn, enda hafi hún almenna þýðingu eða varði stórfellda hagsmuni aðilans.

Þótt ekki sé beint getið um athafnaleysi stjórnvalds, verður að skýra lagagreinina svo, að það geti verið jafngildi stjórnarathafnar eða ákvörðunar. Með tilvísun til þess, sem að framan er rakið um samskipti tollstjóra og beiðanda, þykir ekki vera um að ræða það athafnaleysi í skilningi lagagreinarinnar, enda þótt bifreiðarnar hafi ekki enn verið tollafgreiddar, að fullnægt sé því skilyrði til þess að heimila flýtimeðferð, og verður beiðninni því hafnað. Má auk framangreinds hafa í huga ákvæði 3. mgr. 102 gr. laga nr. 91/1991, þar sem tollstjóri hefur kært viðskipti beiðanda með bifreiðarnar fjórar til rannsóknarlögreglu og krafist upptöku þeirra.

Friðgeir Björnsson dómstjóri kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Beiðni Bílastúdíós ehf. um flýtimeðferð í máli því, sem félagið hyggst höfða gegn tollstjóranum í Reykjavík, er synjað.

Fimmtudaginn 6. mars 1997.

Nr. 91/1997. **Tollstjórinn í Reykjavík**
(Gunnar Árnason lögfr.)
gegn
Handknattleiksdeild Fylkis

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Aðildarhæfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 24. febrúar 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 26. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. febrúar 1997, þar sem hafnað var beiðni sóknaraðila um gjaldþrotaskipti á búi varnaraðila. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. febrúar 1997.

Með bréfi, sem barst dóminum 16. september 1996, krafðist tollstjórinn í Reykjavík, kt. 650269-7649, Tryggvagötu 19, Reykjavík, þess, að bú Handknattleiksdeildar Fylkis, kt. 570183-0519, Fylkisvegi 6, Reykjavík, yrði tekið til gjaldþrotaskipta.

Krafa skiptabeiðanda er reist á 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991, en árangurslaust fjárnám var gert hjá Handknattleiksdeild Fylkis 4. júlí 1996.

Kröfu skiptabeiðanda var vísað á bug með bókun í þingbók 4. nóvember 1996, þar sem hvorki í beiðni tollstjórans í Reykjavík né öðrum fylgigögnum væri að finna þær upplýsingar, sem krafist er samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 1. mgr. 66. gr. sömu laga. Ekki yrði séð, hvort Handknattleiksdeild Fylkis væri félag eða annar lögaðili í skilningi 1. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Með bréfi, dagsettu 13. janúar 1997, krafðist skiptabeiðandi þess, að krafan yrði tekin fyrir að nýju á dómþingi og að úrskurður gengi um höfnun hennar, ef þeirri afstöðu yrði haldið til streitu. Beiðnin var tekin fyrir á dómþingi 21. janúar 1997. Skiptabeiðandi ítrekaði kröfu um, að úrskurður gengi um þá ákvörðun dómsins að vísa kröfu skiptabeiðanda á bug.

Skiptabeiðandi hefur lagt fram yfirlit úr Þjóðskrá, þar sem fram kemur, að Handknattleiksdeild Fylkis er á skrá yfir fyrirtæki og henni hefur verið veitt kennitala, og enn fremur er rekstrarform hennar tilgreint „félagasamtök". Hvorki kemur fram, hver sé í fyrirsvari fyrir Handknattleiksdeild Fylkis né hvernig ábyrgð á skuldum, sem stofnað er til í hennar nafni, er háttað. Skiptabeiðandi hefur lýst yfir því fyrir dóminum, að hann hafi ekki aðgang að frekari gögnum um starfsemi og skipulag skuldara.

Beiðni skiptabeiðanda fullnægir ekki öllum skilyrðum 2. tl. 1. mgr. 7. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. nr. 21/1991, sbr. 1. mgr. 66. gr. sömu laga. Heitið Handknattleiksdeild Fylkis bendir til, að um sé að ræða deild innan Fylkis, sem að fyrra bragði verður því að ætla, að sé háð boðvaldi stjórnar Fylkis og hafi ekki sjálfstæðan fjárhag. Með hliðsjón af 1., 4., 5. og 7. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. verður að telja það grundvallarskilyrði þess, að tiltekin eind verði tekin sjálfstætt til gjaldþrotaskipta, að hún njóti rétthæfis sem félag eða stofnun og að félagsmenn, ef um félag er að ræða, beri ekki ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum þess. Skiptabeiðandi hefur ekki sýnt fram á, að krafist sé skipta á félagi eða stofnun, sem geti sjálfstætt borið réttindi og skyldur, en skráning Handknattleiksdeildar Fylkis samkvæmt lögum nr. 62/1969 um fyrirtækjaskrá sem „félagasamtök" með eigin kennitölu gefur ekki vísbendingu um fyrrgreind atriði. Samkvæmt framangreindu verður að hafna kröfu tollstjórans í Reykjavík um, að bú Handknattleiksdeildar Fylkis verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Áslaug Björgvinsdóttir dómarafulltrúi kvað upp þennan úrskurð.

Úrskurðarorð:

Kröfu tollstjórans í Reykjavík um, að bú Handknattleiksdeildar Fylkis verði tekið til gjaldþrotaskipta, er hafnað.

Fimmtudaginn 6. mars 1997.

Nr. 219/1996. **Hafnarfjarðarbær**
(Ingimundur Einarsson hrl.,
Guðmundur Benediktsson hdl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands
(Jakob R. Möller hrl.,
Valgeir Pálsson hdl.)

Skuldabréf. Ábyrgð. Sveitarstjórn. Verksamningur. Verðbréfasala.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. júní 1996. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér 6.503.662 krónur með vöxtum samkvæmt 6. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1995 til 15. sama mánaðar, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði. Þá krefst stefndi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara er þess krafist, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sömu fjárhæð með vöxtum samkvæmt 6. gr. vaxtalaga frá 1. janúar 1995 til 6. sama mánaðar, með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá þeim degi til 6. febrúar 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags. Í varakröfu er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málinu hefur ekki verið gagnáfrýjað, og fellur stefndi frá kröfum á hendur Þorsteini Steinssyni. Þá er Handsali hf. ekki stefnt til réttargæslu í Hæstarétti.

I.

Hinn 28. janúar 1994 var gerður verksamningur milli áfrýjanda og Hagvirkis-Kletts hf., þar sem hinn síðarnefndi tók að sér að hanna

og byggja dælu- og hreinsistöðvar í Hafnarfirði ásamt tilheyrandi lögnum og útræsum. Verkinu átti að vera lokið 31. desember 1997. Með viðbótarsamningi 12. ágúst 1994 voru gerðar nokkrar breytingar á verksamningnum, en umsamin verk komust hins vegar ekki til framkvæmda. Orsakir þess liggja ekki ljóslega fyrir í málinu.

Í tengslum við fyrirhugaða sölu á skuldabréfi, sem gefið hafði verið út 17. desember 1993 af Hyrningarsteini hf., félagi starfsmanna Hagvirkis-Kletts hf., undirrituðu fjármálastjórar Hagvirkis-Kletts hf. og áfrýjanda 10. febrúar 1994 svofellda yfirlýsingu ásamt framkvæmdastjóra Handsals hf., sem tekið hafði bréfið til sölumeðferðar:

„Vegna skuldabréfs, út gefins 17. 12. 1993 af Hyrningarsteini hf., kt. 460493-2269, að nv. 8.000.000 kr., til 4 ára. Bæjarsjóður Hafnarfjarðar hefur skv. meðfylgjandi yfirlýsingu samþykkt, að greiðslur skv. verksamningi milli bæjarsjóðs og Hagvirkis-Kletts frá 28. 1. 1994 um hönnun og byggingu dælu- og hreinsistöðva í Hafnarfirði muni renna til að greiða niður umrætt bréf. Verði vanskil á ofangreindu bréfi í framhaldi af þessu, mun bæjarsjóður Hafnarfjarðar sjá til þess, að bréf þetta verði greitt upp á gengi (ávöxtunarkröfu), og þá jafnframt hafa rétt á að nýta sér bréfið sjálfur á móti áðurnefndum verksamningi. Hagvirki-Klettur hf. samþykkir ofangreinda ráðstöfun á greiðslum úr umræddum verksamningi milli bæjarsjóðs Hfj. og Hagvirkis-Kletts hf., dags. 28. 1. 1994."

Ágreiningslaust er, að með vísun í öðrum málslið yfirlýsingarinnar til „meðfylgjandi" yfirlýsingar er átt við hana sjálfa.

Skuldabréf það, sem hér um ræðir, var framselt stefnda 15. febrúar 1994. Þá hafði verið bætt inn á bréfið eftirfarandi áletrun í reitinn: Sjálfskuldarábyrgð eftirtalinna aðila in solidum: „Bæjarsjóður Hafnarfjarðar mun endurkaupa bréf þetta, ef greiðslufall verður af bréfinu, sbr. meðfylgjandi yfirlýsingu þess efnis." Var hér vísað til yfirlýsingarinnar frá 10. febrúar 1994, en framan við heiti hennar hafði nú verið bætt orðinu „Ábyrgðar". Fram er komið, að framkvæmdastjóri Handsals hf. gerði eða lét gera þessar breytingar, en framkvæmdastjóri stefnda hafði við fyrirhuguð kaup á skuldabréfinu látið í ljós þá skoðun, að orðalag yfirlýsingarinnar væri ekki sem skyldi, ef hún ætti að fela í sér ábyrgð af hálfu áfrýjanda. Hins vegar er óljóst, hver fékk Handsali hf. skuldabréfið til sölu og hvenær

hlutafélagið Hagvirki-Klettur var skráð á bréfið sem kröfuhafi, en félagið var frá upphafi skráð á bréfið sem sjálfskuldarábyrgðaraðili.

II.

Gegn eindreginni neitun fjármálastjóra áfrýjanda er ósannað, að hann eða nokkur á vegum áfrýjanda hafi verið með í ráðum eða vitað um framangreindar breytingar á skuldabréfinu 17. desember 1993 og yfirlýsingunni 10. febrúar 1994. Hafa þær enga þýðingu í málinu gagnvart áfrýjanda.

III.

Hin umrædda yfirlýsing frá 10. febrúar 1994 fól í sér greiðsluávísun á þann veg, að endurgjald áfrýjanda samkvæmt verksamningi við Hagvirki-Klett hf. frá 28. janúar 1994 skyldi, jafnóðum og það félli í gjalddaga, renna til þess að greiða niður skuldabréfið frá 17. desember 1993. Um þetta hlutverk yfirlýsingarinnar er ekki ágreiningur. Á hinn bóginn greinir aðila á um það, hvort hún hafi jafnframt verið ábyrgðaryfirlýsing af hálfu áfrýjanda í því tilviki, að vanskil yrðu á bréfinu.

Í 4. mgr. 89. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 er lagt bann við því að binda sveitarsjóð við sjálfskuldarábyrgð á skuldbindingum annarra aðila en stofnana sveitarfélagsins. Samkvæmt 5. mgr. getur sveitarstjórn hins vegar veitt einfalda ábyrgð til annarra aðila gegn tryggingum, sem hún metur gildar. Eftir 4. mgr. 71. gr. laganna skal framkvæmdastjóri sveitarfélags undirrita skjöl varðandi ábyrgðir eða skuldbindingar, sem samþykki sveitarstjórnar þarf til. Meta verður yfirlýsinguna frá 10. febrúar 1994 í ljósi þessara lagaákvæða.

Auðsætt er, að yfirlýsingin gat aldrei falið í sér sjálfskuldarábyrgð áfrýjanda, enda tengdist hún ekki skuldbindingu stofnunar á vegum sveitarfélagsins. Ekkert erindi var lagt fyrir bæjarstjórn, svo að hún gæti tekið afstöðu til þess, hvort hún vildi veita einfalda ábyrgð á greiðslu skuldabréfsins frá 17. desember 1993 gegn fullgildum tryggingum, og bæjarstjóri ritaði ekki undir yfirlýsinguna. Máttu Handsal hf. og stefndi ekki gera ráð fyrir því, að yfirlýsingin gæti við svo búið falið í sér annað og meira en ávísun á greiðslur samkvæmt umræddum verksamningi. Af orðum yfirlýsingarinnar sjálfrar verður ekki heldur ráðið, að henni hafi verið ætlað annað hlutverk en

tryggja, að unnt yrði að ná greiðslu á skuldabréfinu með því að halda eftir af þeim verklaunum, sem verktaki ynni til samkvæmt verksamningnum. Verður að skilja þriðja málslið hennar svo, að skuldbinding áfrýjanda um hugsanlega innlausn á bréfinu væri við það miðuð, að hann gæti nýtt sér innlausnarfjárhæðina á móti greiðslum til verktaka samkvæmt samningnum.

Verksamningurinn 28. janúar 1994 var milli Hagvirkis-Kletts hf. og áfrýjanda, og var hann ekki skuldbindandi gagnvart stefnda. Þá gat stefndi ekki treyst því við kaup á skuldabréfinu, að samningurinn gengi eftir samkvæmt efni sínu, og hefur honum ekki tekist að sýna fram á, að af framkvæmd verksins hafi ekki orðið vegna atvika, er geri áfrýjanda bótaskyldan gagnvart honum.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum stefnda. Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Það athugast, að framlagning skjala í héraði varð umfangsmeiri en efni stóðu til og yfirheyrslur vitna fyrir héraðsdómi fóru úr böndum.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Hafnarfjarðarbær, er sýkn af kröfum stefnda, Vinnuveitendasambands Íslands.

Stefndi greiði áfrýjanda 350.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 21. mars 1996.

I.

Mál þetta, sem upphaflega var flutt 19. febrúar 1996, en endurupptekið til gagnaframlagningar og endurflutnings einkum um ný gögn og dómtekið 18. mars 1996, hefur Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 400269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum 26. september 1995 á hendur Hafnarfjarðarbæ, kt. 590169-7579, og Þorsteini Steinssyni, kt. 110254-4239, Hjallabraut 43, Hafnarfirði, og til réttargæslu á hendur Handsali hf., kt. 550191-1729, Engjateigi 9, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndi Hafnarfjarðarbær verði dæmdur til að greiða fjárkröfu, að fjárhæð 6.503.662 kr., með vöxtum samkvæmt 6. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1995 til 15. janúar 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara er gerð krafa um, að stefndu, Hafnarfjarðarbær og Þorsteinn Steinsson, verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 6.503.662 kr., með vöxtum samkvæmt 6. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1995 til 15. janúar 1995, með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til 6. febrúar 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu ásamt virðisaukaskatti, en málskostnaðarreikningur, að fjárhæð 911.050 kr., var lagður fram við aðalmeðferð málsins. Krafist er vaxtareiknings í samræmi við 12. gr. vaxtalaga.

Af hálfu stefnda Hafnarfjarðarbæjar er krafist sýknu af öllum dómkröfum stefnanda og málskostnaðar að mati réttarins.

Af hálfu stefnda Þorsteins Steinssonar er krafist sýknu af öllum dómkröfum stefnanda í málinu og að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu að mati réttarins auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Af hálfu réttargæslustefnda, Handsals hf., sem hefur látið lögmann sinn sækja þing í málinu, skila greinargerð og flytja málið munnlega, eru engar sjálfstæðar dómkröfur gerðar.

II.

Hinn 17. febrúar 1993 gaf Hyrningarsteinn hf., Hafnarfirði, út til Hagvirkis-Kletts hf., Hafnarfirði, skuldabréf, að fjárhæð 8.000.000 kr., með lánskjaravísitölu og meðalvöxtum Seðlabanka Íslands af sambærilegum lánum, þá 7,5%, er greiðast skyldi á fjórum árum með sextán jöfnum afborgunum á þriggja mánaða fresti, hinni fyrstu 1. 4. 1994, en hinni síðustu 1. 4. 1998. Hagvirki-Klettur hf. áritaði á bréfið sem sjálfskuldarábyrgðaraðili og síðar, 15. 2. 1994, sem framseljandi. Er framsalið til stefnanda Vinnuveitendasambands Íslands.

Hvorki er að finna áritun stefnda Hafnarfjarðarbæjar né stefnda Þorsteins Steinssonar, fjármálastjóra bæjarins, á bréfinu.

Eigandi bréfsins, Hagvirki-Klettur hf., fól réttargæslustefnda, verðbréfamiðlaranum Handsali hf., að selja skuldabréfið.

Ljóst er, að hvorki Hagvirki-Klettur hf. né Hyrningarsteinn hf. voru við útgáfu bréfsins álitlegir skuldarar. Hagvirki-Klettur hf. hafði þá nýlega gert nauðasamning. Var félaginu heimiluð leitun nauðasamninga með úrskurði 11. mars 1993 og nauðasamningurinn staðfestur 7. júní sama ár. Hyrningarsteinn hf. er hlutafélag, stofnað 19. mars 1993 af starfsmönnum Hagvirkis-Kletts hf. og skyldra félaga (Hagvirkissamsteypuna nefnir lögmaður félagsins það) í þeim tilgangi að koma til liðs við vinnuveitanda sinn, Hag-

virki-Klett hf., með því að leggja nokkuð af mörkum til þess að auðvelda félaginu nauðasamningaumleitanir og gera því kleift að standa við nauðasamninginn.

Stofnendur Hyrningarsteins hf. voru fimm starfsmenn Hagvirkis-Kletts hf. Fyrstu aðgerðir Hyrningarsteins hf. voru söfnun loforða 106 starfsmanna um kaup á hlutabréfum í Hagvirki-Kletti hf. fyrir 17 milljónir króna, og skyldi greiða hlutabréfin með því, að dregið væri af kaupi þeirra mánaðarlega næstu þrjú ár, þó ekki lengur en þeir störfuðu hjá samsteypunni.

Þar sem Hagvirki-Klettur hf. var í brýnni fjárþörf, varð það úr, að Hyrningarsteinn hf. gæfi út og seldi á markaði átta milljón króna skuldabréf og keypti þegar í stað hlutabréf í Hagvirki-Kletti hf. fyrir þá fjárhæð. Var ætlunin, að það fé, er dregið yrði af kaupi starfsmanna samkvæmt framansögðu, gengi til þess að greiða af skuldabréfinu, en starfsmenn fengju hlutabréfin í Hagvirki-Kletti hf. mánaðarlega, eftir því sem þeir greiddu hlutafjárloforð sín með framangreindum afdrætti af launum.

Eigandi skuldabréfsins, Hagvirki-Klettur hf., leitaði nú tilstyrks Hafnarfjarðarbæjar við að gera bréfið seljanlegt, en þess var varla að vænta, að útgefandi bréfsins, Hyrningarsteinn hf., eða kröfuhafinn, Hagvirki-Klettur hf., þættu, eins og á stóð, álitlegir skuldarar á verðbréfamarkaði.

Áður hafði Hagvirki-Klettur hf. leitað til bæjarins svipaðra erinda. Með bréfi, dags. 23. júní 1993, til bæjarráðs Hafnarfjarðar, sem ritað var eftir, að fyrirtækið hafði náð nauðasamningum, var óskað eftir, að fyrirtækið fengi 30 milljón kr. fyrirframgreiðslu inn á „núverandi verksamninga“ og/eða að ábyrgð yrði veitt á 12,5 milljón kr. skuldabréfi vegna hlutafjárloforða starfsmanna. Er síðan í bréfinu gerð grein fyrir hugmyndum um baktryggingu fyrir bæjarsjóð.

Erindi þetta var afgreitt á fundi bæjarráðs 24. júní 1993, og segir svo í bókaðri fundargerð: „Bæjarráð samþykkti að verða við þeim meginhugmyndum, sem fram koma í bréfinu, og felur bæjarstjóra endanlegan frágang málsins.“

Í framhaldi þessa var daginn eftir skrifað undir samkomulag milli Hafnarfjarðarbæjar og Hagvirkis-Kletts hf. Í samkomulagi þessu er hugmynda um ábyrgð vegna skuldabréfs í sambandi við hlutafjárloforð starfsmanna að engu getið.

Ekki virðist hafa komist neinn skriður á sölu skuldabréfs þess, er mál þetta snýst um, fyrr en eftir að Hagvirki-Klettur hf. og Hafnarfjarðarbær höfðu 28. janúar 1994 undirritað verksamning, þar sem Hagvirki-Klettur hf. tók að sér að hanna og byggja svokallaðar útrásir, þ. e. dælu- og hreinsistöðvar fyrir holræsakerfi bæjarins ásamt tilheyrandi lögnum samkvæmt út-

boði bæjarins og tilboði Hagvirkis-Kletts hf., dagsettu 18. janúar 1993. Verksamningsfjárhæð var 240 milljónir króna auk virðisaukaskatts. Verkinu skyldi samkvæmt verksamningnum lokið í árslok 1997, en hröðun framkvæmda skyldi þó verktaka heimil samkvæmt verkáætlun í árslok 1995, en hröðun verksins studdist við heimildarákvæði í verksamningi, og verkið skyldi greitt „með sem jöfnustum greiðslum á árunum 1994–1997, þó aldrei umfram verkstöðu hverju sinni". Aðilar verksamningsins hafa borið, að verktaki hafi óskað eftir að ljúka verkinu á sem skemmstum tíma og fyrir árslok 1995, en verkkaupi ekki talið sig hafa til þess fjármagn. Málamiðlun hafi orðið sú, að verktaki mætti ljúka verkinu í samræmi við óskir sínar, en án hröðunar á greiðslum verkkaupa. Lokauppgjör færi þá fram við verklok í árslok 1995, en eftirstöðvar verksamningsgreiðslna, sem yrðu þá ógreiddar, miðað við umsamda jafna greiðsludreifingu á fjögur ár, færu á skuldabréf, er bærinn gæfi út og verkkaupi gæti þá selt.

Er verksamningur var kominn á 28. janúar 1994, óskaði verktaki og eigandi margnefnds skuldabréfs, Hagvirki-Klettur hf., eftir því við verkkaupa, Hafnarfjarðarbæ, að ávísa greiðslum úr verksamningnum til greiðslu á umræddu skuldabréfi, en áður hafði, sem fyrr er greint, beiðni hans um bæjarábyrgð í sama tilgangi ekki verið sinnt.

Í málinu er nægjanlega fram komið, að stefndi Þorsteinn Steinsson, fjármálastjóri Hafnarfjarðarbæjar, hafði að því nokkurn atbeina að aðstoða Hagvirki-Klett hf. og þar með félag starfsmanna þess, Hyrningarstein hf., við sölu á skuldabréfi því, sem mál þetta snýst um, umfram það, sem í þrengsta skilningi heyrði undir verksvið hans sem fjármálastjóra, því að Hafnarfjarðarbær var ekki seljandi bréfsins. Á hinn bóginn hafði Hafnarfjarðarbær af því augljósa hagsmuni að liðsinna verktakanum, svo að líkur ykjust á því, að hann gæti staðið við verksamninginn, og líkur minnkuðu á því, að á annað hundrað skattborgarar og fyrirvinnur fjölskyldna í bæjarfélaginu, starfsmenn Hagvirkis-Kletts hf. og skyldra félaga, misstu atvinnu sína á tímum vaxandi atvinnuleysis og kreppu í verktakastarfsemi. Ekki er þó fram komið, að réttargæslustefndi eða stefnandi hafi mátt ætla, að fjármálastjórinn vildi víkja frá skyldugri hagsmunagæslu fyrir bæjarsjóð eða brjóta lög. Þetta var Pálma, framkvæmdastjóra réttargæslustefnda, hvort tveggja ljóst. Er hann var við yfirheyrslu spurður um það, hvort hann hefði við gerð umræddrar yfirlýsingar litið svo á, að Þorsteinn fjármálastjóri gætti hagsmuna bæjarsjóðs í þrengstu merkingu, eða hvort hann hefði litið svo á, að þar færi maður, sem væri af greiðasemi að reyna að fá hjólin til að snúast, svaraði hann: „Hvort tveggja." Jafnframt margítrekaði verðbréfamiðlarinn, að hann hefði allt frá árinu 1988 selt tugi, ef ekki hundruð verðbréfa

fyrir Hafnarfjarðarbæ og ekki reynt fjármálastjórann að öðru en heiðarleika og sérstakri orðheldni.

Var nú samin og undirrituð yfirlýsing sú, er mál þetta snýst um. Samkvæmt frásögn stefnda Þorsteins, sem ekki er andmælt, lagði Sigrún Traustadóttir, fjármálastjóri Hagvirkis-Kletts hf., fyrir hann frumtexta skjalsins, og kveðst hann í samráði við verðbréfamiðlarann hafa gert á frumtextanum einhverjar breytingar. Við undirritun 10. 2. 1994 hljóðaði skjalið svo, og hefur verið lagt fram ljósrit úr skjalasafni Hafnarfjarðarbæjar því til staðfestu:

Yfirlýsing.

Vegna skuldabréfs, út gefins 17. 12. 1993 af Hyrningarsteini hf., kt. 460493-2269, að nv. 8.000.000 kr., til 4 ára.

Bæjarsjóður Hafnarfjarðar hefur skv. meðfylgjandi yfirlýsingu samþykkt, að greiðslur skv. verksamningi milli bæjarsjóðs og Hagvirkis-Kletts frá 28. 1. 1994 um hönnun og byggingu dælu- og hreinsistöðva í Hafnarfirði muni renna til að greiða niður umrætt bréf.

Verði vanskil á ofangreindu bréfi í framhaldi af þessu, mun bæjarsjóður Hafnarfjarðar sjá til þess, að bréf þetta verði greitt upp á gengi (ávöxtunarkröfu), og þá jafnframt hafa rétt á að nýta sér bréfið sjálfur á móti áðurnefndum verksamningi.

Hagvirki-Klettur hf. samþykkir ofangreinda ráðstöfun á greiðslum úr umræddum verksamningi milli bæjarsjóðs Hfj. og Hagvirkis-Kletts hf., dags. 28. 1. 1994.

Hafnarfirði, 10. 2. 1994.

F. h. Hagvirkis-Kletts hf.,
pr.pr. Hagvirki-Klettur hf.,
Sigrún Traustad.

F. h. Hafnarfjarðarbæjar,
Þorsteinn Steinsson,
fjármálastjóri.

F. h. Handsals hf.,
Pálmi Sigmarsson.

Ágreiningslaust er, að orðin „skv. meðfylgjandi yfirlýsingu“ í þriðju línu vísa til yfirlýsingar bæjarsjóðs í skjalinu sjálfu, en ekki til sérstaks fylgiskjals. Deilt er um, hvort orðin „í framhaldi af þessu“ í sjöttu línu séu þýðingarlaust stagl, tautologia, eftir atvikum „kauðalegt orðalag“, eða hvort þau séu mikilvægt samningsákvæði, nauðsynlegt til skilnings á heildarefni skjalsins, svo sem síðar verður lýst.

Framkvæmdastjóri stefnanda í máli þessu, Þórarinn V. Þórarinsson hdl., ber, að hann hafi með höndum í starfi sínu hjá stefnanda að sjá um að ávaxta tiltekna sameiginlega sjóði vinnuveitenda. Hann hafi iðulega leitað til réttargæslustefnda, Handsals hf., um kaup á skuldabréfum með góðri ávöxtun.

Pálmi Sigmarsson, framkvæmdastjóri Handsals hf., ber, að Vinnuveitendasambandið hafi verið á skrá hjá sér sem kaupandi skuldabréfa og lagt áherslu á góða ávöxtun. Þar sem ávöxtunarkrafa hækki, ef athuga þurfi slík bréf sérstaklega með tilliti til mats á áhættu, hafi hann gjarna haft samband við Þórarin, ef í sölu hafi komið afbrigðileg, en þó góð bréf.

Þegar framangreind yfirlýsing lá fyrir, ræddi framkvæmdastjóri Handsals hf. símleiðis við framkvæmdastjóra stefnanda, Þórarin, og sendi honum skuldabréfið og yfirlýsinguna á faxi. Verðbréfamiðlarinn hafði þá í höndum verksamninginn og fylgiskjöl með honum, þar á meðal verkáætlun, ef marka má faxtækisáletrun á skjölum þessum í framlagningu stefnanda, eða a. m. k. munnlegar upplýsingar um öll efnisatriði hans, er hér skipta máli. Ekki er fullljóst, hvort framkvæmdastjóri stefnanda hafði verksamninginn með fylgiskjölum einnig í höndum, en nægilega er fram komið, að hann vissi um helstu efnisatriði hans.

Þórarinn framkvæmdastjóri hringdi um hæl, taldi yfirlýsingunni áfátt, vildi fá skýra yfirlýsingu um bæjarábyrgð. Við aðilaskýrslugjöf komst hann svo að orði, að sér hefði fundist orðalagið á yfirlýsingunni „kauðalegt", sagt Pálma það og spurt eitthvað á þessa leið: „Úr því að bæjarábyrgð felst í þessari yfirlýsingu, af hverju er þá ekki hægt að orða það skýrt?" Enn fremur hafi hann bent á, að í skuldabréfið vantaði tengingu við yfirlýsinguna.

Pálmi, framkvæmdastjóri Handsals hf., vélritaði nú orðið „ÁBYRGÐAR" framan við orðið „YFIRLÝSING" efst á skjalinu, svo að nú var yfirskrift skjalsins „ÁBYRGÐARYFIRLÝSING", og bar skjalið með sér, að um viðbót var að ræða, því að leturstærð og leturgerð var önnur á þessu viðbótarorði. Enn fremur vélritaði hann á skuldabréfið í reit þann, sem auðkenndur er í hinu prentaða formi með orðunum: „Sjálfskuldarábyrgð eftirtalinna aðila in solidum", en sá reitur hafi ekki verið útfylltur fyrr, svohljóðandi klausu:

„Bæjarsjóður Hafnarfjarðar mun endurkaupa bréf þetta, ef greiðslufall verður á bréfinu, sbr. meðfylgjandi yfirlýsingu þess efnis."

Svo breytt faxaði hann skjölin til framkvæmdastjóra stefnanda, sem lét nú gott heita og keypti bréfið með 10% ávöxtunarkröfu, sem framkvæmdastjórinn, Pálmi, ber, að hafi verið um 2% hærri en algeng ávöxtunarkrafa á bréfum sveitarfélaga á borð við Hafnarfjörð á þessum tíma, og fjárhæð affalla eftir því um 25% hærri.

Fullyrðing stendur gegn fullyrðingu um það, hvort Pálmi, framkvæmdastjóri Handsals hf., leitaði samþykkis fjármálastjóra Hafnarfjarðarbæjar, stefnda Þorsteins Steinssonar, um framangreindar breytingar.

Framkvæmdastjóri Handsals hf. kvað fjármálastjórann, Þorstein, hafa

sent sér samþykki Hafnarfjarðarbæjar við þessum viðaukum við texta skjalanna á faxi, en kvaðst ekki hafa fundið það faxbréf, er til átti að taka við höfðun máls þessa.

Fjármálastjórinn, Þorsteinn, hefur þverneitað þessu. Kveður hann þessar breytingar á skjölunum hafa verið gerðar algerlega án sinnar vitundar og hefur lagt fram í málinu ljósrit Hafnarfjarðarbæjar, bæði af yfirlýsingunni og skuldabréfinu, en áðurgreindan viðbótartexta vantað á þessi eintök úr skjalasafni bæjarins.

Óumdeilt er, að verðbréfamiðlarinn hafði heimild Hagvirkis-Kletts hf. til þess að færa inn á bréfið nafn þess félags sem kröfuhafa.

Framkvæmdastjóri stefnanda, Þórarinn, hefur borið, að framkvæmdastjóri Handsals hf. hafi kynnt skuldabréfið fyrir sér sem sveitarfélagsbréf. Á sölunótu Handsals hf. er sagt, að bréfið sé sveitarfélagsbréf með „ábyrgð Hafnarfjarðarbæjar". Ósannað er, að Hafnarfjarðarbær hafi fengið afrit af þessari sölunótu.

Stefnandi hafði áður, hinn 31. 12. 1991, keypt með milligöngu Handsals hf. af Hafnarfjarðarbæ skuldabréf, að nafnverði 11.343.560 kr., út gefin til bæjarsjóðs af Hagvirki-Kletti hf. til greiðslu gatnagerðargjalda af byggingarlóðum. Þeim bréfum fylgdi svohljóðandi endurkaupasamningur, undirritaður af fjármálastjóra bæjarins:

„Bæjarsjóður Hafnarfjarðar, kt. 590169-3759, lofar að endurkaupa meðfylgjandi skuldabréf, að markaðsvirði 10.475.857 kr., 31. 12. 1991, innan sjö daga, eftir að eigandi bréfanna setur fram ósk um endurkaup. Endurkaupaverð skal miðast við markaðsverð bréfanna, eins og það er ákveðið af Handsali hf. á endurkaupadegi.

F. h. bæjarsjóðs Hafnarfjarðar,
Þorsteinn Steinsson, fjármálastjóri."

Þórarinn framkvæmdastjóri kvað bréf þessi hafa verið bráðabirgðafjárfestingu yfir áramót. Bærinn hefði endurkeypt bréfin fyrirstöðulaust, er eftir var leitað í mars 1992. Þau endurkaup hafi að öllu leyti byggst á ákvæðum endurkaupasamningsins. Ekki hafi verið um það að ræða, að skuldabréfin hefðu verið komin í vanskil. Hann kvaðst hafa litið á yfirlýsingu þá, er mál þetta snýst um, sem hliðstæðu við endurkaupasamninginn frá 31. 12. 1991.

Þá hefur verið lagt fram í málinu óundirritað uppkast að samkomulagi, sem á einhverju stigi virðist hafa staðið til, að Hafnarfjarðarbær og Handsal hf. gerðu sín á milli í árslok 1993, um kaup Handsals hf. á skuldabréfum í eigu bæjarsjóðs, að nafnvirði 45.130.100 kr., er Hafnarfjarðarbær skyldi

samkvæmt hinum óundirrituðu samkomulagsdrögum endurkaupa fyrri hluta árs 1994. Þessi viðskipti munu hafa gengið fram í samræmi við samkomulagsdrögin.

Af hálfu stefndu er á það bent, að Hafnarfjarðarbær var eigandi og seljandi skuldabréfanna frá 1991 og 1993, en þriðji maður, Hagvirki-Klettur hf., var eigandi og seljandi skuldabréfs þess, er mál þetta snýst um. Með endurkaupasamningnum frá 1991 hafi því ekki verið veitt bæjarábyrgð í merkingu sveitarstjórnarlaga. Þar hafi einfaldlega verið um að ræða loforð eiganda og seljanda bréfanna, Hafnarfjarðarbæjar, um endurkaup á seldri eign með tilteknum skilmálum. Loforð um slík endurkaup geti fjármálastjóri bæjarins gefið, en hann hafi enga heimild samkvæmt stöðu sinni til þess að binda bæinn án sérstaks samþykkis bæjarstjórnar í ábyrgð fyrir þriðja mann, hvorki einfalda ábyrgð né ábyrgð í formi endurkaupasamnings. Endurkaupaábyrgð fyrir þriðja mann hafi í raun sömu réttarverkanir og sjálfskuldarábyrgð og hljóti af þeim sökum að vera ólögmæt að sveitarstjórnarlögum, því að sjálfskuldarábyrgð sé eindregið bönnuð gagnvart öðrum en stofnunum sveitarfélags, sbr. 4. mgr. 89. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Með hliðsjón af þessu verði að túlka yfirlýsingu þá, sem mál þetta snýst um. Það hafi bæði stefnanda og verðbréfamiðlaranum mátt vera ljóst.

Er fjármálastjórinn, Þorsteinn, var spurður um það við aðilayfirheyrslu, hvort þess væru dæmi, að Hafnarfjarðarbær hefði gengið í endurkaupaábyrgð á skuldabréfum fyrir þriðja mann, tók hann eftirfarandi fram: Byggingarkostnað af tilteknum íþróttamannvirkjum greiðir sveitarfélagið að 4/5 hlutum, en hlutaðeigandi íþróttafélag að 1/5 hluta. Á fjárhagsáætlun bæjarins eru ákvarðaðar fjárveitingar til slíkra framkvæmda, enn fremur fjárveiting bæjarins til íþróttafélaganna. Þegar svo hefði staðið á, að bygging íþróttamannvirkis var komin á lokastig, en fjárveiting þess árs upp urin, hefði komið fyrir, að íþróttafélagið hefði gefið út skuldabréf og bæjarstjórn gert samþykkt um, að væntanleg fjárveiting til þess gengi til greiðslu á skuldabréfinu, og hann sem fjármálastjóri undirritað yfirlýsingu þar um í umboði bæjarstjórnar og bæjarstjóra.

Telja stefndu að yfirlýsingar þessar hafi ekki falið í sér beina endurkaupaábyrgð bæjarsjóðs og þar með solidariska ábyrgð, sem bönnuð er að sveitarstjórnarlögum, heldur hafi bærinn verið að samþykkja, að þriðji maður, fyrrnefnt íþróttafélag, ávísaði væntanlegri fjárveitingu næsta árs eða næstu ára til lánardrottins síns. Með öðrum orðum hafi bærinn í þessum tilvikum gefið þriðjamannsloforð um, að útborgun tiltekinnar væntanlegrar fjárveitingar yrði með framansögðum tilteknum hætti.

III.

Skuldarinn, Hyrningarsteinn hf., stóð í skilum með fyrstu þrjár greiðslur af skuldabréfinu, en greiðslufall varð 1. 1. 1995. Stóð bréfið þá í 6.560.203,20 kr., en höfuðstól stefnukröfunnar í máli þessu, 6.503.662 kr., kveður stefnandi vera núvirta stöðu skuldabréfsins miðað við sölugengi þess á gjalddaga 1. janúar 1995, og hefur þessum útreikningi ekki verið mótmælt.

Fram er komið í málinu, að Hagvirki-Klettur hf. hóf aldrei verklegar framkvæmdir við byggingu hreinsistöðva og útrása samkvæmt verksamningum frá 28. janúar 1994 af ástæðum, sem bæinn vörðuðu. Hitt er ágreiningslaust, að verktakinn var reiðubúinn að hefja framkvæmdir á umsömdum tíma.

Í fyrstu stafaði viðtökudráttur bæjarins af ágreiningi um skipulagsmál við Jóna hf., sem vildu ekki fá hreinsistöð holræsakerfis við hliðina á skemmum og skrifstofum skipaafgreiðslu sinnar og töldu, að henni væri betur valinn staður utan hafnargarðs í norðurhöfninni.

Bæjarstjórinn er við tók, er meirihlutaskipti urðu eftir kosningar vorið 1994, Magnús Jón Árnason, komst svo að orði við aðilayfirheyrslu, að líklega hefði skort pólitíska vilja til að framkvæma verksamninginn, en aðilar hans gerðu með sér viðbótarverksamning 12. 8. 1994, þar sem m. a. voru felldir út tilteknir verkþættir, samningsfjárhæð lækkuð og verktími lengdur. Eigi að heldur kom hinn svo breytti verksamningur til framkvæmda, svo að enn virðist „pólitíska vilja" hafa skort, nú af hálfu hins nýja meiri hluta, eða þá afl og úrræði til fjármögnunar.

Í tengslum við samningatilraunir Hagvirkis-Kletts hf. við lánardrottna sína haustið 1994 mun Hafnarfjarðarbær hafa gefið út yfirlýsingu þess efnis, að seinkun framkvæmda væri ekki sök verktakans, heldur væri um að ræða tafir vegna innri málefna bæjarins.

Áður en viðtökudrætti bæjarins létti, var bú verktakans, Hagvirkis-Kletts hf., tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, upp kveðnum 6. 10. 1994. Skiptum lauk 15. 12. 1996, og greiddust 33,32% upp í forgangskröfur. Ekkert kom upp í almennar kröfur.

Verktakinn hefur raunar haldið því fram, að úrslitaorsök gjaldþrotsins hafi verið vanefndir Hafnarfjarðarbæjar, viðtökudráttur á umræddum verksamningi.

Þótt skuldabréf það, sem mál þetta snýst um, væri þá í skilum, ritaði stefnandi lögmanni sínum, Jakob R. Möller hdl., bréf, dags. 20. 10. 1994, svohljóðandi:

„15. febrúar sl. keypti Vinnuveitendasambandið skuldabréf, sbr. meðfylgjandi kaupanótu, fyrir milligöngu Handsals hf. Skuldari að bréfinu er

hlutafélagið Hyrningarsteinn hf., sem mun vera hlutafélag starfsmanna Hagvirkis hf., en það var myndað til að blása framhaldslífi í það fyrirtæki undir formerkjunum Hagvirki-Klettur hf. Kröfuhafi að bréfinu er það fyrirtæki, en hér mun vera um að ræða greiðslu á hlutafjárloforðum starfsmanna. Bréfið er áritað um endurkaupaábyrgð bæjarsjóðs Hafnarfjarðar skv. yfirlýsingu, sem þar fylgir með. Til endurkaupa kemur, ef um greiðslufall verður að ræða, en þá á bæjarsjóður kröfur á að leysa bréfið til sín á gengi, þ. e. með sömu ávöxtunarkröfu og bréfið var selt á, ef á það reynir, en ekki á nafnverði. Skilningur á þessu ákvæði er skýr í skiptum Handsals hf. og bæjarsjóðs Hafnarfjarðar, svo að verðmæti kröfunnar er ekki sjálfstætt athugunarefni.

Síðasti gjalddagi kröfunnar var 1. okt. sl., en þá var greitt, svo að bréfið er ekki í vanskilum. Eftir gjaldþrot Hagvirkis-Kletts hf. vaknar þá spurning um stöðu bréfsins, m. a. vegna tengingar við verksamninga Hagvirkis-Kletts hf. og Hafnarfjarðarbæjar, og hvort sérstök þörf sé á að tryggja rétt sinn með aðgerðum gagnvart bæjarsjóði Hafnarfjarðar af einhverjum toga. Ég vil vinsamlega fara þess á leit við ykkur, að þið kannið réttarstöðu okkar í þessu efni og gerið þær ráðstafanir okkar vegna, sem þið teljið nauðsynlegar til að tryggja stöðu okkar sem kröfuhafa skv. framangreindum skjölum."

Hinn 1. desember 1994 ritaði lögmaður stefnanda fjármálastjóra Hafnarfjarðarbæjar bréf og óskaði staðfestingar á því, „að bærinn standi við þá ábyrgðaryfirlýsingu, sem bréfinu fylgdi, og endurkaupi bréfið miðað við ávöxtunarkröfu, verði vanskil á því".

Í svarbréfi bæjarlögmanns, dags. 6. janúar 1995, segir m. a.:

„Ábyrgð bæjarins samkvæmt yfirlýsingunni tók til þess að sjá um, að greiðslur samkvæmt tilteknum verksamningi, sem tilgreindur er í yfirlýsingunni, rynnu til greiðslu á skuldabréfinu.

Þar sem skuldari, Hagvirki-Klettur hf., er nú gjaldþrota og getur því ekki efnt samninginn, mun eðlilega ekki verða af þessu greiðslufyrirkomulagi.

Bæjarsjóður Hafnarfjarðar mun ekki taka á sig frekari ábyrgð en yfirlýsingin kveður á um."

IV.

Stefnandi reisir aðalkröfu sína á því, að með yfirlýsingunni, sem skuldabréfinu fylgdi, hafi Hafnarfjarðarbær tekist á hendur einfalda ábyrgð á greiðslu þess. Það sé bænum heimilt samkvæmt 5. mgr. 89. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Þar sem fyrir liggi, að aðalskuldari og sjálfskuldar-

ábyrgðaraðili [Innskot dómara: Hagvirki-Klettur hf. ritaði sérstaklega á bréfið sem sjálfskuldarábyrgðaraðili og virðist því í upphafi hafa ætlað að freista þess að fá nafn Hafnarfjarðarbæjar á bréfið sem kröfuhafa og framseljanda.] séu báðir ógjaldfærir, sé ábyrgð bæjarins orðin virk. Byggir stefnandi á því, að fjármálastjóri bæjarins hafi ritað undir yfirlýsinguna í umboði bæjarstjórnar. Hafi honum verið falið það sérstaklega af bæjarstjórn að hlutast til um að rita undir fyrir hönd bæjarins og bæjarstjórn verið í lófa lagið að mótmæla heimild hans til undirritunar, hafi hann án sérstaks umboðs eða heimildar bæjarstjórnar undirritað yfirlýsinguna. Á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar 15. september 1994 hafi verið bókað, að minnisblað fjármálastjórans um fjárhagsleg samskipti bæjarsjóðs og Hagvirkis-Kletts hf. hafi verið kynnt af bæjarstjóra og niðurstaða hans af kynningunni verið samþykkt samhljóða. Í aðgerðaleysi bæjarstjórnar og bæjarráðs felist því eftirfarandi samþykki umboðs hið minnsta.

Títtnefnd ábyrgðaryfirlýsing sé tvíþætt. Í fyrsta lagi sé um að ræða ávísun á greiðslu vegna verksamnings á milli Hafnarfjarðarbæjar og Hagvirkis-Kletts hf., dagsetta 28. janúar 1994, inn á margnefnt skuldabréf. Í öðru lagi sé um að ræða yfirlýsingu um ábyrgð. Hafi Hafnarfjarðarbær einungis ætlað að sjá um að greiða af bréfinu, á meðan Hagvirki-Klettur hf. efndi fyrir sitt leyti verksamninginn, hefði síðari hluti yfirlýsingarinnar verið með öllu óþarfur og fyrirsögn yfirlýsingarinnar misvísandi. Eins og yfirlýsingin sé orðuð, takmarki hún í engu ábyrgð bæjarins, en áskilji honum rétt til að nota innlausnarfjárhæð skuldabréfsins í uppgjöri sínu við Hagvirki-Klett hf. vegna verksamningsins.

Fjárhæð kröfunnar miðist við núvirta stöðu skuldabréfsins miðað við sölugengi þess á gjalddaga 1. janúar 1995, 6.503.662 kr., eins og kveðið sé á um í yfirlýsingu stefnda, auk vaxta í samræmi við ákvæði bréfsins frá þeim degi til 15. janúar 1995, en dráttarvaxta sé krafist samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 ásamt síðari breytingum frá þeim degi til greiðsludags.

Rök stefnanda fyrir varakröfu um greiðslu skaðabóta eru einkum þau, að sé ekki talið, að ábyrgðaryfirlýsing stefnda Hafnarfjarðarbæjar feli í sér einfalda ábyrgð, hljóti það að vera vegna atvika, sem stefndu beri ábyrgð á. Ástæða þess, að greiðslur samkvæmt verksamningnum fóru ekki fram, hafi verið af völdum Hafnarfjarðarbæjar, sem frestað hafi einhliða upphafi framkvæmda, fyrst samkvæmt upphaflegum verksamningi frá 28. janúar 1994 og síðan samkvæmt endurskoðuðum verksamningi frá 8. ágúst sama ár. Hafnarfjarðarbær geti ekki losað sig undan ábyrgð gagnvart þriðja manni með því að koma í veg fyrir, að framkvæmdir samkvæmt verksamningnum hæfust, nema þá að gera um það beinan fyrirvara í ábyrgðaryfirlýsingunni sjálfri.

Hagvirki-Klettur hf. muni hafa leitað eftir greiðslu- eða endurkaupaábyrgð bæjarins á umræddu bréfi, meðal annars á grundvelli fyrirheita bæjarráðs um aðstoð við að halda atvinnu fyrir starfsmenn fyrirtækisins. Ábyrgð bæjarins hafi verið forsenda þess, að bréfið yrði seljanlegt á markaði og þannig verið beint til grandlauss þriðja manns, sem hafi mátt treysta því, að greiðslukröfur stofnuðust samkvæmt verksamningum og að staðið yrði við óskilyrta endurkaupaábyrgð, yrði greiðslufall á bréfinu.

Frestun framkvæmda hafi valdið stefnanda, sem verið hafi í góðri trú, tjóni, sem nemi eftirstöðvum bréfsins ásamt vöxtum og kostnaði við innheimtu þess.

Stefnandi telur ábyrgð stefnda Þorsteins Steinssonar byggjast á eftirtöldu: Hafi hann eigi haft umboð bæjarstjórnar Hafnarfjarðar til að gefa umrædda yfirlýsingu um ábyrgð Hafnarfjarðarbæjar, hafi hann farið út fyrir heimildir sínar og sé því sjálfur bundinn við löggerninginn, en samkvæmt meginreglu 25. gr. samningalaga nr. 7/1936 beri umboðsmaður, sem fer út fyrir umboð sitt, hlutlæga ábyrgð á því tjóni, sem hann veldur viðsemjanda sínum. Stefndi Þorsteinn hafi undirritað títtnefnda yfirlýsingu á tengslum við kaup stefnanda á skuldabréfinu, og beri hann því ábyrgð á öllu tjóni stefnanda vegna viðskiptanna.

Loks heldur stefnandi því fram, að stefndu hafi í merkingu samningaréttar verið í vondri trú við sölu skuldabréfs þess, sem um er deilt, og beri því sameiginlega hlutlæga ábyrgð á því tjóni, sem stefnandi hefur orðið fyrir. Þessa málsástæðu setti lögmaður stefnanda fyrst fram berum orðum við upphaf aðalmeðferðar, og mótmæla stefndu henni sem of seint fram kominni, en auk þess mótmæla þeir henni efnislega.

Fjárhæð skaðabótakröfunnar kveðst stefnandi miða við það tjón, sem hann hafi beðið af greiðslufalli skuldabréfsins, og miðar við núvirta stöðu skuldabréfsins á sölugengi þess á gjalddaga 1. janúar 1995, eins og kveðið sé á í yfirlýsingu stefnda, auk vaxta í samræmi við ákvæði bréfsins frá þeim degi til 6. janúar 1995, en þá hafi stefndi Hafnarfjarðarbær lýst yfir, að hann synjaði greiðslu.

Skiptum á búi Hagvirkis-Kletts hf. lauk 15. janúar 1996, og greiddust 33,32% upp í forgangskröfur. Bú Hyrningarsteins hf. hefur ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta, en þeim framburði stjórnarformanns félagsins, Árna Baldvinssonar, er ekki sérstaklega mótmælt, að eina eign félagsins sé innstæða á bankabók, um 130.000 kr., og að kröfur á hendur félaginu séu einkum skuldabréf það, sem mál þetta snýst um.

V.

1. Stefndu telja, að yfirlýsing sú frá 10. febrúar 1994, sem um er deilt í máli þessu, hafi að geyma eftirtalin meginefnisatriði:

A. Bæjarsjóður Hafnarfjarðar samþykki, að greiðslur skv. verksamningi, dags. 28. jan. 1994, muni renna til að greiða niður umrætt bréf.

B. Ef til vanskila komi á bréfinu „í framhaldi af þessu", muni bæjarsjóður Hafnarfjarðar sjá til þess, að bréfið verði greitt upp miðað við gengi (ávöxtunarkröfu), þ. e. á þáverandi markaðsverði, og hafi þá rétt til að nýta sér bréfið á móti nefndum verksamningi.

Hér verði að hafa í huga, að markmið seljanda skuldabréfsins, Hagvirkis-Kletts hf., hafi verið að tryggja, að greiðslur úr samningi um dælu- og hreinsistöðvarnar gengju til að ljúka skuldabréfi þessu. Sá hængur hafi verið á, að skuldabréfið skyldi greitt á fjórum árum, en verktími samkvæmt verksamningnum hafi verið styttri, tvö ár. Stefndi Hafnarfjarðarbær hafi því viljað slá þann varnagla, að ef Hagvirki-Klettur hf. hefði ekki sjálft lokið greiðslu skuldabréfsins á verksamningstímabilinu, yrði verksamningsgreiðslum haldið eftir og þeim ráðstafað til að greiða eftirstöðvar bréfsins (m. v. gengi þess þá), og kæmi þá til skuldajafnaðar milli Hafnarfjarðarbæjar annars vegar og Hagvirkis-Kletts hf. hins vegar.

Orðalagið „í framhaldi af þessu" verði ekki skilið öðruvísi en hér sé lýst. Á engan hátt sé unnt að túlka orðalag yfirlýsingarinnar, hvort sem er í heild eða að hluta til og jafnframt þótt einstakir hlutar hennar séu slitnir úr samhengi málsins, þannig, að í henni felist skilyrðislaus ábyrgðaryfirlýsing um greiðslu skuldabréfsins, óháð efndum verksamningsins.

Ef túlka ætti yfirlýsinguna sem skilyrðislausa ábyrgðaryfirlýsingu Hafnarfjarðarbæjar, þyrfti yfirlýsingin á einhvern hátt að vísa til þess, að greiðslur væru óháðar eða ótengdar tilteknum efndum, auk þess sem fram þyrfti að koma, að bæjarsjóður ábyrgðist greiðslur í því tilfelli með einfaldri ábyrgð gegn tryggingu, sem hann mæti nægjanlega. Engu slíku sé til að dreifa, sem þó hefði verið sérstök ástæða til, ef um slíka ábyrgð átti að vera að ræða, þar sem alkunna sé meðal fjármálastofnana, sérstaklega í tilefni dóms Hæstaréttar frá 21. janúar 1993: Höfðahreppur gegn Kaupfélagi Húnvetninga, að sveitarfélögum sé ekki heimilt að ganga í aðra ábyrgð en einfalda greiðsluábyrgð og að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Endurkaupaábyrgð fyrir þriðja mann sé í raun sjálfskuldarábyrgð og því jafnólögmæt.

Ekki verði séð, að stefnandi hafi sýnt fram á eða sannað, að yfirlýsingin frá 10. febr. 1994 feli í sér annað en ávísun á greiðslur úr tilteknum verksamningi. Yfirlýsingin sé á engan hátt skilyrðislaus greiðsluábyrgð, og beri

stefndu því ekki ábyrgð á ætluðu fjártjóni stefnanda, jafnvel þótt litið yrði svo á, að stefnda Þorstein hafi skort umboð til undirritunar yfirlýsingarinnar.

2. Af hálfu stefnda Hafnarfjarðarbæjar er sérstaklega á það bent, að Þorsteinn fjármálastjóri, Pálmi, starfsmaður réttargæslustefnda, sem selt hafi verðbréf þetta í umboðssölu, svo og Þórarinn, framkvæmdastjóri stefnanda, sem keypti bréfið, séu allir reyndir í verðbréfaviðskiptum. Þeir þekki efni 5. mgr. 89. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 um, að sveitarstjórn ein geti gert sveitarsjóð ábyrgan fyrir skuldbindingum þriðja manns og þá einungis í formi einfaldrar ábyrgðar gegn tryggingum, sem hún meti gildar. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar, sem hafi ekki gert neina samþykkt um að ábyrgjast umrætt skuldabréf, sé því samkvæmt þessu óundanþæga og fortakslausa lagaákvæði ekki í ábyrgð fyrir greiðslum af þessu skuldabréfi. Engu breyti um réttarstöðu stefnda Hafnarfjarðarkaupstaðar, þó að réttargæslustefndi hafi skráð þetta bréf sem sveitarstjórnarbréf. Það hafi verið gert án vitundar stefndu og sé þeim óviðkomandi.

Orð yfirlýsingarinnar: „Verði vanskil á ofangreindu bréfi í framhaldi af þessu, mun bæjarsjóður Hafnarfjarðar sjá til þess, að bréf þetta verði greitt upp á gengi (ávöxtunarkröfu), og jafnframt hafa rétt á að nýta sér bréfið sjálfur á móti áðurnefndum verksamningi“, sé því vegna 5. mgr. 89. gr. sveitarstjórnarlaga ekki hægt að túlka nema sem greiðslufyrirkomulag. Verðbréfafyrirtækinu og kaupanda hafi verið eða mátt vera kunnugt um, að túlka bæri yfirlýsinguna með framangreindum hætti. Ef byggt væri á túlkun stefnanda á hinu tilvitnaða ákvæði í yfirlýsingunni, væri ákvæðið ólögmætt og gildislaust gagnvart Hafnarfjarðarbæ.

Þá er því mótmælt af hálfu Hafnarfjarðarbæjar, að embættismenn bæjarins geti veitt ábyrgð f. h. bæjarsjóðs, nema sérstök samþykkt liggi fyrir. Starfsmönnum réttargæslustefnda og stefnanda hafi mátt vera um það kunnugt. Það sé venja í viðskiptum með verðbréf með einfaldri bæjarábyrgð, að þeim fylgi staðfest endurrit úr fundargerð bæjarstjórnar um samþykki bæjarstjórnar fyrir einfaldri ábyrgð bæjarsjóðs. Það sé rangt og ósannað, sem segi í rökstuðningi með aðalkröfu stefnanda, að bæjarstjórn hafi falið fjármálastjóra sérstaklega að hlutast til um að rita undir yfirlýsinguna fyrir hönd bæjarins. Hvorki þessi yfirlýsing né umrætt skuldabréf hafi verið rætt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar, og því síður hafi hún tekið ákvörðun um, að bæjarsjóður ábyrgðist þetta skuldabréf. Fullyrðingar stefnanda um, að fyrir liggi bæjarstjórnarsamþykkt í það minnsta fyrir aðgerðaleysi, fái ekki staðist. Tilvitnuð bæjarráðssamþykkt frá 15. september 1994 eigi ekki við þetta mál. Nefnt minnisblað fjármálastjóra, sem þar er getið um, sé máli þessu

óskylt. Því til staðfestu hefur stefndi lagt fram umrætt minnisblað, en þar er hvergi á þessa ábyrgðarveitingu minnst.

Þá telur stefndi Hafnarfjarðarbær, að rökstuðningur stefnanda fyrir varakröfunni fái ekki staðist, þar sem bæjarstjórn hafi verið ókunnugt um yfirlýsinguna frá 10. 2. 1994 og beri því enga ábyrgð á henni.

Hvorki verktakinn Hagvirki-Klettur hf. né þrotabú hans hafi látið reyna á greiðsluskyldu verkkaupans Hafnarfjarðarbæjar samkvæmt verksamningnum. Svo sem atvikum sé háttað í máli þessu, geti stefnandi, eigandi umrædds skuldabréfs, er verktaki ávísaði hluta verksamningsgreiðslna til greiðslu á, ekki reist sjálfstæða skaðabótakröfu utan samninga á ætluðum vanefndum stefnda Hafnarfjarðarbæjar innan samninga gagnvart verktakanum Hagvirki-Kletti.

3. Sýknukrafa stefnda Þorsteins Steinssonar persónulega er studd því, að hann hafi haft fulla heimild Hafnarfjarðarbæjar til að undirrita yfirlýsingu þá, sem um ræðir, og að hann beri því ekki persónulega ábyrgð á löggerningnum, sbr. 1. mgr. 10. gr. l. nr. 7/1936 og 25. gr. s. l. e contrario. Yfirlýsingin sé ekki yfirlýsing um einfalda ábyrgð skv. 5. mgr. 89. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, heldur samþykki við ávísun á verksamningsgreiðslur, og því þurfti ekki sérstaka samþykkt bæjarstjórnar í þessu sambandi eða að gætt væri formskilyrða nefndrar lagagreinar. Stefndi Þorsteinn hafi því ekki farið út fyrir umboð sitt að því leyti til.

Þar sem yfirlýsingin bendi á engan hátt til, að um einfalda ábyrgð sé að ræða, hafi stefnandi ekki með nokkru móti mátt líta svo á, að yfirlýsingin fæli það í sér. Stefndi Þorsteinn geti því ekki borið bótaábyrgð á því, að heimild bæjarstjórnar hafi ekki legið fyrir, svo sem stefnandi haldi fram.

Til þess sé að líta, að svokallaðar greiðsluyfirlýsingar eða greiðsluávísanir, eins og hér um ræðir, séu algengur þáttur í rekstri og fjármálastjórn sveitarfélaga og annarra stærri verkkaupa. Fjármálastjóri sveitarfélags hafi umboð skv. 2. mgr. 10. gr. l. nr. 7/1936, stöðuumboð, til að gefa út slíkar yfirlýsingar. Efni greiðsluávísana sé það að fengnu samþykki þess, sem í hlut á, jafnan verktaka, að ávísa greiðslum vegna tiltekins verks, ef til koma, til tiltekins þriðja manns, sem þá sé móttakandi yfirlýsingarinnar. Sé þá gjarnan um að ræða greiðslur, sem yrðu, hvort eð væri, á einhverju tímamarki til frjálsrar ráðstöfunar fyrir viðkomandi verktaka, og fjárhagsleg áhætta þess, sem gefur út yfirlýsinguna, í reynd engin. Greiðsluyfirlýsing í þessu tilfelli hafi þannig verið innan stöðuumboðs stefnda Þorsteins sem fjármálastjóra Hafnarfjarðarkaupstaðar. Beri því að sýkna stefnda Þorstein skv. 1. mgr. 10. gr. samningalaga nr. 7/1936 (sbr. 2. tl. 16. gr. l. nr. 91/1991).

Verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda Þorsteins af þeim ástæðum, sem

að framan greinir, er til þess vísað af hans hálfu, að nefnd yfirlýsing sé ekki ábyrgðaryfirlýsing í þeim skilningi, að í henni felist skilyrðislaus greiðsluábyrgð. Skjalið sé eingöngu yfirlýsing um greiðslumillifærslur. Þegar stefndi Þorsteinn undirritaði skjalið, hafi yfirskrift þess verið YFIRLÝSING, en yfirskrift skjalsins síðan verið breytt án samráðs við hann í ÁBYRGÐARYFIRLÝSING.

4. Af hálfu réttargæslustefnda, Handsals hf., hefur, sem áður er sagt, verið sótt þing í málinu, greinargerð skilað og það flutt munnlega. Tekur réttargæslustefndi undir þau sjónarmið, sem fram koma í málatilbúnaði stefnanda Vinnuveitendasambands Íslands, að því er varðar ábyrgð stefnda Hafnarfjarðarkaupstaðar á greiðslu umrædds skuldabréfs. Hafnarfjarðarbær hafi gefið út sérstaka yfirlýsingu, er túlka verði sem loforð um endurkaup bæjarsjóðs á umræddu bréfi. Fjármálastjóri Hafnarfjarðarkaupstaðar hafi komið fram sem umboðsmaður Hafnarfjarðarkaupstaðar og haft fullt stöðuumboð til þess að skrifa undir umrædda ábyrgðaryfirlýsingu. Framkvæmdastjóri Handsals hf. hafi mátt treysta því, að fjármálastjóri bæjarfélagsins hefði umboð til þess að skrifa undir umrædda ábyrgð. Í þessu sambandi er bent á 2. mgr. 10. gr. samningalaga nr. 7/1936. Það sé venjubundinn hluti af starfi fjármálastjóra bæjarfélags að skrifa undir ábyrgðir fyrir þess hönd. Þeir, sem eigi viðskipti við bæjarfélög, hljóti að mega treysta því að fyrra bragði, að fjármálastjórar þeirra hafi umboð til þess að gera hluti sem þessa. Skipti engu máli í þessu sambandi, að 89. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 geri ráð fyrir því, að sveitarstjórn veiti samþykki sitt fyrir einfaldri ábyrgð. Réttargæslustefndi og stefnandi máls þessa hafi mátt treysta því, að fjármálastjóri bæjarfélagsins hefði fullt umboð bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar til þess að undirrita yfirlýsinguna. Því er mótmælt, að það eigi að hafa einhver áhrif í þessu sambandi, að réttargæslustefndi er verðbréfamiðlari og hafi þess vegna átt að þekkja til umrædds ákvæðis 89. gr. laga nr. 8/1986. Reynslan sé sú, að sveitarstjórnir standi við þær ábyrgðir, sem þær gefa, og venjan sé sú, að fjármálastjórar bæjarfélaga skrifi undir slíkar ábyrgðaryfirlýsingar. Því sé jafnan treyst, að slíkir aðilar hafi fullt umboð að þessu leyti. Réttargæslustefnda hafi því verið fullkomlega heimilt að skrá þetta bréf sem sveitarstjórnarbréf með ábyrgð Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Þá telur réttargæslustefndi fram komið, að framkvæmdastjóri stefnanda máls þessa hafi rækilega kynnt sér efni umræddrar yfirlýsingar og verksamnings ásamt fylgiskjölum. Hann hafi beinlínis samþykkt efni yfirlýsingarinnar fyrir sitt leyti, áður en hann keypti umrætt skuldabréf.

Fram er komið, að verksamningur sá, er greinir í téðri yfirlýsingu, og

verk- og greiðsluáætlun samkvæmt honum var send úr faxi Hafnarfjarðarbæjar í fax réttargæslustefnda 9. febrúar 1994 kl. 16.32, og telur réttargæslustefndi sig hafa sent eða a. m. k. kynnt stefnanda þessi gögn.

VI.

Til enn frekari glöggvunar um upphaf hinnar umdeildu yfirlýsingar þykir rétt að ljúka atvikalýsingu með því að taka upp orðrétt þau ákvæði verksamningsins frá 28. 1. 1994, þar sem kveðið er á um verkáfanga og greiðslur: „3. gr. Greiða skal fyrir verkið skv. tilboði fast verð, 240.000.000 kr. án vsk., 298.800.000 kr. með vsk. Allt verð í samningi þessum er miðað við byggingarvísitölu í janúar 1994, 195,6 stig.

Verkið greiðist með sem jöfnustum greiðslum á árunum 1994-1997, þó aldrei umfram verkstöðu hverju sinni.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að greiða allt að helmingi hverrar greiðslu með víxlum, samþykktum eða út gefnum af verkkaupa, með gjalddaga allt að tveimur mánuðum eftir greiðsludag hvers reiknings.

Ljúki verktaki við verkið, fyrr en greiðslutími hér að ofan gerir ráð fyrir, mun verkkaupi ábyrgjast skuldabréf í samræmi við verkstöðu hverju sinni eða aðstoða verktaka við fjármögnun verkefnisins með öðrum sambærilegum hætti. Kostnaður af skuldabréfum þessum skiptist til helminga milli verkkaupa og verktaka.

4. gr. Verktaki skal hefja verkið þegar í stað og nota til þess þá afkastagetu í mannafla, tækjum og efnisútvegun, að ljúka megi því á tilsettum tíma. Verkinu skal vera að fullu lokið 31. desember 1997 að viðlögðum dagsektum, 100.000 kr. fyrir hvern almanaksdag, sem verkið tefst. Verkkaupi mun taka 5% geymslufé af hverjum reikningi verktaka, sem endurgreiðist, er lokaúttekt verksins hefur farið fram.

Fyrir liggur áætlun verktaka um gang verksins frá upphafi til enda. Í áætlun þessari er greint frá helstu áföngum verksins, vélakosti, mannafla og áætluðum afköstum hans á hverjum tíma og efnisútvegun beggja aðila á hverjum tíma. Áætlun þessi er gerð í samráði við verkkaupa, og telst hún hluti af samningi þessum. Er verkkaupa heimilt að taka verkið í heild af verktaka, ef meðfylgjandi verkáætlun er ekki fylgt.“

Í verkáætlun eru verkþættir tímasettir svo:

Hönnun	jan.–sept.	1994
Jarðvinna, Vesturgötustöð	maí–okt.	1994
–	desember	1994
–	júlí–okt.	1995
Steypuvinna, Vesturgötustöð	júlí–nóv.	1994
Frágangur inni, Vesturgötustöð	jan.–apr.	1995

Uppsetning vélbúnaðar, Vesturgötustöð	júlí–sept.	1995
Útrásavinna	maí–sept.	1994
Jarðvinna, Óseyrarstöð	jan.–ág.	1994
–	apr.–júní	1995
–	sept.–okt.	1995
Steypuvinna, Óseyrarstöð	júlí–ág.	1994
–	apr.–ág.	1995
Frágangur inni, Óseyrarstöð	okt.–nóv.	1995
Uppsetning vélbúnaðar, Óseyrarstöð	okt.–nóv.	1995
Prófanir, lokaúttektir	okt. og des.	1995

Álit réttarins.

Ekki er ágreiningur um það í málinu, að eftir að skuldabréfið var undirritað, ritaði verðbréfamiðlarinn, framkvæmdastjóri réttargæslustefnda, inn á það textann: „Bæjarsjóður Hafnarfjarðar mun endurkaupa bréf þetta, ef greiðslufall verður af bréfinu, sbr. meðfylgjandi yfirlýsingu þess efnis.“ Þessi áritun á skuldabréfið vísar til „meðfylgjandi yfirlýsingar“, þeirrar sem deilt er um í máli þessu. Framkvæmdastjóri stefnanda bar, að hann hefði áður bent verðbréfamiðlaranum á, að hann teldi, að í skuldabréfið vantaði tengingu við yfirlýsinguna, og í ljósi þessarar kvörtunar má skoða framangreinda viðbót við texta bréfsins. Upphaflega var yfirskrift þessarar meðfylgjandi yfirlýsingar einfaldlega YFIRLÝSING. Framkvæmdastjóri réttargæslustefnda bætti orðinu ÁBYRGÐAR þar fyrir framan.

Samkvæmt þessu og þar sem ósannað er, að fjármálastjóri eða aðrir bærir forsvarsmenn stefnda Hafnarfjarðarbæjar hafi samþykkt breytingar þær, er verðbréfamiðlarinn gerði á texta skuldabréfsins og yfirskrift yfirlýsingarinnar, verður ekki talið, að framangreindir viðaukar hafi stofnað stefnanda neinn betri rétt gagnvart stefndu.

Fyrir liggur, að kaupverð stefnanda á umræddu skuldabréfi var ekki í samræmi við gengi á skuldabréfum, er Hafnarfjarðarbær og önnur sveitarfélög með svipað lánstraust seldu á þessum tíma. Ávöxtunarkrafan var samkvæmt framburði verðbréfamiðlarans um tveimur prósentustigum hærri en almennt var á sveitarfélagabréfum á þessum tíma. Þetta bendir til þess, að ekki hafi verið talið, að skuldabréfið væri óaðfinnanlegt sveitarfélagabréf, þótt réttargæslustefndi skilgreindi það svo á kaupnótu. Þessi munur á ávöxtunarkröfu verður vart skýrður með öðru en því, að áhætta sú, er stefnandi tók við kaupin, hafi verið metin meiri en ef um venjulegt sveitarfélagabréf hefði verið að ræða. Áhætta stefnanda gat einkum falist í því, að verktaki stæði ekki við sinn hluta samningsins, en stefnandi hlaut með hlið-

sjón af verksamningnum og yfirlýsingu fjármálastjóra Hafnarfjarðarbæjar að mega treysta því, að öflugt sveitarfélag sem Hafnarfjörður stæði við verksamninga sína undanbragðalaust.

Yfirlýsingin, sem um ræðir í málinu, felur m. a. í sér, að greiðslur til verktaka samkvæmt verksamningnum skuli renna til handhafa bréfsins. Verksamningsfjárhæð var 240 milljónir kr., en höfuðstóll skuldabréfsins 8 milljónir, svo að einungis var um að ræða, að hluti verksamningsgreiðslna rynni til greiðslu skuldabréfsins.

Telja verður, að fjármálastjóri bæjarins hafi haft umboð til að gefa yfirlýsinguna, enda jók hún ekki á skuldbindingar bæjarsjóðs miðað við, að bærinn stæði við verksamninginn, og verður því ekki talið, að ákvæði 89. gr. sveitarstjórnarlaga eigi við.

Hið sértæka ákvæði í 3. mgr. yfirlýsingarinnar verður í ljósi þeirra atvika, sem fyrir liggja í máli þessu, að túlka svo, að það feli í sér það samkomulag, að stefnda Hafnarfjarðarbæ væri ekki í sjálfsvald sett að fella niður greiðsluskyldu sína samkvæmt yfirlýsingunni með viðtökudrætti á framkvæmdum samkvæmt verksamningnum.

Ef greiðslur til verktakans hefðu fallið niður vegna atvika, sem verktakinn bar ábyrgð á, hefði ekki verið um frekari greiðsluskyldu Hafnarfjarðarbæjar að ræða. Ástæða þess, að ekki varð úr framkvæmd verksamningsins, var viljaleysi verkkaupans, bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.

Ekkert er fram komið því til staðfestu, að bærinn hafi gert þann fyrirvara í verksamningnum eða um yfirlýsingu þá frá 10. 2. 1994 um fyrirkomulag á greiðslum úr verksamningnum, sem mál þetta snýst um, að viðtakandi yfirlýsingarinnar, kaupandi umræddra skuldabréfs, mætti ætla, að nokkur skynsamlegur vafi léki á því, að bærinn stæði við verksamninginn að sínu leyti og að skuldabréfið myndi greitt með greiðslum úr honum.

Samkvæmt framangreindum ályktunum ber að fallast á aðalkröfu stefnanda og dæma stefnda Hafnarfjarðarbæ til að greiða umstefnda fjárhæð, en sýkna meðstefnda Þorstein Steinsson.

Höfuðstóll aðalkröfu stefnanda er um greiðslu ógreiddra eftirstöðva skuldabréfsins á umsömdu innlausnarverði, og er fjárhæðin ekki tölulega umdeild. Vaxtakröfu er ekki mótmælt sérstaklega.

Dæma ber stefnda Hafnarfjarðarbæ til þess að greiða stefnanda, Vinnuveitendasambandi Íslands, málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 550.000 kr., auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun og dráttarvaxta frá 15. degi eftir birtingu dóms þessa.

Dæma ber stefnanda, Vinnuveitendasamband Íslands, til þess að greiða stefnda Þorsteini Steinssyni málskostnað, að fjárhæð 200.000 kr., auk virðis-

aukaskatts af málflutningsþóknun og dráttarvaxta frá 15. degi eftir birtingu dóms þessa.

Már Pétursson er ósammála meiri hluta dómenda um hluta forsendna og þá niðurstöðu, að taka skuli til greina dómkröfur stefnanda á hendur stefnda Hafnarfjarðarbæ. Sérálit hans fylgir dómi þessum.

Már Pétursson, Steingrímur Gautur Kristjánsson og Kristján Torfason héraðsdómarar kveða upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi Hafnarfjarðarbær greiði stefnanda, Vinnuveitendasambandi Íslands, 6.503.662 kr. með vöxtum samkvæmt 6. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1995 til 15. janúar 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi Þorsteinn Steinsson skal vera sýkn af öllum dómkröfum stefnanda.

Stefndi Hafnarfjarðarbær greiði stefnanda, Vinnuveitendasambandi Íslands, 550.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun og dráttarvaxta frá 15. degi eftir birtingu dóms þessa.

Stefnandi, Vinnuveitendasamband Íslands, greiði stefnda Þorsteini Steinssyni málskostnað, að fjárhæð 200.000 kr., auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun og dráttarvaxta frá 15. degi eftir birtingu dóms þessa.

Sérálit
dómsformannsins Más Péturssonar

Ég er samþykkur áliti og dómsorði meiri hluta dómenda að öðru leyti en því, að þar sem ég tel, að stefnandi geti ekki, eins og hér stendur á, reist greiðsluskyldu stefnda Hafnarfjarðarbæjar á vanefndum bæjarins innan samninga gagnvart þriðja manni, þ. e. á vanefndum bæjarins gagnvart Hagvirki-Kletti hf. á verksamningi, en eigi liggur fyrir með viðhlítandi hætti í máli þessu, hvort eða hvernig verktakinn eða þrotabú hans lét reyna á afleiðingar þeirra meintu vanefnda, og þar sem ég tel að öðru leyti hvorki bótagrundvöll né bæjarábyrgð fyrir hendi, tel ég, að sýkna eigi stefnda Hafnarfjarðarbæ af öllum dómkröfum stefnanda, Vinnuveitendasambands Íslands, í máli þessu og fella niður málskostnað milli þessara aðila.

Fimmtudaginn 6. mars 1997.

Nr. 262/1996. **Reynir Sigursteinsson og**
Halldór Gunnarsson
(Steingrímur Þormóðsson hdl.)
gegn
Hjalta Jóni Sveinssyni
Birni Eiríkssyni og
Bókaútgáfunni Skjaldborg hf.
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Meiðyrði. Friðhelgi einkalífs. Höfundarréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. júlí 1996. Þeir krefjast þess, að dæmd verði dauð og ómerk eftirfarandi ummæli stefnda Hjalta Jóns Sveinssonar ritstjóra tímaritsins Hestsins okkar í marshefti 1995:

> 1. Í leiðara: „Þeir fjárfesta því óhikað þó þeir viti að ævintýrið geti endað út í móa. Svona virðast þeir íslensku hrossabændur vera sem hafa stofnað „ræktunarstöðina“ í Litháen ...“
> 2. Í greininni Gluggað í greinargerð: „...vegna 70 milljóna króna lánsumsóknar ISASVA til norræna fjárfestingabankans“.
> 3. „Til þess að sannfæra ráðamenn bankans um að slíkt sé hér í góðu lagi, er þessi skýrsla skrifuð ...“
> 4. „... er áætlun um að þarna muni fyrst og fremst verða starfrækt ræktunarmiðstöð“.
> 5. „... sem hið sama félag hafði falið ýmis trúnaðarstörf“.
> 6. Millifyrirsögnin „Prestur og allsherjargoði“.
> 7. „Séra Halldór Gunnarsson hélt utan til samningsgerðar sem framkvæmdastjóri Félags hrossabænda“.
> 8. „Að nota landið í skyni ræktunar íslenskra hrossa er arðvænlegasta leiðin fyrir Litháa um þessar mundir.“

Áfrýjendur krefjast þess, að stefndu Hjalti Jón og Björn Eiríks-

son verði dæmdir „til greiðslu sektar í ríkissjóð fyrir ofangreind ummæli og þær aðdróttanir um fjármálasukk, sóun á almannafé og svik við Félag hrossabænda, sem í ofangreindum ummælum felast, sem og þeim aðdróttunum, er felast í uppsetningu greinarinnar í heild sinni“ – einnig, að stefndu verði dæmdir til greiðslu sektar fyrir að skýra opinberlega frá einkamálefnum áfrýjenda og hagsmunum þeirra tengdum fyrirtækjum, sem þeir veittu forstöðu.

Enn fremur krefjast áfrýjendur, að viðurkennt verði með dómi, að heimilt verði að ganga að stefnda Bókaútgáfunni Skjaldborg hf. til greiðslu dæmdra sekta á hendur stefndu Hjalta Jóni og Birni, jafnframt, að viðurkennt verði með dómi, að höfundarréttur áfrýjenda hafi verið brotinn með því, að birtar voru í tímaritinu þýðingar úr ensku úr óútgefnu (óbirtu) riti áfrýjenda, „Isasva, Heildaráætlun (A corporate plan) 1993-2000“, sem er skýrsla áfrýjenda frá október 1993 til Norræna fjárfestingarbankans.

Þá er þess krafist, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða áfrýjendum miskabætur, að fjárhæð 2.000.000 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 31. mars 1995 til greiðsludags og að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða áfrýjendum 150.000 krónur ásamt dráttarvöxtum til þess að kosta birtingu dómsins í dagblöðum og tímaritum. Verði ekki fallist á, að greiðsluábyrgð Bókaútgáfunnar Skjaldborgar hf. sé in solidum með öðrum stefndu, er þess krafist til vara, að viðurkennt verði með dómi, að heimta megi dæmdar bætur af stefnda Bókaútgáfunni Skjaldborg hf.

Áfrýjendur krefjast og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdómara um aðildarskort stefnda Björns Eiríkssonar vegna ummæla í 1. tölulið, þar sem þau eru úr leiðara, sem auðkenndur er nafni ritstjórans, stefnda Hjalta Jóns Sveinssonar. Ummæli undir öðrum töluliðum eru úr greininni Gluggað í greinargerð, sem er ekki nafngreind höfundarnafni. Samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt ber þá ritstjóri ábyrgðina, og er nægilegt að beina kröfum að honum. Ber því einnig að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um aðildarskort stefnda Björns að þessu leyti. Fer þá eftir niðurstöðu dómsins, hvort

komi til greiðsluábyrgðar stefnda Bókaútgáfunnar Skjaldborgar hf. samkvæmt 17. gr. laganna.

Eins og rakið er í héraðsdómi, hafði orðið umræða um málefni fyrirtækisins ISASVA í fjölmiðlum og á fundum meðal hrossabænda og annarra áhugamanna. Áfrýjandi Halldór hefur lýst því fyrir dómi, að það hafi fyrst verið á aðalfundi Félags hrossabænda í nóvember 1994, sem spurningar hafi komið fram um viðfangsefnið, en greinin Hrossabændur blekktir í Eiðfaxa í desember 1994 hafi verið upphafið að aðför að sér sem framkvæmdastjóra félagsins. Útvarpsþáttur 14. janúar 1995 hafi verið liður í aðförinni, en meginaðförin hafi verið gerð í tengslum við búnaðarþing um mánaðamót febrúar og mars 1995.

Stefndi Hjalti Jón hefur lýst því fyrir dómi, að honum hafi verið kunnugt um, að deilur hafi risið innan Félags hrossabænda um sameignarfélagið ISASVA, tilgang þess og verkefni. Sér hafi verið kunnugt um greinina í desemberhefti Eiðfaxa 1994, og sér hafi borist í hendur skýrslan „ISASVA, A CORPORATE PLAN 1993-2000“ og kaflar á íslensku. Sér hafi fundist hér um svo mikið fyrirtæki að ræða og miklar lánafyrirgreiðslur, sem farið var fram á, að hann hafi viljað upplýsa lesendur sína um, hvað væri á seyði.

Í hinum áfrýjaða dómi eru hin átöldu ummæli tekin fyrir. Enda þótt sýnt sé, að í ummælunum felist gagnrýni á áfrýjendur og fyrirtæki þeirra, ber að fallast á með héraðsdómara, að í engu þeirra felist ærumeiðandi móðgun eða aðdróttun. Einnig verður fallist á með héraðsdómara, að efni skýrslu áfrýjenda hafi verið svo á vitorði manna, að frásögn stefnda Hjalta Jóns hafi ekki verið brot á 229. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ekki er skýrlega fram komið, hvar höfundarréttur að skýrslunni liggur. Verður því ekki talið, að um brot á honum hafi verið að ræða.

Samkvæmt þessu og með vísan til forsendna héraðsdóms að öðru leyti verður hann staðfestur um annað en málskostnað.

Eftir aðdraganda málsins og atvikum er rétt, að áfrýjendur greiði stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðinn er í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjendur, Halldór Gunnarsson og Reynir Sigursteinsson, greiði óskipt stefndu, Hjalta Jóni Sveinssyni, Birni Eiríkssyni og Bókaútgáfunni Skjaldborg hf., samtals 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. apríl 1996.

1. Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 27. september 1995, og dómtekið 18. f. m.

Stefnendur eru Reynir Sigursteinsson, kt. 300950-3109, Hlíðarbergi, Mýrahreppi, Austur-Skaftafellssýslu, og Halldór Gunnarsson, kt. 140141-7719, Holti, Vestur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu.

Stefndu eru Hjalti Jón Sveinsson, kt. 050353-7719, Lauga-Holti, Reykdælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, og Björn Eiríksson, kt. 020448-2029, Stuðlaseli 33, Reykjavík, fyrir hönd Bókaútgáfunnar Skjaldborgar hf., kt. 520975-0209, Ármúla 23, Reykjavík, sem framkvæmdastjóra félagsins og persónulega.

Dómkröfur stefnenda eru eftirfarandi:

I. Ómerking ummæla.

Stefnendur krefjast þess, að eftirfarandi ummæli stefnda Hjalta Jóns Sveinssonar, ritstjóra tímaritsins Hestsins okkar í marshefti tímaritsins 1995 verði dæmd dauð og ómerk:

a) Á bls. 5 (leiðari):

1. „... telja hugsjónamenn einmitt fyrirtækjastofnun af þessu tagi – samvinnuverkefni Íslendinga og Litháa í hrossarækt – til þess fallið að rétta við bágborinn efnahag og atvinnulíf þess hrjáða og fátæka lands".

2. „Íslendingar eru aftur á móti spenntir fyrir áhættunni enda því vanir að þurfa að treysta á guð og lukkuna – aldrei vissir um það fyrir fram hvort loðnan gengur upp að landinu þetta árið eða ekki. Þeir fjárfesta því óhikað þó þeir viti að ævintýrið geti endað úti í móa. Svona virðast þeir íslensku hrossabændur vera sem hafa stofnað „ræktunarstöðina" í Litháen..."

3. „... en því má ekki gleyma að þegar um svo miklar fjárhagslegar skuldbindingar er að ræða og notkun á opinberu fé, þá er þetta ekki lengur þeirra einkamál".

b) Á bls. 25 (greinin Gluggað í greinargerð):

4. „vegna 70 milljón króna lánsumsóknar ISASVA til norræna fjárfestingabankans".

5. „Til þess að sannfæra ráðamenn bankans um að slíkt sé hér í góðu lagi, er þessi skýrsla skrifuð...“

6. „Loks er að nefna að búgarðurinn muni jafnframt þjóna sem vinsæll ferðamannastaður...“

7. „Verkefnið mun á stuttum tíma afla Litháum mikils erlends gjaldeyris þeim að kostnaðarlausu, sem þeir þarfnast nú mjög um stundir.“

8. „... er áætlunin um að þarna muni fyrst og fremst verða starfrækt ræktunarmiðstöð“.

9. „... sem hið sama félag hafði falið ýmis trúnaðarstörf“.

c) Á bls. 26 (sama grein):

10. Millifyrirsögnin „Prestur og allsherjargoði“.

11. „Séra Halldór Gunnarsson hélt utan til samningsgerðar sem framkvæmdastjóri Félags hrossabænda...“

12. „... eða þangað til fyrirtækið væri farið að skila verulegum arði“.

13. „Halldór Gunnarsson skrifar síðan undir erindisbréf fyrir hönd stjórnar Félags hrossabænda þar sem ofangreindir félagar hans eru skipaðir í nefnd á vegum félagsins...“

d) Á bls. 27 (sama grein):

14. „Að nota landið í skyni ræktunar íslenskra hrossa er arðvænlegasta leiðin fyrir Litháa um þessar mundir.“

II. Sektir í ríkissjóð.

Stefnendur krefjast þess, að stefndu Hjalti Jón og Björn Eiríksson verði dæmdir til greiðslu sektar í ríkissjóð fyrir ofangreind tilgreind ummæli og þær aðdróttanir um fjármálasukk, sóun á almannafé og svik við Félag hrossabænda, sem í tilgreindum ummælum felast, sem og þeim neðangreindum aðdróttunum, sem felast í myndatextanum „Hvað er að gerast í Litháen“ (bls. 25) og millifyrirsögnunum:

1. „Samkeppni við Íslendinga“ (bls. 25).

2. „400 kúa fjós, rúm fyrir 1400 svín“ (bls. 27).

Þá er gerð krafa um, að stefndu verði dæmdir til greiðslu sektar fyrir að skýra opinberlega frá einkamálefnum stefnenda í marshefti tímaritsins Hestsins okkar 1995.

Þess er krafist, að viðurkennt verði með dómi, að heimilt verði að ganga að stefndu Bókaútgáfunni Skjaldborg hf. til greiðslu dæmdra sekta á hendur Hjalta Jóni og Birni Eiríkssyni.

III. Viðurkenning á broti á höfundarrétti.

Stefnendur krefjast þess, að viðurkennt verði með dómi, að höfundarréttur stefnenda hafi verið brotinn með því, að birtar voru í tímaritinu Hestinum okkar, marsútgáfu 1995, þýðingar úr óbirtu riti stefnenda, Isasva,

Heildaráætlun (A corporate plan) 1993-2000, sem er skýrsla stefnenda frá október 1993 til Norræna fjárfestingarbankans.

IV. Miskabætur.

Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum miskabætur, að fjárhæð 2.000.000 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 31. mars 1995 til greiðsludags. Þá er þess krafist, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum 150.000 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 31. mars 1995 til greiðsludags til þess að kosta birtingu dómsins í öllum dagblöðum og tímaritum landsins. Ef ekki verður fallist á, að greiðsluábyrgð stefndu Bókaútgáfunnar Skjaldborgar hf. sé in solidum með hinum stefndu, er þess krafist til vara, að viðurkennt verði með dómi, að heimta megi dæmdar fjárhæðir skv. dómkröfulið IV af stefndu Bókaútgáfunni Skjaldborg hf.

V. Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum málskostnað að mati réttarins.

Stefndu gera þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnenda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati dómsins úr hendi stefnenda in solidum auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

2. Tímaritið Hesturinn okkar, 1. tbl. 36. árg., marshefti 1995, var gefið út af stefnda, Skjaldborg hf., ábyrgðarmaður stefndi Björn Eiríksson og ritstjóri stefndi Hjalti Jón Sveinsson. Þar birtust skrif stefnda Hjalta Jóns Sveinssonar, sem málshöfðun beinist að.

Annars vegar er um að ræða forystugrein á bls. 5 með undirskriftinni Hjalti Jón Sveinsson. Stefnendur styðja kröfu um refsingu m. a. við það, að með leiðara sé sveigt þannig að æru þeirra, að refsingu varði samkvæmt 235. gr. hgl. Þykir því rétt, að efni leiðarans verði tilgreint í heild:

„Að undanförnu hefur mikið verið rætt um ræktun íslenskra hrossa erlendis og sívaxandi útflutning, ekki síst á hryssum í því skyni að bæta stofninn ytra og auka viðkomuna. Harðar deilur hafa verið meðal hrossabænda um nýstofnaða „ræktunarmiðstöð“ í Litháen og stóra drauma og glæstar vonir hluthafanna þar að lútandi. Ekki skil ég til fullnustu hvað vakir fyrir þessum ágætu mönnum en það er stundum engu líkara en þeir standi í þeirri bjargföstu trú að þeir séu brautryðjendur á þessu sviði eða að minnsta kosti muni eiga í fullu tré við keppinauta sína í Evrópu. Vera kann að þau hross sem til ræktunarinnar hafa valist séu af því tagi að þau slái öllu öðru við. Litháen varð fyrir valinu og telja hugsjónamenn einmitt fyrirtækjastofnun af þessu tagi – samvinnuverkefni Íslendinga og Litháa í hrossarækt – til þess fallið að rétta við bágborinn efnahaga og atvinnulíf

þessa hrjáða og fátæka lands. Ég óttast samt að þær geysilegu fjárhagslegu skuldbindingar sem íslensku aðilar þessa samvinnuverkefnis eru að fjötra sig í séu hættuspil og síst til þess að auka hróður íslenska hestsins og þeirrar „menningar“ sem hann hefur leitt af sér í Evrópu.

Það vill svo til að Þjóðverjar og fleiri þjóðir hafa náð umtalsverðum árangri í ræktun. Af þeim sökum hefur hlutfall góðra kynbótagripa þar í landi og víðar stækkað ár frá ári og frambærilegum hrossum fjölgað. Aftur á móti er það svo að í Evrópu, sem hér á landi í allt of mörgum tilvikum, er hvert einasta folald sett á ef það á annað borð getur risið á fætur eftir að það kemur úr móðurkviði. Af þeim sökum er hverri einustu truntu komið undir hnakk fyrr eða síðar engum til ánægju og „ræktuninni“ til háðungar.

– En það er svo með Þjóðverja t. d. að þeir láta aldrei neinn pening af hendi rakna nema þeir eigi hann helst í handraðanum og því aðeins að þeir séu þess fullvissir að þeir taki enga áhættu. Íslendingar aftur á móti eru spenntir fyrir áhættunni enda því vanir að þurfa að treysta á guð og lukkuna – aldrei vissir um það fyrirfram hvort loðnan gengur upp að landinu þetta árið eða ekki. Þeir fjárfesta því óhikað þó að þeir viti að ævintýrið geti endað úti í móa. Svona virðast þeir íslensku hrossabændur vera sem hafa nú stofnað „ræktunarstöðina“ í Litháen og leggja undir hana 200 hektara lands og svo mikils krefst býlið að 50 dráttarvélar mun þurfa til að sinna aðdráttum og öðru sem til þarf svo hjólin megi snúast. Þetta er því ekkert smáfyrirtæki – enda krefst það mikils fjármagns ef marka má greinargerð íslensku aðilanna sem fylgir umsókn þeirra um tugmilljóna lán til Norræna fjárfestingabankans.

Mikið hefur verið skrifað og rætt um þetta mál að undanförnu og yfirlýsingar fallið á báða bóga. Hér verður ekki lagður dómur á en þess í stað verður gluggað í téða greinargerð svo lesendur megi sjá um hvað málið snýst í aðalatriðum – og lagt síðan eigið mat á hvort þeim virðist þetta til góðs eða ills. Fyrst og fremst er þetta framtak þeirra einstaklinga sem að þessu standa en því má ekki gleyma að þegar um svo miklar fjárhagslegar skuldbindingar er að ræða og notkun á opinberu fé, þá er þetta ekki lengur þeirra einkamál.“

Hins vegar er grein á rúmum þremur baðsíðum (25-28) undir fyrirsögninni: Gluggað í greinargerð (undirfyrirsögn: „Vegna 70 milljóna króna lánsumsóknar ISASVA til Norræna fjárfestingabankans“). Í samræmi við það, sem ljóslega kemur fram í leiðara, hefur stefndi Hjalti Jón Sveinsson lýst yfir, að hann sé höfundur þeirrar greinar og hafi einnig hannað uppsetningu hennar og millifyrirsagnir. Í lok hennar er vitnað til heimildar: ISASVA. A Corporate plan 1993-2000 (Accompanying document with loan

application of $ 744.875 from the NIB Program). Greinin hefur að meginefni að geyma frásögn um efni skýrslunnar og beinar tilvitnanir í texta hennar með vísunum til blaðsíðutalna.

Skýrsla sú eða greinargerð, sem til var vitnað, var samin af stefnendum í júlí 1993 sem fylgiskjal með lánsumsókn fyrir Isasva til Norræna fjárfestingarbankans, eins og nánar greinir í formála, sem ber undirritun stefnenda, sbr. íslenska útgáfu stefnenda frá því í október 1993:

„Bæklingur þessi er fylgiskjal með umsókn um lán úr sjóði Norræna fjárfestingabankans til eflingar fjárfestingum í Eystrasaltslöndunum. Umsækjandi er ISASVA, sameignarfyrirtæki íslensks hrossaræktarfyrirtækis, Ísens hf. (51%), og litháísks stórbýlis, Krasuona (49%). Þessir tveir aðilar hafa stofnað nýtt félag, ISASVA, sem á nokkrum árum er ætlað að verða sterk ræktunarstöð fyrir íslenska hesta í Litháen. Stöðin mun flytja hrossin út til annarra Evrópulanda, einkum Þýskalands og Svíþjóðar. Einnig mun hún starfa sem sölumiðstöð fyrir íslensk hross, bæði sem umboðssala fyrir íslenska hrossabændur og sem sölustöð fyrir sín eigin hross, fædd og alin í Litháen. Loks er það von okkar, að stöðin geti orðið vinsæl ferðamannamiðstöð fyrir Íslendinga og fyrir hestafólk víðs vegar að úr Evrópu..."

Isasva var stofnað um mitt ár 1995 og er sameignarfélag íslenska hlutafélagsins Ísen og búgarðsins Krasuona í Litháen. Stefnendur eru báðir meðal eigenda að Ísen hf., en af öðrum eigendum skal nefnt Félag hrossabænda. Reynir Sigursteinsson er stjórnarmaður og framkvæmdastjóri hlutafélagsins og jafnframt í stjórn Isasva, en stefnandinn Halldór Gunnarsson, sem gegnir að hlutastarfi stöðu framkvæmdastjóra Félags hrossabænda og er jafnframt formaður markaðsnefndar þess, er stjórnarformaður Isasva.

Aðdragandi að stofnun Ísen hf. og að því samvinnuverkefni, sem hér um ræðir, virðist verða rakinn til þess, að þrír menn, þ. á m. stefnandinn Reynir Sigursteinsson, voru tilnefndir af stjórn Félags hrossabænda í verkefnanefnd, „sem hafi það viðfangsefni að koma upp sölustöð í Litháen fyrir íslensk reiðhross, til þess að selja þaðan áfram hross, m. a. til Svíþjóðar, Þýskalands og annarra Evrópulanda". Hinn litháíski samstarfsaðili mun hafa gert að skilyrði, að áhersla yrði, a. m. k. fyrst í stað, lögð á ræktunarstarf. Af því mun hafa risið ágreiningur innan Félags hrossabænda, sem einkum hafi orðið vart á síðasta ársfjórðungi 1994 og fyrsta ársfjórðungi 1995. Gagnrýni virðist hafa beinst að stefnendum.

Stefnandinn Halldór Gunnarsson hefur borið, að sér hafi sárnað umrædd skrif í Hestinum okkar, sem hann hafi ritstýrt í áratug, en þau hafi verið liður í aðför að sér. Sér hafi gengið það eitt til, að hann hafi haft trú á, að rétt væri að nýta tækifærið og koma upp sölumiðstöð í Eystrasaltslöndum, er

þau opnuðust. Hann kvað lán það, sem sótt var um, ekki hafa fengist, viðfangsefnið allt væri í uppnámi og mikil hætta á, að verulegar fjárhagsskuldbindingar falli á sig. Í skýrslu stefnandans Reynis Sigursteinssonar fyrir dómi kom fram, að hann teldi umstefnd skrif hafa miðað að því að gera tortryggilegt fyrirtæki, sem hann eigi aðild að.

Fyrrgreint fylgiskjal með lánsumsókn er samið á ensku, 66 bls. að lengd og skiptist í 12 kafla: Inngangur. Íslenski reiðhesturinn. Útflutningur íslenskra hrossa. Tvö hrossaræktarbú Félags hrossabænda. Ísen hf. á Íslandi. Agrofirma Krasuona Lietuva. Isasva. Starfssvið Isasva í Litháen. Viðskiptaáætlun Isasva. Áætlaður stofnkostnaður, tekjur og veðyfirlit 1993-1997. Áætlað tekju- og gjaldayfirlit og veðyfirlit 1998-2000. Stutt yfirlit, lánsumsókn og lokaorð. – Af skýrslunni voru fimm eintök afhent hérlendis, þ. e. til Landsbanka Íslands, Framleiðnisjóðs, Byggðastofnunar, landbúnaðarráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins. Stefnendur þýddu skýrsluna á íslensku og gáfu út í október 1993 með viðauka um fjárhagsleg málefni, sem unninn var af hagfræðingi. Þeirri útgáfu var dreift til hluthafa Ísen hf. Hvorug þessara skýrslna var auðkennd sem trúnaðarmál.

Hluti íslensku skýrslunnar var lagður fyrir aðalfund Félags hrossabænda í nóvember 1993 í formi sjö blaðsíðna útdráttar. Í desemberhefti tímaritsins Eiðfaxa, 12. tbl. 1994, birtist grein undir fyrirsögninni Hrossabændur blekktir. Var þar fjallað um umræddа áætlun og vitnað til greinargerðar með lánsumsókn. Hinn 14. janúar 1995 var í þættinum Hér og nú í ríkisútvarpinu fjallað um Isasva. Rætt var við Jörmund Inga Hansen, framkvæmdastjóra félagsins, um starfsemi þess og lesið upp úr umræddri skýrslu og að öðru leyti vitnað til hennar. Með dreifibréfi nokkurra félagsmanna í Félagi hrossabænda, dags. 16. janúar 1995, til annarra félagsmanna fylgdi greinargerð, „sem byggir á þeim gögnum, sem finna má í heimildaskrá aftan við hana“. Þar á meðal eru: Lánsumsókn ISASVA til Norræna fjárfestingabankans frá sumrinu 1993 og Fylgiskjöl með lánsumsókn ISASVA til Norræna fjárfestingabankans (NIB), út gefin í júlí 1993.

Fyrir dóminum vísaði stefndi, Hjalti Jón Sveinsson, því á bug, að umstefnd skrif væru liður í samsæri. Hann kvaðst hafa komið víða og hitt marga hestamenn á þessum tíma sem endranær og þannig fengið upplýsingar um deilur, sem uppi voru um framangreint málefni og ýmsir hafi haft gögn um í höndum. Hann kvað skýrsluna hafa borist í hendur sér í janúar 1995 í hinni ensku útgáfu auk einhverra kafla á íslensku. Ádeilan hafi falist í því, að fjölmargir félagar í Félagi hrossabænda hafi staðið í þeirri trú, að stofna ætti sölumiðstöð í Litháen, en í ljós hafi komið, að einkum væri gert ráð fyrir ræktunarstöð og út verið fluttar hryssur og graðhestar. Hann

kvaðst engra hagsmuna eiga að gæta í sambandi við hrossaræktun og ekki hafa blandað sér í framangreindar deilur. Tilefni skrifanna hafi eingöngu verið það, að sér hafi fundist umfang málsins og lánafyrirgreiðslu þeirrar, sem sótt var um, vera þvílíkt, að rétt væri að upplýsa lesendur um, hvað á seyði væri.

3. *Niðurstöður.*

Aðildarskortur.

Sýknukrafa stefndu Björns Eiríkssonar og Bókaútgáfunnar Skjaldborgar hf. er byggð á aðildarskorti. Þar sem málið varðar greinaskrif, sem nafngreindur höfundur hefur ritað í tímarit, ber höfundur einn ábyrgð á efninu samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt. Ritstjóri eða útgefandi rits verða því aðeins gerðir ábyrgir fyrir efni þess, að enginn nafngreindur höfundur sé nefndur, sbr. 3. mgr. 15. gr. s. l. Þegar af þeirri ástæðu ber að sýkna stefndu Björn Eiríksson og Bókaútgáfuna Skjaldborg hf. af öllum kröfum stefnenda, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Krafa um ómerkingu ummæla og refsingu vegna þeirra.

Í stefnu segir: „Þegar litið er til leiðara Hjalta Jóns og uppsetningar greinarinnar „Gluggað í greinargerð" bls. 25 til 28 í tímaritinu, millifyrirsagna og ljósmyndatexta, verða leiðarinn og önnur umfjöllun tímaritsins, bls. 25 til 28 í tímaritinu, um viðfangsefni stefnenda varðandi ræktunar- og sölumiðstöð íslenska hestsins í Litháen ekki skilin öðruvísi en svo, að verið sé að drótta því að stefnendum, að þeir stundi vafasöm viðskipti og geri tilraunir til að sóa almannafé. Alla vega sé greinin sett upp á þann hátt, að stefnendur séu lítilsvirtir sem hrossakaupmenn á leið út í fyrirtækjarekstur, sem þeir megi vita að aldrei geti gengið." Því er haldið fram, að hefði það verið ætlun stefndu að upplýsa og fræða hinn almenna lesanda tímaritsins Hestsins okkar, hefði þeim borið að hafa samband við stefnendur og leita upplýsinga þeirra um efnið. Það að fara þá leið, sem stefndu kusu, sýni, að ætlunin hafi verið að gera stefnendur tortryggilega í augum hins almenna lesanda tímaritsins.

Kröfu sína um ómerkingu tilgreindra ummæla stefnda Hjalta Jóns Sveinssonar reisa stefnendur á því, að ummælin feli í sér rangfærslur um efni rits stefnenda, í framsetningu ummælanna felist aðdróttanir, sum ummælin séu ærumeiðandi og öll a. m. k. móðgandi og óviðurkvæmileg. Önnur séu einfaldlega ósannar fullyrðingar.

Kröfu um refsingu styðja stefnendur því, að með ofangreindum leiðara og uppsetningu greinarinnar „Gluggað í greinargerð" sé sveigt þannig að æru stefnenda, að refsingu varði skv. 235. gr. hgl. Stefnendur byggja á því, að þeir útdrættir, sem birtir eru orðréttir í greininni, og óbeinar ræður séu

klippt úr réttu samhengi, en þannig séu stefnendur gerðir tortryggilegir, en til þess leiði einnig myndatexti og millifyrirsagnir eins og „Hvað er að gerast í Litháen?“ „Samkeppni við Íslendinga“, „Prestur og allsherjargoði“ og „400 kúa fjós, rúm fyrir 1400 svín.“ Refsikrafan byggist einnig á því, að þegar hinar neikvæðu staðhæfingar stefnda Hjalta Jóns í leiðara hans séu settar í samhengi við tímaritsgreinina sjálfa, sé greinilegt, að verið sé að lítilsvirða stefnendur og væna þá um blekkingar og fjármálaglæfraskap.

Um æruvernd er af hálfu stefnenda vísað til 234. gr., 235. gr. og 241. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu stefnenda er að öðru leyti vísað til eftirgreindra réttarreglna til stuðnings kröfum þeim, sem þeir gera í málinu: meginreglna laga um friðarbrot, og er meðal annars vísað til 65. gr. stjórnarskrár um persónufrelsi og 66. gr. um friðhelgi heimilisins og bréfhelgi, réttarreglna um bankaleynd, grundvallarreglna laga um persónuvernd og þagnarverndar einkalífs. Þá er vísað til 229. gr. hegningarlaga.

Af hálfu stefnda Hjalta Jóns Sveinssonar er vísað til þess, að þar sem tjáningarfrelsi þegnanna sé stjórnarskrárverndað og að auki tryggt með ákvæðum 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, verði að ætla honum sem ritstjóra tímarits hæfilegt svigrúm til þess að gagnrýna það, sem gagnrýnisvert sé í þjóðfélaginu á hverjum tíma. Ummælin, sem krafist sé ómerkingar á, séu mjög almenns eðlis. Gróflega megi skipta þeim í þrjá þætti, í fyrsta lagi almennar hugleiðingar stefnda í leiðara og í greinargerð tímaritsins um fyrirætlanir stefnenda og félaga þeirra, í öðru lagi fyrirsagnir og millifyrirsagnir í greinargerð stefnda, og í þriðja lagi beinar tilvitnanir í skýrslu stefnenda. Hvergi sé að finna ummæli, sem komi æru stefnenda við. Millifyrirsagnir séu efnisatriði, sem tekin séu úr efni skýrslu stefnenda. Það verði að telja almenna reglu í blaðamennsku og allri uppsetningu texta að setja inn forvitnilega eða „sláandi“ fyrirsögn í formi staðhæfingar eða spurningar til að grípa athygli lesandans. Þá sé augljóst, að ógerlegt sé að krefjast ómerkingar á ummælum, sem orðrétt séu höfð úr skýrslu stefnenda sjálfra. Ætluðum óvildarhug stefnda sé jafnframt mótmælt og á sama hátt ætluðum tilburðum stefnda til þess að hæðast að stefnendum. Því er þannig mótmælt, að ummæli stefnda séu ærumeiðandi eða óviðurkvæmileg eða að í þeim felist aðdróttun.

Verður nú fjallað um hin einstöku ummæli, sem felast í fjórtán tölusettum atriðum í kafla I í stefnu, og verður fylgt sömu röð:

1. Stefnendur telja tilvitnuð orð skrumskæla markmið stefnenda og vera til þess fallin að vera virðingu þeirra til hnekkis, enda láti stefndi að því liggja, að aðstandendur Isasva telji stofnun fyrirtækisins vera einhverja töfralausn, er muni rétta við efnahag og atvinnulíf í Litháen.

Ekki verður fallist á þennan skilning stefndu, heldur sé hér um að ræða frásögn af því, sem kemur fram í formála skýrslu stefnenda, m. a. í eftirfarandi orðum: „Verkefnið mun þannig á stuttum tíma og án kostnaðar færa Litháum verulegan gjaldeyri, sem þeir hafa mikla þörf fyrir ...“

2. Stefnendur byggja á því, að með þessum ummælum sé stefndi að drótta því að stefnendum, að fjárfestingar í Litháen muni aldrei skila arði, heldur fara út um þúfur.

Á þetta verður ekki fallist. Tilgreind ummæli eru í samhengi almennrar gagnrýni stefnda og varnaðarorða. Þau vísa til þeirrar alkunnu staðreyndar, að Íslendingar eru oft kærulausir í fjármálum, a. m. k. í samanburði við Þjóðverja.

3. Stefnendur byggja á því, að hér láti stefndi að því liggja, að stefnendur séu að leggja opinbert fé í hættu og að þar með sé nauðsynlegt að gera málið opinbert.

Fyrirtæki stefnenda, sem um ræðir í málinu, hefur hlotið fyrirgreiðslu opinberra sjóða í formi láns og styrks, og í skrifum stefnda er fjallað um mjög háa lánsumsókn. Ummælin vísa til þessara staðreynda sem og þeirrar, að ekki sé um að ræða einkamálefni stefnenda.

4. Undirfyrirsögn þessi er villandi, þar sem fjárhæðin nam að réttu um 47 milljónum íslenskra króna. Hin rétta fjárhæð lánsumsóknar í bandaríkjadölum kemur þó fram í meginmáli greinarinnar og í tilvitnun til heimildar. Verður því að telja, að um sé að ræða reiknings- eða ritvillu fremur en vísvitandi rangfærslu, sem miði að því að gera framtak stefnenda tortryggilegt, eins og haldið er fram af hálfu þeirra.

5. Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að ummæli þessi séu til þess fallin að gera framtak stefnenda tortryggilegt og því ærumeiðandi aðdróttun og refsiverð. Miðað við efni leiðarans á þá leið, að um hættuspil sé að ræða, sé verið að gefa í skyn, að stefnendur séu að blekkja Norræna fjárfestingarbankann.

Á þetta er ekki fallist. Í grein stefnda er skýrt frá því, að Norræna fjárfestingarbankanum sé ætlað að verja nokkru fé til samvinnufyrirtækja af því tagi, sem hér um ræðir, að vissum skilyrðum fullnægðum. Til þess að sannfæra ráðamenn bankans um, að slíkt sé hér í góðu lagi, sé skýrslan skrifuð. Þetta er í samræmi við lokamálsgrein formála stefnenda að skýrslu þeirra: „Tilgangur þessa bæklings er að útskýra á greinargóðan hátt röksemdir og þörf fyrir fyrirtæki af þessu sniði og setja fram þá útreikninga, sem liggja að baki lánsumsóknar félagsins.“

6. Því er haldið fram, að hér sé um að ræða rangfærslu á efni rits stefnenda, en þar sé sagt, að stefnendur vonist til, að búgarðurinn verði vinsæll ferðamannastaður.

Um þetta vísast til orðréttrar tilvitnunar hér að framan til formála skýrslu stefnenda. Um ætlaða rangfærslu skal til þess vísað, að af hálfu stefnda er ekki gefið í skyn, að um sé að ræða orðrétta tilvitnun.

7. Því er haldið fram af hálfu stefnenda, að markmið stefnda með því að þýða enska orðið „need" sem „þarfnast nú mjög" virðist vera það að hæða framtak stefnenda. Rangfærslan sé ekki einungis brot á sæmdarrétti stefnenda, heldur miði hún einnig að því að vera virðingu þeirra til hnekkis.

Orð hinnar ensku skýrslu: „...which they have need for", er af stefnda þýtt sem: „...sem þeir þarfnast mjög nú um stundir". Um þetta þykir nægja að vísa til þess, að í formála stefnenda að hinni íslensku útgáfu skýrslunnar er þýðing sjálfra þeirra efnislega eins: „...sem þeir hafa mikla þörf fyrir".

8. Því er haldið fram af hálfu stefnenda, að þessi ummæli séu beinlínis röng, þar sem yfirlýst markmið stefnenda sé að setja einnig á fót sölumiðstöð íslenskra hesta, sbr. formála bæklingsins.

Eins og að framan getur, eru markmið Isasva sett upp á eftirfarandi hátt í formála stefnenda: 1. Sterk ræktunarstöð fyrir íslenska hesta í Litháen. 2. Einnig mun hún starfa sem sölumiðstöð fyrir íslensk hross. 3. Loks er vonast til, að stöðin geti orðið vinsæl ferðamannamiðstöð. Samkvæmt þessu verður ekki séð, að ummæli stefnda séu röng.

9. Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að með því að greina frá því, að Félag hrossabænda hafi falið þeim ýmis trúnaðarstörf, séu þeir vændir um að hafa rofið trúnað við félagið.

Þessi fullyrðing er ekki studd neinum þeim rökum, að á hana verði fallist.

10. Fyrirsögnin vísar til menntunar stefnanda Halldórs Gunnarssonar og starfsheitis Jörmundar Inga Hansen innan Ásatrúarsafnaðarins.

Eigi verður séð, að millifyrirsögn þessi eigi greinilega að vera stefnendum til háðungar, eins og haldið er fram af hálfu þeirra, og breytir í því efni engu, þótt fallist yrði á, að réttara kynni að hafa verið að nota titlana framkvæmdastjóri og kaupsýslumaður. Í því efni ber þess einnig að geta, að titlar þeir, sem notaðir voru, kunna að hafa almennari skírskotun til lesenda Hestsins okkar, en hrossabændur eru lítill hluti þeirra.

11. Því er haldið fram, að þessi fullyrðing sé röng og hið rétta sé, að stefnandinn Halldór hafi farið utan sem fulltrúi Ísen hf.

Um þetta þykir nægja að vísa til þess, að í fram lagðri skýrslu stefnandans Halldórs Gunnarssonar (dskj. nr. 5) segir: „...Íslensku samningsaðilarnir leituðu til Félags hrossabænda um stuðning til samningagerðar, og fór formaður markaðsnefndar F. hrb. (Halldór Gunnarsson, – innskot dómara) til Litháen 14.–18. maí. Farið var til búgarðs hins litháíska samningsaðila,

búgarðsins Krasuona ... Þar var búgarðurinn skoðaður og starfsemi hans metin, en þetta er einn stærsti búgarður í Litháen, um 3000 ha að stærð með um 190 starfsmönnum, 50 dráttarvélum, miklum húsakynnum og í alla staði góðum aðstæðum til að takast á við umrætt viðfangsefni. Lokið var við viljayfirlýsingu um samstarfssamning, sem síðan var notuð sem leiðbeining um frekari viðræður."

12. Því er haldið fram, að hér sé um að ræða ýkjur, til þess fallnar að varpa rýrð á framtak stefnenda. Látið sé líta svo út sem þeir séu að reisa einhverjar „skýjaborgir" og telji, að fyrirtækið muni „mala gull" að sex árum liðnum. Áætlanir séu hins vegar raunsæjar, og sé vonast til, að sex árum eftir, að fjármagn fáist, verði fyrirtækið farið að skila einhverjum arði.

Það er álit dómsins með vísun til þess, að stefndi fjallar í grein sinni um umfang fyrirhugaðrar starfsemi og verulegan kostnað við að koma henni á fót, að sá skilningur sé nærtækari og eðlilegri, að hér sé skírskotað til þeirrar alkunnu staðreyndar, að til þess að standa undir verulegum fjárfestingum og fjármagnskostnaði þurfi ekki aðeins einhvern, heldur verulegan arð af viðkomandi starfsemi.

13. Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að ummæli þessi og framsetning þeirra séu verulega röng. Halldór Gunnarsson sé ekki og hafi aldrei verið í stjórn Ísen hf., og auk þess sé erindisbréfið gefið út í samræmi við samþykkt stjórnar Félags hrossabænda. Hér sé um að ræða rangfærslu, brot á sæmdarrétti og brigsl um svik stefnenda við Félag hrossabænda.

Um þetta þykir nægja að vísa til þess, að erindisbréfið liggur frammi í málinu og er auk þess tekið orðrétt upp í skýrslu stefnenda. Undirskrift þess er: „Fyrir hönd Félags hrossabænda, Halldór Gunnarsson, formaður markaðsnefndar Félags hrossabænda." Í málsgrein þeirri, sem hér um ræðir, er ekki gefið í skyn, að Halldór Gunnarsson sé í stjórn Ísen hf. eða að erindisbréfið sé ekki í samræmi við samþykkt stjórnar Félags hrossabænda.

14. Kröfugerð stefnenda er studd því, að rétt þýðing sé, eins og fram komi í skýrslu stefnenda: „Ræktun ísl. hesta í Litháen er tvímælalaust ágóðavænlegasta leiðin fyrir Litháen til að nýta haglendi sitt nú um stundir."

Að því er séð verður, felst munur á þýðingum annars vegar í því, að skírskotun til nýtingar lands, sem er aftarlega í setningu í þýðingu stefnenda, er fremst í setningu í þýðingu stefnda, og að annars vegar er þýðingin „arðvænlegasta leiðin", en hins vegar „ágóðavænlegasta leiðin". Verður eigi séð, að hér sé um að ræða efnislegan mun. Þá mun til skýringar mega líta til þess, sem segir í formála stefnenda: „... Verkefnið mun þannig á stuttum tíma og án kostnaðar færa Litháum verulegan gjaldeyri, sem þeir hafa mikla þörf fyrir ...".

Samkvæmt þessu er niðurstaða dómsins um öll framangreind ummæli, fjórtán talsins, sú, að engin þeirra séu ærumeiðandi eða óviðurkvæmileg eða að í þeim felist aðdróttun. Um ummæli undir töluliðum 1 og 4 er því haldið fram undir fyrirsögninni „Málsástæður og önnur atvik" í stefnu, að þau varði við 236. gr. hegningarlaga. Kröfugerð þeirra er hins vegar ekki þannig háttað, að efni séu til reifunar málsins að þessu leyti.

Stefnendur kveða aðdróttanir felast í myndatexta og millifyrirsögnum, sem tilgreind eru í II. kafla stefnu. Með þeim séu þeir gerðir tortryggilegir, svo að refsingu varði samkvæmt 235. gr. hegningarlaga.

„Hvað er að gerast í Litháen?" er ekki myndatexti, heldur er þessi setning efst á bls. 25 sem yfirskrift hinnar eiginlegu fyrirsagnar greinar stefnda. Talið verður, að með þessum orðum sé athygli lesenda vakin á efni greinarinnar í samræmi við viðurkenndar venjur í blaðamennsku.

Millifyrirsögnin „Samkeppni við Íslendinga" vísar til hugleiðinga um það, hvort ræktun íslenskra hrossa erlendis feli í sér samkeppni við íslenska hrossabændur, sem rækta hross til útflutnings á Íslandi, og er vitnað til ýmissa hrossabænda, „sem hafa komið fram á ritvöllinn að undanförnu og tjáð sig um málið".

Millifyrirsögnin „400 kúa fjós, rúm fyrir 1400 svín" er byggð á tölulegum upplýsingum í 6. kafla skýrslu stefnenda. Hið sama er að segja um aðrar upplýsingar, sem eru í þeim kafla greinarinnar, s. s. um mannvirki, búsmala og fjölda starfsmanna Krasuona-býlisins.

Eigi er fallist á, að aðdróttun felist í framsetningu greindra orða, þ. e. yfirskriftar og millifyrirsagna greinarinnar „Gluggað í greinargerð".

– – –

Stefndi Hjalti Jón Sveinsson þykir eigi hafa með umfjöllun sinni og þeirri gagnrýni, sem þar má greina, farið út fyrir þau mörk, sem sett eru rétti manna til tjáningarfrelsis samkvæmt 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Samkvæmt því og að öðru leyti með vísun til þess, sem rakið hefur verið hér að framan, er niðurstaða dómsins sú, að sýkna beri stefnda af kröfum stefnenda um ómerkingu ummæla og refsingu vegna þeirra á grundvelli 234. gr., 235. gr. og 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Af því leiðir, að einnig ber að sýkna hann af kröfu, sem fram er sett í IV. kafla stefnu, um greiðslu 150.000 króna til að kosta birtingu dómsins, sbr. 2. mgr. 241. gr. hegningarlaga.

Krafa um refsingu (sekt) fyrir að skýra opinberlega frá einkamálefnum.

Refsikrafa stefnenda er reist á því, að stefndu hafi verið óheimilt að

skýra opinberlega frá ofangreindum bæklingi, þar sem um hafi verið að ræða einkamálefni, sbr. 129. gr. hegningarlaga. Þá verði það metið til refsiþyngingar, að það efni, sem birt var, hafi verið klippt úr réttu samhengi, þannig, að það hafi gefið alranga mynd af efni bæklingsins. Sýknukrafa er m. a. rökstudd með því, að efni bæklingsins hafi verið kunnugt fjölda manna og þar að auki ekki verið merkt sem trúnaðarmál eða borið þess nokkur merki að ytra formi að vera leyndarskjal.

Frásögn stefnda Halldórs Gunnarssonar (sic) um fyrirtæki stefnenda felur ekki í sér upplýstrun um einkamálefni þeirra í skilningi 229. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna hann af refsikröfu þessari.

Viðurkenning á broti á höfundarrétti.

Krafan er byggð á því, að efni umræddsbæklings eða skýrslu sé samið af stefnendum. Um sé að ræða hugverk þeirra, ákveðna ritsmíð, til þess gerða að rökstyðja beiðni um lán úr Norræna fjárfestingarbankanum. Verkið hafi því notið höfundarréttar skv. 1. gr. laga nr. 73/1972. Gegn höfundarverki þeirra hafi einnig verið brotið með því, að tilteknir hlutar verksins hafi verið slitnir úr réttu samhengi og með röngum og skrumskældum þýðingum úr ensku.

Af hálfu stefndu er því mótmælt, að skýrsla stefnenda falli undir gildissvið höfundarlaga. Þá sé hún unnin í þágu íslensk-litháíska félagsins Isasva. Stefnendur hljóti að hafa unnið skýrsluna fyrir félagið og væntanlega sem starfsmenn þess. Í slíku vinnuréttarsambandi sé vafi um, hvar höfundarréttur liggi, sé á annað borð um hann að ræða.

Stefnendur báru fyrir dóminum, að þeir hefðu samið skýrsluna á vegum Ísen hf., en fyrir Isasva. Reifun málsins hefur ekki beinst að því að leysa úr því álitaefni, hverjum hugsanlegur höfundarréttur tilheyri.

Framangreind krafa felur í sér viðurkenningu á höfundarrétti stefnenda, án þess að við hana séu tengdar frekari kröfur í þessum þætti málsins. Stefnandi Halldór Gunnarsson er ekki réttur aðili að kröfunni, og þykir bera að sýkna hann með vísun til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Krafa um miskabætur.

Krafan er öðrum þræði reist á ætluðum brotum á meiðyrðalöggjöf, og er um úrlausn hennar á þeim grunni vísað til sýknu, sem þegar hefur verið kveðið á um í dómi þessum.

Að hinu leytinu er miskabótakrafan reist á því, að stefndu hafi „raskað höfundarrétti stefnenda með ólögmætri háttsemi í skilningi 2. málsgreinar 56. greinar laga nr. 73/1972, höfundarlaga, þar sem meðal annars 1. málsgrein 3. greinar höfundarlaga og 2. málsgrein 4. greinar sömu laga hafi ver-

ið brotnar á stefnendum, þar sem stefndu hafi verið óheimilt að birta útdrátt úr bæklingnum, sem geymi einkamálefni, sem verði ekki gerð opinber nema með leyfi stefnenda".

Sýknukrafa er rökstudd með því, að með öllu sé ósannað, að stefnendur hafi beðið tjón vegna umfjöllunar stefnda Hjalta Jóns í tímaritinu Hestinum okkar.

Sýkna ber stefnda Hjalta Jón Sveinsson af kröfu um miskabætur þegar með vísun til þess, að ekki hafi verið gert líklegt, að stefnendur hafi orðið fyrir tjóni, miska, af umstefndum skrifum hans um skýrslu stefnenda, sem víða hafði farið og verið til umræðu manna á meðal og á opinberum vettvangi.

Niðurstaða dómsins er samkvæmt framangreindu sú, að sýkna ber stefndu af öllum kröfum stefnenda. Dæma ber stefnendur óskipt til að greiða stefndu alls 300.000 krónur í málskostnað.

Mál þetta dæmir Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndu, Hjalti Jón Sveinsson, Björn Eiríksson og Bókaútgáfan Skjaldborg hf., eru sýknaðir af kröfum stefnenda, Reynis Sigursteinssonar og Halldórs Gunnarssonar.

Stefnendur greiði stefndu óskipt 300.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 6. mars 1997.

Nr. 403/1996. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Lindu Dögg Ragnarsdóttur
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Líkamsárás. Skilorð. Sérálit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu hefur verið skotið til Hæstaréttar með stefnu 24. október 1996 að ósk ákærðu, sem skírskotar um tilgang áfrýjunar til a-, b- og c-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 37/1994. Einnig er áfrýjað af hálfu ákæruvaldsins, að því er hana varðar. Vegna þriggja annarra ákærðra, sem málið náði til, er ekki óskað áfrýjunar.

Ákæruvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms með þeirri breytingu, að refsing ákærðu verði þyngd.

Af hálfu ákærðu er þess krafist, að hún verði sýknuð af ákæru um brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, en verknaður hennar í þess stað talinn varða við vægara ákvæði hegningarlaganna, aðallega 217. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981, en til vara 1. mgr. 218. gr. Jafnframt verði refsing ákærðu ákveðin svo væg sem lög leyfi og fullnustu hennar frestað skilorðsbundið. Verði vist ákærðu í gæsluvarðhaldi látin koma í stað refsingar að því leyti, sem refsivistun verði dæmd.

I.

Eins og skilmerkilega er rakið í hinum áfrýjaða dómi, er mál þetta risið af atvikum, sem gerðust í miðbæ Akraneskaupstaðar aðfaranótt laugardagsins 20. janúar 1996, þegar fjöldi ungmenna var þar á ferli. Varð 16 ára skólastúlka, Ingunn Guðmunda Pétursdóttir, þar fyrir árás þriggja stúlkna á sama reki, sem veittust að henni með hrindingum, höggum og spörkum. Ákærða Linda Dögg Ragnarsdóttir, þá 18 ára að aldri, var lengst af í hópi áhorfenda að þessum

atgangi, en skarst í leikinn, þegar hann hafði borist á þriðja staðinn, sem tilgreindur er í ákæruskjali. Gekk hún þá að Ingunni og greiddi henni höfuðhögg með svokölluðu hnésparki, þannig, að hún keyrði höfuð stúlkunnar niður með handtaki á móti krepptum fæti. Með þessari atlögu lauk aðförinni, og varð ein fyrrgreindu stúlknanna til þess að styðja Ingunni að nálægu húsi, þar sem hún hitti fyrir vinkonu sína, er hjálpaði henni að ná til læknis.

Samkvæmt gögnum málsins virðast árásir stúlknanna þriggja ekki hafa verið svo ofsafengnar, að líkur séu á því, að þangað megi rekja þá innri áverka á höfði Ingunnar, sem í ljós komu við aðgerð á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Hins vegar var höggið af hnésparki ákærðu greinilega til þess fallið að valda þessum áverkum. Frásagnir vitna eru mjög svo samhljóða um, að höggið hafi verið þungt, og sjálf segir hún það hafa orðið mun fastara en hún ætlaðist til.

Að áliti skurðlæknisins, sem gerði aðgerðina að morgni sama dags, er ekki vafi á því, að þetta högg hafi tímans vegna getað verið orsök áverkanna. Við fyrri komu Ingunnar um nóttina á Sjúkrahús Akraness sýndi hún ekki merki um svo alvarlegt áfall, að ástæða þætti til að leggja hana þar inn. Eftir för sína þaðan var hún í fylgd vina sinna, þar til nokkru eftir að hún sofnaði í herbergi á jarðhæð í heimavist Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Um það bil klukkustund síðar var komið að henni meðvitundarlausri og liggjandi á grúfu frammi á dyrapalli heimavistarhússins. Ekki er vitað um sérstakar hindranir á leiðinni þangað, og stúlkan bar ekki heldur nein ytri áverkamerki við síðari komu sína á sjúkrahúsið. Að þessu og öðru athuguðu verður á það að fallast með dómendum í héraði, að fram sé komin nægileg sönnun þess, að umræddir áverkar stafi af högginu frá ákærðu.

Aðgerðin á Sjúkrahúsi Reykjavíkur tókst giftusamlega og virðist hafa komið í veg fyrir alvarlegan skaða af völdum áverkanna, þegar litið er til framtíðar. Eigi að síður liggur fyrir, að áverkarnir höfðu bráða lífshættu í för með sér.

Með skírskotun til alls þessa og að öðru leyti til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þá niðurstöðu hans, að ákærða hafi orðið sek um brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Á heimfærslan við bæði vegna afleiðinga verknaðarins og aðferðarinnar, sem beitt var gegn varnarlausum aðila.

II.

Við ákvörðun refsingar á hendur ákærðu ber meðal annars að líta til þess, að brot hennar var framið í æsingi, sem leiddi af atferli hinna stúlknanna og aðstæðum á vettvangi. Verður að meta það til þyngingar fremur en hitt, þótt ákærða hafi ekki átt frumkvæðið að þeim aðsúg, sem gerður var að fórnarlambi árásarinnar. Með þessari athugasemd og með hliðsjón af hættunni af verknaðinum, sem unninn var án tilefnis af hálfu þess, er fyrir honum varð, ber að staðfesta ákvörðun dómenda í héraði um tveggja ára fangelsisrefsingu.

Vegna ungs aldurs ákærðu og þess, að hún hefur ekki áður komist í kast við lög, verður á hinn bóginn að hyggja að því, hvort skilorðsbinding þessarar refsingar komi til greina. Um hegðun ákærðu fyrir þennan atburð liggur ekkert misjafnt fyrir, og samkvæmt umsögn skólastjóra hennar í grunnskóla höfðu öll samskipti þar við hana verið „með miklum ágætum og með öllu árekstralaus“. Ætla má, að hún hafi gert sér takmarkaða grein fyrir þeirri hættu, sem hún var að stofna til. Staðfest er af hálfu aðstandenda og annarra, að hún iðrist framgöngu sinnar og hafi sýnt góða hegðun eftir atburðinn. Þá liggur fyrir, að hún hefur þegar þurft að sæta nær tveggja mánaða gæsluvarðhaldsvist. Samkvæmt vottorðum lækna og öðrum gögnum eru líkur til þess, að árásarþolinn nái fullum bata af meini sínu, þannig, að tjón af brotinu verði ekki stórfellt. Að öllu þessu athuguðu þykir rétt að kveða svo á, að fullnustu refsingar ákærðu skuli frestað og hún falla niður að fimm árum liðnum, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Komi til fullnustu refsingarinnar, ber að taka tillit til varðhaldsvistar ákærðu, eins og í dómsorði segir.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærða greiði áfrýjunarkostnað málsins, eins og um er mælt í dómsorði.

Hrafn Bragason gerir þá athugasemd, að honum þyki með tilvísun til framangreinds rökstuðnings fyrir skilorðsbindingu refsingar ákærðu nægilegt að ákveða henni fangelsi í 18 mánuði, sem yrði skilorðsbundin á þennan veg.

Dómsorð:

Ákærða, Linda Dögg Ragnarsdóttir, sæti fangelsi 2 ár, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum 5 árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Komi refsing til framkvæmda, ber að draga frá henni varðhaldsvist ákærðu frá 21. janúar til 16. mars 1996 með fullri dagatölu.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað í héraði vegna ákærðu eiga að vera óröskuð.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 100.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 8. október 1996.

Ár 1996, þriðjudaginn 8. október, er á dómþingi Héraðsdóms Vesturlands, sem háð er í Stjórnsýsluhúsinu að Stillholti 16-18, Akranesi, af Jónasi Jóhannssyni, settum héraðsdómara, sem dómsformanni og Helga I. Jónssyni og Ólafi Ólafssyni héraðsdómurum, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-6/1996: Ákæruvaldið gegn Lindu Dögg Ragnarsdóttur, G, B og R, sem tekið var til dóms 15. september síðastliðinn að loknum munnlegum málflutningi.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 9. febrúar 1996, á hendur ákærðu, Lindu Dögg Ragnarsdóttur, kt. 070477-5729, Jaðarsbraut 23, G, f. 1980, B, f. 1980, og R, f. 1980, öllum á Akranesi, „fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 20. janúar 1996 í miðbæ Akraness í félagi ráðist á Ingunni Guðmundu Pétursdóttur, kt. 181279-4279, Suðurgötu 39, Akranesi, og slegið hana oft með krepptum hnefa í andlit og búk og sparkað í hana, fyrst allar ákærðu bak við húsið nr. 8 við Kirkjubraut, þar sem ákærðu hrintu Ingunni Guðmundu, svo að hún féll við, og spörkuðu í hana liggjandi. Síðan réðust ákærðu G, B og R á Ingunni með höggum og spörkum hjá verslun Guðmundar B. Hannah við Akratorg, og loks héldu þessar þrjár ákærðu áfram árásinni með höggum, spörkum og hrindingum við húsin nr. 64 og 62 við Suðurgötu, þar sem ákærða Linda Dögg kom að, tók í hárið á Ingunni Guðmundu, beygði höfuð hennar niður og gaf henni hnéspark í andlitið, svo að mikill smellur heyrðist. Afleiðingar

þessara árása voru þær, að Ingunn Guðmunda hlaut brot í höfuðkúpu á hægra gagnaugasvæði, mikla blæðingu milli ystu heilahimnu og höfuðkúpu með miklum þrýstingi á heila, sem olli djúpu meðvitundarleysi og bráðri lífshættu og marblettum á víð og dreif á fótleggjum og lærum. Var Ingunn Guðmunda flutt á Sjúkrahús Reykjavíkur, þar sem hún gekkst undir bráðaaðgerð vegna mikillar blæðingar í höfði, og er óvíst um batahorfur.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdar til refsingar".

Efnisdómur var lagður á málið í Héraðsdómi Vesturlands 15. mars síðastliðinn. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 3. júní (mál réttarins nr. 151/1996), var dómur undirréttar og málsmeðferð ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Dómaraskipti urðu í málinu 13. júní. Málið var þingfest á nýjan leik 20. sama mánaðar.

Ákærðu halda uppi vörnum í málinu.

I.

Málsatvikalýsing.

Um kl. 2.30 aðfaranótt laugardagsins 20. janúar sl. kom Ingunn Guðmunda Pétursdóttir á Sjúkrahús Akraness í fylgd vinkonu sinnar, Evu Brár Hallgrímsdóttur. Ingunn, sem var ölvuð, kvartaði undan verk í höfði á hægra gagnaugasvæði. Í samtali stúlknanna við vakthafandi hjúkrunarfræðing og aðstoðarlækni hóf Eva Brá máls á því, að ráðist hefði verið á Ingunni og hún annaðhvort fengið hnéspark eða olnbogaskot í höfuðið. Einnig kom fram, að Ingunn hefði fyrr um kvöldið tekið inn verkjalyf við höfuðverk. Læknisskoðun leiddi hvorki í ljós sýnilega áverka né þreifieymsli á höfði Ingunnar. Þá mældist blóðþrýstingur og púls innan eðlilegra marka. Ingunn var því útskrifuð um hálfri klukkustund frá komu. Áður fengu vinkonurnar þó fyrirmæli um að fara rakleitt heim og hafa samband við slysadeild, ef ástand Ingunnar versnaði og hún færi að kasta upp.

Um kl. 6.50 að morgni sama dags var Ingunn færð meðvitundarlaus á sjúkrahúsið. Hún var þá köld og blaut og búin að missa þvag. Við skoðun sama læknis var ekki að sjá nein áverkamerki, hvorki á höfði, hálsi, bol né útlimum. Fljótlega vaknaði þó grunur um blæðingu í höfði. Að höfðu samráði við Þóri Ragnarsson, sérfræðing í heila- og taugaskurðlækningum, var ákveðið að senda Ingunni á Sjúkrahús Reykjavíkur. Þangað kom hún í þyrlu Landhelgisgæslunnar um kl. 9.00. Að lokinni læknisrannsókn og röntgenmyndatöku var Ingunn færð á skurðstofu til bráðaaðgerðar vegna mikillar blæðingar í höfði. Samkvæmt vottorði Þóris frá 20. janúar 1995 var Ing-

unn þá mjög hætt komin að hans mati og hefði látist, ef aðgerð hefði ekki verið gerð. Í vottorði sérfræðingsins frá 16. febrúar 1996, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, segir meðal annars svo:

„Skoðun við komu hér sýnir, að hún er sæfð og hefur öndunarslöngu niður í barka um munninn. Ekki eru ytri áverkamerki á höfði, en allmikið um marbletti á víð og dreif á lærum og kálfum, en önnur ytri áverkamerki sjást ekki við komu. Hún er við komu djúpt meðvitundarlaus með mjög mikið víkkað hægra ljósop.

Strax við komu var ljóst, að þessi stúlka hafði orðið fyrir miklum og alvarlegum áverka með teikn um mikið aukinn þrýsting inni á höfðinu, og var því í skyndi gerð tölvusneiðmyndarrannsókn á höfði, sem sýndi geysilega stóra og mikla blæðingu inn á höfuðið hægra megin. Um var að ræða svonefnda utanbastsblæðingu eða epidural hematoma, þ. e. a. s. blæðingu milli ystu heilahimnu og höfuðkúpubeins. Þessi blæðing var geysilega stór og hafði valdið miklum þrýstingi á heilann. Sjúklingur var því í skyndi fluttur á skurðstofu, þar sem gerð var aðgerð á höfði sjúklings og blæðingin tæmd út og frekari blæðing stöðvuð. Aðgerðin gekk algjörlega áfallalaust. Eftir aðgerðina sýndi Ingunn strax merki um verulegar framfarir, en hafði þó lengi merki um mikla og alvarlega truflun í heilastarfsemi, sérstaklega heilastofnsstarfsemi, með verulega miklu spastisitet eða stífleika í öllum útlimum og verulega skerta meðvitund lengi framan af. Eftirlitstölvusneiðmyndir af höfði sýndu blæðinguna alla tæmda í burtu, en sýndu einnig merki um bjúg og bólgu í hægra heilahveli, en þessar breytingar gengu síðan smám saman til baka. Til að auðvelda meðferð Ingunnar var gerð 25. 1. 1996 aðgerð frá barka hennar, þannig, að sett var barkaslanga í gegnum skurð á hálsinum, og gerði þá aðgerð Sigurður Stefánsson, læknir á HNE-deild spítalans. Þessi barkarenna var síðan fjarlægð, eftir að bati varð betri.

Við höfuðaðgerðina kom í ljós sprunga í höfuðkúpu á hægra gagnaugasvæði, og beint undir stungunni var rof í æð í ystu heilahimnu, og var sú æð blæðandi, þegar höfuðið var opnað, og eins og að ofan greinir, var sú blæðing stöðvuð og blóðköggullinn úr höfðinu tæmdur.

Eftir aðgerðina sýndi Ingunn hægar, en stöðugar framfarir, og hafa þær sérstaklega verið góðar og hraðar undanfarnar tvær vikur. Nú, þegar um fjórar vikur eru liðnar frá áverkanum, hefur bati hennar orðið mjög góður. Taugasálfræðileg prófun, gerð í dag, 16. 2. 1996, sýnir eftir munnlegum upplýsingum, sem ég hef, ekki merki um neinar truflanir á heilastarfsemi, hvað varðar andlega getu og hæfni, og við taugaskoðun í dag finnast eingöngu væg merki um spastisitet, aukinn tonus í vöðvum útlima með truflun á fín-

hreyfingum og jafnvægi. Hins vegar er Ingunn vel vakandi, skýr og „áttuð“ og meðvitundarástand hennar algjörlega eðlilegt, minni, innsýn og æðri heilastarfsemi eðlileg, og hún hefur engin lömunareinkenni, getur gengið óstudd og hefur þannig aðeins mjög væg merki um jafnvægistruflun og truflun í fínhreyfingum. Mín skoðun er sú, að þessi einkenni, sem eftir eru, muni að öllum líkindum ganga til baka, og ég tel góðar líkur á, að hún nái fullum bata og sitji ekki uppi með nein varanleg einkenni eftir þennan áverka.“

Ingunn útskrifaðist af barnadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur 6. mars 1996.

II.

Kl. 9.34 að morgni umrædds laugardags hringdi faðir Ingunnar Guðmundu á lögreglustöðina á Akranesi og tilkynnti, að dóttir sín hefði orðið fyrir árás þriggja stúlkna, sem gengið hefðu í skrokk á henni. Meðal hinna grunuðu væri Linda Dögg Ragnarsdóttir, ein ákærðu í málinu.

Í þágu frumrannsóknar málsins var Eva Brá Hallgrímsdóttir, kt. 280379-5659, kvödd til skýrslugjafar hjá lögreglu kl. 10.59 sama morgun. Vitnið kvaðst hafa verið að skemmta sér með Ingunni kvöldið áður og sagði þær hafa farið saman niður í bæ eftir miðnætti. Einhvern tíma nætur hefði leiðir þeirra skilið. Um kl. 2.30 hafi síðan ákærðu Linda Dögg og R komið til vitnisins og skýrt frá því, að þær hefðu verið að berja Ingunni. Vitnið hafi síðan fundið Ingunni, þar sem hún var grátandi í þvottahúsi á neðri hæð hússins nr. 62 b við Suðurgötu. Með henni hafi verið Anna Sigríður Jóhannesdóttir, sem þar býr. Ingunn hafi þá þegar kvartað um mikinn höfuðverk, og því hafi vitnið farið með hana út og fengið Sævar Líndal Helgason til að aka þeim á sjúkrahúsið. Að skoðun lokinni hafi vakthafandi læknir sagt stúlkunum að fara heim til vitnisins, en þar, á heimavist Fjölbrautaskóla Vesturlands við Vogabraut, hafi Ingunn ætlað að gista um nóttina. Fljótlega eftir að þær komu út af sjúkrahúsinu, hafi Ingunn farið að gráta aftur og kvarta um kulda, ógleði og höfuðverk. Hún hafi þó ekki viljað fara heim og stúlkurnar því þegið far í bifreið Indriða Ragnars Grétarssonar og farið á rúntinn. Þær hafi síðan stigið út úr bifreið Indriða á Kirkjubraut og skömmu síðar sest þar inn í bifreið Óla Arnar Atlasonar, sem ekið hafi þeim, Gunnari Erni Péturssyni og Halldóri Hallgrími Gíslasyni á heimavistina. Ingunn hafi allan tímann verið að kvarta um mikinn verk í höfði. Er þær komu inn á herbergi vitnisins, hafi Ingunn lagst fyrir og sofnað, en vitnið farið aftur niður í bæ kl. 3.30 til að leita að sameiginlegri vinkonu þeirra, sem ákærða Linda Dögg hafi hótað að berja einnig. Vitnið kvaðst hafa komið aftur heim um kl. 5.30 og þá fundið Ingunni meðvitundarlausa í

rúmi sínu. Björn Ágúst Magnússon, Gunnar Ágúst Ásgeirsson og Rögnvaldur Skúlason hafi síðan komið þar að og sagst hafa fundið Ingunni liggjandi úti á stétt fyrir framan innganginn að heimavistinni. Að sögn vitnisins hafi piltarnir haldið, að Ingunn svæfi ölvunarsvefni, og hefðu því borið hana inn í herbergi vitnisins, sem er á jarðhæð. Í samráði við móður Ingunnar hafi hún því næst verið flutt á sjúkrahús í bifreið piltanna. Vitnið kvað Ingunni lítið hafa getað tjáð sig um, hvað komið hefði fyrir, en þó hefði hún skýrt vitninu frá því, að ákærðu, Linda Dögg, R, G og B, hefðu barið hana. Vitnið bar á sama veg í öllum aðalatriðum við skýrslugjöf fyrir dómi.

Vitnin Anna Sigríður Jóhannesdóttir, kt. 160578-3009, Sævar Líndal Helgason, kt. 150978-3519, Indriði Ragnar Grétarsson, kt. 251176-5589, Gunnar Ágúst Ásgeirsson, kt. 251079-3079, Rögnvaldur Skúlason, kt. 300379-5169, og Björn Ágúst Magnússon, kt. 071278-4849, gáfu skýrslu hjá lögreglu dagana 20.-22. janúar 1996. Vitnin að frátöldum Birni Ágústi komu fyrir dóm við aðalmeðferð málsins. Ekkert þeirra varð vitni að ætlaðri árás á Ingunni Guðmundu, en framburður þeirra samrýmdist hins vegar framburði Evu Brár Hallgrímsdóttur um þau atvik, sem síðar gerðust og rakin hafa verið hér að framan. Vitnin voru flest allsgáð, en önnur höfðu neytt áfengis í hófi. Fram kom í vætti Gunnars Ágústs, að vitnið og félagar þess tveir hefðu verið að aka Hildi Sveinsdóttur, herbergisfélaga Evu Brár, á heimavistina milli kl. 5 og 6, er þeir komu að Ingunni liggjandi fyrir utan. Hildur hefði verið ofurölvi og í það mund að sofna í rúmi sínu, er þeir lögðu Ingunni í rúmið andspænis henni og fóru burt. Auk stúlknanna tveggja hefði þá verið í herberginu maður að nafni Gunnar Örn.

Vitnið Hildur Sveinsdóttir, kt. 290878-3579, gaf skýrslu við rannsókn og meðferð málsins. Vitnið kvað klukkuna hafa verið um 5, er það kom á heimavistina. Vitnið kvaðst hafa sofnað nær samstundis og ekki vaknað fyrr en kl. 12.30.

Vitnið Gunnar Örn Pétursson, kt. 240778-4919, gaf skýrslu við rannsókn og meðferð málsins. Vitnið bar, að það hefði greinda nótt, sennilega um kl. 4, verið fyrir utan veitingastofuna Barbró við Kirkjubraut 11 ásamt Halldóri Hallgrími Gíslasyni, er þeir hittu Ingunni og Evu Brá. Vitnið hefði síðan stöðvað bifreið Óla Arnar Atlasonar og fengið hann til að aka þeim fjórum að heimavistinni. Ingunn hefði sífellt kvartað undan miklum verk í höfði og þær vinkonur haft á orði, að hún væri með heilahristing af völdum líkamsárásar og hefði verið ráðlagt af sjúkrahúslækni að fara heim og leggjast fyrir. Á heimavistinni hafi Ingunn lagst til svefns, en þau hin farið að horfa á vídeó. Vitnið hafi þó fljótlega sofnað ölvunarsvefni og ekki vaknað fyrr en um kl. 9 að morgni.

Vitnið Halldór Hallgrímur Gíslason, kt. 261178-5839, bar á sama veg og Gunnar Örn um allan aðdraganda að förinni á heimavistina við skýrslugjöf hjá lögreglu 22. janúar 1996. Vitnið taldi þó líklegt, að klukkan hefði verið um 3, er þeir félagar hittu Ingunni og Evu Brá við Barbró. Vitnið kvað Ingunni hafa sofnað fljótlega, eftir að komið var á heimavistina, og skömmu síðar hafi Gunnar Örn sofnað þar ölvunarsvefni. Eftir það hafi vitnið rætt nokkra stund við Evu Brá, en síðan farið út af heimavistinni. Ekki náðist til þessa vitnis við aðalmeðferð málsins.

III.

Ákærðu, Linda Dögg, G, B og R, voru færðar til yfirheyrslu hjá lögreglu laugardaginn 20. janúar sl. Daginn eftir voru þær úrskurðaðar í gæsluvarðhald í þágu rannsóknar málsins. Ákærðu B og R var sleppt úr haldi að kvöldi mánudagsins 22. janúar, en ákærðu G morguninn eftir. Ákærða Linda Dögg sætti hins vegar gæsluvarðhaldi með tveimur úrskurðum allt til 16. mars, er hún var látin laus. Á varðhaldstímanum voru ákærðu yfirheyrðar tvívegis af lögreglu og gáfu einnig skýrslu fyrir dómi, ákærða Linda Dögg tvívegis. Verður nú rakinn framburður ákærðu, en því næst gerð grein fyrir framburði sjónarvotta og annarra vitna, að svo miklu leyti sem til skýringar horfir á málavöxtum.

A.

Ákærða B greindi svo frá við yfirheyrslur hjá lögreglu dagana 20. og 22. janúar sl., að allt hefði þetta byrjað fyrir framan verslunina Ozone við Kirkjubraut 8, er meðákærða G hefði farið að hnippast við Ingunni Guðmundu Pétursdóttur. Ákærða hefði síðan beðið Ingunni að koma með sér bak við húsið, en þar hugðist hún inna Ingunni eftir því, hvort hún hefði fyrr um kvöldið tekið bjór frá bróður ákærðu. Meðákærðu G og R hefðu síðan fylgt þeim eftir og G þá greitt Ingunni hnefahögg í andlitið. Ákærðu hefðu því næst allar þrjár byrjað að berja á Ingunni. Kvaðst ákærða meðal annars hafa tekið í hár Ingunnar og reynt að gefa henni „hnéspark“, en Ingunn náð að víkja sér undan. Ákærðu hefðu síðan þrjár saman fellt Ingunni til jarðar og því næst í félagi við meðákærðu Lindu Dögg, sem þá hefði verið komin á staðinn, sparkað margsinnis í hana liggjandi, þó ekki í höfuð, að því er ákærða taldi. Hefðu þær ekki linnt látum, fyrr en Daði Birgisson og Sólrún Engilbertsdóttir skárust í leikinn, en þá hefði Ingunn komist á fætur og hlaupið í átt að Suðurgötu. Ákærða kvaðst hafa elt Ingunni og náð henni á Suðurgötu við Akratorg. Meðákærðu hefðu síðan komið þangað og þær haldið barsmíðunum áfram. Sjálf kvaðst ákærða hafa slegið Ingunni utan undir, en sagði meðákærðu G hafa slegið hana með krepptum hnefa og hrint henni á hurð við verslun Guðmundar B. Hannah. Þar hefði með-

ákærða R einnig sparkað í fætur Ingunnar. Ingunn hefði síðan beðið ákærðu að tala við sig og þær þá farið yfir götuna, en meðákærðu G og R fylgt á eftir og þær tvær haldið áfram að berja og hrinda Ingunni við húsið nr. 64 við Suðurgötu. Þaðan hefði atgangan borist að húsinu nr. 62, þar sem meðákærða Linda Dögg hefði komið og tekið í hár Ingunnar, togað höfuð hennar niður og gefið henni spark í andlitið. Við höggið hafi heyrst „rosalega hár smellur“, . . . „eins og þegar maður rekur höfuðið í vegg“, og Ingunn „verið mjög rugluð þá á eftir“. Ákærða kvað meðákærðu hafa horfið á braut eftir þetta, en sjálf hefði hún labbað á eftir Ingunni og sagt henni að fara heim, áður en þetta yrði verra. Ákærðu hefðu þá allar verið búnar að veita Ingunni mörg högg í höfuðið. Anna Sigríður Jóhannesdóttir hefði síðan komið til þeirra og boðið Ingunni inn til sín, en ákærða þá farið í burtu.

Ákærða B skýrði frá málsatvikum á sama veg í öllum meginatriðum við skýrslugjöf fyrir dómi 21. janúar sl. Hún viðurkenndi að hafa slegið Ingunni með krepptum hnefa í andlitið, hrint henni til jarðar og sparkað í hana liggjandi fyrir aftan húsið nr. 8 við Kirkjubraut. Þá viðurkenndi ákærða einnig að hafa elt Ingunni frá Kirkjubraut að verslun Guðmundar B. Hannah við Akratorg og greitt þar Ingunni lófahögg í andlitið. Ákærða kvaðst fyrir dómi hafa verið undir áhrifum áfengis, er nefndir atburðir gerðust, en kvaðst þó muna vel eftir málsatvikum. Ákærða kvað það ekki hafa verið ætlun sína að meiða Ingunni, heldur aðeins skjóta henni skelk í bringu og tuska hana til.

Ákærða B kom fyrir dóm að nýju við aðalmeðferð málsins. Hún greindi frá atburðarás við Kirkjubraut 8 með líkum hætti og fyrr og viðurkenndi að hafa þar slegið Ingunni tvívegis í andlitið, þó ekki með krepptum hnefa. Ákærða var ekki viss, hvort hún eða meðákærða G hefði greitt Ingunni fyrsta höggið. Þá viðurkenndi ákærða að hafa sparkað nokkrum sinnum í fætur Ingunnar, eftir að hún féll til jarðar. Ákærða breytti fyrri framburði um ætlaðan þátt meðákærðu Lindu Daggar og kvað hana ekki hafa átt hlut að máli. Ákærða greindi einnig frá helstu atvikum við verslun Guðmundar B. Hannah á sama veg og áður. Hún kvað meðákærðu G þó aðeins hafa slegið Ingunni með flötum lófa og sagði meðákærðu R engan þátt hafa tekið í þeirri aðför. Meðákærða Linda Dögg hafi staðið hjá og hvatt ákærðu. Ákærða var sjálfri sér samkvæm við lýsingu á því, sem gerst hefði við húsin nr. 64 og 62 við Suðurgötu, en kvaðst sjálf aðeins hafa hrint Ingunni. Meðákærða R hefði þar hrint Ingunni utan í rafmagnstengikassa. Ákærða kvað þau högg, er hún sjálf veitti Ingunni, ekki hafa getað valdið hinum alvarlegu áverkum, sem lýst er í ákæru. Ákærða gat litlar skýringar gefið á framangreindri háttsemi sinni, en taldi þær helstar, að Ingunn hefði fyrr um

nóttina verið búin að taka bjór frá bróður ákærðu og vini hans. Þá hefði Ingunn lengi verið búin að tala illa um ákærðu allar og meðákærða G verið henni reið.

B.

Ákærða G greindi frá því við yfirheyrslur hjá lögreglu dagana 20. og 23. janúar sl., að hún og meðákærða B hefðu greinda nótt milli kl. 2 og 2.30 hitt Ingunni Guðmundu fyrir framan verslunina Ozone við Kirkjubraut 8 og beðið hana að fara með þeim bak við húsið. Þar hafi komið til rifrildis út af „tveimur bjórum", sem Ingunn átti að hafa stolið frá bróður meðákærðu B. Upp úr því hefðu ákærðu báðar byrjað að berja á Ingunni. Sjálf kvaðst ákærða hafa slegið hana tvívegis með flötum lófa. Meðákærðu Linda Dögg og R hefðu skömmu síðar verið komnar á staðinn. Ingunn hefði síðan fallið til jarðar, en af hvers völdum, vissi ákærða ekki. Hún kvaðst eftir það hafa sparkað einu sinni í fætur Ingunnar. Þá hefði hún séð meðákærðu R sparka snjó í andlit hennar. Ákærða kvaðst hins vegar hvorki hafa séð meðákærðu Lindu Dögg né B sparka í Ingunni. Atlaga ákærðu hefði síðan verið stöðvuð af einhverjum krökkum, og þá hljóti Ingunn að hafa komist í burtu. Ákærða kvaðst næst hafa séð Ingunni fyrir utan verslun Guðmundar B. Hannah við Akratorg. Þar hefði ákærða veist að henni, tuskað hana til og slegið hana utan undir með flötum lófa, en meðákærða B slegið hana með krepptum hnefa. Meðákærða Linda Dögg hefði fylgst með og hvatt þær áfram við barsmíðarnar. Atið hefði síðan borist yfir götuna, og þar við Suðurgötu 62 hefði meðákærða Linda Dögg tekið í hár Ingunnar, dregið hana niður og sparkað með öðru hnénu í andlit hennar. Ákærða kvaðst ekki hafa heyrt smell við þetta spark meðákærðu. Ingunn hefði hins vegar þagnað við höggið, gripið um andlit sér og orðið eitthvað undarleg. Ákærða hefði því næst sagt henni að fara heim.

Ákærða G skýrði með líkum hætti frá málsatvikum við skýrslugjöf fyrir dómi 21. janúar sl. Hún kvað meðákærðu B þó hafa byrjað að lemja Ingunni bak við húsið nr. 8 við Kirkjubraut og kvaðst sjálf aðeins hafa tuskað Ingunni til, en ekki veitt henni högg. Ákærða viðurkenndi að hafa sparkað einu sinni eða tvisvar í fætur Ingunnar, þar sem hún lá fyrir aftan nefnt hús, en kvað meðákærðu B og R einnig hafa sparkað í stúlkuna. Ákærða kvaðst hins vegar ekki hafa séð meðákærðu Lindu Dögg fyrr en við verslun Guðmundar B. Hannah. Ákærða viðurkenndi að hafa þar veist að Ingunni, tuskað hana til og slegið hana utan undir með flötum lófa. Þá viðurkenndi ákærða einnig að hafa veist að Ingunni og tuskað hana til fyrir framan húsin nr. 64 og 62 við Suðurgötu. Fram kom fyrir dómi, að ákærða hefði verið undir áhrifum áfengis umrædda nótt, en hún kvaðst þó muna vel eftir at-

burðum. Ákærða kvað það ekki hafa verið ætlun sína að meiða Ingunni umrætt sinn.

Ákærða G kom fyrir dóm að nýju við aðalmeðferð málsins. Þar viðurkenndi hún að hafa í félagi við meðákærðu B og R veist að Ingunni bak við húsið nr. 8 við Kirkjubraut og skýrði frá nánari málsatvikum þar að lútandi með líkum hætti og fyrr. Ákærða kvaðst sjálf hafa „danglað" einu sinni með öðrum fæti í læri Ingunnar og slegið hana einu sinni með peysuermi dregna fram á lófa. Ákærða kvað meðákærðu Lindu Dögg engan þátt hafa átt í þessari atlögu að Ingunni. Þá viðurkenndi ákærða að hafa síðar við verslun Guðmundar B. Hannah veist að Ingunni og slegið hana utan undir með peysuermi dregna fram á lófa. Ákærða skýrði frá málsatvikum þar að lútandi með líkum hætti og áður. Hún kvað Ingunni þá hafa verið ómeidda, en líklega reiða og hrædda og beðið meðákærðu B að ræða við sig. Loks viðurkenndi ákærða að hafa stjakað einu sinni við Ingunni við húsin nr. 64 og 62 við Suðurgötu í kjölfar þess, að meðákærða R hefði hrint Ingunni frá hliði, sem þar er á milli húsanna. Ákærða kvaðst ekki hafa orðið vör við, að Ingunni hefði verið hrint á rafmagnstengikassa, sem þar er einnig. Ákærða kvaðst hafa verið hætt að skipta sér af Ingunni þarna á staðnum, er meðákærða Linda Dögg hefði komið aðvífandi, sagt eitthvað við Ingunni og því næst veitt henni hnéspark í andlitið, að því er ákærða taldi. Hún kvaðst þó hafa verið í 6-7 metra fjarlægð og því ekki geta lýst þessu nákvæmlega. Ákærða kunni enga skýringu á framferði sínu gagnvart Ingunni. Hún kvaðst ekkert hafa átt sökótt við stúlkuna frá því fyrr um kvöldið og taldi þetta hafa verið „bara einhver fíflalæti", sem gengið hefðu lengra en efni stóðu til. Ákærða kvaðst ekki hafa orðið vör við, að Ingunni væri veitt olnbogaskot í framangreindum atlögum.

C.

Ákærða R skýrði svo frá við yfirheyrslur hjá lögreglu dagana 20. og 23. janúar sl., að hún og meðákærða G hefðu umrædda nótt verið staddar á Kirkjubraut, er þær sáu meðákærðu B vera að ræða við Ingunni Guðmundu fyrir framan verslunina Ozone. Ákærða hefði þar spurt Ingunni, hvort rétt væri, að hún hefði fyrr um kvöldið tekið bjór frá bróður meðákærðu B og félögum hans, en hún neitað. Eftir það hafi Ingunn farið bak við verslunina í fylgd meðákærðu B og G, en ákærða farið að spjalla við meðákærðu Lindu Dögg, sem þá hefði verið komin á staðinn. Þær tvær hefðu síðan gengið bak við verslunina og þá séð, hvar meðákærða B og Ingunn voru að rífast út af bjórnum. Meðákærða B hefði síðan slegið Ingunni í andlitið og því næst aftrað henni för af vettvangi. Ingunn hefði síðan fallið til jarðar og ákærðu þá allar tekið til við að sparka í hana, þar sem

hún lá í hnipri á jörðinni. Ákærða kvað öll spörkin hafa komið í fætur eða kvið Ingunnar, en að lokum hefði ákærða þó sparkað laust í höfuð hennar. Ingunn hefði þá náð að standa upp og hlaupið út á Suðurgötu í átt að Akratorgi. Ákærða kvað meðákærðu B og Lindu Dögg hafa hlaupið á eftir Ingunni, en sjálf hefði hún orðið eftir og verið að ræða við einhverja stúlku. Ákærða hefði þó fljótlega farið á eftir hinum stúlkunum í fylgd meðákærðu G og séð meðákærðu B vera að rífast við Ingunni við verslun Guðmundar B. Hannah. Kvað ákærða þær tvær hafa blandað sér í málið og farið að stríða Ingunni, en á meðan hefði meðákærða Linda Dögg staðið þar hjá og hlegið. Ingunn hefði síðan farið yfir Suðurgötu að húsinu nr. 64 og ákærðu allar nema Linda Dögg þá fylgt á eftir. Er Ingunn hugðist síðan fara inn í garð við nefnt hús, hefði ákærða stöðvað för hennar við garðshliðið, ýtt henni til baka og sagt, að þangað inn færi hún ekki. Meðákærðu B og G hefðu síðan sagt Ingunni að koma sér heim og Ingunn þá gengið í burtu, en ákærða farið að ræða við Ásgeir Sævarsson, Guðmund Óskar Ragnarsson og Reyni Leósson, sem þar hefðu verið staddir. Ákærða kvaðst ekki hafa séð meðákærðu Lindu Dögg gefa Ingunni „hnéspark", en Linda Dögg hefði tvívegis skýrt ákærðu frá því síðar um nóttina og þá líkt eftir bresti eða brothljóði, sem heyrst hefði við höggið.

Ákærða R skýrði frá málsatvikum á sama veg í öllum meginatriðum við skýrslugjöf fyrir dómi 21. janúar sl. Hún viðurkenndi að hafa sparkað í fætur eða kvið Ingunnar Guðmundu, þar sem hún hefði legið á jörðinni bak við húsið nr. 8 við Kirkjubraut. Ákærða kvað meðákærðu B og G einnig hafa sparkað í Ingunni, en bendlaði meðákærðu Lindu Dögg ekki við þann verknað. Ákærða kvaðst í raun ekki hafa sparkað í höfuð Ingunnar, eins og frá var greint í lögregluskýrslu, heldur „sett fót í höfuð" hennar í þeim tilgangi að ýta við henni. Þá hefðu meðákærðu ekki heldur sparkað í höfuð Ingunnar. Ákærða kvaðst ekki hafa orðið vör við aðrar atlögur gegn Ingunni, hvorki við verslun Guðmundar B. Hannah né við húsin nr. 64 og 62 við Suðurgötu, en gat þess jafnframt, að hún hefði ekki fylgst með því, sem þar gerðist. Ákærða kvaðst fyrir dómi hafa verið lítillega undir áhrifum áfengis umrædda nótt og því muna vel eftir öllum atvikum. Hún kvað aldrei hafa staðið annað til en tuskast í Ingunni án þess að meiða hana.

Ákærða R kom fyrir dóm að nýju við aðalmeðferð málsins. Ákærða greindi þar frá helstu málsatvikum á sama veg og hún hafði áður gert hjá lögreglu og fyrir dómi. Hún kannaðist ekki við að hafa hrint Ingunni Guðmundu á rafmagnstengikassa, en viðurkenndi að hafa ýtt við Ingunni, er hún hugðist fara inn á lóð í eigu frænku ákærðu. Ákærða kunni enga skýringu á framkomu sinn í garð Ingunnar og kvað árásina hafa verið tilefnislausa af sinni hálfu.

D.

Ákærða Linda Dögg skýrði svo frá við yfirheyrslur hjá lögreglu dagana 20. og 23. janúar sl., að hún hefði umrætt sinn verið stödd fyrir framan verslunina Ozone við Kirkjubraut 8, þegar meðákærða R hefði kallað, að meðákærðu G og B ætluðu að berja Ingunni Guðmundu. Meðákærða R hefði síðan hlaupið bak við verslunina og ákærða fylgt á eftir. Þar hefði hún séð meðákærðu G og B berja Ingunni og því næst hrinda henni til jarðar. Meðákærða R hefði þá blandað sér í málið og meðákærðu allar sparkað í Ingunni, þar sem hún lá á jörðinni. Spörkin hefðu flest komið í fætur og bak stúlkunnar, en eitt þó í hnakka hennar. Ákærða kvaðst ekki hafa séð, hver meðákærðu veitti Ingunni umrætt höfuðspark. Ákærða hefði spurt, af hverju þær væru að þessu, og annaðhvort meðákærða G eða R svarað því til, að Ingunn hefði tekið „tvo bjóra“ í leyfisleysi frá bróður ákærðu B. Ákærða kvaðst síðan hafa farið bak við næsta hús til að pissa og þá séð, hvar meðákærðu hlupu á eftir Ingunni um Suðurgötu í átt að Akratorgi. Ákærða hefði síðan fylgt á eftir og komið að meðákærðu, þar sem þær hefðu allar verið að löðrunga Ingunni Guðmundu fyrir utan verslun Guðmundar B. Hannah við Akratorg. Ákærða hefði þó ekki fylgst grannt með framvindu mála, þar sem hún hefði farið að spjalla við Guðmund Óskar Ragnarsson. Þó hefði hún séð, er Ingunn hljóp undan meðákærðu yfir Suðurgötu að húsinu nr. 64. Þar hefðu meðákærðu haldið áfram að áreita Ingunni. Sú atganga hefði síðan borist að húsinu nr. 62, en þar hefði Ingunn viljað fá að ræða við meðákærðu B. Ákærða, sem þá hefði enn verið stödd við Akratorg, hefði síðan gengið yfir götuna í fylgd Guðmundar Óskars, undið sér að Ingunni og sagt við hana: „Passaðu þig, að B geri ekki þetta við þig.“ Í sömu andrá hefði hún tekið í hárið á hnakka Ingunnar, keyrt höfuð hennar niður og gefið henni spark í andlitið. Ákærða kvað höggið hafa komið í enni Ingunnar og læri sitt rétt ofan við hné. Ákærða sagði við fyrri yfirheyrsluna, að heyrst hefði mikill smellur og Ingunn orðið afar ringluð á eftir. Við síðari skýrslugjöf sína hjá lögreglu kvaðst ákærða hafa heyrt „smá-brak“, og lýsti hún hljóðinu með því að smella fingrum. Ákærða kvaðst ekki hafa ætlað að meiða Ingunni og sagði sparkið hafa orðið mun fastara en efni stóðu til.

Ákærða Linda Dögg skýrði frá helstu málsatvikum á sama veg við yfirheyrslu fyrir dómi 21. janúar, en kvaðst þó ekki hafa sparkað í andlit Ingunnar, heldur keyrt höfuð hennar fram og lyft hægra fæti sínum upp á móti. Ákærða skýrði með líkum hætti frá málsatvikum við dómsyfirheyrslu 31. janúar og kvað þátt sinn í árásinni á Ingunni hafa falist í því einu að veita henni framangreint „hnéspark“. Ákærða kvað enni Ingunnar hafa lent á

hægra fæti sínum fyrir ofan hné. Við höggið hefði ákærða heyrt smá-„klikk“ í höfði Ingunnar, sem hún lýsti með því að smella fingrum. Ákærða vísaði að öðru leyti til framburðar síns hjá lögreglu og kvaðst hafa skýrt þar skilmerkilega frá aðild sinni að málinu. Fram kom, að ákærða hefði verið undir áhrifum áfengis umrædda nótt, en hún kvaðst þó muna vel eftir öllum atvikum.

Ákærða Linda Dögg kom fyrir dóm að nýju við aðalmeðferð málsins. Hún mótmælti sakargiftum sér á hendur um ætlaða aðild að líkamsárás við Kirkjubraut 8 og við verslun Guðmundar B. Hannah við Akratorg og kvaðst engan þátt hafa tekið í slíkri aðför að Ingunni Guðmundu. Ákærða greindi síðan frá málsatvikum á sama veg og áður og viðurkenndi að hafa greint sinn veitt Ingunni högg á enni með hægra læri við húsið nr. 62 við Suðurgötu. Hún kvaðst hafa fundið til í lærinu eftir höggið. Ákærða árétt-aði, að hún hefði alls ekki ætlað að meiða Ingunni, heldur „bara að hræða hana“, en kunni enga skýringu á því, hvers vegna þess hefði verið þörf. Ákærða kvaðst á greindum tíma hafa vitað, að meðákærða B hefði gefið eða reynt að gefa Ingunni „hnéspark“ fyrr um nóttina, og því hefði hún við-haft þau ummæli, sem fyrr er getið, í sama mund og hún reiddi hægri fót-legg til höggs.

IV.

Daði Birgisson, kt. 080977-3529, og unnusta hans, Sólrún Engilbertsdótt-ir, kt. 061076-3609, voru greinda nótt að koma úr samkvæmi í félagsheimil-inu Rein við Suðurgötu 67 og gengu þaðan saman inn á stíg, sem liggur gegnum almenningsgarð, að versluninni Ozone við Kirkjubraut 8. Þar urðu þau vör við hóp ölvaðra ungmenna, sem safnast höfðu saman bak við versl-unina og horfðu á nokkrar unglingsstúlkur ganga í skrokk á kynsystur sinni. Þau Daði og Sólrún brugðust skjótt við og komu stúlkunni til aðstoðar, en við það komst hún á fætur og hljóp út á Suðurgötu í átt að Akratorgi. Vitn-in gáfu skýrslu hjá lögreglu 21. janúar sl. og greindu frá því, sem fyrir augu bar. Þá komu þau bæði fyrir dóm við aðalmeðferð málsins. Vitnið Daði kvað fjórar stúlkur hafa staðið að atlögunni. Það bar kennsl á tvær þeirra sem ákærðu G og R, en kvaðst ekki hafa þekkt hinar í sjón. Vitnið bar, að sér hefði fundist árás stúlknanna vera afar fólskuleg. Tvær þeirra hefðu haldið fórnarlambinu, á meðan hinar hefðu „sparkað fast og illa í hana“. Þá hefðu þær einnig slegið stúlkuna í andlitið með krepptum hnefa. Stúlkan hefði síðan hnigið til jarðar og árásarmennirnir þá haldið áfram að lúskra á henni. Vitnið Sólrún kvaðst ekki vita, hversu margar stúlkur hefðu staðið að atlögunni, en þær hefðu lamið og sparkað í fórnarlamb sitt, sem setið

hefði á jörðinni bak við verslunina Ozone og snúið baki í vitnið. Vitnið bar kennsl á frænku sína, ákærðu R, í hópi árásarmanna, en treysti sér ekki til að bera nánar um þátt hennar eða annarra í atlögunni vegna þess fjölda fólks, sem safnast hafði þar í kring. Þó kvaðst vitnið hafa séð dökkhærða stúlku með derhúfu sparka í fórnarlambið og taldi sig þekkja þar aftur ákærðu G, sem vitnið sá í réttarsal. Vitnið kvaðst ekki hafa séð, hvar framangreind högg og spörk hefðu komið í fórnarlambið, og gat ekki borið um, hversu föst þau hefðu verið. Vitnin kváðust bæði þekkja ákærðu Lindu Dögg og fullyrtu, að hún hefði ekki átt hlut að máli.

Erla Björk Jónasdóttir, kt. 091080-3119, Sigrún Ósk Kristjánsdóttir, kt. 070980-3719, og Katla Guðlaugsdóttir, kt. 201280-5089, voru greinda nótt staddar bak við verslunina Ozone við Kirkjubraut 8. Vitnin Erla Björk og Sigrún Ósk báru fyrir dómi, að þau hefðu þar séð Ingunni Guðmundu liggjandi í snjónum með ákærðu G, B og R standandi yfir sér. Vitnin báru, að þau hefðu ekki séð ákærðu lemja Ingunni. Hins vegar hefðu þær verið að sparka til hennar, svo að snjórinn þyrlaðist upp í kringum hana.

Vitnið Katla skýrði svo frá við rannsókn og meðferð málsins, að það hefði fyrst séð ákærðu B rífast við Ingunni og ásaka hana um eitthvað. Ingunn hefði neitað þeim sökum og ákærða þá slegið hana í andlitið. Síðan hefðu meðákærðu G og R einnig ráðist á Ingunni og þær báðar slegið hana í andlitið. Ingunn hefði öskrað á þær að láta sig í friði og reynt að komast undan, en meðákærða Linda Dögg, sem þá hefði verið komin á staðinn, hvatt vitnið og Sigrúnu Ósk til að hjálpa ákærðu við að lúskra á Ingunni. Ákærðu G, B og R hefðu síðan hrint Ingunni og fellt hana, en því næst byrjað að sparka í hana, þar sem hún lá í hnipri á jörðinni. Vitnið kvaðst halda, að meðákærða Linda Dögg hefði tekið þátt í þessu athæfi. Vitnið bar, að sér hefði ekki fundist spörkin vera föst, og flest hefðu þau komið í fætur Ingunnar, sem hefði ekki kveinkað sér undan þeim. Þá hefði ákærða R hugsanlega sparkað í höfuð Ingunnar, þegar ákærða tók upp á því að sparka snjó í andlit hennar. Vitnið kvað árásina hafa fengið snöggan endi, er Daði Birgisson og Sólrún Engilbertsdóttir hefðu komið á vettvang og skammað ákærðu fyrir athæfið. Ákærðu G og B hefðu brugðist illa við afskiptaseminni, en Ingunn notað tækifærið og hlaupið áleiðis út á Suðurgötu. Ákærðu G, B og R hefðu síðan hlaupið á eftir henni. Vitnið kvaðst næst hafa séð til ákærðu fyrir utan húsið nr. 64 við Suðurgötu, þar sem þær hefðu allar veist að Ingunni. Er Ingunn síðan reyndi að komast gegnum hlið á girðingu við nefnt hús, hefði einhver ákærðu hrint henni frá og Ingunn þá lent með síðuna á rafmagnstengikassa. Vitnið kvað Ingunni hafa kveinkað sér undan högginu og borið sig aumlega. Ákærða Linda Dögg

hefði því næst tekið í hnakkann eða hárið á Ingunni, sveigt höfuð hennar niður og um leið sparkað öðru hné sínu mjög fast upp í höfuð Ingunnar, þannig, að heyrst hefði töluvert hátt „brákuhljóð“ eða „beinasmellur“. Höggið hefði komið ofan til og til hliðar við auga Ingunnar, sem hefði greinilega meitt sig mikið, þar sem hún hefði gripið um höfuð sér og gengið grátandi og hálfbogin bak við Suðurgötu 62. Ákærða B hefði farið á eftir henni og reynt að afsaka framferði stúlknanna, en síðan hefði vinkona Ingunnar, sem býr í næsta húsi, komið þar að og farið með Ingunni inn til sín.

Tvíburabræðurnir Ágúst Þór Tómasson, kt. 091078-5039, og Tómas Þór Tómasson, kt. 091078-5119, voru umrædda nótt á rúntinum í bifreið hins síðarnefnda ásamt Sigrúnu Ósk, Erlu Björk og Elíasi Kristjáni Þorsteinssyni. Tómas Þór ók bifreiðinni, en Ágúst Þór sat honum við hlið. Bræðurnir gáfu nær samhljóða skýrslur hjá lögreglu 20. janúar sl. og aftur fyrir dómi við aðalmeðferð málsins. Vitnin kváðust hafa verið á ferð um Suðurgötu, nálægt Akratorgi, er vitnið Tómas Þór hefði séð Ingunni hraða sér yfir götuna á undan ákærðu G, B og R. Þar á gangstétt við húsið nr. 64 hefðu ákærðu G og B náð Ingunni og veist að henni með ljótum munnsöfnuði og hrindingum sín á milli. Vitnið Tómas Þór hefði því stöðvað bifreiðina og lagt henni við gangstéttina í u. þ. b. tveggja metra fjarlægð frá stúlkunum gagngert til að fylgjast með, hverju fram færi. Vitnið Ágúst Þór hefði því næst skrúfað niður hliðarrúðuna sín megin, og fylgdust vitnin þaðan með framvindu mála. Ákærða R hefði þá einnig verið byrjuð að hrinda Ingunni. Vitnið Ágúst Þór kvað ákærðu jafnframt hafa sparkað í Ingunni og slegið til hennar, þó ekki hnefahögg. Vitnin báru bæði, að ákærða B hefði síðan skyndilega hrint Ingunni harkalega utan í rafmagnstengikassa milli húsanna nr. 64 og 62 og Ingunn þá greinilega meitt sig í síðunni. Í sama mund hefði ákærða Linda Dögg komið aðvífandi, rifið í hár Ingunnar og sveigt höfuð hennar niður og sparkað af miklu afli með hné í höfuð hennar. Hefði afar hár smellur heyrst við höggið og Ingunn greinilega vankast. Bar vitnið Tómas Þór, að augun hefðu ranghvolfst í höfði hennar. Ákærða Linda Dögg hefði síðan horfið strax af vettvangi og Ingunn ráfað bak við húsið nr. 62. Þar hefði ákærða B náð til hennar og tekið utan um hana, en Ingunn slitið sig lausa og gengið á brott.

Vitnin Erla Björk og Sigrún Ósk, sem fyrr er getið, voru, þegar hér var komið, farþegar í bifreið Tómasar Þórs Tómassonar. Vitnið Sigrún Ósk bar, að það hefði setið í aftursæti bifreiðarinnar og séð ákærðu G, B og R hrinda Ingunni á milli sín. Vitnið hefði ekki fylgst grannt með því, er síðan gerðist, en kvaðst þó hafa séð ákærðu Lindu Dögg taka í höfuð Ingunnar Guðmundu og gefa henni „hnéspark“. Vitnið treysti sér ekki til að meta,

hvort höfuð Ingunnar hefði komið í hné eða læri ákærðu, en kvað greinilegan smell hafa heyrst við höggið. Ingunn hefði síðan ráfað burt og ákærða B þá fylgt henni eftir og tekið utan um hana.

Vitnið Erla Björk bar fyrir dómi, að það hefði á greindum tíma verið í samræðum við ökumann bifreiðarinnar og farþega og því lítið fylgst með því, er gerðist fyrir utan. Vitnið hefði þó heyrt smell og verið sagt strax á eftir, að hann hefði komið frá „hnésparki", sem ákærða Linda Dögg hefði veitt Ingunni.

Guðmundur Óskar Ragnarsson, kt. 220179-3389, Ásgeir Sævarsson, kt. 261279-3559, og Reynir Leósson, kt. 200879-5469, voru staddir á Akratorgi margumrædda nótt, er ákærðu og Ingunn komu þangað. Vitnið Guðmundur Óskar skýrði svo frá við rannsókn og meðferð málsins, að það hefði greint sinn séð ákærðu G og B vera að rífast við Ingunni fyrir framan verslun Guðmundar B. Hannah. Einnig hefðu þær barið Ingunni nokkrum sinnum í andlitið með flötum lófa, ákærða G með peysuermi dregna fram á lófa. Ákærðu R og Linda Dögg hefðu staðið þar hjá, en ekkert haft sig í frammi gagnvart Ingunni. Atgangan hefði síðan borist frá torginu, yfir Suðurgötu og haldið þar áfram niður eftir gangstétt að húsinu nr. 62. Þar hefði ákærða Linda Dögg gengið að Ingunni, tekið í hárið aftan á hnakka hennar, keyrt höfuð hennar niður og sparkað öðru hnénu upp á móti. Vitnið treysti sér ekki til að fullyrða, hvort hné eða læri ákærðu hefði lent á höfði Ingunnar, en höggið verið þungt og komið á hægri hluta höfuðs. Vitnið kvað háan smell hafa heyrst við höggið, og hefði Ingunn öskrað og gripið um höfuðið, greinilega kvalin. Ákærða Linda Dögg hefði farið af vettvangi strax á eftir. Vitnið kvaðst hafa verið í rúmlega eins metra fjarlægð frá ákærðu og Ingunni og því séð atvikið greinilega.

Vitnin Ásgeir og Reynir gáfu nær samhljóða skýrslu fyrir dómi. Vitnin báru, að þau hefðu fyrst séð til ákærðu G, B og R fyrir utan verslun Guðmundar B. Hannah. Þar hefðu þær verið að rífast við Ingunni Guðmundu. Hvorugt vitnanna varð vart við, að ákærðu spörkuðu þar í Ingunni, en bæði kváðust þau hafa séð ákærðu G og B slá hana. Vitnið Reynir kvað ákærðu R einnig hafa tekið þátt í þeirri atlögu. Það kvaðst ekki vita, hvort ákærðu hefðu lamið Ingunni með krepptum hnefa eða slegið hana flötum lófa. Höggin hefðu a. m. k. ekki virst vera þung. Vitnið Ásgeir kvað höggin ekki hafa verið greidd með hnefa. Vitnin báru bæði, að ákærða Linda Dögg hefði ekki átt þarna hlut að máli. Vitnin kváðust skömmu síðar hafa heyrt smell og litið þangað, sem hljóðið barst frá. Sáu vitnin þá Ingunni grípa um höfuð sér fyrir utan Suðurgötu 62. Vitnið Reynir kvað hana jafnframt hafa öskrað. Vitnið bar, að það hefði staðið hinum megin götunnar, í u. þ. b. 10

metra fjarlægð, er það heyrði fyrrgreindan smell. Vitnið Ásgeir kvaðst hafa staðið u. þ. b. þrjá metra frá og líkti smellinum við hljóð, „eins og heyrist, þegar slegið er í höfuð einhvers“. Vitnin fréttu bæði strax á eftir, að ákærða Linda Dögg myndi hafa gefið Ingunni svokallað „hnéspark“.

Vitnið Daníel Viðarsson, kt. 180180-5839, bar fyrir dómi, að það hefði greint sinn verið að koma fyrir hornið á mótum Mánabrautar og Suðurgötu, er það sá ákærðu Lindu Dögg sparka með hné í höfuð Ingunnar Guðmundu við húsið nr. 62 við Suðurgötu. Vitnið mundi ekki, hvort og þá hver viðbrögð Ingunn hefði sýnt við högginu. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærðu G og R á vettvangi, en ákærða B hefði staðið þar hjá ásamt fleira fólki.

Vitnið Anna Sigríður Jóhannesdóttir, sem fyrr er getið, bar fyrir dómi, að það hefði greinda nótt milli kl. 2 og 3 komið að Ingunni og ákærðu B fyrir utan heimili sitt að Suðurgötu 62 b. Hefði Ingunn hríðskolfið, verið grátandi og virst miður sín. Vitnið hefði því farið með hana inn í þvottahús, en þaðan hefði Eva Brá Hallgrímsdóttir farið með hana á sjúkrahús.

Ingunn Guðmunda Pétursdóttir gaf skýrslu fyrir dómi. Vitnið mundi lítið eftir málsatvikum greinda nótt, en rámaði þó í, að ákærða G hefði gefið því „hnéspark“ fyrir aftan verslunina Ozone. Þá mundi vitnið eftir einhverju rifrildi við ákærðu B við verslun Guðmundar B. Hannah. Vitnið kvaðst ekki muna eftir að hafa átt nokkur samskipti við ákærðu R, en bar, að ákærða Linda Dögg hefði veitt því „hnéspark“ í höfuðið við húsið nr. 62 við Suðurgötu. Vitnið kvað höggið hafa verið þungt, og hefði það dofnað mjög í höfðinu strax á eftir. Vitnið kvaðst lítið muna, hvað síðan gerðist, en rámaði þó í að hafa sömu nótt farið einu sinni á sjúkrahúsið og einnig inn á heimavist fjölbrautaskólans. Vitnið kvaðst enga skýringu kunna á háttsemi þeirri, sem ákærðu væri gefin að sök í málinu.

Þórir Ragnarsson, heila- og taugaskurðlæknir, kt. 180752-2429, gaf skýrslu fyrir dómi vegna málsins. Vitnið bar, að sér hefði komið á óvart, að ekki skyldu hafa greinst marblettir á lærum og kálfum Ingunnar Guðmundu við læknisskoðun á Akranesi, enda ættu marblettir á húð almennt að koma fram innan mínútna eða klukkustundar frá áverka. Vitnið taldi líklegt, að áverki á höfði Ingunnar, þ. e. brot í höfuðkúpu, hefði stafað af „sljóum hlut eða fyrirbæri“. Áverkinn hefði því getað verið af völdum sparks eða annars höggs, s. s. við það, að viðkomandi félli í götuna. Vitnið taldi langlíklegast, að áverkinn hefði hlotist af höggi á hægra gagnaugasvæði, þ. e. fyrir ofan eða framan við eyra. Vitnið neitaði þó ekki, að högg annars staðar á höfuð, s. s. enni, gæti valdið sprungumyndun við gagnauga. Slíkt stafaði af því, að við ákomu dreifðist höggkrafturinn hringinn í kring-

um höfuðið og kæmi út, þar sem höfuðbeinið er veikast. Vitnið kvað bein oft vera næfurþunnt á gagnaugasvæði höfuðs, og þyrfti þá ekki sérlega þungt högg, til að sprunga myndaðist í beininu. Vitnið kvað misjafnt, hversu langur tími liði, frá því að höfuðbein brysti og þar til fólk kenndi sér alvarlegs meins. Slíkt réðist af því, hvort um bláæð eða slagæð væri að ræða og hversu mikil blæðing væri. Ef blæðing væri mikil, gæti sá, er áverka hlyti, misst meðvitund strax og ekki vaknað aftur. Einnig væri vel þekkt, að maður rotaðist stutta stund, en vaknaði síðan aftur með heilahristingseinkenni og væri þá alveg eðlilegur um tíma, en hrakaði síðan á næstu mínútum, klukkustundum eða jafnvel sólarhringum þar á eftir, allt eftir því, hversu hröð blæðing og blóðsöfnun í höfðinu væri. Í tilfelli Ingunnar hefði blæðing stafað frá nokkuð stórri slagæð í ystu heilahimnu, sem kölluð sé bast, en blæðing þaðan sé gjarnan talsvert mikil og fylgi því mikill slagæðaþrýstingur. Basthimnan innan á höfuðkúpunni sé verulega mikið föst og haldi þannig á móti, en smám saman rífi þrýstingur frá blæðingunni þó upp himnuna frá innhveli höfuðkúpunnar, og myndist þá blóðköggull milli beinsins og þessarar ystu himnu. Vitnið treysti sér ekki til að meta út frá stærð slagæðar þeirrar, er rofnaði í höfði Ingunnar, eða stærð blóðköggulsins, sem tæmdur var úr höfðinu, hversu löng blæðing hefði verið, áður en aðgerð fór fram. Vitninu fannst þó líklegt, að þar hefði ekki verið um langan tíma að ræða, þ. e. ekki daga, heldur aðeins nokkrar klukkustundir. Aðspurt treysti vitnið sér ekki til að meta, hvort líklegra væri, að meira eða minna en sex klukkustundir hefðu liðið frá myndun áverkans til aðgerðarinnar, og kvað slíkt alltaf myndu vera ágiskun eina. Vitnið sagði algengt, að fólk, sem fengi jafnvel aðeins minni háttar heilahristing, lýsti dofatilfinningu í höfði. Vitnið kvað Ingunni síðast hafa komið í eftirlit til sín 22. eða 23. maí sl. Bati hennar hefði þá verið góður og í samræmi við áætlaðar batahorfur samkvæmt vottorði vitnisins, sem áður er rakið. Samkvæmt upplýsingum Ingunnar og móður hennar hefði þó orðið vart við persónuleikabreytingar, sem lýstu sér í því, að Ingunn ætti erfitt með minni, einbeitingu, úthald og þrek.

V.

Í álitsgerð Jónasar G. Halldórssonar, sérfræðings í klínískri taugasálfræði og fötlun, dagsettri 8. september 1996, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, kemur fram, að hann hafi lagt ýmis próf fyrir Ingunni Guðmundu og gert á henni taugasálfræðilega athugun. Í niðurstöðu álitsgerðarinnar segir meðal annars, að Ingunn hafi orðið fyrir alvarlegum heilaáverka og athugunin leitt í ljós skerta starfsemi vegna áverkans, og megi enn sjá eftirstöðvar

þess. Tengist eftirstöðvarnar einkum hraða og skipulagi í hugarstarfi, sjálfsstjórn, vinnsluminni, skammtímaminni, einbeitingu, úthaldi og hreyfiþáttum. Þá sýni niðurstaða greindarprófs málhömlunarmynstur. Einnig er lýst skapgerðarbreytingum og atferliserfiðleikum vegna skertrar sjálfsstjórnar, sem komi niður á félagslegri aðlögunarhæfni. Í niðurlagi álitsgerðarinnar segir svo:

„Á sumum sviðum hafa framfarir verið góðar frá því í mars, en minni framfarir eru á öðrum sviðum, t. d. hvað snertir sjálfsstjórn og einbeitingu. Of snemmt er að dæma um fullar afleiðingar heilaáverka Ingunnar. Það á eftir að koma í ljós, hvernig gengur að takast á við nám og störf. Einnig á eftir að koma í ljós, hvernig gengur í félagslegri aðlögun meðal jafnaldra. Einkenni frá framheila valda áhyggjum, þar sem vitað er, að einna erfiðast er að takast á við slík einkenni í endurhæfingu eftir heilaáverka og slík einkenni geta valdið auknum og langvarandi aðlögunarerfiðleikum hjá ungu fólki og verulegum vanda við nám og störf. Ingunn mun þarfnast stuðnings, meðferðar og endurhæfingar á næstu mánuðum og árum til að takast á við ofangreinda þætti."

Samkvæmt vottorði Elmars Þórðarsonar, námsráðgjafa við Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi, dagsettu 9. september 1996, var Ingunn Guðmunda skráð í fullt nám við skólann haustið 1995 og stóðst öll próf í desember það ár. Þá hóf hún í ársbyrjun 1996 fullt nám og stundaði það vel til 19. janúar. Hún lauk þó engum áföngum og tók ekki próf við annarlok síðastliðið vor. Á haustönn 1996 var Ingunn skráð í rúmlega 60% nám.

Niðurstöður.

Sannað er með framburði ákærðu G og B, sem er í samræmi við framburð meðákærðu Lindu Daggar og R og fær jafnframt stoð í vætti Kötlu Guðlaugsdóttur, að ákærðu G og B hafi aðfaranótt laugardagsins 20. janúar sl. í félagi ráðist á Ingunni Guðmundu Pétursdóttur bak við húsið nr. 8 við Kirkjubraut og ákærða G slegið hana a. m. k. eitt högg með flötum lófa í andlitið og ákærða B greitt henni a. m. k. eitt hnefahögg í andlitið, áður en þær hrintu Ingunni, svo að hún féll til jarðar. Með játningum ákærðu beggja og játningu meðákærðu R við rannsókn og meðferð málsins, sem eru í samræmi við framburð meðákærðu Lindu Daggar og styðjast einnig við framburð nefndrar Kötlu og vitnanna Sólrúnar Engilbertsdóttur, Erlu Bjarkar Jónasdóttur og Sigrúnar Óskar Kristjánsdóttur, er einnig sannað, að ákærðu aðrar en Linda Dögg hafi, eftir að Ingunn Guðmunda féll til jarðar, í félagi sparkað margsinnis í fætur hennar og búk og ákærða R jafnframt einu sinni laust aftan í höfuð, áður en Ingunni Guðmundu barst utan-

aðkomandi aðstoð og komst undan árásarmönnunum þremur. Með hliðsjón af framburði sömu aðila og fyrirliggjandi niðurstöðum læknisskoðunar á bol og útlimum Ingunnar Guðmundu, annars vegar á Akranesi og hins vegar í Reykjavík, er ósannað, að afleiðingar greindrar árásar hafi verið aðrar og meiri en rúmast innan marka 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981. Ber því að færa framangreinda háttsemi ákærðu G, B og R undir téða lagagrein.

Þá er sannað með játningum ákærðu G og B við rannsókn og meðferð málsins, sem stoð fá í framburði meðákærðu R og vætti Guðmundar Óskars Ragnarssonar, Ásgeirs Sævarssonar og Reynis Leóssonar, að ákærðu G og B hafi eftir atlöguna við Kirkjubraut 8 í félagi ráðist á Ingunni Guðmundu hjá verslun Guðmundar B. Hannah við Akratorg og slegið hana þar í andlitið með flötum lófa. Varðar sú háttsemi ákærðu beggja einnig við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Einnig er sannað með játningum ákærðu G, B og R, sem eru í samræmi við framburð meðákærðu Lindu Daggar og studdar vætti Kötlu Guðlaugsdóttur, Sigrúnar Óskar Kristjánsdóttur, Ágústs Þórs Tómassonar og Tómasar Þórs Tómassonar, að ákærðu G, B og R hafi í beinu framhaldi atlögunnar við verslun Guðmundar B. Hannah þrjár í félagi veist að Ingunni Guðmundu með hrindingum við húsin nr. 64 og 62 við Suðurgötu og meðal annars hrint henni utan í rafmagnstengikassa, sem þar er á milli húsanna. Þykir þetta atferli ákærðu þriggja einnig varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða Linda Dögg hefur játað fyrir dómi að hafa umrædda nótt í beinu framhaldi framangreindrar atlögu meðákærðu að Ingunni Guðmundu fyrir framan húsin nr. 64 og 62 við Suðurgötu tekið í hár Ingunnar Guðmundu, sveigt höfuð hennar fram og niður og slegið því í fót sér fyrir ofan hné. Segir ákærða, að enni Ingunnar Guðmundu hafi lent á fæti sér og ákærða við það heyrt smá-„klikk“ í höfði hennar. Hefur ákærða lýst „klikki“ þessu með því að smella fingrum. Þá skýrði hún svo frá við fyrstu yfirheyrslu hjá lögreglu að viðstöddum réttargæslumanni, er borin var undir hana skýrsla meðákærðu B þess efnis, að við höggið hefði heyrst „rosalega hár smellur“ og Ingunn Guðmunda verið mjög ringluð á eftir, að þetta væri rétt lýsing hjá meðákærðu, og gerði ákærða ekki athugasemdir við hana.

Vitnin Ágúst Þór Tómasson og Tómas Þór Tómasson, sem voru í 2-3 metra fjarlægð frá vettvangi, hafa lýst verknaði þessum með þeim hætti, að ákærða Linda Dögg hafi rifið í hár Ingunnar Guðmundu, sveigt höfuð hennar niður og sparkað af miklu afli með hné í höfuðið. Hafi heyrst afar hár smellur við höggið og Ingunn Guðmunda greinilega vankast. Skýrði

Tómas Þór jafnframt svo frá, að augu Ingunnar Guðmundu hefðu rang-hvolfst við höggið.

Vitnið Katla Guðlaugsdóttir kveður ákærðu Lindu Dögg hafa tekið í hnakkann eða hárið á Ingunni Guðmundu, sveigt höfuð hennar niður og um leið sparkað öðru hné sínu mjög fast upp í höfuð Ingunnar Guðmundu, svo að heyrst hafi töluvert hátt „brákuhljóð" eða „beinasmellur". Hafi Ingunn Guðmunda greinilega meitt sig mikið, þar sem hún hafi gripið um höfuð sér og gengið grátandi og hálfbogin bak við húsið nr. 62 við Suðurgötu.

Vitnið Guðmundur Óskar Ragnarsson hefur lýst aðferðinni við sparkið á sama hátt og að ofan greinir. Hafi höggið verið þungt og komið á hægri hluta höfuðs Ingunnar Guðmundu. Hár smellur hafi heyrst við höggið og Ingunn Guðmunda öskrað og gripið um höfuðið, greinilega kvalin.

Vitnið Daníel Viðarsson hefur einnig borið, að það hafi séð, er ákærða Linda Dögg sparkaði með hné í höfuð Ingunnar Guðmundu greint sinn.

Þá hefur vitnið Sigrún Ósk Kristjánsdóttir greint frá því, að það hafi séð ákærðu Lindu Dögg taka í höfuð Ingunnar Guðmundu og gefa henni „hné-spark", og hafi greinilegur smellur heyrst við höggið.

Að lokum hafa vitnin Ásgeir Sævarsson, Erla Björk Jónasdóttir og Reynir Leósson öll skýrt frá því, að þau hafi heyrt smell, er umrætt högg varð. Báru bæði Ásgeir og Reynir, að Ingunn Guðmunda hefði gripið um höfuð sér eftir höggið, og vitnið Reynir segir hana jafnframt hafa öskrað.

Sannað er með ofangreindu trúverðugu vætti Ágústs Þórs Tómassonar, Tómasar Þórs Tómassonar, Kötlu Guðlaugsdóttur, Guðmundar Óskars Ragnarssonar, Daníels Viðarssonar og Sigrúnar Óskar Kristjánsdóttur, að ákærða Linda Dögg hafi greint sinn gefið Ingunni Guðmundu hnéspark í höfuðið með þeim hætti, sem í ákæru greinir. Fær sú niðurstaða jafnframt stoð í vætti Ásgeirs Sævarssonar, Erlu Bjarkar Jónasdóttur og Reynis Leóssonar svo og framburði ákærðu sjálfrar um „klikk" það, sem hún hefur líkt eftir með því að smella fingrum og segir hafa komið við höggið.

Vitnið Ingunn Guðmunda Pétursdóttir hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að það hafi dofnað mjög í höfðinu strax eftir hnésparkið frá ákærðu Lindu Dögg.

Vitnið Sævar Líndal Helgason, sem ók Ingunni Guðmundu á sjúkrahúsið hið fyrra sinn, kveður henni hafa liðið mjög illa á leiðinni þangað. Hafi hún legið í aftursæti bifreiðar vitnisins á leiðinni á sjúkrahúsið, haldið báðum höndum um höfuðið, grátið og kvartað um, að hún fyndi mikið til í því. Þá sá vitnið Ingunni Guðmundu aftur um klukkan 3.00 um nóttina, og hélt hún þá enn um höfuð sér.

Vitnið Eva Brá Hallgrímsdóttir hefur skýrt svo frá, að Ingunn Guð-

munda hafi, strax eftir að þær voru komnar út af sjúkrahúsinu, kvartað um höfuðverk og sagt, að sér væri kalt og flökurt.

Vitnið Indriði Ragnar Grétarsson hitti Ingunni Guðmundu, eftir að hún kom út af sjúkrahúsinu í fyrra skiptið. Leið henni þá mjög illa að sögn vitnisins og kvartaði sífellt um mikinn höfuðverk.

Vitnið Gunnar Örn Pétursson, sem fylgdi Ingunni Guðmundu á heimavistina, eftir að hún kom af sjúkrahúsinu, hefur á sama hátt greint frá því, að eftir að þangað kom, hafi hún sífellt verið að kvarta um höfuðverk, og jafnframt hafi hún haldið um höfuðið.

Í áðurnefndu læknisvottorði Þóris Ragnarssonar frá 20. janúar 1996, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, kemur fram, að höfuðáverki sá, er Ingunn Guðmunda hlaut, hafi verið lífshættulegur og hún verið mjög hætt komin vegna hans, er hún kom á Sjúkrahús Reykjavíkur umræddan morgun, og hefði hún látist, ef aðgerðin hefði ekki verið gerð. Þá hefur læknirinn skýrt svo frá fyrir dómi, að langlíklegast sé, að umræddur höfuðáverki hafi hlotist vegna „beins áverka" á gagnaugasvæðið, en enga ytri áverka hafi verið að sjá á höfði stúlkunnar.

Þegar framangreint er virt heildstætt og sérstaklega haft í huga, að hnéspark það, sem ákærða Linda Dögg veitti Ingunni Guðmundu umrætt sinn, var afar þungt, átta vitni auk ákærðu sjálfrar og meðákærðu B hafa greint frá smelli, sem heyrst hafi við höggið, og Ingunn Guðmunda ber sjálf, að hún hafi dofnað mjög í höfði eftir það, og jafnframt er litið til þess, að fjögur vitni hafa á skilmerkilegan hátt skýrt frá því, að Ingunn Guðmunda hafi kvartað um höfuðverk, allt frá því að hún hlaut höfuðhöggið og þar til hún lagðist til svefns á heimavistinni, auk þess sem vitnið Þórir Ragnarsson hefur borið, að langlíklegast sé, að umræddur áverki hafi komið við högg á hægra gagnaugasvæði Ingunnar Guðmundu, er að mati dómsins komin fram lögfull sönnun, sem ekki verður vefengd með skynsamlegum rökum, fyrir því, að umrætt hnéspark ákærðu Lindu Daggar hafi valdið þeim alvarlega höfuðáverka Ingunnar Guðmundu, sem lýst er í ákæru.

Fullyrt verður af framangreindum læknisvottorðum og dómsframburði vitnisins Þóris Ragnarssonar, að árás Lindu Daggar hefði leitt til dauða Ingunnar Guðmundu, hefði bráðaaðgerð ekki verið gerð á höfði hennar umræddan morgun. Þá var árás ákærðu sérstaklega hættuleg vegna þeirrar aðferðar, er ákærða beitti. Varðar háttsemi ákærðu samkvæmt framansögðu við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Ákærðu G, B og R hafa allar unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981. Þegar refsingar

þeirra eru metnar, verður annars vegar að hafa í huga, að ákærðu réðust að tilefnislausu og í félagi á Ingunni Guðmundu og að atlaga þeirra var einbeitt og nánast samfelld allt frá Kirkjubraut 8 og að Suðurgötu 62 með viðkomu við verslun Guðmundar B. Hannah við Akratorg. Á hinn bóginn ber að taka tillit til mjög ungs aldurs ákærðu. Samkvæmt því þykir refsing þeirra allra hæfilega ákveðin varðhald þrjá mánuði. Vegna ungs aldurs ákærðu og þar sem þær hafa ekki fyrr sætt refsingu af neinu tagi, þykir mega fresta fullnustu refsinga þeirra skilorðsbundið þrjú ár frá birtingu dóms þessa að telja, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu Lindu Dögg, sem orðin var fullra 18 ára, er umræddur atburður varð, verður refsað samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Árás ákærðu var í senn tilefnislaus, hrottafengin og lífshættuleg. Þykir refsing ákærðu samkvæmt því hæfilega ákveðin fangelsi tvö ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist ákærðu frá 21. janúar 1996 og þar til hún var látin laus 16. mars 1996, samtals 56 sólarhringar.

Samkvæmt 165. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 ber að dæma ákærðu Lindu Dögg til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Geirs Þórissonar héraðsdómslögmanns, 175.000 krónur, ákærðu G til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur, ákærðu B til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur, og ákærðu R til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla Gíslasonar héraðsdómslögmanns, 150.000 krónur. Enn fremur greiði ákærðu óskipt 175.000 kr. í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð. Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Það athugast, að vegna embættisanna dómsformanns hefur uppkvaðning dóms dregist lítillega.

Dómsorð:

Ákærða Linda Dögg Ragnarsdóttir sæti fangelsi 2 ár. Til frádráttar refsingunni komi 56 sólarhringa gæsluvarðhaldsvist ákærðu.

Ákærða G sæti varðhaldi 3 mánuði.

Ákærða B sæti varðhaldi 3 mánuði.

Ákærða R sæti varðhaldi 3 mánuði.

Fresta skal fullnustu refsinga ákærðu G, B og R, og falli þær niður að liðnum 3 árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærðu hver fyrir sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða Linda Dögg greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Geirs Þórissonar héraðsdómslögmanns, 175.000 krónur.

Ákærða G greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Ákærða B greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Ákærða R greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla Gíslasonar héraðsdómslögmanns, 150.000 krónur.

Annan sakarkostnað, þar með talin 175.000 króna saksóknarlaun, greiði ákærðu óskipt.

Fimmtudaginn 6. mars 1997.

Nr. 195/1996. **Sveinn H. Skúlason**
(Guðjón Ármann Jónsson hdl.)
gegn
Sparisjóði Hafnarfjarðar
(Valgarður Sigurðsson hrl.)

Skaðabætur. Víxlar. Ábyrgð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1996. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 2.739.489 krónur ásamt dráttarvöxtum af 2.053.389 krónum frá 27. júní 1995 til 4. ágúst sama árs, en af 2.739.489 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi, var Laxalón hf. í samfelldum viðskiptum við stefnda, þar til bú hlutafélagsins var tekið til gjaldþrotaskipta 10. janúar 1991. Meðal annars hafði félagið fram til þess dags tvo tékkareikninga hjá stefnda, og varðar mál þetta annan þeirra, reikning nr. 16111. Tryggingarvíxill sá, sem málsaðilar deila um, var afhentur stefnda 27. febrúar 1986 og var frá þeim tíma í vörslum stefnda, þar til hann var lagður fram í víxilmáli, er lauk með hæstaréttardómi, sem birtur er í H. 1995, 1319. Ekki er ágreiningur um, að víxlinum var ætlað að vera til tryggingar yfirdráttarskuld á nefndum hlaupareikningi, en deilt er um, hvers efnis samningur var um þá tryggingu.

II.

Áfrýjanda hefur ekki tekist að sanna, að umboð það, sem stefndi hafði samkvæmt meginreglum víxilréttar til að gera víxileyðublaðið að fullgildum víxli, hafi fallið niður 20. apríl 1986 eða verið tíma-

bundið á annan hátt. Áfrýjandi hefur ekki heldur sýnt fram á, að heimild stefnda til að halda víxlinum sem tryggingu fyrir yfirdrætti hafi fallið niður við það, að Laxalón hf. lagði 800.000 krónur inn á tékkareikninginn 24. mars 1986, en eftir það var staða reikningsins jákvæð um skeið.

Samkvæmt framangreindu verður að leggja til grundvallar, að umrætt umboð stefnda hafi verið ótímabundið. Er því ekki hald í þeirri málsástæðu, sem áfrýjandi hélt fyrst fram fyrir Hæstarétti, að sá starfsmaður Laxalóns hf., sem annaðist að mestu dagleg viðskipti við stefnda, hafi ekki haft umboð til þess að láta viðgangast, að umdeildur víxill væri notaður til tryggingar skuldbindingum Laxalóns hf. eftir 20. apríl 1986.

Með vísun til þess, sem nú var rakið, verður ekki talið, að áfrýjandi eigi skaðabótakröfu á stefnda á grundvelli þess, að stefndi hafi farið út fyrir umboð sitt.

Áfrýjandi heldur því fram, að stefnda hafi verið skylt að skrá afhendingardag víxilsins sem útgáfudag á víxileyðublaðið, en réttur stefnda hafi því átt að falla niður að ári liðnu. Telja verður, að áfrýjanda hefði verið í lófa lagið að hlutast til um, að eyður á blaðinu yrðu fylltar út, ef hann taldi, að skuldbindingin væri takmörkuð við ákveðið tímabil. Þykir þessi staðhæfing áfrýjanda ekki vera studd neinum haldbærum rökum.

Fallist er á niðurstöðu héraðsdóms um, að ákvæði 4. töluliðar 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda eigi ekki við um lögskipti málsaðila. Á sú mótbára áfrýjanda, að krafa stefnda sé fyrnd samkvæmt lagaákvæði þessu, því ekki við rök að styðjast.

Loks reisir áfrýjandi kröfu um sýknu á því, að meðferð stefnda á tryggingarvíxlinum hafi verið með þeim hætti, að telja megi ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig gagnvart áfrýjanda.Vísar áfrýjandi hér til 36. gr. og 36. gr. a. í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, eins og ákvæðin hljóða eftir breytingar, sem gerðar voru með lögum nr. 11/1986 og 14/1995.

Ákvæði 36. gr. a. laga nr. 7/1936 verður ekki beitt hér þegar af þeirri ástæðu, að áfrýjandi verður ekki talinn í stöðu neytanda í lögskiptum þeim, sem mál þetta er risið af.

Þótt stefndi hafi ekki hlutast til um, að gerður væri skriflegur samningur um, hvernig eða með hvaða skilyrðum mætti nota víxilinn sem tryggingu fyrir skuld á tékkareikningi nr. 16111, og telja verði, að stefndi hafi að því leyti ekki gætt fyllstu krafna, sem gera verður til lánastofnana um vandaða viðskiptahætti, þykja ekki efni til að beita hinu sérstaka heimildarákvæði í 36. gr. laga nr. 7/1936 til að víkja skuldbindingu áfrýjanda til hliðar.

Með þessum athugasemdum verður niðurstaða héraðsdóms staðfest.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af meðferð málsins fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 28. febrúar 1996.

Ár 1996, miðvikudaginn 28. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Gunnari Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. E-1039/95: Sveinn H. Skúlason gegn Sparisjóði Hafnarfjarðar.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. febrúar, var þingfest 19. september 1995.

Stefnandi er Sveinn H. Skúlason bankaútibússtjóri, kt. 100444-5189, Unufelli 10, Reykjavík, og stefndi Sparisjóður Hafnarfjarðar, kt. 610269-5599, Strandgötu 8 – 10, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 2.739.489 krónur, með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 af 2.053.389 krónum frá 27. 6. 1995 til 4. 8. 1995, en af stefnufjárhæð frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

I.

Faðir stefnanda, Skúli Pálsson, stofnaði fiskeldisfyrirtækið Laxalón og rak til margra ára. Upp úr 1980 afhenti hann sonum sínum þremur, Ólafi, Skafta og stefnanda, Sveini, rekstur fyrirtækisins, og stofnuðu þeir með sér sameignarfélag. Hinn 10. janúar 1985 var stofnað samnefnt hlutafélag. Stofnendur voru auk stefnanda Skúli Pálsson, Sveinn Snorrason hrl., Laxalón sf. og Ólafur og Skafti Skúlasynir. Í stjórn voru kosnir Skúli Pálsson, stefnandi og Sveinn Snorrason sem formaður. Hélst þessi stjórn óbreytt til

5. júní 1990, er Sveinn Snorrason gekk úr henni og Skafti Skúlason tók sæti í aðalstjórn. Skúli Pálsson var þá kosinn formaður félagsstjórnar. Félagið var úrskurðað gjaldþrota 10. janúar 1991.

Laxalón hf. var í viðskiptum við stefnda, þegar hlutafélagið var stofnað. Vegna aukinna umsvifa félagsins var þess farið á leit við stefnda, að hann tæki fyrirtækið í afurðalánaviðskipti. Ekki sá stefndi sér fært að verða við þeirri beiðni, og sneri Laxalón hf. sér annað, en hélt áfram tékkaviðskiptum sínum hjá stefnda. Í byrjun árs 1986 fór fyrirtækið formlega fram á yfirdráttarheimild á tékkareikningi sínum. Yfirdráttarheimildin var veitt, að fjárhæð 700.000 krónur, með bókun á stjórnarfundi í Sparisjóði Hafnarfjarðar 27. febrúar 1986 og sparisjóðsstjóra falin framkvæmd hennar. Til tryggingar þessum yfirdrætti lagði fyrirtækið fram tryggingarvíxil, að fjárhæð 800.000 krónur. Var Laxalón hf. greiðandi, Hildur Haraldsdóttir prókúruhafi útgefandi og ábekingar Skúli Pálsson, Sveinn Snorrason og stefnandi. Víxillinn var óútfylltur, að því er varðaði útgáfudag og gjalddaga.

Heimildin var í fyrstu veitt til 20. 4. 1986. Hún var endurnýjuð í 10 daga 1. 12. 1986 til 10. 12. 1986, í 20 daga frá 1. 9. 1987 til 20. 9 1987, í 68 daga frá 12. 4. 1989 til 20. 6. 1989, í 20 daga frá 30. 6. 1989 til 20. 7. 1989, í 40 daga frá 9. 8. 1989 til 20. 9. 1989, í 40 daga frá 9. 10. 1989 til 20. 11. 1989, í 25 daga frá 5. 1. 1990 til 31. 1. 1990 og loks í 90 daga frá 5. 2. 1990 til 5. 5. 1990. Til tryggingar yfirdráttarheimildinni lá víxillinn alltaf inni hjá stefnda. Stefndi gaf víxilinn út, þegar reikningi var lokað 5. maí 1990, og hóf innheimtutilraunir. Gekk dómur í héraði 9. febrúar 1993 og í Hæstarétti 11. maí 1995. Varnir stefnanda komust ekki að í víxilmálinu, og var hann dæmdur til greiðslu víxilsins. Gerði hann upp skuld sína við stefnda 27. júní 1995 með fyrirvara um skaðabótaskyldu stefnda, sbr. málsástæður stefnanda í þessu máli.

II.

Stefnandi heldur því í fyrsta lagi fram, að stefndi hafi bakað sér tjón með saknæmri og ólögmætri notkun víxileyðublaðsins, sem afhent var í febrúar 1986. Ekki hafi verið settur útgáfudagur eða gjalddagi á eyðublaðið, þar sem einn aðili, Sveinn Snorrason, hafi átt eftir að skrifa á það til viðbótar. Hann hafi verið síðasti ábekingur á víxileyðublaðinu og yfirdráttarheimild veitt tímabundið, þegar hann hafði skrifað á eyðublaðið 27. febrúar 1986. Fyrirsvarsmönnum stefnda hafi verið kunnugt um þá forsendu stefnanda og annarra, sem á eyðublaðið skrifuðu, að um tímabundna fyrirgreiðslu hafi verið að ræða.

Afhending víxileyðublaðsins til stefnda hafði falið í sér umboð til útfyllingar gjalddagans, ef ganga þyrfti að tryggingunni vegna yfirdráttarins. Hafi stofnast þannig tryggingar- eða ábyrgðarsamningur milli stefnda annars

vegar og þeirra aðila, sem á víxileyðublaðið skrifuðu, hins vegar. Eftir að greiðsla hafi borist fyrir afurðir Laxalóns hf. í mars, hafi yfirdrátturinn verið greiddur upp með innleggi á reikninginn 24. mars 1986. Eftir þann tíma hafi umboð stefnda til notkunar víxileyðublaðsins sem tryggingar fallið niður, enda efni umboðsins aðeins náð til tryggingar tímabundins yfirdráttar á tékkareikningnum. Tryggingarsamningur sá, sem stofnast hafi á milli stefnanda máls þessa og stefnda, hafi því verið niður fallinn við uppgreiðslu yfirdráttarins 24. mars 1986, og hafi stefnda þá borið að skila víxileyðublaðinu, enda forsendur brostnar fyrir frekari notkun þess. Yfirdráttur hafi verið veittur tímabundið í tvo mánuði í þetta skipti og átt að falla niður 20. apríl 1986. Þegar ný yfirdráttarheimild var veitt fyrirtækinu, hefði verið eðlilegt, að stefndi endurnýjaði umboð sitt til útfyllingar víxilsins.

Stefnandi rökstyður mál sitt í öðru lagi á því, að með áritun sinni á víxileyðublaðið og afhendingu þess til stefnda hafi hann gefið ábyrgðaryfirlýsingu, sem gildi að hámarki í fjögur ár, sbr. ákvæði fyrningarlaga, án tillits til forsendna aðila á því tímamarki, sem yfirlýsingin var gefin. Tryggingarsamningurinn, sem hafi stofnast með afhendingu víxileyðublaðsins, hafi verið tímabundinn miðað við forsendur hans. Stefnda hafi borið sem góðri og gegnri lánastofnun að fylla út réttan útgáfudag þegar við afhendingu víxileyðublaðsins 27. febrúar 1986. Fyrningartími víxils frá útgáfudegi gagnvart ábekingum sé eitt ár, og hafi þá víxilábyrgðin verið niður fallin 28. febrúar 1987. Þar sem þetta hafi ekki verið gert, verði að líta til hinna almennu ákvæða fyrningarlaga um ábyrgðaryfirlýsingar. Afhending víxileyðublaðsins hafi falið í sér umboð til stefnda til útfyllingar útgáfudags og gjalddaga. Ekki verði litið svo á, að það umboð hafi verið ótímabundið og endurnýjast sjálfkrafa í hvert sinn, sem veitt var ný yfirdráttarheimild á tékkareikningi Laxalóns hf. Ábyrgðaryfirlýsingin, sem í afhendingu víxileyðublaðsins hafi falist, fyrnist á fjórum árum samkvæmt ákvæðum fyrningarlaga. Afhending ábyrgðaryfirlýsingar í formi áritunar á víxileyðublaðið 27. febrúar 1986 hafi markað upphaf fyrningartímans, og því hafi ábyrgð stefnanda fyrnst endanlega 28. febrúar 1990.

Stefnandi bendir í þriðja lagi á, að notkun víxileyðublaðsins hafi verið ósanngjörn og andstæð góðri viðskiptavenju og brjóti í bága við 36. gr. samningalaga. Stefndi hafi haft yfirburðaaðstöðu til að kalla eftir tryggingum fyrir hugsanlegum viðskiptum sínum og útlánum til Laxalóns hf., eftir því sem þörf hafi krafið, og jafnframt að endurnýja þá samninga og þau umboð, sem þörf hafi verið á til að fylla út skjöl eða nota löggerninga. Aðstöðumunur aðila í þessum viðskiptum hafi verið gífurlegur, og gera verði þá kröfu til sparisjóða og annarra lánastofnana, að ekki sé gengið á rétt ein-

staklinga með notkun skjala á annan hátt en samkomulag hafi verið um. Lánastofnun, sem fylli út skjal og geri það að viðskiptabréfi, sem hafi sérstaka stöðu, verði að hafa gilt og skýrt umboð til þess. Ef vafi leiki á um, hvort um umboð sé að ræða og útfylling sé í samræmi við tryggingarsamning aðila, verði lánastofnunin að bera sönnunarbyrði fyrir því, að svo hafi verið. Ekki sé hægt að leggja þá sönnunarbyrði á skuldara, sem oftast séu varnarlausir gagnvart lánastofnuninni. Hún hafi tögl og hagldir í þessu efni og liggi oft og tíðum með ýmsa tryggingarpappíra og ábyrgðaryfirlýsingar, sem ákveðnar forsendur og skilyrði liggi á bak við.

Þá bendir stefnandi á, að stefndi hafi ekki lýst kröfu vegna víxilsins í þrotabú Laxalóns hf. Þess vegna hafi stefnandi ekki getað lýst endurkröfu sinni í búið.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

Tjón vegna greiðslu kröfu skv. dómi	2.053.389 krónur
Málsvarnarlaun vegna víxilmálsins	250.000 krónur
Útlagður kostnaður vegna víxilmálsins	86.100 krónur
Miskabótakrafa	350.000 krónur
Samtals	2.739.489 krónur

III.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að bótagrundvöll skorti í máli þessu. Stefnandi hafi sjálfur verið hluthafi og stjórnarmaður í Laxalóni hf. Hann hafi ásamt öðrum fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins gert samning við stefnda með áritun á víxilinn. Samkvæmt 10. gr. víxillaga nr. 93/1933 hafi stefndi haft umboð til að fylla út víxilinn, hvað varðar útgáfudag og gjalddaga. Stefnandi beri ábyrgð á, að víxillinn hafi verið afhentur í þessu formi, og samkvæmt þeim ákvæðum 10. gr. beri stefnandi sönnunarbyrðina fyrir því, að umboðið hafi verið tímabundið. Þá beri stefnandi einnig ábyrgð á því sem stjórnarmaður fyrirtækisins, að það yfirdró reikninginn og að leitað var eftir framhaldi yfirdráttarheimildar og að víxillinn væri til tryggingar. Í ljósi þessa standist ekki sú fullyrðing stefnanda, að stefndi hafi bakað stefnanda tjón með saknæmri og ólögmætri notkun víxileyðublaðsins.

Sú málsástæða stefnanda, að krafan sé fyrnd, standist ekki heldur. Stefndi hafi haft heimild til að setja útgáfudag á víxilinn. Stefnandi hafi afhent stefnda víxilinn í því formi og gefið stefnda heimild til að fylla víxilinn út að þessu leyti. Umboðið hafi verið ótímabundið og ótakmarkað. Missi víxilréttar og frest til sýningar hans beri að telja frá raunverulegum útgáfudegi víxilsins 5. maí 1990. Því sé rangt, að sú ábyrgð, sem stefnandi tók á sig

með undirritun sinni á víxilinn, fyrnist á fjórum árum frá áritun hans á víxilinn. Aðalreglan sé samkvæmt lögum nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, að fyrningarfrestur teljist frá þeim degi, er krafan verður gjaldkræf, sbr. 1. mgr. 5. gr. Eindagi kröfunnar ráði upphafi fyrningarfrests.

Stefndi mótmælir því, að hann hafi brotið gegn 36. gr. samningalaga. Líta verði til þess, að stefnandi sé þrautreyndur bankamaður og hafi haft lögfræðing sér til aðstoðar.

IV.

Heimild til yfirdráttar á tékkareikningi er lánsform, sem hefur tíðkast lengi hjá bönkum og sparisjóðum. Tilgangurinn með þessu lánsformi er að jafna sveiflur hjá reikningshafa og brúa bil, þegar útgjöld verða meiri en tekjur. Algengt hefur verið, að víxlar hafi verið settir til tryggingar. Tryggingarvíxill sá, sem um er deilt í málinu, var afhentur stefnda til tryggingar slíkum viðskiptum. Þessi eyðuvíxill var óútfylltur, hvað varðaði útgáfudag og gjalddaga, og hafði stefndi heimild samkvæmt 10. gr. víxillaga nr. 93/1933 til að fylla í þær eyður. Í dómi Hæstaréttar 11. maí 1995 var víxillinn talinn formlega réttur og réttilega sýndur til greiðslu og stefnandi dæmdur til greiðslu hans. Efnislegar varnir komust hins vegar ekki að í víxilmálinu.

Skaðabótamál þetta styður stefnandi í fyrsta lagi því, að stefndi hafi farið út fyrir umboð sitt við útfyllingu víxilsins, í öðru lagi því, að kröfur stefnda hafi verið fyrndar, og í þriðja lagi því, að stefndi hafi brotið ákvæði 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 í viðskiptum aðila.

Meginmálsástæða stefnanda er sú, að víxillinn hafi verið settur sem trygging í eitt skipti fyrir tímabilið 27. febrúar 1986 til 20. apríl 1986. Eftir það hafi umboðið verið niður fallið og stefnda óheimil notkun víxilsins. Beðið hafi verið um tímabundna fyrirgreiðslu og skuldin síðan greidd upp. Fram kom hjá Sveini Snorrasyni og stefnanda fyrir dómi, að þeir hefðu ekki vitað af því, að fyrirtækið hefði haldið áfram viðskiptum við stefnda og óskað eftir framhaldi yfirdráttar. Hildur Haraldsdóttir var starfsmaður Laxalóns hf. og með prókúruumboð. Hún er eiginkona Ólafs Skúlasonar, sem var hluthafi og framkvæmdastjóri félagsins. Fram kom í yfirheyrslum, að hún sótti um framhald yfirdráttarheimilda. Taldi hún víst, að hún hefði gert stjórnarmönnum grein fyrir öllum bankaviðskiptum félagsins.

Ekki þykir skipta máli, eins og hér háttar, hvort Hildur hafði umboð stjórnar hverju sinni til að sækja um yfirdráttarheimild. Forsvarsmenn stefnda höfðu ekki ástæðu til að ætla annað en prókúruhafi fyrirtækisins hefði þessa heimild, enda um daglegan rekstur fyrirtækis að ræða. Hjá

stefnda lá tryggingarvíxill, sem hafði ekki verið afturkallaður og var ekki takmörkunum háður. Mátti stefndi ætla, að hann stæði áfram sem trygging. Tékkaviðskipti Laxalóns hf. og stefnda höfðu staðið um hríð, þegar Laxalón hf. sótti formlega um yfirdráttarheimild. Yfirdráttarheimildin var veitt af stjórn sparisjóðsins og sparisjóðsstjóra falið að annast framkvæmd hennar. Ekki kom annað fram hjá stefnanda og öðrum, er rituðu nöfn sín á víxilinn, en um venjuleg langtímaviðskipti væri að ræða. Ef um skammtímafyrirgreiðslu hefði verið að ræða, hefði annað lánsform verið nærtækara, t. d. víxill með útgáfudegi og gjalddaga, sem síðar hefði verið unnt að framlengja, ef þörf hefði verið á. Þessi víxill var hins vegar hinn dæmigerði tryggingarvíxill vegna yfirdráttar, án útgáfudags og gjalddaga, ætlaður til langtímaviðskipta og með heimild til þess að breyta honum í víxilskuld samkvæmt 10. gr. víxillaga.

Þá ber einnig að líta til þess, að um fjölskyldufyrirtæki var að ræða. Bróðir stefnanda var framkvæmdastjóri félagsins og mágkona fjármálastjóri og stefnandi í stjórn félagsins. Hann þykir því hafa haft öll tök á að fylgjast með fjármálum félagsins og gera sér grein fyrir þeirri ábyrgð, sem hann gekkst undir með víxilskuldbindingunni, enda þá bankastarfsmaður með viðskiptareynslu.

Því verður talið, að forsvarsmenn stefndu hafi verið grandlausir um þá forsendu stefnanda, að um skammtímaábyrgð væri að ræða. Stefndi þykir því ekki hafa farið út fyrir umboð sitt við útfyllingu víxilsins.

Stefnandi byggir á því, að með áritun sinni á víxileyðublaðið hafi hann gefið út ábyrgðaryfirlýsingu, sem fyrnist á fjórum árum samkvæmt ákvæðum fyrningarlaga. Stefnda hafi borið að setja útgáfudag á víxilinn, þegar hann var afhentur, og við þann dag beri að miða.

Ákvæði víxillaga um fyrningu ganga framar hinum almennu ákvæðum fyrningarlaga. Sá, sem afhendir víxil án útgáfudags og gjalddaga, veitir víxilhafa heimild til að fylla víxilinn út að þessu leyti. Í umboði stefnda fólst, að hann mátti, ef á reyndi, neyta þess úrræðis að breyta yfirdráttarskuldinni í víxilskuld á þeim tíma, sem heimild var útrunnin og reikningur í skuld. Umboðið var ótímabundið og ótakmarkað að þessu leyti.

Ósönnuð þykir sú málsástæða stefnanda, að notkun stefnda á víxileyðublaðinu hafi verið ósanngjörn og andstæð góðri viðskiptavenju og að hún brjóti í bága við 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 14/1995. Þykir nægilega fram komið í málinu, að stefndi fór í öllu að lögum og eftir tíðkanlegum venjum í bankaviðskiptum.

Stefnandi bendir enn fremur á, að þar sem stefndi hafi ekki lýst kröfu vegna víxilsins í þrotabú Laxalóns hf., hafi stefnandi ekki getað lýst endur-

kröfu sinni í búið. Með skírskotun til dóms Hæstaréttar 1994, bls. 1793, verður ekki fallist á þessa röksemd stefnanda, enda fékkst ekkert greitt upp í almennar kröfur við skiptalok 23. janúar 1995. Stefnandi hefur því ekki orðið fyrir tjóni af þessum sökum.

Samkvæmt framansögðu verður stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sparisjóður Hafnarfjarðar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sveins H. Skúlasonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 6. mars 1997.

Nr. 304/1996. **Timburvinnsla H. J. ehf.**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Stórtaki ehf.
(Sveinn Skúlason hdl.) **og**
Stórtak ehf.
gegn
Timburvinnslu H. J. ehf. og
Hjörleifi Júlíussyni

Verksamningur. Aðild. Vanreifun. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi, Timburvinnsla H. J. ehf., skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. ágúst 1996 og krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda, Stórtaks ehf., en til vara, að þær verði lækkaðar verulega. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi, Stórtak ehf., skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. febrúar 1997 að fengnu áfrýjunarleyfi, og varð það mál nr. 75/1997. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er varðar Timburvinnslu H. J. ehf., og að stefndi Hjörleifur Júlíusson verði dæmdur in solidum ásamt Timburvinnslu H. J. ehf. til þess að greiða sér hinar dæmdu kröfur. Til vara krefst hann staðfestingar héraðsdóms. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Hjörleifur krefst staðfestingar héraðsdóms, að því er sig varðar, en til vara, að kröfur þessa áfrýjanda verði lækkaðar. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málin voru sameinuð og flutt sem eitt mál fyrir Hæstarétti.

I.

Eftir uppsögu héraðsdóms komu fyrir héraðsdóm til skýrslugjafar Sverrir Sverrisson húsasmiður og Steingrímur Þórarinsson, faðir Þórarins Steingrímssonar, forsvarsmanns Stórtaks ehf. Sverrir, sem

áfrýjaði ekki héraðsdómi á hendur sér, bar fyrir dómi, að hann hefði fengið Hjörleif Júlíusson með sér í framkvæmdir, sem um ræðir í málinu og lýst er í héraðsdómi. Lóðir að Grundarsmára 8-14 í Kópavogi hafi verið færðar af hans nafni yfir á fyrirtæki Hjörleifs, Timburvinnslu H. J. hf., og Hjörleifur boðist til að fjármagna dæmið og útvega efni og timbur. Sjálfur hafi Sverrir kannað verð á grefti, og hafi það á nokkrum stöðum verið „hundrað kall upp á bakka". Hann hafi hitt Þórarin Steingrímsson, sem boðið hafi „50 kall upp á bakka". Hann hafi þá hringt í Hjörleif og sagt honum tölurnar, sem honum hafi litist mjög vel á. Hjörleifur hafi í símtalinu beðið sig að ganga frá samningi við Þórarin, sem hann hafi gert. Hjörleifur hafi aldrei dregið umboð hans til að gera samninginn í efa, fyrr en til málaferlanna var komið. Hann bar og, að verkið hefði fengist ódýrt og magntölur séu réttar.

II.

Svo sem í héraðsdómi greinir, reisir Stórtak ehf. kröfur sínar á hendur gagnaðilum sínum á verksamningi, sem undirritaður var 10. júní 1994 af Þórarni Steingrímssyni og Sverri Sverrissyni. Verktaki er þar nefndur Þórarinn, en verkkaupar Hjörleifur Júlíusson og Sverrir. Af hálfu Stórtaks ehf. hefur því verið lýst, að það hafi fengið verkið framselt frá Þórarni strax í upphafi, og hafi framkvæmdirnar verið í nafni þessa félags. Virðist af hálfu Stórtaks ehf. gert ráð fyrir því, að það hafi getað tekið við framkvæmdunum samkvæmt verksamningnum án samþykkis verkkaupa.

Stórtak ehf. reisir kröfur sínar á hendur Timburvinnslu H. J. ehf. einkum á því, að þessi aðili hafi gengið inn í verksamninginn, enda hafi Kópavogsbær samþykkt, að hann yrði skráður lóðarhafi 28. apríl 1994, og lóðarhafi sé ávallt greiðsluskyldur, þegar unnið sé á lóð hans. Auk þessa byggir Stórtak á því, að Timburvinnslan hafi greitt 100.000 krónur inn á verkið 4. nóvember 1994.

Svo sem að ofan greinir, hefur Sverrir Sverrisson nú komið fyrir dóm og lýst því, með hvaða heimild hann taldi sig semja við Þórarin Steingrímsson fyrir sína hönd og Hjörleifs Júlíussonar. Hjörleifur neitaði því við aðalmeðferð málsins í héraði að hafa veitt Sverri slíkt umboð.

Fyrir Hæstarétti styður Stórtak ehf. enn fremur kröfu sína á

hendur Timburvinnslu H. J. ehf. og stefnda Hjörleifi á því, að þeir myndu auðgast á hans kostnað, ef krafa hans á hendur þeim næði ekki fram að ganga. Við munnlegan málflutning í Hæstarétti var því lýst yfir, að málsástæða þessi hefði komið fram við munnlegan málflutning í héraði, en hennar er að engu getið í héraðsstefnu, og liggja engin gögn fyrir um þá auðgun, sem Stórtak ehf. telur umrædda gagnaðila sína hafa notið. Þá hefur ekkert verið rökstutt, á hvaða grunni stefndi Hjörleifur hafi getað talist auðgast af verkinu.

Áfrýjandi, Timburvinnsla H. J. ehf., og Hjörleifur Júlíusson hafa báðir mótmælt aðild Stórtaks ehf. og hafnað eigin aðild sinni að málinu. Þegar allt ofangreint er virt, verður að telja, að málatilbúnaður Stórtaks ehf. á hendur þessum aðilum sé að þessu leyti svo vanreifaður, að ekki hafi verið unnt að leggja á hann dóm. Verður ekki hjá því komist að vísa kröfum hans á hendur þessum aðilum sjálfkrafa frá héraðsdómi, en hinn áfrýjaði dómur stendur óraskaður gagnvart Sverri Sverrissyni.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður þessara aðila í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Kröfum áfrýjandans Stórtaks ehf. á hendur stefndu, Timburvinnslu H. J. ehf. og Hjörleifi Júlíussyni, er sjálfkrafa vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður milli þessara aðila í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. júlí 1996.

Mál þetta var dómtekið 28. júní 1996 að lokinni aðalmeðferð.

Stefnandi er Stórtak hf., kt. 461094-2799, Búðarbraut 8, Búðardal.

Stefndu eru Timburvinnsla H. J. hf., kt. 421193-2319, Ennisbraut 1, Blönduósi, Hjörleifur Júlíusson, kt. 200653-5569, Mýrarbraut 23, Blönduósi, og Sverrir Sverrisson, kt. 030364-5119, Vallarási 4, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu skuldar, að fjárhæð 1.589.094 kr., með vanskilaársvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. júní 1995 til greiðsludags. Þess er krafist, að vanskilavextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, sbr. 12. gr. sömu laga. Krafa þessi er að frádreginni innborgun að fjárhæð 100.000 kr. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefndu Timburvinnslu H. J. hf. og Hjörleifs Júlíussonar eru þær aðallega, að þeir verði alsýknaðir af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og stefnanda gert að greiða báðum stefndu málskostnað [...].

Til vara krefjast framangreindir stefndu þess, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og aðeins teknar til greina að óverulegu leyti og að málskostnaður verði þá felldur niður.

Af hálfu stefnda Sverris Sverrissonar var ekki sótt þing og engar kröfur gerðar.

Sættir voru reyndar með aðilum án árangurs.

I.

Málavextir eru þeir, að stefnandi vann jarðvinnu vegna byggingar íbúðarhúsa við Grundarsmára 8, 10, 12 og 14 í Kópavogi. Um var að ræða gröft fyrir nefndum húsum, tilfærslu á grjóti eftir fleygun, akstur með jarðvegsefni ásamt fleira.

Til grundvallar verkinu var gerður verksamningur 10. júní 1994, þar sem Þórarinn Steingrímsson er tilgreindur verktaki, en stefndu Hjörleifur Júlíusson og Sverrir Sverrisson eru nefndir verkkaupar. Samningurinn er undirritaður annars vegar af Þórarni Steingrímssyni sem verktaka og Sverri Sverrissyni f. h. verkkaupa. Þórarinn Steingrímsson lét síðan stefnanda annast verkið af hálfu verktaka, sem gaf út reikning fyrir heildarverkinu. Stefndu greiddu inn á verkið 100.000 kr. 15. nóvember 1994.

Með bréfi, dagsettu 19. júlí 1995, skoraði stefnandi á stefndu að greiða skuldina, og var bréfið ítrekað 4. ágúst 1995 án árangurs. Reikningurinn fékkst ekki greiddur, og þingfesti stefnandi mál þetta á hendur stefndu á reglulegu dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur 19. desember 1995.

II.

Stefnandi vísar til þess, að til grundvallar því verki, sem unnið hafi verið, hafi verið verksamningur, dagsettur 10. júní 1994. Dómkröfur sínar reisir stefnandi á reikningi á hendur stefndu, dagsettum 15. júní 1995, að fjárhæð 1.589.094 kr. Á fundi með Þórarni Steingrímssyni og stefnda Hjörleifi 12. september 1995 hafi þeim síðarnefnda verið afhentur heildarreikningur fyrir verkið og gefinn kostur á að gera athugasemdir við hann, sem stefndi Hjörleifur hafi ætlað að gera, eftir að hann hafði ráðfært sig við stefnda Sverri. Ekki hafi komið fram neinar athugasemdir af hálfu stefndu við reikninginn, og hafi stefndi Hjörleifur ætlað að hafa samband við lögmann stefnda til greiðslu á skuldinni, en ekki gert það þrátt fyrir nokkrar yfirlýsingar í þá átt.

Um lagarök vísar stefnandi til almennra reglna samninga- og kröfuréttar

um greiðsluskyldu skuldara og til verksamnings. Þá er vísað til laga nr. 91/1991 um rekstur málsins.

III.

Stefndu Timburvinnslan H. J. hf. og Hjörleifur Júlíusson styðja kröfu sína um sýknu því, að stefnandi tilgreini Timburvinnslu H. J. hf. ekki sem verkkaupa samkvæmt verksamningi þeim, sem hann reisi kröfur sínar á. Stefndi Hjörleifur hafi ekki heldur verið aðili að þeim verksamningi, enda samningurinn hvorki undirritaður af honum né neinum, sem hafi haft til þess umboð. Hvorugur þessara stefndu hafi því tekið á sig greiðsluskuldbindingar gagnvart stefnanda, sem sé ekki heldur aðili umrædds verksamnings, og hafi ekki gerst verkkaupar að því verki, sem unnið hafi verið.

Stefndu Timburvinnsla H. J. hf. og Hjörleifur Júlíusson kveðast hafa átt viðræður við lögmann stefnanda til lausnar málsins og boðið, að krafa Timburvinnslu H. J. hf. vegna fram lagðs reiknings á dskj. nr. 13 kæmi til skuldajafnaðar kröfum stefnanda og málið félli niður, en það hafi ekki verið samþykkt. Einnig hafi framangreindir stefndu reynt að gera upp umrædd viðskipti við stefnda Sverri Sverrisson, en stefnandi hafi ekki heldur fallist á það.

Varakröfu sína byggja framangreindir stefndu á því, að kröfugerð stefnanda sé röng. Verðlagning stefnanda á umræddu verki sé gagnrýnisverð og sundurliðun verkþátta og einingaverð sé rangt og bersýnilega ósanngjarnt, en tilgreint verð sé mun hærra en hægt sé að fá sambærilega vinnu keypta fyrir.

Þá sé hvergi í gögnum málsins að finna framsal á umræddum verksamningi né heimild til slíks.

Um lagarök vísa stefndu Timburvinnsla H. J. hf. og Hjörleifur Júlíusson til reglna samninga- og kröfuréttar, svo sem ákvæða laga nr. 7/1936 og laga nr. 39/1922, einkum til ákvæða II. kafla laga nr. 7/1936 um umboð, sbr. 10.–28. gr. laganna. Þá er og vísað til ákvæða laga nr. 91/1991, einkum varðandi aðalkröfur til 2. mgr. 16. gr. laganna. Um málskostnað er vísað til málskostnaðarreiknings lögmanns beggja stefndu svo og til ákvæða XXI. kafla laga nr. 91/1991 og III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum.

IV.

Dómkröfur stefnanda lúta aðallega að því, að stefndu greiði 1.589.094 kr. með dráttarvöxtum. Stefnufjárhæðin er hin sama og tilgreind er á fram lögðum reikningi, og verður því að líta svo á, að hér sé um málsástæðu stefnanda samkvæmt stefnunni að ræða.

Fram lagður reikningur, dagsettur 15. júní 1995, er gefinn út vegna vinnu,

sem unnin er samkvæmt fram lögðum verksamningi, dagsettum 10. júní 1994. Styður stefnandi kröfur sínar því, að verksamningurinn liggi til grundvallar því verki, sem unnið var. Verktaki samkvæmt samningnum er Þórarinn Steingrímsson, en kröfuhafi samkvæmt reikningnum er stefnandi Stórtak hf. Þórarinn kom fyrir dóminn við aðalmeðferð málsins og bar, að stefnandi hefði tekið við verkinu af sér og þannig orðið eigandi kröfu samkvæmt verksamningnum. Með vísan til gagna málsins og framburðar aðila og vitna fyrir dóminum verður ekki séð, að mótmæli hafi komið fram gegn aðild stefnanda að kröfunni, hvorki á fundum með lögmanni stefnanda né þegar innborgun var innt af hendi inn á reikning stefnanda í nóvember 1995. Samkvæmt meginreglum íslensks kröfuréttar er kröfuframsal heimilt, og þarf ekki til að koma samþykki skuldara. Verður því ekki fallist á sýknukröfu stefndu vegna aðildarskorts sóknar megin.

Í verksamningnum eru stefndu Hjörleifur Júlíusson og Sverrir Sverrisson tilgreindir sem verkkaupar. Undir samninginn ritar stefndi Sverrir f. h. verkkaupa. Gegn eindreginni neitun stefnda Hjörleifs verður ekki talið sannað, að stefndi Sverrir hafi haft umboð til undirritunar fyrir hans hönd, en stefndi Sverrir kom ekki fyrir dóminn til skýrslutöku, enda varð útivist af hans hálfu í málinu. Verður því ekki séð, hverju aðild stefnda Hjörleifs að máli þessu tengist, og ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Að því er varðar aðild stefnda Timburvinnslu H. J. hf., verður að líta til þess, að samkvæmt fram lögðum lóðarleigusamningum vegna lóðanna nr. 8, 10, 12 og 14 við Grundarsmára varð stefndi Timburvinnsla H. J. hf. leigutaki í stað stefnda Sverris, sem upphaflega fékk lóðunum úthlutað. Þá bar stefndi Hjörleifur hér fyrir dóminum, að innborgun inn á verkið í nóvember 1994 hefði verið greidd úr tékkhefti Timburvinnslu H. J. hf. Að þessu athuguðu þykir því verða að gera ráð fyrir því, að stefndi Timburvinnsla H. J. hf. hafi gengið inn í umstefndan verksamning með stefnda Sverri og beri því greiðsluskuldbindingar samkvæmt samningnum. Timburvinnsla H. J. hf. telst því réttur aðili að þessu máli.

Stefndu Hjörleifur og Timburvinnsla H. J. hf. gera þá varakröfu, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar. Af hálfu þeirra var lagður fram reikningur á hendur Stórtaki hf., dagsettur 1. janúar 1996, að fjárhæð 1.554.850 kr., vegna timburúttektar Ágústs Skarphéðinssonar. Ágreiningslaust er, að Stórtak hf. heimilaði, að timburúttektin yrði skuldfærð á fyrirtækið, en reikningsfjárhæðinni var mótmælt sem allt of hárri. Vitnið Ágúst Skarphéðinsson bar hér fyrir dóminum, að fjárhæð reikningsins væri allt of há miðað við það timbur, sem hann tók við frá stefnda Timburvinnslu H. J.

hf. Kvaðst hann hafa fengið timbur fyrir eitthvað á annað hundrað þúsund krónur. Með vísan til þessa þykja atvik málsins að þessu leyti of óljós, til þess að unnt sé að taka afstöðu til reikningsins, enda hefur ekki verið gerð formleg skuldajafnaðarkrafa í málinu. Fram er komið og ómótmælt, að verk það, sem stefnt er til greiðslu fyrir, var unnið. Þá er einnig ljóst, að fram lagður reikningur er í samræmi við fram lagða vinnuseðla, og þeir hafa ekki verið vefengdir. Þykja því engin efni til að lækka kröfur stefnanda.

Með vísan til framanritaðs er niðurstaða dómsins sú, að stefndu Timburvinnslu H. J. hf. og Sverri Sverrissyni beri in solidum að greiða stefnanda umkrafða fjárhæð að frádreginni innborgun, að fjárhæð 100.000 kr., eins og nánar greinir í dómsorði, en stefndi Hjörleifur Júlíusson skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda.

Samkvæmt niðurstöðu málsins skulu stefndu Timburvinnsla H. J. hf. og Sverrir Sverrisson greiða stefnanda, Stórtaki hf., 200.000 kr. í málskostnað.

Arnfríður Einarsdóttir, settur héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi Hjörleifur Júlíusson skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Stórtaks hf.

Stefndu Timburvinnsla H. J. hf. og Sverrir Sverrisson greiði in solidum stefnanda, Stórtaki hf., 1.489.094 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. júní 1995 til greiðsludags, og er heimilt að höfuðstólsfæra áfallna dráttarvexti að liðnum hverjum tólf mánuðum frá upphafsdegi vaxtanna.

Stefndu Timburvinnsla H. J. hf. og Sverrir Sverrisson greiði stefnanda 200.000 kr. í málskostnað.

Föstudaginn 7. mars 1997.

Nr. 102/1997. **Niflungar ehf.**
(Einar Sigurjónsson hdl.)
gegn
tollstjóranum í Reykjavík

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Endurupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 3. mars 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 5. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. febrúar 1997, þar sem hafnað er kröfu sóknaraðila um endurupptöku á meðferð kröfu um gjaldþrotaskipti á búi hans, en búið var tekið til skipta með úrskurði 23. janúar 1997. Kæruheimild er í 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og endurupptaka málsins verði heimiluð. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. febrúar 1997.

Með bréfi, sem barst dóminum 10. þ. m., fór Einar Sigurjónsson hdl. þess á leit f. h. Niflunga ehf., kt. 690693-2409, að endurupptekið yrði mál nr. G-953/1996: Krafa tollstjórans í Reykjavík um, að bú Niflunga ehf. yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 23. janúar sl.

Beiðnin var tekin fyrir á dómþingi 12. þ. m. að viðstöddum framangreindum lögmanni og umboðsmanni skiptabeiðanda, sem mótmælti kröfunni.

Í bréfi lögmanns Niflunga ehf. kemur fram, að stjórnarformaður félagsins

hafi fengið vitneskju um töku bús félagsins til gjaldþrotaskipta, er skiptastjóri boðaði hann til skýrslutöku 30. janúar sl. Ástæða endurupptökubeiðninnar sé stórkostlegur misskilningur stjórnarformanns félagsins um þýðingu þeirra réttarfarsaðgerða, sem fram hafi farið gagnvart félaginu fram að úrskurði.

Þegar fjárnám var gert 10. maí sl., hafi láðst að fjalla um eign félagsins, kvikmyndina Nifl, en gerð hennar hafi kostað u. þ. b. 16 milljónir króna. Þessi atriði hafi ekki verið metin til fjár og tilraun ekki verið gerð til þess. Því þyki sýnt, að ekki hafi verið gætt nægilega að tilgreiningu eigna félagsins við fjárnámsgerðina.

Þá sé þess að geta, að krafa tollstjórans í Reykjavík sé áætluð, að því er varðar árin 1995 og 1996. Hafi skuldari ekki haft tök á að koma fram leiðréttingu fyrir uppkvaðningu úrskurðar, en við leiðréttingu muni krafan lækka til mikilla muna. Í ljósi þess þyki þær fullyrðingar skuldarans, að unnt hefði verið að tryggja raungildi kröfunnar með aðför í fyrrgreindri kvikmynd, eiga við rök að styðjast og það jafnvel þótt slík lækkun kæmi ekki til.

Heildarskuldir þrotabúsins nemi u. þ. b. 5,2 milljónum króna, og þar af beri stjórnarformaður félagsins persónulega ábyrgð fyrir 4,2 milljónum króna ásamt ættingjum sínum. Aðrar skuldir séu flestar með persónulegri ábyrgð hans. Því muni kröfur, að fjárhæð u. þ. b. 5,2 milljónir króna, falla á stjórnarformann félagsins og ættingja hans vegna beiðni skiptabeiðanda um innheimtu kröfu, sem nemi innan við 200.000 krónum. Viðurhlutamikið sé að gjaldfella þessa fjárhæð á stjórnarformann félagsins með tilliti til hagsmuna skiptabeiðanda.

Þá hafi stjórnarformanninum verið ráðlagt af endurskoðanda sínum að gefa út reikninga vegna vinnu sinnar í þágu félagsins á félagið, og hafi tæp hálf milljón króna verið lögð inn á reikning þrotabúsins í byrjun þessa mánaðar í stað reiknings stjórnarformanns, en laun þessi séu sannanlega sjálfsaflafé stjórnarformannsins.

Um lagarök vísar úrskurðarbeiðandi til 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 3. mgr. 176. gr. og 3. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., en auk þess telji hann nánar tilgreinda dóma Hæstaréttar styðja þá niðurstöðu, að fallast beri á endurupptöku.

Af hálfu skiptabeiðanda er því haldið fram, að lagaskilyrði sé ekki til að verða við beiðni félagsins. Er í því sambandi vísað til dóms Hæstaréttar, upp kveðins 2. október 1996 í máli nr. 360/1996.

Krafa tollstjórans í Reykjavík um, að bú Niflunga ehf. yrði tekið til gjaldþrotaskipta, barst Héraðsdómi Reykjavíkur 29. júlí sl. Hún var tekin fyrir 4.

desember sl., og sótti aðalmaður í stjórn félagsins þing. Óskaði hann eftir fresti, og var meðferð kröfunnar frestað til 3. janúar sl. Þegar málið var tekið fyrir að nýju þann dag, var ekki sótt þing af hálfu félagsins, og var krafan tekin til úrskurðar.

Í úrskurðinum frá 23. janúar sl. kemur m. a. fram, að þar sem skuldari hafi ekki mótmælt kröfu skiptabeiðanda, beri með vísan til 2. mgr. 70. gr. laga nr. 21/1991 að líta svo á, að hann viðurkenni, að fullyrðingar skiptabeiðanda séu réttar. Því væri skilyrðum 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 fullnægt og því orðið við kröfu skiptabeiðanda.

Ráða má af niðurstöðum Hæstaréttar í dómum, sem kveðnir voru upp 9. desember 1992 í máli nr. 427/1992, 12. september 1995 í máli nr. 277/1995 og 6. desember s. á. í máli nr. 397/1995, að 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991 verði beitt, þegar útivist hefur orðið af hálfu skuldara við fyrirtöku kröfu um gjaldþrotaskipti, skv. 3. mgr. 176. gr. og lokamálslið 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991. Réttaráhrif úrskurðar um gjaldþrotaskipti, sbr. 72.-74. gr. laga nr. 21/1991, eru annars eðlis en réttaráhrif dóms eða áritaðrar stefnu í einkamáli. Slíkur úrskurður varðar að jafnaði ekki einungis hagsmuni þrotamanns og skiptabeiðanda, heldur einnig hagsmuni þriðja manns. Auk þess á þrotamaður þess kost að fá eignir búsins afhentar að nýju eftir lok kröfulýsingarfrests með samþykki skiptabeiðanda og annarra, sem lýst hafa kröfunni í þrotabúið skv. ákvæðum 154. gr. laga nr. 21/1991. Í ljósi framanritaðs þykir því ekki unnt að beita 1. mgr. 137. gr., sbr. 138. gr. laga nr. 91/1991, fortakslaust um beiðnir, er varða endurupptöku mála, sem rekin hafa verið skv. lögum nr. 21/1991 og lokið með úrskurði um gjaldþrotaskipti.

Svo sem áður er að vikið, var sótt þing af hálfu Niflunga ehf., þegar krafa skiptabeiðanda var fyrst tekin fyrir 4. desember sl. Fyrirsvarsmaður félagsins óskaði eftir fresti, en mótmælti ekki kröfu skiptabeiðanda. Hefðu mótmæli þá þegar þurft að koma fram skv. 3. og 4. mgr. 70. gr. laga nr. 21/1991. Gegn andmælum skiptabeiðanda hefði fyrirsvarsmaðurinn því ekki komið að mótmælum við kröfunni í seinna þinghaldi, sbr. Hrd. 1995, bls. 26. Ólíklegt verður því að telja, að málsástæður varðandi gildi fyrrgreinds fjárnáms og um eignastöðu félagsins hefðu komist að í málinu, þótt þær hefðu verið settar fram í seinna þinghaldinu og haft í för með sér, að niðurstaða málsins hefði orðið önnur en raun varð á með úrskurðinum frá 23. janúar sl. Hins vegar hefði skiptabeiðandi getað afturkallað kröfu um gjaldþrotaskipti, þar til úrskurður gengi um hana, sbr. 4. mgr. 67. gr. laga nr. 21/1991.

Samkvæmt framansögðu verður ekki hjá því komist að hafna beiðni Niflunga ehf. um endurupptöku á meðferð fyrrgreindrar kröfu.

Júlíus B. Georgsson dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu Niflunga ehf. um endurupptöku málsins nr. G-953/1996: Kröfu tollstjórans í Reykjavík um, að bú Niflunga ehf. verði tekið til gjaldþrotaskipta, er synjað.

Miðvikudaginn 12. mars 1997.

Nr. 99/1997. **Kaupfélag Króksfjarðar**
(Jóhann Þórðarson hrl.)
gegn
Ingrid Ísafold Oddsdóttur
(Ingólfur Hjartarson hrl.)

Kærumál. Innsetningargerð. Aðför.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. febrúar 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 3. mars sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða 12. febrúar 1997, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um, að fram megi fara innsetningargerð til að veita henni umráð yfir inneign, að fjárhæð 382.742,61 króna, á viðskiptareikningi nr. 988700 hjá sóknaraðila. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að kröfu varnaraðila um fyrrgreinda aðfarargerð verði hafnað og henni gert að greiða sér málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðila gert að greiða sér kærumálskostnað.

Eins og þegar verður leitt af framangreindu, beinist krafa varnaraðila um aðfarargerð að því, að henni verði veitt fullnusta á peningakröfu á hendur sóknaraðila, enda er því ekki borið við, að sóknaraðili hafi í vörslum sínum sérgreinda peningaupphæð, sem tilheyri varnaraðila og færa mætti henni í hendur með beinni aðfarargerð samkvæmt 78., sbr. 73. gr. laga nr. 90/1989. Þegar af þessum sökum brestur með öllu skilyrði til að verða við kröfu varnaraðila um aðfarargerð, og verður henni hafnað.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hafnað er kröfu varnaraðila, Ingrid Ísafoldar Oddsdóttur, um, að henni verði með beinni aðfarargerð veitt umráð yfir

inneign á viðskiptareikningi nr. 988700 hjá sóknaraðila, Kaupfélagi Króksfjarðar.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða 12. febrúar 1997.

Ár 1997, miðvikudaginn 12. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð er í dómsal embættisins að Hafnarstræti 1, Ísafirði, af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. A-75/1996: Ingrid Ísafold Oddsdóttir gegn Kaupfélagi Króksfjarðar, sem tekið var til úrskurðar 20. janúar síðastliðinn að loknum munnlegum málflutningi.

I.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómslögmaður krefst þess í málinu, að inneign gerðarbeiðanda, Ingrid Ísafoldar Oddsdóttur, kt. 240345-3669, Múla, Kollafirði, Barðastrandarsýslu, að fjárhæð 382.742,61 króna, á viðskiptareikningi hennar nr. 988700 hjá gerðarþola, Kaupfélagi Króksfjarðar, kt. 680169-2849, Króksfjarðarnesi, Barðastrandarsýslu, sem varðveitt sé á starfsstöð gerðarþola, verði tekin með beinni aðfarargerð úr vörslum hans og fengin lögmanninum í hendur. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Jóhann Þórðarson hæstaréttarlögmaður krefst þess, að synjað verði um innsetningarkröfu gerðarbeiðanda og hún úrskurðuð til greiðslu málskostnaðar.

II.

Gerðarbeiðandi lýsir málsatvikum svo, að hún og eiginmaður hennar, Magnús Helgason, séu með aðskilda viðskiptareikninga hjá gerðarþola, hún með reikning nr. 988700, en þangað fari og hafi einatt farið innlegg og aðrar greiðslur tengdar búrekstri í hennar nafni að Múla í Kollafirði allt frá áramótum 1989/1990, hann með reikning nr. 991980 vegna smíðavinnu í þágu gerðarþola. Samkvæmt reikningsyfirliti Magnúsar, dagsettu 30. júní 1996, hafi skuld hans á viðskiptareikningi numið 1.352.745,98 krónum, en reikningnum hafi gerðarþoli lokað um áramót 1994/1995. Útreikninga þessa telji Magnús vera ranga, og eigi hann þvert á móti mun hærri kröfu á hendur gerðarþola vegna vangreiddra launa og vaxta. Er nú rekið sjálfstætt mál fyrir Héraðsdómi Vestfjarða (málið nr. E-158/1996) vegna þeirra lögskipta. Samkvæmt yfirliti gerðarbeiðanda frá 30. júní 1996 eigi gerðarbeiðandi á hinn bóginn inneign á reikningi sínum hjá gerðarþola, að fjárhæð 382.742,61 króna. Gerðarþoli neiti henni hins vegar um úttekt af reikningnum á þeirri forsendu, að eiginmaður hennar sé í fyrrgreindri skuld við gerðarþola.

Reikningi hennar hafi því einnig verið lokað af hálfu gerðarþola og inneignin notuð til greiðslu ætlaðrar skuldar eiginmanns hennar.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því með öllu hafnað, að hjón beri gagnkvæma og sameiginlega ábyrgð á fjárskuldbindingum sínum. Styðjist það við ákvæði VII. kafla hjúskaparlaga nr. 31/1993, en þar sé aðeins kveðið á um gagnkvæma framfærsluskyldu hjóna. Viðskiptareikningur gerðarbeiðanda, sem sé ígildi bankareiknings, hafi verið hennar eigin, ýmist með skuld eða inneign frá árinu 1990, og lögskiptum eiginmanns hennar og gerðarþola með öllu óviðkomandi. Gerðarþola hafi því verið óheimilt að skuldajafna nefndri inneign hennar á móti ætlaðri og umdeildri skuld eiginmanns hennar, sbr. Hrd. 1992, 1197. Vísar gerðarbeiðandi einnig til 67. og 68. gr. nefndra hjúskaparlaga og telur 69. gr. laganna ekki eiga hér við. Réttur gerðarbeiðanda til að heimta umráð inneignar sinnar sé skýr og ótvíræður, og beri því að heimila aðfarargerð á grundvelli 78. gr. laga um aðför nr. 90/1989.

III.

Gerðarþoli kveður sameiginlega skuld gerðarbeiðanda og Magnúsar, eiginmanns hennar, samkvæmt viðskiptareikningi nema 909.775 krónum miðað við 31. maí 1996. Skuldin sé þannig til komin, að Magnús hafi fyrir nokkru hætt að nota eigin viðskiptareikning í úttektir fyrir heimili hjónanna og stofnað annan reikning í nafni gerðarbeiðanda, þangað sem runnið hafi allt innlegg af búi þeirra að Múla í Kollafirði. Magnús hafi síðan ráðstafað að vild og með vitund gerðarbeiðanda inneign af hinum nýja reikningi í þarfir sameiginlegs heimilishalds þeirra hjóna og rekstrar búsins, en á sama tíma sjálfur verið í stórri skuld samkvæmt eigin reikningi. Miðað við þá notkun Magnúsar á reikningi nr. 988700 beri þau hjónin sameiginlega og gagnkvæma ábyrgð á skuldbindingum sínum gagnvart gerðarþola, og styðjist sú niðurstaða við ákvæði VII. kafla hjúskaparlaga svo og X. kafla sömu laga, einkum 69. gr. laganna. Megi því ljóst vera, að um skilyrði 78. gr. aðfararlaga, sbr. og 83. gr., einkum 3. mgr., sömu laga sé ekki að ræða til að taka til greina aðfararbeiðni gerðarbeiðanda. Beri því lögum samkvæmt að hafna henni.

IV.

Eftir því, sem fram er komið í málinu, stofnaði gerðarbeiðandi sjálfstæðan viðskiptareikning nr. 988700 hjá gerðarþola í ársbyrjun 1990 í tengslum við rekstur lögbýlisins Múla í Kollafirði, sem hún rak í eigin nafni og á eigin skuldaábyrgð. Áður hafði Magnús, eiginmaður hennar, stofnað reikning nr. 991980 í tengslum við eigin vinnu í þágu gerðarþola. Er nú til meðferðar fyrir héraðsdómi ágreiningur milli hans og gerðarþola um stöðu á þeim við-

skiptareikningi og er máli þessu óviðkomandi. Ágreiningur er hins vegar ekki um tilurð og fjárhæð inneignar gerðarbeiðanda á viðskiptareikningi hennar hjá gerðarþola, heldur aðeins, hvort gerðarþola hafi verið, án samþykkis gerðarbeiðanda, heimilt að halda eftir nefndri inneign og nota hana til greiðslu á ætlaðri skuld eiginmanns hennar við gerðarþola. Skipta ákvæði 69. gr. hjúskaparlaga ekki máli í þessu tilliti, heldur aðeins, hvort skilyrði skuldajafnaðar hafi nokkur verið. Með því að ekki hefur verið sýnt fram á, að svo hafi verið, þykir verða að taka kröfu gerðarbeiðanda um innsetningu til greina.

Samkvæmt framangreindum úrslitum málsins þykir rétt, að gerðarþoli greiði gagnaðila sínum 60.000 krónur í málskostnað.

Það athugast, að sökum embættisanna héraðsdómara hefur uppkvaðning úrskurðar í málinu dregist nokkuð.

Úrskurðarorð:

Krafa gerðarbeiðanda, Ingrid Ísafoldar Oddsdóttur, um innsetningu í umráð 382.742,61 króna inneignar, miðað við 30. júní 1996, á viðskiptareikningi nr. 988700 hjá gerðarþola, Kaupfélagi Króksfjarðar, er tekin til greina. Ber samkvæmt því að færa þá fjárhæð úr umráðum gerðarþola og afhenda lögmanni gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda 60.000 krónur í málskostnað.

Miðvikudaginn 12. mars 1997.

Nr. 90/1997. **Ólafur Þorgeirsson**
(Helgi V. Jónsson hrl.)
gegn
Húsfélaginu Álftamýri 32, 34 og 36
(Jón Oddsson hrl.)
og gagnsök

Kærumál. Gagnkæra. Þinglýsing. Fjöleignarhús.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 11. febrúar 1997, sem barst réttinum 26. sama mánaðar ásamt kærumálsgögnum. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. janúar sl., þar sem staðfest er úrlausn þinglýsingarstjórans í Reykjavík frá 1. júlí 1996 um að hafna kröfu sóknaraðila að afmá þinglýsingu eignaskiptasamnings fyrir Álftamýri 32, 34 og 36 í Reykjavík. Kæruheimild er í 5. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, sbr. 1. gr. laga nr. 6/1992. Krefst sóknaraðili þess, að úrlausn þinglýsingarstjórans í Reykjavík um þinglýsingu fyrrgreinds eignaskiptasamnings verði felld úr gildi og að honum verði gert að afmá þinglýsingu samningsins. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur einnig kært úrskurðinn fyrir sitt leyti með kæru 21. febrúar 1997. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, en til vara, að málinu verði vísað frá héraðsdómi. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

I.

Kæra sóknaraðila barst Héraðsdómi Reykjavíkur 11. febrúar 1997, sem var síðasti dagur kærufrests, sbr. 5. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1978. Frestur var því liðinn, er gagnkæra varnaraðila barst héraðsdómi 21. febrúar sl. Um heimild fyrir gagnkæru vísar varnaraðili til 4. mgr. 150. gr. og 3. mgr. 153. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sem hann telur eiga hér við. Verður gagnkæra hans talin

heimil samkvæmt hinum tilvitnuðu lagaákvæðum, svo sem hinu síðargreinda var breytt með 7. gr. laga nr. 38/1994. Er gagnkæran nógu snemma fram komin.

II.

Í hinum kærða úrskurði er þess getið, að 20 íbúðareigendur hafi átt rétt til að reisa bílskúr á lóð fjöleignarhússins nr. 32, 34 og 36 við Álftamýri í Reykjavík. Við niðurröðun reita á lóðinni undir bílskúra árið 1971 hafi réttur til að reisa bílskúr nr. 5, talið frá Kringlumýrarbraut, fallið í hlut sóknaraðila. Þegar til kom, hafi hann lýst sig andvígan því, að bílskúrar yrðu reistir á lóðinni. Í kjölfar þess hafi annar íbúðareigandi í fjöleignarhúsinu reist bílskúr á þeim stað, sem áður hafði fallið í hlut sóknaraðila, en hann vildi ekki nýta. Er þess jafnframt getið í hinum kærða úrskurði, að ágreiningur sóknaraðila við húsfélagið vegna framkvæmda á lóðinni hafi leitt til málaferla, sbr. dóma Hæstaréttar 1984, bls. 1215, og 1988, bls. 1144.

Sóknaraðili hefur lagt ný gögn fyrir Hæstarétt um bílskúrsrétt sinn á lóðinni og samskipti sín við aðra íbúa hússins um það mál. Lýsir hann atvikum svo, að sjö bílskúrar, talið frá Kringlumýrarbraut, hafi fallið í hlut íbúðareigenda við Álftamýri 36, þar sem sóknaraðili býr, en hinir í hlut eigenda íbúða við Álftamýri 32 og 34. Þegar afstaða sóknaraðila til byggingarframkvæmda hafi legið fyrir, hafi hinir bílskúrsrétthafarnir í Álftamýri 36 gert með sér samkomulag um, að þeir, sem áttu byggingarrétt á reitum nr. 6 og 7, færðu sig yfir á reiti nr. 5 og 6. Reistu þeir sex sambyggða bílskúra. Samkvæmt myndum, sem sóknaraðili hefur lagt fyrir Hæstarétt, eru allir skúrarnir á lóðinni reistir í einni röð. Er enn óbyggt á sjöunda reitnum, en réttur til að reisa bílskúr þar er nú tengdur íbúð sóknaraðila, svo sem getur í hinum kærða úrskurði. Reistir hafa verið aðrir bílskúrar á lóðinni frá og með reit nr. 8.

III.

Kröfur sóknaraðila í málinu varða úrlausn þinglýsingarstjórans í Reykjavík 1. júlí 1996. Voru þær hafðar uppi innan þess frests, sem getur í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1978. Hefur héraðsdómari réttilega hafnað kröfu um að vísa málinu frá dómi.

Hinn umdeildi eignaskiptasamningur felur í sér skráningu á löngu

orðinni tilfærslu á bílskúrsrétti sóknaraðila af reit númer 5, en bílskúr á þeim reit var af augljósum hagkvæmniástæðum reistur af öðrum bílskúrsrétthafa í Álftamýri 36, þegar sýnt var, að sóknaraðili vildi ekki nýta rétt sinn. Verður lagt til grundvallar dómi, að sóknaraðila hafi gefist kostur á að fylgjast með gerð eignaskiptasamningsins, en allir íbúðareigendur í húsinu undirrituðu hann að sóknaraðila undanskildum. Að þessu virtu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður staðfest niðurstaða hans um, að úrlausn þinglýsingarstjórans í Reykjavík 1. júlí 1996 varðandi þinglýsingu eignaskiptasamnings fyrir umrætt fjöleignarhús skuli standa óhögguð.

Nýjar málsástæður, sem sóknaraðili reisir kröfu sína á fyrir Hæstarétti og lúta meðal annars að því, að kostnaður sé meiri við að reisa bílskúr á reit númer 7 en reit 5 og að óvissa sé um, hverjir sitji í stjórn húsfélagsins og hafi umboð til að rita undir eignaskiptasamning fyrir þess hönd, eru of seint fram komnar og fá ekki komist að í málinu.

Verður sóknaraðila gert að greiða málskostnað í héraði og kærumálskostnað, sem ákveðinn er í einu lagi, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur um annað en málskostnað.

Sóknaraðili, Ólafur Þorgeirsson, greiði varnaraðila, Húsfélaginu Álftamýri 32, 34 og 36, samtals 100.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. janúar 1997.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 6. desember sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili er Ólafur Þorgeirsson, kt. 060232-3779, Álftamýri 36, Reykjavík.

Varnaraðili er Húsfélagið Álftamýri 32, 34 og 36, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að úrskurður þinglýsingarstjórans í Reykjavík um þinglýsingu eignaskiptasamnings fyrir Álftamýri 32, 34 og 36 frá 1. júlí 1996 verði felldur úr gildi og sýslumanni gert að afmá þinglýsingu eignaskiptasamningsins. Þá er krafist kærumálskostnaðar úr hendi þinglýs-

ingarbeiðanda, Húsfélagsins Álftamýri 32, 34 og 36, samkvæmt mati héraðsdóms.

Dómkröfur varnaraðila eru þær aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi, til vara, að öllum kröfum sóknaraðila í málinu verði hrundið og staðfest verði úrlausn þinglýsingarfulltrúans í Reykjavík, dags. 2. janúar 1996, nr. 26249-50-51/1996, um þinglýsingu á eignaskiptasamningi á fasteignirnar Álftamýri 32, 34 og 36, Reykjavík. Þá krefst varnaraðili bæði í aðalkröfu og varakröfu kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila samkvæmt málskostnaðarreikningi að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti á málskostnað.

I.

Atvik máls og ágreiningsefni.

Málsatvik eru þau, að stjórn Húsfélagsins Álftamýri 32, 34 og 36, Reykjavík, lét gera eignaskiptasamning í samræmi við lög um fjöleignarhús nr. 26/1994. Var samningurinn lagður fyrir fund í húsfélaginu 1. ágúst 1995. Samningurinn var samþykktur og undirritaður af öllum húseigendum að sóknaraðila einum undanskildum. Varnaraðili lagði samninginn inn til þinglýsingar 18. desember 1995, og var honum þinglýst 12. janúar 1996.

Með bréfi Fasteignamats ríkisins, dags. 3. maí 1996, var sóknaraðila tilkynnt leiðrétting á skráningu eignar hans í húsinu Álftamýri 36 á grundvelli eignaskiptasamnings um Álftamýri 32, 34 og 36. Fólst leiðréttingin í því, að honum var talinn til eignar bílskúr nr. 0107 í stað 0105. Með bréfi sóknaraðila, dags. 9. júní 1996, til þinglýsingarstjóra krafðist hann þess, að eignaskiptasamningurinn yrði ógiltur og þinglýsing hans afmáð. Með bréfi sýslumannsins í Reykjavík, dags. 1. júlí 1996, var þeirri kröfu sóknaraðila hafnað. Með kæru, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 8. júlí 1996, krafðist sóknaraðili þess, að úrskurður þinglýsingarstjórans í Reykjavík frá 1. júlí 1996 um greinda þinglýsingu yrði felldur úr gildi og sýslumanni gert að afmá hana. Með bréfi sýslumannsins í Reykjavík, dags. 10. júlí 1996, var varnaraðila tilkynnt um það, að sóknaraðili hefði borið synjun þinglýsingarstjórans í Reykjavík um að afmá þinglýsingu eignaskiptayfirlýsingar um heildareignina Álftamýri 32-36 undir Héraðsdóm Reykjavíkur. Jafnframt var varnaraðila bent á þann rétt að koma að skriflegum kröfum og athugasemdum. Athugasemdir varnaraðila bárust Héraðsdómi Reykjavíkur með bréfi sýslumannsins í Reykjavík, dags. 17. september 1996. Málið var þingfest 23. október 1996 og tekið til úrskurðar 6. desember 1996.

II.

Málsástæður og lagarök sóknaraðila.

Sóknaraðili tekur fram um málavexti, að 7. október 1964 hafi sér verið afsöluð íbúð á 4. hæð til vinstri í húsinu nr. 36 við Álftamýri í Reykjavík

ásamt hlutdeild í sameign. Þá fylgdi íbúðinni bílskúrsréttur. Hinn 21. janúar 1971 hafi verið ákveðin niðurröðun lóðar undir bílskúra, sem gerð var með útdrætti, svo að hlutleysis yrði gætt, og hafi bílskúr nr. 5 komið í hlut sóknaraðila. Hafi þessi ákvörðun verið þinglesin árið 1979. Frá þeim tíma hafi sóknaraðili verið skráður eigandi bílskúrsréttar nr. 5. Þrátt fyrir þennan bílskúrsrétt sóknaraðila hafi hann verið andvígur því, að bílskúrar yrðu reistir á lóðinni, þar sem það kæmi í veg fyrir, að sextán aðrir íbúðareigendur en bílskúrsrétthafar, sem voru 20 að tölu, gætu lagt bílum sínum á lóðinni. Hafi ágreiningur sóknaraðila leitt til málaferla við húsfélagið, samanber Hæstaréttardóma 1984, bls. 1215, og Hæstaréttardóma 1988, bls. 1144. Meðan málaferli þessi stóðu, var hafin bygging bílskúra á lóðinni, þar á meðal bílskúrs nr. 5. Hafi sóknaraðila ekki verið gefinn kostur á að leysa bílskúrinn til sín þrátt fyrir kröfur þar um.

Þar sem sóknaraðili kveðst ekki hafa kannast við eignaskiptasamning þann, sem vísað var til í bréfi Fasteignamats ríkisins frá 3. maí 1996, hafi hann leitað til þinglýsingardeildar og spurst fyrir um, hvers eðlis þinglýsingin væri, sem tilkynning fasteignamatsins byggðist á. Sér hafi verið tjáð af deildarstjóra 6. júní 1996, að svo virtist sem ein lína hefði fallið niður varðandi íbúð sína. Hafi sóknaraðili fengið ljósrit af eignaskiptasamningnum, sem ekki var undirritaður af honum. Í ljós hafi komið, að sú skekkja var í samningnum um íbúð sóknaraðila, sem auðkennd var Álftamýri 36, 04-01, að bílskúrsréttindi hans voru ekki tilgreind. Í samningnum sé getið óbyggðrar bílgeymslu nr. 01-07, en ekki getið eiganda hennar, en á viðbótarupplýsingum með samningnum komi fram, að óbyggð bílgeymsla, auðkennd 01-07, sé eign 04-01 í nr. 36, þ. e. sóknaraðila. Um bílgeymslu þessa segir í upphafsorðum samningsins: „Bílgeymsla, merkt á teikningu 01-07, er óbyggð, en búið er að steypa botnplötu hennar. Bílgeymsla 01-07 reiknast ekki með í eignarhluta matshluta 04 né í eignarhluta heildarinnar." Bílskúr nr. 01-05 hafi hins vegar verið tengdur íbúð, auðkenndri Álftamýri 36, 02-03.

Málsástæður sóknaraðila og lagarök eru eftirfarandi:

1. Eignarheimild að fasteign verði ekki breytt án samþykkis þinglesins eiganda eða án hans þátttöku í slíkum ákvörðunum nema með dómi. Í hinum umdeilda eignaskiptasamningi felist yfirfærsla á eignarrétti sóknaraðila, sem krefst samþykkis hans, sbr. 16., 18., 39. og A-lið 41. gr. laga nr. 26/1994, sbr. lög nr. 136/1995. Þetta samþykki skorti. Þá hafi þessi eignaskiptasamningur aldrei fengið formlegt samþykki á fundi hjá húsfélaginu. Á fundi í húsfélaginu 6. nóvember 1995 hafi verið gerð grein fyrir, að gerð eignaskiptasamninga væri í biðstöðu vegna væntanlegra nýrra laga. Ekki komi

þar fram, að samningar hefðu þegar verið undirritaðir og sendir byggingarfulltrúa og fasteignamati.

2. Eignaskiptasamningur sá, sem hér sé deilt um, sé ódagsettur og vottun á hann ófullnægjandi, sbr. 22. og 24. gr. laga nr. 39/1978.

3. Á fyrstu síðu eignaskiptasamningsins, í 3. mgr., komi fram, að gert sé ráð fyrir sameiginlegum bílastæðum á lóðinni. Samkvæmt lóðarsamningi og kvöðum samkvæmt honum séu sameiginleg bílastæði ekki á lóðinni. Einnig er vísað til álits félagsmálaráðuneytisins, dags. 13. október 1970, og uppdráttar, er fylgi eignaskiptasamningnum.

4. Kæra þessi sé reist á 3. gr. laga nr. 39/1978, sbr. 1. gr. laga nr. 6/1992. Sóknaraðila hafi fyrst verið kunngerð tilvist eignaskiptasamningsins, er honum barst bréf Fasteignamats ríkisins, dags. 3. maí 1996, í framhaldi beiðni hans um mat á bílskúr nr. 5, sem var skráður á hans nafn. Við móttöku bréfs fasteignamatsins hafi hann strax haft símasamband við deildarstjóra í þinglýsingardeild sýslumannsins í Reykjavík og sýslumanninn sjálfan 7. maí 1996, og hafi verið samkomulag um, að málið skyldi athugað af deildarstjóra og að niðurstöðu fenginni myndi sóknaraðili ræða við sýslumann. Deildarstjóri hafi upplýst 6. júní 1996, að ekki væri unnt að breyta þinglýsingunni. Hafi sóknaraðili þá sent þinglýsingarstjóra bréf 9. júní og fylgt því eftir með viðtali við hann 10. júní 1996. Þinglýsingarstjóri hafi úrskurðað um kröfur sóknaraðila með úrskurði, dags. 1. júlí 1996. Er því haldið fram, að kæra þessi sé innan kærufrests, eins og málum er háttað.

5. Í úrskurði þinglýsingarstjóra sé annars vegar á því byggt, að eignaskiptasamningurinn hafi verið gerður, áður en reglugerð sú tók gildi, sem áskilur, að sá, sem geri eignaskiptayfirlýsingu, undirriti hana, og hins vegar, að samkvæmt 18. gr. laga um fjöleignarhús sé nægilegt, að stjórn húsfélags undirriti samning líkan þeim, sem hér um ræðir. Á þetta sé ekki fallist. Þegar samningurinn var undirritaður, höfðu lögin um fjöleignarhús nr. 26/1994 þegar tekið gildi, og hafi verið áskilin undirskrift allra eigenda, sbr. 2. mgr. 16. gr. laganna. Það skilyrði hafi ekki verið fellt niður með þeirri breytingu, sem gerð var á lögunum með 1. gr. laga nr. 136/1995, ef um var að ræða yfirfærslu á eignarrétti og öðrum réttindum. Telur sóknaraðili ljóst, að yfirfærsla á þinglýstum bílskúrsréttindum sínum falli hér undir. Þá er bent á, að stjórn húsfélagsins undirriti ekki samninginn sem slík.

6. Málskostnaðarkröfu er beint að Húsfélaginu Álftamýri 32, 34 og 36 sem þinglýsingarbeiðanda, og sé gert ráð fyrir, að þinglýsingarstjóri tilkynni félaginu um kæru þessa og gefi því kost á að koma sjónarmiðum sínum að í málinu.

III.

Málsástæður og lagarök varnaraðila.

Varnaraðili styður frávísunarkröfu sína ákvæði 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Í 1. mgr. 3. gr. segi, að úrlausn þinglýsingarstjóra um þinglýsingu samkvæmt lögunum skuli bera undir dóm, áður en fjórar vikur séu liðnar frá henni. Í 3. mgr. sömu greinar sé því lýst, að sá, er bera vilji úrlausn um þinglýsingu undir dómstóla, skuli afhenda þinglýsingarstjóra skriflega tilkynningu þar um. Umræddum eignaskiptasamningi, sem hefur þinglýsingarnúmerin 26249-50-51/1996, hafi verið þinglýst 12. janúar 1996. Í kæru sé upplýst, að sóknaraðili hafi í síðasta lagi fengið upplýsingar um þinglýsinguna 3. maí 1996. Fjögurra vikna fresturinn teljist frá þeim degi, og hafi honum því lokið 31. maí 1996. Ekkert liggi fyrir í málinu um, að sóknaraðili hafi getið þess skriflega við þinglýsingarstjóra, að hann hygðist bera málið undir dómstóla fyrir þann tíma, og beri því að vísa málinu frá dómi. Með úrlausn þinglýsingarstjóra í 3. gr. þinglýsingalaga sé átt við þinglýsingu á eignaskiptasamningnum, enda sé hvergi í lögum um þinglýsingar að finna ákvæði, sem geri ráð fyrir því, að þinglýsingarstjóri geti kveðið upp úrskurð til staðfestingar á eigin ákvörðun. Þessa niðurstöðu megi lesa úr fjölda dómafordæma, t. d. hæstaréttardómi frá 29. janúar sl. í málinu nr. 36/1996: Rakel Olsen gegn Benedikt Benediktssyni o. fl. Þá vísar varnaraðili til Hæstaréttardóma 1992, 2026, um túlkun á 3. gr. þinglýsingalaga og til Hæstaréttardóma 1994, 625, um kæruleiðir frá stjórnvaldi til héraðsdóms, sem beri eðli máls samkvæmt að skýra þröngt og í samræmi við skýran lagatexta. Fráleitt sé að túlka bréf sýslumannsins í Reykjavík, dags. 1. júlí 1996, til sóknaraðila sem úrskurð þinglýsingarstjóra. Sú stjórnvaldsúrlausn, sem er til skoðunar, sé að sjálfsögðu sú ákvörðun þinglýsingarstjóra að þinglýsa skjalinu 12. janúar 1996. Þinglýsingin sem slík sé endanleg ákvörðun þinglýsingarstjóra. Þá er bent á, að í 3. gr. þinglýsingalaga sé kveðið á um úrlausn, en ekki úrskurð. Þá er tekið fram, að sóknaraðili hafi ekki kynnt þinglýsingarstjóra fyrr en með bréfi, dags. 5. júlí 1996, að hann hygðist bera málið undir héraðsdóm með formlegum hætti. Þá miðast frávísun við það, að ekki séu dregnir inn í málið allir aðilar málsins, þar sem Húsfélagið Álftamýri 32, kt. 700381-0489, Húsfélagið Álftamýri 34, kt. 490890-1069, og Húsfélagið Álftamýri 36, kt. 450589-1609, eigi öll sjálfstæðra hagsmuna að gæta í málinu.

1. Varnaraðili styður efniskröfur sínar því, að með lögum nr. 26/1994 hafi Alþingi sett ný lög um fjöleignarhús, þar sem reglur um fjölbýlishús hafi verið teknar til gagngerrar endurskoðunar. Meðal þess, sem tekið hafi verið til endurskoðunar, hafi verið reglur um eignaskiptasamninga. Í 16. gr. lag-

anna sé ákvæði þess efnis, að gera skuli eignaskiptayfirlýsingu fyrir fjöleignarhús, enda sé ekki fyrir þinglýstur, fullnægjandi og glöggur skiptasamningur. Í 18. gr. laganna sé ákvæði um breytingar á þinglýstri eignaskiptayfirlýsingu. Sú skylda hvíli á húsfélögum samkvæmt þessum lögum að hafa glöggan og skilmerkilegan eignaskiptasamning. Þar sem á þetta hafi skort hjá varnaraðila, hafi verið hafist handa við að gera slíkan samning. Fenginn hafi verið til verksins aðili, sem hafi heimild til að gera slíka samninga. Í kærunni sé ekki gerður ágreiningur um, að eignaskiptasamningur sá, er liggi fyrir í málinu, fullnægi ekki efnisskilyrðum 17. gr. laga um fjöleignarhús.

2. Sú krafa hafi upphaflega verið gerð í 16. og 18. gr. fjöleignarhúsalaga, að allir eigendur þyrftu að samþykkja eignaskiptasamning. Þetta hafi leitt til þess, að einn eigandi í húsfélagi hafi getað, án nokkurrar ástæðu, komið í veg fyrir, að unnt væri að ganga frá eignaskiptasamningi, og þannig valdið öðrum eigendum óþægindum. Af þessari ástæðu hafi lögin verið tekin til endurskoðunar, og með lögum nr. 136/1995 hafi 16. og 18. gr. laganna verið breytt þannig, að eignaskiptayfirlýsingu þurfi einungis að undirrita af öllum eigendum, ef í henni felst yfirfærsla á eignarrétti, sérstakar kvaðir, afsal réttinda eða frekari takmarkanir á eignarráðum en leiði af fyrirmælum laga um fjöleignarhús. Hafi eignaskiptayfirlýsing einungis að geyma samantekt, skráningu og lýsingu á húsi og skiptingu þess í samræmi við þinglýstar heimildir og útreikning á hlutfallstölum í samræmi við gildandi reglur þar að lútandi, þá sé nægilegt, að hún sé undirrituð af stjórn húsfélagsins. Í máli því, sem hér um ræðir, sé einungis verið að staðfesta þá eignaskiptingu, sem nú þegar gildi í eigninni. Því sé í raun nægilegt, að stjórn húsfélagsins undirriti samninginn, sbr. 1. mgr. 18. gr. laga um fjöleignarhús, sbr. lög nr. 136/1995. Eignaskiptasamningur sá, sem hér um ræðir, fullnægi þessu skilyrði án vafa, og því séu engin rök til að ógilda þinglýsinguna.

3. Þeirri fullyrðingu sóknaraðila í kæru, að hann hafi formlega eignarheimild fyrir bílskúrsplötu nr. 0105, sé mótmælt sem rangri. Sóknaraðili hafi keypt eignina með bílskúrsrétti, og þann rétt hafi hann ennþá. Hann eigi samkvæmt eignaskiptasamningnum einingu 0107. Þótt eignarrétti sóknaraðila í þeirri plötu sé ekki mótmælt af öðrum sameigendum, er bent á, að hann hafi hugsanlega glatað bílskúrsrétti sínum með tómlæti sínu og afskiptaleysi. Réttur sóknaraðila til bílskúrsplötu nr. 0105 sé fyrir löngu fallinn niður vegna forsendubrests, enda hafi verið reistur bílskúr á eignarhlutanum, plötu, fyrir um það bil tuttugu árum. Sá bílskúr sé í eigu annars manns, og sóknaraðili hafi aldrei gert tilkall til þess að vera eigandi þess bílskúrs. Telji hann sig eiganda bílskúrsins, hafi honum borið að höfða mál

til að ná rétti sínum. Hann hafi hins vegar látið þetta átölulaust í allan þennan tíma, og því hafi hann glatað öllum rétti sínum til bílskúrsplötu nr. 0105.

4. Það sé rangt, að eignaskiptasamningurinn sé ódagsettur. Á síðustu síðu samningsins komi fram dagsetningin júní 1995. Á sama stað sé samningurinn undirritaður af þeim, er gerði hann í júní 1995. Þess utan skipti engu máli, hvort slíkir samningar séu dagsettir, sbr. 17. gr. laga um fjöleignarhús. Tilvísun sóknaraðila til 22. og 24. gr. þinglýsingalaga sé á misskilningi byggð. Í fyrsta lagi eigi 22. gr. þinglýsingalaga aðeins við um afsal eða veðbréf, sem tekið sé til þinglýsingar, en eignaskiptayfirlýsing sé hvorugt. 24. gr. þinglýsingalaga eigi ekki heldur við um eignaskiptayfirlýsingar, og þar að auki sé álitamál, hvað felist í 2. mgr. 22. gr. þinglýsingalaga. Þess utan sé venja fyrir því, að eignaskiptasamningum sé þinglýst, án þess að skjalið sé vottað.

5. Það sé rangt hjá sóknaraðila, að ekki séu bílastæði á lóðinni. Þó að þessi sameiginlegu bílastæði séu ekki mörg, séu þau ótvírætt á sínum stað við bygginguna. Þessi málsástæða sóknaraðila sé reist á misskilningi og ekki efni til að ógilda þinglýsingu samningsins á þeim grundvelli.

6. Því sé gersamlega hafnað, að sóknaraðili eigi rétt á málskostnaði úr hendi varnaraðila, enda sé mál þetta beinlínis risið út af því, að sóknaraðili hafi komið í veg fyrir, að varnaraðili geti fullnægt þeirri skyldu sinni að þinglýsa eignaskiptasamningi um eignina. Með því að dæma varnaraðila í málskostnað sé verið að refsa honum fyrir að reyna að fullnægja þeim skyldum, sem á honum hvíli lögum samkvæmt, og verið að umbuna sóknaraðila fyrir að halda eigendum húsfélagsins í heljargreipum.

Varnaraðili vísar aðallega máli sínu til stuðnings til þinglýsingalaga nr. 39/1978 og laga um fjöleignarhús nr. 26/1994. Kröfur varnaraðila um málskostnað styður hann 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um vexti á málskostnað er reist á vaxtalögum nr. 25/1987 ásamt síðari breytingum. Varnaraðili sé ekki virðisaukaskattsskyldur, og sé því gerð krafa um virðisaukaskatt á málskostnaðarfjárhæð, sbr. lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

IV.

Niðurstaða.

Eignaskiptasamningur fyrir Álftamýri 32, 34 og 36, Reykjavík, barst sýslumanninum í Reykjavík til þinglýsingar 18. desember 1995 og var færður í þinglýsingabók 12. janúar 1996. Samningurinn er áritaður af byggingarfulltrúanum í Reykjavík 7. júlí 1995 og Fasteignamati ríkisins 11. júlí 1995.

Sóknaraðili, sem er eigandi íbúðar á fjórðu hæð í Álftamýri 36, auð-

kenndrar 04-01, undirritaði ekki samninginn og hefur mótmælt þinglýsingu hans. Eru þau andmæli á því reist, að með samningnum hafi orðið heimildarlaus yfirfærsla á þinglýstum bílskúrsréttindum hans.

Fyrir liggur, að sóknaraðili fékk vitneskju um þinglýsingu eignaskiptasamningsins með tilkynningu Fasteignamats ríkisins, dags. 3. maí 1996. Ómótmælt er, að hann hafi þegar í kjölfar þess leitað eftir upplýsingum og skýringum hjá þinglýsingarstjóranum í Reykjavík vegna þeirrar þinglýsingar. Sú athugun leiddi í ljós, að samkvæmt eignaskiptasamningnum var bílgeymsla, merkt 01-05, sem sóknaraðili telur fylgja íbúð sinni, talin til eignar með íbúð 02-03 að Álftamýri 36. Krafðist sóknaraðili þess með bréfi, dags. 9. júní 1996, til þinglýsingarstjóra, að eignaskiptasamningurinn yrði ógiltur og þinglýsing hans afmáð. Með bréfi sýslumannsins í Reykjavík, dags. 1. júlí 1996, var þeirri kröfu sóknaraðila hafnað. Var þar um að ræða úrlausn þinglýsingarstjóra samkvæmt 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, sbr. 1. gr. laga nr. 6/1992, sem og borin var undir héraðsdómara innan þess frests, sem tilgreindur er í lagaákvæðinu. Er sú úrlausn þinglýsingarstjóra til meðferðar í máli þessu. Varnaraðili er réttur aðili málsins, sbr. 56. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994, sbr. og 16. gr. laga nr. 91/1991. Ber því að hafna frávísunarkröfu varnaraðila í málinu.

Samkvæmt afsali, dags. 7. október 1964, fylgdi bílskúrsréttur eignarhluta sóknaraðila í húsinu nr. 36 við Álftamýri. Samkvæmt þinglýstri yfirlýsingu frá árinu 1979 um niðurröðun lóða undir bílskúra á lóðinni Álftamýri 36, Reykjavík, er bílskúr sóknaraðila tilgreindur sem hinn fimmti í röðinni. Sóknaraðili hefur ekki reist þar bílgeymslu á lóðinni. Samkvæmt eignaskiptasamningnum er óbyggð bílgeymsla, eining 01-07, talin fylgja eignarhluta sóknaraðila 04-01 í nr. 36. Bílgeymsla á einingu 01-05, fimmta frá vinstri, er hins vegar talin eign 02-03 í nr. 36. Þannig hefur bílskúrsréttur sóknaraðila, sem upphaflega var nr. 5, verið færður yfir á nr. 7.

Samkvæmt 2. mgr. 16. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús, sbr. 1. gr. laga nr. 136/1995 um breytingu á þeim lögum, skal eignaskiptayfirlýsing undirrituð af öllum eigendum, ef í henni felst yfirfærsla á eignarrétti, sérstakar kvaðir, afsal réttinda eða frekari takmarkanir á eignarráðum en leiðir af fyrirmælum laga þessara, sbr. ákvæði A-liðar 1. mgr. 41. gr. Hafi eignaskiptayfirlýsing einvörðungu að geyma samantekt, skráningu og lýsingu á húsi og skiptingu þess í samræmi við þinglýstar heimildir og útreikning á hlutfallstölum í samræmi við gildandi reglur þar að lútandi, er nægilegt, að hún sé undirrituð af stjórn húsfélagsins, þegar eignarhlutar eru sex eða fleiri, en ella af meiri hluta eigenda, annaðhvort miðað við fjölda eða hlutfallstölur.

Ekki verður talið, að tilfærsla á bílskúrsrétti sóknaraðila samkvæmt framansögðu feli í sér yfirfærslu á eignarrétti í skilningi 2. mgr. 16. gr. laga um fjöleignarhús, svo að þörf hafi verið á undirritun allra eigenda, þ. m. t. sóknaraðila, undir eignaskiptasamninginn. Um rétt og heimild eigenda til að vefengja slíka eignaskiptayfirlýsingu fer eftir fyrirmælum 18. gr. laganna, eins og tekið er fram í niðurlagi tilvitnaðs lagaákvæðis, sbr. og 2. mgr. 27. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Sama gildir, að því er varðar álitaefni um sameiginleg bílastæði á lóðinni.

Hinn umdeildi eignaskiptasamningur var gerður í júní 1995. Ákvæði 22. og 24. gr. þinglýsingalaga eiga ekki við um hann.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta úrlausn þinglýsingarstjórans í Reykjavík frá 1. júlí 1996, þar sem hafnað er kröfu sóknaraðila um að afmá þinglýsingu eignaskiptasamnings fyrir Álftamýri 32, 34 og 36.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er ekki vísað frá dómi.

Staðfest er úrlausn þinglýsingarstjórans í Reykjavík frá 1. júlí 1996, þar sem hafnað er kröfu sóknaraðila um að afmá þinglýsingu eignaskiptasamnings fyrir Álftamýri 32, 34 og 36, Reykjavík.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 13. mars 1997.

Nr. 103/1997. **Kaupfélag Eyfirðinga**
(Stefán Pálsson hrl.)
gegn
Búnaðarbanka Íslands
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Kærumál. Lögbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 27. febrúar 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 5. mars sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. febrúar 1997, þar sem staðfest er ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík um að hafna kröfum sóknaraðila um lögbann hjá varnaraðila. Kæruheimild er í 1. mgr. 35. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o. fl., sbr. 4. mgr. 91. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, svo sem þeim lögum var breytt með 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að lagt verði fyrir sýslumanninn í Reykjavík að leggja lögbann við því, að varnaraðili noti heitið Kostabók á innlánsreikningum sínum. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Eftir gögnum málsins kynnti sóknaraðili innlánsreikning með nafninu Kostabók aðallega á félagssvæði sínu, það er á Akureyri og í Eyjafirði. Ekki verður séð, að hann hafi auglýst innlánsreikninginn með því nafni frá því á árinu 1990, ef undan er skilið umburðarbréf hans til viðskiptavina 28. janúar 1997. Verður því ekki fallist á, að sóknaraðili hafi sýnt fram á, að notkun hans á heitinu Kostabók hafi náð þeirri markaðsfestu, að notkun varnaraðila á sama heiti brjóti gegn lögvörðum rétti hans á þann hátt, að réttindi hans fari forgörðum eða spillist, þótt beðið sé dóms um ágreining þeirra, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990.

Með þessum athugasemdum verður hinn kærði úrskurður stað-

festur um annað en málskostnað, en rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Staðfest er ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík um að hafna kröfum sóknaraðila, Kaupfélags Eyfirðinga, um að leggja á framangreint lögbann á hendur varnaraðila, Búnaðarbanka Íslands.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. febrúar 1997.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 14. febrúar sl., var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 17. febrúar sl.

Sóknaraðili, Kaupfélag Eyfirðinga, kt. 680169-2769, Hafnarstræti 91-95, Akureyri, gerir þær dómkröfur, að synjun sýslumannsins í Reykjavík frá 11. febrúar sl. um að leggja lögbann við, að varnaraðili noti heitið Kostabók, verði ógilt og umbeðið lögbann verði lagt á samkvæmt þeim kröfum, sem gerðar séu í lögbannsbeiðninni. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar.

Varnaraðili, Búnaðarbanki Íslands, kt. 490169-1219, Austurstræti 5, Reykjavík, gerir þær dómkröfur, að ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík verði staðfest og sóknaraðili úrskurðaður til að greiða varnaraðila málskostnað.

II.

6. febrúar sl. var tekin fyrir hjá sýslumanninum í Reykjavík lögbannsgerð nr. 4/1997. Gerðarbeiðandi var Kaupfélag Eyfirðinga (KEA), sóknaraðili þessa máls, og gerðarþoli Búnaðarbanki Íslands, varnaraðili þessa máls. Þar krafðist gerðarbeiðandi þess, að lögbann yrði lagt við því, að gerðarþoli notaði heitið Kostabók sem nafn á innlánsreikningi í Búnaðarbanka Íslands og í útibúum bankans. Jafnframt krafðist hann þess, að lagt yrði fyrir gerðarþola að fjarlægja allar merkingar og auglýsingar með þessu heiti úr bankaútibúum sínum og af öðrum stöðum, þar sem slíkum auglýsingum eða merkingum kunni að hafa verið komið fyrir. Við fyrirtöku þessa mótmælti lögmaður gerðarþola beiðni gerðarbeiðanda. Færðu aðilar rök fyrir kröfum sínum, og var ákveðið að fresta umræddri gerð, en var svo tekin fyrir að nýju 11. febrúar sl. Þá tilkynnti sýslumaður þá ákvörðun sína að synja um framgang gerðarinnar með vísan til 24. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o. fl., þar sem gerðarbeiðandi hefði ekki sannað eða gert sennilegt,

að brotið hefði verið gegn lögvörðum rétti hans. Lýsti þá gerðarbeiðandi yfir, að hann myndi leita úrlausnar Héraðsdóms Reykjavíkur um þessa ákvörðun sýslumanns og krefjast þess, að héraðsdómari ómerkti ákvörðunina og legði fyrir sýslumann að framkvæma gerðina.

III.

Sóknaraðili kveðst vera samvinnufélag, sem hafi frá árinu 1907 rekið innlánsdeild, þar sem tekið sé við fé frá félagsmönnum og viðskiptaaðilum til ávöxtunar. Umfang innlánsdeildarinnar hafi farið vaxandi með árunum, og sé hún nú langstærsta innlánsdeild samvinnufélags á Íslandi og með hærri innlán en flestir sparisjóðir landsins.

Hinn 1. desember 1984 hafi innlánsdeildin boðið viðskiptavinum sínum nýja sparnaðarleið, Kostabók, og hafi Seðlabanka Íslands verið tilkynnt um þessa sparisjóðsbók og nafn hennar 3. desember þ. á. Kostabók þessi hafi strax notið mikilla vinsælda hjá sparifjáreigendum. Séu nú rúmlega níu hundruð kostabókarreikningar virkir hjá innlánsdeildinni með samanlagðri innstæðu nálægt 430 milljónum króna.

Frá gildistöku laga um Seðlabanka Íslands nr. 10/1961 hafi innlánsdeild sóknaraðila verið rekin með heimild í þeim lögum og samkvæmt ákvæðum þeirra. Byggist rekstur deildarinnar nú á heimild í 2. gr., a-lið, laga um samvinnufélög nr. 22/1991. Innlánsdeildin eigi í harðri samkeppni við banka, sparisjóði og aðrar innlánsstofnanir um sparifé landsmanna. Innlánsdeildin hafi auglýst starfsemi sína talsvert, en meginákersla þó verið lögð á auglýsingar á félagssvæði sóknaraðila á Akureyri og í sveitarfélögum við Eyjafjörð. Á þessu svæði reki varnaraðili umfangsmikla starfsemi.

Í janúar sl. hafi tekið að birtast auglýsingar frá varnaraðila, bæði í blöðum og ljósvakamiðlum, um nýja sparisjóðsbók í Búnaðarbankanum, svokallaða Kostabók. Beri Kostabók varnaraðila aðra og hærri vexti en Kostabók sóknaraðila. Telur sóknaraðili, að notkun varnaraðila á vörumerkinu Kostabók hafi valdið talsverðu uppnámi hjá sparifjáreigendum í innlánsdeild sinni, og hafi því orðið að grípa til þess ráðs að hækka vexti á kostabókarreikningum. Hafi sóknaraðili mótmælt þegar í stað heimildarlausri notkun varnaraðila á vörumerkinu.

Sóknaraðili telur, að orðið kostabók hafi nægileg sérkenni eða aðgreiningarhæfi til að teljast auðkennandi í skilningi vörumerkjalaga nr. 47/1968. Í þessu sambandi sé vert að líta til þess, að vörumerkið Gullbók sé talið hæft til skráningar í vörumerkjaskrá í sama tilgangi og vörumerki það, sem hér sé til umfjöllunar. Hafi sóknaraðili notað orðið Kostabók sem vörumerki óslitið frá árinu 1984. Noti varnaraðili nú sama vörumerki til auglýsingar sömu vöru, sem valdi því, að veruleg hætta sé á því, að villst verði á þeim

vörum, sem verið sé að auglýsa, svo og þeim aðilum, sem að baki þeim standi. Með hliðsjón af þessu og vísan til 3. mgr. 3. gr. vörumerkjalaga telji sóknaraðili, að notkun varnaraðila á vörumerkinu sé ólögmæt.

Vörumerkið Kostabók sé þekkt af sparifjáreigendum og eigi einnig að vera þekkt af keppinautum sóknaraðila, þ. e. innlánsdeildum, bönkum og sparisjóðum. Sóknaraðili telur sig hafa náð markaðsfestu með vörumerkinu, og eigi hann af þeim sökum vörumerkjarétt samkvæmt 2. gr. vörumerkjalaga. Varnaraðili noti vörumerki sóknaraðila til að auglýsa sömu þjónustu og sóknaraðili, og telur sóknaraðili, að veruleg hætta sé á, að fólk villist á vörum og þjónustu þessara aðila. Einn megintilgangur vörumerkjaréttar sé að koma í veg fyrir hættu á ruglingi. Með vísan til 1. mgr. 4. gr. vörumerkjalaga telur sóknaraðili notkun varnaraðila á vörumerkinu óheimila. Þá vísar sóknaraðili jafnframt til 2. mgr. 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Telur sóknaraðili sig hafa fyllilega sýnt fram á, að skilyrði 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 hafi verið og séu fyrir hendi, og því hafi sýslumanninum í Reykjavík borið að leggja á umbeðið lögbann.

IV.

Varnaraðili kveður sóknaraðila ekki hafa sýnt fram á eða gert það sennilegt, að notkun varnaraðila á orðinu Kostabók brjóti gegn rétti hans. Hafi því ákvörðun sýslumanns um að hafna framgangi gerðarinnar með vísan til 24. gr. laga nr. 31/1990 verið rétt. Hafi sóknaraðili ekki sannað, að hann noti orðið Kostabók og að nafnið sé þekkt um innlánsreikninga hans. Sóknaraðili hafi til sönnunar því, að orðið sé þekkt, lagt fram auglýsingar úr óþekktu héraðsfréttablaði, út gefnu á Dalvík á síðasta áratug, svo og auglýsingar úr félagsblaði sínu, KEA-fregnum, frá 1985, 1986 og 1987. Þá hafi hann nú lagt fram mánaðarskýrslur innlánsdeildar sinnar, og bregði nú svo við, að nafnið Kostabók sé nefnt í skýrslum, dags. 13. mars 1987, 26. apríl 1991 og 13. desember 1991, en ekki nefnt í skýrslu, dags. 16. desember 1996.

Ekkert þessara gagna bendi til þess, að sóknaraðili noti orðið Kostabók nú eða hafi notað það undanfarin ár með þeim hætti, að það hafi náð markaðsfestu samkvæmt 1. mgr. 2. gr. vörumerkjalaga, hvað þá heldur, að það sé alþekkt hér á landi sem auðkenni innlánsdeildar sóknaraðila, sbr. 2. mgr. 2. gr. sömu laga.

Samkvæmt 25. gr. a vörumerkjalaga sé lögð notkunarskylda á eiganda skráðs vörumerkis, og megi gera kröfu til þess, að skrásett vörumerki verði afmáð, ef það hafi ekki verið notað í fimm ár. Hafi sóknaraðili ekki lagt fram gögn um notkun orðsins frá árinu 1991 utan eitthvert umburðarbréf frá 28. janúar sl., eftir að varnaraðili hafi hafið notkun orðsins.

Verði því að telja, að hafi sóknaraðili einhvern tíma átt einkarétt til notkunar nafnsins Kostabókar, sé sá réttur nú niður fallinn, þar sem nafnið hafi ekki verið nýtt um árabil. Verði talið, að notkun sóknaraðila á orðinu Kostabók hafi náð markaðsfestu á félagssvæði hans, sé samt ekkert því til fyrirstöðu, að varnaraðili vinni sér einnig rétt til notkunar orðsins, sbr. 2. mgr. 9. gr. vörumerkjalaga.

Þá kunni það að orka mjög tvímælis, að öðlast megi vörumerkjarétt til orðsins Kostabókar, þar sem það sé lýsandi og hafi vart næg einkenni til skráningar, sbr. 13. gr. vörumerkjalaga.

V.

Eins og að framan var rakið, hefur innlánsdeild sóknaraðila boðið viðskiptavinum sínum upp á sparnaðarleið frá 1. desember 1984, sem nefnd hefur verið Kostabók. Varnaraðili hóf í janúar sl. að auglýsa sparisjóðsbók undir sama nafni.

Samkvæmt gögnum málsins kynnti sóknaraðili sína Kostabók eingöngu á starfssvæði sínu, þ. e. í Eyjafirði, og þá með auglýsingum í blaði, sem gefið er út á Dalvík, svo og í fréttabréfum sínum. Eru blöðin frá árunum 1985 til og með 1990. Ekki verður séð, að um frekari auglýsingar eða kynningu hafi verið að ræða fyrr en í bréfi til viðskiptavina frá því í janúar sl.

Sóknaraðili hefur lagt fram ljósrit af skýrslum, sem innlánsdeild hans sendir bankaeftirlitinu mánaðarlega. Af þeim sést, að nafnið Kostabók hefur verið notað árin 1987 og 1991, en í skýrslu frá 16. desember 1996 er bókarinnar ekki getið, þótt þar sé getið þriggja sparnaðarleiða, sem bera heitin KEA-bók I, II og III. Við munnlegan málflutning upplýstist, að innstæður á Kostabókinni féllu undir lið, merktan Annað óbundið sparifé (sérkjarareikn.).

Í 1. mgr. 2. gr. vörumerkjalaga nr. 47/1968 segir, að atvinnurekendur geti öðlast vörumerkjarétt, þótt merki sé eigi skráð, hafi það náð markaðsfestu. Í 2. mgr. sömu greinar segir, að sé merki almennt þekkt á tilteknu sviði viðskipta hér á landi sem auðkenni á vöru notanda þess, teljist það hafa náð markaðsfestu.

Samkvæmt framansögðu hefur notkun sóknaraðila á heitinu Kostabók ekki verið auglýst nema lítillega og það aðeins í einu héraði landsins, þar sem sóknaraðili starfar. Sóknaraðili hætti að auglýsa Kostabókina 1990 og virðist einnig hættur að nota heitið í skýrslum sínum til bankaeftirlitsins. Verður þess vegna ekki fallist á það, að notkun sóknaraðila á heitinu Kostabók hafi náð þeirri markaðsfestu, að notkun varnaraðila á sama heiti brjóti gegn lögvörðum rétti sóknaraðila á þann hátt, að réttindi hans fari forgörðum eða spillist, þótt beðið sé dóms um ágreining þeirra. Verður

ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík því staðfest og sóknaraðila gert að greiða varnaraðila 60.000 krónur í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 11. febrúar sl. um að synja um að leggja lögbann við notkun varnaraðila, Búnaðarbanka Íslands, á heitinu Kostabók er staðfest.

Sóknaraðili, Kaupfélag Eyfirðinga, greiði varnaraðila 60.000 krónur í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Fimmtudaginn 13. mars 1997.

Nr. 112/1997. **Ekran ehf.**
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)
gegn
S. Konráðssyni og Co. ehf.
(Ólafur Garðarsson hrl.)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 21. febrúar 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 5. mars sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. febrúar 1997, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um gjaldþrotaskipti á búi varnaraðila. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Eins og greinir í hinum kærða úrskurði, hefur sóknaraðili fengið kyrrsettan víxil, að fjárhæð 3.000.000 krónur, með gjalddaga 10. janúar 1997, til tryggingar kröfu sinni á hendur varnaraðila. Eins og málið liggur fyrir, verður sóknaraðili ekki talinn hafa sýnt nægilega fram á, að krafa hans sé hærri en þessu nemur. Samkvæmt þessu verður niðurstaða hins kærða úrskurðar staðfest. Sóknaraðili verður dæmdur til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Ekran ehf., greiði varnaraðila, S. Konráðssyni og Co. ehf., 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. febrúar 1997.

I.

Ágreiningsmál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 30. janúar 1997, en þingfest 22. janúar 1997.

Sóknaraðili er Ekran ehf., kt. 490392-2629, Vatnagörðum 6, Reykjavík.

Varnaraðili er S. Konráðsson og Co. ehf., kt. 710791-1049, Höfðabakka 9, Reykjavík.

Sóknaraðili krefst þess, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta og að sér verði úrskurðaður málskostnaður í þessum þætti málsins.

Varnaraðili krefst þess, að synjað verði um töku bús síns til gjaldþrotaskipta. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

II.

Gjaldþrotaskiptabeiðni sóknaraðila, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 19. desember 1996, er reist á kyrrsetningargerð, sem fram fór hjá varnaraðila 25. nóvember 1996 að kröfu sóknaraðila. Beiðni um kyrrsetningu var lögð fram til tryggingar fullnustu kröfu um skaðabætur innan samninga, að fjárhæð 15.000.000 kr., auk vaxta frá 2. október 1996 að telja. Sóknaraðili lagði fram tryggingu, að fjárhæð 3.000.000 kr., sem fulltrúi sýslumanns mat fullnægjandi. Varnaraðili mótmælti framkvæmd kyrrsetningarinnar, en sýslumaðurinn í Reykjavík lét mótmælin ekki hafa áhrif á framgang gerðarinnar og kyrrsetti víxil með gjalddaga 10. janúar 1997, að fjárhæð 3.000.000 kr. Skoraði sýslumaður á varnaraðila að benda á frekari eignir, en af hálfu varnaraðila kom fram, að félagið ætti engar aðrar eignir. Sóknaraðili krafðist þess þá, að gerðinni yrði lokið sem árangurslausri að hluta, og var svo gert.

Skaðabótakrafa sóknaraðila er sprottin af samstarfssamningi, sem málsaðilar gerðu með sér 19. júlí 1996. Samkvæmt samningnum skyldi sóknaraðili taka að sér sölu og dreifingu þeirra áfengistegunda, sem varnaraðili hafði umboð fyrir og kynni síðar að taka við. Öll heildsöluálagning skyldi falla í hlut sóknaraðila, en varnaraðili halda öllum umboðslaunum frá framleiðendum. Samningurinn skyldi gilda til 1. ágúst 2001, en gagnkvæmur uppsagnarréttur með sex mánaða fyrirvara þrjú ár frá gerð hans.

Sóknaraðila barst tilkynning frá varnaraðila 2. október 1996 þess efnis, að ekkert yrði af framkvæmd samningsins, þar sem hann hefði tekið kauptilboði í rekstur fyrirtækis síns. Fyrir liggur, að varnaraðili seldi Daníel Ólafssyni hf. viðskiptasambönd sín innlend og erlend fyrir 13.000.000 kr.

III.

Sóknaraðili kveður skaðabótakröfuna grundvallaða á vanefndum samstarfssamnings um sölu og dreifingu á áfengi. Ólögmæt riftun varnaraðila á

samningnum leiði tvímælalaust til þess, að sóknaraðili hafi öðlast fjárkröfu á hendur varnaraðila. Mat sýslumannsins í Reykjavík hefði verið það, að sóknaraðili ætti fullgilda kröfu á hendur varnaraðila. Af hálfu varnaraðila hefði verið lýst yfir því, að búið ætti engar eignir utan víxilkröfu á hendur Daníel Ólafssyni hf., að fjárhæð 3.000.000 kr., sem kyrrsett hefði verið, en hefði ekki nægt til að tryggja skaðabótakröfu sóknaraðila. Því hefði kyrrsetningargerðin verið árangurslaus að hluta, en samkvæmt 2. mgr. 65. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 21/1991 sé slík gerð grundvöllur kröfu um gjaldþrotaskipti, ef ekki sé ástæða til að ætla, að gerðin gefi ranga mynd af fjárhag skuldara.

Sóknaraðili kveður ekkert vera fram komið í málinu, sem bendi til þess, að ætla megi, að kyrrsetningargerðin gefi ranga mynd af fjárhag varnaraðila. Þá kveður hann með öllu óvíst, hvort eitthvað greiðist upp í skaðabótakröfuna af andvirði hins kyrrsetta víxils.

Sóknaraðili telur sig eiga lögvarða kröfu á hendur varnaraðila og umfang þeirrar kröfu verði leitt í ljós með matsgerð, sem lögð verði fram í staðfestingarmáli vegna kyrrsetningarinnar. Í samstarfssamningnum hafi m. a. falist, að sóknaraðili tæki að sér heildsöludreifingu á áfengistegund, sem ekkert vínveitingahús geti verið án, og hefði skilað sóknaraðila öruggum tekjum og tækifæri til að koma öðrum tegundum á framfæri.

Sóknaraðili kveður sig hafa hagsmuni af því að knýja fram gjaldþrotaskipti, vegna þess að varnaraðili hafi við sölu á rekstri fyrirtækisins fengið í sinn hlut 13.000.000 kr. í víxlum, sem hann hafi ráðstafað. Með því að framkalla frestdag verði unnt að rifta ráðstöfununum og skipta eignum varnaraðila með réttlátum hætti milli kröfuhafa.

IV.

Varnaraðili telur það vera skilyrði þess, að krafa um gjaldþrotaskipti nái fram að ganga, að gjaldþrotaskiptabeiðandi eigi fjárkröfu á hendur skuldara. Samningur aðila hafi aldrei komið til framkvæmda og ekki tekið gildi. Sóknaraðili eigi því ekki fjárkröfu á hendur sér. Varnaraðili telur algerlega óljóst, hvort um hagnað hefði orðið að ræða hjá sóknaraðila, ef samningurinn hefði komist til framkvæmda. Krafa sóknaraðila sé þannig allt of vafasöm til að fullnægja þeim lágmarksskilyrðum, er gera verði til kröfu, sem gjaldþrotaskipti verði grundvölluð á.

Varnaraðili telur, að gjaldþrotaskiptabeiðni sóknaraðila fullnægi ekki skilyrðum 7. gr. laga nr. 21/1991. Ekki verði úrskurður um gjaldþrotaskipti reistur á þeim gögnum, sem lögð hafi verið fram af sóknaraðila í málinu, þar sem hvergi komi fram í þeim, á hverju krafan byggist. Krafa sóknar-

aðila sé algerlega órökstudd, og hið eina, sem liggi til grundvallar henni, sé mat sóknaraðila á tjóni sínu.

Varnaraðili telur, að ekki hafi verið grundvöllur fyrir því, að kyrrsetning næði fram að ganga, þar sem ekki hafi legið fyrir, að sóknaraðili ætti þau réttindi, sem hann hugðist tryggja, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann o. fl. nr. 31/1990. Sóknaraðili hefði í raun keypt kyrrsetningu með því að leggja fram nægjanlega háa tryggingu. Þá sé kyrrsetning bráðabirgðagerð, sem framkvæmd sé, án þess að sönnur séu leiddar að réttmæti þeirrar kröfu, sem eigi að tryggja.

Varnaraðili bendir á, að hann eigi þess ekki kost að láta reyna á gildi kyrrsetningarinnar nema í staðfestingarmáli, en ef gjaldþrotaskiptakrafan nái fram að ganga, falli réttaráhrif kyrrsetningarinnar niður, og aldrei reyni á gildi hennar. Varnaraðili sé því algerlega varnarlaus og réttlaus gagnvart kröfum sóknaraðila.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að hann hafi selt viðskiptasambönd sín til þess að afstýra gjaldþroti. Hann telur, að gjaldþrotaskipti á búi sínu muni verða til þess að gera seld viðskiptasambönd verðlaus og valda sér miklu tjóni og réttarspjöllum.

V.

Samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 getur lánardrottinn krafist þess, að bú skuldara verði tekið til gjaldþrotaskipta að undangenginni árangurslausri kyrrsetningu að einhverju leyti eða öllu, sem fram hefur farið á síðustu þremur mánuðum fyrir frestdag, ef ekki er ástæða til að ætla, að gerðin hafi gefið ranga mynd af fjárhag hans. Af hálfu varnaraðila er ekki byggt á því, að kyrrsetningargerðin gefi ranga mynd af fjárhag hans.

Tilgangur kyrrsetningar er að tryggja, að viðkomandi eign verði fyrir hendi til að gera fjárnám í, þegar skuldareigandi hefur aflað sér aðfararheimildar fyrir kröfu sinni. Í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 31/1990 kemur m. a. fram, að kyrrsetja megi eignir skuldara til tryggingar fullnustu lögvarinnar kröfu um greiðslu peninga. Þá kemur fram í 2. mgr. 5. gr., að það sé ekki skilyrði kyrrsetningar, að gerðarbeiðandi leiði sönnur að réttmæti kröfu sinnar, en að synja skuli um kyrrsetningu, ef ætla verði af fyrirliggjandi gögnum, að hann eigi ekki þau réttindi, sem hann hyggst tryggja.

Skiptabeiðandi verður að eiga kröfu á hendur skuldaranum til þess að geta komið fram gjaldþroti á hendur honum. Af 7. og 65. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991 verður ráðið, að ekki sé nauðsynlegt, að fullkomin sönnun liggi fyrir um réttmæti kröfu, sem gjaldþrotaskiptabeiðni er grundvölluð á. Enda þótt árangurslaus kyrrsetning að hluta geti skapað grundvöll fyrir kröfu um gjaldþrotaskipti, verður skiptabeiðandi jafnframt að leiða

líkur að því, að hann eigi kröfu á hendur skuldara. Þá kann kröfu um gjaldþrotaskipti að vera hafnað á grundvelli 3. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991, þótt árangurslaus kyrrsetning hafi farið fram.

Sóknaraðili hefur gert grein fyrir, af hvaða lögskiptum skaðabótakrafa hans er sprottin. Í stefnu í staðfestingarmáli vegna kyrrsetningar, sem lögð hefur verið fram í þessu máli, kveður sóknaraðili dómkröfur reistar á áætlunum sínum um nettótekjur sínar af samningnum á samningstímanum. Fyrir liggur, að samstarfssamningur aðila tók fyrst um sinn aðeins til sölu áfengis til vínveitingahúsa. Í gögnum, sem lágu til grundvallar samningnum, kemur fram, að útsöluverð þeirra tegunda, sem varnaraðili seldi vínveitingahúsum fyrstu 11 mánuði ársins 1995, nam 23.754.350 kr. og miðað við áætlaða sölu í desember samtals 28.820.760 kr. allt árið. Samningur aðila var uppsegjanlegur að liðnum þremur árum frá undirritun. Aðilar deila um, hver heildsöluálagning áfengisins hafi verið. Varnaraðili kveður hana 0-14%, en sóknaraðili telur hana geta verið allt að 30%, en engin gögn hafa verið lögð fram til stuðnings þessum fullyrðingum. Þá hefur sóknaraðili enn engin gögn lagt fram til stuðnings áætlun um tapaðar nettótekjur af dreifingu áfengisins.

Sóknaraðili þykir hafa leitt líkur að því, að hann kunni að eiga fjárkröfu á hendur varnaraðila. Sóknaraðili hefur hins vegar, enn sem komið er, ekki gert tölulega grein fyrir ætluðu fjártjóni, ekki sundurliðað kröfuna og ekki leitt að því líkur, að fjárhæð hugsanlegrar skaðabótakröfu sé neitt í líkingu við það, sem hann heldur fram.

Sóknaraðili hefur þegar fengið kyrrsettan víxil, að fjárhæð 3.000.000 kr., með gjalddaga 10. janúar 1997, og hann hefur ekki sýnt fram á, að andvirði víxilsins verði ekki til staðar til fullnustu ætlaðrar skaðabótakröfu sinnar. Með vísan til alls ofangreinds þykir sóknaraðili ekki, enn sem komið er, hafa leitt að því nægjanlega sterkar líkur, að hann eigi kröfu á hendur varnaraðila, sem ekki sé þegar nægjanlega tryggð í eigum skuldara, sbr. 1. tl. 3. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991. Þar sem ekki eru lagaskilyrði til að taka bú varnaraðila til gjaldþrotaskipta, ber að hafna öllum kröfum sóknaraðila.

Eftir þessum úrslitum ber að úrskurða sóknaraðila til að greiða varnaraðila málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn 30.000 krónur.

Sigurður T. Magnússon héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila, Ekrunnar ehf., um gjaldþrotaskipti á búi varnaraðila, S. Konráðssonar og Co. ehf., er hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 30.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 13. mars 1997.

Nr. 224/1996. **Snorri Jónsson**
Geirrún Tómasdóttir og
Jóhann Halldórsson
(Elvar Örn Unnsteinsson hrl.)
gegn
Glitni hf.
(Andri Árnason hrl.)
og gagnsök

Leigusamningur. Fjármögnunarleiga. Gengistrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Aðaláfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. júní 1996 og krefjast þess, að þeim verði aðeins gert að greiða gagnáfrýjanda 507.872 krónur. Þá krefjast aðaláfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi skaut málinu fyrir sitt leyti til Hæstaréttar með stefnu 19. nóvember 1996. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms um annað en málskostnað, sem hann krefst úr hendi aðaláfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Aðaláfrýjendur verða dæmdir til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Snorri Jónsson, Geirrún Tómasdóttir og Jóhann Halldórsson, greiði í sameiningu gagnáfrýjanda, Glitni hf., 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 8. mars 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. febrúar 1996, er höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 31. janúar 1995, af Glitni hf., kt. 511185-0259, Ármúla 7,

Reykjavík, á hendur Snorra Jónssyni, kt. 141143-2639, Boðaslóð 18, Vestmannaeyjum, Geirrúnu Tómasdóttur, kt. 020446-3239, Bröttugötu 9, Vestmannaeyjum, og Jóhanni Halldórssyni, kt. 241042-3329, Höfðavegi 34, Vestmannaeyjum.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmd in solidum til greiðslu skuldar, að fjárhæð 4.512.642 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 [...].

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Af hálfu stefndu er þess krafist, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega, þannig, að stefndu verði dæmd til að greiða in solidum 507.872 kr.

Einnig er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Upphaflega var mál þetta einnig höfðað á hendur Gámavinum hf. Félagið var úrskurðað gjaldþrota 20. maí 1995, og 21. september 1995 féll stefnandi frá kröfum á hendur þrotabúi Gámavina hf.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveður umstefnda skuld vera til komna vegna fjármögnunarleigusamnings nr. 603131-002 milli Glitnis hf. sem leigusala og Gámavina hf. sem leigutaka, dagsetts 21. september 1992. Samkvæmt samningnum leigði leigusali leigutaka Kalmar OMV-lyftara, serial nr. T 34110.0702, tækjanr. 106076, skráningarnr. KG-0078. Skyldi samningurinn greiddur með 60 mánaðarlegum leigugreiðslum 15. hvers mánaðar, í fyrsta sinn 15. október 1992, hver að fjárhæð USD 1.379,43 og DEM 2.013,82, en samkvæmt 2. gr. skilmála samningsins beri á hverjum gjalddaga að umreikna leigugjaldið yfir í íslenskar krónur miðað við sölugengi hinna erlendu gjaldmiðla samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands. Lágmarksleigutími var til 14. október 1997.

Stefnandi kveður stefndu, Snorra Jónsson, Geirrúnu Tómasdóttur og Jóhann Halldórsson, hafa tekist á hendur óskipta sjálfskuldarábyrgð á fullum efndum samkvæmt ofangreindum fjármögnunarleigusamningi. Leigutakinn, Gámavinir hf., hafi verið úrskurðaður gjaldþrota 20. maí 1995, og hafi þá verið fallið frá kröfum á hendur honum í máli þessu.

Leigutaki hafi greitt umsamdar leigugreiðslur til 15. mars 1994, en frá og með þeim tíma hafi hann ekki fengist til að greiða gjaldfallnar leigugreiðslur þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir þar um. Leigutaki hafi skilað leigusala hinum leigða lyftara 19. október 1994, og miðist því uppgjör aðila við þann dag. Verðmæti lyftarans hafi reynst vera að frádregnum kostnaði 2.877.880 kr. Sé því skuld stefndu miðað við 19. október 1994, reiknuð samkvæmt 16. gr. skilmála samningsins, sem hér segi:

Gjaldfallnar leigugreiðslur:			
15. 3. 1994		kr.	240.497
15. 4. 1994		kr.	224.706
15. 5. 1994		kr.	226.863
15. 6. 1994		kr.	223.684
15. 7. 1994		kr.	221.898
15. 8. 1994		kr.	221.296
15. 9. 1994		kr.	222.317
15. 10. 1994		kr.	221.756
Samtals gjaldfallnar leigugreiðslur		kr.	1.803.017
Gjaldfelldar leigugreiðslur		kr.	5.587.505
	Samtals	kr.	7.390.522
Andvirði leigumunar til frádráttar		kr.	2.877.880
	Samtals	kr.	4.512.642

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar á tilgreindum fjármögnunarleigusamningi aðila og þeirri grundvallarreglu kröfu- og samningaréttar, að samninga beri að halda. Enn fremur var á því byggt við munnlegan málflutning, að gengistrygging samningsins hefði verið heimil samkvæmt þágildandi reglum, og mótmælt fullyrðingu stefnda um hið gagnstæða. Kvað stefnandi gjaldeyriseftirlitið ekki hafa gert neinar athugasemdir við framkvæmd mála. Þá var enn fremur við það miðað, að stefnandi hefði í raun verið kaupandi lyftarans frá útlöndum, hann hefði greitt hann, áður en hann var afhentur stefnda.

Krafa um dráttarvexti og vaxtavexti sé studd við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum.

Kröfu um málskostnað reisir stefnandi á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Stefndu segja Gámavini hf. hafa flutt lyftara, Kalmar OMV, serial nr. T 34110.0702, inn til landsins árið 1992. Hafi lyftarinn verið dýr og ljóst, að Gámavinir hf. þyrftu lánsfé til lengri tíma til að standa undir kaupunum. Leitað hafi verið til stefnanda um fjármögnun lyftarans. Hafi niðurstaðan orðið sú, að Gámavinir hf. hafi selt stefnanda, Glitni hf., lyftarann, og hafi verið gefið út afsal fyrir honum 25. ágúst 1992. Kaupverð hafi verið 6.657.076 kr. auk virðisaukaskatts, 1.630.984 kr., sbr. fram lagðan reikning nr. 390. Hinn 29. september 1992 hafi síðan verið gerður fjármögnunarleigusamningur sá, sem mál þetta sé sprottið af, og skuldin samkvæmt hon-

um verið tryggð með gengisviðmiðun, annars vegar bandaríkjadollars og hins vegar þýsks marks. Stefndu, Snorri, Geirrún og Jóhann, hafi tekist á hendur óskipta sjálfskuldarábyrgð á samningnum.

Forsendur fyrir rekstri félagsins, Gámavina hf., hafi brugðist og starfsemin lagst því sem næst af, þegar Gámavinir hf. höfðu greitt 6.149.204 kr. inn á samning aðila. Hafi lyftarinn þá verið seldur þriðja aðila, eins og lýst sé í stefnu, og söluverð tekið sem innborgun á samninginn. Sé nú krafið um eftirstöðvar samkvæmt samningnum.

Stefndu halda því fram, að óheimilt hafi verið að gengistryggja umræddan samning á þeim tíma, er hann var gerður, og því beri að víkja til hliðar ákvæði um gengistryggingu í samningnum. Hafi þágildandi lagaskilyrði fyrir gengistryggingu ekki verið fullnægt, eins og samningurinn sé til kominn og frágenginn. Þar sem gengistrygging hafi verið óheimil, verði við uppgjör aðila að miða við höfuðstól samnings, og þar sem búið sé að greiða 6.149.204 kr. af samningskröfum, standi einungis 507.872 kr. eftir, sem stefndu séu tilbúin að greiða.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 13/1979, 4. tl., b-lið, hafi verið heimilt að verðtryggja fjárskuldbindingar miðað við gengi erlends gjaldeyris, þar sem slíkt var heimilað samkvæmt lögum eða reglugerð. Samkvæmt þessu hafi þurft sérstakar heimildir í lögum eða reglugerð til að réttlæta gengisviðmið í samningum.

Eignarleigufyrirtæki (fjármögnunarleigufyrirtæki) hafi sótt heimild sína til gengistryggingar í reglugerð nr. 312/1990, 28. gr., áður 2.1. gr. augl. nr. 489/1989, en þar sé innlendum eignarleigufyrirtækjum heimilað að taka lán frá útlöndum til að fjármagna kaup frá útlöndum á vélum, tækjum og búnaði í þeim tilgangi að gera leigusamning um notkun þeirra við innlenda aðila, sbr. 12. gr. laga nr. 63/1979. Telja stefndu, að ekki hafi orðið efnisbreyting með setningu framangreindrar reglugerðar frá því, sem var í auglýsingunni, og gildi því eftir sem áður, að allar slíkar erlendar lántökur skuli bundnar leigusamningum og kjörin mótast af því, sbr. endurlánaskilyrði 38. og 39. gr. laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála. Samkvæmt 38. gr. laga nr. 13/1979 sé þeim, sem endurláni erlent lánsfé, heimilt að áskilja, að hið innlenda lán ásamt vöxtum endurgreiðist miðað við sama gengi og gildi um endurgreiðslu hins erlenda láns, þ. e. að gengistryggja endurlánið, en aðeins með sömu kjörum og upphaflega lánið.

Í hrd. nr. 583/1989 sé ákveðið, að sérstök heimild verði að vera í lögum eða reglugerð, til þess að verðtryggja megi skuldbindingar miðað við gengi. Jafnframt segi í þeim dómi, að miða verði við þau lög, sem í gildi hafi verið við undirskrift skuldbindingarinnar.

Stefndu halda því fram, að þar sem Gámavinir hf. hafi verið kaupendur lyftarans frá útlöndum, en ekki Glitnir hf., hafi ekki verið lagaheimild til að gengistryggja fjármögnunarleigusamninginn, enda þótt Glitnir hafi síðar keypt hann af Gámavinum hf. Það hafi ekki verið tilgangurinn að heimila gengistryggingu í viðskiptum milli innlendra aðila, þar sem tæki séu keypt og seld eða leigð.

Stefndu miða við það, að gerningur sá, sem stefnandi og Gámavinir hf. hafi gert með sér, sé svokallaður „sale and leaseback"-samningur, sem á Íslandi hafi verið kallaður sölu- og endursölusamningur eða endurfjármögnun.

Lög og reglur frá þessum tíma beri að túlka þröngt, þar sem allt hafi þá verið bannað í gjaldeyrismálum nema það, sem hafi verið sérstaklega leyft. Heimild eignarleigufyrirtækja til að taka erlend lán hljóti að vera bundin við kaup eignarleigufyrirtækjanna sjálfra á vélum og tækjum frá útlöndum, enda sé tilgangurinn sá, að eignarleigufyrirtæki geri síðar leigusamninga um tækið við innlenda aðila.

Reglur 4. tl. 39. gr. laga nr. 13/1979 og 28. gr. reglugerðar nr. 312/1990, sbr. áður 2.1. gr. augl. nr. 489/1979, séu ófrávíkjanlegar reglur, sem aðilar geti ekki samið sig frá. Beri því að víkja til hliðar þeim samningsákvæðum, sem fari í bága við þær reglur, með eða án vísunar til 36. gr. samningalaga.

Málskostnaðarkrafan sé studd XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða.

Starfsemi stefnanda er skilgreind í lögum nr. 19/1989 um eignarleigustarfsemi. Samningur stefnanda og Gámavina hf. var um fjármögnunarleigu, sem merkir samkvæmt 1. gr. framangreindra laga, að leigusali fjármagnar kaup hins leigða, en leigutaki fær umráð og afnot hins leigða gegn umsömdu leigugjaldi í tiltekinn lágmarksleigutíma samkvæmt sérstökum skilmálum um eignar- eða afnotarétt að lágmarksleigutíma liðnum; eignarréttur helst hjá leigusala, en leigutaki ber að verulegu leyti áhættu og nýtur arðs. Samningurinn er dagsettur 21. september 1992. Þá voru í gildi lög nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o. fl., og varðar VII. kafli þeirra, um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár, einkum 38. gr., ágreiningsefni þessa máls. Samkvæmt 36. gr. hefur Seðlabanki Íslands eftirlit með framkvæmd ákvæða kaflans, og verður að líta svo á, að það eigi einnig við um það form verðtryggingar, þegar miðað er við gengi erlends gjaldeyris, sbr. b-lið 4. tl. 39. gr. Á þeim tíma, er samningurinn var gerður, giltu einnig lög nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála og reglugerð nr. 312/1990 um skipan

gjaldeyris- og viðskiptamála. Lýtur ágreiningur aðila að 28. gr., sem ber yfirskriftina: „Erlendar lántökur innlendra aðila í tengslum við innflutning, leigusamninga og innlenda framleiðslu á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar". Á þeim tíma, er samningur aðila var gerður, í september 1992, markaðist heimild til gengistryggingar samninga af framangreindum lagareglum. Ákvæði um gengistryggingu eru í samningi aðila, svo sem lýst hefur verið í málsatvikum, og snýst deila þeirra um lögmæti og afleiðingar þessa.

Af þeim gögnum, sem fram hafa verið lögð í réttinum, verður að telja ljóst, að aðdragandi hins umdeilda samnings hafi verið sá, að fyrirtækið Gámavinir hf., Vestmannaeyjum, sem úrskurðað var gjaldþrota, eftir að mál þetta var höfðað, 20. maí 1995, hafi samið við fyrirtækið Kalmar BT Försäljnings AB, Svíþjóð, um kaup á lyftara af tegundinni Kalmar OMV, seríalnr. T 34110.0702. Samkvæmt reikningi frá hinum sænska seljanda til Gámavina hf., dagsettum 21. maí 1992, var pöntunin gerð 14. maí 1992. Hinn 2. júlí 1992 sækja Gámavinir hf. um fyrirgreiðslu í formi fjármögnunarleigu til stefnanda til þess að fjármagna kaup gámalyftara. Í reitnum „seljandi" í umsókninni segir: „Innfluttur", en síðar hefur verið ritað í sama reit: „Gámavinir". Söluverð er tilgreint 650.000 SEK eða 6.500.000 ÍSK. Hinn 14. ágúst sendir Glitnir hf. greiðslu, SEK 650.000, inn á reikning hins erlenda seljanda, Kalmar BT, hjá Nordbanken, Sundbyberg, Svíþjóð, og er það gert með símayfirfærslu. Hinn 25. ágúst 1992 afsala Gámavinir hf. greindum lyftara Glitni hf. Samningur aðila um fjármögnunarleigu á lyftaranum er síðan dagsettur 21. september 1992. Í fjármögnunarleigusamningnum eru Gámavinir hf. tilgreindir bæði sem leigutaki og seljandi. Söluverð er sagt 6.657.076 kr. Leigugreiðsla er tilgreind í USD og DEM, og í lið 10 segir: „Stofngjald, 133.142 kr., greiðist með 1. reikningi. Vsk. reiknast á heildargr. samnings. Samningsviðmiðun: USD=61.628 & DEM=39.980". Farmskírteini um innflutning tækisins hefur ekki verið lagt fram, en samkvæmt tölvuútskrift farmskrár og aðflutningsskýrslu virðist tækið hafa komið til Vestmannaeyja 25. ágúst 1992. Er viðtakandi skráður Gámavinir og afhending heimiluð af tollyfirvöldum 14. september 1992.

Af þessari atburðarás verður ekki dregin önnur ályktun en sú, að Glitnir hf. greiði í erlendum gjaldeyri vöru, sem Gámavinir hf. höfðu pantað, og að það sé gert vegna umsóknar Gámavina hf. um fjármögnunarleigu á þessu tæki. Í framhaldi sé tækinu síðan afsalað Glitni hf. og fjármögnunarleigusamningur gerður.

Stefndu halda því fram, að gengistryggingarákvæði samningsins sé ógilt, þar sem ekki hafi verið lagaheimild fyrir því, er samningurinn var gerður.

Rök þeirra fyrir því eru þau í fyrsta lagi, að stefnandi hafi ekki verið kaupandi tækisins og að af þeim ástæðum falli samningurinn ekki undir heimild 28. gr. reglugerðar nr. 312/1990, sbr. auglýsingu nr. 489/1989, gr. 2.1., er áður gilti. Telja þau, að með setningu reglugerðarinnar hafi ekki orðið efnisbreyting á þessu ákvæði. Á þetta verður ekki fallist með stefnda. Bæði þykir orðalag ákvæðisins hafa tekið nokkrum breytingum, í stað „fjármagna kaup" í auglýsingunni segi til dæmis í reglugerðinni „fjármagna innflutning" og „í tengslum við innflutning". Þykir ekki ástæða til þess að túlka ákvæðið svo þröngt, að eignarleigufyrirtækið sjálft verði að vera formlegur kaupandi tækisins frá útlöndum. Í 28. gr. reglugerðar nr. 312/1990 segir, að innlendum aðilum sé heimilt að taka erlend lán til að fjármagna innflutning eða semja um fjármögnunar- eða kaupleigu í tengslum við innflutning á vélum, tækjum og búnaði til nota í atvinnurekstri. Þykir áherslan liggja á því, að það sé tilgangur lántöku að fjármagna innflutning tækis frá útlöndum.

Í öðru lagi byggir stefndi á því, að ekki hafi verið tekið lán frá útlöndum beinlínis til þess að fjármagna þessi umræddu kaup, en það sé skilyrði gengistryggingar. Ákvæði laga nr. 13/1979 séu ófrávíkjanleg. Almennt hafi gengistrygging ekki verið leyfð, og allar reglur, sem geymi undantekningar frá meginreglunni, beri að skýra þröngt. Upplýst er, að af hálfu stefnanda var ekki tekið sérstakt lán vegna þessa löggernings, heldur var hann fjármagnaður með hluta af stóru láni, sem síðar var endurnýjað með öðrum lánum. Framkvæmdastjóri stefnanda, Kristján Óskarsson, kom fyrir dóminn og gerði grein fyrir þessari framkvæmd félagsins, að því er varðaði erlendar lántökur og endurlán. Kvað hann fyrirtækið ekki taka lán fyrir einstökum tækjum eða vélum, sem það fjármagnaði, þar sem erlendir bankar lánuðu ekki svo smáar fjárhæðir. Tekin væru stórlán, sem lögð væru inn á gjaldeyrisreikning stefnanda í viðskiptabanka hans hér á landi og síðan tekið út af honum til fjármögnunar í einstaka tilvikum. Væri það gert með þeim hætti, að gjaldeyrinum væri skipt í íslenskar krónur og síðan eftir atvikum keyptur að nýju sá gjaldeyrir, sem þyrfti. Hefði gjaldeyriseftirliti ætíð verið sendir samningar og önnur skjöl um lántökur og viðskipti og engar athugasemdir verið gerðar við þessa framkvæmd.

Heimild til öflunar lánsfjár og gengistryggingar endurláns þess virðist vera rýmri í reglugerð nr. 312/1990 en heimild auglýsingar nr. 489/1989. Þar var samkvæmt gr. 3.1. gert ráð fyrir, að erlendar lántökur vegna fjármögnunarleigu væru í beinum tengslum við tiltekinn fjármögnunarleigusamning og kjör hans og að gengistrygging, ef um hana var að ræða, væri í samræmi við lánskjör, sbr. endurlánsskilyrði 38. og 39. gr. laga nr. 13/1979. Sams konar skilyrði er ekki að finna í 28. gr. reglugerðar nr. 312/1990, og verður það

ekki skilið öðruvísi en svo, að heimildin hafi verið rýmkuð. Í 3. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar segir enn fremur, að viðskiptaráðuneyti geti veitt rýmri heimildir en í greininni greini. Reglugerðin er sett með vísan til laga nr. 63/1979 um skipan gjaldeyrismála og viðskiptamála með áorðnum breytingum, nú lög nr. 87/1992, og laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands með áorðnum breytingum. Með framangreindum lögum og 36. gr. laga nr. 13/1979 er Seðlabanka Íslands falið að hafa eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum, þar með töldum erlendum lántökum og gengistryggingu endurlána. Lögð hafa verið fram gögn um það af hálfu stefnanda, að gjaldeyriseftirlitið hefur verið upplýst um, en hefur engar athugasemdir gert við erlendar lántökur stefnanda né við gengistryggingu fjármögnunarleigusamninga hans.

Ákvæði 2. mgr. 38. gr. laga nr. 13/1979 verður að skilja sem heimildarákvæði fyrir gengistryggingu endurláns á erlendu lánsfé að því gefnu, að lánskjör séu sambærileg. Með vísan til þess, sem hér að framan hefur verið rakið, virðist það ekki vera skilyrði samkvæmt 28. gr. reglugerðar nr. 312/1990, að bein tengsl séu á milli lántöku og fjármögnunar vélar eða tækis. Samkvæmt þessum skilningi var stefnanda því heimilt samkvæmt 38. gr. laga nr. 13/1979 að gengistryggja endurlánið til Gámavina hf. og þá við sama gengi og var á því láni, sem hann sjálfur tók vegna fjármögnunar þessa samnings og annarra. Af hálfu stefnanda er upplýst, að hann hafi að jafnaði tekið lán í USD og DEM og greitt lán sín með nýjum lántökum. Svo sem að framan greinir, fylgdist gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands með þessari framkvæmd án athugasemda. Þar sem ekki er sýnt fram á annað, þykir því verða að gera ráð fyrir, að um sambærileg kjör sé að ræða á hinu erlenda láni stefnanda og samningi aðila, og telst hann að því gefnu fullnægja skilyrðum 38. gr. laga nr. 13/1979. Samkvæmt 28. gr. reglugerðar nr. 312/1990 telst það því ekki hafa verið skilyrði fyrir lögmæti gengistryggingar í þessu tilviki, að hið erlenda lán og gengistrygging fjármögnunarleigusamningsins væri í sænskum krónum.

Loks halda stefndu því fram, að hið erlenda lán megi eigi vera hærra en nemi 80% af samningsverði. Forsvarsmaður stefnanda, Kristján Óskarsson, bar fyrir dóminum, að ætíð hefði verið litið svo á, að kaupverðið væri verð ásamt virðisaukaskatti, en samkvæmt fyrirmælum yfirvalda, embættis ríkisskattstjóra, hefði verð verið tilgreint í fjármögnunarleigusamningum án virðisaukaskattsfjárhæðarinnar til þess að girða fyrir mistök í tengslum við endurgreiðslu. Hér er það hugtakið „samningsverð", sem ræður niðurstöðu. Í 1. tl. 1. mgr. 28. gr. reglugerðar nr. 312/1990 er sagt, að „við innflutning eða innlenda framleiðslu á vélum, tækjum og búnaði til nota í atvinnurekstri geta erlend lán hæst numið 80% af innlendu verði vörunnar". Í 3. tl.

sömu greinar segir: „Við innflutning eignarleigufyrirtækja á vélum, tækjum og búnaði í því skyni að gera eignarleigusamning um notkun þeirra við innlenda aðila geta erlend lán hæst numið 80% af samningsverði.“ Ekki eru í reglugerðinni skýrð þessi hugtök, „innlent verð“ og „samningsverð“, og því óljóst, hvort þeim er ætlað að vísa til ólíkra hluta. Ekki verður séð, hvaða ástæða gæti verið til ólíkrar túlkunar á töluliðum 1 og 3. Ekki þykir vafi leika á, að hugtakið „innlent verð“ í 1. tl. merki verð með virðisaukaskatti. Því myndi í samningsverði gagnvart viðsemjanda um eignarleigusamning eða fjármögnunarleigusamning vera innifalinn virðisaukaskattur. Þykir rétt að skýra orðið „samningsverð“ í 3. tl. 1. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar í samhengi við orðið eignarleigusamning í sömu setningu. Er þessi skilningur í samræmi við þá framkvæmd, sem verið hefur. Er af þessum ástæðum hafnað þeirri málsástæðu stefndu, að einungis hafi verið lögmætt að gengistryggja 80% af verði til hins sænska söluaðila.

Að öðru leyti en hér hefur verið rakið, er ekki tölulegur ágreiningur, en stefndi Snorri Jónsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Gámavina hf., bar fyrir dóminum, að hann teldi söluverð gámalyftarans hafa verið óeðlilega lágt. Þetta er hins vegar ekki sannað, og slíkur ágreiningur hefur ekki verið lagður undir gerðardóm samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 16. gr. skilmála hins umdeilda fjármögnunarleigusamnings. Er því ekki unnt að taka tillit til þessa við niðurstöðu dómsins.

Framangreind rök leiða til þess, að kröfur stefnanda verða teknar til greina að fullu.

Með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt, að hvor aðili beri sinn hluta málskostnaðar.

Dóminn kveður upp Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndu, Snorri Jónsson, Geirrún Tómasdóttir, og Jóhann Halldórsson, greiði in solidum stefnanda, Glitni hf., 4.512.642 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum af 240.497 kr. frá 15. 3. 1994 til 15. 4. 1994, af 465.203 kr. frá 15. 4. 1994 til 15. 5. 1994, af 692.066 kr. frá 15. 5. 1994 til 15. 6. 1994, af 915.750 kr. frá 15. 6. 1994 til 15. 7. 1994, af 1.137.648 kr. frá 15. 7. 1994 til 15. 8. 1994, af 1.358.944 kr. frá 15. 8. 1994 til 15. 9. 1994, af 1.581.261 kr. frá 15. 9. 1994 til 15. 10. 1994, af 1.803.017 kr. frá 15. 10. 1994 til 19. 10. 1994, en af 4.512.642 kr. frá 19. 10. 1994 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 13. mars 1997.

Nr. 471/1996. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Árna Ólafi Jónssyni
(Sigmundur Hannesson hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Líkamsárás. Þjófnaður. Ítrekun. Erlendir dómar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1996 að kröfu ákærða, en jafnframt af ákæruvaldsins hálfu til þyngingar refsingar. Ákæruvaldið krefst nú staðfestingar héraðsdóms.

Ákærði krefst endurskoðunar á heimfærslu til refsiákvæða og að refsing hans verði milduð.

Í héraðsdómi var ákærði, Árni Ólafur Jónsson, sakfelldur ásamt þremur öðrum mönnum. Hinir una allir dómi. Fyrir Hæstarétt hefur auk íslensks sakavottorðs verið lagt vottorð ríkislögreglunnar í Svíþjóð um sakaferil ákærða, en þar bjó hann í nokkur ár. Þessi vottorð lágu einnig fyrir héraðsdómi.

Máli þessu er einungis áfrýjað til endurskoðunar um lagaatriði og um ákvörðun refsiviðurlaga. Í því felst, að ákærði unir sakarmati héraðsdóms. Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur eru ekki til endurskoðunar.

Í héraðsdómi er því lýst, að ákærði beitti hættulegu vopni við aðför sína að Tyrfingi Heimi Tyrfingssyni. Samkvæmt vottorðum Leifs Jónssonar læknis á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur, en hann kom einnig fyrir héraðsdóm sem vitni, voru tvö skurðsár í hársverði Tyrfings Heimis og eitt á vör. Undir sári sást brot á höfuðkúpunni og smáblæðing undir. Af þessu má ráða, að tilviljun hafi ráðið því, að afleiðingar árásar ákærða urðu ekki meiri. Ber að staðfesta héraðsdóm um heimfærslu brots ákærða til 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Auk þessa

verknaðar er ákærði nú dæmdur fyrir sex stórfelld innbrot. Úr einu innbrotinu hafði hann með sér debetkort, sem hann notaði til að taka 15.000 krónur út af reikningi í hraðbanka Búnaðarbanka Íslands í Mjódd. Er sá verknaður hans réttilega heimfærður til 244. gr. almennra hegningarlaga í héraðsdómi.

Ákærði hefur ekki áður verið dæmdur hér á landi, en á árunum 1981 til 1993 var hann dæmdur 16 sinnum í Svíþjóð, aðallega fyrir þjófnað og fíkniefnabrot. Ákærði er nú sakfelldur fyrir hættulega líkamsárás, sex innbrot í félagi við aðra og þjófnað úr hraðbanka. Eiga 2. mgr. 244. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga við um þjófnaðarbrot hans, en samkvæmt 2. mgr. 71. gr. þeirra laga er heimilt að láta refsidóma, sem kveðnir voru upp í Svíþjóð yfir ákærða, hafa ítrekunaráhrif á dóm þennan til samræmis við ákvæði 3. mgr. sömu greinar. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta refsiákvörðun héraðsdóms. Frá fangelsisrefsingunni, eins og hún er þar ákveðin, ber að draga gæsluvarðhald, sem ákærði hefur sætt frá 27. mars til 13. apríl 1996 og frá 27. júlí 1996 til þessa dags.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, svo sem nánar er ákveðið í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Árni Ólafur Jónsson, sæti fangelsi í 3 ár. Frá refsingunni skal draga gæsluvarðhald, sem hann sætti frá 27. mars til 13. apríl 1996 og frá 27. júlí 1996 til þessa dags.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigmundar Hannessonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 2. desember 1996.

Ár 1996, mánudaginn 2. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 614/1996: Ákæruvaldið gegn Árna Ólafi Jónssyni, G, RP, R og K, sem tekið var til dóms 15. nóvember sl.

Málið var höfðað með fjórum ákæruskjölum ríkissaksóknara á hendur Árna Ólafi Jónssyni, Brautarholti 4, kt. 270759-2119, G, f. 1964, RP, f. 1963, R, f. 1959, og K, f. 1971, öllum í Reykjavík. Er gerð grein fyrir ákæruskjölunum í þeirri röð, sem þau hafa verið lögð fram í þessu máli:

Í fyrsta lagi, með ákæruskjali, dagsettu 13. ágúst sl., á hendur ákærða Árna Ólafi einum „fyrir innbrotsþjófnaði framda í Reykjavík föstudaginn 22. mars:

1. Fyrir að brjótast inn í íbúð á fjórðu hæð fjölbýlishússins að Dúfnahólum 2 og stela skartgripum, svo sem tveimur demantshringum, tveimur pörum af demantseyrnalokkum, fjórum gullhringum, gullhálsmeni, gullarmböndum og fjórum armbandsúrum, öllu samtals að verðmæti um 600.000 kr., og íslensku myntsafni, að verðmæti um 65.000 kr.

2. Brjótast inn í íbúð á fjórðu hæð hússins nr. 7 við Orrahóla og stela þar um 5.000 krónum.

3. Brjótast inn í íbúð á sjöundu hæð hússins að Orrahólum 7 og stela geislaspilara, að verðmæti um 17.000 kr.

4. Brjótast inn í íbúð á annarri hæð hússins nr. 12 við Sporhamra og stela haglabyssu, tveimur rifflum, þremur skotfærabeltum, skotfærum, veiðibelti, veiðihníf, þremur gullhringum, tveimur eyrnalokkum, tveimur hálsfestum, perlufesti, silfurhring, símtæki, íþróttatösku, handklæði og átta bjórum, öllu að verðmæti 267.100 kr., og íslenskum og erlendum peningum, að verðmæti alls um 10.000 kr.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu krefjast eftirgreindir skaðabóta:

Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, 680.000 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 22. 3. 1996, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga til greiðsludags, og 34.151 kr. ásamt vöxtum samvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 22. 3. 1996, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga til greiðsludags,

Baldvin Þorsteinsson, kt. 070964-5119, 33.765 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 22. 3. 1996, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga til greiðsludags,

Sjóvá-Almennar hf., kt. 701288-1739, 277.100 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 6. 6. 1996 til greiðsludags,

Vátryggingafélagið Skandia hf., kt. 681272-0469, 915.000 kr."

Í öðru lagi, með ákæruskjali, dagsettu 3. október sl., á hendur ákærðu Árna Ólafi, G, RP og R „fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum, framin á tímabilinu frá miðjum júní til 5. ágúst 1996 í Reykjavík, nema annars sé getið:

Líkamsárás.

A. Ákærða Árna Ólafi er gefið að sök að hafa:

1. Laugardaginn 20. júlí í íbúð á 3. hæð til vinstri í fjölbýlishúsinu nr. 60 að Kleppsveg, veist að Tyrfingi Heimi Tyrfingssyni, kt. 050560-3099, með öxi að vopni og slegið hann tvö högg í höfuðið með öxinni, svo að Tyrfingur Heimir féll í gólfið, og slegið Tyrfing Heimi áfram nokkur högg, eftir að hann féll í gólfið, og urðu afleiðingar árásarinnar þær, að Tyrfingur Heimir hlaut brot á höfuðkúpu með lítilli blæðingu undir brotinu og tvö skurðsár vinstra megin á höfuð og eitt á vör.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þjófnaðir.

2. Í framhaldi þjófnaðar ákærða að Hraunbæ 31 samkvæmt ákærulið B 2 19. júlí stolið 15.000 krónum af reikningi Matthíasar Magnússonar nr. 31263 í Búnaðarbanka Íslands, Kringlunni, með því að nota debetkort Matthíasar í hraðbanka í Búnaðarbanka Íslands í Mjódd.

B. Ákærðu Árna Ólafi, G, RP og R er gefið að sök að hafa staðið saman að eftirgreindum innbrotsþjófnuðum 14.–19. júlí. Ákærðu Árni Ólafur og G brutust inn, á meðan ákærðu RP og R biðu álengdar í bifreið og óku ákærðu og þýfinu af vettvangi:

1. Brotist inn í íbúðarhúsið nr. 19 við Hraunbæ og stolið skartgripum, myntsafni, frímerkjasafni, matarstelli, ýmsum skrautmunum, tveimur úrum, sjónauka, 22 geisladiskum, fatnaði, vasaútvarpi, sex töskum, seðlaveski, myndbandsspólu og ýmsum smáhlutum, samtals að verðmæti um 560.000 kr.

2. Brotist inn í íbúðarhúsið Hraunbæ 31 og stolið miklu magni af skartgripum, vasareiknivél, úri, þremur skartgripaskrínum, buddu, veski, leðurbakpoka, geislaspilara með hátölurum, 3.000 kr. í reiðufé, tveimur dagbókum, leðurferðatösku, sælgæti, áfengi, gjafakorti í Borgarleikhúsið auk skjala og skilríkja, samtals að verðmæti 161.500 kr.

C. Ákærðu Árna Ólafi og G er gefið að sök að hafa:

1. Dagana 16.–18. júní brotist í félagi inn í einbýlishúsið að Fannafold 152 og stolið fatnaði, geislaspilara, sjónauka, koparöxi, þremur vasahnífum, lyklum, áfengi, silfurborðbúnaði, 200 bandarískum dollurum, 200 enskum pundum, 200 þýskum mörkum, ýmsum skrautmunum og töluverðu af skartgripum, samtals að verðmæti um 870.000 kr.

2. Aðfaranótt fimmtudagsins 4. ágúst brotist inn í verslunina Módelskartgripi, Hverfisgötu 16 a, og stolið miklu magni af skartgripum, svo sem

69 pörum af trúlofunarhringum úr gulli, 45 sýnishornum af trúlofunarhringum, silfurklumpi, gullhálsfestum, perlufestum, silfurmenjum, gullarmböndum, gullnælum, tóbakspontum og tóbaksdósum úr silfri, bindisnælum, bindiskeðjum, 82 silfurblaðahnífum, um 20 gömlum skeiðarhnífum, verkfærum, 27 antíkmunum, letri úr grafvél, leirtaui og fjölda muna, sem voru til viðgerðar, öllu samtals að verðmæti um 7.490.000 kr.

3. Aðfaranótt fimmtudagsins 18. júlí brotist inn í raðhúsið að Tjarnarmýri 47, Seltjarnarnesi, og stolið fjórum gullarmböndum, perlufesti, perlueyrnalokkum, fimm pörum af eyrnalokkum, gullermahnöppum, úri, sex gullhringum, gullkeðju, gullhálsfesti, tveimur gullkrossum, tveimur silfurhálsmenjum, ellefu áfengisflöskum, nokkrum bjórflöskum, sjö skinkudósum, tveimur töskum, geislaspilara, samtals að verðmæti um 250.000 kr., og 15.000 krónum í reiðufé.

D. Ákærðu G og R er gefið að sök:

– – –

E. Ákærða G er gefið að sök:

– – –

F. Ákærðu RP og R er gefið að sök:

– – –

G. Ákærða R er gefið að sök:

– – –

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Í málinu krefjast eftirgreindir skaðabóta:

Bótakröfur, er varða ákærða Árna Ólaf:

Haraldur Blöndal hrl. vegna Tyrfings Heimis Tyrfingssonar, kt. 050560-3099, 1.000.000 kr. í miskabætur og 191.156 kr. vegna innheimtukostnaðar ásamt virðisaukaskatti auk vaxta frá 20. 7. 1996 til greiðsludags.

Bótakrafa, er varðar ákærðu Árna Ólaf, G, RP og R:

Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, 349.696 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 19. 7. 1996, en síðan dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga til greiðsludags.

Bótakröfur, er varða ákærðu Árna Ólaf og G:

1. Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, 4.000.000 kr.

2. Sigmar Ó. Maríusson, 3.804.330 kr.

– – –

Málavextir.

Fyrsta ákæra.

Ákærði Árni Ólafur.

1. Ákærði kannaðist í upphafi ekki við að hafa brotist inn í íbúð Þórdísar K. Guðmundsdóttur á 4. hæð í Dúfnahólum 2 22. mars sl. Hefur hann sagt, að hann hafi verið í svo mikilli vímu á þessum tíma, að hann muni ekkert eftir sér. Þegar hann kom fyrir dóm 3. apríl sl. vegna kröfu um gæsluvarðhald yfir honum, var það eitt bókað eftir honum um sakarefni þetta, að hann viðurkenndi „innbrot að Dúfnahólum 2". Ekkert var haft eftir honum um það, hvort og þá hverju hann hefði stolið. Þegar málið var þingfest, sagðist hann ekkert muna eftir sér á þessum tíma fyrir vímu. Dagbjört Rut Bjarnadóttir, kt. 040676-3259, sem sá tvo grunsamlega menn á ferli í húsinu þennan dag, hefur gefið skýrslu fyrir dóminum, en hún var látin skoða myndasafn rannsóknarlögreglunnar og tók þá út myndir af ákærða Árna Ólafi og öðrum manni. Meðal sakargagnanna eru skýrslur um haldlagningu verkfæra hjá ákærða og rannsókn á þeim. Þeir, sem að þessu unnu, hafa ekki komið fyrir dóm, og verður dómur ekki reistur á þessum gögnum. Lögreglumenn þeir, sem komu á vettvang og hefðu getað borið um ummerki þar, hafa ekki heldur komið fyrir dóm, og Þórdís K. Guðmundsdóttir, sem hefur sent inn lista um það, sem hún saknaði, hefur ekki komið fyrir dóminn heldur. Telja verður þó sannað með atbeina Dagbjartar Rutar og því, sem haft er eftir ákærða í þinghaldinu 3. apríl, að hann hafi verið þarna að verki, og hefur hann brotið gegn því lagaákvæði, sem greinir í ákæru. Ekki er unnt án verulegra tafa fyrir refsihlið málsins að fjalla um bótakröfu VÍS, og ber að vísa henni frá dómi.

2. Það athugast, að innbrotið í 2. tl. ákæru mun hafa verið framið 25., en ekki 22. mars sl. Ákærði neitaði í upphafi að hafa brotist inn í íbúð á 4. hæð í Orrahólum 7, sem ákært er fyrir. Þegar hann kom fyrir dóm 3. apríl sl. vegna kröfu um gæsluvarðhald yfir honum, var framburður hans óbreyttur um þetta, og sagðist hann ekki kannast við að hafa brotist inn í íbúð í þessu húsi 25. mars. Þegar málið var þingfest, sagðist hann ekkert muna eftir sér á þessum tíma fyrir vímu. Ekki hafa nein vitni komið fyrir dóminn til þess að bera um þetta sakarefni. Meðal sakargagnanna eru skýrslur um haldlagningu verkfæra hjá ákærða og rannsókn á þeim. Þeir, sem að þessu unnu, hafa ekki komið fyrir dóm, og verður dómur ekki reistur á þessum gögnum. Lögreglumenn þeir, sem komu á vettvang og hefðu getað borið um ummerki þar, hafa ekki heldur komið fyrir dóm, og Guðbjörn Guðbjörnsson, umsjónarmaður íbúðarinnar, sem sakna mun verðmæta úr henni, hefur ekki heldur komið fyrir dóminn. Telja verður, að ósannað sé, að ákærði hafi

verið þarna að verki, og ber að sýkna hann af þessu ákæruatriði og vísa frá dómi bótakröfu VÍS.

3. Ákærði neitaði í upphafi að hafa brotist inn í íbúð á 7. hæð í Orrahólum 7. Þegar hann kom fyrir dóm 3. apríl sl. vegna kröfu um gæsluvarðhald yfir honum, kvaðst hann fyrst ekkert muna eftir sér á þessum tíma vegna áfengis- og lyfjaneyslu, en svo var bókað eftir honum, að hann viðurkenndi „innbrot að Orrahólum 7 22. mars sl.“. Ekkert er haft eftir honum um það, hvort og hverju hann kynni að hafa stolið. Þegar málið var þingfest, sagðist hann ekkert muna eftir sér á þessum tíma fyrir vímu. Ekki hafa nein vitni komið fyrir dóminn til þess að bera um þetta sakarefni. Meðal sakargagna eru skýrslur um haldlagningu verkfæra hjá ákærða og rannsókn á þeim. Þeir, sem að þessu unnu, hafa ekki komið fyrir dóm, og verður dómur ekki reistur á þessum gögnum. Lögreglumenn þeir, sem komu á vettvang og hefðu getað borið um ummerki þar, hafa ekki heldur komið fyrir dóm, og Baldvin Þorsteinsson húsráðandi, sem saknar geislaspilara og -diska, hefur ekki heldur komið fyrir dóminn. Telja verður þrátt fyrir það, sem haft er eftir ákærða í þinghaldinu 3. apríl, að ósannað sé, að hann hafi verið þarna að verki, og ber að sýkna hann af þessu ákæruatriði og vísa frá dómi bótakröfu Baldvins Þorsteinssonar.

Ákærði neitaði í upphafi að hafa brotist inn og stolið í Sporhömrum 12. Í þinghaldi vegna kröfu um gæsluvarðhald var honum sagt, að fingurfar hans hefði fundist á vettvangi. Var þá bókað eftir honum, að hann viðurkenndi „innbrotið að Sporhömrum 12, þar sem fyrir“ lægi, að hann hefði verið þar. Meðal gagna málsins er skýrsla Kristjáns Friðþjófssonar rannsóknarlögreglumanns um fingrafararannsókn þessa, en lögreglumaðurinn hefur ekki komið fyrir dóm. Þegar ákærði var yfirheyrður hjá RLR 9. apríl, sagðist hann ekki muna eftir því að hafa verið þarna að verki og bar við vímu. Hann rámaði þó í að hafa borið einhverjar töskur, en mundi ekki, hvenær eða hvar. Þegar málið var þingfest, sagðist hann ekkert muna eftir sér á þessum tíma fyrir vímu. Telja verður þrátt fyrir það, sem haft er eftir ákærða í þinghaldinu 3. apríl, að ósannað sé, að hann hafi verið þarna að verki, og ber að sýkna hann af þessu ákæruatriði og vísa frá dómi bótakröfu Sjóvár-Almennra.

Önnur ákæra.

A. Ákærði Árni Ólafur.

1. Samkvæmt lögregluskýrslu, sem er meðal gagna málsins, var lögregla kvödd í fjölbýlishúsið nr. 60 við Kleppsveg laugardaginn 20. júlí sl. kl. 14.25 vegna áfloga í íbúð á 3. hæð, en þar býr Ída Harðardóttir. Þegar þangað

kom, var fólk utandyra með slasaðan mann, Tyrfing Heimi Tyrfingsson, og lagaði blóð úr sárum á höfði hans. Mun hafa komið fram hjá fólkinu, að ákærði hefði barið manninn með öxi í höfuðið. Hinn slasaði var fluttur á slysadeild til aðhlynningar. Fólk þetta var fært á lögreglustöðina, en ákærði fannst ekki fyrr en um kvöldið á geymslulofti fyrir ofan íbúðina, og var þá handtekinn. Fram hefur komið, að flest hafi þetta fólk verið undir áhrifum áfengis eða vímuefna.

Ákærði hefur sagt, að hann muni óljóst eftir atburðum í íbúðinni, en kveðst þó muna eftir, að deilur hafi verið með mönnum og hann verið með öxi í hendi. Hafi Tyrfingur Heimir ráðist framan að sér, en maður að nafni Hafsteinn komið aftan að sér og hann þá borið fyrir sig öxina og snúið sér að Hafsteini, en eftir það sé minni sitt mjög ótraust. Hafi hann verið „uppdópaður" af pillum og amfetamíni.

Vitnið Tyrfingur Heimir Tyrfingsson hefur skýrt frá því, að hann hafi verið í eldhúsinu að tala við systur sína í síma. Skyndilega hafi hann heyrt hávaða og orðið svo fyrir höggi á höfuðið. Hann hafi ekki áttað sig á því strax, hver hefði veitt sér höggið, en svo séð, hvar maður stóð með öxi, og hafi maðurinn slegið sig aftur þungt högg á höfuðið og hann þá fallið í gólfið. Hann segist hafa misst meðvitund snöggvast, en síðan ætlað að hringja á hjálp. Hann hafi séð, að maðurinn stóð yfir sér með hníf. Hann segist hafa hitt mann þennan einu sinni áður, kvöldið áður, en ekki þekkja hann neitt að öðru leyti. Hann segist ekki geta áttað sig á því, hvaða hluti axarinnar hafi verið notaður á sig, en hann hafi skorist á vör við það, að maðurinn otaði að sér hnífi, en hann hafi ekki fengið högg á munninn. Sjálfur segist hann hafa verið undir áhrifum róandi lyfja. Segist hann smám saman vera að ná sér, en hann fái enn svimaköst og minnisleysi.

Vitnið Baldur Þór Guðmundsson, kt. 101275-4269, var einn af gestunum í íbúð Ídu Harðardóttur, þegar atburðurinn varð. Kveðst hann hafa setið inni í stofu með manni að nafni Óskar og ákærða. Á gólfinu hafi verið öxi, sem ákærði hafi tekið upp og farið með fram í eldhús. Hafi hann sagt, að allir skyldu flýta sér út. Kveðst hann hafa staðið upp og séð inn í eldhúsið, hvar Tyrfingur hélt á hnífi og beindi að Árna. Þá hafi Hafsteinn Kjartansson komið aftan að Árna og tekið hann tökum. Hann segist ekki hafa séð Árna slá Tyrfing með öxinni og ekki séð áverka á Tyrfingi. Kveðst hann svo hafa flýtt sér út.

Vitnið Ída Harðardóttir hefur skýrt frá því, að hún hefði tekið öxina, sem hafði verið geymd í þvottahúsi íbúðarinnar, og farið með hana inn í íbúð, ekki af neinni sérstakri ástæðu. Hún segist ekki muna, hvar hún lagði frá sér öxina. Hún segist hafa fengið það á tilfinninguna, að Berglind, sambýlis-

kona ákærða, hafi eitthvað verið að ögra honum og gera hann jafnvel afbrýðisaman með því að skreppa frá um hríð með Tyrfingi. Hún segist hafa verið nýbúin að tala við fyrrverandi sambýlismann sinn í síma, og eftir það hafi hún farið inn í herbergi til að jafna sig. Hún hafi þá heyrt ákærða segja, að allir skyldu fara út, og hafi hún farið fram í stofu og tekið undir þetta. Hún segist muna að hafa séð ákærða á íbúðarganginum ásamt hinum, og hafi hann haldið bæði á öxinni og hnífi. Hafi hann verið í annarlegu ástandi og ólíkur sjálfum sér. Hún hafi orðið hrædd og farið niður á næstu hæð og hringt dyrabjöllu þar og hringt í öðrum íbúðum líka. Loks hafi hún orðið að fara út í næsta hús til þess að fá að hringja á hjálp. Hún hafi verið á leiðinni inn aftur, þegar hún mætti Tyrfingi blóðugum, og í sama mund hafi lögreglan komið.

Vitnið Guðmundur Jakob Jónsson, enn einn af gestunum hjá Ídu, hefur skýrt frá því, að allt hafi verið rólegt framan af í íbúðinni. Þó hafi sér fundist spenna myndast, eftir að Tyrfingur kom inn aftur, en hann hafði skroppið frá. Fékk hann það á tilfinninguna, að ákærði væri afbrýðisamur út í Tyrfing vegna konu sinnar. Muni hann, að ákærði hafi reynt að reka fólkið út úr íbúðinni. Rifrildi hafi hafist á milli ákærða og Tyrfings út af litlu. Fannst honum Tyrfingur eiga upptökin með ráðríki og frekju. Ekki kveðst hann gera sér grein fyrir, hvor þeirra hafi átt upptök að átökunum, sem fylgdu í kjölfarið. Hafi þetta verið hrindingar í upphafi inni í stofu, en átökin borist fram á gang og eldhús. Vitnið segist ekki hafa séð vel fram í eldhúsið. Hann segist ekki geta fullyrt, hvort ákærði og Tyrfingur hafi farið í eldhúsið á svipuðum tíma, en þeir hafi verið þar í einhverjar mínútur. Sjálfur segist hann hafa setið í sófa í stofunni, svo að hann hafi ekki séð, hvað gerðist frammi. Segist hann hafa séð ákærða halda á öxinni frammi á gangi, og minnir, að hann hafi haldið á henni inn í eldhúsið. Næst muni hann, að allir voru farnir úr íbúðinni nema hann og ákærði, en að lokum hafi ákærði farið. Eftir það hafi verið barið að dyrum og lögreglan komið.

Vitnið Berglind Friðbertsdóttir, sambýliskona ákærða á þessum tíma, hefur skýrt frá því, að hún hafi verið stödd inni í stofu hjá Ídu, þegar hún heyrði læti framan úr eldhúsi. Hún hafi þá farið fram í eldhús að athuga þetta og séð Tyrfing þá liggja á gólfinu blóðugan. Ákærði hafi staðið í eldhúsinu, þó ekki yfir Tyrfingi, og haldið á öxi og hníf. Aðrir hafi ekki verið þarna inni en þeir tveir. Hún hafi reynt að róa ákærða, en hann hafi verið í slíkum ham, að hún hafi ekki náð sambandi við hann. Hún segist hafa forðað sér út úr eldhúsinu, en ekki vita, hvort hún heyrði högg þaðan, en þaðan hafi heyrst mikil læti.

Í vottorðum Leifs Jónssonar, læknis á slysadeild, sem komið hefur fyrir

dóm, segir, að tvö skurðsár hafi verið í hársverði vinstra megin á höfði mannsins og eitt á vör. Undir sárunum á höfuðkúpunni hafi sést brot á höfuðkúpunni og smáblæðing undir. Sárin á vörum og höfði virtust vera eftir eggjárn. Hefðu áverkarnir verið veittir með öxi, væru þeir með ólíkindum lítilfjörlegir, og hefðu þeir þá a. m. k. verið unnir með hangandi hendi.

Niðurstaða.

Sannað er með skýrslu Tyrfings Heimis Tyrfingssonar, sem studd er skýrslum vitna og að nokkru leyti ákærða sjálfs, að hann sló Tyrfing Heimi tvisvar með öxi í höfuðið og olli þeim áverkum á höfuðkúpunni, sem lýst hefur verið. Með hliðsjón af skýrslu Tyrfings Heimis verður hins vegar að telja það ósannað, að ákærði hafi slegið hann fleiri högg en tvö, og telja verður, að áverkinn á vörinni sé eftir annað en högg með öxinni. Ber að sýkna ákærða af þeim áverka. Ákærði beitti hættulegu vopni, og enda þótt höggin hafi ekki verið þung, varðar árás hans við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Haraldur Blöndal hrl. hefur krafist þess f. h. Tyrfings Heimis, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða honum 1.000.000 krónur í miskabætur og 153.539 krónur í innheimtukostnað auk virðisaukaskatts af innheimtukostnaðinum. Af hálfu ákærða er þess krafist, að krafan verði lækkuð. Dæma ber ákærða til þess að greiða Tyrfingi Heimi 150.000 krónur í miskabætur og 10.000 krónur í bætur fyrir að halda fram kröfunni.

2. Ákærði hefur viðurkennt að hafa tekið 15.000 krónur út af reikningi Matthíasar Magnússonar, og telst það vera þjófnaður og varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

B. Ákærðu Árni Ólafur, G, RP og R.

1. Ákærðu Árni Ólafur og G hafa báðir viðurkennt að hafa brotist inn í Hraunbæ 19 og stolið þar verðmætum. Segjast þeir hafa verið þarna á ferð um miðjan dag á bíl ákærða G. Þá hefur komið fram hjá ákærða G, að þeir hafi farið aftur inn um nóttina og tekið fleira. Eins og ákæru er háttað, verður hér aðeins fjallað um fyrra brotið, sem telja verður aðskilið frá hinu síðara. Meðákærðu hafa neitað að hafa komið þarna nokkuð nærri, enda kemur fram hjá þeim, að þeir hafi verið þarna á ferð með þeim að næturlagi. Ber að sýkna þá R og RP af þessum ákærulið. Aftur á móti hafa þeir Árni Ólafur og G orðið sekir um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ekki verður ráðið með neinni vissu, hvaða verðmæti ákærðu tóku í fyrra

sinnið og hvaða verðmæti þeir tóku í síðara brotinu. Þá er enn síður hægt að gera sér grein fyrir tjóninu, sem valdið var í hvoru tilviki. Ber því að vísa frá bótakröfu VÍS.

2. Ákærðu Árni Ólafur og G hafa báðir viðurkennt að hafa brotist inn í Hraunbæ 31 og stolið þeim verðmætum, sem ákært er fyrir. Ákærði G hefur þó sagt, að skartgripirnir, sem þeir tóku, séu oftaldir í ákæru. Enda þótt ekkert verði fullyrt um magn eða verðmæti skartgripanna, sem teknir voru, eru ákærðu orðnir sannir að þjófnaði á umtalsverðum verðmætum úr þessu húsi, og hafa þeir gerst sekir um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Meðákærðu hafa neitað sök í málinu. Þeir kannast þó við að hafa ekið með þeim um nóttina í Árbæjarhverfi í bíl, sem ákærði RP stýrði og hafði í umráðum sínum. Hafi hinir farið úr bílnum. Hjá RP kemur fram, að þeir hafi svo komið aftur með fjóra stóra innkaupapoka með ýmsum varningi, og má ætla, að eitthvað af þeim varningi, svo sem matarstell, hafi verið úr Hraunbæ 19. Hjá ákærða R hefur komið fram, að þeir hafi gefist upp á því að bíða eftir þeim. Ákærði RP kveðst telja, að hann hafi ekki vitað, hvað til stæði, en tekur fram, að hann hafi verið í mikilli amfetamínneyslu, þegar þetta gerðist, og reyndar öðrum efnum líka. Það er álit dómsins, að ekki hafi dulist fyrir ákærðu RP og R, hvað til stóð hjá meðákærðu, þegar lagt var í ferðina. Hefur hinn fyrrnefndi orðið sekur um hlutdeild í þjófnaðinum með því að aka þeim í innbrotsferðina. Hefur hann orðið sekur um brot gegn 244. gr., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga. Aftur á móti hefur R ekki orðið uppvís að öðru en því að sitja í bílnum sem farþegi, og ber að sýkna hann af ákæruatriði þessu.

C. Ákærðu Árni Ólafur og G.

1. Ákærðu hafa viðurkennt að hafa brotist inn í Fannafold og stolið þeim verðmætum, sem lýst er í ákæru. Er ljóst, að ákærðu stálu þarna verulegum verðmætum. Eru þeir sannir orðnir að broti gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

2. Ákærðu hafa viðurkennt að hafa brotist inn í verslunina Módelskartgripi og stolið þeim verðmætum, sem talin eru upp í ákærunni. Enda þótt ekki verði neitt fullyrt um nákvæmt verðmæti þess, sem þeir stálu, er ljóst, að ákærðu hafa látið greipar sópa í verslun og verkstæði fyrirtækisins og stolið gríðarlegum verðmætum. Hafa þeir orðið sannir að broti gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

VÍS og Sigmar Ó. Maríusson kaupmaður hafa hvor um sig gert fébótakröfu á hendur ákærðu, samtals að fjárhæð 7.804.330 krónur. Ekki er unnt að fjalla um þessar kröfur án þess að tefja verulega sakamálið, og er þeim vísað frá dómi.

3. Ákærðu hafa viðurkennt að hafa brotist inn í Tjarnarmýri 47 og stolið þeim verðmætum, sem greinir í ákæru. Hafa þeir brotið gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

– – –

Refsingar, sakarkostnaður.

Ákærði Árni Ólafur hefur ekki áður verið dæmdur hér á landi, en á árunum 1981 til 1993 var hann dæmdur sextán sinnum í Svíþjóð, aðallega fyrir þjófnaði og fíkniefnabrot. Ákærði er nú sakfelldur fyrir hættulega líkamsárás og sex þjófnaðarbrot, þar á meðal stórfelldan innbrotsþjófnað í skartgripaverslun. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú ár. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhald, sem hann hefur sætt frá 27. mars til 7. apríl og frá 27. júlí sl. til þessa, samtals 139 daga.

Ákærði G hefur ekki áður verið dæmdur hér á landi, en var á tímabilinu 1982 til 1992 dæmdur tíu sinnum í Svíþjóð, aðallega fyrir þjófnaði og fíkniefnabrot. Þjófnaðarbrotin, sem hann hefur nú verið sakfelldur fyrir, eru ellefu talsins, og þar á meðal eru tveir stórfelldir innbrotsþjófnaðir í skartgripaverslanir. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú ár. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhald, sem hann hefur sætt frá 27. mars til 11. apríl og frá 5. ágúst til 19. október sl., samtals 90 daga.

Ákærði RP er nú sakfelldur fyrir tvö þjófnaðarbrot, og verður að telja annað þeirra stórþjófnað. Hann gekkst fjórum sinnum undir dómsátt á árunum 1987 til 1992 fyrir umferðar- og áfengislagabrot, og árið 1991 hlaut hann sektardóm fyrir líkamsárás. Loks var hann dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi 12. nóvember sl. Dæma ber upp skilorðsdóminn, og þykir refsing hans, sem verður hegningarauki, vera hæfilega ákveðin fangelsi í tólf mánuði. Rétt þykir að fresta framkvæmd níu mánaða af refsingunni og ákveða, að sá hluti hennar falli niður að liðnum þremur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Frá hinum óskilorðsbundna hluta dómsins ber að draga gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 8. ágúst til 19. september sl., 42 daga.

Ákærði R er nú sakfelldur fyrir níu þjófnaðarbrot, þar af eitt einkar stórfellt, svo og eitt hylmingarbrot. Ákærði hefur á tímabilinu 1981 til 1995 fjórum sinnum hlotið sektarrefsingu fyrir umferðar- og fíknilagabrot. Þá var hann dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi 15. nóvember 1995 fyrir hylmingu. Hann hefur nú rofið skilorð þessa dóms, og ber að dæma þann dóm upp. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í átján mánuði. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhaldsvist, sem ákærði sætti frá 5. ágúst til 19. október sl., samtals 75 daga.

Ákærði K hefur til þessa hlotið fjóra dóma fyrir þjófnaðarbrot. Þá hefur

hann margsinnis verið sektaður fyrir umferðar- og fíknilagabrot. Síðast var hann dæmdur 19. ágúst 1995 í þriggja mánaða fangelsi, en þar af voru tveir mánuðir skilorðsbundnir í tvö ár. Hann hefur nú rofið skilorð þessa dóms, og ber að dæma hann upp og gera ákærða refsingu í einu lagi. Þykir hún vera hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði.

Saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, ber að dæma ákærða Árna Ólaf til þess að greiða að 1/3 hluta, en G, RP, R og K, hvern um sig, að 1/6 hluta.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða verjendum sínum réttargæslu- og málsvarnarlaun sem hér segir: Árna Ólaf Sigmundi Hannessyni hrl. 180.000 krónur vegna réttargæslu og málsvarnar, G Helga Sigurðssyni hdl. 150.000 krónur vegna réttargæslu og málsvarnar, G Hilmari Ingimundarsyni hrl. 25.000 krónur vegna réttargæslu, RP Hilmari Ingimundarsyni hrl. 85.000 krónur vegna málsvarnar, R Ómari Stefánssyni hdl. 85.000 krónur vegna málsvarnar og K Erni Clausen hrl. 85.000 krónur vegna málsvarnar og réttargæslu.

Loks ber að dæma Árna Ólaf til þess að greiða annan sakarkostnað að 2/3 hlutum og G að 1/3 hluta.

Dómsorð:

Ákærði Árni Ólafur Jónsson sæti fangelsi í 3 ár. Frá refsingunni dregst 139 daga gæsluvarðhald.

Ákærði G sæti fangelsi í 3 ár. Frá refsingunni dregst 90 daga gæsluvarðhald.

Ákærði RP sæti fangelsi í 12 mánuði. Frestað er framkvæmd 9 mánaða af refsingunni, og fellur sá hluti hennar niður að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð hegningarlaganna. Frá refsingunni dregst 42 daga gæsluvarðhald.

Ákærði R sæti fangelsi í 18 mánuði. Frá refsingunni dregst 75 daga gæsluvarðhald.

Ákærði K sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Árni Ólafur greiði Tyrfingi Heimi Tyrfingssyni 150.000 krónur í miskabætur og 10.000 krónur í bætur fyrir að halda fram kröfunni.

Saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, greiði ákærði Árni Ólafur að 1/3 hluta, en G, RP, R og K, hver um sig, að 1/6 hluta.

Ákærðu greiði verjendum sínum réttargæslu- og málsvarnarlaun sem hér segir: Árni Ólafur Sigmundi Hannessyni hrl. 180.000 krónur vegna réttargæslu og málsvarnar, G Helga Sigurðssyni hdl. 150.000 krónur vegna réttargæslu og málsvarnar, G Hilmari Ingimundarsyni hrl. 25.000 krónur vegna réttargæslu, RP Hilmari Ingimundarsyni hrl.

85.000 krónur vegna málsvarnar, R Ómari Stefánssyni hdl. 85.000 krónur vegna málsvarnar og K Erni Clausen hrl. 85.000 krónur vegna málsvarnar og réttargæslu.

Annan sakarkostnað greiði Árni Ólafur að 2/3 hlutum, en G að 1/3 hluta.

Fimmtudaginn 13. mars 1997.

Nr. 29/1997. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Karli Guðna Ólafssyni
(Róbert Árni Hreiðarsson hdl.)

Líkamsárás. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. janúar 1997 að kröfu ákærða, en einnig af hálfu ákæruvaldsins til staðfestingar á sakfellingu og þyngingar á refsingu. Dómkröfur ákæruvaldsins eru nú um staðfestingu héraðsdóms.

Ákærði krefst aðallega ómerkingar héraðsdóms og að málinu verði vísað heim til nýrrar meðferðar og dómsálagningar. Til vara krefst hann sýknu og til þrautavara, að refsing verði milduð og dæmd skilorðsbundin.

I.

Krafa ákærða um ómerkingu héraðsdóms og heimvísun máls er á því byggð, að misbrestur hafi orðið á öflun sönnunargagna. Leita þurfi eftir framburði dyravarða og lögreglumanna, sem að málinu komu. Afla verði frekari læknisfræðilegra gagna. Þá hafi verið ranglega bókað eftir vitninu Jóhanni Steinarssyni.

Fyrir liggur, að dyraverðir og lögreglumenn urðu ekki vitni að átökum ákærða og vitnisins Friðriks Arnar Herbertssonar Andersen. Áverkavottorð Leifs Jónssonar læknis á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur og vottorð Brynhildar Ingvarsdóttur augnlæknis um ástand vinstra auga Friðriks Arnar eru skilmerkileg. Verjandi ákærða hafði tækifæri til að óska eftir frekari gögnum í héraði og gera athugasemdir við fram lögð gögn. Hann hefur komið að nægilegri leiðréttingu á bókun framburðar Jóhanns Steinarssonar.

Að þessu athuguðu eru ekki efni til að ómerkja dóm héraðsdóms.

II.

Fyrir liggur skýrsla lögreglumanna, sem komu á vettvang 16. apríl 1994 að ósk dyravarðar veitingastaðarins Café Amsterdam. Ræddu þeir þar í anddyrinu við Friðrik Örn, sem sagði þeim, að einhver maður hefði ráðist á sig og slegið sig í andlitið, gleraugu sín hefðu brotnað og hann meiðst á auga. Friðrik Örn var fluttur á slysadeild.

Í skýrslunni kemur fram, að þeir hafi einnig rætt við ákærða, sem hafi verið grunaður um verknaðinn. Hann hafi ekki viðurkennt að hafa lent í átökum við Friðrik Örn. Hann hafi verið með skurð á vinstri kinn. Hann var einnig fluttur á slysadeild.

Vitni, sem þeir hittu á staðnum, hafi þekkt ákærða fyrir sama mann og lamdi Friðrik Örn. Ákærði hafi fengið skurð á kinnina, er Friðrik lamdi til hans, eftir að hann hafi slegið Friðrik.

Vitni að atburðinum eru í skýrslunni skráð þau Ingibjörg Frostadóttir, Hulda Guðný Guðnadóttir og Guðmundur Hjalti Jónsson. Þau voru auk Friðriks Arnar og systur hans, Þórdísar, yfirheyrð hjá lögreglu í maí og júní 1994. Þau staðfestu þar framangreinda frásögn í stórum dráttum. Við aðalmeðferð málsins í héraði í september og október 1996 staðfestu þau framburð sinn fyrir lögreglu. Hulda og Guðmundur Hjalti töldu sig þó, svo löngu síðar, muna lítið eftir atburðinum.

Leifur Jónsson læknir lýsir komu Friðriks Arnar á slysadeild 16. apríl 1994 í áverkavottorði. Þar segir, að hann hafi kvartað um móðu fyrir vinstra auga. Ekkert hafi sést á auganu, en hann hafi haft glóðarauga vinstra megin.

Ákærði viðurkenndi, er hann kom til skýrslutöku hjá lögreglu 23. apríl 1995, að hafa slegið Friðrik Örn. Hann kvaðst ekki geta sagt, hvor hafi slegið fyrr. Fyrir dómi 4. september 1996 kvað hann ákæruna hins vegar ranga. Hann hafi ekki slegið Friðrik Örn. Þeir hafi aftur á móti verið að tuskast og skollið í gólfið, og taldi hann, að gleraugun hefðu brotnað við það og Friðrik Örn skorist. Að ósk verjanda ákærða komu þá fyrir dóm vitnin Hjalti Þorkelsson og Fjölnir og Fjalar Elvarssynir. Þeir báru, að skvest hefði úr glasi ákærða yfir Friðrik Örn og hann þá risið upp og barið ákærða og þeir síðan fallið í gólfið. Þeir hafi ekki tekið eftir neinum áverkum á Friðriki Erni. Vitnið Jóhann Steinarsson segist nú hafa borið á sama veg fyrir héraðsdómi.

Af framburði þeim, sem að framan er rakinn, er nægilega fram komið, að til árekstrar kom með ákærða og Friðriki Erni. Af framburði fyrir dómi og skýrslum hjá lögreglu, sem staðfestar hafa verið fyrir dómi, þeirra Friðriks Arnar, Huldu Guðnýjar Guðnadóttur, Ingibjargar Frostadóttur, Þórdísar Andersen og Guðmundar Hjalta Jónssonar, sem fá stoð í áverkavottorði Leifs Jónssonar læknis, er sannað, að ákærði sló í andlit Friðriks Arnar, en hann var með gleraugu. Hins vegar verður ekki staðhæft, að ákærði hafi byrjað átökin.

Staðfesta ber því sakarmat héraðsdómara. Áverkar Friðriks Arnar eru stórfelldir, svo sem fram er komið í vottorðum Brynhildar Ingvarsdóttur augnlæknis og rakið er í héraðsdómi. Heimfærsla héraðsdóms á broti ákærða til 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, er því staðfest.

Refsing ákærða er hæfilega metin í héraðsdómi, þegar litið er til 3. mgr. 218. gr. a almennra hegningarlaga. Þar sem mál þetta hefur dregist í meðförum lögreglu og ákæruvalds um rúm tvö ár frá atburðinum, án þess að ákærða verði um það kennt, verður refsing hans bundin skilorði, svo sem greinir í dómsorði.

Sakarkostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, eins og ákveðið er í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Karl Guðni Ólafsson, sæti fangelsi í 4 mánuði. Fresta skal framkvæmd refsingarinnar og hún falla niður að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Sakarkostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Róberts Árna Hreiðarssonar héraðsdómslögmanns, 35.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 5. nóvember 1996.

Ár 1996, þriðjudaginn 5. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 582/1996: Ákæruvaldið gegn Karli Guðna Ólafssyni, sem tekið var til dóms 30. október sl.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 16. júlí sl., á hendur ákærða, Karli Guðna Ólafssyni, Hlíðartúni 21, Höfn, Hornafirði, fæddum 6. apríl 1974, fæðingarnúmer 591, „fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 16. apríl 1994 á veitingastaðnum Café Amsterdam, Hafnarstræti 5, Reykjavík, veitt Friðriki Erni Herbertssyni, fæddum 22. ágúst 1964, sem bar gleraugu, hnefahögg í vinstra auga með þeim afleiðingum, að Friðrik Örn hlaut alvarlega sjónskerðingu á vinstra auga.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar".

Málavextir.

Um þrjúleytið aðfaranótt laugardagsins 16. apríl 1994 var ákærði staddur á veitingastofunni Café Amsterdam í Hafnarstræti í Reykjavík. Þar var einnig staddur kærandinn í málinu, Friðrik Örn Herbertsson Andersen, ásamt systur sinni, Þórdísi, og kunningjakonu þeirra, Ingibjörgu Frostadóttur. Urðu þá átök með þeim ákærða og Friðriki Erni í hliðarherbergi í veitingastofunni. Hlutu báðir áverka, og flutti lögreglan þá á slysadeild til aðhlynningar.

Ákærði hefur sagt fyrir dómi, að hann hafi ekki slegið Friðrik Örn. Aftur á móti hafi þeir verið að tuskast, og hafi þeir skollið í gólfið, og kveðst hann telja, að gleraugu Friðriks Arnar hafi brotnað við það og hann skorist þannig. Frásögn ákærða hjá lögreglu ári eftir atburðinn var nokkuð á aðra lund. Þá kvað hann átökin hafa orðið á þann hátt, að skvest hefði óvart úr glasi yfir Friðrik Örn, sem þarna sat. Hefði hann staðið upp við það og ýtt við sér og þeir farið að tuskast. Hann viðurkenndi að hafa slegið Friðrik Örn og sagði Friðrik Örn einnig hafa slegið sig. Ekki kvaðst hann geta sagt, hvor þeirra hefði slegið fyrr, en hann hefði sjálfur fengið skurð á vinstri kinn. Þeir hefðu svo slegist áfram og dottið í gólfið. Hefði liðið töluverð stund, þar til dyraverðir hefðu komið og skorist í leikinn.

Friðrik Örn hefur skýrt frá því fyrir dómi, að hann hafi setið í herbergi á veitingastaðnum ásamt vinkonu sinni og systur. Hafi ókunnugur maður þá komið þar að með glas í hendi og byrjað á því að skvetta á sig úr glasinu, orðalaust og án tilefnis, og síðan hent í sig glasinu. Hafi glasið lent í fanginu á sér. Kveðst hann hafa orðið reiður og staðið upp, en vinkona sín, Ingi-

björg, gengið á milli. Hann hafi svo fengið högg á vinstra auga og gleraugu sín brotnað og fossblætt úr sér. Hann hafi þá slegið manninn. Hafi hann svo farið fram til dyravarðanna, sem hafi tekið manninn. Lögregla hafi komið og flutt sig á slysadeild.

Vitnið Hulda Guðný Guðnadóttir sat við næsta borð í herberginu, þegar átökin urðu. Hún kveðst annars muna lítið eftir því, sem gerðist, og treystir sér ekki til að rifja það upp. Muni hún það eitt, að Friðrik Örn hafi verið kýldur og verið alblóðugur á eftir. Vitnið gaf skýrslu í rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík rúmum sex vikum eftir atburðinn. Sagði hún þá, að hún hefði séð mann ráðast á Friðrik Örn, sem hún kannaðist við, og slá hann í andlitið. Hafi Friðrik verið sitjandi og gleraugun hrokkið af honum. Hún hafi svo forðað sér á brott.

Vitnið Guðmundur Hjalti Jónsson sat við sama borð og Hulda, frændkona hans. Fyrir dómi hefur hann sagt, að hann hafi séð, að þarna hafi orðið einhver handalögmál, en hann muni nú lítið eftir þessu. Í skýrslu hjá lögreglunni í Reykjavík rúmum sex vikum eftir atburðinn sagðist hann hafa séð, hvar maður gekk að borði Friðriks Arnar, sem vitnið kannaðist við, og sló hann í andlitið, svo að gleraugu hans brotnuðu. Hefði strax farið að blæða úr Friðriki Erni fyrir neðan augað, þar sem gleraugun brotnuðu. Hann kvaðst hvorki hafa séð aðdragandann né eftirleikinn að þessum atburði, en þarna hafi verið mannþröng.

Vitnið Ingibjörg Frostadóttir hefur skýrt frá því, að þær Þórdís Andersen hafi staðið ekki langt frá sófa, sem Friðrik Örn sat í. Þá hafi komið piltur aðvífandi og stjakað við Þórdísi, svo að hún datt í sófann við hliðina á Friðriki Erni. Hún kveðst þá hafa sagt við piltinn, að hann skyldi „slappa af“, eða eitthvað þesslegt. Pilturinn hafi skvett úr glasi yfir Friðrik og hent svo í hann glasinu. Friðrik hafi þá staðið upp, en hún hafi gengið á milli þeirra tveggja og beðið Friðrik að vera rólegan. Pilturinn hafi þá slegið Friðrik, svo að gleraugun brotnuðu og hann skarst. Friðrik hafi svo slegið piltinn á móti. Dyravörður hafi komið og tekið piltinn og farið með hann fram í eldhús.

Vitnið Þórdís Andersen hefur skýrt frá því fyrir dómi, að hún hafi verið nýkomin inn í herbergið, þar sem atburðurinn gerðist. Hafi þá einhver ýtt við sér, svo að hún datt á sófabríkina við hliðina á Friðriki, sem sat þar. Sami maður hafi svo skvett úr glasi yfir Friðrik og því næst hent í hann glasinu. Friðrik hafi þá staðið upp, en maðurinn slegið hann á augað, svo að gleraugun fuku af honum. Hafi blætt úr Friðriki eftir þetta. Friðrik hafi einnig slegið manninn, svo að blætt hafi úr honum. Náð hafi verið í dyravörð, er hafi komið og tekið manninn, sem þetta gerði.

Vitnið Hjalti Þorkelsson, sem er kunnugur ákærða, var staddur í herberginu, þar sem atburðurinn gerðist. Segir hann, að ákærði hafi komið þar inn í herbergið um þröngar dyr með glas í hendi, en einhver hafi rekist í hann, og við það hafi skvest úr glasinu yfir mann, sem sat þarna rétt hjá. Maðurinn hafi staðið upp, og hafi orðið eitthvert orðaskak á milli þeirra, og hafi maðurinn slegið ákærða í andlitið. Þeir hafi svo tekist á og oltið í gólfið. Dyraverðir hafi komið þarna að og skilið þá. Annað hafi hann ekki séð af átökum þeirra. Hann segist ekki hafa séð, að ákærði slægi manninn í andlitið.

Vitnið Jóhann Steinarsson var staddur á veitingastofunni, þegar atburðurinn gerðist. Kveðst hann hafa séð ákærða koma inn í herbergið, og hafi einhver rekist í hann, svo að skvest hafi úr glasi hans yfir mann, sem þarna sat. Sá hafi staðið upp og einhverjar ýfingar orðið með þeim, sem enduðu með því, að ákærði sló manninn í andlitið. Þeir hafi svo tekist á og oltið í gólfið. Vitnið segist hafa séð blóð í andliti ákærða, en ekki hafi hann tekið eftir því, hvort hinn maðurinn var með áverka eða hvernig hafi verið með gleraugu hans.

Vitnið Fjölnir Elvarsson hefur komið fyrir dóm. Kveðst hann hafa setið við borð í herberginu ásamt frænda sínum og bróður. Hann hafi séð ákærða koma þarna inn í herbergið, en fara svo út og koma aftur inn stuttu síðar með glas í hendi. Þröng hafi verið þarna af fólki, og virtist vitninu einhver rekast í ákærða, svo að skvettist úr glasi hans yfir mann, sem þarna sat við borð. Maðurinn hafi staðið upp reiður og einhver orðaskipti farið á milli þeirra og ekki í góðu. Hafi þetta endað með því, að maðurinn sló ákærða hnefahögg í andlitið. Hafi þeir svo dottið í gólfið.

Vitnið Fjalar Elvarsson sat við borð inni í herberginu ásamt frænda sínum og bróður. Hann kveðst hafa séð ákærða koma þangað inn, en fara svo út og koma aftur inn stuttu síðar með bjórglas í hendi. Þröng hafi verið þarna af fólki, og virtist vitninu einhver rekast í ákærða, svo að skvettist úr glasi hans yfir mann, sem þarna sat við borð. Maðurinn hafi staðið upp reiður og einhver orðaskipti farið á milli þeirra, ekki í góðu, og þetta endað með því, að maðurinn sló ákærða hnefahögg í andlitið. Þeir hafi svo dottið í gólfið. Vitnið kveðst ekki hafa séð áverka á mönnunum, en dyraverðir komu þarna að og fóru með þá fram. Vitnið segir, að allt hafi þetta gerst mjög hratt.

Í vottorði Leifs Jónssonar, læknis á slysa- og bæklunarlækningadeild Borgarspítalans, segir, að Friðrik Örn hafi komið á slysadeildina kl. 3.10, og var sagt, að hann hefði verið barinn í andlitið skömmu áður. Hefði höggið komið á vinstra auga hans, og gleraugu, sem hann var með, hefðu brotnað.

Í vottorðinu segir enn fremur, að maðurinn hefði kvartað um móðu fyrir vinstra auga, en við skoðun á því hafi ekkert athugavert sést. Glóðarauga hafi verið undir því, en enga skurði að sjá. Ekki hafi einkennin verið talin þarfnast meðferðar, en honum sagt að koma aftur daginn eftir, ef þau minnkuðu ekki eða hyrfu.

Friðrik Örn leitaði til Brynhildar Ingvarsdóttur augnlæknis, og skoðaði hún augnáverkann 2. maí næstliðinn. Kemur þar fram, að hann sé enn með móðu fyrir miðju vinstra auga. Eðlileg sjónskerpa, 1,25, hafi verið á hægra auga, en á vinstra auga hafi hún mælst 0,05. Ekki hafi verið roði í auganu, fremri hluti þess eðlilegur, tær innsýn og eðlileg sjóntaug. Í miðhluta augnbotns sá augnlæknirinn hins vegar blæðingu í sjónhimnu og bólgu umhverfis, sem skýrt gæti minnkaða sjónskerpu og móðu fyrir auganu. Læknirinn skoðaði Friðrik Örn aftur 22. ágúst, og reyndist sjónskerpan þá vera óbreytt. Blæðingin í augnbotni var þá horfin, en breytingar, litartilfærslur, sáust í miðgróf augans. Að mati augnlæknisins hefur Friðrik Örn alvarlega sjónskerðingu á vinstra auga, lögblindu, en hliðarsjón sé þó enn.

Niðurstaða.

Fjögur vitni auk Friðriks Arnar Herbertssonar, þau Helga Guðný Guðnadóttir, Ingibjörg Frostadóttir, Þórdís Andersen og Jóhann Steinarsson, bera, að ákærði hafi slegið Friðrik Örn í andlitið. Ákærði viðurkenndi þetta hjá lögreglu, en fyrir dómi hefur hann neitað því. Verður að telja sannað, að hann hafi slegið Friðrik Örn hnefahögg í andlitið. Friðrik Örn kvartaði strax við komu á slysadeild um móðu fyrir auganu, og þykir ekki varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi með högginu valdið sjónskerðingunni á auganu. Með vísan til vættis sama fólks ber að hafna þeirri viðbáru ákærða, að Friðrik Örn hafi slegið sig fyrr, og verður að telja, að líkamsárás ákærða hafi í m. l. verið gerð af litlu tilefni. Líkamstjónið, sem af hlaust, er stórfellt í skilningi 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, og hefur ákærði gerst sekur við þá refsiheimild.

Sakaferill ákærða hefur ekki þýðingu fyrir mál þetta. Þykir refsing vera hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði. Mál þetta var höfðað rúmum tveimur árum eftir atburðinn, og hefur meðferð þess því dregist mjög. Er ekki að sjá, að ákærða verði kennt um það. Er því rétt að fresta framkvæmd þriggja mánaða af refsingunni og ákveða, að sá hluti hennar falli niður að liðnum þremur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun verjandans, Róberts Árna Hreiðarssonar hdl., 40.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Karl Guðni Ólafsson, sæti fangelsi í 4 mánuði. Frestað er framkvæmd 3ja mánaða af refsingunni, og fellur sá hluti hennar niður að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Róberts Árna Hreiðarssonar héraðsdómslögmanns, 40.000 krónur.

Fimmtudaginn 13. mars 1997.

Nr. 255/1996. **Kærunefnd jafnréttismála**
f. h. Guðrúnar Erlu Ólafsdóttur
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
íslenska ríkinu
(Jón G. Tómasson hrl.,
Ásgeir Magnússon hdl.) **og**
Ríkisútvarpinu
(Baldur Guðlaugsson hrl.)

Jafnrétti. Launakrafa. Kjarasamningar. Ráðningarsamningur. Sönnunarbyrði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. júlí 1996. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 733.263 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. ágúst 1995 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar in solidum úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi íslenska ríkið krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara krefst hann þess, að dómkröfur áfrýjanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði í því tilviki látinn niður falla.

Stefndi Ríkisútvarpið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar kemur fram, gegndi Guðrún Erla Ólafsdóttir starfi útsendingarstjóra hjá Ríkisútvarpi-sjónvarpi frá 15. apríl 1991 til 21. ágúst 1995 og skipti vöktum með öðrum útsendingarstjóra, Valdimar Gísla Valdimarssyni, á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Þá voru aðeins þessir tveir útsendingarstjórar í starfi hjá Ríkisútvarpi-sjónvarpi. Guðrún Erla

er með próf í fjölmiðlafræðum með myndbandagerð sem sérgrein og var í stéttarfélaginu Útgarði, félagi háskólamanna, og tók laun samkvæmt kjarasamningi Útgarðs við fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs. Valdimar Gísli er rafeindavirki að mennt og þá laun samkvæmt kjarasamningi Rafiðnaðarsambands Íslands við fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, og voru grunnlaun hans talsvert hærri en laun Guðrúnar Erlu. Ágreiningslaust er í málinu, að báðir útsendingarstjórarnir fullnægðu faglegum kröfum til starfsins og að um nákvæmlega sama starf var að ræða. Launamunurinn stafaði af ólíkum ráðningarsamningum, sem byggðust á mismunandi kjarasamningum. Óumdeilt er, að ekki var gerður greinarmunur á kynjum við gerð kjarasamninganna.

Báðir útsendingarstjórarnir völdu það stéttarfélag, sem samrýmdist best menntun þeirra með hliðsjón af launakjörum. Fram er komið, að Guðrún Erla hefði ekki náð sömu grunnlaunum og samstarfsmaður hennar með því að gerast félagi í Rafiðnaðarsambandinu, þar sem menntun hennar yrði þá ekki metin til launa til jafns við hans menntun.

Í ráðningarsamningum Guðrúnar Erlu var Útgarður tilgreindur sem stéttarfélag hennar og tekið fram, að um laun hennar færi samkvæmt launaflokki nr. 144. Í febrúar 1992 kvartaði Guðrún Erla við yfirmenn sína vegna þess, að samstarfsmaður hennar fékk greidd talsvert hærri laun en hún, þótt um sama starf væri að ræða. Hinn 29. september 1992 var samþykkt tveggja launaflokka hækkun afturvirkt frá 1. mars 1992. Breyting, sem gerð var á kjarasamningi Útgarðs við fjármálaráðherra í mars 1995, hafði þau áhrif, að Guðrúnu Erlu var skipað í launaflokk nr. 147 frá 1. maí 1995. Þrátt fyrir þessar hækkanir var samstarfsmaður hennar með hærri laun.

II.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla skulu konum og körlum greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Þar er kveðið á um, að með launum sé átt við venjulegt grunn- eða lágmarkskaup og hvers konar frekari þóknun, beina eða óbeina, hvort heldur sé með hlunnindagreiðslum eða öðrum hætti, og sagt, að með kjörum sé átt við lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hvers konar önnur

samningsréttindi. Þá er þar einnig tekið fram, að með jöfnum launum karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf sé átt við launataxta, sem samið er um, án þess að gerður sé greinarmunur á kynjum. Samkvæmt 6. gr. laganna er atvinnurekendum óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði, og gildir það meðal annars um laun, launatengd fríðindi og hvers konar aðra þóknun fyrir vinnu. Framangreind ákvæði eru í samræmi við 2. mgr. 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 3. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995.

Á grundvelli laga nr. 2/1993 er Ísland aðili að Evrópska efnahagssvæðinu. Samkvæmt 3. gr. þeirra laga á að skýra lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur, sem á honum byggjast. Samkvæmt 69. gr. samningsins skulu aðildarríkin tryggja, að konur og karlar hljóti jöfn laun fyrir jafna vinnu, en með launum er átt við venjulegt grunn- eða lágmarkskaup ásamt öllum öðrum greiðslum, hvort heldur er í fé eða fríðu, sem launþegi fær beint eða óbeint frá vinnuveitanda sínum vegna starfa síns. Framangreind ákvæði í lögum nr. 28/1991 eru í meginatriðum hin sömu og kveðið er á um í 69. gr. EES-samningsins og XVIII. viðauka hans um jafnrétti kynjanna og vinnurétt.

III.

Stefndu halda því fram, að launamunur útsendingarstjóranna stafi einungis af ólíkri stéttarfélagsaðild þeirra og mismunandi kjarasamningum, sem ráðningarsamningar þeirra byggjast á. Stéttarfélög beggja séu opin báðum kynjum, þótt karlar séu í yfirgnæfandi meiri hluta í Rafiðnaðarsambandi Íslands, 97%, en í Útgarði eru konur í litlum meiri hluta, tæp 60%. Ljóst sé, að enginn greinarmunur er gerður á kynjum við gerð hvors kjarasamnings um sig. Stefndi Ríkisútvarpið byggir einnig á því, að samkvæmt ráðningarsamningi Guðrúnar Erlu skyldi leggja kjarasamning Útgarðs til grundvallar kjörum hennar og við það hefði verið staðið í hvívetna. Þá benda stefndu á, að í kjarasamningum sé ekki einungis samið um grunnlaun, heldur einnig um aðra þætti kjara, eins og lífeyris-, orlofs- og veikindarétt. Sé því ekki rétt að taka aðeins mið af launaþættinum, heldur verði að gera heildarsamanburð á öllum kjörum útsend-

ingarstjóranna, til þess að unnt sé að staðhæfa, að Guðrún Erla hafi búið við lakari kjör.

IV.

Eins og lýst er að framan, hvílir sú lagaskylda á atvinnurekendum að sjá til þess, að konur og karlar fái greidd jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Óumdeilt er, að Guðrún Erla og samstarfsmaður hennar unnu nákvæmlega sama starfið. Bar stefndu því að tryggja það, að hún nyti sambærilegra ráðningarkjara og hinn útsendingarstjórinn. Fram er komið, að grunnlaun hennar voru lægri en hans. Er það rakið til kjarasamninga stéttarfélaga, sem vísað var til í hvorum ráðningarsamningi um sig. Ekki hefur verið skýrt í málinu, hvernig ákvörðun launa hafi ráðist af túlkun kjarasamninganna, sem höfðu ekki bein ákvæði um þetta starf, og launakjör útsendingarstjóranna hafa ekki verið borin saman að öðru leyti. Stefndu hafa betri aðstæður til að gera samanburð á kjörum þeirra og gera grein fyrir samhengi í launasamningum ríkisins. Samkvæmt almennum sönnunarreglum stendur það þeim nær að sýna fram á það, að hlutlægar ástæður hafi ráðið launamuninum. Það hafa þeir ekki gert, en mismunandi kjarasamningar geta ekki einir sér réttlætt launamun kvenna og karla. Er því fallist á það með áfrýjanda, að stefndu hafi brotið gegn 1. mgr. 4. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 28/1991, og séu skaðabótaskyldir samkvæmt 22. gr. laganna.

Tekin verður til greina krafa áfrýjanda um bætur vegna þess mismunar, sem var á grunnlaunum Guðrúnar Erlu og samstarfsmannsins frá 1. mars 1992 til 1. ágúst 1995, 233.263 krónur, með vöxtum eins og í dómsorði greinir, en fjárhæðin hefur ekki sætt tölulegum andmælum af hálfu stefndu. Ekki þykja efni til að dæma sérstakar miskabætur.

Stefndu greiði áfrýjanda málskostnað in solidum í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði segir.

Dómsorð:

Stefndu, íslenska ríkið og Ríkisútvarpið, greiði Guðrúnu Erlu Ólafsdóttur 233.263 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. ágúst 1995 til greiðsludags.

Stefndu greiði in solidum áfrýjanda, kærunefnd jafnréttismála, 500.000 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. apríl 1996.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 11. apríl sl., var höfðað með stefnu, birtri 15. júní 1995, af kærunefnd jafnréttismála, kt. 660691-2009, Laugavegi 13, Reykjavík, fyrir hönd Guðrúnar Erlu Ólafsdóttur, kt. 060564-7019, Lindargötu 58, Reykjavík, gegn fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins og Ríkisútvarpinu, kt. 540269-5729, Efstaleiti 1, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu greiði Guðrúnu Erlu Ólafsdóttur in solidum skaðabætur, að fjárhæð 733.263 kr., með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 1. ágúst 1995 til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól stefnufjárhæðar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. ágúst 1996. Enn fremur krefst stefnandi málskostnaðar in solidum samkvæmt mati dómsins auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að tildæmdur verði málskostnaður úr hendi hans að mati réttarins. Til vara gerir hann þær kröfur, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði í því tilviki látinn niður falla.

Dómkröfur stefnda Ríkisútvarpsins eru, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður að skaðlausu. Til vara er krafist lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

II.

Málavextir eru þeir, að Guðrún Erla Ólafsdóttir starfaði sem útsendingarstjóri hjá Ríkisútvarpi-sjónvarpi og skipti vöktum með öðrum útsendingarstjóra, Valdimar Gísla Valdimarssyni. Hefur Guðrún Erla próf í fjölmiðlafræðum með myndbandagerð sem sérgrein og er í stéttarfélaginu Útgarði, félagi háskólamanna, sem er aðili að BHMR, og tekur laun samkvæmt kjarasamningi Útgarðs við fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs frá 21. mars 1987, sbr. breytingar og framlengingu á samningnum frá 18. maí 1989, sbr. samkomulag um breytingu og framlengingu á samningnum frá 26. febrúar 1993, og var henni raðað í 147. launaflokk, 5. þrep, frá og með 1. maí 1995.

Samstarfsmaður Guðrúnar Erlu, Valdimar Gísli, er rafeindavirki að mennt og þá laun samkvæmt kjarasamningi Rafiðnaðarsambands Íslands við fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs frá 18. maí 1990. Var honum raðað í 2. launaflokk með 27% stjórnunarálagi og 21% starfsaldursálagi. Fullnægðu báðir aðilar þeim faglegu kröfum, sem gerðar eru til útsendingarstjóra Ríkisútvarps-sjónvarps, og unnu nákvæmlega sama starf, en voru hvort í sínu stéttarfélaginu. Kemur fram í gögnum málsins, að Guðrún Erla hafi átt val um aðild að þremur stéttarfélögum, sem gert hafa kjarasamninga við fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, en þar er um að ræða Útgarð, sem er félag innan BHMR, Starfsmannafélag Sjónvarps, sem er félag innan BSRB, og Rafiðnaðarsamband Íslands, sem er eitt af aðildarsamböndum Alþýðusambands Íslands.

Guðrún Erla mun hafa kvartað í febrúar 1992 við rekstrarstjóra tæknideildar Ríkisútvarpsins vegna þess, að samstarfsmaður hennar fengi greidd talsvert hærri laun en hún, þrátt fyrir það að þau ynnu nákvæmlega sömu störf. Starfsnefnd RÚV fékk mál hennar til umfjöllunar, og með bréfi RÚV til fjármálaráðuneytisins, dags. 29. september 1992, var þess óskað, að Guðrún Erla tæki laun samkvæmt launaflokki nr. 146 samkvæmt kjarasamningi, og var sú beiðni sett fram á grundvelli mats starfsnefndar RÚV, sem afgreitt hafði verið í samræmi við reglur um þátttöku sérhæfðra starfsmanna á námskeiðum og framhaldsnámi, sem nýtist í starfi. Var samþykkt hækkun afturvirkt frá 1. mars 1992 að telja. Launaleiðrétting þessi mun hafa farið fram 1. desember 1992, en stefnandi taldi þetta aðeins hafa jafnað launin að litlu leyti.

Með bréfi, dags. 11. nóvember 1992, óskaði Guðrún Erla eftir því við kærunefnd jafnréttismála, að hún kannaði og tæki afstöðu til þess, hvort sá munur, sem væri á launum hennar og samstarfsmanns, bryti gegn ákvæðum jafnréttislaga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Með álitsgerð kærunefndar jafnréttismála í málinu, sem var nr. 17/1992, komst kærunefndin að þeirri niðurstöðu, að ólögmætt væri að greiða Guðrúnu Erlu lægri laun en samstarfsmanni hennar fyrir sömu vinnu að teknu tilliti til starfsaldurs og að með athæfi sínu hafi Ríkisútvarp-sjónvarp og fjármálaráðuneytið brotið gegn 4. gr., sbr. 1. tl. 1. mgr. 6. gr. jafnréttislaga nr. 28/1991. Í niðurlagi álitsgerðarinnar var þeim tilmælum beint til fjármálaráðuneytisins, að Guðrún Erla fengi launaleiðréttingu í samræmi við niðurstöðu kærunefndar.

Með bréfi starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins til kærunefndar jafnréttismála, dags. 31. ágúst 1994, hafnaði ráðuneytið þeim tilmælum kærunefndar, sem komu fram í fyrrnefndri álitsgerð.

III.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla kveður stefnandi það afdráttarlausa skyldu launagreiðanda að greiða konum og körlum jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf og jafnframt að veita þeim hin sömu kjör að öllu leyti. Hvers kyns mismunun starfsfólks eftir kynferði sé fortakslaust bönnuð, og taki bannið m. a. til launa, launatengdra fríðinda og hvers konar annarrar þóknunar fyrir vinnu, sbr. 1. tl. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Kveður stefnandi, að í jöfnum launum fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf felist, að karlar og konur skuli njóta sömu grunnlauna og jafnra kjara að öðru leyti fyrir störf sín, en í því felist, að reikningslegur grunnur launa skuli vera hinn sami. Sé óumdeilt, að Guðrún Erla og samstarfsmaður hennar, Valdimar Gísli, gegni bæði stöðu útsendingarstjóra hjá Ríkisútvarpi-sjónvarpi og að hún fullnægi öllum þeim faglegu kröfum, sem gerðar séu til starfsins, til jafns við samstarfsmanninn. Aðra eiginleika en þá, sem sérstaklega sé krafist til að gegna starfinu, sé óheimilt að leggja til grundvallar, þegar starfsmenn séu metnir til launa. Guðrún Erla og samstarfsmaður hennar séu hvort í sínu stéttarfélagi og fái greidd laun eftir kjarasamningi hvors félags við fjármálaráðherra. Hvort stéttarfélag meti einstaka félagsmenn sína til launa eftir fyrir fram ákveðnum reglum kjarasamnings þess við launagreiðanda. Launataxtar Útgarðs séu lægri en taxtar RSÍ, sem sé dæmigert karlafélag, og stafi launamismunun Guðrúnar Erlu eingöngu af ólíkum töxtum kjarasamninga. Geti Guðrún Erla því ekki náð sömu grunnlaunum og samstarfsmaður hennar með því að gerast félagi í RSÍ, þar sem hún kæmist ekki hærra en í 1. launaflokk vegna ákvæða kjarasamningsins. Menntun samstarfsmanns hennar sem rafeindavirkja sé metin til launa í kjarasamningnum, en menntun Guðrúnar Erlu í fjölmiðlafræðum og myndbandagerð yrði í engu metin til launa.

Kveður stefnandi, að 1. tl. 1. mgr. 6. gr. jafnréttislaga banni skilyrðislaust hvers konar launalega mismunun kynjanna, sbr. 4. gr. sömu laga. Eigi Guðrún Erla því skýlausan rétt til að njóta sömu launa og samstarfsmaður hennar auk sambærilegra kjara að öðru leyti. Ólík ákvæði kjarasamninga geti aldrei réttlætt launalega mismunun, enda gangi slík tilhögun þvert gegn ótvíræðu ákvæði jafnréttislaga. Kjarasamningar geymi aðeins ákvæði um lágmarkslaun fyrir ákveðin störf. Óheimilt sé að semja um lægri laun en kjarasamningur kveði á um, en ekkert sé því til fyrirstöðu að semja um hærri laun. Skýra verði kjarasamning Útgarðs við stefndu til samræmis við jafnréttislögin á þann hátt, að ekki megi greiða Guðrúnu Erlu lægri laun en samstarfsmaður hennar njóti, og því verði að greiða henni ábót á lágmarks-

taxta kjarasamningsins, sem mismuninum nemi. Samstarfsmaður hennar af gagnstæðu kyni njóti hærri launa vegna ákvæða kjarasamnings síns félags, og eigi hún rétt á að hækka í launum til jafns við hann.

Með álitsgerð kærunefndar jafnréttismála í málinu nr. 17/1992 komist kærunefndin að þeirri niðurstöðu, að með því að greiða Guðrúnu Erlu lægri grunnlaun en samstarfsmanni hennar hafi stefndu brotið gegn 4. gr., sbr. 1. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 28/1991, m. a. með vísan til túlkunar dómstóls ESB á 119. gr. Rómarsáttmálans um jafnrétti kvenna og karla.

Verði að túlka inntak 4. gr., sbr. 1. tl. 1. mgr. 6. gr. jafnréttislaga, í samræmi við réttarþróun á hinu evrópska efnahagssvæði, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1993. Ákvæði 69. gr. samningsins um evrópska efnahagssvæðið skyldi aðildarríkin til að tryggja, að konur og karlar njóti sömu launa fyrir sömu störf. Þar sem 69. gr. samningsins sé efnislega á sömu leið og 119. gr. Rómarsamningsins, verði að telja, að dómar ESB-dómstólsins gildi fyrir túlkun inntaks 69. gr. EES-samningsins, sbr. 6. gr. samningsins. Í málinu nr. C-172/92: Dr. Enderby gegn Frenchay Health Authority o. fl. frá 27. október 1993 taldi dómstóll ESB, að mismunandi launataxtar kjarasamninga gætu ekki réttlætt launalega mismunun karla og kvenna. Verði að túlka fyrrnefnd ákvæði jafnréttislaga með hliðsjón af niðurstöðu dómsins, enda sé íslenska ríkinu skylt að beita samræmdri túlkun til að tryggja einsleitni á hinu evrópska efnahagssvæði, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1993.

Eigi Guðrún Erla rétt á að standa utan félaga og ef hún hefði samið einstaklega við launagreiðandann, hefði það talist skýlaust brot á jafnréttislögum að semja um lægri laun henni til handa en samstarfsmaður hennar njóti. Telja verði, að ekki megi meta Guðrúnu Erlu það til réttarspjalla, að þriðji aðili hafi samið um kaup og kjör við launagreiðandann. Guðrún Erla geti ekki afsalað sér réttindum samkvæmt jafnréttislögum með einstaklingsbundnum samningum, og á sama hátt verði að telja, að réttindum verði ekki afsalað með óbeinum hætti fyrir milligöngu þriðja aðila við samningsgerð.

Ólíkir launataxtar og hækkunarreglur einstakra kjarasamninga séu eingöngu tæknileg atriði, sem stefndu verði að leysa innbyrðis til að fullnægja skyldu sinni samkvæmt jafnréttislögum. Það að greiða Guðrúnu Erlu sömu grunnlaun og samstarfsmanni sé auðvelt í framkvæmd og aðeins spurning um tæknilega útfærslu í launaútreikningi. Ef mismunandi félagsaðild geti réttlætt launalega mismunun eftir kynferði, sé grundvöllur jafnréttislaga algerlega brostinn og í andstöðu við skuldbindingar Íslands, hvort sem er á alþjóða- eða Evrópuvettvangi. Ef stefndu geti komist upp með að greiða konum og körlum misjöfn laun fyrir sömu störf vegna mismunandi félagsaðildar, sé við haldið ólögmætu ástandi.

Samkvæmt 1. ml. 22. gr. jafnréttislaga beri stefndu að bæta Guðrúnu Erlu það fjárhagslega tjón, sem hún hafi orðið fyrir vegna launalegrar mismununar. Frá 2. mars 1992 hafi Guðrún Erla þurft að sæta viðtöku lægri launa en henni hafi með réttu borið þrátt fyrir ítrekaða beiðni um leiðréttingu. Beri stefndu af þeim sökum að greiða henni að fullu þann mun, sem verið hafi á grunnlaunum hennar og samstarfsmannsins, frá 1. mars 1992 til 1. ágúst 1995 in solidum. Hafi stefndu með broti á jafnréttislögum valdið Guðrúnu Erlu verulegum óþægindum og hneisu í tæp fjögur ár, og beri þeim því að greiða henni miskabætur samkvæmt 2. ml. 22. gr. jafnréttislaga in solidum.

Kröfugerð.

Kröfur stefnanda um skaðabætur til handa Guðrúnu Erlu sundurliðast þannig:

1. Bætur fyrir fjárhagslegt tjón 233.263 kr., sem eru mismunur á grunnlaunum Guðrúnar Erlu og samstarfsmanns hennar.

2. Bætur fyrir ófjárhagslegt tjón vegna verulegra óþæginda og hneisu í tæp fjögur ár, og telur stefnandi það hæfilega metið til 500.000 kr.

Kröfur sínar um sömu grunnlaun til handa Guðrúnu Erlu og samstarfsmaður hennar nýtur, styður stefnandi við lög nr. 28/1991, einkum 1. gr., 4. gr. og 6. gr., lög um evrópskt efnahagssvæði nr. 2/1993, einkum 2. og 3. gr. og 69. gr. samningsins. Kröfur um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón og fjárhagslegt tjón styður stefnandi við 22. gr. laga nr. 28/1991 og kröfur um vexti við III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989 og lög nr. 9/1989. Kröfur um málskostnað reisir hann á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, og kröfur um virðisaukaskatt á málskostnað styður hann við lög nr. 50/1988, en þar sem lögmönnum sé gert að innheimta virðisaukaskatt af málflutningsþóknun sinni og stefnandi ekki virðisaukaskattsskyldur, sé honum nauðsyn að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

IV.

Stefndi fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins telur, að í 3. mgr. 4. gr. jafnréttislaga segi, að með jöfnum launum karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf sé átt við launataxta, sem samið sé um, án þess að gerður sé greinarmunur á kynjum. Sé ljóst, að við gerð kjarasamninga Rafiðnaðarsambands Íslands (RSÍ) og Útgarðs við fjármálaráðherra hafi ekki verið gerður greinarmunur á kynjum, en á það hafi stefnandi fallist. Þess vegna sé því mótmælt, að órökstudd fullyrðing stefnanda um, að RSÍ sé „dæmigert karlafélag", geti haft þýðingu við úrlausn málsins. Hvorki RSÍ né Útgarður setji kynferði sem skilyrði fyrir félagsaðild. Mismunur á launum Guðrúnar Erlu og Valdimars Gísla eigi því eingöngu rætur að rekja til mis-

munandi stéttarfélagsaðildar þeirra og ólíkra kjarasamninga, sem ráðningarsamningar þeirra taki mið af, svo og ólíkrar menntunar til þess starfs, sem þau höfðu með höndum. Í því sambandi beri einnig á það að líta, að starfið sé iðngrein.

Stefnandi hafi komist að þeirri niðurstöðu í áliti sínu nr. 17/1992, að mismunun í launum, sem eingöngu verði rakin til ólíkrar stéttarfélagsaðildar, sé brot á jafnréttislögum, sbr. 4. gr. og 1. tl. 1. mgr. 6. greinar þeirra. Þessari niðurstöðu sé eindregið mótmælt sem rangri. Stefnandi hafi með þessari niðurstöðu ekki gætt að þeim fyrirvara, sem jafnréttislögin kveði sjálf á um í 3. mgr. 4. gr., en tilgangur þess ákvæðis sé augljóslega sá, að unnt sé að kveða á um kaup og kjör í almennum kjarasamningum og að ekki sé með jafnréttislögum stefnt að afnámi samningsréttar stéttarfélaga.

Með niðurstöðu sinni hafi stefnandi því í raun vegið og metið tvo ólíka kjarasamninga, en ekki tvo einstaklinga af gagnstæðu kyni. Sé fullljóst, að ef menntun og stéttarfélagsaðild Guðrúnar Erlu og Valdimars Gísla hefði verið öfugt farið, hefði launamunur milli þeirra verið á hinn veginn af þeim ástæðum, en ekki vegna ólíks kynferðis. Einnig sé það óhrekjanleg staðreynd, að launamunur hefði verið hinn sami, ef tveir útsendingarstjórar af sama kyni hefðu verið í sporum þeirra Guðrúnar Erlu og Valdimars Gísla. Niðurstaða stefnanda stafi því ekki aðeins af rangri túlkun jafnréttislaga, heldur sé hún beinlínis andstæð ákvæði 3. mgr. 4. gr. laganna. Hvernig sem á málið verði litið, sé ljóst, að hlutlægar ástæður aðrar en mismunandi kynferði, urðu þess valdandi, að Guðrún Erla hafði lægri grunnlaun en Valdimar Gísli.

Sakarefni málsins snúist því raunverulega um það, hvort lögmæt heimild fjármálaráðherra til að gera ólíka kjarasamninga við mismunandi stéttarfélög víki í öllum tilvikum fyrir jafnréttislögum. Ef fallist yrði á málatilbúnað stefnanda, hefði það augljóslega í för með sér, að annaðhvort væri aðeins heimilt að semja í einu lagi við alla ríkisstarfsmenn, þannig, að ólík menntun eða eðli starfans mætti ekki hafa þar áhrif, eða semja yrði um öll ráðningarkjör við hvern og einn starfsmann. Í hinu síðarnefnda tilviki yrði í hvert sinn, er nýr starfsmaður væri ráðinn, að tilgreina í ráðningarsamningi hvernig færi um grunnlaun, yfirvinnuprósentu, lífeyrisgreiðslur, veikindarétt, laun í barnsburðarleyfi, orlofsrétt og önnur ráðningarkjör. Grundvöllur kjarasamninga þeirra stéttarfélaga, sem semji við ríkið, væri því brostinn, og stéttarfélög myndu sæta verulegum takmörkunum á samningsrétti sínum. Ljóst sé, að jafnréttislögin sjálf miði alls ekki að því að útrýma samningsrétti stéttarfélaga.

Til stuðnings túlkun sinni á jafnréttislögum hafi stefnandi vísað til réttar-

þróunar á hinu evrópska efnahagssvæði, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1993 um evrópska efnahagssvæðið og 69. gr. samningsins um evrópska efnahagssvæðið. Vísi hann einnig til niðurstöðu dómstóls Evrópubandalagsins í málinu nr. C-127/92: Dr. Enderby gegn the Frenchay Health Authority frá 27. október 1993, en af henni megi ráða, að ólíkir launataxtar geti ekki réttlætt launalega mismunun karla og kvenna. Þessu sé mótmælt. Margir dómar hafi fallið um skýringu á 119. gr. Rómarsáttmálans. Þær hlutlægu ástæður, sem ráðið hafi launamun þeim, sem um er deilt í málinu, séu í fullu samræmi við ákvæði jafnréttislaga svo og ákvæði 69. gr. samningsins um evrópska efnahagssvæðið. Þótt niðurstöður ESB-dómstólsins um skýringu á 119. gr. Rómarsáttmálans gætu haft áhrif á skýringu 69. gr. EES-samningsins, sé sérstök áhersla á það lögð, að túlkun stefnanda á dómi ESB-dómstólsins í svokölluðu Enderby-máli fái alls ekki staðist, enda séu málsatvik þar með öðrum hætti en stefnandi hafi lagt til grundvallar túlkun sinni á dóminum.

Stefnandi haldi því fram, að ólíkir launataxtar og hækkunarreglur einstakra kjarasamninga séu einungis tæknileg atriði, sem stefndu verði að leysa innbyrðis til að uppfylla skyldu sína samkvæmt jafnréttislögum. Þessari túlkun stefnanda á jafnréttislögum í máli Guðrúnar Erlu er mótmælt. Engin heimild sé fyrir fjármálaráðherra til að víkja frá ákvæðum ráðningarsamnings og kjarasamnings á þann hátt að miða aðeins launaþátt ákveðins starfsmanns við annan kjarasamning á grundvelli mismunandi kynferðis. Þá sé ekki raunhæft að miða einungis við launamun við mat á því, hvort Guðrún Erla eða Valdimar Gísli beri meira úr býtum samkvæmt kjarasamningum stéttarfélaga sinna. Í því efni sé á það bent, að stéttarfélag Valdimars, Félag rafeindavirkja, sem sé aðili að RSÍ, geri kjarasamninga við fjármálaráðherra samkvæmt lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Valdimar hafi því ekki fallið undir lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Sé því vafasamt að einblína á launaþáttinn við samanburð á kjörum þeirra.

Til stuðnings varakröfu heldur stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkisins því fram, að stefnandi hafi í engu sýnt fram á miska Guðrúnar Erlu. Verði ekki á það fallist, sé á það bent, að miskabótakrafan sé allt of há og órökstudd. Til stuðnings kröfum um málskostnað vísar hann til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefndi Ríkisútvarpið reisir sýknukröfu sína á því, að samkvæmt ráðningarsamningi Guðrúnar Erlu skyldi leggja kjarasamning Útgarðs (BHMR) til grundvallar ráðningarkjörum. Við þá ráðningarskilmála hafi verið staðið í hvívetna. Mótmælir stefndi Ríkisútvarpið því, að ráðningarkjör Guðrúnar Erlu feli í sér brot á þeim ákvæðum jafnréttislaga nr. 28/1991, sem tilfærð séu í stefnu.

Það, sem vegi þyngst, sé, að kynferði sé hvorki áhrifavaldur gagnvart launum samkvæmt kjarasamningi rafiðnaðarmanna né samkvæmt kjarasamningi Útgarðs. Sami mismunur hefði verið á kjörum, ef samstarfsmaðurinn hefði verið kona. Sami munur hefði einnig verið á, hefðu karlar gegnt báðum þessum störfum á sömu forsendum og Guðrún Erla og samstarfsmaður hennar.

Stefnandi rökstyðji brot á jafnréttislögum með vísan til þess, að það ákvæði jafnréttislaga, sem skýri boð laganna um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf, þýði, „að reikningslegur grunnur launa skuli vera sá sami". Þessi lögskýring fái ekki staðist og rúmist ekki innan vébanda þess ákvæðis laganna, sem vísað sé til, 3. mgr. 4. gr.

Reikningslegur grunnur launa samkvæmt ólíkum kjarasamningum, sem hvorugur geri greinarmun eftir kynjum, geti ekki talist renna stoðum undir þau sjónarmið stefnanda, að stefndu hafi gerst sekir um brot á jafnréttislögum. Ákvæði jafnréttislaga séu sett starfsmönnum af báðum kynjum til hagsbóta. Starfsmenn af báðum kynjum eigi rétt til samanburðar við hitt kynið á grundvelli ákvæða þeirra.

Evrópudómstóllinn hafi á síðustu árum kveðið upp nokkra dóma, sem varði skýringar á 119. gr. Rómarsáttmálans um jafnrétti karla og kvenna. Þeim ályktunum, sem stefnandi dragi af úrlausn Evrópudómstólsins, sé mótmælt, enda fái þær ekki staðist. Séu málsatvik ekki sambærileg, þar sem sama stéttarfélagið hafi gert báða þá samninga, sem deilt hafi verið um í því máli, og fleira komi til.

Staðfestingu á sjónarmiðum stefnanda kveður stefndi Ríkisútvarpið leiða til þess, að samstarfsmaður Guðrúnar Erlu í Rafiðnaðarsambandinu myndi geta fengið sér dæmd lífeyrisréttindi, réttindi til launa í veikindaforföllum, réttindi til fyrirframgreiðslu mánaðarlauna, sambærileg henni, hvað sem ákvæði kjarasamninga, ráðningarsamnings og laga annars segi til um, eða hver þau önnur kjör í ráðningarsamningi Guðrúnar Erlu, sem séu umfram hans. Af slíku leiði óþolandi réttaróvissu, sem stríði gegn því meginsjónarmiði samningsréttar, að gerða samninga skuli halda.

Þegar ráðningarsamningar séu annars vegar, sæti samningsfrelsið takmörkunum, sem felist í því, að ráðningarsamningurinn megi ekki hljóða um lakari kjör en hlutaðeigandi kjarasamningur kveði á um. Það sé heimilt og verði að telja heimilt að láta ráðningarkjör ráðast af tilteknum kjarasamningi, sem á annað borð fullnægi sem slíkur skilyrðum jafnréttislaga, og það geri sá kjarasamningur Útgarðs, sem ráðningarkjör Guðrúnar Erlu hafi grundvallast á. Geti ráðningarkjör stefnanda því ekki talist fela í sér brot á ákvæðum jafnréttislaga. Af því leiðir, að hvorki eru skilyrði til skaðabóta

né miskabóta. Byggist þetta á því, að þær málsástæður, sem stefndi Ríkisútvarpið færi fram, feli í sér hlutlæga réttlætingu þess, að grunnlaun Guðrúnar Erlu og samstarfsmanns hennar hafi ekki verið hin sömu. Áhersluatriðin séu eftirtalin:

a) Laun Guðrúnar Erlu hafi verið ákveðin samkvæmt ráðningarsamningi á grundvelli kjarasamnings án tillits til kynferðis.
b) Guðrún Erla hafi átt val um kjarasamning.
c) Einstök kjaraatriði séu mismunandi eftir kjarasamningum. Í þeim séu misjafnar áherslur á einstaka þætti kjaraatriða.
d) Í málinu sé ekki um að ræða samanburð á störfum, sem samkvæmt venju hafi fremur verið unnin af konum en körlum.
e) Ef fallist yrði á þau sjónarmið, sem að baki kröfugerð stefnanda búi, yrði körlum búinn kröfuréttur, sem ekkert komi jafnrétti við, en raski lögformlegum samningsumboðum á vinnumarkaði.

Kjarasamningur Útgarðs (BHMR) og aðildarfélaga Rafiðnaðarsambandsins (ASÍ) styðjist hvor við sína sjálfstæðu lagaheimild. Annars vegar sé um að ræða lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og hins vegar lög nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Ríkisútvarpið eigi ekki aðild að þessum kjarasamningum, en það geri hins vegar ráðningarsamninga á grundvelli þeirra.

Verði ekki fallist á framangreindar sýknuástæður, byggir Ríkisútvarpið á því, að þar sem dómkröfur stefnanda séu reistar á því, að ákvæði kjarasamnings Útgarðs standist ekki ákvæði jafnréttislaga, leiði aðildarskortur til sýknu, enda sé því ekki haldið fram, að ákvæði í ráðningarsamningi stefnanda hafi brotið gegn ákvæðum kjarasamningsins.

Varakröfu sína styður stefndi Ríkisútvarpið því, að verði á annað borð fallist á skilyrði miskabóta, krefjist hann lækkunar.

V.

Meginágreiningsefni máls þessa lýtur að því, hvort það sé brot á ákvæðum laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla að gera mismunandi ráðningarsamninga, sem byggist á ólíkum kjarasamningum, við starfsmenn, sem vinna sömu störf hjá sama vinnuveitanda.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 28/1991 skulu konum og körlum greidd jöfn laun, og þau skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Með launum í lögunum er átt við venjulegt grunn- eða lágmarkskaup og hvers konar frekari þóknun, beina eða óbeina, hvort sem er með hlunnindagreiðslum eða öðrum hætti, sem atvinnurekandi greiðir starfsmanni fyrir vinnu hans. Þar segir jafnframt, að með jöfnum launum karla og

kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf sé í lögum þessum átt við launataxta, sem samið sé um, án þess að gerður sé greinarmunur á kynjum, og með kjörum í lögunum sé átt við lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hvers konar önnur samningsréttindi.

Ekki er um það deilt í málinu, að Guðrún Erla og samstarfsmaður hennar, Valdimar Gísli, unnu jafnverðmæt og sambærileg störf, þar sem þau skiptu með sér vöktum við vinnu í sama starfinu. Enn fremur liggur fyrir í málinu, að Guðrún Erla gat valið um að minnsta kosti þrjú stéttarfélög, þegar hún hóf störf hjá RÚV. Sem félagi í Rafiðnaðarsambandinu hefði hún þó notið lakari kjara en Valdimar Gísli, þar sem hún hafði annars konar menntun. Sömuleiðis hafði samstarfsmaður hennar val um stéttarfélag. Ekki er annað vitað en þau Guðrún Erla og Valdimar Gísli hafi bæði valið það stéttarfélag, sem samrýmdist best menntun þeirra með hliðsjón af launakjörum. Þá er og rétt að taka fram, að kjarasamningar eru gild heimild. Gildi þeirra verður ekki raskað af þeirri ástæðu einni, að þeir leiði til ólíkra launakjara félagsmanna mismunandi stéttarfélaga, nema því aðeins að jafnframt sé unnt að sýna fram á, að í þeim felist brot á ákvæðum laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Stéttarfélög þau, sem Guðrún Erla og Valdimar Gísli völdu sér aðild að, hafa gert kjarasamninga við fjármálaráðherra um launataxta og önnur launakjör, án þess þó að greinarmunur sé gerður á kynjum. Félögin standa opin jafnt konum sem körlum. Konur eru nokkru fleiri félagsmenn í Útgarði en karlar, en ekki er ljóst, hvernig þessu er háttað í Rafiðnaðarsambandinu.

Í máli þessu hafa einungis verið borin saman grunnlaun umræddra tveggja starfsmanna, og hefur sá samanburður leitt í ljós, að Valdimar Gísli hafi haft á því tímabili, sem hér er fjallað um, 233.263 kr. hærri laun en Guðrún Erla. Enginn samanburður hefur verið gerður á öðrum þáttum kjara eins og lífeyrisréttindum, orlofi og þess háttar réttindum, og heildarsamanburður á kjörum hefur ekki heldur verið gerður. Af þeirri ástæðu hefur ekki verið sýnt fram á það á ótvíræðan hátt, að starfskjör Guðrúnar Erlu séu, þegar á allt er litið, lakari en Valdimars Gísla.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, verður að telja, að ekkert hafi komið fram í málinu, sem gefi haldbæra vísbendingu um, að umrædd stéttarfélög starfi með þeim hætti eða séu þannig byggð upp formlega eða raunverulega, að ástæða sé til að ætla, að aðild að þeim geti leitt til kynjabundins mismunar á kjörum fyrir jafnverðmæt eða sambærileg störf. Dómurinn telur enn fremur, að þessi niðurstaða sé í fullu samræmi við þær þjóðréttarlegu skuldbindingar, sem Íslendingar hafa gengist undir.

Af þeim ástæðum, sem nú hafa verið raktar, telst það ekki brot á lögum nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, að Guðrún Erla hafði ekki sömu grunnlaun og samstarfsmaður hennar, Valdimar Gísli, og verða stefndu því sýknaðir af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðili um sig beri sinn kostnað af máli þessu.

Dóminn kveða upp Greta Baldursdóttir, settur héraðsdómari, Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins og Ríkisútvarpið, skulu sýknir af kröfum stefnanda, kærunefndar jafnréttismála fyrir hönd Guðrúnar Erlu Ólafsdóttur.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 13. mars 1997.

Nr. 194/1996. **Íslenska ríkið**
(Jón G. Tómasson hrl.)
gegn
Anne May Sæmundsdóttur
(Gunnar Jónsson hrl.)

Frávísun frá Hæstarétti. Greiðsla. Lögvarðir hagsmunir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1996. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst þess eins, að áfrýjanda verði gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fyrir héraðsdómi krafðist stefnda þess, að Fiskifélagi Íslands og áfrýjanda yrði í sameiningu gert að greiða sér biðlaun, að fjárhæð 574.557 krónur, ásamt dráttarvöxtum af nánar tilteknum fjárhæðum og málskostnaði. Þessar kröfur voru teknar til greina með hinum áfrýjaða dómi. Samkvæmt gögnum, sem lögð voru fram í Hæstarétti, fékk stefnda kröfuna greidda að fullu 6. desember 1996 frá Fiskifélagi Íslands. Félagið efndi þar með kröfuna, sem því var gert að greiða í sameiningu með áfrýjanda, og leið hún þar með undir lok. Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi lögvarða hagsmuni af því að fá nú dóm um sýknu af kröfu, sem er ekki lengur til. Verður málinu þegar af þeirri ástæðu vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, íslenska ríkið, greiði stefndu, Anne May Sæmundsdóttur, 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fimmtudaginn 13. mars 1997.

Nr. 26/1997. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Gesti Eiríki Eggertssyni
(Árni Pálsson hrl.)

Líkamsárás leiðir til dauða.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 7. janúar 1997. Ákæruvaldið krefst sakfellingar ákærða samkvæmt ákæru og að refsing hans verði þyngd frá því, sem ákveðið var í héraðsdómi.

Ákærði krefst aðallega sýknu af öllum kröfum ákæruvalds, en til vara, að hann verði dæmdur í vægustu refsingu, er lög leyfa.

Í héraðsdómi er gerð rækileg grein fyrir atvikum málsins og fyrirliggjandi gögnum. Eins og þar kemur fram, er það samhljóða álit Þorgeirs Þorgeirssonar, læknis og meinafræðings, og Gunnlaugs B. Geirssonar, prófessors í réttarlæknisfræði, að líklegast sé, að dánarorsök Sigríðar Eggertsdóttur hafi verið hjartastöðvun í kjölfar sterkra taugaviðbragða samfara lamandi áhrifum taugaboða á starfsemi hjartans, er rekja megi til snöggs þrýstings á háls hennar. Samkvæmt lokaniðurstöðu krufningarskýrslu Þorgeirs fannst í vinstra höfuðvendi fersk blæðing, sem hefur væntanlega orsakast af hálstaki eða höggi. Sérfræðingarnir telja ekkert annað hafa komið fram, sem skýrt geti dauða konunnar.

Þegar öll gögn málsins eru virt, er fallist á það mat héraðsdóms, að sannað sé, að árás ákærða á konuna hafi leitt til dauða hennar. Þótt ekki sé unnt að segja til með vissu um nákvæma framvindu árásarinnar, verður að telja ljóst af ummerkjum öllum, að hún var heiftúðug. Varlegast þykir að meta afleiðingar hennar ákærða til sakar sem gáleysisverk. Er atferlið því réttilega heimfært í ákæru undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er staðfest ákvörðun hans um refsingu ákærða.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest, og dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, eins og nánar segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Gestur Eiríkur Eggertsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 120.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 120.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 17. desember 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. nóvember sl., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 6. ágúst 1996, „á hendur Gesti Eiríki Eggertssyni, Steinsstöðum, Öxnadalshreppi, kennitala 300539-3949, fyrir stórfellda líkamsárás, svo að mannsbani hlaust af, með því að hafa síðdegis laugardaginn 27. apríl 1996 á hlaðinu að heimili sínu að Steinsstöðum og inni í íbúðarhúsinu veist að systur sinni, Sigríði Eggertsdóttur, kennitala 131233-3619, með höggum, hrindingum og hálstaki með þeim afleiðingum, að hún hlaut mar, fleiður og sár á andlit og höfuð, háls, handleggi og fótleggi ásamt umfangsmikilli blæðingu í vinstra höfuðvendi, og leiddu atlögur ákærða Sigríði til dauða af völdum hjartastopps í kjölfar sterkra taugaviðbragða samfara lamandi áhrifum taugaboða á starfsemi hjartans vegna skarps þrýstings á háls hennar og slagæðarboða.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, enn fremur, að ákærði teljist samkvæmt 1. mgr. 23. gr. erfðalaga nr. 8/1962 hafa með verknaði sínum fyrirgert sjálfum sér til handa rétti til þess arfs, sem háður var dauða Sigríðar“.

Af hálfu ákæruvalds er þess enn fremur krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinna hæfilegra saksóknarlauna.

Skipaður verjandi hefur fyrir hönd ákærða krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvalds. Þá er krafist hæfilegra málsvarnarlauna.

Málsatvik.

1. Laugardaginn 27. apríl kl. 20.06 hringdi ákærði, Gestur Eiríkur Eggertsson, frá heimili sínu, Steinsstöðum I, Öxnadal, í vakthafandi heilsu-

gæslulækni á Akureyri, Hall Þorgils Sigurðsson, og tilkynnti andlát systur sinnar, Sigríðar Eggertsdóttur. Var lögreglunni á Akureyri gert viðvart, og fóru á vettvang Jóhannes Sigfússon rannsóknarlögreglumaður og Karl Kristjánsson aðstoðarvarðstjóri auk nefnds læknis og sjúkraliðsmanna. Við komu á vettvang að Steinsstöðum um kl. 20.38, var Sigríður úrskurðuð látin. Þar á vettvangi var gerð líkskoðun í viðurvist nefnds rannsóknarlögreglumanns.

Í líkskoðunarvottorði, sem dagsett er 28. apríl og undirritað af Halli Þorgilsi Sigurðssyni, segir m. a.:

„Skoðað er lík eldri konu, sem er feitlagin. Líkið liggur á bakinu í rúmi í herbergi í suðausturhluta hússins. Yfir líkinu er sæng, og er það íklætt brjóstahaldara, en er ekki í öðrum fötum. Úr er á vinstri úlnlið og hringur á vinstra litlafingri og hægra baugfingri. Hún hallar höfði til hægri hliðar. Blámi er á húð á höfði, hálsi, herðum og niður á bringu. Blóð er í hægri nös, og rennur lítillega blóðlitaður vökvi út á hægri kinn, og eins er aðeins rauðgulur litur á húð á hálsi hægra megin. Líkið er kalt viðkomu á útlimum, en varmt á baki. Hiti er mældur í endaþarmi, og er hann 37,3°C. Hægðir eru við endaþarmsop. Stofuhiti er 23,5°C. Það eru komnir líkblettir á bak og aftan á háls og læri. Kjálkavöðvar eru stirðnaðir, og er rauðleitur vökvi milli framtanna. Fingur eru krepptir og stirðnaðir, og eins er byrjuð stirðnun í fótum. Gamalt aðgerðarör er á kviðvegg í miðlínu neðan nafla. Á vinstri kinn er grunn rispa eða sár, um 1-1,5 cm að lengd, og rennur frá henni blóðlitaður vökvi, og blámi er á húð í kringum hana, sem gæti verið mar. Eins er blámi á húð á nefi, sem gæti verið mar, og grunnt lítið sár á miðju nefi, um 2-3 mm, sem blæðir frá og gæti verið gamalt. Marblettur er á enni vinstra megin uppi í hársrótinni, um 1 cm í þvermál. Á miðju vinstra brjósti er marblettur, um 2 × 3 cm að stærð. Á vinstri upphandlegg innanverðum eru marblettir, og eins er marblettur aftan á vinstra olnboga. Á miðjum hægri upphandlegg er marblettur um 1 cm í þvermál, og á hægra handarbaki er marblettur upp af baugfingri um 1-2 cm í þvermál. Að lokinni líkskoðun telur undirritaður sig ekki geta ályktað, hvert banameinið muni vera, og þar af leiðandi ekki gefið út dánarvottorð. Undirritaður leggur til, að gerð verði réttarkrufning."

Í staðfestri frumskýrslu Jóhannesar Sigfússonar rannsóknarlögreglumanns er því lýst, að við komu að Steinsstöðum hafi ákærði vísað á Sigríði, þar sem hún lá á bakinu undir sæng í herbergi sínu inn af eldhúsinu. Í skýrslunni er þess getið, að hin látna hafi verið með „astmapúst" í hægri hendi. Vettvangur var ljósmyndaður. Í skýrslunni er jafnframt greint frá ástandi ákærða og fyrstu frásögn hans, svofellt:

„Gestur sagði, að hann hefði verið afar ósáttur við það, að honum virtist Sigríður hafa verið að draga sér og stinga niður hlutum úr dánarbúi móður þeirra. Hann kvaðst einnig hafa orðið var við, að Sigríður hefði snuðrað í skrifborði hans og öðrum persónulegum hirslum. Hann kvað þau hafa rifist um þetta, og hafi andrúmsloftið á milli þeirra verið orðið mjög rafmagnað og þrúgandi. Gestur sagði Sigríði hafa farið að hitta vinkonu sína, Fjólu Pálsdóttur, fyrr í dag. Hún hafi komið þaðan aftur um kl. 16.00 og þá lagt sig. Gestur kvaðst hafa verið að vinna utanhúss, en komið inn um kl. 17.30. Hann hafi þá séð, hvar Sigríður lá í rúminu. Hann hafi ekki aðgætt það frekar, en farið aftur út að vinna. Hann hafi komið inn aftur skömmu seinna og þá fundist eins og kominn væri blámi í andlit hennar. Hann hafi þá áttað sig á, að hún myndi vera látin. Ekki kom fram skýring á því, hví hann hringdi ekki eftir lækni fyrr en kl. 20.06. Framkoma Gests á vettvangi og tilsvör þóttu að sumu leyti einkennileg, og var sem honum fyndist fátt um andlát systur sinnar. Gestur kvaðst enga skýringu kunna á andláti Sigríðar. Hann nefndi þó, að hugsanlega hefði hún á endanum ekki þolað þetta þrúgandi andrúmsloft, sem ríkti á milli þeirra. Hann spurði, hvort um sjálfsvíg gæti verið að ræða, og kvaðst hafa talið sig sjá nálarstunguför á handleggjum hennar. Þá nefndi hann, að hún hefði verið óreglumanneskja, en sagðist þó ekki vita um áfengisneyslu hennar á Steinsstöðum fyrir utan það, að hún hefði drukkið bjór á miðvikudeginum.“ ... „Gestur var spurður um skýringar á áverkum á líki Sigríðar. Hann kvaðst enga skýringu kunna á þeim. Hann var spurður, hvort hann hefði lent í líkamlegum átökum af einhverju tagi við Sigríði, og neitaði hann því. Rætt var við Gest vítt og breitt í um hálftíma, og að því loknu var óskað eftir því við hann, að hann kæmi með okkur til Akureyrar, meðan málið væri í frekari rannsókn. Gestur féllst strax á það, en óskaði eftir, að gerðar yrðu ráðstafanir varðandi fjósið, þar eð hann hefði ekki komist til kvöldmjalta.“

Við komu á lögreglustöðina á Akureyri var ákærða kynnt réttarstaða handtekins aðila, og kl. 00.15 var honum tekið blóð- og þvagsýni til alkóhólákvörðunar. Ákærða var gert að sæta líkamsskoðun, og segir svo um þá skoðun í vottorði áðurnefnds læknis:

„Um er að ræða karlmann, sem er grannvaxinn og vöðvastæltur. Við skoðun sér undirritaður ekki ytri áverkamerki á höfði, bol eða útlimum.“

Lögregla lagði hald á þann fatnað, sem ákærði var íklæddur við handtökuna.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar Háskóla Íslands reyndist magn alkóhóls í blóðsýni ákærða 0,77‰, en 1,23‰ í þvagi hans.

Aðfaranótt 28. apríl sl. var gerð frumvettvangsathugun á heimili ákærða, og er henni svo lýst í frumskýrslu lögreglu:

„Við rúmið, sem Sigríður lá í, var fatnaður, sem talinn er vera hennar. Þar á meðal voru bómullarbuxur, sem reyndust vera rakar frá streng og um 15 cm niður frá honum. Þá voru í þeim blóðlitaðir flekkir. Á efri hæð hússins, í herbergi, sem ætla má, að sé svefnherbergi Gests, voru kvenmannsnærbuxur liggjandi á gólfi. Ekki var hreyft við þeim, en ákveðið að innsigla vettvang og fara fram á að fá tæknideildarmann frá RLR til samvinnu um frekari rannsókn."

Að kröfu rannsóknaraðila fór fram réttarkrufning á líki Sigríðar Eggertsdóttur, og annaðist hana Þorgeir Þorgeirsson, sérfræðingur í meinafræðum. Ritaði sérfræðingurinn skýrslur um athuganir sínar, og eru þær dagsettar 29. apríl og 22. maí sl.

Auk þessa liggur m. a. fyrir álitsgerð prófessors Gunnlaugs Geirssonar svo og niðurstöður Rannsóknastofu Háskóla Íslands á blóðsýnum.

2. Með framburði vitna og frásögn ákærða er upplýst, að Sigríður heitin Eggertsdóttir ók bifreið sinni, R-18285, miðvikudaginn 24. apríl sl. frá heimili sínu í Reykjavík til lögbýlis ákærða í Öxnadal, en tilefni ferðar hennar var m. a. að ganga frá dánarbúi móður þeirra svo og skuldaskilum þeirra í milli. Var ætlan Sigríðar að fara til síns heima sunnudaginn 28. s. m.

Verður nú vikið nánar að framburði vitna.

Vitnið Þorsteinn Guðlaugsson endurskoðandi, fæddur 1934, eiginmaður Sigríðar, skýrði frá því í staðfestri skýrslu hjá lögreglu, að í símaviðtölum þeirra hjóna dagana 25. og 26. apríl sl. hefði komið fram hjá Sigríði, að hún hefði dvalist á heimili ákærða þá daga. Jafnframt staðhæfði vitnið, að Sigríður hefði verið „hissa á viðmóti Gests, þar sem hún hefði farið norður með góðum huga til þess að ganga frá þessu máli og aðstoða Gest, sem búinn er að vera einn nokkurn tíma. Hefði komið fram hjá henni, að hún hefði tekið til í húsinu og annast matseld. Sigríður hefði talað um, að viðmót hans í sinn garð hefði verið hryssingslegt og henni fundist sem Gestur legði hatur á hana. Einnig hefði komið fram, að fleiri símar væru í húsinu, svo að Gestur gæti komið inn á hennar samtöl og hlustað, þannig, að þegar þau ræddust við seinast á föstudag eða um kl. 19.00, hefðu þau talað um, að hringja mætti til Fjólu Pálsdóttur daginn eftir, þar sem Sigríður ætlaði þá að vera stödd. Mætti segir, að Sigríður hafi m. a. tekið eftir sjúklegum viðbrögðum Gests, þar sem hann hafi gengið fast eftir að skoða farangur hennar. Hún hafi einungis verið með tösku og poka með lopa og lopapeysu í. Hann hafi einnig að sögn Sigríðar virst vera á varðbergi yfir hverju skrefi, sem hún steig."

Vitnið bar, að ákærði hefði nokkrum sinnum hringt á skrifstofu hans í

Reykjavík laugardaginn 27. apríl sl. á tímabilinu frá 13.30 til nálega 16.00 og viðhaft óviðurkvæmilegar og hótunarlegar fullyrðingar, en þó jafnharðan dregið orð sín til baka og þá þakkað velvilja í sinn garð. Að áliti vitnisins var ákærði undir miklum áfengisáhrifum greint sinn, og kvaðst hann ekki hafa tekið orð hans sérstaklega alvarlega og vísaði m. a. til ágætra samskipta þeirra í gegnum tíðina. Vitnið kannaðist ekki við, að ákærði hefði rætt um skuldabréf í nefndum símtölum. Vegna þessa alls kvaðst vitnið þó hafa rætt við eiginkonu sína í síma, þar sem hún var stödd á heimili frænku sinnar á Dagverðareyri, Fjólu Pálsdóttur, og varað hana við að fara aftur á heimili ákærða.

Fyrir dómi bar vitnið, að Sigríður hefði í nefndum viðtölum virst við góða heilsu og hún verið ánægð. Vitnið vísaði og til þess, að hún hefði aldrei verið veil fyrir hjarta eða kvartað um verk fyrir brjósti. Vitnið greindi hins vegar frá því, að Sigríður væri asmasjúklingur, með svonefndan spennuasma, og bar, að einkenni sjúkdómsins hefðu einkum komið fram, er hún var þreytt eða skipti skapi. Vitnið bar, að Sigríður hefði fyrir allmörgum árum fengið alvarlegt asmakast og andnauð og af þeim sökum verið færð á gjörgæsludeild, en náð sér að fullu eftir það. Þá hefði hún og nokkrum sinnum dvalist á Vífilsstöðum og Reykjalundi vegna sjúkdómsins.

Vitnið Helga Margrét Pálsdóttir, fædd 1923, staðfesti fyrir dómi, að frænka hennar, Sigríður Eggertsdóttir, hefði komið í heimsókn á heimili sitt skömmu eftir hádegi laugardaginn 27. apríl sl. Að áliti vitnisins var Sigríður þá „fullkomlega eðlileg og í góðu skapi, og allt virtist í góðu lagi hjá henni". Þannig kvað vitnið þær m. a. hafa spjallað um fyrirhugaða ferð Sigríðar á Dagverðareyri síðar um daginn svo og væntanlega heimferð til Reykjavíkur daginn eftir, en ekki rætt sérstaklega um ákærða.

Vitnið bar, að Sigríður hefði verið íklædd snyrtilegum ljósgráum eða ljósleitum „jogging-galla", þ. e. peysu og buxum. Þá hafi hún verið með hárspöng í hárinu og íklædd dökkum skóm með lágum hæl. Vitnið gat ekki borið um, hvort Sigríður hefði borið eyrnalokka eða aðra skartgripi.

Um kvöldmatarleytið eða liðlega 20.00, að vitnið ætlaði, kvað hún ákærða, Gest Eggert, hafa hringt og tilkynnt andlát Sigríðar. Vitnið kvaðst þegar hafa innt ákærða eftir því, hvort hann hefði hringt á lækni, og er hann neitaði, kvaðst hún hafa gefið honum upp símanúmer vaktlæknis. Að mati vitnisins var ákærði mjög rólegur, en símtalið hefði verið mjög stutt.

Vitnið Sesselja María Gunnarsdóttir, fædd 1947, kvaðst hafa hitt frænku sína, Sigríði Eggertsdóttur, á heimili móður sinnar, Fjólu Pálsdóttur, að Dagverðareyri um kl. 14.00 laugardaginn 27. apríl sl. Að sögn vitnisins var Sigríður eðlileg í allri framkomu og „mjög lík því, sem hún hefur átt að sér

sl. ár“. Vitnið bar, að Sigríður hefði verið íklædd snyrtilegum gráleitum „jogging-galla“ úr „velúr“-efni. Þá kvað hún Sigríði hafa borið hárspöng, hnakkaspöng og eyrnalokka í báðum eyrum. Við lögregluyfirheyrsluna þekkti vitnið nefnda skrautmuni, en þeir fundust utandyra að Steinsstöðum við vettvangsrannsókn rannsóknarlögreglumanna. Fyrir dómi kannaðist vitnið jafnframt við áðurnefndan fatnað Sigríðar. Vitnið kvaðst hafa kvatt Sigríði á heimili móður sinnar umræddan dag um kl. 16.00.

Áðurnefnd Fjóla Pálsdóttir kom ekki fyrir dóm við aðalmeðferð málsins, en í staðfestri upplýsingaskýrslu rannsóknarlögreglu er haft eftir vitninu að í heimsókn Sigríðar heitinnar að Dagverðareyri 27. apríl sl. hafi hún verið í góðu skapi, litið vel út og ekki kennt sér meins. Í skýrslunni er og haft eftir vitninu, að Sigríður hafi farið um kl. 16.00 með þeirri fyrirætlan að koma aftur þá um kvöldið, eftir að hafa útbúið kvöldmat á heimili ákærða. Jafnframt er haft eftir vitninu, að er það tók að lengja eftir endurkomu Sigríðar, hafi það í tvígang hringt að Steinsstöðum. Í fyrra sinnið hafi enginn svarað símanum, en í hið síðara hafi einhver Jóhannes svarað. Í skýrslunni er tekið fram, að þar sé átt við rannsóknarlögreglumanninn Jóhannes Sigfússon.

Vitnið Leó Viðar Leósson, fæddur 1953, kvaðst hafa kynnst ákærða árið 1994 og bar, að ágætis-kunningsskapur hefði tekist með þeim. Laugardaginn 27. apríl sl. kvaðst vitnið hafa farið að heimili ákærða á rauðri pallbifreið og staðhæfði, að ætlan sín hefði verið að aðstoða ákærða við kaldavatnsleiðslu í fjallinu austan við lögbýlið. Við komu kvaðst vitnið hafa veitt því athygli, hvar Audi-fólksbifreið var lagt hálf-„asnalega“ sunnan við íbúðarhúsið, en tók fram, að hann hefði veitt þessari bifreið áður athygli á svipuðum slóðum, er hann ók um þjóðveginn vestan lögbýlisins. Vitnið kvaðst hins vegar ekki hafa veitt bifreið ákærða athygli, en í því samhengi vísaði vitnið til þess, að nokkuð misjafnt væri, hvar ákærði legði bifreiðinni, við íbúðarhúsið, fjósið ellegar fjárhúsið. Vitnið kvaðst í upphafi hafa leitað að ákærða í fjósinu og þá veitt því eftirtekt, að búið var að gefa kúnum eða a. m. k. „fleygja fyrir þær“. Þar næst kvaðst vitnið hafa gætt að ákærða í íbúðarhúsinu og farið inn um kjallaradyr og árangurslaust bankað á dyrnar á jarðhæðinni. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt umgang í húsinu, en veitt því athygli, að dyrnar voru læstar. Auk þess kvaðst vitnið hafa séð, að önnur stígvél ákærða voru ekki á vettvangi. Vitnið kvaðst að nýju hafa farið í fjósið og í mjólkurhúsið og þá séð, að ekki var búið að mjólka kýrnar. Loks kvaðst vitnið hafa farið að aðaldyrainngangi íbúðarhússins og bankað létt á hurðina, er þá hefði hrokkið upp. Vitnið bar, að hurðin hefði þó ekki alveg opnast, þar eð öryggiskeðja hefði verið á að innanverðu, líkt og tíðkaðist á heimili ákærða. Vitnið kvaðst því hafa kallað inn um gættina, en án árang-

urs. Að þessu loknu kvaðst vitnið hafa ekið á brott. Vitnið staðhæfði, að hann hefði komið að heimili ákærða umræddan dag á tímabilinu kl. 17.50-18.10 og ætlaði, að hann hefði dvalist þar í um fimm mínútur.

3. Í framhaldi lögregluranns óknar máls þessa var ákærði margsinnis yfirheyrður, en hann sat í gæsluvarðhaldi frá 29. apríl til 23. maí sl. Jafnframt var gerð ýtarleg vettvangsathugun að Steinsstöðum, lögbýli ákærða, dagana 28. apríl til 1. maí sl., og var vettvangur jafnframt ljósmyndaður. Þá var fatnaður ákærða og Sigríðar heitinnar Eggertsdóttur rannsakaður. Voru gögn þessi lögð fyrir dóminn, og verður hér á eftir greint frá helstu rannsóknaratriðum, er máli kunna að skipta.

Í vettvangsskýrslum lögreglu, dagsettum 28. og 29. apríl sl., er aðstæðum að Steinsstöðum lýst utandyra þannig:

„Steinsstaðir standa andspænis jörðinni Bakka. Frá þjóðvegi nr. 1, sem liggur eftir Öxnadal, eru um 550 m að íbúðarhúsinu, sem stendur ofar í landinu en þjóðvegurinn. Þegar ekið er upp að íbúðarhúsinu, er komið að suðvesturhlið hússins. Við norðvesturgafl hússins, gaflsins, sem snýr að Bakka, eru steintröppur upp á íbúðarhæðina. Sambyggt við norðausturhlið íbúðarhússins eru gömul gripahús (gamla fjós), og er þar nú geymsla. Austan við áðurnefndar steintröppur er gengið inn í gripahúsin, inn á gang, sem liggur í gegnum húsið, og eru aðrar útidyr hins vegar að húsinu. Innangengt er af gangi þessum, annars vegar inn í íbúðarhúsið og hins vegar inn í gripahúsin. Í ganginum hanga yfirhafnir.

Upp við íbúðarhúsið, við suðausturgafl, finnast þrjú græn blöð af (jukku) blómi/tré. Blöðin eru, eins og áður segir, græn, og bendir það til þess, að þau hafi nýlega losnað af blóminu/trénu. Suðaustan við íbúðarhúsið eru tvær gamlar gryfjur, væntanlega gamlar súrheysgryfjur. Suðaustan þeirra eru fjárhús og hlaða. Í fjárhúsunum eru hestar og sauðfé. Austan við íbúðarhúsið standa fjós og hlaða. Í fjósinu eru nautgripir. Við íbúðarhúsið eru tvær bifreiðar."

Samkvæmt vettvangsteikningu lögreglu var bifreið ákærða, MO 319, Lada-bifreið, vestan við íbúðarhúsið og norðan við áðurnefndar aðaldyratröppur. Kveikjulásslyklar voru í bifreiðinni. Ekkert sérstakt var að sjá við bifreiðina samkvæmt skýrslu lögreglu. „Við suðvesturgafl hússins er grá Audi-fólksbifreið, R-18285. Miðað við staðsetningu bifreiðarinnar virðist svo sem henni hafi verið ekið aftur á bak frá íbúðarhúsinu. Framhjól bifreiðarinnar snúa til hægri. Engin hjólför sjást á planinu, þar sem bifreiðin er. Framendi bifreiðarinnar snýr frá íbúðarhúsinu í átt að heimreiðinni frá þjóðveginum að bílnum. Skráður eigandi R-18285 er Sigríður Eggertsdóttir.

Á vélarhlíf bifreiðarinnar, sem er rykug, sjást afstrokur eða kám sitt hvorum megin að framanverðu. Undir bifreiðinni, u. þ. b. undir farþegasæti að framan, er mynt, tíukrónapeningur og þrír krónupeningar. Þegar litið er inn í bifreiðina, sést, að óreiða er á munum í farþegasæti. Þar eru prjónar og band, svart veski tómt, snyrtiveski, gleraugu, mappa með minnisblöðum og pappírum, lyklar á kippu, mynt, poki með lauk, útvarp, varalitur, seðlaveski með skilríkjum og greiðslukortum, asmalyfjabrúsi í þar til gerðu öndunartæki og smávegis þurrkaður hrossaskítur. Það skal tekið fram, að allt umhverfis bifreiðina var talsvert af þurrum hrossaskít. Á sætisbaki hékk blá kápa. Framan við farþegasæti að framan voru gönguskór og plastpoki með bók o. fl. Aftur í bifreiðinni héngu föt á herðatré og á gólfi aftan við ökumannssætið voru föt.

Við húsvegginn, suðvesturgafl, lá svartur ruslapoki og í honum prjónar, ullarband og peysuhlutir. Við gaflinn, 35 cm til vesturs, 3,3 m frá suðurhlið, fannst svört hárspenna eða hárspöng. Fyrir miðjum húsgaflinum, 2,30 metra suðvestan gaflsins, fannst hluti af eyrnalokk. 20 cm vestar fannst hinn hluti eyrnalokksins. 40 cm vestar fannst hárspenna, „hnakkaspenna“. 30 cm vestar fannst lok af asmainnöndunartæki og gullnæla með steini. 60 cm vestar fannst eyrnalokkur. Eyrnalokkurinn er sömu gerðar og eyrnalokkur, sem áður var minnst á.“

Niðurlagsorð vettvangsskýrslu lögreglu eru svofelld:

„Bráðabirgðaniðurstöður vettvangsrannsókar eru, að vettvang hins voveiflega andláts megi rekja að einhverju leyti til staðar suðvestan við húsið, þar sem bifreiðin R-18285 er. Einnig er vettvangur í herbergi því, sem hin látna fannst, og loks í risherbergi Gests, en þar eru ummerki, sem ekki eru skýranleg við fyrstu athugun.“

Í upplýsingaskýrslu rannsóknarlögreglu er þess getið, að eiginmaður Sigríðar, Þorsteinn Guðlaugsson, svo og sonur þeirra hafi borið kennsl á hárspöng, eyrnalokk og hnakkaspennu, er fundust við suðurgafl íbúðarhússins, og staðhæfðu þeir, að nefndir hlutir hefðu verið í eigu hennar.

Í vettvangsskýrslu rannsóknarlögreglu, sem dagsett er 29. apríl sl., er vettvangi lýst svo innandyra í íbúðarhúsinu að Steinsstöðum:

„Íbúðarhúsið að Steinsstöðum er um 65 m^2 að grunnflatarmáli. Húsið er steinsteypt, kjallari, hæð og ris. Þakið er bárujárnsþak. Þegar komið er af ganginum í viðbyggingu við íbúðarhúsið, sem áður er lýst, er komið á stigapall. Beint fram undan eru gengin sex þrep niður í kjallarann, en til vinstri sex þrep upp á hæðina. Við stigapallinn er fatahengi. Þegar komið er niður í kjallarann, er komið á gang. Beint á móti stiganum er herbergi. Þar er

margs konar varningur, vinnuföt og fleira. Vinstra megin við dyrnar hangir dökkblár vinnusamfestingur. Í hægri brjóstvasa er sígarettupakki. Á hægri skálm eru dökkir blettir. Hald var lagt á samfesting þennan og í starfsstöð lögreglu gerð á blettum þessum blóðpróf. Blóðprófið gaf neikvæða svörun. Um er að ræða tvo rauða bletti, um 1,5 cm á lengd, að utanverðri hægri skálm, að framan við fald.

Inn af herberginu, í suðvesturhorni kjallara, er þvottaherbergi, og eru þar kynditæki hússins. Svonefnd olíukynding er í húsinu. Hægra megin við dyrnar er stampur með óhreinum fötum og plastbali, einnig með óhreinum fötum. Í balanum, sem áður er getið, er einnig hvítt, óhreint og blettótt lak. Í lakinu er brúnt kám, sem getur verið saur. Kámið er óreglulegt að lögun, um 6 × 10 cm að stærð.“ Í skýrslu er nánar lýst stærð blettanna og staðsetningu. „Við stampinn, sem áður er lýst, er koddi með koddaveri í. Koddaverið er með brúnum, óreglulegum klessum og kámi, sem getur verið saur. Í opinu er sams konar brúnt kám, sem getur verið saur. Á gólfi þvottahússins er m. a. járnbali með vatni. Í vatninu, sem er mjög óhreint, er dökkblár vinnusamfestingur. Undir samfestingnum er blátt lak. Hvort tveggja var þurrkað í starfsstöð lögreglu. Lakið sýnist kámugt án nánari skýringa. Á lakinu eru blettir, sem geta verið saur. Þegar lakið er skoðað á röngunni, sjást blettir á 40 cm kafla, meðfram langhlið á 15 cm kafla. Blettir eða kám sést á svæði, sem mælist 3 × 4 cm, virðist rauðleitt.“ Í skýrslunni er nánar lýst stærð blettanna og staðsetningu þeirra.

„Þegar komið er upp stigann upp á hæð hússins, er komið á gang. Hægra megin við dyrnar er stigi upp í risið. Í stiganum, í þriðja þrepi, er ryksuga, ofar blóm/tré í potti, svonefnd „jukka“. Blómapotturinn, sem er úr plasti, er brotinn og mold sést á teppinu, sem er í stiganum við blómapottinn, einnig á skál, sem er undir pottinum. Eitt blaðið á blóminu/trénu er brotið og annað rifið. Brot og rifsárið virðast nýleg. Hald var lagt á pokann úr ryksugunni, en í honum fannst m. a. fölnað blað af jukkunni og mold.

Fjær, hægra megin við stigann, er baðherbergið. Ekkert sést athugavert á baðherberginu. Við enda gangsins eru aðaldyr. Skáhallt gegnt stiganum er stofa. Ekkert sést athugavert þar. Á móti stiganum er tauhrúga; þar eru skítugar diskaþurrkur o. fl. og stór lampaskermur. Lampaskermurinn hefur getað verið á gólflampa.

Við enda gangsins á móti aðaldyrum er eldhús. Þar finnst ekkert óvanalegt annað en gleraugu, sem eru á vaskborði, og vantar á þau hluta af eyrnafestingu.

Inn af eldhúsi er herbergi. Gengið er inn í herbergið um dyr á suðvesturvegg eldhússins. Í þessu herbergi var komið að Sigríði látinni sl. laugardag.

Upp við vegginn nær suðvesturvegg er fataskápur. Á gólfinu framan við skápinn er ferðataska. Lagt er hald á töskuna ásamt innihaldi. Við suðvesturvegg, undir glugga, er náttborð. Í glugganum er asmalyf, úðabrúsi í þar til gerðum plaststaut. Næst náttborðinu er svefnbekkur, sem nær að herbergishorni. Undir svefnbekknum eru tvær skúffur, tómar. Á svefnbekknum er hvítt lak með blóðblettum. Þegar að var komið, lá Sigríður látin í þessum svefnbekk, á lakinu undir sæng. Undir glugganum á suðvesturvegg herbergisins er borð. Undir borðinu eru tveir kollar, og við enda borðsins, milli borðs og svefnbekkjar, er stóll með baki. Á stólbakinu eru hvítar flauelsbuxur, með óhreinindum að aftan og framan. Samkvæmt frásögn Jóhannesar Sigfússonar rannsóknarlögreglumanns, sem kom á vettvang á laugardagskvöld, var efri hluti buxnanna rakur. Á vinstri skálm að framan eru rauðir blettir á þriggja cm kafla fyrir neðan skálm, 8 cm frá faldi. Blettur þessi var prófaður með blóðprófi og gaf jákvæða svörun. Neðar er grænleitur blettur, sem getur verið hrossaskítur, sem mælist 5 × 6 cm að stærð, 3 cm frá faldi, 3 cm frá saumi að utanverðri skálm, ofar eru ýmsir blettir, m. a. rauðleitir blettir án skýringa. Á hægri skálm er sams konar grænleitur blettur, u. þ. b. 4 × 5 cm, u. þ. b. fyrir miðri skálm, 28 cm frá faldi. Aðrir smærri eru þar fyrir neðan án skýringa. Að aftan sjást margs konar óhreinindi. Á hægri skálm að aftan er 6 × 12 cm grænleitt kám, sem getur verið hrossaskítur, 20 cm frá faldi, 4 cm frá utanverðum skálmsaumi, ofar, á svæði við hægri rasskinn, á svæði, sem mælist 6 × 19 cm, 13 cm frá mittisstreng, 3 cm frá utanverðum saumi á skálm. Rauðleitur blettur, sem getur verið blóð, mælist um 1 cm að stærð, 28 cm frá mittisstreng, 19 cm frá utanverðum hliðarsaumi á skálm. Bletturinn var prófaður með blóðprófi, og gaf prófunin jákvæða svörun. Vinstra megin á aftanverðum buxunum, við utanverðan skálmsaum, er grænleitur blettur eða kám, um 9 × 9 cm að stærð, 19 cm frá mittisstreng. Blettirnir ná í gegnum efnið, en að öðru leyti eru buxurnar hreinar að innan.

Á stólnum er náttkjóll. Undir stólnum er græn peysa. Ekkert sést athugavert á peysunni eða náttkjólnum. Á gólfinu við stólinn er röndótt handtaska. Lagt er hald á töskuna og það, sem í henni er.

Ofan á borðinu er samanbrotið teppi, undir því dúkrenningur. Ofan á teppinu voru kveikjulásslyklar, sem gengu að R-18285."

„Þegar komið er upp í risið, er komið á gang, „hol", og eru þar skápar. Á gólfinu er gólfteppi. Á því sést ekkert athugavert. Í risinu eru fjögur herbergi, og má sjá af húsmunum, að eitt er sérstaklega ætlað til geymslu, tvö geta verið gestaherbergi, og eitt herbergi getur verið svefnherbergi Gests.

Á norðvesturvegg herbergis Gests eru tveir gluggar. Innan við dyrnar er kringlótt, rauðmynstruð motta. Á mottunni finnst eyrnafesting af gleraugum. Um enda festingarinnar hefur verið vafið grænu einangrunarlímbandi. Eyrnafesting þessi kann að hafa verið viðfest gleraugu. Þegar staðið er í dyraopi á herbergi Gests, sést fatahrúga á gólfinu vinstra megin við dyrnar. Hún er að hluta til á gólfmottunni. Þar eru tvennar gráar síðbuxur, blá bómullarpeysa, tvennir sokkar, hvítar barnanærbuxur og hvítar kvennærbuxur. Báðar síðbuxurnar eru óhreinar. Á öðrum buxunum sést rautt kám á hægri skálm að framanverðu, rétt ofan við hné og á faldi. Blóðpróf var gert á einum blettanna, og gaf það jákvæða svörun. Hér getur því verið um mannsblóð að ræða. Hald var lagt á buxurnar. Buxurnar, sem um ræðir, eru af gerðinni Ferns Star, stærðarmerki 34. Buxurnar eru óhreinar. Á hægra læri eru þrír rauðir blettir og kám, sem gefa jákvæða svörun sem blóð. Blettirnir og kámið eru 40 cm frá ofanverðum buxnastreng, 7 cm frá utanverðum hliðarsaumi á skálm. Á innanverðum buxnafaldi á hægri skálm er rauður blettur, um 1 cm að stærð. Að öðru leyti eru buxurnar skítugar. Á hægri rassvasa er grænleitur blettur og kám. Neðst aftan á hægri skálm eru nokkrir rauðir blettir á 6 cm svæði neðar á faldinum, 4 cm frá innanverðum skálmsaumi. Rauðu blettirnir hafa verið prófaðir og gefa jákvæða svörun sem blóð. Nærbuxur virðast hreinar. Hald var lagt á kvennærbuxurnar. Ekkert sérstakt athugavert sést við skoðun á buxunum.

Samsíða suðvesturvegg, upp við vegginn, er rúm með tveimur sængum og hvítu laki, að því er virðist. Aftan við rúmið til fóta, er rúmteppi á gólfinu. Höfðagafl er við norðausturvegg, og er þar brúnröndóttur púði. Púði þessi er ekki bældur, líkt og sofið hefði verið á honum. Utan um aðra sængina er gulröndótt sængurver. Á því sést beggja vegna brúnt kám, sem getur verið saur, og rautt kám, sem getur verið blóð. Blóðpróf var gert á rauða káminu, og var það jákvætt." Rauðu blettunum og brúna káminu er nánar lýst í skýrslunni svo og staðsetningu þeirra.

„Hin sængin er með blámynstruðu sængurveri. Á því sést ekkert athugavert. Þegar sængurnar hafa verið teknar, kemur í ljós, að það, sem virðist vera lak, reynist vera sængurver, og virðist sem ekki hafi verið sofið ofan á sængurverinu. Sængurverið sýnist hreint og í því brotfellingar, líkt og það hafi verið tekið úr línskáp og lagt á rúmdýnuna. Þegar sængurverinu er lyft, sést dýnan í rúminu. Þar eru brúnir blettir, kám og klessur, sem geta verið saur. Kámið og klessurnar eru u. þ. b. fyrir miðri dýnu. Ofar, nær höfðagafli, sjást rauðir blettir og kám, sem geta verið blóð. Á starfsstöð lögreglu var gert blóðpróf á einum blettinum, og gaf prófið jákvætt svar.

Undir glugganum upp við norðvesturvegg er hljómtækjaskápur með

ýmsu dóti. Ofan á hljómtækjaskápnum er plötuspilari, hátalarabox og ofan á því almanak og ofan á því gullhálsfesti. Kræjkuna vantar, og finnst hún ekki á vettvangi. Á öðrum enda hálsfestarinnar sést rauðleitt kám, sem getur verið blóð. Framan við hljómtækjaskápinn er gólflampi með gylltum kúptum fæti. Skermur er ekki á lampanum, en ekki er ósennilegt, að skermur, sem er í gangi á hæð hússins, tilheyri lampanum. Á fætinum er rauðleitt kám, sem getur verið blóð. Kámið er um 2 cm að stærð. Hluti káms var prófað með blóðprófi á starfsstöð lögreglu, og gaf prófunin jákvæða svörun. Við hlið hljómtækjaskápsins er skrifborð, að hluta undir eystri glugga. Ofan á og í skrifborðinu eru ýmsir pappírar o. fl. Meðfram skúffum er pappírssnifsi, niðurrifinn eldspýtustokkur." ... „Í skrifborðsskúffu í skrifborði Gests fannst bók með svonefndum fyrsta dags umslögum. Hér er um að ræða frímerkt umslög með stimpluðum póststimpli á útgáfudegi. Í skáp vinstra megin í sama skrifborði, innst, fundust einnig nokkur fyrstadagsumslög. Í skrifborðinu voru ýmsir pappírar, sem ekki sýnist ástæða til að telja upp."

Samkvæmt rannsóknarskýrslu lögreglu var gerð sérstök leit að Steinsstöðum 1. maí sl. að efri hluta jogging-galla, peysu, en vitni höfðu staðhæft, að Sigríður Eggertsdóttir hefði verið íklædd slíkri flík laugardaginn 27. apríl. Enn fremur var gerð leit að skóm Sigríðar. Skórnir fundust í anddyri íbúðarhússins, tilsettir, og er þess getið, að framstykki þeirra hafi snúið að vegg. Í viðbyggingu við íbúðarhúsið, sem nefnt er gamla fjós, fundu lögreglumenn samanvöðlaða, ljósa peysu, og var hún „falin milli stafla af steinullar-einangrunarplötum og pappakassa með ýmsu dóti. Peysan var rök viðkomu".

Við nánari rannsókn er nefndri peysu lýst svofellt í rannsóknarskýrslu:

„Peysan er ljós, nálægt því að vera hvít að lit. Peysan er blóðug og óhrein, rök viðkomu að neðanverðu, frá handvegi og niður. Peysan samsvarar því að vera hluti af þeim fatnaði, sem vitni á Dagverðareyri hafa lýst. Sams konar efni er í buxum, sem fundust á stólbaki í herbergi Sigríðar. Peysan er með tegundarmerkinu Sonia Rykiel, er um 85% bómull og 15% polyester. Peysan er „vatteruð" umhverfis hálsmál og yfir öxlum. Á miðri peysu að framan, að neðanverðu, er rautt kám, sem ekki er blóð. Að auki eru á henni óhreinindi, og sjá má grænleita og brúna bletti í henni, sem geta verið leifar hrossaskíts. Blóðslettur og kám eru víða á peysunni og hún sýnilega meira blóðug á vinstri öxl og ermi. Sumir blóðblettanna ná í gegnum efnið. Saumspretta er í vinstri handarkrika peysunnar. Saumsprettan mælist 6 cm út á ermi og 10 cm niður á bol. Á hliðarsaumi vinstra megin neðarlega, 1,5 cm ofan við streng, er saumspretta, 1 cm að lengd. Að aftan

sést einnig blóðkám og skítur. Áberandi er, að blóðkámið er meira á vinstri ermi en öðru. Á aftanverðri vinstri ermi, fremst, er saumspretta, 1 cm að lengd, milli líningar, ermastroffs og ermarinnar sjálfrar, við innri ermarsaum. Annað er ekki athugavert við peysuna."

Fatnaður sá, sem ákærði var íklæddur við handtöku, var einnig rannsakaður og er þannig lýst í skýrslu lögreglu:

Blár vinnusamfestingur, blettóttur og óhreinn.

„Khaki"-litar vinnubuxur að framan: „Buxurnar eru allvíða blettóttar og skítugar. M. a. eru grænleitir blettir á skálmum. Á buxunum eru tveir blóðblettir á svæði, sem er 1 × 2 cm á utanverðu vinstra læri. Blóðblettur, um 1 mm í þvermál, 35 cm frá mittisstreng, 2,5 cm frá skálmsaumi. Í saumfari að utanverðu, 40 cm frá mitti, er blóðblettur, um 1 mm í þvermál." ... „Á framanverðri hægri skálm eru blóðslettur og kám á 5 × 7 cm svæði, 2 cm frá utanverðum skálmarsaumi, 23 cm frá mittisstreng. Þá er kringlóttur blettur, 3 mm í þvermál, 28 cm frá mitti, 15 cm frá utanverðum skálmarsaumi. Neðar er 2 mm kringlóttur blettur, 47 cm frá mittisstreng, 12 cm frá utanverðum skálmarsaumi. Blettir þessir eru allir rauðir. Einn blettanna var prófaður með blóðprófi og gaf jákvæða svörun sem blóð. Aðrir blettir og kám eru af óþekktum uppruna."

Í skýrslunni er og greint frá því, að í blárri rúllukragapeysu ákærða hafi verið rauður blettur á framanverðri hægri ermi, er gaf jákvæða svörun við blóðpróf. Hvítar, síðar nærbuxur eru sagðar skítugar og að innanverðu með brúnum klessum. Ekkert athugavert sést á hvítum nærbol eða ullarsokkum.

Í vettvangsrannsóknarskýrslum lögreglu er loks getið um tvær töskur, er fundust í íbúðarhúsinu að Steinsstöðum. Annars vegar var um að ræða hliðartösku með rauðum og grænum röndum, er innihélt m. a. náttslopp, hárblásara og ýmsar snyrtivörur. Í skýrslunni er þess getið, að á botni töskunnar hafi verið jarðvegur og gras, en einnig á ýmsum munum. Hins vegar var um að ræða ferðatösku, og var innihald hennar aðallega fatnaður.

Í upplýsingaskýrslu um framannefndar vettvangsathuganir er þess getið, að með blóðprófunum hafi verið staðfest, að á haldlögðum munum og hlutum hafi verið um blóð að ræða.

4. Líkt og áður var greint frá, liggur frammi í málinu krufningarskýrsla Þorgeirs Þorgeirssonar, læknis og sérfræðings í meinafræðum við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Skýrsla hans er dagsett 29. apríl sl. Þá liggur og frammi framhaldsskýrsla sérfræðingsins vegna smásjárskoðunar, sem dagsett er 22. maí sl.

Í upphafi fyrri skýrslunnar er greint frá yfirlitsskoðun, svofellt: ...

Niðurstöðukafli meinafræðingsins (til bráðabirgða) er svofelldur:

„Fundist hafa víttdreifð útvortis áverkamerki, yfirleitt ekki alvarlegs eðlis eða lífshættuleg að sjá. „Áverki“ vinstra megin í andliti gæti þó verið til kominn eftir þungt högg, og blæðingar í höfuðsverði eru athyglisverðar. ...

Dánarorsök liggur þó eftir sem áður ekki ljós fyrir, þar sem mæna virðist ósködduð (og sömuleiðis heili). Dulinn sjúkdómur hefur ekki komið í leitirnar, og að gefnu tilefni skal enn fremur tekið fram, að ástand lungna bendir ekki til þess, að andlátið verði rakið til skyndilegs asmakasts.“

Í krufningarskýrslunni er greint frá því, að tekið hafi verið hjartablóð til alkóhólákvörðunar og blóðflokkunar svo og vefjasneiðar frá öllum helstu líffærum, þ. á m. heila og mænu, til smásjárskoðunar.

Í skýrslu meinafræðingsins, sem dagsett er 22. maí sl., er greint frá nefndri smásjárskoðun og lokaniðurstöðu, svofellt:

„– – –

Lokaniðurstaða.

Eins og fram kemur í bráðabirgðaniðurstöðu, liggur vefræn dánarorsök ekki fyrir þrátt fyrir allveruleg áverkamerki, og við smásjárskoðun staðfestist, að mænubútur, sem tekinn var til frekari rannsóknar, er „óskaddaður“. Enn fremur bendir smásjárskoðun til, að umrædd hryggjarþófaröskun sé ekki nýtilkomin, og þar sem banvænar afleiðingar asmakasts teljast einnig vera óhugsandi, beinist athyglin að starfrænu orsakasamhengi. Liggur þá beint við að ætla, að „hjartastopp“ hafi orðið í kjölfar sterkra taugaviðbragða samfara lamandi áhrifum taugaboða – via nervus vagus (víðtaugarinnar) – á starfsemi hjartans. Atburðarásin er vel þekkt, einkum samfara skörpum þrýstingi á háls og jafnframt á „slagæðarboðann“ (corpus caroticum), sérstaklega þegar hugaræsing eða skelfing hefur gripið um sig („reflex cardic arrest is a very real and common occurrence, especially in pressure of the neck“, svo að vitnað sé í þekkt réttarlæknisfræðirit). Þessari niðurstöðu til frekari stuðnings áréttast, að nokkuð umfangsmikil fersk blæðing fannst í vinstra höfuðvendi, blæðing, sem hefur væntanlega stafað af hálstaki (eða höggi).“

Samkvæmt vottorðum Rannsóknastofu Háskóla Íslands í meinafræðum var ekki mælanlegt magn etanóls í blóði hinnar látnu. Jafnframt er vottað, að hvorki lyf né eiturefni hafi valdið dauða konunnar eða stuðlað að honum með öðrum hætti.

Að tilhlutan embættis ríkissaksóknara var leitað álits Gunnlaugs Björns Geirssonar, prófessors í réttarlæknisfræðum, vegna áverka á líki Sigríðar Eggertsdóttur og hvernig þeir væru til komnir eða kynnu að vera til komnir, ásamt því að varpa ljósi, svo sem framast væri unnt, á það, hvert hafi verið banamein Sigríðar eða dánarorsök.

Álitsgerð prófessorsins er dagsett 22. júlí sl., og segir þar m. a.:

„Undirritaður hefur kynnt sér aðsend gögn. Umsögn sú, sem hér fer á eftir, byggist á því, sem af þeim má ráða.

Ad.#1. Af myndum, sem teknar voru af líki Sigríðar Eggertsdóttur á þeim stað, er hún fannst látin, svo og af myndum í líkhúsi Fjórðungssjúkrahúss Akureyrar má sjá á yfirborði líkamans: a) marbletti, b) fleiður, sem blætt hefur úr, c) rispur og afrifur (vinstra hné). Blæðing er úr vinstri nös.

Við krufninguna er lýst mari í hársverði. Einnig kemur fram í krufningarskýrslu, að hugsanlega sé áverki á hryggsúlu. Loks lýsir meinafræðingurinn Þorgeir Þorgeirsson blæðingu í vinstri hálsvendivöðva.

Á myndum er að sjá sem ákomur þessar séu nýlegar og geta a. m. k. flestar verið jafngamlar. Mar á handarbökum, sérstaklega á vinstri hendi, hefur getað komið við að bera fyrir sig hönd við fall á gróft yfirborð og ákoma á vinstra hné við að falla á hné á hörðu undirlagi. Ákomur á efri hluta handleggja og vinstra brjósti eru ekki sértækar, en gætu verið eftir pústra eða grip. Sömuleiðis er ákoma á nefi svo sem sést við fall, högg eða pústra á andlit, þar sem nefið tekur við högginu.

Ekki liggja fyrir myndir af hálsi eða blæðingu í höfuðvendivöðva né af blæðingu í hársvörð.

Af lýsingu meinafræðings, Þorgeirs Þorgeirssonar, og Ara H. Ólafssonar bæklunarlæknis fellst undirritaður á, að breytingar þær, sem lýst er í hálsi, eru gamlar og ekki til komnar í tengslum við áverka þá, er konan hlaut, sem að framan er lýst, og eiga hálsliðabreytingarnar enga hlutdeild í dauða hennar.

Ad.#2. Konan hefur látist í kjölfar þess að hafa hlotið sundurleita áverka, sem vegna útlits og dreifingar geta vel komið heim við að hafa orðið til við átök og sviptingar. Enda þótt áverkarnir séu sem slíkir ónógir til þess að skýra dauða konunnar af þeim vefjaskemmdum, sem fyrir liggja, ber að líta svo á, að forsendur þær, sem hér liggja fyrir, geta valdið dauða, svo sem lýst er í álitsgerð Þorgeirs Þorgeirssonar, meinafræðings Fjórðungssjúkrahúss Akureyrar, í lokaniðurstöðu.

Eftirgrennslan af þessu tagi takmarkast af því að hafa ekki séð látnu á vettvangi né heldur verið viðstaddur krufningu. Ekki verður annað séð á myndunum en konan hafi látist á þeim stað, er hún fannst. Æskilegt hefði og verið að sjá myndir af áverka á hálsi með blæðingu í hálsvefi (höfuðvendi), sem lýst er við krufningu, svo og vefjasneiðar."

Gunnlaugur Björn Geirsson, prófessor í réttarlæknisfræðum, fæddur 1940, kom fyrir dóm og staðfesti áðurnefnda álitsgerð. Vitnið staðfesti og, að niðurstaða álitsgerðarinnar væri samhljóða niðurstöðu í krufningarskýrslu Þorgeirs Þorgeirssonar.

Vitnið skýrði frá því, að hjartastopp, er yrði í kjölfar sterkra taugaviðbragða, svonefnt „vagal inhibition“, ætti sér stuttan aðdraganda, venjulega aðeins nokkrar sekúndur. Slík atburðarás væri vel þekkt og í samræmi við eigin reynslu hans svo og viðurkenndar réttarlæknisfræðilegar heimildir. Vitnið útskýrði nefnt ferli nánar þannig, að í þeim æðastofnum í hálsi, er liggja til höfuðs, væri lítilleg útvíkkun á æð þeirri, er færi til heilans, innri „carotis“-slagæð, og að þar væri taugaboði sá, er næmi þrýsting í æðum. Ef afbrigðilegur þrýstingur kæmi fram á þetta taugakerfisboð, leiddi það til þess, að boð færu til hjartans, sem þá hægði á sér. Afleiðingin yrði blóðnauð til heila, meðvitundarleysi og síðan andlát. Vitnið bar, að ýmis efni gætu haft áhrif á þessa atburðarás, t. d. adrenalín, og yki það þá hættuna á hjartsláttartruflunum.

Vitnið staðhæfði, að þegar litið væri til þeirra áverka, sem sjáanlegir hefðu verið á hálsi hinnar látnu, og er aðrir þættir hefðu verið útilokaðir, væri áðurgreind dánarorsök líklegust. Vitnið vísaði jafnframt til þess, að engin myndræn breyting hefði verið sýnileg á lungum, er annars hefði getað bent til bráðaasmakasts skömmu fyrir andlátið. Vitnið staðhæfði, að merki um slíkt hefðu og verið mjög skýr, þ. e. slímmyndun, sérkennileg íferð blóðkorna og aðrar alvarlegar breytingar á lungunum. Slíkar breytingar gengju ekki til baka og hefðu að áliti vitnisins ekki leynst þrátt fyrir langvarandi sjúkrasögu hinnar látnu.

Fyrir dómi greindi vitnið frá því, að líkblettir kæmu fram u. þ. b. 20 mínútum eftir andlát, fyrst aftan við eyra og aftan á hálsi, en að öðru leyti eftir legu líks. Myndun slíkra bletta væri lokið eftir u. þ. b. tvær klst.

Þorgeir Þorgeirsson, læknir og sérfræðingur í meinafræðum, fæddur 1934, hefur komið fyrir dóm og staðfest krufningarskýrslu. Vitnið var spurt að því, hvort það hefði séð aðra líklega dánarorsök en þá, sem nefnd er í lokaniðurstöðu skýrslunnar. Svaraði vitnið því til, að beitt hefði verið útilokunargreiningu, og svaraði spurningunni neitandi. Vitnið vísaði til þess, að eigi væri unnt að sannreyna dánarorsökina með sérstökum ummerkjum, þar eð hún byggðist á starfrænu ferli og stafaði líkt og í þessu tilfelli t. d. af snöggum, skörpum þrýstingi á háls, sérstaklega á miðjan hálsinn. Vísaði vitnið til þess, að á nefndum líkamshluta væri svonefndur „sinus caroticus“ taugagreinir, er næmur væri fyrir þrýstingsbreytingum í blóðrásinni. Lýsti vitnið þessu sem nokkurs konar afbrigði af taugaáfalli eða taugalosti og kvað reynslu sýna, að ekki þyrfti að koma til mikill þrýstingur, ef maðurinn væri viðkvæmur að eðlisfari, taugastrekktur eða hræddur. Vitnið staðfesti, að talsvert mikil blæðing hefði verið á hálsi hinnar látnu. Kvaðst vitnið því hafa ályktað, að hún hefði orðið fyrir talsvert miklum áverka eftir mikinn þrýsting eða högg, sem leitt hefði til hjartastopps og dauða innan sekúndna.

Vitnið bar, að atburðarásin væri vel þekkt og viðurkennd í læknavísindum.

Fyrir dómi ítrekaði vitnið, að aðrir líkamlegir þættir hefðu engin áhrif haft á dánarorsök hinnar látnu og þá ekki þrálátur asmasjúkdómur ellegar ferskar blæðingar í slímhúð nýrnaskjóðna. Um hið síðarnefnda vísaði vitnið til þess, að víða hefðu verið blæðingar, t. d. meðfram hrygg. Vitnið kvaðst hafa ályktað, að blæðingarnar væru til komnar vegna áverka. Enn fremur kvað vitnið ekkert sérstakt orsakasamband vera á milli saur- og þvagláta hinnar látnu og áðurnefndrar dánarorsakar.

Aðspurt kvaðst vitnið hafa athugað nálarstunguför á líkinu, aðallega á handarbökum, en kvað niðurstöðuna hafa verið neikvæða. Vitnið staðfesti loks, að marblettir hefðu verið á upphandleggjum báðum megin, en eigi í olnbogabót.

Vitnið Björn Magnússon, læknir og sérfræðingur í lungnasjúkdómum, fæddur 1947, kom fyrir dóm við aðalmeðferð, en undir rekstri málsins hafði verið lagt fram læknisvottorð hans um sjúkrasögu Sigríðar heitinnar Eggertsdóttur. Fyrir dómi staðfesti vitnið, að Sigríður hefði þjáðst af asmasjúkdómi um 35 ára skeið. Vitnið bar, að einkennin hefðu í fyrstu verið væg, en síðar ágerst og hún af þeim sökum farið í skyndimeðferð á slysavarðstofu árið 1982. Þá taldi vitnið það og hafa gerst árið 1994. Vitnið bar, að dregið hefði úr einkennum asmasjúkdómsins eftir fyrstu dvöl Sigríðar á Reykjalundi árið 1986, en alls kvað vitnið hana hafa dvalist á stofnuninni fimm sinnum vegna sjúkdómsins og þrekleysis. Vitnið bar, að einkenni sjúkdóms Sigríðar hefðu ágerst við geðshræringar, þó að það hefði ekki verið einhlítt. Vitnið staðfesti áðurnefnt læknisvottorð sitt og þ. á m. svofelld niðurlagsorð, en vottorðið er dagsett 4. október sl.:

„Fyrir síðustu komu á Reykjalund (7. 1. 1996-18. 2. 1996) hafði Sigríður verið með nokkur asmaeinkenni að næturlagi, en lagðist þó aðallega inn vegna almenns slappleika og þreytu, auk þess sem hún hafði í huga að megrast, en hún hafði þyngst um ein 7 kíló frá árinu 1994 og var um það leyti 78 kg. Ástand Sigríðar í þessari síðustu dvöl hennar á Reykjalundi var mjög gott. Hún var algjörlega laus við asmaeinkenni. Öndunarmæling var eðlileg, og hún bætti þol sitt talsvert við úthaldsþjálfun. Auk þess léttist sjúklingurinn um tæp 4 kg. Sigríður var og áhugasöm um meðferð sína í þessari dvöl á Reykjalundi og virtist ekki eins kvíðin og spennt og oft áður. Útskrifaðist hún við mjög góða líðan 18. 2. 1996 á asmalyfjum, sem bæði eru bólguhamlandi og berkjuvíkkandi. Auk þess notaði Sigríður við útskrift lyf, sem bæði er notað við þunglyndi, kvíða og svefntruflun. Sigríður var bjartsýn við útskrift og ákveðin í að viðhalda heilsu sinni með úthaldsþjálfun og

heilbrigðum lifnaðarháttum. Frá þessum tíma og fram að andláti Sigríðar hafði hún ekkert samband við mig."

Fyrir dómi staðfesti vitnið, að Sigríður heitin hefði haft tilhneigingu til að nota skammvinn úðalyf við sjúkdómi sínum í stað langverkandi lyfja.

Aðspurt fyrir dómi svaraði vitnið því til, að við andlát vegna asmakasts kæmu ávallt fram bólgubreytingar í berkjuveggjum, slímsöfnun og skemmdir og rof í slímhimnum. Aðdragandi slíks andláts væri og yfirleitt undanfarandi veikindi í nokkra daga eða vikur.

Vitnið kvað framannefndar breytingar á lungum hins vegar ekki ávallt sýnilegar, ef um vægt asmakast væri að ræða, jafnvel þó að sjúklingur fengi endurtekið kast. Vitnið staðhæfði hins vegar, að slík skammvinn asmaköst drægju menn örugglega ekki til dauða, nema áðurnefndar breytingar í lungum hefðu orðið.

5. Ákærði Gestur Eiríkur Eggertsson var, eins og áður greinir, handtekinn að kvöldi 27. apríl sl. Næstu vikur var ákærði oftsinnis yfirheyrður af rannsóknarlögreglu. Ákærði hefur frá upphafi neitað sakargiftum. Verður nú gerð grein fyrir framburði hans við rannsókn og meðferð málsins.

Samkvæmt frásögn ákærða keypti hann lögbýlið Steinsstaði I í Öxnadal ásamt vélum og bústofni árið 1993. Ákærði kvaðst í fyrstu hafa haldið heimili með móður sinni, en eftir að hún lést í febrúarmánuði 1996, hefði hann búið einsamall. Ákærði kvað einkasystur sína, Sigríði Eggertsdóttur, í tvígang hafa komið að Steinsstöðum, fyrir síðustu komu, þar af í öðru tilvikinu, er móðir þeirra lést. Ákærði staðhæfði, að eðlilegt systkinasamband hefði verið með þeim.

Við lögregluyfirheyrslu 28. apríl sl. bar ákærði, að ætlan Sigríðar með heimsókn sinni 24. apríl sl. hefði verið að sækja muni úr dánarbúi móður þeirra, en enn fremur að ganga frá pappírum vegna skuldar hans við þau hjón, upphaflega að fjárhæð 1.800.000 kr. Þá kvað hann ætlan Sigríðar hafa verið að fara aftur til Reykjavíkur sunnudaginn 28. apríl.

Við komu Sigríðar miðvikudagskvöldið 24. apríl, bar ákærði, að þau hefðu tekið tal saman og drukkið úr einni kippu af bjór í sameiningu. Líkt og við síðari yfirheyrslur hjá lögreglu hélt ákærði því staðfastlega fram, að þetta hefði verið eina áfengið, sem hann neytti, þar til hann drakk úr einni bjórdós um kl. 18.00 laugardagskvöldið 27. apríl sl. Ákærði bar, að systir sín hefði dvalist á heimilinu 25. og 26. apríl, sýslað við heimilisverk, þ. á m. við þrif á eldhúsi, herbergi og baðherbergi, en einnig lítillega aðstoðað sig við bústörf utandyra. Hann kvað óundirritað skuldabréf, að fjárhæð 2.000.000 kr., er Sigríður hafði meðferðis við komu, hafa legið þann tíma óhreyft á

skrifborði sínu. Ákærði kvaðst ekki hafa kynnt sér efni bréfsins, ætlað að gera það síðar. Nefnda daga kvaðst ákærði hafa veitt því eftirtekt, að Sigríður hafði tekið til sín ýmsa smáhluti, er verið höfðu í eigu móður þeirra. Jafnframt kvaðst ákærði hafa fengið staðfestingu á því, að Sigríður hafði farið í skrifborð sitt með því að setja litla miða á skúffubrúnirnar. Ákærði bar, að ekkert fémætt hefði verið í skrifborðinu fyrir utan hluta af frímerkjasafni sínu, en hann kvað meginhluta safnsins hafa verið geymdan í bankahólfi. Ákærði staðhæfði, að þau systkinin hefðu þrátt fyrir þetta ekkert rifist, en kvað andrúmsloft þeirra í milli hafa verið þrúgandi. Þá staðhæfði ákærði, að hann hefði farið að veita Sigríði auga vegna grunsemda um, að hún neytti einhvers konar lyfja. Ákærði kvaðst þó hafa haft vitneskju um, að hún var asmasjúklingur.

Eftir venjubundin bústörf að morgni laugardagsins 27. apríl sl. kvaðst ákærði hafa hitt Sigríði um kl. 9.30. Í samræðum þeirra þá kvaðst ákærði hafa neitað að hafa skrifað undir áðurnefnt skuldabréf með vísan til þess, að hann vildi skoða það betur. Eftir þessi orðaskipti kvaðst ákærði hafa farið að sinna bústörfum, en Sigríður haldið til Akureyrar kl. 11.30, líkt og ætlun hennar hafði verið.

Eftir hádegi nefndan dag kvaðst ákærði hafa hringt í eiginmann Sigríðar, vitnið Þorstein Guðlaugsson, og m. a. rætt við hann um efni skuldabréfsins. Ákærði kvað samtal þeirra hafa endað með leiðindum og rifrildi. Í skýrslutöku 30. apríl bar ákærði, að erindi sitt við Þorstein hefði verið að ræða um fjárhæð bréfsins, sem hann kvaðst hafa talið, að ætti að vera talsvert lægri, eða um 1,2 milljónir. Eftir útskýringar Þorsteins kvaðst ákærði hafa orðið „alveg öskuillur“, en kannaðist ekki við að hafa haft í hótunum eða verið undir áhrifum áfengis. Eftir þetta kvaðst ákærði hafa hvað eftir annað reynt að ná símasambandi við Þorstein.

Eftir áðurnefnt símtal um kl. 15.30 kvaðst ákærði hafa haldið til útihúsa, en síðan til viðgerða á vatnsleiðslu í fjallinu fyrir ofan bæinn. Samkvæmt upplýsingaskýrslu lögreglu er nefnd vatnslögn um 600 m frá íbúðarhúsinu. Um kl. 16.00 kvaðst ákærði hafa veitt því athygli, hvar bifreið Sigríðar var ekið heim að lögbýlinu, og 15–20 mínútum síðar kvaðst hann hafa farið inn í íbúðarhúsið til viðræðna við Sigríði. Ákærði bar, að dyr á herbergi Sigríðar hefðu þá staðið í hálfa gátt, og kvaðst hann hafa veitt því athygli, hvar Sigríður lá þar í rúminu steinsofandi. Ákærði bar, að sterk sól hefði skinið inn í herbergið. Eftir að hafa sinnt bústörfum um stund, kvaðst ákærði að nýju hafa litið til Sigríðar, en þá veitt því eftirtekt, að litabreyting var á húð hennar, og nokkru síðar séð, að hún var látin. Við nánari athugun kvaðst ákærði hafa séð, að gamall áverki var á nefi Sigríðar, en einnig nýrri rispa á

vanga. Enn fremur kvaðst ákærði hafa séð nálarstunguför á öðrum handlegg hennar svo og á handarbaki. Frekari áverkum kvaðst ákærði ekki hafa tekið eftir, en veitt því athygli, að föt hennar voru á stólbaki þar hjá. Ákærði kvaðst hafa þurrkað blóð af nefi Sigríðar, en að öðru leyti ekki hreyft við henni. Vegna alls þessa kvaðst ákærði hafa fengið þá hugdettu, að systir sín hefði verið „fíkill“ og fyrirfarið sér og þá í sama rúmi og móðir þeirra hefði látist í. Í ráðleysi sínu kvaðst ákærði í fyrstu hafa hringt til frænku sinnar, Helgu Pálsdóttur, um kl. 19.00. Við fyrrnefnda yfirheyrslu neitaði ákærði því að hafa átt í handalögmálum við Sigríði, og aðspurður um, hvort hann hefði átt einhvern þátt í andláti hennar, svarað: „Ekki vil ég meina það.“

Í fyrirtöku fyrir dómi 28. apríl sl. vegna gæsluvarðhaldskröfu staðfesti ákærði ofangreinda skýrslu.

Við yfirheyrslu ákærða 30. apríl sl. var framburður hans með líku sniði og í fyrstu skýrslu hans. Ákærði kvaðst hins vegar hafa veitt því athygli, er hann leit inn í herbergi Sigríðar í síðara sinn, um kl. 16.30, að hún lá á bakinu í sömu stellingu og áður og nakin fyrir utan brjóstahaldara, og enn fremur, að úðabrúsi hafi verið við hlið hennar. Eftir að hann hafði farið í útihús og komið inn í íbúðarhúsið að nýju og lagt sig um stund, kvaðst ákærði hafa litið til Sigríðar í þriðja sinn og ætlaði, að klukkan hefði þá verið um 18.00.

Aðspurður um ástæðu þess, að hann kallaði ekki á aðstoð, eftir að hann áttaði sig á því, að Sigríður var látin, vísaði ákærði til þess, að móðir sín hefði andast í þessu sama rúmi nokkru áður. Orð ákærða voru annars þessi: „Mér fannst þetta ekki vera slys. Sko, það var þannig hjá mér, ... ég var alveg frosinn. Ég bara trúði þessu ekki.“ „Já, ég var alveg bara viti mínu fjær, nýbúinn að standa í þessu. Ég vissi ekki, hvað ég ætti að gera, hringsnerist bara þarna í eldhúsinu, fór út í fjós og þar einn hring og fleiri og vissi ekkert, hvernig upp á mig stóð veðrið.“

Auk þeirra áverka, er ákærði hafði áður lýst, kvaðst hann hafa veitt athygli, að blóð rann frá nefi Sigríðar, niður hálsinn og á gólfið.

Við nefnda yfirheyrslu var ákærða kynnt frásögn vitnisins Leós Viðars um komu á heimili ákærða á rauðri pallbifreið um kl. 18.00 27. apríl. Ákærði svaraði því til, að hann hefði séð til nefndrar bifreiðar, er hann var við vinnu sína í fjallinu um kl. 16.00, og andmælti því tímasetningu vitnisins. Nánar spurður bar ákærði, að verið gæti, að hann hefði verið sofandi um kl. 18.00. Þá var ákærða kynnt efnisatriði úr krufningarskýrslu meinafræðings um áverka á líki Sigríðar. Ákærði hafði ekki skýringar á áverkunum, en nefndi, að hann hefði tekið um annan upphandlegg Sigríðar, er hún féll við

í útihúsi hans. Sérstaklega spurður um áverka á hálsvöðva og undir hársverði svaraði ákærði: „Það er eina skýringin, að hún hafi farið þarna niður tröppurnar.“ Og vísaði ákærði jafnframt til þess, að hugsanlega hefði hún fengið asmakast. Sem fyrr neitaði ákærði því að hafa lagt hendur á systur sína og hafði enga eiginlega skýringu á blóðblettum, er lögreglumenn fundu í risherbergi hans. Vísaði ákærði þó til þess, að hann hefði haft sár á fingri og að tiltekin kona hefði komið í heimsókn til sín.

Við skýrslutöku lögreglu 1. maí sl. óskaði ákærði eftir því að breyta fyrri framburði sínum, þ. e. eftir að hann kom frá vatnslögninni í fjallinu. Frásögn ákærða var svofelld:

„Hann segir, að er hann kom ofan úr fjalli um kl. 16.30, hafi Sigríður verið komin heim. Hún hafi þá verið við bifreið sína, sem var sunnan við húsið (talið í höfuðáttum) eða suðaustan við það. Kærði segir, að Sigríður hafi verið að athafna sig eitthvað við bifreiðina. Hann kveðst hafa gengið beint inn í bæ um dyrnar, sem eru austan á húsinu, eða þar inn á gang og síðan um kjallarann og upp. Hann segir, að er hann komi upp í íbúðina, sjái hann, að blóm, sem var uppi í stiganum, hafði fallið um koll. Þá kveðst hann hafa stokkið upp á loft, því að sér hafi þá dottið í hug, að Sigríður væri búin að taka poka með lopa og prjónuðum lopapeysum, sem móðir þeirra hafði átt. Hún hefði átt tvo poka, og hefði Sigríður tekið annan um morguninn, og nú taldi kærði, að hún hefði einnig tekið hinn, meðan hann var í burtu. Er hann kom upp, hefði hann séð, að pokinn var horfinn. Hann kveðst þá hafa stokkið niður aftur og á leiðinni niður hafi sér dottið í hug, að Sigríður hefði einnig tekið tösku sína og væri á leiðinni í burtu. Hann kveðst því hafa farið inn í herbergi hennar og séð, að taskan var líka horfin.

Kærði kveðst þá hafa orðið ofsareiður og stokkið út á tröppur og suður fyrir hús. Hann segir, að sú hugsun hafi „runnið gegn“ hjá sér, hve lengi hann ætti að láta Sigríði vaða yfir sig orðalaust. Kærði segir, að þegar hann hafi komið út á tröppurnar, hafi hann öskrað til Sigríðar, sem þá var ennþá að athafna sig við bifreiðina: „Hvernig vogarðu þér að fara í skrifborðið mitt?“ Hann kveðst síðan hafa vaðið að Sigríði og öskrað á hana: „Inn með þig. Inn með þig.“ Hann segir, að Sigríður hafi bandað frá sér, svo að hann hafi gripið í hendur henni og dregið hana áleiðis inn. Hann kveðst hafa dregið hana áleiðis inn húsmegin við bifreiðina. Sigríður hafi veitt mótspyrnu, svo að hann hafi þurft að draga hana. Við það hafi Sigríður dottið niður á hnén. Kærði segir, að hún hafi reist sig upp og hann skipað henni að koma með sér, en þar sem hún hafi neitað því, hafi hann þurft að draga hana að tröppunum. Hann kveðst þá hafa skipað henni að fara upp tröpp-

urnar, og þá hafi hún dottið og kallað: „Pústið mitt, pústið mitt.“ Kærði kveðst þá hafa skilið hana eftir í fyrstu eða annarri tröppu og náð í „pústið“, sem lá á jörðinni skammt frá. Hann kveðst hafa látið hana fá „pústið“ og síðan skipað henni að fara áfram upp tröppurnar. Sigríður hafi þá aftur dottið í tröppunum, og kveðst kærði þá hafa lyft aftur undir rassinn á henni og hún þá staðið upp aftur. Er þau komu að útidyrunum, kveðst kærði hafa skipað henni að fara inn. Hurðin hafi staðið í hálfa gátt, og þar hafi Sigríður rekið sig í hurðina eða hurðarstafinn með höfuðið. Hann hafi skipað henni áfram, og hafi Sigríður gengið óstudd upp í herbergi kærða.

Þar kveðst kærði hafa spurt hana, hvers vegna hún hafi farið í skrifborð hans. Sigríður hafi svarað því til, að hún hafi bara verið að skoða. Kærði kveðst þá í bræði sinni hafa spurt hana, hvað hún hefði gert við frímerki hans og hvar þau væru. Kærði segir, að það hafi setið í sér, að hún skyldi fara í þetta eina „prívat“, sem hann átti, því að það hafi hann viljað hafa út af fyrir sig. Hann kveðst ekki hafa vitað það með vissu, hvort Sigríður tók einhver frímerki eða ekki, þar sem hann hafði það ekki skráð. Með þessu kveðst hann hafa verið að prófa hana. Kærði segir, að Sigríður hefði neitað því að hafa tekið frímerki. Kærði kveðst ekki hafa trúað því, og þar sem sér hafi dottið í hug, að hún hefði stungið þeim inn á sig, hafi hann skipað henni að fara úr fötunum. Kærði segir, að Sigríður hafi þá klætt sig úr buxunum, og þar sem hann hafi þá ekki séð nein frímerki, hafi hann skipað henni að fara úr nærbuxunum líka. Það hafi Sigríður gert sjálf, en engin frímerki komið í ljós. Kærði kveðst einnig hafa skipað henni að fara úr að ofan, öllu nema brjóstahaldaranum.

Kærði er nú spurður, hvernig Sigríður hafi verið klædd. Hann segir, að hún hafi verið í samlitum „jogging-galla“, „beige“-lituðum. Hann segir, að Sigríður hafi lagt fötin, sem hún fór úr, á gólfið.

Kærði kveðst ekki hafa séð nein frímerki, þó að Sigríður hafi afklæðst. Hann segir, að Sigríður hafi svo lagst upp í rúm hans og sagt: „Mér er að verða illt.“ Þá kveðst kærði hafa sagt við hana: „Stattu þá upp, ég skal fylgja þér niður, þar sem þú getur lagt þig“. Kærði telur, að áður en hún stóð upp, hafi hann séð blóð á henni úr vinstri nös, og kveðst hann hafa þurrkað það, ef hann man rétt. Sigríður hafi þá staðið upp, og hefðu þau leiðst fram að stiga og labbað niður hlið við hlið. Sigríður hafi síðan farið inn í herbergi sitt og lagst þar upp í rúm. Kærði kveðst síðan hafa farið upp aftur til þess að ná í föt hennar. Þá hafi hann séð, að saur var í lakinu. Hann kveðst hafa tekið lakið og vöðlað því upp. Hann kveðst hafa tekið lakið og föt hennar. Hann kveðst hafa séð, að blóð eða æla var í treyju hennar, og því hafi hann farið með hana niður í kjallara ásamt lakinu. Kærði segir, að

sig minni, að hann hafi sett treyjuna í þvottabala með vatni í, en lakinu, sem var hvítt, að sig minni, hafi hann hent til hliðar. Hann kveðst ekki vita með vissu, hvað varð um það. Aðspurður um, hvað varð af skóm Sigríðar, kveðst kærði ekki geta svarað því, en telur, að þeir hljóti að vera á staðnum. ... Kærði kveðst að þessu loknu hafa farið út. Hann kveðst ekki hafa séð neitt óeðlilegt við hana, og því hafi hann ekki séð ástæðu til þess að kalla til lækni. Hann segir, að hún hafi verið með fullri meðvitund. Kærði segir, að það, sem eftir þetta gerðist, sé í samræmi við fyrri framburð sinn."

Er ákærða var bent á það við framannefnda skýrslutöku, að ferðataska Sigríðar hefði verið í herbergi hans, er lögregla kom á vettvang, svaraði ákærði, að það atriði hefði þá verið byggt á misskilningi og/eða hann dregið rangar ályktanir. Ákærði greindi og frá því, að þá um morguninn, 27. apríl, hefði hann leitað að frímerkjunum í tösku Sigríðar, og vísaði til þess, að hann ætti í fórum sínum á Steinsstöðum 60-70 fyrstadagsumslög svo og eitthvað af lausum frímerkjum. Eigi hafði ákærði vitneskju um verðmæti safnsins, en vísaði til þess, að meginhluti safnsins væri í geymslu í bankahólfi.

Við lögregluyfirheyrslu 2. maí sl. bar ákærði, að hann hefði engu við fyrri skýrslur sínar að bæta utan því, að hann kvað Sigríði auk saurs hafa misst frá sér þvag, er hún reis upp úr rúmi hans í risherberginu. Í nefndri skýrslutöku staðfesti ákærði, að Sigríður hefði verið íklædd „beige-lituðum joggginggalla" og með brúna skó á fótum. Buxurnar kvaðst ákærði hafa lagt á stólbak við rúm hennar, eftir að hann hafði fylgt henni niður í herbergið. Þá kvaðst hann hafa notað treyju Sigríðar til að þurrka upp blóð og þvag af gólfinu í risherberginu. Vísaði ákærði til þess, að treyjan hefði verið blóðug fyrir, þar eð Sigríður hefði fengið blóðnasir við útidyratröppurnar vegna asmakastsins. Ákærði kannaðist og ekki við að hafa slegið til Sigríðar, en er honum var kynnt sú ályktun í krufningarskýrslu, að Sigríður hefði hlotið þungt högg vinstra megin í andlit, svaraði ákærði, að hún hefði dottið tvisvar til þrisvar á höfuð, er hann var að reyna að koma henni upp útidyratröppurnar. Jafnframt kvað hann höfuð Sigríðar hafa slegist við dyrakarminn á leið hennar inn í íbúðarhúsið. Ástæðu þessa ætlaði ákærði, að mætti rekja til asmakasts Sigríðar.

Ákærði staðhæfði, að hann hefði lagt treyju Sigríðar í bleyti, eftir að hann hafði notað hana í risherberginu, en er honum var bent á, að treyjan hefði fundist falin í gamla fjósinu, kannaðist hann við að hafa troðið henni þar á milli pappakassa og stæðu af steinullarplötum.

Við dómsyfirheyrslu 3. maí sl. staðfesti ákærði efni framangreindrar lögregluskýrslu.

Við framhald yfirheyrslu lögreglu dagana 7., 8. og 9. maí var frásögn

ákærða með líkum hætti og hér að framan hefur verið rakið, en þó ýtarlegri. Þannig kvaðst ákærði hafa gengið inn um bakdyrainngang íbúðarhússins, er hann kom úr fjallinu, og þá veitt því athygli, að blómapottur hefði fallið á hliðina í stiganum upp í risið. Vegna þessa kvaðst ákærði hafa fengið grunsemdir um, að Sigríður hefði tekið ullarpoka, sem geymdur var á loftinu. Ákærði kvaðst hafa verið í útiskóm og útifötum og farið út á tröppurnar aðaldyra megin. Ákærði kvaðst hafa staldrað við, er hann sá til Sigríðar, þar sem hún var að bogra við bifreiðina. Kvaðst ákærði hafa reiðst áðurnefndum athöfnum Sigríðar, kallað upp, en síðan gengið greitt til hennar og sagt: „Nú kemur þú upp með mér og sýnir mér, hvað þú gerðir." Ákærði bar, að Sigríður hefði svarað, að hún hefði ekkert gert, og kvaðst hann þá hafa tekið í handlegg hennar og dregið hana að tröppunum þrátt fyrir mótspyrnu af hennar hálfu. Á nefndri leið kvað ákærði Sigríði tvívegis hafa fallið á hné og fram á hendurnar, í fyrstu við bifreiðina, en í síðara sinnið á milli bifreiðarinnar og íbúðarhússins. Ákærði kannaðist ekki við, að farangur Sigríðar hefði verið við bifreiðina greint sinn, og hafði ekki skýringar á þurrum hrossaskít í handtösku, er var innandyra við komu lögreglu. Hið sama gilti um plastdós, er fannst skammt frá bifreiðinni, en hluti hennar innandyra. Ákærði hafði og ekki skýringar á þeirri óreiðu, er var í bifreiðinni, og ekki á munum, er lágu á hlaðinu. Margspurður um skartgripi svaraði ákærði í skýrslu lögreglu: „Nú, þetta dettur bara af henni þarna í látunum, dettur í þrýstingnum, þegar hún var með þennan mótþróa og er að hrista sig til. Það er ekki um neitt annað að ræða." Þá svaraði ákærði þeirri spurningu, hvort Sigríður hefði lent utan í bifreiðinni greint sinn, svofellt: „Ég man nú ekki, að við höfum farið utan í bílinn. Það getur þó vel verið, að hún hafi kastast utan í bílinn."

Ákærði staðhæfði, að hann hefði sleppt taki á Sigríði, er þau komu að aðaldyratröppunum, og minntist þess ekki, að þau hefðu átt frekari orðaskipti fyrir utan það, er Sigríður kallaði eftir asmapústi sínu. Við yfirheyrsluna orðaði ákærði það svo, að Sigríði hefði verið það alveg ljóst, að hann ætlaði henni að fara upp í herbergið í risinu. Á leið þeirra upp tröppurnar kvaðst ákærði ekki nákvæmlega hafa séð, hvernig Sigríður féll við, hvort eða hvernig höfuð hennar rakst í tröppurnar, og vísaði til þess, að hann hefði staðið fyrir aftan hana. Ákærði staðhæfði og, að Sigríður hefði fallið í þriðja sinn efst í tröppunum, og kvaðst hann þá hafa veitt henni aðstoð með því að lyfta undir bakhlutann. Loks kvað ákærði Sigríði hafa rekið höfuðið í dyrakarminn og hurðina, um leið og hún fór inn úr dyrunum. Eigi gat ákærði gert grein fyrir, hversu þung högg Sigríður hlaut við nefndar ákomur.

Á leið þeirra upp í risið kvað ákærði sem fyrr engin orðaskipti hafa orðið. Eftir að inn í herbergið var komið, kvaðst ákærði hafa innt Sigríði eftir því, hvað hún hefði aðhafst þar, en hún þá svarað neikvætt. Kvaðst ákærði þá hafa gefið Sigríði skipun um að fara úr fötum og hún hlýtt þeirri skipun hans orðalaust. Er Sigríður hafði lagst í rúmið, kvaðst ákærði hafa séð saur renna frá henni, og jafnframt kvað hann hana hafa haft orð á veikindum. Framhaldinu lýsti ákærði svo í staðfestri lögregluskýrslu:

„Kærði segir, að áður en Sigríður stóð upp, hafi hann tekið eftir áverka á nefi hennar. Hann segir hins vegar, að hann hafi talið það vera gamalt mar vegna þess, hve dökkt það var. Þá segir kærði, að ekki hafi blætt neitt úr Sigríði, a. m. k. hafi hann ekki séð það. Hann segir þó, að blóð hafi lekið úr vinstri nös hennar, og hafi hann talið það vera blóðnasir. Það geti skýrt blóðblettinn í rúmdýnunni. Kærði segir, að Sigríður hafi staðið upp hjálparlaust, og er hún hafi staðið upp úr rúminu, hafi hún misst þvag á gólfið. Kærði segir, að engar skýringar hafi komið fram á því, hvers vegna Sigríður missti saur og þvag. Hann segir, að ekki hafi verið mikið talað þarna og Sigríður ekki sagt eitt einasta orð."

Ákærði neitaði því við yfirheyrsluna, að til átaka hefði komið með þeim í risherberginu. Þá kvað hann Sigríði ávallt hafa haldið á asmapústinu. Eftir að hann hafði fært Sigríði niður í herbergið inn af eldhúsinu, kvaðst ákærði hafa aðstoðað hana við að breiða sæng yfir sig. Síðar kvaðst ákærði hafa komið að Sigríði andaðri í sömu stellingu og hann hafði skilið við hana.

Eftir að ákærði hafði þrifið nokkra blóðdropa svo og saur í risherberginu, kvaðst ákærði hafa þvegið sér um hendur, en að öðru leyti var frásögn hans með svipuðu sniði og áður.

Ákærði ætlaði, að klukkan hefði verið um 18.00, er hann endanlega gerði sér grein fyrir, að Sigríður var látin. Kvaðst ákærði þá fyrst hafa veitt því eftirtekt, að skinnspretta var á enni Sigríðar vinstra megin. Síðan kvaðst ákærði hafa þrifið saur af hægri hendi hennar, en ekki kvaðst hann hafa átt frekar við líkið. Ákærði ætlaði, að klukkan hefði verið 19.30, er hann náði tali af Helgu Pálsdóttur, og um 20.00, er hann hringdi í vaktlækni.

Varðandi dánarorsök Sigríðar kom enn fram í skýrslugjöf hjá ákærða 9. maí sl., að hann hefði leitt hugann enn meira að því, hvort Sigríður væri fíkniefnaneytandi og hvort samband væri á milli símhringingar á Steinsstaði fyrr um daginn og andláts hennar. Jafnframt hefði sér dottið í hug, hvort Sigríður hefði e. t. v. verið búin að ákveða að deyja þarna og einhver hefði hugsanlega vitað af því og það verið sá, sem hefði hringt.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu 14. maí sl. andmælti ákærði því að hafa afmáð verksummerki og kvaðst t. a. m. ekki hafa ryksugað upp mold eftir að

hafa reist upp jukkujurt í risstiganum. Ákærði kannaðist og ekki við að hafa hent jukkublöðum út um gluggann. Aðspurður um raka í hári Sigríðar við komu lögreglu á vettvang svaraði ákærði því til, að hann hefði þurrkað upp þvag með buxum Sigríðar, og taldi hugsanlegt, að hann hefði lagt þær við höfuð hennar, er hann reisti hana á fætur í risherberginu. Hins vegar hafði ákærði ekki skýringar á því, hvers vegna treyja Sigríðar var rifin, og þá ekki, hvers vegna blóð var innan á treyjuerminni. Ákærði staðfesti hins vegar, að hann hefði farið með saurkámugt lak í þvottabala í þvottahúsinu.

Við lokayfirheyrslu hjá lögreglu 23. maí sl. vísaði ákærði sem fyrr til fyrri framburðar og kannaðist við að hafa séð til ferða rauðrar pallbifreiðar 27. apríl sl., en á hinn bóginn kannaðist hann ekki við að hafa séð til ferða Leós Viðars Leóssonar. Ákærði orðaði þetta svo í skýrslunni: „Ég tel mig hafa séð bíl, en ég geri mér ekki grein fyrir, á hvaða tíma það var. Það var svona rauður „pickup", sem ég kannaðist ekki við."

Aðspurður um blóð í eigin fötum taldi ákærði, að það hefði verið úr systur sinni. Ákærði andmælti því hins vegar, að hann hefði þrýst, slegið eða tekið um háls Sigríðar, og hafði ekki skýringar á áverkanum.

Við aðalmeðferð máls neitaði ákærði sem fyrr sakargiftum og kannaðist ekki við að hafa átt í átökum við systur sína, Sigríði Eggertsdóttur, 27. apríl sl. Fyrir dómi greindi ákærði frá atvikum máls allt frá komu Sigríðar að Steinsstöðum og þar til afskipti lögreglu komu til. Ákærði kvaðst hafa verið viðbúinn komu Sigríðar með skuldabréfið. Hins vegar kvaðst hann hafa verið ósáttur við fjárhæðina, enda talið sig skulda 400-500 þúsund króna lægri fjárhæð, og af þeim sökum kvaðst hann hafa frestað undirritun, þar til hann hefði kannað málið frekar. Ákærði kvaðst og hafa verið ósáttur við töku Sigríðar á ýmsum smáhlutum úr eigu dánarbús móður þeirra. Enn fremur kvaðst hann hafa verið ósáttur við framkomu hennar á heimilinu, aðallega hnýsni hennar í skrifborðsskúffur.

Fyrir dómi staðfesti ákærði áðurgreindar framburðarskýrslur hjá lögreglu, þ. á m. um viðskipti sín við Sigríði, eftir að hún kom úr bæjarferð 27. apríl sl. Jafnframt staðhæfði ákærði, að hann hefði fylgst með því, er Sigríður var að raða dóti í bíl sinn, þ. á m. svörtum plastpoka með ullarbandi, en hann kvaðst þá hafa verið við aðaldyr íbúðarhússins. Ákærði kvaðst á hinn bóginn ekki hafa verið búinn að sannreyna töku hennar á frímerkjum. Um viðskipti þeirra við bifreiðina, útidyratröppurnar og í íbúðarhúsinu hafði ákærði svipaða lýsingu og fyrir lögreglu; þ. á m. kvaðst ákærði í upphafi hafa gripið í handlegg Sigríðar. Kvaðst ákærði ætla, að við það tækifæri hefði treyja hennar rifnað. Þá staðhæfði ákærði, að Sigríður hefði aðeins einu sinni hnotið á hnén á leið þeirra að tröppunum. Ákærði kvaðst þá hafa

sleppt taki sínu á handleggnum. Ákærði staðfesti og, að Sigríður hefði hnotið í þrígang í tröppunum, niður á hnén og fram á hendurnar, en í síðasta sinn rekið höfuðið í dyrakarminn og hurðina. Ákærði kvaðst ekki hafa komið við eða haldið í Sigríði á leið hennar upp tröppurnar. Ákærði taldi, að þau Sigríður hefðu verið þarna utandyra í um 10 mínútur.

Fyrir dómi hafði ákærði sömu lýsingar um veru þeirra í risherberginu og fyrir lögreglu og taldi, að þau hefðu verið þar í 5-10 mínútur. Eftir að hafa fylgt Sigríði niður í herbergið inn af eldhúsinu, kvað hann Sigríði í fyrstu hafa sest á rúmið, en því næst klætt sig í brúnrósóttan náttslopp og fært sig undir sæng.

Fyrir dómi staðhæfði ákærði, að það hefði tekið sig allt að 10 mínútum að sannfærast um andlát Sigríðar. Þannig kvaðst hann í fyrstu hafa strokið yfir vanga hennar og lagt kinn við kinn til að gæta að hitastigi. Þá kvaðst hann hafa gætt að púlsi, og við það tækifæri rennt hendi undir sloppermi Sigríðar og veitt athygli augljósum sprautuförum og marblettum í olnbogabót. Ákærði kvað þetta hafa gerst um kl. 18.00. Nánar spurður um náttslopp Sigríðar vísaði ákærði til minnisleysis og skýrslu sinnar hjá lögreglu.

Ákærði greindi frá því, að hann hefði að morgni laugardagsins 27. apríl skoðað í stóra ferðatösku í eigu Sigríðar og séð, að taskan var nær full af dóti, er hún hafði tínt til, en auk þess kvað hann þar hafa verið rauða tösku. Spurður um skrautmuni og aðra hluti, er fundust á hlaðinu við íbúðarhúsið og við bifreið Sigríðar, hafði ákærði þá skýringu með hliðsjón af rannsóknargögnum, að Sigríður hefði misst munina úr töskunni eða í fljótheitum hreinsað úr henni, er hann var á leið að bifreiðinni, eftir að hann hafði kallað til hennar frá útihurðinni. Ákærði staðhæfði loks, að hann hefði verið án áfengisáhrifa margnefndan dag svo og annarra vímuefna, og ítrekaði, að hann hefði aðeins drukkið einn bjór um kl. 18.00. Hefði þetta verið eina áfengið, sem hann hefði drukkið frá því á miðvikudagskvöldið þar á undan.

Að tilhlutan embættis ríkissaksóknara var leitað álits Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfjafræði á því, hvort áfengismagn í blóð- og þvagsýnum ákærða samræmdist frásögn hans um áfengisdrykkju um kl. 18.00 27. apríl sl. Svarbréf stofnunarinnar, sem dags. er 7. nóvember sl., er svohljóðandi:

„Áfengismagn í þvagi ákærða var u. þ. b. 1,6 sinnum meira í þvagi en í blóði. Bendir það til þess, að nokkrar klukkustundir hafi verið liðnar, frá því að drykkju var hætt, og fer það saman við framburð ákærða um, að hann hafi síðast neytt áfengis um kl. 18.00 27. apríl.

Magn áfengis í blóði ákærða er meira en svo, að það geti orðið til við drykkju á einum „stórum“ bjór 6 klukkustundum áður en blóðsýnið var tekið. Framburður ákærða varðandi áfengisneyslu umræddan dag getur þó

staðist, ef hann hefur daginn áður, þ. e. 26. apríl, neytt svo mikils magns af áfengi, að það hafi ekki verið horfið úr blóðinu, er umrædd drykkja fór fram."

Fyrir dómi hafa og gefið skýrslur sjúkraflutningamennirnir Eiríkur Ronald Jósefsson og Sveinbjörn Dúason, svo og Hallur Þorgils Sigurðsson heilsugæslulæknir. Þá hafa lögreglumennirnir Bjarni Jóhann Bogason, Daníel Snorrason, Gunnar Jóhann Jóhannsson, Jóhannes Sigfússon og Karl Jónsson Kristjánsson staðfest áðurnefnd rannsóknargögn.

Við aðalmeðferð málsins fóru dómendur ásamt skipuðum verjanda og fulltrúa ákæruvalds á vettvang að Steinsstöðum I í Öxnadal.

Niðurstöður.

Ákærði er einn til frásagnar um það, sem gerðist umræddan dag að Steinsstöðum. Er framburður hans mjög á reiki um veigamikil atriði, mótsagnakenndur og á köflum fráleitur. Þykir framburður ákærða í heild sinni ótrúverðugur að mati dómsins um samskipti þeirra systkina, frá því að Sigríður heitin kom að Steinsstöðum síðdegis 27. apríl síðastliðinn og þar til hún lést. Verður því ekki treyst skýrslum ákærða nema að mjög takmörkuðu leyti.

Svo sem áður greinir, kom í ljós við vettvangsrannsókn, að mikil óreiða var á munum í farþegasæti bifreiðar Sigríðar heitinnar á hlaðinu á Steinsstöðum, þar sem meðal annars var að finna hrossaskít. Er tekið fram í vettvangsskýrslu, að allt umhverfis bifreiðina hafi verið að finna talsvert af þurrum skít þeirrar tegundar. Við suðurgafl hússins fannst svört hárspenna eða hárspöng. Fyrir miðjum húsgaflinum fannst hluti af eyrnalokk og þar örskammt frá hinn hluti hans. Þar rétt hjá fundust svo hárspenna (hnakkaspenna), lok af asmainnöndunartæki og eyrnalokkur. Í þessu sambandi ber þess að geta, að vitnið Helga Pálsdóttir kveður Sigríði heitna hafa verið með spöng í hári, er hún hélt á brott frá vitninu umræddan dag. Þá hefur vitnið Sesselja María Gunnarsdóttir greint frá því, að Sigríður hafi við komu á heimili vitnisins, skömmu áður en hún lést, borið hárspöng, hnakkaspöng og eyrnalokka í báðum eyrum. Þekkti vitnið umrædda muni af Sigríði, er henni voru sýndir þeir við rannsókn málsins. Er þannig sannað, að Sigríður heitin hefur borið nefnda hárspöng, hnakkaspöng og eyrnalokka í báðum eyrum, er hún hélt að Steinsstöðum síðdegis hinn örlagaríka dag. Þá er sannað með framburði ofangreindra vitna, að Sigríður hafi verið snyrtilega klædd og vel til höfð, svo sem hún hafi átt vanda til.

Samkvæmt gögnum málsins var Sigríður nakin fyrir utan brjóstahaldara, er að henni var komið í rúmi á neðri hæð hússins. Fyrir liggur framburður

ákærða þess efnis, að Sigríður hafi að fyrirskipan hans afklæðst í herbergi ákærða á rishæð, og eftir það hafi hún misst frá sér bæði þvag og saur. Eftir að sængurveri hafði verið lyft af dýnu í rúmi ákærða á rishæðinni, komu í ljós um það bil fyrir miðju hennar brúnir saurblettir, kám og klessur, og ofar, nær höfðagafli, var að finna blóðbletti. Þá fannst blóðkám á gólflampafæti í herberginu. Í fötum þeim, sem ákærði var í við handtöku, fundust blóðslettur, blóðkám og blóðblettir á buxum. Þá var blóðblettur á framanverðri ermi á peysu ákærða. Er upplýst, að blóð þetta hafi komið frá Sigríði. Í bala í þvottaherbergi í kjallara hússins fannst m. a. hvítt, saurkámugt lak. Þar var einnig koddaver með brúnum, óreglulegum saurklessum og saurkámi. Blátt, kámugt lak fannst einnig í öðrum bala, sem í var vatn.

Á líki Sigríðar voru margs konar áverkar á höfði. Þá voru ýmsir áverkar á handleggjum, olnboga, handarbökum og vinstra hné. Er um áverka þessa vísað til fyrrgreindrar krufningarskýrslu. Á buxum þeim, sem Sigríður var í, áður en hún lést, fundust blóðblettir, en buxurnar voru skítugar og á hægri rassvasa var grænleitur blettur og kám.

Peysa sú, er Sigríður var í greint sinn, fannst eftir mikla leit á þriðja degi rannsóknar í „gamla fjósinu“ í viðbyggingu íbúðarhússins, þar sem hún var samanvöðluð og greinilega falin milli stafla af einangrunarplötum og pappakassa með ýmsu dóti. Var hún blóðug og óhrein og rök viðkomu að neðanverðu. Á peysunni var að finna grænleita og brúna bletti, er gátu verið leifar hrossaskíts. Sumir blóðblettanna, sem fundust í peysunni, náðu í gegnum efnið. Þá var stór saumspretta, 16 cm, í vinstri handarkrika peysunnar og önnur, 1 cm, neðarlega í hliðarsaumi sömum megin. Að auki var blóðkám og skítur aftan á peysunni.

Þegar litið er til framangreindra ummerkja á vettvangi og þá sérstaklega þess, að hrossaskítur fannst í framsæti bifreiðar Sigríðar heitinnar og fatnaði hennar, að mikil óreiða var á persónulegum munum Sigríðar í bifreiðinni og að hárspöng, hlutar af samstæðum eyrnalokk, hárspenna (hnakkaspenna), lok af asmainnöndunartæki og eyrnalokkur fundust á hlaðinu fyrir utan íbúðarhúsið, þykir engum vafa undirorpið, að ákærði hafi í upphafi veist að Sigríði með líkamlegu ofbeldi við bifreið hennar.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa í framhaldi þess, sem gerðist fyrir utan íbúðarhúsið, þvingað Sigríði upp í herbergi sitt á rishæð. Telur dómurinn sannað af ummerkjum í rúmi ákærða, þar sem á miðri dýnunni fundust brúnir saurblettir, kám og klessur og blóðblettir nálægt höfðagafli, að Sigríður hafi þar misst bæði saur og þvag fyrir tilverknað ákærða og látist í framhaldi þess. Þá er sannað með samhljóða niðurstöðum krufningar-

skýrslu Þorgeirs Þorgeirssonar og álitsgerðar prófessors Gunnlaugs Björns Geirssonar um dánarorsök og einróma dómsframburði þessara tveggja sérfræðinga þar um, að áverkarnir á hálsi Sigríðar hafi leitt til dauða hennar af völdum hjartastopps í kjölfar sterkra taugaviðbragða samfara lamandi áhrifum á starfsemi hjartans. Gat ákærða ekki dulist, að slík atlaga, sem niðurstaða krufningarskýrslu bendir til, að hafi verið hörð miðað við þær umfangsmiklu blæðingar, sem urðu samkvæmt henni í höfuðvendi vinstra megin, var stórhættuleg og líkleg til að valda dauða. Einnig er sannað af því, sem fram kemur í krufningarskýrslu, að allir þeir áverkar, sem þar er getið um, hafa verið af völdum ákærða.

Með vætti sérfræðinganna er jafnframt sannað, að Sigríður hafi látist innan örskammrar stundar, frá því að ákærði veitti henni hinn banvæna hálsáverka. Þykir því ljóst, að ákærði hafi flutt Sigríði af rishæð, eftir að hún var látin, og í rúm á neðri hæð, þar sem hún fannst, í þeim tilgangi að villa um fyrir lögreglu.

Samkvæmt framanskráðu er sannað, að atlaga ákærða að Sigríði hefur verið samfelld og ofsafengin allt frá upphafi og þar til yfir lauk. Hefur ákærði þannig gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er réttilega heimfærð til refsiákvæða, miðað við þá verknaðarlýsingu, sem þar greinir og leggja ber grundvallar við úrlausn málsins, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Ákærði, sem er sakhæfur að mati dómsins, hefur ekki sætt neinum þeim refsingum, sem hér geta skipt máli.

Ekki er ljóst af framburði ákærða, hvað honum gekk til, er hann réðst á Sigríði heitna greint sinn, en svo virðist sem æði hafi runnið á hann og að þar hafi átt þátt áfengisáhrif, sem telja verður sannað með niðurstöðum rannsóknar á áfengismagni í blóði og þvagi ákærða, að hann hafi verið undir, er verknaðurinn var framinn. Fær það einnig stoð í trúverðugum framburði vitnisins Þorsteins Guðlaugssonar, sem þekkir ákærða vel, að ákærði hafi verið undir miklum áfengisáhrifum, er hann hringdi hvað eftir annað í vitnið eftir hádegi umræddan dag á tímabilinu frá kl. 13.30 til um kl. 16.00 og hafði í hótunum og viðhafði ýmis óviðurkvæmileg ummæli í garð þess. Þá er sannað af þeim fjölmörgu áverkum, sem fundust á Sigríði heitinni við krufningu, að atlaga ákærða að henni hefur verið heiftúðug og vægðarlaus. Hefur ákærði ekki gefið neinar haldbærar skýringar á árásinni, sem að mati dómsins var gjörsamlega tilefnislaus.

Dómurinn telur ljóst af ummerkjum á vettvangi og með stoð í framburði ákærða sjálfs, að ákærði hafi reynt eftir megni að afmá verksummerki, eftir að Sigríður lést, t. d. með því að þurrka upp blóð, þvag og saur af vett-

vangi og Sigríði heitinni, breiða sængurver yfir dýnu í herbergi sínu og sængur yfir það, fela rifna og skítuga peysu Sigríðar og fara með ýmislegt, sem hann notaði til að þurrka með, niður í þvottahús. Gaf ákærði sér góðan tíma til þessa, en ráðið verður af framburði hans, sem er í samræmi við önnur gögn málsins að þessu leyti, að liðið hafi að minnsta kosti tvær klukkustundir frá andláti Sigríðar og þar til ákærði tilkynnti um það.

Ákærði hefur ekki sýnt nein merki iðrunar eftir verknaðinn, heldur hefur hann miklu fremur iðulega reynt að sverta minningu Sigríðar heitinnar með tilhæfulausum og ósæmilegum aðdróttunum um fíkniefnaneyslu.

Ákærði þykir ekki eiga sér neinar málsbætur.

Með vísan til alls þess, sem hér hefur verið rakið, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi átta ár. Rétt þykir, að gæsluvarðhald ákærða frá 29. apríl til 23. maí síðastliðins, samtals 25 dagar, kom til frádráttar refsingunni, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að ákærði teljist hafa með verknaði sínum fyrirgert sér rétti til þess arfs, sem háður er dauða umræddrar systur sinnar, sbr. 1. mgr. 23. gr. erfðalaga nr. 8/1962.

Fyrir liggur, að Sigríður var gift fyrrgreindum Þorsteini Guðlaugssyni og átti kjörson. Samkvæmt því taka eiginmaður hennar og sonur allan arf eftir hana sem skylduerfingjar, sbr. 1. mgr. 2. gr. erfðalaga, enda liggur ekkert fyrir um það í málinu, að ákærði standi til bréferfða eftir Sigríði heitna. Verður ekki séð, að framangreind krafa ákæruvaldsins eigi sér lagastoð, og ber því að vísa henni sjálfkrafa frá dómi.

Samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð og þykja hæfilega ákveðin 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Pálssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja sömuleiðis hæfileg 200.000 krónur.

Það athugast, að dómsuppkvaðning hefur dregist nokkuð sökum mikilla starfsanna dómsformanns.

Dóm þennan kváðu upp Ólafur Ólafsson héraðsdómari sem dómsformaður og héraðsdómararnir Helgi I. Jónsson og Jónas Jóhannsson.

Dómsorð:

Ákærði, Gestur Eiríkur Eggertsson, sæti fangelsi 8 ár. Til frádráttar refsingunni komi 25 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Kröfu ákæruvalds um brottfall erfðaréttar ákærða er vísað frá dómi ex officio.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.

Fimmtudaginn 13. mars 1997.

Nr. 473/1996. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Hallbirni Einari Guðjónssyni
(Sigurður Georgsson hrl.)

Þjófnaður. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari skaut til Hæstaréttar máli nr. 473/1996 með stefnu 23. desember 1996 og máli nr. 35/1997 17. janúar 1997 í samræmi við yfirlýsingar ákærða um áfrýjun til endurskoðunar og mildunar refsingar. Málin voru sameinuð við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti og flutt í einu lagi. Einnig er áfrýjað af hálfu ákæruvalds til staðfestingar á hinum áfrýjuðu refsiákvörðunum.

Ákærði krefst þess, að refsivist, sem dæmd var í héraði, verði stytt verulega.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður að líta til ákvæða 72. og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að þessu virtu og með skírskotun til forsendna hinna áfrýjuðu dóma þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í níu mánuði. Staðfesta ber ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað. Einnig ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Hallbjörn Einar Guðjónsson, sæti fangelsi í níu mánuði. Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, samtals 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. nóvember 1996.

Ár 1996, fimmtudaginn 28. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 919/1996: Ákæruvaldið gegn Hallbirni Einari Guðjónssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 19. þ. m., á hendur ákærða, Hallbirni Einari Guðjónssyni, Grensásvegi 14 í Reykjavík, kennitala 191156-2189.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir eftirgreinda þjófnaði, framda í Reykjavík árið 1996:

I.

Fyrir að hafa þriðjudaginn 18. júní stolið seðlaveski úr yfirhöfn á veitingastaðnum Torfunni við Lækjargötu, en í veskinu voru meðal annars 3.000 krónur.

II.

Miðvikudaginn 25. september stolið tveimur bjórkössum, að verðmæti 6.160 kr., á veitingastaðnum Casablanca, Lækjargötu 4.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar".

Ákærði hefur viðurkennt að hafa framið þá tvo þjófnaði, sem honum eru gefnir að sök í ákæru, en hann mótmælir því, að í veskinu hafi verið 3.000 krónur í peningum. Hann kveðst hafa sett veskið í póstkassa skammt frá pósthúsinu við Pósthússtræti, en það mun ekki hafa komist til skila. Þá stendur ákærði í þeirri trú, að flöskurnar í öðrum bjórkassanum hafi brotnað, þótt þess sé ekki getið í gögnum málsins. Ákærði var stöðvaður af tveimur mönnum á leið sinni með bjórinn út úr húsinu á 1. hæð þess, og komst hann til skila.

Málið sætti aðalmeðferð vegna neitunar ákærða, að 3.000 krónur hefðu verið í veskinu.

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hefur framið þá tvo þjófnaði, sem honum eru gefnir að sök í ákæru, með þeirri athugasemd, að gegn eindregnum neitun hans er ósannað, að 3.000 krónur hafi verið í veskinu. Eru brot ákærða rétt færð til refsiákvæðis í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða á hann langan brotaferil að baki. Frá árinu 1977 hefur hann hlotið 28 dóma, síðast 21. júlí 1994, og nemur dæmd refsivist samtals fangelsi í tíu ár og þrjá mánuði. Er hér einkum um að ræða skjalafals, þjófnaði og fjársvik auk umferðarlagabrota.

Ákærða verður ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. almennra hegn-

ingarlaga og sakaferli hans. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með taldar 25.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs og 25.000 krónur í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns.

Einar Baldvin Stefánsson deildarlögfræðingur flutti málið af hálfu ákæruvalds.

Dómsorð:

Ákærði, Hallbjörn Einar Guðjónsson, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 25.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs og 25.000 krónur í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 17. janúar 1997.

Ár 1997, föstudaginn 17. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 5/1997: Ákæruvaldið gegn Hallbirni Einari Guðjónssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 7. janúar sl., á hendur ákærða, Hallbirni Einari Guðjónssyni, Grensásvegi 14, Reykjavík, fæddum 19. nóvember 1956, fæðingarnúmer 218, „fyrir þjófnað með því að hafa föstudaginn 22. nóvember 1996 brotist inn í íbúð á þriðju hæð að Laugavegi 36, Reykjavík, og stolið þaðan 4.000 þýskum mörkum, 50 dollurum og 5.000 íslenskum kr.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Þá krefst Ursula Englert, kt. 240367-2389, Laugavegi 36, Reykjavík, skaðabóta, að fjárhæð 164.812 kr., ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 22. 11. 1996, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna til greiðsludags".

Málavextir.

Ákærði hefur skýlaust játað það atferli, sem hann er ákærður fyrir. Hefur hann brotið það lagaákvæði, sem tilfært er í ákæru.

Ákærði á að baki gríðarlegan sakaferil. Frá árinu 1973 hefur hann hlotið 32 refsidóma og auk þess verið sektaður nokkrum sinnum. Síðast var ákærði dæmdur 28. nóvember sl. í fjögurra mánaða fangelsi. Refsing ákærða verður hegningarauki við þann dóm. Að öðru leyti verður að líta til

þess, að ákærði braust inn á einkaheimili og stal þar talsverðum verðmætum, og þess, að hann hafði ekki brotið af sér, frá því að hann var dæmdur í júlí 1994, þar til hann hóf að brjóta af sér í júní í sumar. Þykir refsingin vera hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði.

Dæma ber ákærða til þess að greiða Ursulu Englert, kt. 240367-2389, 164.812 krónur ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 með áorðnum breytingum frá 22. nóvember 1996 að telja til dómsuppsögu, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talda þóknun verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Hallbjörn E. Guðjónsson, sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákærði greiði Ursulu Englert, kt. 240367-2389, 164.812 krónur ásamt almennum vöxtum frá 22. nóvember 1996 að telja til dómsuppsögu, en síðan dráttarvöxtum til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talda þóknun verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Föstudaginn 14. mars 1997.

Nr. 117/1997. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**
(Jóhann Hauksson lögfræðingur)
gegn
Rúnari Kolbeini Óskarssyni
(Pétur Gautur Kristjánsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 10. mars 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 11. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. mars 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 18. apríl nk. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. mars 1997.

Ár 1997, föstudaginn 7. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Áslaugu Björgvinsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að Rúnari Kolbeini Óskarssyni, kt. 250757-4179, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til kl. 16 föstudaginn 2. maí 1997 vegna grunar um brot gegn 173. gr. a og b almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974.

Kærði hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 13. desember 1996, en gæsluvarðhaldsvist hans hefur verið framlengd tvívegis með úrskurðum Héraðsdóms Reykjavíkur, síðast með úrskurði, kveðnum upp 6. febrúar 1997.

Lögreglan hefur frá 11. desember 1996 rannsakað brot á fíkniefnalöggjöf. Hún segir, að um sé að ræða eitt umfangsmesta fíkniefnamál, sem hafi komið upp hér á landi, en flutt hafi verið inn 25 kíló af hassi, 3 kíló af amfetamíni og 500-600 E-töflur.

Við húsleit á heimili kærða 12. desember sl. fundust rúm 8 kíló af hassi, 270 grömm af amfetamíni, 482 E-töflur og 16 grömm af hassolíu. Fyrr um daginn hafði lögreglan fylgst með fundi hans og annarra grunaðra í málinu, þar sem fóru fram viðskipti með fíkniefni.

Kærði hefur viðurkennt að hafa haft undir höndum u. þ. b. 8 kíló af hassi og 270 grömm af amfetamíni og 482 E-töflur, auk þess að hafa sótt efni, sem hann hafi talið vera hass, hjá Albart Jan van Houten, sem er grunaður um innflutning efnanna, en það hafi átt að koma því í umferð, eins og kærði hefur orðað það.

Með hliðsjón af játningu kærða og gögnum málsins er rökstuddur grunur um, að kærði eigi þátt í stórfelldum innflutningi fíkniefna, kaupum á þeim og dreifingu, en það gæti varðað hann tíu ára fangelsi samkvæmt 173. gr. a og b almennra hegningarlaga. Í ljósi þess, hve rannsóknin er umfangsmikil, en hún er langt komin, og að lögreglan hefur þurft að leita samráðs við yfirvöld í Hollandi um aðgerðir í þágu rannsóknar málsins, sem nú hefur verið ákveðið, að fari fram í næstu viku, en að því loknu á að ljúka málinu og senda það ríkissaksóknara, verður ekki fallist á það með verjanda kærða, að rannsókn málsins hafi dregist óhæfilega.

Samkvæmt 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 er fallist á kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um, að kærða verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi, en þó ekki lengur en til föstudagsins 18. apríl nk., eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

Úrskurðarorð:

Kærði, Rúnar Kolbeinn Óskarsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 18. apríl nk. kl. 16.00, en þó ekki lengur en þar til dómur gengur í máli hans.

Miðvikudaginn 19. mars 1997.

Nr. 118/1997. **Hf. Eimskipafélag Íslands**
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Friðgeiri Björnssyni,
dómstjóra í Reykjavík

Kærumál. Kæruheimild. Sjópróf. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 5. mars 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 13. sama mánaðar. Um kæruheimild er vísað til f-liðar 1. mgr. og 3. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. febrúar sl., þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um sjópróf vegna slyss, er Sigurður Hrólfsson, skipverji og starfsmaður félagsins, varð fyrir í Argentia á Nýfundnalandi 9. febrúar 1997 við affermingu flutningaskipsins Altona, sem sóknaraðili hafði til ráðstöfunar samkvæmt tímabundnum farmsamningi. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og umbeðið sjópróf fari fram. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Lagaheimild fyrir málskoti hins kærða úrskurðar er hvorki að finna í þeim ákvæðum, sem sóknaraðili vísar til, né annars staðar í lögum. Verður málinu því vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. febrúar 1997.

Með bréfi, dags. 24. þessa mánaðar, hefur Hf. Eimskipafélag Íslands farið þess á leit, að háð verði sjópróf vegna slyss, er Sigurður Hrólfsson skipverji varð fyrir við losun á mv. Altona í Argentia á Nýfundnalandi.

Sjóprófsbeiðandi lýsir atvikum svo, að gámagripla hafi slegist í skipverjann með þeim afleiðingum, að hann hafi hlotið beinbrot á hægri lærlegg og mjaðmabeini og misst tvo fingur hægri handar.

Samkvæmt fram lögðum gögnum hefur sjóprófsbeiðandi skip þetta á leigu, en það er eign félags, sem skráð er í Hamborg í Þýskalandi, en skráð í skipaskrá Antigua.

Samkvæmt 1. tl. 219. gr. siglingalaga nr. 34/1985 er skylt að halda sjópróf vegna atviks þess, sem hér hefur verið lýst. Gildissvið ákvæðis þessa takmarkast hins vegar af almennu gildissviði siglingalaga, svo sem það er afmarkað í 1. gr. þeirra. Samkvæmt því gilda öll ákvæði laganna um skip skráð á Íslandi, en almennt ekki um erlend skip. Undantekning sú, er fram kemur í 1. gr., á ekki við um skyldu til að halda sjópróf. Er því hvorki skylt né heimilt að halda sjópróf það, sem beiðst er. Styrkist þessi skýringarkostur af samanburði við 2. mgr. 220. gr. siglingalaga.

Úrskurðarorð:

Umbeðið sjópróf verður eigi háð.

Fimmtudaginn 20. mars 1997.

Nr. 355/1996. **Inga Gunnarsdóttir**
(Sveinn Skúlason hdl.)
gegn
Ólafi Ragnari Sigurðssyni
(Arnmundur Backman hrl.)

Skilnaðarsamningur. Lífeyrir. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1996 og krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða 600.000 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 1. júlí 1991 til greiðsludags af fjárhæðum, sem nánar eru tilgreindar í héraðsdómi, allt að frádregnum innborgunum, samtals að fjárhæð 140.000 krónur, sem greiddar voru sem hér segir: 100.000 krónur 15. september 1991, 15.000 krónur 15. desember 1991 og 25.000 krónur 15. mars 1992. Til vara krefst áfrýjandi úr hendi stefnda annarrar lægri fjárhæðar að mati dómsins. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði svo og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en henni var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti 23. október 1996.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, skuldbatt stefndi sig með samningi 13. ágúst 1991 um skilnaðarkjör vegna skilnaðar að borði og sæng til þess að greiða áfrýjanda lífeyri frá 1. júlí 1991 til júníloka 1992, að fjárhæð 50.000 krónur á mánuði, alls 600.000 krónur. Óumdeilt er, að stefndi hefur þegar greitt áfrýjanda 140.000 krónur til efnda á samningi þessum. Hins vegar heldur stefndi því fram, að forsendur hafi brostið fyrir frekari greiðslum, sökum þess að stefndi hafi í reynd efnt skyldur sínar samkvæmt samningsákvæðinu um lífeyrisgreiðslur með ýmiss konar fjárframlögum og öðrum stuðningi við áfrýjanda, eins og nánar er rakið í héraðsdómi.

Með vísun til forsendna héraðsdóms þykir mega leggja til grund-

vallar, að áfrýjandi hafi að mestu leyti notið framfærslu stefnda á heimili hans frá því í maí 1992 og til vors 1993. Af þeirri ástæðu og þegar litið er til málavaxta að öðru leyti, verður fallist á, að stefnda sé óskylt að greiða áfrýjanda lífeyri fyrir tvo síðustu mánuðina, sem samningurinn tekur til, það er maí og júní 1992. Stefndi hefur hvorki lagt fram gögn, sem sýni, að hann hafi lagt áfrýjanda til fé umfram skyldu veturinn 1991 til 1992, né bent á önnur haldbær rök fyrir því, að honum sé ekki skylt að efna loforð sitt um lífeyrisgreiðslur fram að 1. maí 1992.

Ekki verður talið, að áfrýjandi hafi með tómlæti glatað rétti til að krefjast greiðslu eftir samningnum 13. ágúst 1991. Stefndi hefur ekki gert sérstaka athugasemd við kröfu áfrýjanda um dráttarvexti frá fyrsta degi mánaðar. Verða dráttarvextir því dæmdir frá þeim upphafsdögum, sem krafist er, en stefndi hefur ekki borið fyrir sig, að krafa hans um dráttarvexti sé að einhverju leyti fyrnd.

Samkvæmt því verður stefnda gert að greiða áfrýjanda 500.000 krónur að frádregnum framangreindum innborgunum, alls að fjárhæð 140.000 krónur, eða 360.000 krónur með dráttarvöxtum, svo sem í dómsorði greinir.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að staðfesta úrlausn héraðsdóms um málskostnað, en að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Ragnar Sigurðsson, greiði áfrýjanda, Ingu Gunnarsdóttur, 360.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 50.000 krónum frá 1. júlí 1991 til 1. ágúst 1991, af 100.000 krónum frá þeim degi til 1. september 1991, af 150.000 krónum frá þeim degi til 15. september 1991, af 50.000 krónum frá þeim degi til 1. október 1991, af 100.000 krónum frá þeim degi til 1. nóvember 1991, af 150.000 krónum frá þeim degi til 1. desember 1991, af 200.000 krónum frá þeim degi til 15. desember 1991, af 185.000 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1992, af 235.000 krónum frá þeim degi til 1. febrúar 1992, af 285.000 krónum frá þeim degi til 1. mars 1992,

af 335.000 krónum frá þeim degi til 15. mars 1992, af 310.000 krónum frá þeim degi til 1. apríl 1992 og af 360.000 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms skal vera óraskað.

Stefndi greiði 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, sem renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal þóknun lögmanns hennar fyrir flutning málsins fyrir Hæstarétti, 100.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. júní 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. maí sl., var höfðað með stefnu, birtri 21. ágúst 1995.

Stefnandi er Inga Gunnarsdóttir, kt. 020851-2879, Unufelli 21, Reykjavík, nú búsett í Danmörku.

Stefndi er Ólafur Ragnar Sigurðsson, kt. 140241-4829, Brekkum, Hvolhreppi, Rangárvallasýslu.

Dómkröfur stefnanda.

Stefnandi krefst, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 600.000 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum allt að frádregnum 140.000 kr.]. Jafnframt er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað [...].

Dómkröfur stefnda.

Stefndi krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður að skaðlausu ásamt álagi, er nemi virðisaukaskatti.

Vegna málsins gáfu skýrslu fyrir dómi stefnandi, stefndi, sonur aðila, Gunnar Kristinn, og faðir stefnanda, Gunnar Einarsson.

Málavextir.

Hinn 13. ágúst 1991 gerðu aðilar með sér samning um skilnaðarkjör vegna skilnaðar að borði og sæng. Með samningi þessum tókst stefndi á hendur greiðsluskyldu á lífeyri til stefnanda, 50.000 kr. á mánuði frá 1. júlí 1991 í tólf mánuði. Stefnandi skyldi hafa forræði tveggja dætra aðila, f. 14. janúar 1980 og 11. september 1986, og skyldi stefndi greiða með þeim meðalmeðlag, eins og það er ákveðið af Tryggingastofnun ríkisins á hverjum tíma, frá 1. júlí 1991 til fullnaðs 18 ára aldurs að telja. Sonur aðila, f. 13. mars 1975,

valdi að búa hjá stefnda, og skyldi meðlag stefnanda með honum skuldajafnast við meðlagsgreiðslur stefnda með dætrunum.

Af umsömdum lífeyrisgreiðslum hefur stefndi að sögn stefnanda einungis greitt 140.000 kr. Þær greiðslur hafi verið greiddar þannig: 100.000 kr. 15. september 1991, 15.000 kr. 15. desember 1991 og 25.000 kr. 15. mars 1992. Stefndi telur sig hafa greitt mun meira, en hefur hvorki gögn um það né þær greiðslur, sem stefnandi viðurkennir að hafa fengið.

Við skýrslutökur í málinu kom fram, að samvistir og samskipti aðila, eftir að þau fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng 15. ágúst 1991 og þar til þau fengu leyfi til lögskilnaðar í október 1993, hafa verið mikil og margvísleg, enda þótt þau séu ekki alveg sammála um, hversu mikil þau hafi verið og þá hve mikið stefnandi hafi dvalist á heimili stefnda á þessum tíma.

Fram kom hjá stefnanda, að á þessum tíma hefðu telpurnar alltaf verið með henni; þó hafi telpurnar verið einar hjá föður sínum í tvo mánuði. Stefnandi kvaðst alltaf hafa fengið meðlag með telpunum og fá enn, enda þótt eldri telpan sé á heimili föður síns. Núna er yngri telpan hjá móður sinni í Danmörku.

Ekki virðist stefnandi hafa haft tekjur, eftir að aðilar fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng og þar til þau fengu leyfi til lögskilnaðar, en að sögn hefur stefnandi verið á örorkubótum frá því sumarið 1993.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefndi skuldi stefnanda lífeyris- og framfærslugreiðslur samkvæmt ákvæðum 4. gr. samnings aðila um skilnaðarkjör, sbr. 1. mgr. 43. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993, sbr. 45. gr. sömu laga.

Um rökstuðning vísar stefnandi til samnings aðila, hjúskaparlaga nr. 31/1931, sbr. eldri ákvæði 140. gr. sömu laga. Kröfu um málskostnað styður stefnandi við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Um varnarþing er vísað til 10. gr. í skilnaðarsamningi aðila, sbr. ákvæði 115. gr. laga nr. 31/1993.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefndi hafi ekki talið sér skylt að greiða stefnanda umsaminn lífeyri. Þegar eftir skilnað aðila hafi stefnandi átt í verulegum persónulegum erfiðleikum, og hafi stefndi þurft að fara til Reykjavíkur og ná í stefnanda og dætur þeirra margsinnis árin 1991 og 1992, og hafi þær mæðgur dvalist hjá stefnda töluverðan hluta af umsömdu ári, frá 1. júlí 1991 til 1. júlí 1992. Vegna vandræða sinna hafi stefnandi svo dvalist á heimili stefnda að Brekkum samfellt frá því í maí 1992 og til og með júní 1993, alls í þrettán mánuði, ásamt dætrum sínum. Á þessum tíma hafi

stefnandi fengið fullt meðlag og aldrei greitt neitt til heimilis. Þar að auki hafi hún fengið töluverða peninga og tekið út vörur til eigin þarfa hjá S. S. Stefndi telur sig eiga rétt á að skuldajafna 60.000 kr. á mánuði í þrettán mánuði, samtals 780.000 kr., með dráttarvöxtum frá maí 1992 til greiðsludags.

Stefndi telur forsendur fyrir lífeyrisgreiðslum samkvæmt skilnaðarsamningi hafa brostið, með því að stefnandi og dætur hennar dvöldust langdvölum hjá stefnda, en þó hafi stefnandi fengið meðlag á þeim tíma. Verði ekki fallist á, að forsendu hafi brostið fyrir lífeyrisgreiðslum, telur stefndi sig eiga skuldajafnaðarkröfu á stefnanda vegna framfærslukostnaðar í þrettán mánuði.

Niðurstaða.

Þegar til þess er litið, sem fram kom við skýrslutökur hér fyrir dómi, og þá sérstaklega framburðar sonar aðila og svo þess, sem fram kemur í fram lögðu vottorði aðstoðarskólastjóra Hvolsskóla, þar sem segir, að dætur aðila, þær Jóhanna, fædd 1980, og Halldóra, f. 1986, hafi verið nemendur í Hvolsskóla veturinn 1992 – 1993 og þá verið báðar til heimilis að Brekkum í Hvolhreppi, þykir bera að leggja til grundvallar, að stefnandi og börn aðila hafi haft framfærslu hjá stefnda á heimili hans að Brekkum frá því í maí 1992 og til vors 1993, enda er fram komið, að stefnandi var tekjulaus á þessum tíma. Jafnframt þykir fram komið, að stefndi hafi veitt stefnanda ýmiss konar aðstoð á tímabilinu ágúst 1991 til vors 1992. Þar fyrir utan hefur stefnandi fengið meðlög með dætrum aðila, frá því að gefið var út leyfi til skilnaðar að borði og sæng, enda þótt önnur eða báðar hafi dvalist hjá stefnda. Verður því að telja, að stefndi hafi þegar sinnt umsaminni framfærsluskyldu sinni gagnvart stefnanda og brostnar séu forsendur fyrir frekari lífeyrisgreiðslum frá stefnda til stefnanda.

Hér er og á það að líta, að við fyrirtöku lögskilnaðarmáls aðila 27. október 1993, en þar voru hjónin sammála um að æskja lögskilnaðar, var ekkert minnst á ætlaða skuld vegna ógreidds framfærslueyris.

Niðurstaða málsins verður sú samkvæmt framansögðu, að stefndi er sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ólafur Ragnar Sigurðsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Ingu Gunnarsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 20. mars 1997.

Nr. 140/1996. **Þorsteinn Þ. Jónsson**
(Andri Árnason hrl.)
gegn
Hirti Sigurjónssyni
(Helgi Birgisson hrl.) **og**
Vátryggingafélagi Íslands hf.
(Hákon Árnason hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög. Vátrygging. Skaðabætur. Örorka. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1996. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér in solidum 5.562.585 krónur í skaðabætur með tilteknum ársvöxtum frá 6. júní 1991 til 27. júní 1994 og dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu gera þær dómkröfur hvor um sig aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, en til vara, að dómkröfur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

I.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, hefur áfrýjandi höfðað mál þetta til greiðslu skaðabóta vegna slyss, sem hann varð fyrir 6. júní 1991 við losun á vörubifreið stefnda Hjartar Sigurjónssonar hjá húsi við Grenimel í Reykjavík. Hafði hinn síðarnefndi, sem er sjálfstæður atvinnubifreiðarstjóri, flutt þangað timbur og steypustyrktarjárn, sem áfrýjandi hugðist nota til að gera steypta girðingu við húsið. Bifreiðin var búin lyftikrana, sem fyrir var komið milli vörupalls og stýrishúss, og átti að nota hann til að færa þennan farm af pallinum niður á gangstétt við húsið. Krananum fylgdu tveir stoðfætur, og

hafði stefndi Hjörtur talið nægilegt að nota annan fótinn í þetta sinn. Stýrði hann verkinu frá vinstri hlið bifreiðarinnar, þar sem stjórntækjum kranans var fyrir komið. Áfrýjandi stóð hægra megin vörupallsins og átti að kippa trékubbum undan timburhlaða, sem lá þeim megin á pallinum, til að leggja undir hann á gangstéttinni. Rétti hann hægri hönd eftir einum kubbnum, þegar timburhlaðinn lyftist frá pallinum. Tókst þá svo til, að vísifingur hans klemmdist að pallinum, svo að fremsti köggull skaddaðist. Aðila greinir ekki á um málsatvik að öðru en því, að áfrýjandi segir slaka hafa komið á hlassið og það fallið ofan á kubbinn, sem hann hafi haldið um, en bifreiðarstjórinn kveður slysið hafa orðið við þá hreyfingu, sem á hlassið kom við átakið frá lyftitauginni, án þess að nokkuð væri á henni slakað.

Bifreiðin var af tegundinni Volvo F-7, tvíöxla með tvöföldum afturhjólum, og skrásett sem vörubifreið til almennrar notkunar. Var eigin þyngd hennar talin rúm 8 tonn, en burðargeta rúm 12 tonn. Vörupalli hennar var hægt að halla á þrjá vegu með vökvalyftu, sem knúin var af aflvél bifreiðarinnar. Kraninn framan vörupallsins var með þrískiptum armi og vökvalyftibúnaði, sem einnig fékk afl frá vélinni. Var hans getið á bifreiðaskrá sem búnaðar með bifreiðinni. Um eiginleika kranans hafa ekki verið lagðar fram tæmandi upplýsingar, en ágreiningslaust má telja, að hann hafi einkum verið ætlaður til nota við fermingu og affermingu bifreiðarinnar sjálfrar og lyftigeta hans einkum við það miðuð. Fram er komið, að búnaður sem þessi hafi mjög rutt sér til rúms hin síðari ár, og sé hann að finna á miklum hluta þeirra atvinnubifreiða, sem hafðar eru til stykkjaflutninga.

Notkun lyftikranans að þessu sinni var og bundin við bifreiðina sjálfa, og aðgerðinni fylgdi engin sérstök áhætta umfram það, sem almennt gerist við losun farms af vörupalli. Við losunina var bifreiðin kyrrstæð, þannig, að aflvél hennar knúði ekki annað en kranann. Hins vegar var hún aðeins skorðuð af með einum stoðfæti.

Fyrir liggur, að meiðsl áfrýjanda hlutust af affermingu bifreiðarinnar. Í dómum réttarins, þar sem reynt hefur á gildissvið hinnar sérstöku bótaábyrgðarreglu um tjón af notkun skráningarskyldra vélknúinna ökutækja, hefur það verið lagt til grundvallar, að lestun og losun vörubifreiða sé þáttur í notkun þeirra. Eins og aðstæðum

var hér háttað, verður að telja, að bifreiðin hafi verið í venjulegri og eðlilegri notkun sem vörubifreið, þegar slysið bar að höndum. Af því leiðir, að stefndi Hjörtur ber fébótaábyrgð á tjóni áfrýjanda samkvæmt 1. mgr. 88. gr., sbr. 1. mgr. 90. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. er þá greiðsluskyldur samkvæmt 1. mgr. 91. gr. laganna sem vátryggjandi bifreiðarinnar.

Áfrýjandi var sjálfur viðtakandi varningsins, sem fluttur var með bifreiðinni, og bar ábyrgð á því, hvernig staðið væri að móttöku á honum. Hann var vanur vinnu, þar sem lyftibúnaður var notaður, og mátti gera sér ljósa grein fyrir hættum, sem henni væru samfara. Hann mátti og vita, að bifreiðarstjórinn sæi ekki til handbragða hans. Engar líkur eru að því leiddar, að búnaði kranans eða umbúnaði við lyftingu á farminum hafi verið áfátt. Ósannað er gegn mótmælum bifreiðarstjórans, að farminum hafi verið slakað niður, eftir að hífing var byrjuð, og áfrýjandi gat hæglega meiðst við aðgerðina, án þess að mistök við stjórn kranans kæmu til. Er mun líklegra, þegar alls er gætt, að áfrýjandi hafi sjálfur lagt sig í óþarfa hættu. Verði slysið þannig rakið til mistaka hans, sem meta megi honum til stórkostlegs gáleysis, eins og á stóð. Samkvæmt því er rétt að taka til greina þá kröfu stefndu, að bætur til áfrýjanda verði lækkaðar á grundvelli 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga. Er hæfilegt eftir öllum atvikum, að hann beri sjálfur helming af tjóni sínu, en stefndu bæti það að hálfu.

II.

Í slysinu hlaut áfrýjandi þau meiðsl á vísifingri hægri handar, að fremsti köggullinn kramdist þannig, að taka þurfti hann af í kjúkulið. Sigurður Thorlacius læknir mat örorku hans af meiðslunum 30. september 1993. Taldi hann tímabundna örorku nema 100% í fimm vikur og síðan 50% í eina viku, en varanlega örorku 10%. Í matinu er því lýst, að áfrýjandi hafi þráláta verki í fingurstúfnum, sem aukist við snertingu, við fingurbeygju og í kulda, og einnig sífellda dofatilfinningu í fingrinum. Eigi hann mjög erfitt um að beita hægri hendi við vinnu, en hann sé rétthentur. Komi það sér sérstaklega illa við störf hans á sjó.

Örorkumat læknisins var borið undir Læknaráð, meðan málið var fyrir héraðsdómi. Var héraðsdómara tilkynnt með bréfi landlæknis

4. apríl 1995, að ráðið féllist á niðurstöðu matsins. Verður það haft til hliðsjónar við ákvörðun bóta.

Áfrýjandi var 27 ára að aldri og hafði nýlokið öðru stigi skipstjórnarnáms við Stýrimannaskólann í Reykjavík, þegar hann varð fyrir slysinu. Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur gert líkindareikning um vinnutekjutap hans af völdum fyrrgreindrar örorku. Er þar annars vegar miðað við rauntekjur áfrýjanda samkvæmt skattframtölum fyrir starfsárin 1987-1989, sem voru lægri síðari árin en hið fyrsta, en miðun við árið 1990 sleppt vegna skólagöngu hans. Tekjur þessar eru umreiknaðar til útreikningstíma í hlutfalli við breytingar á kauplagi verkafólks í landi. Hins vegar er miðað við vinnutekjur yfirmanna á fiskiskipum, sem tryggingafræðingurinn hefur áætlað eftir tilteknum aðferðum. Er þar meðal annars gert ráð fyrir, að vinnutekjur breytist til lækkunar, þegar yfirmaðurinn hafi náð 50 ára og síðan 60 ára aldri.

Útreikningur tryggingafræðingsins var fyrst gerður 10. janúar 1994 og síðan endurtekinn 12. júní 1995, og skírskotar áfrýjandi til hins síðari í kröfugerð sinni. Er höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps á slysdegi þar miðað við almenna sparisjóðsvexti fram til útreikningsdags, en síðan reiknað með 4,5% ársvöxtum til frambúðar.

Samkvæmt þeim reikningi tryggingafræðingsins, sem styðst við tekjur áfrýjanda fyrir slysið, teljast árlegar vinnutekjur nema 1.865.846 krónum frá og með árinu 1996. Verðmæti vinnutekjutaps vegna tímabundinnar örorku í 6 vikur reiknast 179.879 krónur, en tap vegna varanlegrar örorku 3.615.965 krónur. Verðmæti tapaðra lífeyrissjóðsréttinda telst 227.751 króna. Samkvæmt hinni aðferðinni, sem miðast við tekjur yfirmanna á fiskiskipum, teljast árlegar vinnutekjur frá og með sama ári 2.968.384 krónur. Bótakrafa áfrýjanda miðast við verðmæti vinnutekjutaps eftir þeirri áætlun, og sundurliðast krafan þannig í heild:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	286.169
Vegna varanlegrar örorku	–	5.752.638
Frádráttur vegna eingreiðslu, 15%	–	862.896
Vegna tapaðra lífeyrisréttinda	–	362.328
Samtals	kr.	5.538.239

Frádregnar greiðslur frá Tryggingastofnun	kr.	275.654
Samtals vegna fjártjóns	kr.	5.262.585
Miskabætur	–	300.000
Samtals	kr.	5.562.585

Vegna slyssins hefur áfrýjandi fengið bætur úr lögbundinni slysatryggingu hjá Tryggingastofnun ríkisins, annars vegar dagpeninga fyrir tímabilið 14. júní – 14. júlí 1991, 28.997 krónur, en hins vegar eingreiðslu vegna varanlegrar örorku, 246.657 krónur. Samkvæmt upplýsingum í örorkumati var hann frá störfum rúman mánuð eftir slysið, en byrjaði þá aftur í sömu vinnu. Í nóvember 1991 réðst hann til starfa á loðnuskipi, fyrst sem háseti, en síðan sem annar stýrimaður. Fram er og komið, að hann hafi að mestu unnið að sjómannsstörfum næstu þrjú árin. Þegar hann kom fyrir dóm til skýrslugjafar 5. janúar 1996, var hann án atvinnu og hafði fyrir nokkru þurft að hverfa frá sjómennsku vegna meins í baki, sem gerði hann ófæran til þeirra starfa. Hann kvaðst þó vonast til að komast aftur á sjó.

Þegar litið er til þessa ásamt því, að áfrýjandi slasaðist við byggingarvinnu, þykir ekki rétt að einskorða mat á bótum fyrir orkutap hans við þau atvinnuréttindi, sem hann hafði aflað sér. Ber fremur að horfa til tekna hans fyrir slysið, en þær stafa að miklu leyti frá vinnu á sjó. Áfrýjandi hefur ekki gert skýra grein fyrir vinnutapi sínu vegna tímabundinnar örorku, en sýnt þykir, að hann hafi forfallast um sinn. Verður sá kröfuliður tekinn til greina með 100.000 krónum. Bætur fyrir vinnutekjutap vegna varanlegrar örorku þykja hæfilega ákveðnar 2.700.000 krónur, þegar litið hefur verið til umgetinna bóta frá Tryggingastofnun ríkisins ásamt hagræði af eingreiðslu og skattfrelsi hennar. Krafa um bætur fyrir missi lífeyrisréttinda verður þá tekin til greina með 240.000 krónum. Miskabætur vegna slyssins ákvarðast 150.000 krónur.

Samkvæmt þessu nemur bótaskylt tjón áfrýjanda samtals 3.190.000 krónum. Ber stefndu að greiða honum óskipt helming þeirrar fjárhæðar, 1.595.000 krónur, ásamt vöxtum, eins og tiltekið er í dómsorði, og er upphafstími dráttarvaxta þar miðaður við útreikningstíma endanlegrar bótakröfu hans.

Stefndu greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og um er mælt í dómsorði.

Dómsorð:

Stefndu, Hjörtur Sigurjónsson og Vátryggingafélag Íslands hf., greiði áfrýjanda, Þorsteini Þ. Jónssyni, óskipt 1.595.000 krónur, með ársvöxtum, sem nema 4,7% frá 6. júní 1991 til 1. júlí sama ár, 5,8% frá þeim degi til 1. september sama ár, 6,3% frá þeim degi til 1. október sama ár, 5,6% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 3,9% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 3,8% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 3,7% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 3,4% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 2,8% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 2,6% frá þeim degi til 1. febrúar 1992, 2,1% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 1,8% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,6% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 1,5% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,1% frá þeim degi til 1. maí sama ár, 1% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 0,9% frá þeim degi til 1. febrúar 1993, 1,1% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 1% frá þeim degi til 21. mars sama ár, 0,9% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 0,8% frá þeim degi til 1. september sama ár, 0,9% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 0,8% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 0,5% frá þeim degi til 11. maí 1995 og 0,6% frá þeim degi til 12. júní sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði áfrýjanda óskipt 550.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Garðars Gíslasonar og
Péturs Kr. Hafstein

Samkvæmt skýrum tilgangi sérreglu umferðarlaga um hlutlæga ábyrgð verður að líta svo á, að eftir reglunni sé einungis skylt að

greiða bætur fyrir tjón, sem orsakast af notkun bifreiðar sem ökutækis. Þótt lestun og losun sé þáttur í venjulegri og eðlilegri notkun vörubifreiða, fer því fjarri, að bótareglan geti náð til hvers konar athafna af því tagi. Mörkin verður að draga við það, eins og gert hefur verið í skýrum fordæmum Hæstaréttar, að ekki reyni lengur á hættueiginleika ökutækisins, sbr. H. 1940, 370, H. 1962, 163, H. 1970, 1143, og H. 1996, 1547. Þegar bifreið verður undirstaða vinnuvélar, eins og fastskorðuð og óhreyfanleg undirstaða krana, verður hún hluti af þessari vinnuvél. Skiptir þá engu, hvort kraninn er tengdur við aflvél bifreiðarinnar eða er knúinn sérstakri vél.

Í því máli, sem hér er dæmt, stjórnaði ökumaðurinn krananum utan bifreiðarinnar, sem hafði verið skorðuð með stoðfæti. Verður ekki talið, að slysið verði rakið til hættueiginleika bifreiðarinnar sem ökutækis eða útbúnaðar hennar sem slíkrar. Enginn eðlismunur er á notkun kranans í þessu máli og þeirri notkun krana, sem fjallað var um í ofangreindum dómsmálum. Verður ekki annað séð en að slys þetta hefði allt eins getað gerst við vinnu með öðrum krana ótengdum bifreiðinni. Enga nauðsyn bar til þess, að ökumaðurinn fremur en einhver annar stjórnaði krananum. Hann var notaður sem sjálfstæð vinnuvél, óháð venjulegri ökutækisnotkun, og slysið því vinnuslys í engum tengslum við notkun bifreiðarinnar sem ökutækis.

Með þetta og ótvíræð fordæmi Hæstaréttar í huga teljum við, að staðfesta beri héraðsdóm með vísan til forsendna hans að öðru leyti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. janúar 1997.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. janúar sl., er höfðað af Þorsteini Þ. Jónssyni, Fossöldu 1, Hellu, með stefnu, birtri 24. og 27. júní 1994, á hendur Hirti Sigurjónssyni, Kleppsvegi 16, Reykjavík, og Vátryggingafélagi Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 6.000.000 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda Hjartar Sigurjónssonar eru þær aðallega, að stefndi Hjörtur verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða sér málskostnað skv. málskostnaðarreikningi. Til vara gerir

stefndi Hjörtur þær kröfur, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Dómkröfur stefnda Vátryggingafélags Íslands hf. eru þær aðallega, að félagið verði sýknað af öllum kröfum stefnanda og því tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

II.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að stefnandi tók að sér sumarið 1991 að endurnýja steypta girðingu við Grenimel 53, Reykjavík, sem undirverktaki Ragnars V. Sigurðssonar.

Hinn 6. júní 1991 pantaði stefnandi timbur vegna þessa verks hjá Húsasmiðjunni hf. Annaðist stefndi Hjörtur Sigurjónsson flutning timbursins til stefnanda með vörubifreið sinni, RX-691.

Þegar hífa átti timbrið af vörubifreiðinni, lagði stefndi Hjörtur til, að notaðir yrðu timburkubbar, sem hvíldu undir timbrinu á palli vörubifreiðarinnar, til að leggja undir það á gangstéttina, svo að unnt væri að losa stroffurnar utan af því. Bað hann stefnanda um að kippa kubbunum undan timbrinu, þegar hann hefði híft í það, og leggja þá síðan undir timbrið á gangstéttina.

Krananum var stjórnað utan stjórnhúss bifreiðarinnar, og voru stjórntæki hans vinstra megin á vörubifreiðinni, en timburbúntið mun hafa verið hægra megin á pallinum, og var stefnandi hægra megin við bifreiðina, þegar híft var.

Stefnandi kveðst hafa teygt sig undir timburbúntið, þegar hann taldi það vera komið í nægjanlega hæð, til að kippa kubbunum undan. Í sömu andrá hafi komið slaki á búntið, svo að það féll niður á hægri hönd stefnanda. Hafi vísifingur hægri handar stefnanda kramist við það á milli timburkubbs og vörupalls með þeim afleiðingum, að taka hafi þurft af fremstu kjúku fingursins.

Sigurður Thorlacius læknir mat tímabundna örorku stefnanda vegna slyssins 100% í 5 vikur, en 50% í 1 viku og varanlega örorku 10%.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi kveðst einkum reisa kröfur sínar á reglum umferðarlaga um hlutlæga ábyrgð umráðamanna skráningarskyldra, vélknúinna ökutækja, en skv. 88. gr., sbr. 1. mgr. 90. gr. umfl. nr. 50/1988, beri stefndi ótvírætt hlutlæga ábyrgð á tjóni, sem hljótist af notkun vörubifreiðar hans.

Með hliðsjón af dómaframkvæmd verði að telja, að bifreið stefnda hafi verið í notkun í skilningi 88. gr. umfl., en umræddum krana hafi verið

stjórnað af aflvél vörubifreiðarinnar. Þannig verði að telja, að kraninn fylgi eðlilegum útbúnaði vörubifreiðarinnar til að ferma og afferma hana á venjulegan hátt. Hljóti tjón af hans völdum því að teljast afleiðing notkunar í merkingu nefndrar 88. gr.

Ökutæki stefnda Hjartar sé ábyrgðartryggt skv. 91. gr. umfl. hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. Sé kröfu því beint að stefndu in solidum skv. 97. gr. umfl.

Stefnandi kveðst í öðru lagi reisa kröfur sínar á því, að stefndi Hjörtur hafi valdið sér tjóni með saknæmri háttsemi sinni við flutning timbursins, þar sem hann hafi ekki sýnt af sér þau vinnubrögð, er krefjast mátti af honum sem kunnáttumanni við fermingu og affermingu varnings af vörubílspalli. Hafi hann þannig með háttsemi sinni sýnt af sér gáleysi, er varði bótaskyldu.

– – –

Málsatvikalýsing stefnda Hjartar Sigurjónssonar.

Stefndi Hjörtur lýsir því, að í þann mund, sem kraninn strekkti á stroffunum og hreyfing kom á timburbúntið, hafi hann heyrt stefnanda hrópa, að hann hefði klemmt sig. Stefndi hafi þegar hætt við að hífa og þegar farið til stefnanda og séð, að hann hafði meitt sig á fingri. Stefnandi hafi fengið íbúa að Grenimel 35 til að aka sér á slysavarðstofu. Stefndi hafi síðan affermt bifreiðina og farið af staðnum. Hafi stefndi talið eins og aðrir, sem á staðnum voru, að meiðsl stefnanda væru smávægileg.

Stefndi kveðst ekki hafa heyrt af þessu máli að nýju fyrr en tveimur vikum síðar, föstudaginn 21. júní, er stefnandi kom á vinnustað hans ásamt öðrum manni og sagði honum, að hann hefði misst framan af fingri við slysið. Hafi hann spurt stefnda út í tryggingar bifreiðarinnar og sagst vera búinn að gefa lögreglu skýrslu um atvikið. Mánudaginn 24. sama mánaðar hafi stefndi farið á skrifstofu rannsóknardeildar lögreglunnar í Reykjavík og gefið þar skýrslu.

Með bréfi lögmanns stefnanda, dagsettu 31. október 1991, sé stefnda tilkynnt, að hann megi eiga von á, að bótakröfu verði beint að honum, þar sem ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar RX-691, meðstefndi Vátryggingafélag Íslands, hafi hafnað bótaskyldu. Lögmaður stefnda (sic í grg.) hafi síðan beint kröfum að stefnda með bréfi, dagsettu 22. september 1993.

Málsástæður stefnda Hjartar Sigurjónssonar.

Stefndi Hjörtur kveður sýknukröfu sína byggjast á því, að slys það, sem stefnandi varð fyrir, verði ekki rakið til neinna atvika, sem leitt geti til ábyrgðar hans á grundvelli sakarreglunnar. Stefndi hafi í alla staði farið rétt að miðað við aðstæður. Slysið megi eingöngu rekja til rangra og óvandaðra

vinnubragða stefnanda sjálfs og skorts á aðgát. Stefnandi hafi stungið hendi sinni undir farminn, áður en búið hafi verið að hífa hann af pallinum, og lagt sjálfan sig þannig í verulega hættu. Þegar lyftikraninn strekkti á stroffunum, hafi komið aðeins hreyfing á farminn, sem hafi verið nóg til að klemma stefnanda. Fullyrðing stefnanda um, að timburbúntið hafi fallið niður á bifreiðarpallinn og ofan á hægri hönd hans, sé röng.

– – –

Málsástæður stefnda Vátryggingafélags Íslands hf.

Stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. styður sýknukröfu sína því, að slys stefnanda falli utan gildissviðs 1. mgr. 88. gr. umfl. nr. 50/1987 og 91. gr. sömu laga, enda hafi það ekki hlotist af notkun bifreiðarinnar RX-691 í skilningi 88. gr. umfl., heldur af öðrum ástæðum, en þegar óhappið varð, hafi bifreiðin ekki verið í notkun sem ökutæki, heldur sem undirstaða undir hinn sérstaka hífikrana, sem hafði verið komið fyrir á bifreiðinni.

– – –

IV.

Forsendur og niðurstaða.

Hin hlutlæga ábyrgðarregla 88. gr. l. nr. 50/1988 byggist á því, að tjón hafi hlotist af skráningarskyldu, vélknúnu ökutæki í notkun.

Krani sá, sem notaður var á bifreið stefnda Hjartar, var aukabúnaður, sem settur var á bifreiðina til notkunar við fermingu og affermingu hennar. Hann gekk fyrir aflvél bifreiðarinnar og var stjórnað af tækjabúnaði, sem komið var fyrir utan við stýrishús bifreiðarinnar. Þegar slysið varð, var hann skorðaður niður á svokallaða fætur, þannig, að bifreiðinni varð ekki ekið, á meðan hann var þannig skorðaður. Þá er jafnframt ljóst, að vegna staðsetningar stjórnbúnaðar kranans gat bifreiðarstjórinn ekki ekið bifreiðinni, meðan hann stjórnaði krananum. Bifreiðin var þannig óhreyfanleg vinnuvél, þegar slysið varð, og notkun kranans stóð ekki í neinu sambandi við notkun bifreiðarinnar sem ökutækis. Skiptir í því samhengi ekki máli, hvort verið var að nota kranabúnaðinn við affermingu af bifreiðinni sjálfri eða við hífingu utan hennar. Fellur tjón stefnanda því utan ábyrgðartryggingar ökutækisins, sem stefndi Hjörtur keypti hjá stefnda Vátryggingarfélagi Íslands hf. skv. 91. gr. l. nr. 50/1988. Þessi niðurstaða á jafnframt stoð í Hrd. 1970, 1173.

Stefnandi vísar í annan stað til þess, að stefndi Hjörtur hafi valdið tjóni stefnanda með saknæmri háttsemi sinni við affermingu timbursins.

Ósannað er, að stefndi Hjörtur hafi ekki sýnt eðlilega aðgát við stjórn kranans eða orðið á einhvern hátt með saknæmri háttsemi valdur að slysinu.

Fyrir liggur, að stefnandi, sem er stýrimaður að mennt, var vanur vinnu við hífingar með krönum, og kvaðst hann fyrir dómi þekkja vel til verka. Hann mátti því vita, að honum bar að sýna fulla varkárni, þegar hann dró kubbana undan timburbúntinu, ekki síst þegar litið er til þess, að honum mátti vera ljóst, að stefndi Hjörtur gat ekki séð til hans, þar sem hann var í hvarfi við timburhlaðann. Þá er ósannað, að kraninn eða stroffurnar hafi verið ófullnægjandi, svo sem stefnandi heldur fram.

Slysið gerðist á vinnustað stefnanda, sem starfaði sem sjálfstæður verktaki. Er ekki fallist á, að verksambandi stefnanda og stefnda Hjartar hafi verið þannig háttað, að sú skylda verði lögð á stefnda Hjört að tilkynna um slysið skv. 81. gr. l. nr. 46/1980.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna báða stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að dæma stefnanda til að greiða stefnda Hirti málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 200.000 kr. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, Hjörtur Sigurjónsson, Kleppsvegi 16, Reykjavík, og Vátryggingafélag Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda, Þorsteins Þ. Jónssonar, Fossöldu 1, Hellu, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda Hirti Sigurjónssyni 200.000 kr. í málskostnað.

Málskostnaður að öðru leyti fellur niður.

Fimmtudaginn 20. mars 1997.

Nr. 353/1996. **Arnarfell sf.**
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)
gegn
Húsfélaginu Einigrund 7, 9 og 11
(Guðni Á. Haraldsson hrl.)

Verksamningur. Fjöleignarhús. Geymslugreiðsla. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1996. Hann krefst þess, að stefnda verði gert að greiða 4.892.596 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. ágúst 1994 til greiðsludags að frádregnum 288.975 krónum, sem greiddar voru 27. desember 1994, 2.510.239,71 krónu, sem greidd var 5. september 1995, 500.849 krónum, sem greiddar voru 3. október 1995, og 658.120 krónum, sem greiddar voru 23. júlí 1996. Til vara krefst hann greiðslu sömu fjárhæðar og vaxta sem í aðalkröfu, en að frádregnum 2.500.313 krónum, sem greiddar voru 29. nóvember 1994, 288.975 krónum, sem greiddar voru 27. desember 1994, 500.849 krónum, sem greiddar voru 3. október 1995, og 658.120 krónum, sem greiddar voru 23. júlí 1996. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Fyrir Hæstarétti lýsti áfrýjandi yfir, að hann féllist á niðurstöðu héraðsdóms um galla, sem dómkvaddir matsmenn töldu vera á verki hans. Féllst hann jafnframt á þá aðferð héraðsdóms að miða kostnað við að bæta úr þeim við verðlag í júlí 1994. Skýrir áfrýjandi lækkun kröfugerðar sinnar í málinu með þessu.

II.

Ágreiningur málsaðila snýst að verulegu leyti um það, hvort komist hafi á munnlegur samningur um breytingu á skriflegum

verksamningi þeirra um viðgerð utanhúss á fjöleignarhúsinu nr. 7, 9 og 11 við Einigrund á Akranesi. Reisir áfrýjandi kröfur sínar á því, að um slíkt hafi verið samið varðandi þann verkþátt, sem laut að viðgerð á múrskemmdum. Sé stefndi við það bundinn, enda hafi áfrýjandi ráðist í viðbótarverkið í réttmætu trausti þess, að um það hafi verið samið.

Í skiptum málsaðila á þessum tíma var einkum Sveinn A. Knútsson í fyrirsvari fyrir áfrýjanda, en af hálfu stefnda Guðmundur Böðvarsson og Ester K. Magnúsdóttir. Var Guðmundur formaður stjórnar húsfélagsins og Ester gjaldkeri, en auk þeirra var í stjórninni Ásgeir Ásgeirsson. Hefur Sveinn lýst atvikum svo fyrir dómi, að skömmu eftir að verkið hófst um mánaðamót júlí og ágúst 1993, hafi orðið ljóst, að magntölur í verksamningi málsaðila um viðgerðir á múrskemmdum dygðu hvergi til að ljúka verkinu með fullnægjandi hætti. Væri blokkin svo illa farin, að tölur stæðust ekki. Magntölur í verksamningi hafi verið svo lágar, að annaðhvort hefði orðið að sleppa með öllu viðgerð á hluta hússins eða fara yfir það allt með þeim hætti, að allt teldist illa gert. Hafi Bjarni Vésteinsson, tæknilegur ráðgjafi stefnda, ekki léð máls á, að neinu yrði aukið við þegar umsamið verk. Sveinn hafi þá snúið sér til stjórnar húsfélagsins og lagt málið fyrir hana. Á fundi með öllum stjórnarmönnum stefnda í ágúst 1993 hafi verið rætt um, að aukið yrði við múrviðgerðir sem næmi allt að 1.300.000 króna kostnaði. Einingarverð skyldi vera hið sama og í skriflega verksamningnum. Þetta hafi síðan verið samþykkt á fundi í húsfélaginu. Ekki hafi stjórnin þó viljað leggja til tæknifróðan eftirlitsmann til að mæla upp viðbótarverkið, en formaður stjórnarinnar hafi sjálfur ásamt Sveini mælt upp viðgerðir á austurgafli hússins, þar sem áfrýjandi hóf viðgerðirnar. Hefur hann lagt fram handskrifað útreikningsblað þeirra beggja, dagsett 19. ágúst 1993, þessu til staðfestingar. Enginn skriflegur samningur hafi þó verið gerður af þessu tilefni. Það hafi síðan ekki verið fyrr en sumarið 1994, þegar greiðslur voru gjaldfallnar, að í ljós kom tregða á að greiða í samræmi við gerða samninga. Þá hafi nýir menn verið teknir við stjórn húsfélagsins, og hafi þeir ekki viljað kannast við neinn munnlegan samning um viðbótarverk.

Ester K. Magnúsdóttir og Guðmundur Böðvarsson hafa borið fyrir dómi í öllum aðalatriðum með sama hætti og fyrirsvarsmaður

áfrýjanda um samskipti þeirra síðsumars 1993. Af framburði þeirra beggja má ráða, að stjórn húsfélagsins hafi verið sammála áfrýjanda um, að ráðist skyldi í auknar múrviðgerðir, svo sem Sveinn A. Knútsson heldur fram. Í kjölfarið hafi þau boðað með dagskrá til húsfundar um málið. Hafi fundarmönnum verið gerð grein fyrir því, að samkvæmt verksamningnum yrði einungis unnt að gera við hluta hússins, en ella myndi kostnaður aukast. Fundarmenn hafi samþykkt með handaupprettingu að ljúka verkinu. Engin fundargerð hafi verið færð um þennan fund, en slíkt hafi ekki tíðkast hjá húsfélaginu á þeim tíma. Þau hafi átt von á, að verktakinn kæmi með nýjan samning til undirritunar, sem ekki varð. Skilningur þeirra var sá, að heildarkostnaður við verkið gæti orðið um 5.000.000 krónur eftir gerð viðaukasamningsins. Staðfesti Guðmundur jafnframt, að hann hefði ásamt Sveini A. Knútssyni mælt upp viðgerðir á austurgafli hússins, en taldi þá mælingu einnig hafa náð yfir hluta af svalahlið þess. Vegna veikinda hafi hann ekki getað sinnt þessu verkefni frekar, en talið, að Bjarni Vésteinsson myndi eftir það ljúka við að mæla þetta með Sveini.

Þriðji stjórnarmaðurinn minntist þess ekki fyrir dómi, að rætt hefði verið um, að frávik gætu orðið í magntölum, þegar verið var að undirbúa verkið. Í framburði hans kom einnig fram, að stjórn húsfélagsins hefði frekar verið í höndum hinna stjórnarmannanna og hann einungis setið einn stjórnarfund og einn húsfund. Hann kvaðst ekki hafa fylgst með framkvæmdum við viðgerð hússins.

Nokkrir aðrir íbúar og eigendur íbúða í húsinu báru fyrir dómi, að þeir hefðu ýmist ekki setið fund, þar sem málið var á dagskrá, eða myndu illa eftir honum. Einn íbúi hússins lýsti umræddum húsfundi svo, að starfsmaður áfrýjanda hefði þar sagt, að „peningarnir væru búnir“, og spurt fundarmenn, hvort þeir vildu láta ljúka verkinu. Það hafi þeir viljað, og túlkaði íbúinn það svo, að tilboðið stæði og það væri verktakanum í óhag. Annar íbúðareigandi, sem ekki sat fundinn, taldi sig hafa heyrt síðar, að fjármunir, sem ætlaðir voru í múrviðgerðir samkvæmt verklýsingu, hefðu ekki dugað, en verktakinn fengið leyfi hjá einhverjum í hússtjórninni til að halda eitthvað áfram.

Að því virtu, sem að framan er rakið, einkum framburði þeirra Esterar K. Magnúsdóttur og Guðmundar Böðvarssonar, telst nægi-

lega sannað, að komist hafi á samningur með áfrýjanda og stefnda þess efnis að auka við þegar umsamið verk, og yrði viðbótarkostnaður við múrviðgerðir allt að 1.300.000 krónur. Verður krafa áfrýjanda vegna þessa tekin til greina, en hún er innan fyrrgreinds hámarks, auk þess sem áfrýjandi hefur gert grein fyrir á sundurliðuðu yfirliti, í hverju magnaukningin felst.

Þar sem samningur stofnaðist með því efni, er að framan greinir, skiptir ekki máli, þótt aðilar hafi látið hjá líða að gæta þeirra formreglna um aukaverk og leiðréttingar á magntölum, sem um ræðir í 16. kafla ÍST-30 (almennra útboðs- og samningsskilmála um verkframkvæmdir), en staðall þessi taldist hluti af verksamningi.

III.

Svo sem getur í héraðsdómi, greiddi stefndi 2.500.313 krónur upp í kröfu áfrýjanda 29. nóvember 1994 með greiðslu á geymslureikning í Búnaðarbanka Íslands. Hafði hann áður lýst yfir, að hann teldi reikning áfrýjanda ófullnægjandi, og óskað eftir sundurliðun á honum, en áfrýjandi neitaði. Leysti áfrýjandi féð til sín í bankanum 5. september 1995, eftir að hann hafði látið í té þá sundurliðun á reikningi sínum, sem stefndi óskaði eftir haustið 1994.

Þegar litið er til ákvæða 8. gr. reglugerðar nr. 449/1990 og 3.-5. gr. reglugerðar nr. 50/1993, verður fallist á með stefnda, að reikningur áfrýjanda hafi verið þannig úr garði gerður, að stefndi hafi haft réttmæta ástæðu til að krefjast þess, að áfrýjandi sundurliðaði hann frekar. Þegar ljóst varð, að áfrýjandi myndi ekki verða við tilmælum um að bæta úr annmarka á reikningnum, var stefnda heimilt að efna skyldu sína með greiðslu inn á geymslureikning, sbr. 1. gr. laga nr. 9/1978 um geymslufé.

Niðurstaða málsins verður samkvæmt þessu sú, að krafa áfrýjanda verður tekin til greina með vöxtum, eins og segir í dómsorði. Hluti kröfunnar er vegna verðbóta, sem hefur ekki verið mótmælt tölulega. Verður stefnda gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, en rétt þykir, að hvor málsaðila beri sinn kostnað af málinu í héraði.

Dómsorð:

Stefndi, Húsfélagið Einigrund 7, 9 og 11, greiði áfrýjanda, Arnarfelli sf., 4.892.596 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 5. október 1994 til greiðsludags. Frá kröfu áfrýjanda dragist fjórar innborganir stefnda, eins og krafan stóð á hverjum greiðsludegi eftirtalinna innborgana: 2.500.313 krónur 29. nóvember 1994, 288.975 krónur 27. desember 1994, 500.849 krónur 3. október 1995 og 658.120 krónur 23. júlí 1996.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað skal vera óraskað.

Stefndi greiði áfrýjanda 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Hrafns Bragasonar

Ágreiningur málsaðila varðar það, hvort komist hafi á munnlegur samningur um breytingu á skriflegum verksamningi þeirra frá 10. ágúst 1993 um viðgerð á fjölbýlishúsinu nr. 7, 9 og 11 við Einigrund á Akranesi. Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að fyrirsvarsmaður hans, Sveinn A. Knútsson, hafi samið um það, skömmu eftir að verkið hófst, að reiknað yrði með auknum magntölum varðandi viðgerðir á múrskemmdum. Taldi Sveinn, að blokkin væri svo illa farin, að tölur í útboði stæðust ekki. Fyrir liggur, að Bjarni Vésteinsson tæknifræðingur, sem sá um útboð verksins, var ekki á sama máli, og kvaðst Sveinn því hafa snúið sér til stjórnar húsfélagsins. Hjónin Guðmundur Böðvarsson og Ester Magnúsdóttir hafa staðfest þetta. Þau voru í hússtjórninni, en eru nú flutt úr húsinu. Hafa þau sagt, að boðað hafi verið til húsfundar um málið og fundarmenn þar samþykkt með handauppréttingu að ljúka verkinu. Engin fundargerð var skráð um þennan fund, og hafa hvorki Ásgeir Ásgeirsson, sem var með hjónunum í hússtjórninni, né aðrir íbúðareigendur frá þessum tíma kannast við að hafa samþykkt breytingu á verksamningnum. Hjónin sögðust hafa átt von á því, að verktaki kæmi með nýjan samning til undirritunar, en svo hafi ekki orðið.

Guðmundur sagðist jafnframt hafa ásamt Sveini mælt upp viðgerðir á austurgafli hússins. Hafi sú mæling einnig átt að ná yfir hluta af svalahlið þess, en um það eru þeir Sveinn ekki á einu máli. Ekki varð af frekari mælingum, og var húsið málað strax að múrviðgerðum loknum, án þess að magntölur yrðu staðfestar.

Samkvæmt verksamningi aðila frá 10. ágúst 1993, sem undirritaður er af þorra íbúðareigenda, voru magnskrár fyrir múrviðgerðir o. fl. hluti verksamnings og ákvæði íslensks staðals, ÍST-30, 3. útgáfa, einnig. Í ákvæði 16.10 í staðlinum segir: „Allar yfirlýsingar um breytingar skulu vera skriflegar, svo og kröfugerð og samningar.“ Þessa var ekki gætt, og viðhlítandi úttekt fór ekki fram á þeim verkþætti, sem ágreiningi veldur. Fyrir liggur, að Bjarni Vésteinsson, sem sá um útboðið, taldi enga þörf á viðbótarverkum. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 59/1976 um fjölbýlishús, sem voru í gildi á samningstímanum, áttu allir íbúðareigendur að eiga þess kost að taka þátt í ákvörðun um viðhald hússins, og samkvæmt reglugerð nr. 280/1976 ræður meiri hluti eigenda slíkum ákvörðunum.

Áfrýjandi tryggði sér ekki þær sönnur um viðbótarframkvæmdirnar, sem verksamningur áskildi, og ekki nýtur gagna um heimild hjónanna Guðmundar og Esterar til að breyta verksamningnum af hálfu húsfélagsins, enda töldu þau, að skriflegur viðaukasamningur yrði gerður við íbúðareigendur. Áfrýjandi hefur þannig ekki sannað tilvist viðbótarsamningsins. Ber því að staðfesta héraðsdóm.

Áfrýjandi greiði stefnda 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 5. júlí 1996.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað fyrir Héraðsdómi Vesturlands af Arnarfelli sf., kt. 461083-0489, Smiðjuvöllum 7, Akranesi, á hendur Húsfélaginu Einigrund 7, 9 og 11, kt. 581185-5029, Akranesi, með stefnu, þingfestri 6. september 1995.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að hið stefnda húsfélag verði dæmt til þess að greiða stefnanda 5.092.520 kr., með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. ágúst 1994 til greiðsludags að frádregnum 288.975 kr., innborguðum 27. desember 1994, og 2.510.239,71 kr., innborgaðri 5. september 1995, og 500.849 kr., innborguðum 3. október 1995.

Til vara krefst stefnandi þess, að hið stefnda húsfélag verði dæmt til þess að greiða 5.092,520 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. ágúst 1994 til greiðsludags að frádregnum 2.500,313 kr., greiddum 29. nóvember 1994, 288.975 kr., greiddum 27. desember 1994, og 500.849 kr., innborguðum 3. október 1995.

Auk þess krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til vara krefst stefndi þess, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og dráttarvextir felldir niður.

Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda auk virðisaukaskatts á málskostnað.

II.

Málavextir eru þeir, að með verksamningi milli stefnanda og stefnda, dagsettum 10. ágúst 1993, tók stefnandi að sér múrviðgerðir á útveggjum fjölbýlishússins að Einigrund 7, 9 og 11, Akranesi, ásamt viðgerðum á gluggum og svaladyrum. Einnig tók stefnandi að sér að endurnýja þakniðurfallsrör og mála húsið að utan. Til grundvallar verksamningi aðila lágu útboðsgögn og verklýsing VT-teiknistofunnar hf. frá 15. júlí 1993 um málningu utanhúss og magnskrár yfir múrviðgerðir og glugga- og dyraviðgerðir.

Heildarfjárhæð samningsins nam 3.831.609 kr., og átti stefndi samkvæmt 6. gr. samningsins að inna greiðsluna af hendi í verklok og þegar fyrir lægi úttekt af hálfu verkkaupa. Greiðslan átti að hækka eða lækka hlutfallslega með hækkun byggingarvísitölu Hagstofu Íslands, sem reiknuð sé út mánaðarlega, og var grunnvísitala verksins 192,5 stig (ágúst 1993). Samningsfjárhæð sundurliðaðist þannig, að 1.585.196 kr. voru samkvæmt tilboði stefnanda í málun utanhúss, 1.629.013 kr. vegna múrviðgerða og 617.400 kr. vegna glugga- og dyraviðgerða.

Með samkomulagi aðila var verklokum frestað til 1. júlí 1994.

Stefnandi segir, að er starfsmenn sínir hafi hafist handa við steypu- og múrviðgerðir á fjölbýlishúsinu, hafi fljótlega komið í ljós, að þær magntölur, sem legið hafi til grundvallar í magnskrá, hafi reynst of lágar og forsvarsmenn stefnanda tjáð það forsvarsmönnum stefnda. Hafi stefnandi tjáð þeim, að miðað við þær magntölur væri ekki unnt að ljúka viðgerð á fjölbýlishúsinu. Kveður stefnandi hafa verið fallist á það af hálfu stefnda, að stefnandi lyki múrviðgerðum á húsinu, enda þótt ljóst væri, að kostnaður yrði meiri en gert hefði verið ráð fyrir við gerð verksamnings. Hafi stefnandi tjáð stefnda, að viðbótarkostnaður vegna múrviðgerðanna yrði ekki

umfram 1.300.000 kr. með virðisaukaskatti, og hafi verið miðað við sama einingarverð og í samningnum frá 10. ágúst 1993.

Stjórnarmenn stefnda kveða forsvarsmann stefnanda hafa rætt þessa magnaukningu við sig. Kveðst stefndi þá hafa snúið sér til ráðgjafa síns, Bjarna Vésteinssonar byggingafræðings, hjá VT-teiknistofunni hf. Hafi Bjarni rætt við forsvarsmann stefnanda um þessa magnaukningu og áréttað það, sem áður hafði verið samið um í verksamningi og stefnandi ætti aðeins að framkvæma það, sem þar hefði verið samið um, og vinna engin viðbótarverk og aðeins það magn, sem þar sé tilgreint.

Hinn 23. júní 1994 fór fram úttekt VT-teiknistofunnar á verki stefnanda, og voru þar gerðar 34 athugasemdir við verkið.

Hinn 8. júlí 1994 var stefnda sendur reikningur, að fjárhæð 5.092.520 kr. með virðisaukaskatti, sem var sundurliðaður þannig, 3.831.609 kr. vegna verksamnings, 1.137.018 kr. vegna viðbótarverks og 123.893 kr. verðbætur samkvæmt 6. gr. verksamningsins, samtals 5.092.520 kr. Reikningur þessi var gefinn út af Byggingahúsinu hf.

Önnur úttekt fór fram 5. ágúst 1994, og voru þá gerðar eftirfarandi sex athugasemdir: 1) Afflagnaðir blettir efst á stigahúsi nr. 9. 2) Föls opnanlegra faga á íbúð á 2. hæð í nr. 7 t. v. er eftir að mála. 3) Kantviðgerðir á svölum á nr. 7, 1. hæð, er eftir að mála. 4) Ryðbletti neðan á svölum á nr. 9, 1. hæð, er eftir að mála. 5) Viðgerð á svalabrún á nr. 11, 1. hæð, er eftir að mála. 6) Ryð frá naglhausum neðan á þakbrúnum hefur ekki verið lagfært. Þá var tekið fram í lokaúttektinni, að ekki væri lokið við að mála svaladyr og svaladyrakarma, eins og verklýsing kvæði á um.

Hinn 12. september 1994 sendi lögmaður stefnda stefnanda bréf og stefnanda þar tilkynnt, að stefndi væri aðeins reiðubúinn til þess að greiða þá fjárhæð, sem upphaflega hefði verið samið um. Auk þess var þar gert að skilyrði fyrir greiðslu, að stefnandi sundurliðaði reikninginn þannig, að fram kæmi virðisaukaskattur af vinnu á byggingarstað.

Hinn 30. september 1994 sendi stefnandi stefnda bréf ásamt reikningi, sem sagður var út gefinn 8. júlí 1994, en fyrri reikningur Byggingahússins hf. afturkallaður.

Stefndi geymslugreiddi 2.500.313 kr. í Búnaðarbanka Íslands, útibúinu Akranesi, 29. nóvember 1994. Búnaðarbankinn greiddi stefnanda geymslufé 5. september 1995.

Dómkvaddir voru matsmenn til þess að meta ætlaða galla að beiðni stefnda 9. janúar 1995.

III.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að ekki sé unnt að leggja matsgerðina til grundvallar ætluðum göllum, þar sem fulltrúi héraðsdómara hafi dómkvatt matsmennina. Þá gerir stefnandi athugasemdir við þá niðurstöðu matsmanna, að samkvæmt lokaúttekt VT-teiknistofunnar hf. 5. ágúst 1994 hafi einungis verið vikið að einu atriði af þeim fjórum, sem matsmenn telji ábótavant í matsgerð, þ. e. a. s. lið 3, málun glugga yfir svalahurðum. Stefnandi kveður VT-teiknistofuna hf. hafa annast lokaúttektina f. h. stefnda, og hafi verklýsing verið unnin af henni. Beri því að leggja lokaúttektina til grundvallar, hvað það varði. Stefnandi kveðst ekki hafa getað málað glugga yfir svaladyrum, þar sem enginn hafi verið heima, þegar ætlunin hafi verið að mála, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Stefnandi kveður orsakir þess, sem talið sé aðfinnsluvert af matsmönnum, ekki eiga rætur að rekja til sín eða þeirra aðila, sem hann beri ábyrgð á. Verkið hafi verið unnið í samræmi við verklýsingu, sbr. lokaúttektina 5. ágúst.

Stefnandi kveðst styðja málsókn sína verksamningi aðila frá 10. ágúst 1993 og því samkomulagi, sem gert hafi verið um viðbótarvinnu vegna múrviðgerða, en fyrir þá vinnu hafi stefndi átt að greiða samkvæmt reikningi stefnanda, byggðum á sama einingarverði og í verksamningi.

Stefnandi heldur því og fram, að samið hafi verið milli aðila um viðbótarverk vegna múrviðgerða við fjölbýlishúsið Einigrund 7, 9 og 11. Stefnandi kveður vinnu hafa hafist við eystri gafl hússins, en síðan hafi suðurlanghlið þess verið unnin. Stefnandi kveður það hafa verið ljóst, er viðgerð á suðurhlið hafi verið komin nokkuð á veg, að þær magntölur, sem miðað hafi verið við í verksamningi, hafi verið of lágar. Forsvarsmenn stefnanda hafi haft samband við þáverandi stjórn stefnda og tilkynnt henni það. Stefnandi kveðst hafa gefið upp, að kostnaðarauki yrði ekki hærri en 1.300.000 kr. með virðisaukaskatti miðað við sama einingarverð og legið hafi til grundvallar við gerð verksamnings.

Stefnandi heldur því fram, að sannanlegt sé, að munnlegt samkomulag hafi verið gert um viðbótarvinnu vegna múrviðgerðanna.

Stefnandi kveður reikning sinn fyrir múrviðgerðir vera eðlilegan og sanngjarnan, þar sem veruleg magnaukning hafi orðið vegna múrviðgerðanna. Stefnandi heldur því fram, að af hálfu stefnda hafi ekki verið tilnefndur eftirlitsmaður með verkinu, m. a. til þess að mæla upp múrviðgerðir. Einn íbúa fjölbýlishússins hafi fylgst með verkinu í upphafi, með múrviðgerðum á austurgafli fjölbýlishússins.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfu sína þannig í stefnu:

Fjárhæð samkvæmt verksamningi		kr.	3.831.609
Viðbótarverk		–	1.137.018
Verðbætur		–	123.893
	Samtals	kr.	5.092.520

Stefnandi telur, að samkvæmt 6. gr. samnings aðila hafi samningsfjárhæð verið bundin byggingarvísitölu, grunnvísitölu í júlí 1993, 190,1 stigi.

Stefnandi kveður skilyrði geymslugreiðslu stefnda í Búnaðarbanka Íslands, Akranesi, 29. nóvember 1994, ekki hafa verið til staðar. Hafi stefndi því ekki fullnægt greiðsluskyldu sinni gagnvart stefnanda með þeirri greiðslu, þar sem greiðslustaður hafi verið hjá stefnanda. Stefnandi kveðst hins vegar reisa varakröfu sína á því, að stefnda hafi verið heimilt að greiða með þessum hætti.

Hinn 5. september 1994 leysti stefnandi til sín 2.500.313 kr., sem stefndi hafði geymslugreitt. Hinn 27. desember 1994 hafi einn íbúanna greitt sinn hluta í framkvæmdunum, 288.975 kr. Þessar fjárhæðir komi til frádráttar miðað við greiðsludag. Stefnandi kveðst telja gjalddaga reikningsins vera mánuði eftir útgáfu hans, sbr. 9. gr. vaxtalaga, þar sem ekki liggi fyrir, svo að óyggjandi sé, hvenær verklok hafi verið.

Varakröfu sína reisir stefnandi á því, að stefndi hafi með geymslugreiðslu sinni fullnægt greiðsluskyldu sinni að hluta, en auk þess komi greiðsla Ólafs Arnórssonar til frádráttar.

Um lagarök vísar stefnandi til almennra reglna samninga- og kröfuréttar um greiðslu fjárskuldbindinga.

Kröfu um dráttarvexti styður stefnandi III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Kröfu um málskostnað byggir stefnandi á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefndi reisir kröfu sína á því, að verklok hafi verið flutt til 1. júlí 1994 að beiðni stefnanda, enda hafi þá verið orðið ljóst, að stefnandi myndi ekki ljúka verkinu á umsömdum tíma, en allar tafir á verkinu séu á ábyrgð stefnanda. Stefnandi hafi hins vegar hvorki sýnt fram á, að hann hafi lokið verkinu, né heldur rökstutt, hvenær verkinu eigi að hafa verið skilað.

Stefndi kveðst mótmæla magntölum stefnanda sem röngum og ósönnuðum. Fullyrðingar stefnanda um, að hann hafi boðist til þess að ljúka verkinu eins og verksamningur kveði á, séu markleysa. Framganga stefnanda hafi falið í sér margvísleg brot á samningi aðila og á þeim reglum, sem um verksamninga gildi. Auk þess hafi stefnandi reynt að notfæra sér vanþekkingu og reynsluleysi stefnda og aðstöðumun aðila. Stefndi kveður stefnanda bera sönnunarbyrðina fyrir því, að magnaukning og/eða viðbótarverk hafi verið samþykkt af stefnda. Gegn mótmælum stefnda geti stefnandi ekki

borið fyrir sig ætlaða munnlega samninga, enda hafi stefnanda borið að tryggja sig vegna ætlaðrar magnaukningar og/eða aukaverka. Stefnandi hafi hvorki sannað, að magnaukning hafi orðið, né lokið því verki, sem um hafi verið samið í verksamningi.

Stefndi mótmælir fjárhæð reiknings stefnanda sem óumsaminni, ósanngjarnri og rangri.

Stefndi kveður stefnanda hafa tafið málið með því að láta stefnda ekki í té upplýsingar og gögn nema með eftirgangsmunum. Stefnandi hafi iðulega sent stefnda bréf, sem dagsett séu mörgum dögum áður en þau hafi verið póstlögð, og geti stefnandi ekki reist rétt á slíkum bréfum, fyrr en þau hafi borist stefnda.

Stefndi kveður lokaúttekt á verkinu ekki leysa stefnanda undan ábyrgð á því. Verk stefnanda hafi verið illa unnið og reynst gallað samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna. Stefnandi beri ábyrgð á þeim göllum og kostnaði við úrbætur. Auk þess hafi stefnandi ekki lokið verkinu, eins og honum hafi borið skylda til að gera samkvæmt verksamningi, eða hafi stefnandi sýnt fram á, að hann hafi reynt að ljúka verkinu.

Stefndi kveður stefnanda bera ábyrgð á öllum þeim kostnaði, sem fallið hafi á málið, bæði við mat hinna dómkvöddu matsmanna og áföllnum kostnaði vegna lögfræðiaðstoðar og verkfræðiráðgjafar á ágreiningstímanum. Allur þessi kostnaður hefði verið óþarfur, ef stefnandi hefði haldið rétt á málum og brugðist eðlilega við aðfinnslum.

Stefndi mótmælir útreikningi dómkröfu, bæði höfuðstól, dráttarvöxtum og málskostnaði. Stefndi kveður stefnanda hafa fengið greidda vexti, að fjárhæð 9.936,70 kr., er hann hafi fengið greitt geymsluféð, og beri að taka tillit til þess til lækkunar á kröfum stefnanda. Stefnandi hafi viðurkennt að hafa tekið við innborgun frá einum íbúa, að fjárhæð 288.975 kr., er reikna beri sem greiðslu inn á reikningsfjárhæðina. Stefndi kveðst hafa greitt stefnanda 500.975 kr. 3. október 1995, og beri að taka tillit til þess.

Stefndi mótmælir því og, að samið hafi verið um einingarverð, ef talið verði, að stefndi hafi samþykkt magnaukningu eða viðbótarverk, enda skýr ákvæði um annað í samningi aðila.

Við ákvörðun dráttarvaxta beri að líta til þess, að reikningur, dagsettur 8. júlí 1994, hafi borist stefnda 5. október 1994. Stefnandi eigi því ekki kröfu til dráttarvaxta fyrr en í fyrsta lagi mánuði eftir, að hann sannanlega krefji um greiðsluna.

Við ákvörðun málskostnaðar beri að líta til þess, að stefnandi beri ábyrgð á því, hvernig málið hafi þróast.

Um lagarök vísar stefndi til reglna kröfu-, samninga- og verksamningaréttar.

Þá vísar stefndi til laga nr. 9/1978 um geymslufé og samningalaga nr. 7/1936, aðallega 31. og 36. gr.

Kröfu um dráttarvexti styður stefndi lögum nr. 25/1987, aðallega III. kafla.

Kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun reisir stefndi á lögum nr. 50/1988 og reglugerð nr. 449/1990.

Kröfu um málskostnað byggir stefndi á XXI. kafla laga nr. 90/1990, aðallega 130. gr. og 131. gr.

IV.

Samningur sá, sem aðilar gerðu með sér um viðgerð á fjölbýlishúsinu Einigrund 7, 9 og 11, er gerður á grundvelli útboðslýsingar VT-teiknistofunnar hf., sem reiknað hafði út magntölur verksins, og er samningurinn saminn af starfsmanni þess fyrirtækis.

Ágreiningur er um það með aðilum málsins, hvort þeir hafi síðar gert samkomulag þess efnis, að stefndu greiddu allt að 1.300.000 kr. vegna magnaukningar.

Stefnandi hefur haldið því fram, að þegar vinna við múrviðgerðir hafi verið tæplega hálfnuð, hafi komið í ljós, að magntölur samningsins stæðust ekki. Stefnandi hafði þá samband við gjaldkera stefnda, sem fékk starfsmann VT-teiknistofunnar hf. til þess að ræða magnútreikninga við stefnanda fyrir sína hönd. Stefnanda og starfsmanni VT-teiknistofunnar hf. ber ekki að öllu leyti saman um, hvað þeim fór á milli, en eru þó sammála um, að VT-teiknistofan hafi hvorki þar né síðar samþykkt fyrir hönd stefnda magnaukningu á verkinu.

Fram hefur komið, að enginn eftirlitsmaður var að verkinu, en einn af íbúum fjölbýlishússins, Guðmundur Böðvarsson, gjaldkeri húsfélagsins, magntók einn gafl hússins ásamt stefnanda.

Samkvæmt fram lögðum verksamningi og útboðsgögnum, sem eru fylgiskjöl samningsins, áttu verktaki og verkkaupi að sannreyna magntölur, þegar tilboði verktaka hefði verið tekið, og var veittur til þess tveggja daga frestur. Að þeim fresti liðnum yrði þeim gerður kostur á að koma að leiðréttingum, væru þær á rökum reistar. Ekki verður séð af gögnum málsins, að þessu ákvæði samningsins hafi verið fylgt eftir, því að þegar verktaki óskaði eftir magntöku, ítrekaði VT-teiknistofan sem fulltrúi verkkaupa, að upphaflegi samningurinn skyldi gilda án breytinga. Jafnframt hefur starfsmaður VT-teiknistofunnar hf. fullyrt, að ekki hafi átt að magntaka verkið, en einungis meta gæði þess í samræmi við verklýsingu við verklok.

Af vitnayfirheyrslum telst sannað, að starfsmaður stefnanda hafi á fundi í

húsfélaginu gert íbúunum grein fyrir því, að stefnandi teldi ekki magntölur samningsins standast. Hins vegar er ljóst, að upphaflegum samningi var ekki rift.

Formaður húsfélags stefnda og eiginkona hans, sem var gjaldkeri í félaginu, en þau eru nú flutt úr húsinu, hafa staðfest þá fullyrðingu stefnanda, að samþykkt hafi verið á húsfundi, að stefndu greiddu allt að 1.300.000 kr. vegna magnaukningar, en fundir stefnda voru ekki bókaðir, og ekki liggur fyrir skriflegt samþykki á þessari breytingu samningsins. Ósannað er, að aðilar þeir, sem undirrituðu fyrri verksamning, hafi verið boðaðir eða viðstaddir húsfund, þar sem verktakinn telur sig hafa fengið munnleg loforð um greiðslu á ætluðu auknu verkmagni, eða síðar samþykkt að greiða þessa fjárhæð fyrir aukaverk.

Reikningur stefnanda og aukning á þessum lið samningsins er um 70% af upphaflegu tilboði, og vísar stefnandi um þetta til einhliða mælingar sinnar.

Hins vegar ber að líta til þess, að stefnandi sem fagmaður gerði í upphafi tilboð og síðan samning við stefnda, sem byggðist á ákveðnum magntölum.

Með hliðsjón af því, sem að framan greinir, hefur stefnanda ekki tekist að sanna, að nýr samningur hafi komist á með aðilum, er felldi úr gildi fyrri samning þeirra. Samkvæmt því ber að gera verkið upp á grunni upphaflegs verksamnings. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda 3.831.609 kr. sem fjárhæð upphaflegs tilboðs. Fallist er á það með stefnanda, að verðbætur skuli reikna af samningsfjárhæð til verkloka, sem teljast vera 1. júlí 1994. Verðbætur miðast við grunnvísitölu samnings, 192,5, og verða því 95.541 kr.

Samkvæmt fram lagðri staðfestri matsgerð, dagsettri 24. apríl 1995, reyndust gallar vera á verki stefnanda, sem metnir eru af matsmönnum, samtals að fjárhæð 205.700 kr., á verðlagi í apríl 1995. Þrátt fyrir það að úttekt á verkinu hafi farið fram af hálfu stefnda, leysir það verktaka ekki undan ábyrgðarskyldu sinni, og teljast gallar þessir vera þess eðlis, að taka beri til greina kröfu stefnda um lagfæringu þeirra samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna, en miða ber við verðlag í júlí 1994, svo að 199.924 kr. dragast frá höfuðstól kröfu stefnanda.

Samkvæmt verksamningi aðila, sem vísar til ÍST-30, skal gefa út reikning í verklok, og er greiðslufrestur þrjár vikur. Stefnandi sendi stefnda fyrst reikning fyrir verkið 4. október 1994. Þykir dóminum rétt að miða upphafsdag vaxta þrjár vikur frá þeim degi, er greiðslu var sannanlega krafist, í samræmi við verksamning aðila. Hins vegar verður talið með hliðsjón af ónákvæmni í sundurliðun reiknings, að geymslugreiðsla stefnda hafi verið nægjanlega aðgengileg stefnanda og stefndi því greitt stefnanda 2.500.313

kr. þegar 29. nóvember 1994. Verður því stefndi dæmdur til þess að greiða stefnanda 437.089 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 25. október 1994 af 3.727.226 kr. til 29. nóvember 1994, af 1.226.913 kr. frá þeim degi til 27. desember 1994, af 937.938 kr. frá þeim degi til 3. október 1995, en af 437.089 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Rétt þykir með hliðsjón af atvikum öllum, að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu, þar með talinn matskostnaður.

Dóminn kvað upp Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari ásamt meðdómsmönnunum Ríkharði Kristjánssyni verkfræðingi og Magnúsi Guðjónssyni húsasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Húsfélagið Einigrund 7, 9 og 11, greiði stefnanda, Arnarfelli sf., 437.089 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 25. október 1994 af 3.727.226 kr. til 29. nóvember 1994, af 1.226.913 kr. frá þeim degi til 27. desember 1994, af 937.938 kr. frá þeim degi til 3. október 1995, en af 437.089 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 20. mars 1997.

Nr. 317/1996. **Sveinn Aðalsteinsson**
(Magnús Thoroddsen hrl.)
gegn
Veiðifélagi Langár
(Jónas Aðalsteinsson hrl.)
og gagnsök

Lax- og silungsveiði. Veiðifélag. Leigusamningur. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðalfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. ágúst 1996. Hann krefst þess, að gagnáfrýjandi greiði sér 4.032.717 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. desember 1995 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 24. september 1996. Hann krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms að öðru leyti en því, að sér verði dæmdur málskostnaður í héraði. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann verulegrar lækkunar dómkrafna aðaláfrýjanda.

I.

Aðaláfrýjandi er eigandi jarðarinnar Langárfoss í Álftaneshreppi. Hann hafði, frá því er hann eignaðist jörðina 1968, nýtt sjálfur eða leigt veiði í Langá fyrir landi jarðarinnar. Óumdeilt er, að Jóhannes Guðmundsson, Ánabrekku, formaður Veiðifélags Langár, hafði um 25 ára skeið leigt af honum alla veiðidaga í júlí og nokkra daga í ágúst ár hvert. Með leigusamningi 14. september 1992 leigði aðaláfrýjandi Jóhannesi og skylduliði hans veiðirétt jarðarinnar til þriggja ára, 1993, 1994 og 1995. Skyldi leigugjaldið vera 5.000.000 krónur fyrir hvert ár. Síðustu gjalddagar samningsins voru 15. október 1994, 15. apríl og 15. júlí 1995.

Veiðifélag Langár var stofnað 30. apríl 1972. Á aðalfundi þess 30. apríl 1994 var samþykkt með sjö atkvæðum gegn sex að leita eftir tilboði í veiðirétt árinnar til næstu þriggja ára. Á félagsfundi 4. september 1994 var stjórn félagsins veitt heimild til að semja við Langá hf. um leigu árinnar til næstu þriggja ára fyrir 12.500.000 krónur á ári. Var þetta gert með níu atkvæðum gegn atkvæði aðaláfrýjanda, sem sagðist aðeins fá hluta af verðinu, sem hann hefði fengið „undanfarin ár". Aðaláfrýjandi mótmælti þessari samþykkt og áskildi sér allan rétt til frekari aðgerða. Leigusamningur var undirritaður 9. október 1994. Í þeim samningi var ekki tekið tillit til þess, að eitt ár var eftir af leigusamningi aðaláfrýjanda við Jóhannes Guðmundsson.

II.

Samkvæmt 1. mgr. 44. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði var veiðiréttareigendum skylt að stofna með sér félagsskap um skipulag veiði í hverju fiskihverfi, svo fljótt sem kostur væri. Veiðifélagi var með ákvæðinu meðal annars heimilað að selja á leigu rétt til stangaveiði í öllu fiskihverfinu eða hluta þess og að skipta veiði milli félagsmanna og úthluta hverjum veiðihlut sínum. Veiðifélag Langár mun frá upphafi hafa skipt veiði milli félagsmanna og úthlutað veiðihlut. Hins vegar hafði það ekki nýtt sér heimild sína samkvæmt lagaákvæðinu til að selja á leigu rétt til stangaveiði í fiskihverfinu, heldur látið hvern veiðiréttareiganda um að ráðstafa úthlutuðum hluta sínum.

Aðalfrýjandi heldur því fram, að ekki hafi mátt ganga til samninga um leigu á öllum veiðirétti árinnar án þess að undanskilja veiðirétt samkvæmt samningi sínum við Jóhannes Guðmundsson vegna ársins 1995, en með samningi veiðifélagsins hafi hann tapað greiðslu síðustu þriggja gjalddaga samnings síns. Hann hafi að vísu fengið í staðinn hluta sinn eftir metinni arðskrá árinnar, en hann nam verulega lægri fjárhæð. Jóhannes Guðmundsson hafi verið formaður veiðifélagsins, og því hafi félaginu verið kunnug ákvæði samnings þeirra. Með því að taka tilboði í veiðirétt mestallrar árinnar án fyrirvara um leigusamning hans fyrir árið 1995 hafi félagið brotið gegn stjórnarskrárvernduðum eignarrétti hans. Eigi hann því rétt á skaðabótum úr hendi félagsins.

III.

Aðaláfrýjandi mátti alltaf búast við því, að félagið samþykkti að nýta heimild laga nr. 76/1970 til að leigja út veiðiréttinn í heild eða að hluta, enda hafði það oft verið til umræðu. Ákvörðun um að selja á leigu stangaveiði í Langá var tekin á félagsfundi. Aðaláfrýjandi einn greiddi því mótatkvæði og gerði almennan fyrirvara um aðgerðir gegn samþykktinni. Fyrir liggur hins vegar, að hann gerði fundarmönnum ekki grein fyrir efni samnings síns við Jóhannes Guðmundsson um veiðirétt fyrir landi sínu. Stjórnarmennirnir Vífill Oddsson og Einar Ole Pedersen, sem rituðu undir leigusamning 9. október 1994 fyrir hönd veiðifélagsins ásamt Jóhannesi Guðmundssyni, hafa gefið um það yfirlýsingu og staðfest fyrir dómi, að þeim hafi verið ókunnugt um efni samnings aðaláfrýjanda og Jóhannesar. Ekki hafði heldur verið leitað samþykkis félagsins fyrir þessum leigusamningi. Ósannað er því, að félagsmenn hafi mátt vita um efni og gildistíma hans. Vildi aðaláfrýjandi láta taka tillit til samningsins við útleigu Langár, hefði hann orðið að gera félagsfundi skýra grein fyrir honum. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms.

Rétt er, að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 25. júní 1996.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum flutningi 28. maí sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Vesturlands af Sveini Aðalsteinssyni, kt. 050746-4619, Álfatúni 20, Kópavogi, á hendur Veiðifélagi Langár á Mýrum, kt. 640882-0509, Borgarnesi, með stefnu, þingfestri 19. desember 1995.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 4.032.717 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. desember 1995 til greiðsludags, þannig, að vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 20. desember 1996. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

II.

Málavextir eru þeir, að stefnandi er eigandi jarðarinnar Langárfoss í Álftaneshreppi og hefur verið frá árinu 1968. Frá því að veiðiréttur í Langá hvarf frá Bretum yfir á íslenskar hendur árið 1948 og fram til ársins 1995, hefur hver veiðiréttareigandi nýtt eða leigt út sinn veiðirétt sjálfur. Allan þann tíma hefur stefnandi nytjað veiðirétt sinn í Langá án afskipta veiðifélagsins. Stefnandi hafði um 25 ára skeið leigt formanni Veiðifélags Langár, Jóhannesi Guðmundssyni, Ánabrekku, alla veiðidaga sína í júlí og nokkra daga í ágúst ár hvert.

Með leigusamningi 14. september 1992 seldi stefnandi þeim Jóhannesi Guðmundssyni, Ragnheiði Jóhannesdóttur, Stefáni Ólafssyni, Ásu Björk Stefánsdóttur og Runólfi Ágústssyni á leigu veiðirétt jarðarinnar Langárfoss í Álftaneshreppi í samræmi við tilboð, sem þau höfðu gert stefnanda, dagsett 30. ágúst 1992. Leigutími var til þriggja ára, þ. e. árin 1993, 1994 og 1995, sbr. 1. gr. samningsins. Leigugjald var 5.000.000 kr. fyrir hvert hinna þriggja ára og var verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu, 3235 stig, í september 1992 og skyldi greiða inn á hlaupareikning stefnanda nr. 552 við Sparisjóð Mýrasýslu, Borgarnesi. Samkvæmt leigusamningnum voru síðustu þrír gjalddagar leigunnar þessir: 15. október 1994, 15. apríl og 15. júlí 1995, og skyldi greiða 1.666.665 kr. í hvert sinn, auk verðbóta.

Veiðifélag Langár var stofnað 30. apríl 1972. Eftir stofnfund var skipuð laganefnd til þess að semja drög að samþykktum félagsins, og átti stefnandi sæti í þeirri nefnd. Samþykktir stefnda voru birtar í Stjórnartíðindum árið 1973 og hafa verið staðfestar af landbúnaðarráðuneytinu í samræmi við ákvæði 52. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði. Samkvæmt 2. gr. samþykkta stefnda tekur félagið til allra jarða, sem liggja að Langá, en þær eru sex í Borgarhreppi og sjö í Álftaneshreppi, hver jörð með eitt atkvæði.

Á aðalfundi Veiðifélags Langár, sem haldinn var 30. apríl 1994, var samþykkt með sjö atkvæðum gegn sex að leita eftir tilboðum í ána til næstu þriggja ára eftir aðalfundinn. Var stjórn félagsins falið að annast framkvæmd málsins. Auglýsti hún eftir tilboðum með tilboðsfresti til 15. ágúst 1994.

Eitt tilboð barst frá tveimur af leigutökum stefnanda, þeim Runólfi Ágústssyni og Stefáni Ólafssyni, ásamt þriðja aðila, Ingva Hrafni Jónssyni. Var tilboðið gert í nafni óskráðs hlutafélags, Langár hf.

Hinn 4. september 1994 var stjórn veiðifélagsins veitt heimild til þess að semja við Langá hf. um 12.500.000 króna leigu á ári næstu þrjú ár. Var það gert með níu atkvæðum gegn atkvæði stefnanda, en tveir skiluðu auðu. Leigusamningurinn var undirritaður 9. október 1994.

Stefnandi höfðaði ógildingarmál á hendur stefnda og Langá hf. í janúar 1995. Hinn 25. febrúar 1995 lét stjórn stefnda efna til nýrrar atkvæðagreiðslu í félaginu um samninginn. Á þeim fundi var samþykkt tillaga um staðfestingu á samningnum frá 9. október 1994 með níu atkvæðum á móti einu. Með dómi, upp kveðnum 10. október 1995, var stefndi sýknaður af kröfum stefnanda í fyrrgreindu máli.

Stefnandi hélt áfram að veita viðtöku leigugreiðslum samkvæmt samningnum frá 14. september 1992 í gegnum bankaábyrgð, sem leigutakar höfðu sett honum hjá Sparisjóði Mýrasýslu, Borgarnesi.

Leigutakar samkvæmt samningnum frá 14. september 1994 höfðuðu riftunar- og endurkröfumál á hendur stefnanda fyrir Héraðsdómi Vesturlands. Með dómi, upp kveðnum 12. október 1995, var leigusamningnum rift og stefnanda gert að endurgreiða leigutökum leigugjald auk dráttarvaxta frá 18. október 1994 til greiðsludags og 120.000 kr. í málskostnað.

III.

Stefnandi vísar til þess, að það hafi verið gildandi hefð á nýtingu veiðiréttinda í Langá, að hver veiðiréttareigandi nýtti eða leigði út sinn veiðirétt sjálfur. Um þessa nýtingarhefð hafi verið samkomulag innan veiðifélagsins, og því hafi hver veiðiréttareigandi getað leigt út sinn veiðirétt án afskipta veiðifélagsins. Samkvæmt 5. gr. samþykkta fyrir Veiðifélag Langár og Urriðaár frá 25. ágúst 1973 sé þessi nýtingarheimild staðfest, en þar segi m. a.: „Öllum er óheimilt að veiða á félagssvæðinu nema með skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar eða viðkomandi landeiganda.“

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að leigugreiðslur fyrir laxveiðirétt hans samkvæmt leigusamningnum frá 14. september 1992 séu eign hans, varin af 67. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. nú 72. gr. stjórnarskrárinnar. Hafi hann átt eftir að fá greidda leigu fyrir árið 1995 samkvæmt leigusamningnum. Stefnandi hafi verið sviptur þeirri eign með leigusamningi Veiðifélags Langár við Langá hf. frá 9. október 1994. Byggir stefnandi á því, að til þess að firra sig skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda hefði stefndi þurft að undanskilja veiðiréttindi hans í leigusamningnum við Langá hf., sbr. 44. gr., 1. mgr. C, í lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Stefnandi heldur því fram, að samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar verði enginn skyldaður til þess að láta eign sína af hendi, nema fullar bætur komi

fyrir. Krafa stefnanda sé skaðabótakrafa á hendur stefnda um mismun á leigugjaldi því, sem hann eigi eignarréttartilkall til samkvæmt leigusamningnum frá 14. september 1992, og því leigugjaldi, sem stefndi hafi samið um með samningi við Langá hf. frá 9. október 1994.

Stefnandi kveður stefnda og vera bótaskyldan vegna þess afleidda kostnaðar, sem stefnandi hafi orðið fyrir með því að hafa tekið til varna í fyrrgreindu dómsmáli, er leigusamningur stefnda frá 9. október hafi leitt til, en stefnandi kveðst undir rekstri þess máls hafa haft uppi áskilnað um það, að hann myndi höfða skaðabótamál á hendur stefnda, ef hann tapaði endurkröfumálinu, sem leigutakar hans höfðuðu á hendur honum.

Stefnandi kveðst hafa verið í góðri trú allan tímann um, að leigusamningurinn frá 14. september 1992 væri í fullu gildi, bæði vegna hinnar löngu nýtingarhefðar á ánni svo og vegna orða Jóhannesar Guðmundssonar, formanns Veiðifélags Langár, eins leigutakans, að sá samningur yrði virtur áfram.

Stefnandi kveðst hafa gert upp héraðsdóminn frá 12. október 1995 með því að endurgreiða viðsemjendum sínum allan höfuðstól leigunnar fyrir árið 1995, og hefur stefnandi sundurliðað dómkröfur sínar á eftirfarandi hátt í stefnu: þrjár greiðslur, 1.740.340 kr. + 1.749.614 kr. + 1.752.702 kr., samtals 5.242.659 kr. Þar við bætist dráttarvextir, 496.940 kr., og 120.000 kr. í málskostnað, samtals 5.859.599 kr. Enn fremur bætist við þessa fjárhæð málskostnaður sá, sem stefnandi hafi greitt lögmanni sínum í þessu máli, 373.118 kr., þar af 73.267 kr. í virðisaukaskatt. Samtals nemi þessar fjárhæðir 6.232.717 kr. Frá þessari tölu beri að draga arðshlutdeild stefnanda af leigugjaldi Langár árið 1995 samkvæmt leigusamningnum frá 9. október 1994, 17,6% af 12.500.000 kr., sem sé 2.200.000 kr. Krafa stefnanda á hendur stefnda sé því 6.232.717 kr. – 2.200.000 kr. eða 4.032.717 kr. auk dráttarvaxta og málskostnaðar.

Stefnandi reisir kröfu sína um málskostnað á 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og kröfu um dráttarvexti á málskostnað á III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991.

Kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun styður stefnandi 1. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt með síðari breytingum. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur, en þurfi að greiða lögmanni sínum virðisaukaskatt á málflutningsþóknun.

Stefndi byggir kröfu sína á því, að stefnandi geti ekki framselt veiðirétt fyrir landi sínu, svo að bindandi sé fyrir stefnda, án þess að leita fyrst eftir samþykki hans.

Samkvæmt 44. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði hafi stefndi

fullan ráðstöfunarrétt veiðiréttar í öllu fiskihverfinu eða hluta þess til þess að skipta veiði milli félagsmanna og úthluta hverjum veiðihlut sínum.

Samþykktir stefnda séu í fullu samræmi við 57. gr. laga nr. 76/1970, þar sem segi, að hverjum manni sé óheimilt að veiða í vatni á félagssvæðinu, nema hann hafi samþykki félagsstjórnar, eftir að veiðifélag hafi verið stofnað. Samkvæmt fyrrgreindum samþykktum stefnda sé það m. a. verkefni stefnda að ráðstafa veiði á þann hátt, sem aðalfundur ákveði. Þar segi og, að félagið taki til allrar veiði á félagssvæðinu. Samkvæmt 5. gr. samþykktanna sé öllum óheimil veiði á félagssvæðinu nema með skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar eða viðkomandi landeiganda. Telur stefndi, að með þessu sé miðað við það, að veiðifélagið hafi ráðstafað veiðiréttinum til hans í samræmi við ákvæði 3. mgr. 57. gr. laga nr. 76/1970. Telur stefndi, að önnur túlkun á ákvæðinu sé röng.

Stefndi mótmælir þeirri málsástæðu stefnanda, að hann hafi hefðað nýtingarrétt veiðinnar. Hefð geti aldrei útrýmt ákvæðum laga nr. 76/1970, að því er varði ráðstöfunarrétt veiðifélags á veiðirétti. Ákvæði laganna feli einungis í sér almenna takmörkun á eignarrétti manna, sem eigi veiðirétt. Takmörkunin komi ekki harðar niður á stefnanda en öðrum eigendum veiðiréttar hér á landi. Ákvæði þessi brjóti því ekki gegn 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Ljóst sé, að ef einstakir eigendur veiðiréttar gætu ráðstafað veiðirétti án nokkurra afskipta veiðifélaga, myndu ákvæði VIII. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970 aldrei ná tilgangi sínum. Það fái því ekki staðist, að ákvæði laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, að veiðifélög geti undir nokkrum kringumstæðum orðið bótaskyld, þegar þau taki ákvörðun um að beita lögbundnum rétti sínum til ráðstöfunar á veiðirétti. Þetta eigi sérstaklega við í þeim tilvikum, þar sem félögin hafi ekkert tækifæri haft til þess að taka afstöðu til þess samnings, sem bótaskyldan eigi að byggjast á, eins og sé í þessu tilviki, og hætta á málamyndagerningum augljós. Stefndi kveður aðra veiðiréttareigendur hafa sett fyrirvara vegna ráðstöfunarréttar veiðifélagsins, þar sem ekki hafi verið leitað eftir samþykki stefnda, en í samningi veiðiréttareiganda fyrir landi Grenja við Stangaveiðifélag Reykjavíkur segi, að ef til þess komi, að veiðiréttur Langár verði boðinn út í einu lagi, falli leigusamningurinn niður frá þeim tíma, og leigusala beri að endurgreiða leigutaka þann hluta veiðinnar, sem sé ónotaður. Stefnanda hafi því staðið það næst að gera ráð fyrir þeim möguleika, að stefndi kynni að taka ákvörðun um að bjóða út veiðiréttinn í ánni, og gera nauðsynlegar ráðstafanir í því sambandi. Stefnandi beri því hallann af því, að þessara hagsmuna hafi ekki verið gætt.

Stefndi hafi því haft fullan rétt til þess að ráðstafa veiðiréttinum með leigusamningi við Langá hf. Stefnandi beri hallann af því, að ekki hafi verið leitað eftir samþykki stefnda til þess að leigja veiðiréttinn út til þriggja ára, eins og gert hafi verið með samningnum frá 14. september 1992. Ef stefnandi hefði leitað eftir slíku samþykki, hefði þurft að bera samninginn undir félagsfund, þar sem stjórn félagsins hefði ekki getað veitt slíkt samþykki fyrir hönd félagsmanna. Skilyrðum bótaskyldu sé því ekki fullnægt. Stefndi bendir og á réttaráhrif eigin sakar stefnanda samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins.

Þá bendir stefndi á tómlæti og/eða eftirgjöf stefnanda, ef talið verði, að stefnanda hafi ekki borið að leita eftir samþykki félagsfundar á ráðstöfun veiðiréttarins samkvæmt samningnum frá 14. september 1992. Stefndi kveður stefnanda hvorki hafa gert grein fyrir efni leigusamningsins né hafi hann gert fyrirvara um rétt til bótaskyldu, ef áin yrði boðin út, eins og sjá megi af fundargerð aðalfundar stefnda frá 30. apríl 1994, þar sem tekin hafi verið ákvörðun um að bjóða Langá út í heilu lagi, eða öðrum fundargerðum stefnda vegna sama máls. Stefnandi hafi því fyrirgert öllum hugsanlegum rétti til skaðabóta með því að gefa félagsmönnum stefnda ekki kost á að fjalla efnislega um málið á þeim tíma, er ákvörðun hafi verið tekin um að bjóða veiðiréttinn út, þar sem það hafi ekki verið stjórn félagsins, sem hafi tekið ákvörðunina um að bjóða út veiðirétt í Langá, heldur hafi það verið félagsfundur, sem hafi í hendi sér æðsta ákvörðunarvald í félaginu.

Varakröfu sína um lækkun kröfu stefnanda reisir stefndi á því, að stærsti hluti kröfugerðar stefnanda nemi mismun á þeirri greiðslu, sem hann hafi átt rétt á samkvæmt leigusamningnum frá 14. september 1992, og þeirri arðshlutdeild, sem hann hafi fengið samkvæmt leigusamningnum frá 9. október 1994. Sé það rétt, að stefnandi hafi fengið greiddar 2.200.000 kr. samkvæmt leigusamningnum frá 1994, sé mismunurinn 3.042.659 kr., þ. e. a. s. 5.242.659 kr. – 2.200.000 kr.

Stefndi heldur því og fram, að hann geti ekki borið ábyrgð á þeim fjárútlátum, sem stefnandi hafi orðið fyrir í tengslum við málaferli stefnanda við leigutaka samkvæmt samningnum frá 14. september 1992. Orsök þess, að stefnandi hafi orðið fyrir þessum fjárútlátum, hafi verið sú ákvörðun hans að endurgreiða ekki leigutaka þess samnings ofgreidda leigu, og beri stefnandi ekki ábyrgð á þeirri orsök. Jafnframt sé ljóst, að þessi fjárútlát stefnanda verði aldrei talin sennileg afleiðing þess, að stefndi hafi gert leigusamninginn 9. október 1994. Þannig sé skilyrðunum um orsök og sennilega afleiðingu ekki fullnægt, að því er varði þennan þátt kröfugerðar stefnanda, þ. e. a. s. 496.940 kr. + 120.000 kr. + 373.118 kr., samtals 990.058 kr.

Þá byggir stefndi á eigin sök stefnanda til lækkunar á kröfu stefnanda, en stefnandi hafi hvorki gert félagsmönnum stefnda grein fyrir efni leigusamnings síns frá 14. september 1992 né áskilið sér rétt í því sambandi.

Stefndi segir, að eftir að leigusamningurinn frá 9. október 1994 hafi verið gerður, hafi orðið breytingar á rekstri stefnda í ýmsum atriðum, m. a. þurfi ekki lengur að greiða félagsgjöld, sem annars hefðu lent á stefnanda, og sé því krafist lækkunar á kröfugerð stefnanda í samræmi við það. Jafnframt hafi samningurinn frá 9. október 1994 leitt til þess, að eigendur þurfi ekki lengur sjálfir að bera kostnað vegna svokallaðra netadaga, sem leiði til þess, að kostnaður stefnanda lækki vegna samningsins frá 9. október 1994.

Um lagarök vísar stefndi til laga nr. 76/1970 og almennra reglna kröfuréttarins.

Kröfu um málskostnað styður stefndi XXI. kafla laga nr. 91/1991.

IV.

Samkvæmt lögum nr. 76/1970 hefur stefndi ráðstöfunarrétt á veiði í Langá, og eru félagssamþykktir stefnda í samræmi við þennan lögbundna rétt. Lögin takmarka þannig eignarrétt manna. Með því að takmörkun þessi á nýtingu og ráðstöfun veiðiréttar er almenn, lögbundin takmörkun, telst hún ekki brjóta gegn eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Samningur stefnanda frá 14. september 1992 var gerður til þriggja ára, þ. e. a. s. fyrir veiðiárin 1993, 1994 og 1995.

Óumdeilt er, að eigendur veiðiréttar í Langá hafa fram til ársins 1995 ráðstafað veiði sinni án afskipta stefnda. Verður ekki talið, að þessi nýting á ánni allan þennan tíma girði fyrir, að stefndi geti ákveðið að nýta veiðina með öðrum hætti og í samræmi við lög nr. 76/1970. Ekki verður heldur talið, að samþykktir stefnda hindri aðra nýtingu á ánni en verið hefur. Stefnandi gat því allt eins vænst þess, að stefndi ákvæði aðra og breytta nýtingu veiðiréttar, hvenær sem var. Samkvæmt þessum lögbundna ráðstöfunarrétti á veiði ákvað stefndi að leigja veiði í Langá til Langár hf. með samningi, dagsettum 9. október 1994.

Með hliðsjón af lögbundnum rétti stefnda til þess að ráðstafa veiði í ánni verður ekki talið, að stefnandi hafi getað með samningi við þriðja aðila takmarkað þann rétt án sérstaks samþykkis stefnda og með því bundið stefnda við að ráðstafa veiðirétti í samræmi við hann. Ekki verður heldur talið, að c-liður 44. gr. laga nr. 76/1970 eða 5. gr. samþykkta veiðifélagsins leiði til þess, að nýting stefnanda á veiðirétti sínum í Langá án afskipta stefnda teljist vera samþykki á fyrrgreindum samningi frá 14. september 1992, jafnvel þótt aðili að þeim samningi hafi verið formaður Veiðifélags Langár.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, gat því stefndi ráðstafað veiði

í Langá með samningi við Langá hf. án þess að taka tillit til samnings stefnanda frá 14. september 1992. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Með hliðsjón af atvikum öllum þykir þó rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Veiðifélag Langár, er sýkn af öllum kröfum stefnanda, Sveins Aðalsteinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 24. mars 1997.

Nr. 119/1997. **Steinar Hólmsteinsson**
(Helgi Birgisson hrl.)
gegn
Tryggingamiðstöðinni hf.
(Guðmundur Pétursson hrl.)

Kærumál. Fjárnám. Málskostnaður. Virðisaukaskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Arnljótur Björnsson, Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar að fengnu leyfi réttarins með kæru 3. febrúar 1997, sem barst ásamt kærumálsgögnum 13. mars sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. janúar 1997, þar sem felld var úr gildi sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 13. desember 1996, að fjárnám mætti ná fram að ganga fyrir kröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila, að fjárhæð 150.808 krónur. Kæruheimild er í 4. mgr. 91. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, svo sem lögunum var breytt með 102. gr. laga nr. 92/1991, sbr. 4. mgr. 150. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála svo og 152. gr. sömu laga, sbr. 6. gr. laga nr. 38/1994. Sóknaraðili krefst þess, að ákvörðun sýslumanns verði staðfest.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur.

I.

Hinn 30. september 1996 var kveðinn upp dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli sóknaraðila á hendur varnaraðila og Þórarni Jakobssyni, þar sem hinum síðarnefndu var gert í sameiningu að greiða sóknaraðila 6.000.000 krónur ásamt nánar tilteknum vöxtum frá 15. október 1992. Í forsendum dómsins sagði eftirfarandi um málskostnað: „Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 600.000.“ Ákvæði um þetta efni í dómsorði var svofellt: „Stefndu greiði stefnanda 600.000 kr. í málskostnað.“

Samkvæmt gögnum málsins innti varnaraðili af hendi 9. október

1996 til lögmanns sóknaraðila 7.569.092 krónur til greiðslu eftir framangreindum dómi, en þar af voru 600.000 krónur vegna málskostnaðar. Voru málsaðilar sammála um þennan útreikning kröfunnar að öðru leyti en því, að sóknaraðili taldi varnaraðila skylt að greiða til viðbótar fjárhæð, sem svaraði til virðisaukaskatts af tildæmdum málskostnaði að frádregnum útlögðum kostnaði, eða af 563.155 krónum. Taldi sóknaraðili þannig 137.973 krónur vanta á fulla greiðslu kröfu samkvæmt dóminum, en því hafnaði varnaraðili. Sóknaraðili leitaði því fjárnáms á grundvelli dómsins fyrir framangreindri fjárhæð auk 12.835 króna vegna vaxta og kostnaðar af aðfarargerðinni, samtals 150.808 krónur. Sýslumaðurinn í Reykjavík ákvað gegn andmælum varnaraðila að taka til greina kröfu sóknaraðila um fjárnám. Er mál þetta rekið um lögmæti þeirrar ákvörðunar.

II.

Samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 má fullnægja með aðför kröfum samkvæmt dómum og úrskurðum, sem eru kveðnir upp af íslenskum dómstólum. Með hliðsjón af 2. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 hefur þetta ákvæði verið skýrt á þann veg, að við aðför samkvæmt dómi í einkamáli komi að meginreglu aðeins til álita að fullnægja þeim kröfum, sem greinir þar í dómsorði. Frá þeirri meginreglu hefur þó meðal annars verið viðurkennd sú undantekning, að við aðför samkvæmt dómi megi leita fullnustu á kröfu, sem ekki er getið berlega í dómsorði, ef ótvíræð heimild verður fundin fyrir því í settum lögum eða eftir atvikum annarri réttarheimild.

Í fyrrnefndum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 30. september 1996 var kveðið á um skyldu varnaraðila til að greiða sóknaraðila 600.000 krónur í málskostnað, en í engu var getið um, að leggja ætti þar við fjárhæð, sem svaraði til virðisaukaskatts, hvorki af hluta málskostnaðarins né honum öllum. Verður því að telja heimild sóknaraðila til aðfarar fyrir þeim kröfum, sem um ræðir í málinu, háða því, hvort áðurgreind undantekning geti náð til þeirra.

Málskostnaður samkvæmt ákvæðum XXI. kafla laga nr. 91/1991 verður dæmdur einum málsaðila úr hendi annars til að bæta hinum fyrrnefnda að fullu eða nokkru kostnað hans af rekstri dómsmáls.

Þegar sú fjárhæð er ákveðin í niðurstöðu dóms, verður meðal annars að líta til raunverulegs eða áætlaðs kostnaðar aðilans af flutningi málsins, sbr. a-lið 1. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991, þar á meðal kostnaðar, sem hann kann að þurfa að bera vegna virðisaukaskatts af endurgjaldi fyrir þjónustu lögmanns síns samkvæmt lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Þetta breytir því hins vegar í engu, að af málskostnaði, eins og hann er ákveðinn í dómsorði, greiðist ekki virðisaukaskattur, enda er hann í reynd bætur úr hendi málsaðila til gagnaðila, en ekki þóknun til lögmanns gagnaðilans fyrir störf í þágu hans. Verður því ekki fundin stoð í framangreindum lagaákvæðum fyrir því að láta aðfarargerð til fullnustu kröfum samkvæmt dómi ná til fjárhæðar, sem svarar til virðisaukaskatts, til viðbótar þeim málskostnaði, sem þar er berum orðum ákveðinn. Stoð fyrir slíku verður ekki heldur fundin í öðrum lögum eða réttarheimildum.

Samkvæmt framangreindu verður staðfest niðurstaða hins kærða úrskurðar. Kærumálskostnaðar hefur ekki verið krafist, og verður hann því ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. janúar 1997.

I.

Mál þetta var þingfest 14. janúar 1997 og tekið til úrskurðar 21. janúar 1997 að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili er Tryggingamiðstöðin hf., kt. 660269-2079, Aðalstræti 6, Reykjavík.

Varnaraðili er Steinar Hólmsteinsson, kt. 090960-5719, Hraunkambi 8, Hafnarfirði.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 13. desember sl. í aðfararmálinu nr. 11/1996/21023 um að láta gerðina ná fram að ganga, verði hnekkt.

Varnaraðili krefst þess, að sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 13. desember sl. í aðfararmáli nr. 11/1996/21023 um að láta gerðina ná fram að ganga, verði staðfest.

II.

Hinn 30. september 1996 var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur dómur í málinu nr. E-97/1996: Steinar Hólmsteinsson gegn Tryggingamiðstöðinni hf. og Þórarni Jakobssyni, og hljóðaði dómsorðið svo:

„Stefndu, Tryggingamiðstöðin hf. og Þórarinn Jakobsson, greiði in solidum stefnanda, Steinari Hólmsteinssyni, 6.000.000 kr. með 1% ársvöxtum frá 15. október 1992 til 11. ágúst 1993, með 1,25% ársvöxtum frá þ. d. til 11. nóvember 1993, með 0,5% ársvöxtum frá þ. d. til 25. nóvember 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þ. d. til greiðsludags. Skulu dráttarvextir leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 25. nóvember 1996.

Stefndu greiði stefnanda 600.000 kr. í málskostnað."

Sóknaraðili greiddi lögmanni varnaraðila 9. október sl. 7.569.092 kr., og sundurliðaðist fjárhæðin svo:

Dómsfjárhæð	kr.	6.000.000
Sparisjóðsvextir frá 15. 10. 1992-25. 11. 1995	kr.	129.000
Dráttarvextir frá 25. 11. 1995-9. 10. 1996	kr.	838.992
Málskostnaður	kr.	600.000
Dómsendurrit	kr.	1.100

Aðilar voru sammála um ofangreindan útreikning á kröfunni að því undanskildu, að varnaraðili taldi, að sóknaraðili ætti að greiða virðisaukaskatt á þóknunarhluta dæmds málskostnaðar, nánar tiltekið af 563.155 kr., en innifalið í málskostnaði var útlagður kostnaður, 36.845 kr. Gerði varnaraðili kröfu til, að sóknaraðili greiddi þessa fjárhæð, þ. e. 137.973 kr., en því var hafnað af hálfu sóknaraðila.

Föstudaginn 13. desember 1996 tók sýslumaðurinn í Reykjavík fyrir aðfararbeiðni nr. 11/1996/21023, þar sem varnaraðili máls þessa var gerðarbeiðandi, en sóknaraðili gerðarþoli. Krafðist varnaraðili fjárnáms fyrir kröfu, að fjárhæð 150.808 kr., sem sundurliðaðist svo:

Höfuðstóll	kr.	137.973
Dráttarvextir 15.10.96-15.11.96	kr.	1.835
Aðfararbeiðni og mót	kr.	8.000
Aðfarargjald í ríkissjóð	kr.	3.000

auk áfallandi dráttarvaxta skv. vaxtalögum nr. 25/1987 til greiðsludags og alls kostnaðar af frekari fullnustugerðum, ef til þeirra kæmi.

Við aðfarargerðina var þing sótt af hálfu beggja aðila, og mótmælti lögmaður sóknaraðila framgangi gerðarinnar. Fulltrúi sýslumanns tilkynnti þá

ákvörðun sína að láta gerðina ná fram að ganga. Lögmaður sóknaraðila lýsti þá yfir, að ákvörðun sýslumanns yrði skotið til héraðsdóms, og voru aðilar sammála um að fresta gerðinni, þar til niðurstaða héraðsdóms lægi fyrir.

Með bréfi, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 17. desember 1996, leitaði sóknaraðili eftir úrlausn dómsins um framangreinda ákvörðun sýslumanns, og var málið þingfest 14. janúar 1997.

III.

Sóknaraðili kveðst hafa hafnað því að greiða virðisaukaskatt ofan á dæmdan málskostnað, þar sem ekki væri einu orði minnst á virðisaukaskatt í forsendum eða dómsorði, og gæti því skylda sín ekki verið umfram það, sem dómsorðið sjálft segði.

Sóknaraðili styður mótmæli sín enn fremur þeim rökum, að samkvæmt 2. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála segi, að í dómsorði skuli aðalniðurstaða máls dregin saman, svo sem sýkna, ef sýknað er af öllum efniskröfum, kröfur stefnanda, sem teknar eru til greina, o. s. frv. Í athugasemdum við ákvæði þetta í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 91/1991 segi, að efnislega svari fyrirmælin um þetta til ákvæða 2. mgr. 193. gr. eldri laga nr. 85/1936, en í því ákvæði hafi m. a. verið sagt, að í dómsorði skyldi greina aðalniðurstöður máls, þ. á m. það, sem fullnægja skyldi með aðför.

Sóknaraðili telur sig hafa fullnægt þeirri skyldu að greiða varnaraðila í samræmi við dómsorðið. Því sé haldið fram, að grundvöllur aðfarar geti ekki verið annar en þar komi fram. Sé virðisaukaskatts að engu getið í forsendum eða dómsorði, verði að líta svo á, að þegar hafi verið tekið tillit til hans við ákvörðun málskostnaðar, enda sé það í samræmi við ofanritað, að dómsorð og/eða forsendur skuli segja það, sem segja þurfi að þessu leyti, sbr. Hrd. 1993, 1521, og Hrd. 1993, 1966.

Sóknaraðili telur, að dómvenja hafi ekki myndast um það, að virðisaukaskatti megi bæta við dæmdan málskostnað við aðför, þótt hans sé að engu getið í dómi, ef svo hagar til, að sá aðili, sem fær málskostnað dæmdan, getur ekki nýtt þann virðisaukaskatt, er hann þarf að greiða lögmanni sínum sem innskatt. Ef svo væri, þyrfti sá, sem krafinn er um virðisaukaskatt, að gera sjálfstæða könnun hverju sinni til að staðreyna, hvort gagnaðili sé virðisaukaskattsskyldur og hvort hann geti nýtt mögulega greiðslu á virðisaukaskatti til lögmanns síns sem innskatt.

IV.

Varnaraðili hefur ekki lagt fram sérstaka greinargerð, en vísar máli sínu til stuðnings til aðfararbeiðni sinnar, sem lögð var fram hjá sýslumanninum í Reykjavík við umrædda aðfarargerð.

Varnaraðili kveður ágreining hafa risið með aðilum við uppgjör dómkröfunnar um, hvort virðisaukaskattur væri innifalinn í tildæmdum málskostnaði. Þar sem dómurinn beri ekki með sér, að tekið hafi verið tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun málskostnaðar, telji varnaraðili sér heimilt að bæta honum við þóknunarhluta tildæmds málskostnaðar. Hafi 24,5% virðisaukaskattur verið reiknaður af þóknunarhlutanum, 563.155 kr., sem geri 137.973 kr., en það sé höfuðstóll fjárnámskröfunnar. Varnaraðili kveðst hafa fengið greiðslu frá gerðarþola á dómskuldinni með fyrirvara um virðisaukaskattinn.

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu varnaraðila vísað til þess, að Hæstiréttur Íslands hefði ekki um nokkurt skeið minnst á virðisaukaskatt í tengslum við ákvörðun málskostnaðar. Telur varnaraðili, að í því felist, að rétturinn telji ekki lengur þörf á að taka fram, að við ákvörðun málskostnaðar hafi ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts, eins og lengi hafði verið tekið fram í dómum réttarins. Ekki verði því annað séð en dómvenja hafi myndast um það, að þeim aðila, sem fái tildæmdan málskostnað, sé rétt að bæta virðisaukaskatti við málskostnaðinn, ef hann getur ekki nýtt virðisaukaskatt af lögmannsþóknun sem innskatt.

Þá er af hálfu varnaraðila vísað til þess, að dæmdur málskostnaður í umræddu héraðsdómsmáli hafi nokkurn veginn svarað til málflutningsþóknunar af dæmdri fjárhæð án virðisaukaskatts samkvæmt gjaldskrá lögmanns varnaraðila, og sé því augljóst, að virðisaukaskattur sé ekki innifalinn í málskostnaðarfjárhæðinni.

V.

Lögmönnum ber að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni, sbr. 2. mgr. 2. gr. og 1. tl. 3. mgr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Virðisaukaskattinn innheimta lögmenn hjá skjólstæðingum sínum með því að bæta honum ofan á endurgjald fyrir veitta þjónustu og standa ríkissjóði skil á honum á ákveðnum gjalddögum.

Málskostnaður í einkamálum er ákveðinn á grundvelli XXI. kafla einkamálalaga nr. 91/1991. Að baki málskostnaðarákvörðun liggja ýmis sjónarmið, m. a. bótasjónarmið, en samkvæmt þeim á dæmdur málskostnaður að gera þann, sem vinnur mál, í öllu verulegu því sem næst skaðlausan af málshöfðuninni. Dómari verður að jafnaði að mynda sér ákveðna skoðun á því, hversu háa þóknun er eðlilegt, að lögmaður þess aðila, sem vinnur málið, áskilji sér og hver virðisaukaskattur muni leggjast ofan á þá þóknun.

Það gerir málið flóknara, að lagaákvæði um virðisaukaskatt gera það að verkum, að í sumum tilvikum geta aðilar nýtt virðisaukaskatt, sem þeir greiða lögmanni sínum sem innskatt, við uppgjör á virðisaukaskatti sam-

kvæmt VII. kafla laga nr. 50/1988, en í öðrum tilvikum ekki. Þegar krafa er gerð í dómsmáli um, að tekið sé tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun málskostnaðar, liggur að jafnaði fyrir við dómtöku máls, hvort hlutaðeigandi aðili getur nýtt greiddan virðisaukaskatt sem innskatt. Ef slíkar upplýsingar liggja fyrir, hefur dómari allar forsendur til að taka á kröfunni, en ef ekki, verður vart orðið við slíkri kröfu. Ef svo háttar til, að sá, sem vinnur mál, getur ekki nýtt sem innskatt virðisaukaskatt, er hann þarf hugsanlega að greiða lögmanni sínum, þarf hann að fá fjárhæð sem svarar skattinum dæmda úr hendi gagnaðila, ef skaðleysissjónarmiðum á að vera fullnægt.

Eins og fyrr segir, ber að ákveða í dómi, hvaða fjárhæð sá, sem tapar máli, skuli greiða gagnaðila sínum í málskostnað. Lögmaður þess aðila, sem fær dæmdan málskostnað, er ekki bundinn af málskostnaðarákvörðun dómara og getur gefið eftir þóknun sína að fullu eða hluta eða áskilið sér hærri þóknun en málskostnaðarákvörðun tekur mið af. Hin raunverulega fjárhæð virðisaukaskatts er því óháð þeirri fjárhæð, sem dómari telur rétt að reikna inn í málskostnað. Sá, sem dæmdur er til að greiða gagnaðila sínum málskostnað, stendur ekki í neinu réttarsambandi við lögmann gagnaðila og lögskipti þeirra varða hann engu. Dómþoli þarf því sem næst að geta staðreynt endanlega greiðsluskyldu sína með því að lesa dóminn sjálfan. Sú krafa verður því vart gerð til dómþola, sem krafinn er um virðisaukaskatt til viðbótar dæmdum málskostnaði, að hann hefji sjálfstæða könnun á því, eftir að dómur er genginn, hvort gagnaðili geti nýtt virðisaukaskatt, sem hann þarf hugsanlega að greiða lögmanni sínum sem innskatt.

Þess má einnig geta, að sá, sem greiða þarf málskostnað, getur ekki nýtt hluta hans sem innskatt, hvort sem tekið hefur verið tillit til virðisaukaskatts við málskostnaðarákvörðunina eða honum er síðar bætt við málflutningsþóknunarþáttinn.

Dómaframkvæmd hefur verið með ýmsu móti um þátt virðisaukaskatts í málskostnaðarákvörðun. Í undirréttardómum hefur þess ýmist verið getið, að tekið hafi verið tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun málskostnaðar og hann þá reiknaður inn í málskostnaðarfjárhæðina, eða að ekki hafi verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Í dómi Hæstaréttar Íslands frá 1993, bls. 1966, var til umfjöllunar ágreiningur vegna aðfararbeiðni á grundvelli dóms, þar sem dæmdur hafði verið 20.000 króna málskostnaður og í forsendum getið, að ekki hefði verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Dómurinn hafði verið gerður upp í samræmi við dómsorð, en neitað um greiðslu á virðisaukaskatti til viðbótar dæmdum málskostnaði. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu, að aðför væri heimil

fyrir virðisaukaskatti, 4.900 kr., aðfarargjaldi o. fl., með þeim rökum, að væri í dómsmáli dæmdur málskostnaður, sem bera ætti virðisaukaskatt samkvæmt upphafsákvæði og 1. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, mætti aðför gera til tryggingar málskostnaðinum að viðbættum virðisaukaskatti, þótt hans væri eigi getið í dómsorði, enda færi ekki á milli mála, að skatturinn væri innifalinn í málskostnaði. Sé gagnályktað frá þessari niðurstöðu, telst aðför væntanlega ekki heimil, ef það fer á milli mála, að skatturinn sé innifalinn í málskostnaðinum.

Á árunum 1990 til 1995 gengu fjölmargir dómar í Hæstarétti Íslands, þar sem við ákvörðun málskostnaðar var tekið fram: „Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts." Í dómum réttarins eftir mitt ár 1995 fylgir að jafnaði engin leiðbeining um, hvort eða með hvaða hætti hafi verið tekið tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun málskostnaðar. Sú breyting, sem orðið hefur á rökstuðningi réttarins, hefur, að því er virðist, ekki verið skýrð í dómum, og er um það ágreiningur með aðilum, hvernig beri að túlka hana.

Í Hæstaréttardómum frá 1995, bls. 3003, í máli, sem sprottið var af túlkun á fyrrnefndu orðalagi í dómi réttarins frá 28. apríl 1994, segir m. a.: „Þar var ekki tekin afstaða til þess, hvort sóknaraðila væri skylt að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun." Komst rétturinn að þeirri niðurstöðu, að sóknaraðila (dómþola) yrði ekki gert að greiða varnaraðila virðisaukaskatt af málflutningsþóknun, er fólst í málskostnaði, þar sem viðskipti þau, er deilt var um í málinu, vörðuðu starfsemi, sem væri virðisaukaskattsskyld.

Í málflutningi í máli því, sem hér er til úrlausnar, kom fram, að sum tryggingafélög neituðu ávallt að greiða virðisaukaskatt til viðbótar dæmdum málskostnaði í bótamálum, ef ekkert væri tekið fram um hann í dómum, en önnur greiddu hann alltaf. Um réttaróvissu virðist því enn vera að ræða.

Samkvæmt 2. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 skal aðalniðurstaða máls dregin saman í dómsorði, þ. á m. kröfur stefnanda, sem teknar eru til greina. Í greinargerð með frumvarpi, sem varð að lögum nr. 91/1991, kemur fram, að fyrirmæli framangreinds ákvæðis svari efnislega til ákvæða 2. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936, en í því ákvæði sagði m. a., að í dómsorði skyldi greina: „aðalniðurstöðu máls, þ. á m. það, sem fullnægja skal með aðför". Þá skulu dómar vera glöggir og hafa að geyma endanlega niðurstöðu þeirrar þrætu, sem lögð er fyrir dómarann, samanber 3. og 4. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991. Þó er í 4. mgr. 129. gr. lögbundin undantekning frá þessu, að því er varðar dráttarvexti af dæmdum málskostnaði. Framangreind ákvæði eiga við um málskostnaðarákvörðun, sem tekin er á grundvelli XXI. kafla laganna.

Telja verður, að framangreind lagaákvæði leggi dómstólum þær skyldur á herðar að haga samningu dóma með þeim hætti, að ekki gefist réttmætt tilefni til deilna um endanlegt uppgjör dómanna. Veiti dómsorðið ekki fullnægjandi upplýsingar um niðurstöðu málsins, verður ekki lengra seilst en í forsendur dómsins til að renna stoðum undir kröfugerð við aðför.

Í einkamáli því, sem aðfararbeiðnin er grundvölluð á, krafðist stefnandi skaðabóta, að fjárhæð 8.000.000 kr., og málskostnaðar samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi. Í þeim reikningi var málflutningsþóknun reiknuð 906.445 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur 171.500 kr. Í málinu voru stefnanda dæmdar skaðabætur, að fjárhæð 6.000.000 kr., og 600.000 kr. í málskostnað. Í dóminum er hvergi vikið að virðisaukaskatti. Verður því að líta svo á, að dómarinn hafi annaðhvort tekið tillit til allra þeirra þátta, sem dómara ber að taka tillit til við ákvörðun málskostnaðar, þ. m. t. væntanlegra virðisaukaskattsgreiðslna varnaraðila, eða að hann hafi ekki skorið úr þeim þætti málskostnaðarkröfunnar, sem sneri að kostnaði vegna virðisaukaskatts.

Með vísan til framangreinds er ekki að finna neina stoð í héraðsdóminum, lögum um virðisaukaskatt eða öðrum réttarheimildum fyrir því, að varnaraðili geti krafist aðfarar fyrir fjárhæð, sem svarar til virðisaukaskatts af tildæmdri málskostnaðarfjárhæð. Breytir engu, þó að lögmaður varnaraðila telji, að dæmdur málskostnaður svari nokkurn veginn til málflutningsþóknunar af dæmdri fjárhæð án virðisaukaskatts samkvæmt gjaldskrá hans.

Með ákvörðun sinni hefur sýslumaður því farið út fyrir það svigrúm, sem hann hefur til túlkunar og fyllingar á dómum við aðför. Ber því að fella úr gildi þá ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 13. desember 1996 í aðfararmálinu nr. 11/1996/21023, að aðfaragerð skuli ná fram að ganga.

Málskostnaðar hefur ekki verið krafist í málinu.

Sigurður T. Magnússon héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Felld er úr gildi ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 13. desember 1996 í aðfararmálinu nr. 11/1996/21023 um, að gerðin skuli ná fram að ganga.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 25. mars 1997.

Nr. 126/1996. **B**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Jón G. Tómasson hrl.)

Skaðabótamál. Líkamstjón. Sjúkrahús. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. mars 1996. Hún krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 12.708.525 krónur með nánar tilteknum ársvöxtum frá slysdegi 6. júní 1989 til þingfestingardags í héraði 29. júní 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðherra 3. júní 1996 var henni veitt leyfi til gjafsóknar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki látinn niður falla.

Eins og lýst er í héraðsdómi, leitaði áfrýjandi sjálf til móttökudeildar áfengis- og vímuefnasjúklinga við geðdeild Landspítalans að morgni 5. júní 1989 vegna ofneyslu áfengis og lyfja. Að mati lækna var hún með einkenni, sem bentu til „amphetamin-psykosu“ og þarfnaðist bráðameðferðar. Samkvæmt heimild í 2. mgr. 13. gr. lögræðislaga nr. 68/1984 var henni bannað að fara af deildinni án leyfis læknis í tvo sólarhringa, þar sem hætta var talin á, að hún hæfi neyslu áfengis og fíkniefna að nýju. Áfrýjandi var lögð inn á lokaðan hluta deildarinnar, þar sem fylgst er stöðugt með sjúklingum. Næsta morgun hafði ástand hennar breyst svo til batnaðar að mati lækna, að ekki var talin ástæða til að hafa hana undir stöðugri gæslu og talið óhætt að flytja hana yfir á almenna deild, þar sem fylgst var

með henni á hálftímafresti. Ekki eru efni til að hnekkja þessu mati læknanna. Einnig er ósannað, að skort hafi á eftirlit af hálfu starfsfólksins.

Geðdeild Landspítalans er lýst þannig í bréfi yfirlæknis hennar til skrifstofu Ríkisspítalanna 8. október 1991: „Geðdeild Landspítalans er ekki lokuð þannig, að hún teljist mannheld. Gluggar eru ekki útbúnir með rimlum eða öðrum hætti þannig, að ekki sé hægt að komast út um þá með ásetningi. Þetta á einnig við um móttökudeild áfengis- og vímuefnasjúklinga, deild 33 A, við geðdeild Landspítalans.“ Yfirlæknirinn bar fyrir dómi, að deildin hefði á þessum tíma einkanlega átt að gegna því hlutverki að vera afeitrunardeild og rannsóknardeild fyrir vímuefnasjúklinga.

Áfrýjandi hefur skýrt svo frá, að hún hafi verið ákveðin í að komast út, og hafi hún leitað að glugga, sem hægt væri að opna. Ómótmælt er, að járn á glugganum var brotið, svo að unnt var að opna hann um 16 cm í stað 7–8 cm. Samkvæmt mati lækna var áfrýjandi ekki í þörf fyrir stöðuga gæslu. Ekki verður til þess ætlast, að starfsfólk deildarinnar gerði ráð fyrir því, að hún færi út um þetta þrönga gluggaop. Hún gerði þetta af ásettu ráði og mátti gera sér grein fyrir aðstæðum. Veldur þessi umbúnaður gluggans því ekki, að skaðabótaábyrgð falli á sjúkrahúsið.

Samkvæmt framansögðu og með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður, en gjafsóknarkostnaður áfrýjanda greiðist svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður, en gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, B, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Á það verður að fallast með stefnda, að meðhöndlun áfrýjanda á móttökudeild áfengis- og vímuefnasjúklinga við geðdeild Landspítalans 5. og 6. júní 1989 hafi verið í eðlilegu samræmi við ástand hennar. Þá verður og að miða við, að deildin var ekki lokuð sjúkradeild í þeim skilningi, að hún ætti að teljast mannheld. Um öryggi á deildinni varð á hinn bóginn að gera tilteknar lágmarkskröfur. Meðal þeirra var sú krafa, að umbúnaður glugga væri í lagi á hverjum tíma eftir gerð sinni. Var brestur í því efni ótvírætt fallinn til að bjóða heim atvikum eins og því, sem hér gerðist. Að auki horfir hér þannig við, að glugginn, sem áfrýjandi leitaði út um, var á sjúkrastofu hennar sjálfrar og aðgengilegur að því leyti. Af þessum sökum verður að líta svo á, að stefndi beri skaðabótaábyrgð á því líkamstjóni, sem áfrýjandi hlaut af því að þrengja sér út um gluggann til að komast af deildinni. Hins vegar verði áfrýjandi einnig að bera ábyrgð á slysinu að sínu leyti, þar sem hún hafi ekki verið í svo annarlegu ástandi, að hún gæti ekki gert sér grein fyrir hættunni, sem stofnað var til.

Samkvæmt þessu á stefndi að greiða áfrýjanda bætur, sem nemi 1/3 hluta af tjóni hennar, er rakið verði til slyssins, auk vaxta og málskostnaðar. Að öðru leyti beri hún tjón sitt sjálf. Þar sem niðurstaða meiri hluta dómenda er á annan veg, eru ekki efni til að gera bótahlið málsins nánari skil.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. janúar 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum flutningi 8. janúar sl., er höfðað með stefnu, sem áritud er um viðtöku 28. júní sl.

Stefnandi er B, f. 1960, ..., Kópavogi.

Stefndi er íslenska ríkið vegna Ríkisspítalanna.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndi verði dæmdur til að greiða henni 12.708.525 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Þess er krafist, að dæmt verði, að vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 6. 6. 1990, en síðan árlega þann dag.

Þess er jafnframt krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 29. 6. 1996, en síðan árlega þann dag.

Þá er krafist málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Málavextir.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að um kl. 7.00 mánudaginn 5. júní 1989 hafi hún leitað til Landspítalans vegna ofneyslu áfengis og lyfja. Hún hafi þá misnotað vímuefni mikið undanfarnar þrjár vikur. Kveðst hún ekki hafa getað sofið undanfarandi nætur og haft ofsóknartilfinningu og ógnvekjandi ofsjónir.

Jóhannes Bergsveinsson yfirlæknir, er tekið hafi á móti stefnanda og átt viðtal við hana, hafi tafarlaust sent hana í meðferð á deild 33 A á geðdeild Landspítalans. Í bréfi hans frá 8. október 1991 segi: „Augljóst var, að hér var á ferðinni bráðveikur sjúklingur með einkenni, er bentu til amphetamin-psykosu. Hún hafði því þörf fyrir bráðameðferð, innlögn og vistun í a. m. k. 48 tíma, meðan hið bráða geðveikisástand væri meðhöndlað og það gengi yfir.“ Mun stefnandi hafa verið lögð inn á deildina um kl. 10.00 þennan dag.

Við komu á deildina hafi stefnandi verið færð úr öllum fötum, sett í bað og klædd í náttföt frá Landspítalanum. Næstu klukkutíma hafi henni verið gefið mikið af lyfjum, bæði verkjalyf og róandi lyf.

Ströng gæsla sé viðhöfð á deildinni, og mun sjúklingum óheimilt að hverfa á brott án samráðs við lækni. Mun deildin vera nokkurs konar bráðamóttaka fyrir sjúklinga í mjög annarlegu ástandi. Deildinni muni vera skipt þannig, að bráðveikir sjúklingar séu hafðir á sérstökum gangi, svokölluðum „skammlegg“, þar sem eftirlit sé stöðugt og umönnun mun meiri en annars staðar á deildinni. Er sjúklingar hafi náð sér niður, séu þeir fluttir af nefndum gangi yfir á almenna deild 33 A og fái þá að fara ferða sinna, án þess að „fylgst sé með hverju fótmáli þeirra“, eins og segi í fyrrnefndu bréfi Jóhannesar Bergsveinssonar. Sé það gert í þeim tilvikum, þegar sjúklingar eru komnir úr versta ástandinu og hvorki hættulegir sjálfum sér né öðrum að mati lækna.

Stefnandi muni fljótlega eftir komuna á deild 33 hafa farið að tala um það við starfsfólkið að hætta í meðferðinni og fara út af spítalanum. Morguninn eftir að hún hafi verið lögð inn, þ. e. 6. júní 1989, hafi ástand hennar verið metið svo, að ekki væri lengur þörf á hinu sérstaka eftirliti og umönnun á sérgangi deildarinnar. Hafi hún því verið færð á almenna hluta deildarinnar.

Síðar um daginn hafi stefnandi ákveðið að hætta í meðferðinni og fara úr Landspítalanum. Á leiðinni út hafi hún verið stöðvuð og henni tilkynnt, að

hún væri svipt sjálfræði á grundvelli svonefndrar 48 tíma reglu og gæti því ekki horfið af spítalanum. Kveðst stefnandi hafa tekið frelsissviptingu þessa óstinnt upp, eins og sjúklingum er gjarnt við slíkar aðstæður. Hún hafi enn verið í mjög annarlegu ástandi vegna langvarandi misnotkunar lyfja og áfengis og mikillar lyfjagjafar á spítalanum og taldi, að á sér væri brotið með sviptingunni, og verið staðráðin í að komast af spítalanum. Mun stefnandi í þessum tilgangi hafa leitað eftir útgönguleiðum, en þær allar verið lokaðar. Stefnandi hafði heyrt, m. a. frá sjúklingum deildarinnar, að sjúklingar á deild 33 A hefðu farið út um glugga á spítalanum. Ekki fann hún opna glugga og fór því í svefnherbergi sitt nr. 16 og lagðist niður til að hvíla sig. Er hún hafði verið þar í nokkra stund, veitti hún því athygli, að festing á glugganum var brotin. Stefnandi sá þetta úr fjarlægð, þar sem eitthvert járn hékk niður úr festingunum á gluggunum.

Gluggar þeir, sem hér um ræðir, eru veltigluggar, 95 cm × 150 cm að stærð. Gluggarnir eigi að vera öryggisgluggar og séu algengir í sjúkrahúsum og skólum, þar sem þeir eigi ekki að opnast nema að takmörkuðu leyti. Ómögulegt sé að komast út um þá, a. m. k., meðan þeir eru í lagi, nema þekkt sé eftir atvikum, hvernig losa eigi öryggið á þeim. Á þeim séu lamir rétt fyrir ofan miðjan glugga, og opnist þeir því bæði að ofan og neðan. Stefnandi hafi ýtt á gluggann, og hafi hann opnast svo mikið, að hún hafi getað komist út um hann. Hafi hún farið með fæturna á undan, hangið á annarri hendi og ætlað að láta sig síga niður. En er stefnandi sá, hve langt var niður, hafi hún ætlað að hætta við, en misst þá takið og fallið til jarðar. Stefnandi telur, að þetta hafi gerst, skömmu eftir að sér hafi verið tilkynnt um sjálfræðissviptinguna og að sér væri óheimilt að fara af spítalanum. Fallið hafi verið um 5,60 metrar, og hafi stefnandi komið niður á möl, eins og fram komi í vettvangsskýrslu tæknideildar lögreglunnar í Reykjavík.

Við fallið hafi stefnandi slasast alvarlega í baki, t. d. hlotið samfallsbrot á tveimur hryggjarliðum. Þetta hafi m. a. valdið því, að hún hafi styst um tvo sentímetra. Örorka stefnanda hafi verið metin af Birni Önundarsyni lækni 100% í sextíu (?) mánuði og 40% varanleg.

Stefndi lýsir málavöxtum á þá leið, að stefnandi hafi um langt árabil misnotað fíkniefni og af þeim sökum oftsinnis komið til meðferðar á geðdeild Landspítalans. Hún hafi sjálf leitað til göngudeildar áfengis- og vímuefnasjúklinga við geðdeild Landspítalans að morgni 5. júní 1989. Þá hafi hún að eigin sögn mikið notað vímuefni í þrjár vikur. Hún hafi verið mjög óróleg, æst og haldin ofskynjunum. Að mati læknis hafi verið þörf fyrir bráða meðferð, innlögn og vistun í a. m. k. 48 klukkustundir. Stefnandi hafi verið fús til að leggjast inn og gangast undir meðferð og róast fljótlega í viðtali við

lækni. Hurfu ofskynjanir a. m. k. í bili. Hafi henni verið gefin róandi lyf og hún lögð inn á deild 33 A, sem sé móttökudeild fyrir vímuefnasjúklinga, sem séu að leggjast inn til rannsóknar og meðferðar. Sumir sjúklingar séu lagðir þar inn bráðri innlögn, en aðrir komi af biðlista. Það gildi um alla sjúklinga, sem lagðir séu inn á deild 33 A, að fyrsta sólarhringinn séu þeir hafðir á þeim hluta deildarinnar, sem nefndur sé „skammleggur".

Stefnandi mun hafa sofið að mestu fyrstu 16–17 klukkustundirnar eftir innlögn á deildina. Að morgni 6. júní hafði ástand hennar breyst svo til batnaðar, að hún hafi verið flutt yfir á almennan hluta deildarinnar, þar sem minna eftirlit sé með sjúklingum. Líðan hennar hafi þó ekki verið góð, hún hafi verið nokkuð óróleg og spennt og þurft á róandi lyfjum að halda til að minnka vanlíðan og dempa sjúkdómseinkenni.

Stefnandi mun hafa látið í ljós, að hún væri ósátt við lengri dvöl á deildinni, og viljað útskrifast. Þar sem óráðlegt hafi þótt að útskrifa hana í því ástandi, sem hún hafi verið, m. a. vegna hættu á, að hún hæfi neyslu vímuefna að nýju ofan í þau lyf, sem henni höfðu verið gefin í meðferðinni, hafi verið ákveðið að kyrrsetja hana á deildinni samkvæmt svonefndri 48 klukkustunda reglu. Virtist stefnandi sætta sig við það, en strax við innlögn hafði hún verið látin vita um þá fyrirætlan yfirlæknis deildarinnar, að þessari reglu yrði beitt, og það ítrekað við hana síðar sama morgun, þegar hún hafi látið í ljós þá fyrirætlan að hætta í meðferðinni, og svo aftur 6. júní, þegar hún hafi enn að nýju viljað fara af deildinni.

Eftir að stefnandi hafði verið flutt á almennan hluta deildarinnar, hafi verið fylgst með henni á u. þ. b. hálftímafresti, en um kl. 17.30 hafi hún látið sig falla út um glugga á 2. hæð hússins og hlotið við fallið meiðsli þau, sem hún krefjist nú skaðabóta fyrir. Aðstoðardeildarstjóri hafi síðast litið til hennar um kl. 17.00, þar sem hún hafi verið stödd í reykherbergi og virst mjög róleg.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að starfsmenn á deild 33 A á Landspítalanum hafi umrætt sinn gerst sekir um aðgæsluleysi við eftirlit og umönnun stefnanda, og beri stefndi ábyrgð á þeirri háttsemi starfsmanna sinna á grundvelli reglu skaðabótaréttarins um vinnuveitandaábyrgð.

Í öðru lagi styður stefnandi kröfur sína því, að gluggabúnaður í herbergi sínu hafi verið í óforsvaranlegu ástandi, sem sé afleiðing af hirðuleysi starfsmanna stefnda, sem metið verði til sakar og því á ábyrgð hans.

– – –

Stefndi vísar á bug þeirri málsástæðu stefnanda, að starfsmenn á deild 33 A hafi gerst sekir um aðgæsluleysi við eftirlit og umönnun með henni.

– – –

Stefndi hafnar einnig síðari málsástæðu stefnanda, að gluggabúnaður í herberginu hafi verið óforsvaranlegur og það sé afleiðing hirðuleysis starfsmanna hans, er metið verði til sakar.

– – –

Stefnandi reisir kröfur sínar á tveimur málsástæðum. Hin fyrri er sú, að starfsmenn á deild 33 A á geðdeild Landspítalans hafi gerst sekir um aðgæsluleysi við eftirlit og umönnun með stefnanda, og beri stefndi ábyrgð á því sem vinnuveitandi þeirra.

Í bréfi Jóhannesar Bergsveinssonar yfirlæknis frá 8. október 1991 er því lýst, að geðdeildin sé ekki lokuð þannig, að hún sé mannheld, og að ekki sé gengið svo frá gluggum, að ekki sé unnt að komast út um þá með ásetningi. Eigi þetta einnig við um deild 33 A, þar sem misnotendur áfengis og annarra vímuefna eru vistaðir og rannsakaðir. Þá er því lýst, að nýir sjúklingar séu fyrsta sólarhringinn eða lengur, ef ástæða þyki til, hafðir á sérgangi, þar sem hægt sé að fylgjast stöðugt með þeim, og fái þeir ekki að fara þaðan, fyrr en ástand þeirra leyfi. Þegar að því komi, flytjist þeir yfir á almennan hluta deildarinnar og fái þar að fara ferða sinna innan hennar, án þess að fylgst sé með hverju fótmáli þeirra. Þó sé fylgst með hverjum og einum í samræmi við ástand hans, eins og það sé metið af lækni. Sé talin hætta á, að sjúklingur fari sér að voða, beri starfsfólki að viðhafa nauðsynlega aðgát í samræmi við fyrirmæli læknis.

Eins og að framan var rakið, kom stefnandi sjálfviljug á deildina og óskaði eftir aðstoð. Var hún lögð inn og frelsi hennar skert í tvo sólarhringa samkvæmt heimild í 2. mgr. 13. gr. lögræðislaga nr. 68/1984. Fyrsta sólarhringinn var hún vistuð á lokaða hluta deildarinnar, en eftir það flutt á hinn almenna, enda var ástand hennar talið leyfa vistun þar. Í skýrslu, sem Halla Þórhallsdóttir, þá aðstoðardeildarstjóri, gaf hjá lögreglunni í Reykjavík 14. júní 1989, kemur fram, að stefnandi hafi skömmu eftir komu á deildina farið að óska eftir að losna, en henni verið sagt, að hún væri vistuð þar samkvæmt framangreindri lagagrein. Daginn eftir hafi hún aftur óskað eftir að fá að fara, en síðan sagst hafa sætt sig við veruna. Halla kvað hafa verið fylgst með stefnanda á hálftímafresti. Hafi hún síðast séð hana um kl. 17.00, og hafi hún þá virst róleg.

Sama dag var einnig tekin skýrsla af stefnanda. Þar skýrir hún frá því, að

daginn eftir innlögnina hafi hún viljað fara af deildinni, en Jóhannes Bergsveinsson ekki viljað leyfa það. Hún kvað sambýlismann sinn hafa komið með föt handa sér, og einnig hafi hún hringt í hann, við þetta hafi hún spennst upp, „ . . . og þrátt fyrir neitun Jóhannesar var ég ákveðin í að komast út. Ég var þá enn á lyfjum, og ofskynjanirnar voru hættar. Ég var búin að leita að opnum glugga á deildinni til að komast út og fann einn á stofu 16, sem hægt var að opna. Ég spennti gluggann upp, eins og hægt var, og fór með fæturna á undan og hékk á annarri hendinni, en ég ætlaði að láta mig síga niður. Ég ætlaði að hætta við, þegar ég sá, hvað það var langt niður, en missti þá takið og féll til jarðar".

Fyrir dómi skýrði stefnandi svo frá, að hún hefði sturlast, þegar sér var neitað um að fara af deildinni, og þá farið að leita sér að glugga til að komast út um, en ekki fundið. Hún hafi þá farið inn á herbergi sitt til að hvílast, en þá séð, að járn á glugganum var brotið, og hafi sér tekist að komast út um hann. Ekki gat hún lýst þessu frekar og kvaðst raunar muna óljóst þessa atburði.

Herbergisfélagi stefnanda þennan dag bar, að henni hefði greinilega liðið mjög illa, hún hefði verið „langt niðri" og lokað sig af.

Jóhannes Bergsveinsson bar fyrir dómi, að þegar stefnandi hefði komið á deildina, hefði verið vafi, hvort hún væri ekki í geðveikisástandi, er stafaði af amfetamínneyslu, sem meðal annars hefði í för með sér svefntruflanir. Þegar hún var flutt á almenna hluta deildarinnar, hefðu þessi einkenni verið horfin.

Halla Þórhallsdóttir bar, að þegar hún hefði komið á vakt kl. 15.30 6. júní, hefði stefnandi verið róleg, og kvaðst hún ekki hafa orðið vör við, að hún væri að leita fyrir sér um útgönguleið, raunar ekkert í fari hennar gefið tilefni til að ætla, að hún myndi reyna að strjúka.

Eins og nú hefur verið rakið, var stefnandi flutt á almenna hluta deildarinnar, þegar ástand hennar leyfði að mati læknis. Hún ber sjálf hjá lögreglu nokkrum dögum eftir, að hún fór út um gluggann, að þá hafi hún ekki lengur haft ofskynjanir, sem voru ástæða þess, að hún leitaði á náðir deildarinnar. Fyrir dómi bar hún, að hún hefði sturlast, þegar hún frétti, að henni væri ekki heimilt að fara af deildinni. Þessi framburður hennar fær ekki stoð í framburði þeirra Höllu Þórhallsdóttur og Jóhannesar Bergsveinssonar og raunar ekki heldur í framburði herbergisfélaga hennar.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er ósannað, að stefnandi hafi verið í slíku ástandi, er hún var flutt yfir á almenna hluta deildarinnar, að hún hafi þurft á meiri aðgæslu og umönnun að halda en aðrir sjúklingar, er þar voru. Þá er ekkert fram komið í málinu, sem bendir til þess, að starfs-

fólk deildarinnar hafi mátt vænta þess, að stefnandi gripi til þess að fara út um glugga, og þess vegna átt að hafa á henni strangari gætur en hafðar voru. Dómurinn hafnar af þeim sökum því, að stefnandi eigi bótarétt á hendur stefnda vegna þessarar málsástæðu.

Síðari málsástæða stefnanda er sú, að gluggabúnaður í herbergi hennar hafi verið í óforsvaranlegu ástandi, sem sé afleiðing af hirðuleysi starfsmanna stefnda, sem metið verði þeim til sakar, og þess vegna á ábyrgð hans.

Óumdeilt er, að járn á glugganum var brotið, og olli það því, að hægt var að opna hann um 16 cm. Við vettvangsgöngu kom í ljós, að við eðlilegar aðstæður er ekki unnt að opna glugga í umræddu herbergi nema um 7–8 cm. Þrátt fyrir það að starfsmenn stefnda beri ábyrgð á því, að gluggarnir séu í forsvaranlegu ástandi, verður ekki fram hjá því litið, að vegna þess að járnið var brotið, opnaðist glugginn aðeins um 16 cm, og verður það ekki metið starfsmönnum stefnda til sakar að hafa ekki gert ráð fyrir, að sjúklingar myndu troða sér út um þá rifu, en til þess að það megi takast, þarf mjög einbeittan ásetning. Dómurinn hafnar af þeirri ástæðu einnig því, að stefnandi eigi bótarétt á hendur stefnda vegna síðari málsástæðu hennar.

Samkvæmt framanrituðu er það álit dómsins, að tjón stefnanda sé henni sjálfri að kenna, en ekki atvikum, sem stefndi beri ábyrgð á, og verður hann af þeim sökum sýknaður af kröfum hennar.

Stefnanda var veitt gjafsókn í málinu. Rétt þykir, að málskostnaður á milli aðila falli niður, en gjafsóknarkostnaður stefnanda skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Ásgeirs Á. Ragnarssonar hdl., 180.000 kr., auk virðisaukaskatts.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, er sýknaður af kröfum stefnanda, B.

Málskostnaður á milli aðila fellur niður, en gjafsóknarkostnaður stefnanda skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Ásgeirs Á. Ragnarssonar hdl., 180.000 kr., auk virðisaukaskatts.

Þriðjudaginn 25. mars 1997.

Nr. 383/1996. **Ákæruvaldið**
(Sigríður Jósefsdóttir saksóknari)
gegn
Jóhannesi Kristni Björnssyni
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Virðisaukaskattur. Staðgreiðsla skatta. Fjárdráttur. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Málinu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 14. október 1996 að ósk ákærða. Endanlegar kröfur hans eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum ákæruvalds um refsingu samkvæmt I. kafla ákæru og að honum verði dæmd vægasta refsing, sem lög leyfa, vegna ákæruatriða, sem getur í II. og III. kafla ákæru.

Ákæruvaldið krefst nú staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

I.

Fyrir Hæstarétti studdi ákærði sýknukröfu sína vegna I. kafla ákæru við það, að hann hefði í reynd staðið ríkissjóði skil á öllum þeim virðisaukaskatti, sem félag, er hann veitti forstöðu, Sefgarðar hf. (áður Gullkornið hf.), hefði innheimt. Skattskilin hafi hins vegar ekki farið fram á réttum gjalddögum, og sumum virðisaukaskattsskýrslum hafi fylgt greiðsla, en ekki öllum. Því hafi skattyfirvöld gert félaginu að greiða álag og dráttarvexti samkvæmt 27. og 28. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, sem ekki hafi reynst unnt að greiða vegna bágrar fjárhagsstöðu félagsins. Enga heimild sé að finna í lögum nr. 50/1988 til að refsa þeim, sem ekki geti greitt álag á virðisaukaskatt og dráttarvexti, sbr. 40. gr. laganna.

Í héraðsdómi er þess réttilega getið, að áfrýjandi stóð á árinu 1994 ekki skil á virðisaukaskatti vegna tveggja greiðslutímabila á árunum 1993 og 1994. Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 varðar það refsingu, að skattskyldur aðili afhendi ekki á lögmæltum tíma virðisaukaskatt, sem hann hefur innheimt, sbr. 1. mgr. 24. gr. laganna. Eftir þessu verður unnið til refsingar með því einu að láta ógert að skila umræddum gjöldum í ríkissjóð á tilskildum tíma.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með vísan til forsendna héraðsdóms verður sakfelling ákærða vegna allra liða ákærunnar staðfest og heimvísun brota hans í héraðsdómi til refsiákvæða.

II.

Þegar litið er til brota ákærða, þykir hæfileg refsing vera fangelsi í fjóra mánuði. Við ákvörðun refsingar verður litið til þess, að ákærði hefur ekki áður gerst sekur um brot, sem máli skiptir við ákvörðun refsingar nú. Í ljósi þess verður öll refsivist ákærða skilorðsbundin. Verður honum jafnframt gert að greiða sekt, en fjárhæð hennar þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Vararefsing í stað sektar verður ákveðin fangelsi í þrjá mánuði, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa. Þá skal ákærði greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhannes Kristinn Björnsson, sæti fangelsi í fjóra mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar í tvö ár frá uppsögu dóms þessa, og falli hún niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 1.000.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella fangelsi í þrjá mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar G. Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 12. september 1996.

Ár 1996, fimmtudaginn 12. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 439/1996: Ákæruvaldið gegn Jóhannesi Kristni Björnssyni, sem tekið var til dóms 6. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 30. apríl sl., á

hendur ákærða, Jóhannesi Kristni Björnssyni, Skerplugötu 3, Reykjavík, kt. 220449-2039, „sem framkvæmdastjóra Gullkornsins hf., síðar Sefgarða hf., kt. 560982-1009, Seltjarnarnesi, sem úrskurðað var gjaldþrota 8. maí 1995, fyrir fjárdrátt og brot á skattalögum í rekstri félagsins árin 1993–1994, svo sem rakið er.

I. Brot á lögum um virðisaukaskatt:

Ákærða er gefið að sök að hafa árið 1994 vanrækt að standa ríkissjóði skil á virðisaukaskatti, 319.060 kr., sem innheimtur var samkvæmt sölureikningum félagsins, 253.234 kr. vegna greiðslutímabilsins nóvember–desember 1993, og 65.826 kr. vegna greiðslutímabilsins mars–apríl 1994.

Telst þetta varða við 1. mgr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, sbr. nú 3. gr. laga nr. 42/1995.

II. Brot á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda:

Ákærða er gefið að sök að hafa árin 1993 og 1994 vanrækt að standa ríkissjóði skil á 1.643.850 kr., sem haldið hafði verið eftir af launum starfsmanna félagsins, samkvæmt ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987, sbr. lög nr. 90/1987, og sundurliðast þannig:

Árið 1993				
Janúar	kr.	78.278		
Febrúar	–	149.160		
Mars	–	142.601		
Apríl	–	166.510		
Maí	–	187.980		
Júní	–	127.663		
Ágúst	–	77.098		
September	–	163.103		
Október	–	182.414		
Nóvember	–	153.695		
Desember	–	85.966	kr.	1.514.468
Árið 1994				
Janúar			–	129.382
			Samtals kr.	1.643.850

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 7. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, sjá nú 2. gr. laga nr. 42/1995 og 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 39/1995.

III. Fjárdráttur:

Ákærða er gefið að sök að hafa árið 1994 við útborgun launa til starfsmanna félagsins haldið eftir af launum samtals 207.293 kr., sem ganga áttu til greiðslu á iðgjöldum starfsmanna hjá Almennum lífeyrissjóði iðnaðarmanna, en eigi staðið skil á því fé, eins og skylt var, heldur dregið það félaginu og notað í rekstur þess. Fjárhæðin sundurliðast á tímabil sem hér greinir:

Mars	kr.	29.147
Maí	–	31.197
Júní	–	23.601
Júlí	–	29.975
Ágúst	–	30.092
September	–	31.636
Október	–	31.595
	Samtals kr.	207.243

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar".

Málavextir.

Ákærði var framkvæmdastjóri fyrirtækisins Gullkornsins hf., síðar Sefgarða hf., á þeim tíma, sem hér um ræðir, og fram að því, að félagið varð gjaldþrota í maí 1995. Námu lýstar kröfur í búið rúmum 14 milljónum króna, en búið reyndist eignalaust. Starfsemi hafði verið brauðgerð og rekstur bakarís.

I. kafli ákæru.

Samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu ákærða nam skattskyld velta félagsins í nóvember og desember 1993 5.888.154 kr. Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laga um virðisaukaskatt bar honum að standa ríkissjóði skil á mismun útskatts og innskatts, 253.234 krónum. Gjalddagi skuldarinnar var samkvæmt 1. mgr. 24. gr. þeirra laga 7. febrúar 1994. Stóð ákærði þá ekki skil á skattinum og varð við það brotlegur við 1. mgr. 40. gr. laganna, eins og í ákæru segir.

Samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu ákærða nam skattskyld velta félagsins í mars og apríl 1994 3.600.027 kr. Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laga um virðisaukaskatt bar honum að standa ríkissjóði skil á mismun útskatts og innskatts, 65.826 krónum. Gjalddagi skuldarinnar var samkvæmt 1. mgr. 24. gr. þeirra laga 5. ágúst 1994. Stóð ákærði þá ekki skil á skattinum og varð við það brotlegur við 1. mgr. 40. gr. laganna, sbr. nú 3. gr. laga nr. 42/1995, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

II. kafli ákæru.

Samkvæmt sakargögnunum bar ákærða að standa ríkissjóði skil á samtals 1.727.696 kr., sem hann hafði haldið eftir af launum starfsmanna sinna árið 1993 vegna staðgreiðslu opinberra gjalda. Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda bar ákærða að greiða ótilkvaddur mánaðarlega það fé, sem hann hélt eftir eða bar að halda eftir af launum næstliðins mánaðar, og samkvæmt 3. mgr. þeirrar greinar er gjalddagi greiðslunnar 1. hvers mánaðar og eindagi 14. dögum síðar. Ákærði hefur einungis innt af hendi tvær greiðslur upp í skuld þessa. Hina fyrri greiddi hann 16. ágúst 1993, 106.837 kr., og með því jafnháa skuld vegna næstliðins júlímánaðar. Er og enda ekki ákært fyrir þá skuld. Hina síðari, 106.391 kr., innti ákærði af hendi 7. janúar 1994, og hefur sú greiðsla verið dregin frá skuld ákærða vegna janúarmánaðar 1992, 184.699 kr. Er hann þannig aðeins saksóttur fyrir mismuninn, þ. e. 78.278 kr. Þá liggur enn fremur fyrir, að ákærði hefur ekki staðið skil á 129.382 kr., sem hann hafði haldið eftir af launum starfsmanna sinna fyrir janúarmánuð 1994 vegna staðgreiðslu opinberra gjalda, eins og honum bar samkvæmt því, sem rakið er hér að framan. Með því að standa ekki ríkissjóði skil á skatti þessum, samtals 1.643.850 kr., hefur ákærði orðið brotlegur við 2. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Telst brot ákærða vera stórfellt og varðar því einnig við 262. gr. almennra hegningarlaga, sbr. nú 2. gr. laga nr. 39/1995, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

III. kafli ákæru.

Ákærði er saksóttur fyrir að hafa árið 1993 (ekki 1994, eins og misritast hefur í ákæru) við útborgun launa til starfsmanna fyrir mánuðina mars og maí til október ekki staðið skil á 207.243 kr. til Almenns lífeyrissjóðs iðnaðarmanna. Er fjárhæð þessi byggð á skilagreinum ákærða, en inni í henni er lífeyrisiðgjald ákærða sjálfs, 36.400 kr. Af gögnum málsins er ljóst, að ákærði stóð lífeyrissjóðnum ekki skil á fé þessu, og hefur komið fram hjá honum, að það hafi runnið í rekstur fyrirtækisins. Ákærði er saksóttur fyrir að draga sér eða fyrirtækinu fé þetta, og ber að sakfella hann fyrir fjárdrátt, að því er tekur til iðgjalda starfsmannanna, 170.843 kr., en sýkna hann, að því er varðar iðgjöld hans sjálfs.

Refsing, sakarkostnaður.

Brot ákærða voru framin fyrir gildistöku laga nr. 39/1995 og 42/1995. Um refsinguna þykir verða að hafa hliðsjón af dómum Hæstaréttar í hliðstæðum málum hin síðari ár, en sakaferill ákærða hefur ekki þýðingu fyrir málið. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin fangelsi fimm mánuði. Rétt þykir að fresta framkvæmd fjögurra mánaða af refsingunni og ákveða, að sá hluti

hennar falli niður að liðnum þremur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dæma ber ákærða til þess að greiða 1.000.000 króna í sekt til ríkissjóðs, og komi fjögurra mánaða fangelsi í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu. Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Kristins Bjarnasonar hdl., 50.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhannes Kristinn Björnsson, sæti fangelsi 5 mánuði. Framkvæmd 4 mánaða af refsingunni er frestað, og fellur sá hluti hennar niður að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði 1.000.000 króna í sekt til ríkissjóðs, og komi 4 mánaða fangelsi í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Kristins Bjarnasonar hdl., 50.000 krónur.

Þriðjudaginn 25. mars 1997.

Nr. 306/1996. **Lofthildur Kristín Loftsdóttir**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Kristbjörgu Jónsdóttur
vegna þrotabús
Hannesar Ragnars Franzsonar
(Guðmundur Kristjánsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Gjaldþrot. Kaupmáli. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. ágúst 1996. Hún krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefndu, en til vara, að fjárkröfur stefndu verði stórlega lækkaðar. Í báðum tilvikum krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis 20. desember 1996 var stefndu veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt afsal, dagsett 15. ágúst 1996, þar sem fram kemur, að áfrýjandi hefur selt fasteignina Lambastekk 11 í Reykjavík.

I.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Fallist er á þá niðurstöðu hans, að ráðstöfun Hannesar Ragnars Franzsonar á eignum þeim, sem gerðar voru að séreign áfrýjanda með kaupmálanum, sem skráður var 11. maí 1989, hafi verið gjafagerningur í skilningi 2. mgr. 51. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978, en frestdagur við gjaldþrotaskiptin var 7. maí 1991. Þótt ekki sé sannað, að Hannes Ragnar hafi gert sér grein fyrir umfangi bótakröfunnar, áður en kaupmálinn var gerður, þá var honum þó ljóst miðað við þau gögn, sem liggja fyrir, að bótakrafa yrði höfð uppi. Er fallist á það með héraðsdómara, að áfrýjandi hafi ekki sýnt fram á gjaldfærni hans og

að riftunarheimild sé fyrir hendi samkvæmt framangreindri lagagrein.

II.

Stefnda byggir endurgreiðslukröfu sína á 1. mgr. 61. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 190. gr. núgildandi laga nr. 21/1991. Með dómi Hæstaréttar í máli þessu 14. desember 1995 var því vísað heim í hérað, þar sem bótakrafa stefndu hefði ekki fengið efnislega meðferð, og lagt fyrir héraðsdómara að bíða úrslita dómsmáls stefndu gegn þrotabúi Hannesar Ragnars Franzsonar. Það mál var fellt niður 7. mars 1996 eftir að lögmaður stefndu hafði lýst yfir, að hann féllist á afstöðu skiptastjóra, eins og hún birtist á kröfuskrá, þar sem skiptastjóri hefði samþykkt, að krafan bæri vexti frá úrskurðardegi til greiðsludags.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, varð krafa stefndu eina krafan í þrotabúi Hannesar Ragnars Franzsonar. Þegar sú afstaða var tekin að fella niður mál stefndu gegn þrotabúinu, var ekki tekið tillit til hagsmuna þrotamanns eða áfrýjanda, en niðurstaða málsins hlaut að skipta þau miklu. Er ljóst, að krafan hlaut ekki þá efnislegu umfjöllun, sem að var stefnt með heimvísun málsins og venja er um bótakröfur í örorkumálum. Stefnda kom aldrei fyrir dóm til skýrslugjafar um tjón sitt. Í málinu liggur fyrir örorkumat frá 7. október 1988 og örorkutjónsútreikningur, sem á því er byggður, frá 12. janúar 1989. Nýrri gagna nýtur ekki um heilsuhagi stefndu. Fyrir liggur hins vegar, að hún er í fullri vinnu. Henni var á sínum tíma metin 10% varanleg örorka vegna áverka á hægra hnélið og 15% örorka vegna depurðar og kvíða, sem hafi ásótt hana. Liggur ekki fyrir, hvernig þessi mein hafi hafst við og hvort þau raski tekjumöguleikum hennar.

Samkvæmt framansögðu þykir mjög á skorta, að í málinu liggi fyrir skilmerkileg gögn, sem höfð verði til hliðsjónar við mat á tjóni stefndu. Verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað stefndu skal vera ó-

raskað, en gjafsóknarkostnaður hennar fyrir Hæstarétti greiðist svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera ómerkur um annað en gjafsóknarkostnað, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Gjafsóknarkostnaður stefndu, Kristbjargar Jónsdóttur, fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun talsmanns hennar, Guðmundar Kristjánssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. maí 1996.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms miðvikudaginn 15. maí sl., hefur Kristbjörg Jónsdóttir, kt. 010832-3579, Víðihvammi 26, Kópavogi, vegna þrotabús Hannesar Ragnars Franzsonar, kt. 091125-3749, Skógarhlíð 6, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu 27. maí 1992 á hendur Lofthildi Kristínu Loftsdóttur, kt. 230828-2459, Lambastekk 11, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að rift verði með dómi gjöf Hannesar Ragnars Franzsonar til eiginkonu sinnar, stefndu, sem felst í kaupmála þeirra, dags. 10. maí 1989, og skráðum í kaupmálabók embættis yfirborgarfógetans í Reykjavík 11. sama mánaðar. Krafist er riftunar gjafarinnar að því marki, sem nauðsynlegt er til fullnustu öllum stefnukröfum og enn fremur öllum málskostnaði stefnanda, beinum sem afleiddum.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru að öðru leyti svohljóðandi:

Aðallega, að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda vegna þrotabúsins 2.621.795 kr. auk dráttarvaxta af 1.622.656 kr. frá 30. september 1991 með árlegri höfuðstólsfærslu þeirra til greiðsludags.

Til vara, að stefnda verði dæmd til að afhenda og afsala umræddu þrotabúi fasteigninni að Lambastekk 11, Reykjavík, og sumarhúsi í landi Syðri-Reykja, Biskupstungnahreppi í Árnessýslu (50% eignarhluta), sem hún fékk að gjöf með áðurnefndum kaupmála, og auk þess að greiða þrotabúinu 400.000 kr. auk dráttarvaxta frá 11. maí 1989 með árlegri höfuðstólsfærslu þeirra til greiðsludags.

Að stefnda verði dæmd til að greiða málskostnað að meðtöldum virðisaukaskatti, eins og mál þetta sé eigi gjafsóknarmál, og taki til alls kostnaðar, áfallins og útlagðs, við árangurslausa löghaldsgerð og eftirfarandi gjaldþrotameðferð hjá nefndum þrotamanni.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda í málinu, en til vara, að fjárkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar. Í báðum tilvikum krefst stefnda, að stefnandi verði dæmd til að greiða sér málskostnað að mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá og með 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Með bréfum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 15. desember 1992 og 10. apríl 1996, var stefnanda veitt gjafsókn í máli þessu.

Upphaflega gerði stefnda kröfu um frávísun málsins, en með úrskurði, upp kveðnum 19. nóvember 1993, var frávísunarkröfu hafnað. Málskostnaður var ekki dæmdur í þeim þætti málsins.

Dómur í málinu var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur 26. janúar 1994. Dóminum var áfrýjað til Hæstaréttar, sem kvað upp dóm í málinu nr. 79/1994: Lofthildur Kristín Loftsdóttir gegn Kristbjörgu Jónsdóttur vegna þrotabús Hannesar Ragnars Franzsonar, 14. desember 1995. Var hinn afrýjaði dómur ómerktur um annað en gjafsóknarkostnað og málinu vísað heim í hérað. Lagt var fyrir héraðsdómara að bíða úrslita héraðsdómsmálsins X-5/1992: Kristbjörg Jónsdóttir gegn þrotabúi Hannesar Ragnars Franzsonar, áður en dómur yrði lagður á málið að nýju. Hinn 7. mars 1996 var síðastgreint mál fellt niður í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0. *Málavextir.*

Laugardaginn 3. október 1987 sneri Kristbjörg Jónsdóttir sér til Rannsóknarlögreglu ríkisins og kærði Hannes Ragnar Franzson, eiginmann stefndu, fyrir líkamsárás og tilraun til nauðgunar næstliðna nótt á heimili hans. Greindi hún þegar frá atvikum öllum og einnig síðar fyrir sakadómi. Kæra þessi leiddi til handtöku Hannesar Ragnars, og að lokinni rannsókn lögreglu og á grundvelli hennar gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur honum fyrir líkamsárásarbrot gegn stefnanda samkvæmt 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Var hann bæði í héraði og í Hæstarétti fundinn sekur um líkamsárás umrætt sinn og honum gert að sæta fjögurra mánaða skilorðsbundnu varðhaldi í dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 23. nóvember 1989.

Hlaut Kristbjörg varanlega líkamsáverka af áðurgreindri árás Hannesar Ragnars. Mat Björn Önundarson læknir örorku stefnanda 100% fyrstu þrjá

mánuðina eftir árásina, 50% í næstu fjóra mánuði og síðan 25% varanlega að meðtalinni örorku vegna andlegrar afleiðingar árásarinnar.

– – –

5.0. *Forsendur og niðurstaða.*

Ágreiningur málsaðila snýst í fyrsta lagi um það, hvort áðurgreindar eignir, er gerðar voru að séreign stefndu með kaupmála fyrrnefnds Hannesar Ragnars Franzsonar og eiginkonu hans, stefndu Lofthildar, dagsettum 10. maí 1989 og skráðum í kaupmálabók við embætti borgarfógetaembættisins í Reykjavík 11. maí sama ár, séu riftanlegar samkvæmt 2. mgr. 51. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sbr. 190. gr. núgildandi laga nr. 21/1991, en eignir þessar voru áður skráðar eignir Hannesar Ragnars, og samkvæmt skattframtölum var ekki um aðrar eignir hans að ræða.

Bú Hannesar Ragnars var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaráðandans í Reykjavík, upp kveðnum 30. september 1991, eftir kröfu stefnanda, dags. 7. maí 1991, sem barst skiptarétti samdægurs. Verður því að telja þann dag frestdag í því tilviki, sem hér um ræðir, sbr. 1. gr. laga nr. 6/1978.

Umræddar eignir voru því afhentar, sbr. 60. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978, innan 24 mánaða fyrir frestdag til nákomins í skilningi 2. mgr. 51. gr. laganna. Ekki verður talið, að um venjulegar tækifærisgjafir eða svipaðar gjafir sé að ræða, sbr. 3. mgr. 51. gr. laga nr. 6/1978 og 2. mgr. 30. gr. þágildandi laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna, sbr. 5. mgr. 139. gr. laga nr. 31/1993.

Stefnandi heldur því fram, að Hannes Ragnar hafi, áður en kaupmáli var gerður, verið krafinn um greiðslu þeirrar fjárkröfu stefnanda, sem áður er lýst, sbr. sundurliðað kröfubréf til hans, dags. 26. apríl 1989, sem fyrir liggur í málsskjölum, en afrit af því bréfi mun hafa verið sent lögmanni hans. Hannes Ragnar kannaðist þó ekki við móttöku bréfsins við munnlega skýrslutöku í málinu við aðalmeðferð þess. Þá var umræddri bótakröfu stefnanda lýst í þrotabúið, merktri nr. 1 á skrá yfir lýstar kröfur.

Við munnlega skýrslutöku fyrir dómi taldi Hannes Ragnar tilgang kaupmálagerðarinnar vera þann að tryggja fjárhagslegt öryggi stefndu. Við úrlausn máls þessa verður að líta til þessa markmiðs hans sérstaklega og annarra þeirra valkosta, sem honum stóðu til reiðu til að ná því. Þá verður að telja, að Hannes Ragnar hafi haft vitneskju um kröfu Kristbjargar Jónsdóttur, áður en kaupmálinn var gerður. Þegar þetta er virt og litið er til orðalags 2. mgr. 51. gr. laga nr. 6/1978, telur dómurinn, að á stefndu hvíli sönnunarbyrðin um það, að Hannes Ragnar hafi verið gjaldfær fyrir afhendingu eignanna og verið það þrátt fyrir afhendingu þeirra. Þykir stefnda ekki hafa sýnt fram á það.

Með tilvísun til þessa verður þegar af þeim ástæðum, sem greindar hafa verið, að fallast á heimild stefnanda til riftunar. Skal því næst vikið að endurgreiðslukröfu stefnanda.

Stefnandi reisir endurgreiðslukröfu sína í aðalkröfu m. a. á 1. mgr. 62. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sbr. 190. gr. núgildandi laga nr. 21/1991. Samkvæmt 1. málslið þess ákvæðis ber þeim, sem hag hafði af ráðstöfun eða réttargerð, að greiða búinu fé, sem svarar til þess, er greiðsla búsins hefur orðið honum að notum, þó ekki hærri fjárhæð en tjóni búsins nemur. Því verður að telja rétt, að stefnda greiði búinu fé, sem svari til verðmætis greiðslu á riftunardegi, en þó ekki meira en því tjóni nemur, sem kröfuhafar verða fyrir vegna þeirrar ráðstöfunar, sem rift er.

Fyrir liggur, að stefnda er eini kröfuhafi í búinu. Viðurkennd krafa hennar nemur 2.621.795 kr. auk vaxta. Því verður að telja tjón búsins verðmæti greiðslu á þeim degi, er ráðstöfun var gerð, auk vaxta, þó ekki hærri fjárhæð en hinni viðurkenndu kröfu nemur. Varakrafa stefnanda, sem byggist á skilareglu 64. gr. laganna, kemur því ekki til álita, enda yrði slík endurgreiðsla miklum erfiðleikum bundin, m. a. af því, að stefnda hefur þegar selt hluta eignanna.

Líta verður á verðmæti þeirrar gjafar, sem rift er, á riftunardegi samkvæmt fram lögðum gögnum. Málsaðilar hafa ekki lagt fram önnur gögn um verðmæti fasteignarinnar en fasteignamat og brunabótamat. Þar sem grundvöllur brunabótamats er endurbyggingarkostnaður vegna bruna, telur dómurinn réttara að miða við fasteignamat, sem fremur byggist á gangverði eigna. Að því er varðar verð bifreiðarinnar, þykir rétt að miða við verð hennar samkvæmt kaupmála, þar sem verð samkvæmt skattframtali er upphaflegt kaupverð hennar. Þar sem ekki liggur fyrir mat á innbúi, þykir rétt að miða við verð þess samkvæmt kaupmála. Er því samtala fasteignamats greindra fasteigna, er kaupmáli var gerður, auk verðs bifreiðar og innbús samtals 9.776.500 kr. Þá ber að draga frá áhvílandi skuldir samkvæmt kaupmála, 869.882 kr. Samtals verður þá sú heildarfjárhæð, sem telja verður, að greiðsla búsins hafi orðið stefndu að notum, 8.906.618 kr., sem er hærri fjárhæð en tjón búsins samkvæmt framansögðu. Verður því að fallast á viðurkennda kröfu hennar, 2.621.795 kr., auk vaxta.

Rétt þykir að fallast á vaxtakröfu stefnanda, svo sem hún setur hana fram í aðalkröfu sinni og nánar greinir í dómsorði, og að vextir leggist við höfuðstól skuldar, sbr. meginreglu 12. gr. laganna.

Samkvæmt úrslitum málsins þykir rétt, að stefnda greiði 400.000 kr. í málskostnað, er renni í ríkissjóð. Ekki er fallist á, að stefnda greiði í þessu máli kostnað, áfallinn og útlagðan, sem stefnandi hefur haft af nauðsynleg-

um og lögbundnum aðdraganda málsóknar þessarar, þ. e. kostnað við árangurslausa löghaldsgerð og eftirfarandi gjaldþrotameðferð.

Í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 79/1994: Lofthildur Kristín Loftsdóttir gegn Kristbjörgu Jónsdóttur vegna þrotabús Hannesar Ragnars Franzsonar, 14. desember 1995, var hinn áfrýjaði héraðsdómur frá 26. janúar 1994 ómerktur um annað en gjafsóknarkostnað, en hann nam 400.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur, jafnframt því sem gjafsóknarkostnaður stefnanda fyrir Hæstarétti var ákveðinn 100.000 kr. Gjafsóknarkostnaður stefnanda vegna flutnings málsins í héraði eftir heimvísun þess, þ. e. málflutningslaun talsmanns hans, Guðmundar Kristjánssonar hæstaréttarlögmanns, sem ákveðst 70.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur, greiðist úr ríkissjóði.

Jón L. Arnalds héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Gjöf Hannesar Ragnars Franzsonar til eiginkonu sinnar, stefndu Lofthildar Kristínar Loftsdóttur, sem felst í kaupmála þeirra, dagsettum 10. maí 1989 og skráðum í kaupmálabók yfirborgarfógetaembættisins í Reykjavík 11. maí 1989, þ. e. fasteignin Lambastekkur 11, Reykjavík, sumarhús í landi Syðri-Reykja í Biskupstungnahreppi í Árnessýslu (50% eignarhluti), bifreiðin IR 417, Mercedes Benz, árgerð 1982, og allt innbú samkvæmt fylgiskrá, er rift.

Stefnda greiði stefnanda, Kristbjörgu Jónsdóttur vegna þrotabús Hannesar Ragnars Franzsonar, 2.621.795 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 1.622.656 kr. frá 30. september 1991 til greiðsludags. Áfallnir vextir leggist við höfuðstól skuldar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 30. september 1992.

Stefnda greiði 400.000 kr. í málskostnað, er renni í ríkissjóð. Gjafsóknarkostnaður stefnanda eftir vísun málsins heim í hérað, þ. e. málflutningslaun talsmanns hennar, Guðmundar Kristjánssonar hæstaréttarlögmanns, 70.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur, greiðist úr ríkissjóði.

Þriðjudaginn 25. mars 1997.

Nr. 257/1996. **Vátryggingafélag Íslands hf.**
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Magnúsi H. Norðdahl
(Sigurður Sigurjónsson hrl.)

Vátrygging, skilmálar. Slys. Örorka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason, Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. júlí 1996 að fengnu áfrýjunarleyfi og krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem getur í héraðsdómi, varð stefndi fyrir tveimur slysum með eins mánaðar millibili í desember 1991 og janúar 1992. Í síðara skiptið rann hann til á hækjum í hálku, en vinstri fótur hans var þá í gifsi frá tám upp í nára eftir fyrra slysið. Féll hann aftur fyrir sig, og kom mikill hnykkur á vinstri mjöðm og bak. Kvaðst stefndi fyrir dómi strax hafa fundið til skerandi sársauka. Samkvæmt vottorði Svavars Haraldssonar læknis var „langlíklegast, að um spontant brjósklos væri að ræða".

Í 1. gr. vátryggingarskilmála áfrýjanda fyrir slysatryggingu segir, að félagið greiði bætur vegna slyss, er sá, sem tryggður er, verði fyrir, en með slysi sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem valdi meiðslum á líkama þess, sem tryggður er. 8. gr. skilmálanna fjallar um takmarkanir á bótaskyldu vegna sjúkdóma o. fl. Segir þar meðal annars, að félagið bæti ekki slys, sem beint eða óbeint hljótist af sjóndepru, heyrnardeyfu, lömun, bæklun, geðveiki, flogaveiki, krampa, slagi, sykursýki eða öðrum alvarlegum sjúkdómum eða veiklun.

12. gr. skilmálanna fjallar um bætur við varanlega örorku. C-liður hennar hljóðar svo: „Missir eða bæklun á útlim eða líffæri, sem var ónothæft fyrir slysið, gefur ekki rétt til bóta vegna varanlegrar ör-

orku. Missir eða bæklun á útlim eða líffæri, sem áður var bæklað, skal metið til varanlegrar örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið."

Ágreiningur málsaðila lýtur öðru fremur að því, hvort sú hrörnun í liðþófa, sem Atli Þór Ólason læknir lýsir í matsgerð sinni og hinir sérfróðu meðdómsmenn í héraðsdómi fallast á fyrir sitt leyti, skuli teljast bæklun í skilningi c-liðar 12. gr., enda telur áfrýjandi, að slysið hafi ekki nema að hluta valdið örorku stefnda, en að hluta hafi hún verið þegar til komin. Álit hinna sérfróðu meðdómsmanna var, að hrörnun þessi hefði verið eðlileg öldrun 38 ára gamals manns og að hún yrði ekki talin bæklun í þessum skilningi.

Ekki er ástæða til annars en skýra ákvæði þetta eftir orðanna hljóðan. Eðlilegt er að líta svo á, að með bæklun á útlim eða líffæri sé átt við ástand, sem til þess sé fallið að valda skerðingu á starfsorku. Fer sá skilningur ekki í bága við markmið vátryggingarinnar samkvæmt 1. gr. skilmálanna eða fyrrgreind ákvæði 8. gr. þeirra. Hrörnunin á liðþófa stefnda, sem í ljós kom við skurðaðgerð, hafði fyrir slysið ekki skert starfsorku hans, að því er vitað sé. Áfrýjandi hefur ekki á annan hátt leitast við að sanna eða leiða líkur að því, að þessi umrædda hrörnun í liðþófa hafi í raun háð stefnda svo, að hún verði talin bæklun. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur, eins og stefndi hefur krafist.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Vátryggingafélag Íslands hf., greiði stefnda, Magnúsi H. Norðdahl, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 2. apríl 1996.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., var höfðað með þingfestingu og framlagningu sóknargagna 21. september sl.

Stefnandi er Magnús Haukur Norðdahl, kt. 200254-4069, Þverási 35, Reykjavík.

Stefndi er Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.887.320 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 355.170 kr. frá 21. nóvember 1994 til greiðsludags. Þess er krafist, að dæmt verði, að vextir verði lagðir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 21. nóvember 1995, en síðan árlega þann dag. Frá dragist innborganir stefnda inn á kröfu stefnanda, 1.532.250 kr., miðað við 21. nóvember 1994.

Af hálfu stefnanda er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda af stefnufjárhæðum að mati réttarins, en áskilinn er réttur til þess að leggja fram sérstakan málskostnaðarreikning við aðalflutning málsins, ef til hans kemur.

Krafist er 24,5% virðisaukaskatts á tildæmdan málskostnað og vaxta.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað að mati dómsins, en til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

II.

Málavextir.

Stefnandi krefur stefnda um skaðabætur vegna slyss, er hann varð fyrir 22. desember 1991, en stefnandi varð þá fyrir því, að hestur sló hann og braut vinstri sköflung neðan hnés. Stefnandi var tryggður almennri slysatryggingu hjá stefnda. Stefnandi var þegar fluttur á slysadeild Borgarspítalans og þaðan á Landakotsspítala til frekari meðhöndlunar. Stefnandi var því næst margsinnis til meðferðar á göngudeild spítalans í eftirmeðferð, en stefnandi var óvinnufær fram í miðjan júní 1992. Hann gerði þá tilraun til að vinna, en varð að hætta eftir tvo mánuði. Síðan hefur hann ekki stundað atvinnu sína.

Hinn 20. janúar 1992 varð stefnandi fyrir því óhappi að renna til í hálku. Í stefnu segir, að við það hafi hann fengið slink á vinstri mjöðm og bak og orðið að fara í aðgerð 18. september 1992 við brjósklosi af þeim sökum.

Samkvæmt vottorði Svavars Haraldssonar, læknis á Landakoti, dags. 26. júní 1992, sýndi CT-rannsókn, sem fram fór á stefnanda, að um brjósklos væri að ræða í liðbili L5-S1 vi. (sic) megin og sennilega um „frítt sequestrum" að ræða. Eitthvað muni stefnandi hafa haft óþægindi í baki áður, en að hans sögn hafi þessir bakverkir komið með útgeislun í vinstri ganglim eftir tognun 20. janúar.

Hinn 15. apríl 1993 mat Stefán Bogason læknir örorku stefnanda. Í örorkumati læknisins eru raktar helstu afleiðingar slyssins á heilsufar stefnanda.

Í niðurstöðu matsins segir:

– – –

„Tímabundin og varanleg örorka af völdum þessa slyss þykir hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi talið í tólf mánuði	100%.
Eftir það talið í þrjá mánuði	50%.
Varanleg örorka	20%.“

Hinn 28. september 1993 ritaði lögmaður stefnanda Sigurjóni Sigurðssyni, sérfræðingi hjá Tryggingastofnun ríkisins, bréf og óskaði álits hans á því, hvort tímabært væri að endurmeta tímabundna og varanlega örorku stefnanda. Í svari læknisins kom fram, að hann taldi ekki tímabært að gera örorkumat, þar sem stefnandi hefði ekki náð nægilegum bata, til þess að endanleg örorka hans yrði séð fyrir og metin.

Hinn 7. júní 1994 mat Sigurjón Sigurðsson, læknir og sérfræðingur í bæklunarlækningum, örorku stefnanda. Í niðurstöðu matsins segir:

– – –

„Með tilliti til þess, sem að framan er getið, og þar sem nú er svo langur tími liðinn, frá því að áverki þessi varð, og ekki von á frekari bata, og ef eitthvað er, má frekar búast við versnun, má segja, að hin varanlega örorka sé þrjátíu prósent (30%).“

Hinn 27. júní 1994 var umrætt örorkumat sent stefnda og krafist uppgjörs, og var sú krafa áréttuð með bréfi 1. nóvember 1994.

Að beiðni stefnda mat Atli Þór Ólason læknir 7. nóvember 1994 örorku stefnanda. Í matsgerðinni er sjúkrasögu og stefnanda lýst, en því næst segir í niðurstöðu matsins:

– – –

„Í tryggingarlæknisfræðilegum skilningi vakna tvær spurningar. Hin fyrri er, hvort atburðurinn í janúar 1992 hafi verið slys eða ekki. Það, sem mælir með, að svo sé, er að Magnús hrasar vegna hálku, sem telja mætti utanaðkomandi þátt, og atburðurinn er einn og skyndilegur. Við slíkar aðstæður, sérstaklega þar sem hann er ekki fær um að stíga í báða fætur, heldur gengur við tvær hækjur, má gera ráð fyrir, að átök séu önnur en ella hefði verið. Því mætti hugsa sér, að mikill hnykkur hafi getað komið á bakið, sem hafi rekið endahnútinn á, að hrörnaður liðþófi hafi rifnað.

Síðari spurningin er, hvort forskaðaður liðþófi, hrörnaður, eigi þátt í núverandi einkennum slasaða. Þeirri spurningu verður að svara játandi, þar sem slysaáverkinn er ekki mikill og hefði undir venjulegum kringumstæðum ekki getað skemmt heilbrigðan liðþófa.“

Var niðurstaða læknisins sú, að örorka vegna hugsanlegs bakáverka næmi 20%, en forskaða mætti meta til 5% varanlegrar örorku. Einnig mat hann varanlega 10% læknisfræðilega örorku vegna slyssins 21. desember 1991. Samtals var þetta 25% örorka.

Hinn 21. nóvember 1994 sendi stefndi lögmanni stefnanda bréf ásamt ávísun, að fjárhæð 1.332.250 kr. Af greiðslu mátti ráða, að félagið greiddi bætur miðað við 25% varanlega örorku.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi vísar til þess, að hann hafi keypt almenna slysatryggingu hjá stefnda. Samkvæmt henni eigi stefndi að greiða dagpeninga í tiltekinn tíma, en síðan bætur vegna varanlegrar örorku, hundraðshluta af ákveðinni fjárhæð, sem var 5.065.000 kr., er tryggingin var tekin 1. febrúar 1991. Stefndi hafi greitt dagpeninga í samræmi við tryggingarskírteinið.

Í mati Atla Þórs Ólasonar sé komist að þeirri niðurstöðu, að varanleg örorka stefnanda verði metin 30%. Í örorkumati læknisins séu vangaveltur og ágiskanir um það, að hugsanlega hafi verið um að ræða slit í liðþófa eða það, sem læknirinn kallar forskaða, sem hafi aukið á tjón stefnanda. Útilokað sé fyrir Atla Þór Ólason að draga ályktun um hugsanlegar afleiðingar og orsakir og ástæður af umræddu slysi, sem hafi orðið í janúar 1992. Ljóst sé á orðalaginu „undir venjulegum kringumstæðum", að það verði ekki lagt til grundvallar sem mælikvarði á orsakir og afleiðingar þess, að stefnandi féll í hálku í janúar 1992. Matsgerðin staðfesti hins vegar niðurstöðu Sigurjóns Sigurðssonar í meginatriðum.

Í bréfi stefnda frá 21. nóvember komi fram, að félagið hafi talið eðlilegt að taka sér umþóttunartíma hálft annað ár, frá því að örorkumatsgerð lá fyrir, áður en félagið kvæði upp úr um afstöðu sína, þ. e. í nóvember 1994. Þá kemur fram sú afstaða, að stefndi telji, að sér beri ekki að greiða vexti af bótafjárhæðinni, fyrr en öll gögn liggi fyrir. Í tryggingarskilmálanum sé tekið fram, að vátryggingafélögin skuli miða við vísitölu framfærslukostnaðar. Hvergi sé tekið fram, að vátryggingarfjárhæðin beri eigi vexti, og sé ljóst með vísan til almennrar dómvenju, að reikna beri innlánsvexti á skaðabætur frá tjónsdegi auk verðbóta. Óeðlilegt sé, að stefndi geti tekið sér umþóttunartíma að vild á þeirri forsendu, að ekki liggi öll gögn fyrir.

Af hálfu stefnanda er gerð krafa um greiðslu 1.887.420 kr. að frádregnum 1.532.250 kr. Kröfugerðin er rökstudd svo, að 21. nóvember 1994 hafi stefndi greitt 1.532.250 kr., sem séu bætur miðað við 25% varanlega örorku auk verðbóta. Kröfugerð stefnanda miðað við 30% varanlega örorku verður því svofelld:

Höfuðstóll	kr.	1.609.500
Verðbætur frá 1. 2. 1991 (149,5 stig) til 24. 11. 1994 (180,8 stig)	–	229.300
Innlánsvextir frá 1. 2. 1991 til 24. 11. 1994	–	48.620
Samtals	kr.	1.887.420
Frá dragast	kr.	1.532.250
Mismunur, ógreiddur	kr.	355.170

Krafist sé vaxta af bótafjárhæð auk verðbóta, en dráttarvaxta frá 24. nóvember 1994 af mismuni þess, sem greitt var, og þeirrar kröfu, er stefnandi gerir, þ. e. 355.170 kr. Krafan um vexti sé reist á III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Krafa um verðbætur til 21. 11. 1994 sé reist á ákvæðum skilmála um tryggingu.

Þá gerir stefnandi kröfu um málskostnað úr hendi stefnda að mati réttarins. Stefnanda hafi verið nauðsynlegt að afla sér aðstoðar lögmanns til þess að knýja á um greiðslur skaðabóta, en félagið hafi færst undan að greiða skaðabætur í samræmi við tryggingarsamning. Sá ágreiningur, sem hér sé til meðferðar, sýni, að stefnanda hafi verið bæði rétt og nauðsynlegt að leita aðstoðar lögmanns við gagnaöflun og samkomulagsumleitanir við stefnda.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Sýknukrafa stefnda byggist á því, að ekki sé sönnuð meiri varanleg örorka en 25% af völdum umrædds slyss, sem stefndi hafi fullbætt samkvæmt skilmálum slysatryggingarinnar með uppgjöri 21. nóvember 1994. Eigi stefnandi ekki lög- eða samningsbundinn rétt til frekari bóta úr slysatryggingunni hjá stefnda.

– – –

III.

Niðurstaða.

Í málinu er ágreiningslaust, að stefnandi varð fyrir slysi 22. desember 1991 og síðan aftur í janúar 1992. Falla slys þessi undir bótaskyldu stefnda samkvæmt almennri slysatryggingu, sem stefnandi hafði keypt hjá stefnda.

Samkvæmt matsgerð Sigurjóns Sigurðssonar læknis, dags 7. júní 1994, er stefnandi talinn hafa hlotið 30% varanlega læknisfræðilega örorku af völdum beggja þessara atvika. Reisir stefnandi kröfugerð sína á þeirri matsgerð.

Stefndi vísar til matsgerðar Atla Þórs Ólasonar læknis, dags. frá 7. nóvember 1994. Í þeirri matsgerð er komist að sömu niðurstöðu um læknisfræðilega örorku stefnanda, þ. e., að hún sé 30%. Í matsgerð Atla Þórs Óla-

sonar eru hins vegar færð rök fyrir því, að stefnandi hafi verið haldinn forskaða fyrir slysin, sem megi meta til 5% varanlegrar örorku. Stefndi telur, að forskaði þessi falli utan tryggingarsviðs hinnar almennu slysatryggingar, þar sem aðeins skuli bætt sú örorka, sem hlaust af slysinu, en ekki hrörnun eða bæklun, sem hafi áður verið til komin. Í matsgerðinni segir, að fram komi í læknisvottorði Arons Björnssonar, dags. 30. 10. 1992, þar sem lýst sé aðgerð, sem stefnandi gekkst undir 18. september s. á., að liðþófi milli 5. mjóhryggjarliðsbolar og spjaldhryggjar hafi verið útbungandi og taugarótin verið fest niður á þessa útbungun. Eftir að skorið hafi verið á liðbandið, hafi ollið út hrörnaður liðþófavefur.

Atli Þór Ólason kom fyrir dóminn sem vitni og staðfesti matsgerð sína. Vitnið skýrði svo frá, að í þessu tilviki væri um óvenjulega augljósan forskaða að ræða. Í fyrsta lagi mætti lesa það út úr læknisvottorði Arons Björnssonar. Þá hafi slík hrörnun, sem þar sé lýst, ekki getað orðið á svo stuttum tíma, frá því að slysið varð í janúar og þar til aðgerð fór fram í september s. á. Liðþófinn hafi því verið hrörnaður á þeim tíma, sem síðara slysið varð. Vitnið sagði í öðru lagi, að ef liðþófinn hefði verið heill, hefði hann ekki átt að láta undan átaki, sem þarna varð, þar sem hann sé mjög sterkur. Áverkinn þurfi að vera slíkur, að hann gæti leitt til beinbrots, sem ekki hafi verið í þessu tilviki.

Fram hefur komið, að stefnandi hafi fundið til mjóbaksverkja fyrir slysin við mikla áreynslu. Þessi óþægindi hindruðu hann hins vegar ekki við erfið störf, og var hann, eftir því sem fram kemur í málinu, aldrei frá vinnu vegna þessa. Fyrir slysið var ekki vitað um neina bæklun eða skemmd í baki stefnanda.

Í c-lið 12. gr. vátryggingarskilmála fyrir tryggingu stefnanda segir, að missir eða bæklun á útlim eða líffæri, sem áður hafi verið bæklað, skuli metið til varanlegrar örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slys.

Það er álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að til þess beri að líta, að þegar slys varð, hafi stefnandi verið nær 38 ára og kominn með eðlilega öldrun á liðþófa. Að þessu leyti megi fallast á það örorkumat Atla Þórs Ólasonar læknis, að hrörnun hafi verið komin í liðþófa stefnanda við slys 20. janúar 1992.

Dómurinn telur hins vegar, að þessi hrörnun verði ekki talin bæklun á útlim í skilningi c-liðar 12. gr. vátryggingarskilmála fyrir tryggingu stefnanda. Stefnda þykir því ekki hafa tekist að sýna fram á, að stefnandi hafi verið bæklaður fyrir slysið, sem meta megi til varanlegrar örorku á slysdegi, en fyrir því ber stefndi sönnunarbyrði. Ber stefnda því að greiða stefnanda örorkubætur miðað við 30% varanlega örorku í stað 25%, sem hann hefur þegar gert.

Í 13. gr. vátryggingarskilmála umræddrar slysatryggingar segir efnislega, að ef tryggingartaki verði fyrir slysi, sem valdi varanlegri örorku innan þriggja ára frá slysdegi, skuli greiða bætur á grundvelli þeirrar upphæðar, er

í gildi var á slysdegi, eftir þeim reglum, sem tilteknar eru í skilmálunum. Einkum er vísað til 18. og 19. gr. vátryggingarskilmálanna. Samkvæmt tryggingarskilmálum skal greiða slysabætur innan fjórtán daga, eftir að fullnægjandi sannanir hafa borist fyrir bótaskyldu stefnda og unnt er að ákveða fjárhæð bótanna.

Málsaðila greindi í verulegum atriðum á um það, hver væri varanleg örorka stefnanda. Liggja frammi í málinu alls þrjár örorkumatsgerðir auk læknisvottorða.

Höfuðstól stefnukröfu miðað við 30% varanlega örorku er ekki mótmælt af hálfu stefnda. Þá er ekki ágreiningur um fjárhæð verðbóta, en samkvæmt 18. gr. vátryggingarskilmála skulu vátryggingarfjárhæðir samkvæmt skírteini breytast í hlutfalli við vísitölu framfærslukostnaðar. Tryggingarskilmálarnir gera hins vegar ekki ráð fyrir því, að stefndi greiði auk verðbóta vexti á því tímabili, sem hann hefur til að gera upp bótaskylt slys samkvæmt 13. gr. skilmálanna. Ber því að hafna kröfulið stefnanda um vexti.

Samkvæmt þessu ber stefnda að greiða stefnanda 306.550 kr. Rétt þykir, að stefndi greiði á þá fjárhæð meðaltalsvexti almennra sparisjóðsreikninga skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 24. nóvember 1994 til dómsuppkvaðningar, 2. apríl 1996, en dráttarvexti skv. III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur segir, að héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanni sé rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls, og hærra endurgjald, ef mál vinnst, en ef það tapast.

Stefnandi þurfti að leita lögmannsaðstoðar til að gæta hagsmuna sinna við bótauppgjör við stefnda, enda ágreiningur um læknisfræðilega örorku stefnanda, svo sem hér hefur komið fram. Að því virtu og með tilliti til þess verks, sem unnið var af lögmanni stefnanda, og hagsmuna þeirra, sem um er deilt, þykir rétt að dæma stefnda til að greiða stefnanda 175.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Ásgeiri B. Ellertssyni yfirlækni og Ríkarði Sigfússyni bæklunarskurðlækni.

Dómsorð:

Stefndi, Vátryggingafélag Íslands, greiði stefnanda, Magnúsi Hauki Norðdahl, 306.550 kr. með meðaltalsvöxtum almennra sparisjóðsreikninga skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 24. nóvember 1994 til 2. apríl 1996, en með dráttarvöxtum samkv. III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda alls 175.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 3. apríl 1997.

Nr. 144/1997. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Stefáni Axel Stefánssyni
(Elín Árnadóttir hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 26. mars 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 1. apríl sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 26. mars 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 17. apríl 1997. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að úrskurður héraðsdóms verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili skaut málinu einnig til Hæstaréttar með kæru 26. mars 1997. Krefst hann þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til 25. apríl 1997 kl. 16. Sóknaraðili reisir kröfu sína á a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Eins og málsatvikum er lýst í hinum kærða úrskurði, verður fallist á með héraðsdómi, að fullnægt sé skilyrðum a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds. Rannsókn máls þessa, sem er umfangsmikil og beinist að stórfelldum fjársvikum og skjalafalsi margra manna, er á frumstigi. Með vísan til þessa verður varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 25. apríl 1997 kl. 16.

Dómsorð:

Varnaraðili, Stefán Axel Stefánsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 25. apríl 1997 kl. 16.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 26. mars 1997.

Ár 1997, miðvikudaginn 26. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Áslaugu Björgvinsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Stefáni Axel Stefánssyni, kt. 291170-2939, með lögheimili að Laugavegi 22, Reykjavík, en dvalarstað að Fjallalind 105, Kópavogi, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 25. apríl 1997 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði var handtekinn í gær kl. 17.15 á söluskrifstofu Jöfurs hf. vegna grunar um aðild að stórfelldum fjársvika- og skjalafalsbrotum, er varða félagið Brúnir. Telur lögreglan, að vörur hafi verið sviknar út í nafni Brúna og Más Karlssonar hjá BYKO fyrir 798.096 kr. og Raftækjaverslun Heklu hf. fyrir 1.095.727 kr. með kaupum á bifreiðum, að verðmæti 2.090.129 kr., notkun á fölsuðu veðskuldabréfi, að fjárhæð 3.600.000 kr. og sölu á fjölda viðskiptabréfa í ýmsum bankastofnunum, þar sem fjárhæðir skipta milljónum, en vitað er fyrir víst um víxla að fjárhæð 4.700.000 kr.

Við handtöku var kærði að afhenda starfsmanni Jöfurs hf. skuldabréf, að fjárhæð 500.000 kr., út gefið af Brúnum og Má Karlssyni fyrir þess hönd. Einnig hafði hann í fórum sínum fimm önnur skuldabréf samhljóða áðurgreindu bréfi, tékkhefti frá Landsbanka Íslands með sex óútfylltum, en út gefnum tékkum með nafni Más Karlssonar auk annarra skjala, sem tengjast Brúnum.

Kærði hefur neitað sakargiftum. Hann hefur m. a. borið, að hann hafi verið starfsmaður Más Karlssonar og starf sitt falist í því að kaupa inn vörur fyrir hann. Ljóst er, að kærði hefur átt beinan þátt í að skuldbinda Má Karlsson og fyrirtæki hans, Brúnir, en Már hefur borið hjá lögreglu, að hann geti ekki staðið undir þeim fjárskuldbindingum, sem hann hefur tekist á hendur. Framburður kærða þykir ótrúverðugur, og með hliðsjón af gögnum málsins þykir grunur lögreglunnar um, að kærði eigi aðild að fjársvikum, rökstuddur, en það brýtur gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og gæti því varðað hann fangelsi. Málið er umfangsmikið, en rannsókn þess er á frumstigi. Lögreglan telur fjölda aðila tengjast málinu með ýmsum hætti og auk þess er mikill hluti þeirra muna, sem grunur leikur á um, að hafi verið sviknir út, enn ófundinn. Í ljósi þess þykir ástæða til að ætla, að kærði gæti torveldað rannsókn málsins, svo sem með því að hafa áhrif á vitni eða samseka, ef hann færi frjáls ferða sinna.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 er fallist á kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um, að kærða verði gert að sæta gæsluvarðhaldi, en þó ekki lengur en til fimmtudagsins 17. apríl nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Stefán Axel Stefánsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 17. apríl 1997 kl. 16.00.

Fimmtudaginn 3. apríl 1997.

Nr. 145/1997. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Erni Karlssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 26. mars 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 1. apríl sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 26. mars 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 17. apríl 1997. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að úrskurður héraðsdóms verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður styttri tími.

Sóknaraðili skaut málinu einnig til Hæstaréttar með kæru 26. mars 1997. Krefst hann þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til 25. apríl 1997 kl. 16. Sóknaraðili reisir kröfu sína á a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Eins og málsatvikum er lýst í hinum kærða úrskurði, verður fallist á með héraðsdómi, að fullnægt sé skilyrðum a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds. Rannsókn máls þessa, sem er umfangsmikil og beinist að stórfelldum fjársvikum og skjalafalsi margra manna, er á frumstigi. Með vísan til þessa verður varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 25. apríl 1997 kl. 16.

Dómsorð:

Varnaraðili, Örn Karlsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 25. apríl 1997 kl. 16.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 26. mars 1997.

Ár 1997, miðvikudaginn 26. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Áslaugu Björgvinsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Erni Karlssyni, kt. 070955-2379, með lögheimili að Þórsgötu 5, Reykjavík, en dvalarstað að Safamýri 25, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 25. apríl 1997 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

– – –

Með hliðsjón af framburði kærða og gögnum málsins er ljóst, að kærði hefur haft rík afskipti af þeim viðskiptum, sem fóru fram í nafni Brúna og Más Karlssonar. Már Karlsson hefur borið, að hann eigi enga möguleika á að standa undir þessum fjárskuldbindingum, og verður að telja, að kærði hafi ekki getað verið grunlaus um það. Grunur lögreglu um, að kærði eigi aðild að fjársvikum, hvort sem það hafi verið með beinni þátttöku eða liðsinni í orði eða verki, sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga, þykir því rökstuddur. Fjársvik varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og gætu því varðað kærða fangelsi. Málið er umfangsmikið, en rannsókn þess er á frumstigi. Lögreglan telur fjölmarga tengjast málinu með einhverjum hætti, en auk þess er mikill hluti þeirra muna, sem grunur leikur á um, að hafi verið sviknir út, enn ófundinn. Í ljósi þess þykir ástæða til að ætla, að kærði gæti torveldað rannsókn málsins, svo sem með því að hafa áhrif á vitni eða samseka, ef hann færi frjáls ferða sinna.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 er fallist á kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um, að kærða verði gert að sæta gæsluvarðhaldi, en þó ekki lengur en til fimmtudagsins 17. apríl nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Örn Karlsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 17. apríl 1997 kl. 16.00.

Fimmtudaginn 3. apríl 1997.

Nr. 146/1997. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Magnúsi Karlssyni
(Elínborg J. Björnsdóttir hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 29. mars 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 1. apríl sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. mars 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 4. apríl 1997. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili skaut málinu einnig til Hæstaréttar með kæru 29. mars 1997. Krefst hann þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til 25. apríl 1997 kl. 16. Sóknaraðili reisir kröfu sína á a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Eins og málsatvikum er lýst í hinum kærða úrskurði, verður fallist á með héraðsdómi, að fullnægt sé skilyrðum a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds. Rannsókn máls þessa, sem er umfangsmikil og beinist að stórfelldum fjársvikum og skjalafalsi margra manna, er á frumstigi. Með vísan til þessa verður varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 25. apríl 1997 kl. 16.

Dómsorð:

Varnaraðili, Magnús Karlsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 25. apríl 1997 kl. 16.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. mars 1997.

Ár 1997, laugardaginn 29. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Áslaugu Björgvinsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Magnúsi Karlssyni, kt. 140853-4619, Fléttu-rima 21, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 25. apríl 1997 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

– – –

Skýringar kærða á aðdraganda og ástæðum viðskipta hans við Örn Karls-son og Má Karlsson eru ótrúverðugar, og með hliðsjón af gögnum málsins þykir grunur lögreglu um, að kærði eigi aðild að skjalafalsi og fjársvikum, rökstuddur, en það brýtur gegn 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegn-ingarlaga nr. 19/1940 og gæti því varðað hann fangelsi. Málið er umfangs-mikið og rannsókn þess á frumstigi, en lögregla telur, að rannsóknin verði viðamikil og tímafrek. Fjölmargir virðast tengjast málinu með einhverjum hætti, en lögreglan hefur ekki enn haft ráðrúm til að kanna gögn í tölvu, sem lagt var hald á á heimili kærða í morgun. Í ljósi þess þykir ástæða til að ætla, að kærði gæti torveldað rannsókn málsins, svo sem með því að hafa áhrif á vitni eða samseka, ef hann færi frjáls ferða sinna.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 er fallist á kröfu Rann-sóknarlögreglu ríkisins um, að kærða verði gert að sæta gæsluvarðhaldi, en þó ekki lengur en til föstudagsins 4. apríl nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Magnús Karlsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstu-dagsins 4. apríl 1997 kl. 16.00.

Fimmtudaginn 3. apríl 1997.

Nr. 141/1997. **Sýslumaðurinn í Hafnarfirði**
gegn
Bóasi Dagbjarti Bergsteinssyni
(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)

Kærumál. Hald. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 24. mars 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 26. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 21. mars 1997, þar sem hafnað var kröfu varnaraðila um, að fellt yrði niður hald, sem sóknaraðili lagði á peninga og ávísun í vörslum varnaraðila, samtals að fjárhæð 53.500 krónur, við handtöku hans 16. mars 1997 fyrir ætlað fíkniefnamisferli. Um kæruheimild vísar varnaraðili til 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að umræddri haldlagningu verði hnekkt.

Sóknaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp á dómþingi 21. mars 1997 að viðstöddum skipuðum verjanda varnaraðila. Samkvæmt áritun héraðsdóms á bréfi verjandans um kæru svo og bréfi dómsins til Hæstaréttar 26. mars 1997 barst kæran 25. sama mánaðar. Var þá liðinn frestur samkvæmt 2. mgr. 144. gr. laga nr. 19/1991 til að lýsa yfir kæru úrskurðarins. Verður málinu því vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Föstudaginn 4. apríl 1997.

Nr. 153/1997. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Friðriki Gunnari Gíslasyni
(Jón Magnússon hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. apríl 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 3. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. apríl 1997, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um gæsluvarðhald yfir varnaraðila. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 9. apríl 1997 kl. 16.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, en til vara, að beitt verði ráðstöfunum samkvæmt 110. gr. laga nr. 19/1991.

Rannsóknarlögregla ríkisins rannsakar um þessar mundir umfangsmikil fjársvik og skjalafals margra manna, sem hófst, er tveir þessara manna voru stöðvaðir í Leifsstöð 23. mars sl., er þeir voru á leið úr landi, að því er virðist til langdvalar. Varnaraðili hefur viðurkennt að hafa greitt farmiða mannanna að tilhlutan nafngreinds manns og hafi það verið liður í bílaviðskiptum sínum og varnaraðila. Af gögnum málsins er ljóst, að varnaraðili hefur auk framangreinds átt ýmis samskipti við mann þennan, sem grunaður er um að standa að baki skipulagningu fjársvikanna. Framburður varnaraðila um samskipti þessi og málsatvik að öðru leyti er ótrúverðugur. Með vísan til þessa svo og þess, sem greinir í rannsóknargögnum um atvik málsins, þykir vera rökstuddur grunur um aðild varnaraðila að brotum gegn 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er því fullnægt skilyrðum a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds, og verður varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 9. apríl 1997 kl. 16.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

Dómsorð:

Varnaraðili, Friðrik Gunnar Gíslason, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 9. apríl 1997 kl. 16.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. apríl 1997.

Ár 1997, þriðjudaginn 2. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Friðriki Gunnari Gíslasyni, kt. 230763-2759, Norðurtúni 8, Bessastaðahreppi, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 9. apríl nk. kl. 16 vegna grunar um brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði var handtekinn laust fyrir kl. 11 í gær, grunaður um aðild að stórfelldum fjársvikum og skjalafalsi, sem tengist m. a. félaginu Brúnum. Telur lögregla, að sviknar hafi verið út vörur í nafni félagsins og eiganda þess, Más Karlssonar, hjá Byggingavöruverslun Kópavogs hf. fyrir um 800.000 krónur, hjá Raftækjaverslun Heklu hf. fyrir um 1.100.000 krónur og hjá tveimur fyrirtækjum til viðbótar fyrir samtals um 700.000 krónur. Auk þessa sé um að ræða viðskipti með átta bifreiðar að milljónavirði, hagnýtingu falsaðs veðskuldabréfs, að fjárhæð 3.600.000 kr., og notkun fjölda viðskiptabréfa í ýmsum bankastofnunum, þar sem fjárhæðir skipta milljónum, en vitað er fyrir víst um víxla og skuldabréf, að fjárhæð um 5.800.000 kr.

Eigandi félagsins Brúna, Már Karlsson, hefur borið hjá lögreglu, að Örn Karlsson hafi notað sig til fjársvika og að Örn sé sá, sem í raun standi að baki félaginu. Þá hefur Már borið, að hann eigi enga möguleika á að standa við þær fjárskuldbindingar, sem hann hefur tekist á hendur sem eigandi félagsins.

Jafnframt vinnur lögregla að rannsókn á viðskiptum, sem tengjast fleiri félögum, þ. á m. félags, er nefnist Hafbáran, þar sem Már er í fyrirsvari að forminu til ásamt Erni Karlssyni og Rúnari B. Sigurbjörnssyni. Telur lögregla um svikamyllu að ræða, þar sem verið sé að svíkja út vörur og peninga með skipulögðum hætti í miklum mæli með því að vekja traust hjá viðsemjendum með þessum tilbúnu fyrirtækjum. Geti tjón af ætluðum brotum numið allt að 36 milljónum króna.

Már Karlsson var handtekinn á Keflavíkurflugvelli 23. mars sl., en þá var hann á leið til Thailands ásamt framangreindum Rúnari, en hinn síðarnefndi tengist einnig félaginu Brúnum. Samkvæmt framburði vitna mun

Már hafa ætlað að dveljast þarlendis a. m. k. næstu misseri. Kærði Friðrik Gunnar greiddi flugfarseðla Más og Rúnars til Thailands með raðgreiðslusamningi tveimur dögum áður en þeir hugðust halda af landi brott. Hefur hann gefið þá skýringu, að um hafi verið að ræða hluta af greiðslu kaupverðs bifreiðar og að Örn Karlsson hafi beðið sig að láta greiðsluna ganga til farmiðakaupanna.

Þá hefur kærði kannast við að hafa átt viðskipti, þar sem Örn Karlsson kemur einnig við sögu. Nánar tiltekið hafi verið um að ræða bílaviðskipti, þar sem maður að nafni Sverrir Þór Sverrisson var í öðru tilvikinu seljandi, en kaupandi í hinu. Upplýst er, að Örn kom fram í þessum viðskiptum fyrir hönd Sverris, en Sverrir hefur borið, að hann hafi í raun léð nafn sitt, til að viðskiptin kæmust á, eftir beiðni Más Karlssonar, sem aftur hafi beðið um það að undirlagi Arnar Karlssonar.

Í afsali, þar sem vörulyftu og tveimur kælipressum er afsalað félaginu Brúnum, er nafn kærða ritað sem vitundarvotts. Kærði hefur borið, að hann hafi aldrei séð þetta skjal og nafn sitt á það falsað.

Rannsóknara grunar, að kærði hafi að undanförnu í félagi við aðra stundað umfangsmikið skjalafals og fjársvik. Í þágu rannsóknar málsins sæta fimm menn nú gæsluvarðhaldi, þ. á m. Örn Karlsson, Már Karlsson og Rúnar B. Sigurbjörnsson. Rannsókn málsins er umfangsmikil, en sýnist komin á nokkurn rekspöl. Ljóst er þó, að mikil gagnaöflun þarf að fara fram til viðbótar þeirri, sem þegar er orðin.

Þegar á hinn bóginn er litið til þeirra gagna, sem lögð hafa verið fyrir dóminn, svo og þess, sem rakið hefur verið um aðild kærða að málinu, þykir varhugavert að telja, að hann sé viðriðinn málið með slíkum hætti, að hætta sé á, að hann muni torvelda rannsókn þess, fari hann frjáls ferða sinna. Að því virtu verður kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald yfir kærða synjað.

Úrskurðarorð:

Kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um, að kærði, Friðrik Gunnar Gíslason, sæti gæsluvarðhaldi, er hafnað.

Föstudaginn 4. apríl 1997.

Nr. 148/1997. **Dánarbú Þorláks Ebenezerssonar og Ebba Ebenezersdóttir**
(Agnar Gústafsson hrl.)
gegn
sýslumanninum í Reykjavík

Kærumál. Dánarbú. Erfðafjárskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 24. mars 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 2. apríl sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. mars 1997, þar sem staðfest var sú ákvörðun varnaraðila 16. janúar sama ár, að reikna bæri erfðafjárskatt af arfi sóknaraðila úr dánarbúi Sigurðar Einarssonar eftir ákvæði c-liðar 3. mgr. 4. gr. laga nr. 83/1984 um erfðafjárskatt. Sóknaraðilar krefjast þess, að kveðið verði á um, að reikna eigi umræddan erfðafjárskatt þeirra eftir reglu b-liðar 3. mgr. 4. gr. tilvitnaðra laga.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. mars 1997.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 6. mars 1997.

Sóknaraðilar, dánarbú Þorláks Ebenezerssonar, kt. 110615-2809, og Ebba Ebenezersdóttir, kt. 260211-4559, gera þær dómkröfur, að ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 16. janúar 1997 um, að reikna beri erfðafjárskatt í dánarbúi Sigurðar Einarssonar samkvæmt c-lið 3. mgr. 4. gr. laga nr. 83/

1984, verði hrundið og erfðafjárskattur í dánarbúinu verði reiknaður samkvæmt b-lið 3. mgr. 4. gr. laga nr. 83/1984.

Varnaraðili, sýslumaðurinn í Reykjavík, gerir þær dómkröfur, að staðfest verði ákvörðun sín frá 16. janúar 1997 þess efnis, að erfðafjárskattur sóknaraðila af arfi þeirra eftir Sigurð Einarsson verði reiknaður samkvæmt c-lið 3. mgr. 4. gr. laga nr. 83/1984.

II.

Málavextir eru þeir, að Sigurður Einarsson lést 11. apríl 1996. Hann var ókvæntur og barnlaus. Lét hann eftir sig erfðaskrá, dags. 10. október 1989, þar sem hann arfleiddi systkinin Ebbu Hólmfríði Ebenezersdóttur og Þorlák Ebenezersson að eignum sínum að jöfnu. Í erfðaskránni getur arfláti þess, að erfingjarnir séu börn móðurbróður hans, Ebenezers Þorlákssonar, og að Ebenezer hafi tekið Sigurð í fóstur og gengið honum í föðurstað, eftir að faðir hans andaðist.

Vegna sjúkleika Þorláks Ebenezerssonar var sonur hans, Ebenezer Þorláksson, kt. 251250-4659, skipaður málsvari hans við skiptin skv. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum. Þorlákur lést 23. október 1996. Dánarbúi Þorláks hefur ekki verið skipt og hvorki verið sótt um einkaskiptaleyfi né búið tekið til opinberra skipta. Sýslumaðurinn í Reykjavík hefur upplýsingar um, að eini erfingi Þorláks sé sonur hans, Ebenezer.

Erfingjar Sigurðar Einarssonar fengu leyfi til einkaskipta 22. júlí 1996. Af hálfu erfingja var lögð fram erfðafjárskýrsla, dags. 7. október 1996, og óskuðu þeir eftir því, að erfðafjárskattur yrði lagður á samkvæmt b-lið 3. mgr. 4. gr. laga nr. 83/1984 um erfðafjárskatt. Á það féllst sýslumaður ekki, og var erfingjum með bréfi, dags. 28. október 1996, gefinn kostur á að koma að frekari rökstuðningi. Síðan tók sýslumaður þá ákvörðun 16. janúar sl., að erfðafjárskattur erfingjanna skyldi reiknast samkvæmt c-lið 3. mgr. 4. gr. laga um erfðafjárskatt, og settu sóknaraðilar þá fram kröfu um, að úr fram komnum ágreiningi yrði leyst í Héraðsdómi Reykjavíkur. Var mál þetta, sem tekið er til úrlausnar framangreindum ágreiningi, þingfest 19. febrúar 1997.

III.

Því er lýst af hálfu sóknaraðila, að Þorlákur og Ebba Hólmfríður og arflátinn Sigurður hafi verið systkinabörn. Móðir Sigurðar var Hólmfríður Þorláksdóttir, en faðir Þorláks og Ebbu Hólmfríðar var Ebenezer Þorláksson, bæði frá Melum á Skarðsströnd. Faðir Sigurðar, Einar Jóhannsson, hafi farist 23. apríl 1910. Þá hafi heimili hans tvístrast og Sigurður verið tekinn í fóstur til móðurbróður síns, Ebenezers Þorlákssonar, og Margrétar Magnúsdóttur, konu hans, og hafi hann alist upp hjá þeim hjónum. Hafi

hinn látni þannig verið fósturbróðir Þorláks og Ebbu Hólmfríðar og alltaf verið náin tengsl milli þeirra. Þau hafi alltaf litið á hann sem bróður sinn og hann á þau sem systkin sín. Bendi enda erfðaskráin á þessi nánu tengsl. Sé því eðlilegast og í samræmi við þá hugsun, sem liggi að baki misjafnlega háum erfðafjárskatti eftir tengslum erfingja við arfláta, að reikna skattinn eins og um systkin hafi verið að ræða.

Til stuðnings framangreindri lagatúlkun er af hálfu sóknaraðila bent á það, sem fram kemur í ritinu Erfðarétti eftir Ármann Snævarr, bls. 586, þar sem hann telur, að fóstursystkin falli undir b-lið 3. mgr. 4. gr. erfðafjárskattslaga.

IV.

Varnaraðili mótmælir því ekki, að tengsl arfláta og erfingja hafi verið með þeim hætti, sem haldið sé fram af hálfu sóknaraðila, að þau þrjú hafi alist upp á sama heimili sem systkin og litið á sig sem systkin. Ákvörðun varnaraðila sé á því reist, að samkvæmt orðanna hljóðan falli Þorlákur og Ebba Hólmfríður sem erfingjar ekki undir b-lið 3. mgr. 4. gr. laga nr. 83/1984 um erfðafjárskatt, þar sem þau eru ekki niðjar foreldra hins látna. Í a-lið sömu greinar eru fósturbörn gerð jafnsett börnum arfláta, að því er varði erfðafjárskatt, en sambærilegt ákvæði sé ekki í b-lið, þar sem fjallað er um arf til foreldra og systkina. Sé því ekki unnt að skýra ákvæði b-liðar með þeim hætti, að Þorlákur og Ebba Hólmfríður, sem séu börn fósturforeldra hins látna, falli þar undir.

V.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 83/1984 getur erfingi, sem fellir sig ekki við ákvörðun sýslumanns um fjárhæð erfðafjárskatts krafist úrlausnar héraðsdómara um ágreiningsefnið eftir ákvæðum 119. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl.

Ágreiningsefnið hér er, hvort erfingjar eigi að greiða erfðafjárskatt, eins og um systkin hins látna væri að ræða, þ. e. samkvæmt b-lið 3. mgr. 4. gr. laga nr. 83/1984, eða eins og fjarskyldari eða óskyldir aðilar eftir c-lið sömu greinar.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. erfðafjárskattslaga ræðst fjárhæð erfðafjárskatts af sifjatengslum erfingja við arfleifanda, hvort sem arfur fellur samkvæmt beinum lagaákvæðum, erfðaskrá eða dánargjafagerningi.

Erfðafjárskatt samkvæmt a-lið 3. mgr. 4. gr. erfðafjárskattslaga skal greiða af arfi, sem fellur til niðja hins látna, kjörbarna, stjúpbarna eða fósturbarna eða niðja þeirra.

Erfðafjárskatt samkvæmt b-lið 3. mgr. 4. gr. laganna skal greiða af arfi,

sem fellur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, sem falla ekki undir a-lið greinarinnar.

Erfðafjárskatt samkvæmt c-lið 3. mgr. 4. gr. laganna skal greiða af arfi, sem fellur til afa eða ömmu hins látna eða barna þeirra eða fjarskyldari eða óskyldra aðila.

Sifjatengsl, sem hér um ræðir, eru þau, að Þorlákur og Ebba Hólmfríður Ebenezersbörn eru börn móðurbróður arfláta, og eru þau og arfláti því systkinabörn, áttu sama afa og ömmu.

Eins og framangreind 3. mgr. 4. gr. laga nr. 83/1994 er orðuð, falla framangreind sifjatengsl ekki undir b-lið ákvæðisins, þar sem Þorlákur og Ebba Hólmfríður eru ekki niðjar foreldra hins látna, heldur niðjar fósturforeldra hins látna. Í a-lið sömu greinar eru fósturbörn gerð jafnsett börnum arfláta, að því er varðar erfðafjárskatt, en sambærilegt ákvæði er ekki í b-lið greinarinnar, að því er varðar kynforeldri og fósturforeldri. Verður því að fallast á það með varnaraðila, að túlka beri ákvæði þetta eftir orðanna hljóðan og að líta verði svo á, að í b-lið 3. mgr. 4. gr. laga nr. 83/1994 séu tæmandi taldir þeir, sem greiða skulu erfðafjárskatt samkvæmt því ákvæði. Verður því ákvörðun varnaraðila staðfest.

Ekki er gerð krafa um málskostnað.

Friðgeir Björnsson dómstjóri kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Staðfest er sú ákvörðun varnaraðila, sýslumannsins í Reykjavík, frá 16. janúar 1997 þess efnis, að erfðafjárskattur sóknaraðila, Ebbu Ebenezersdóttur og dánarbús Þorláks Ebenezerssonar, af arfi þeirra eftir Sigurð Einarsson verði reiknaður samkvæmt c-lið 3. mgr. 4. gr. laga nr. 83/1984.

Þriðjudaginn 8. apríl 1997.

Nr. 147/1997. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**
gegn
Gilbert Má Skarphéðinssyni
(Haraldur Blöndal hrl.)
og
Gilbert Már Skarphéðinsson
gegn
Friðgeiri Björnssyni og
Jóni Finnbjörnssyni

Kærumál. Kæruheimild. Kærufrestur. Frávísun máls frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili, Gilbert Már Skarphéðinsson, skaut málinu til Hæstaréttar með kærum 24. og 26. mars 1997, sem bárust réttinum ásamt kærumálsgögnum 2. apríl sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. mars sl., þar sem veitt var heimild til húsleitar á veitingastaðnum Hafnarkránni að Hafnarstræti 9 í Reykjavík. Í kæru 24. mars 1997 eru engar kröfur gerðar, en ætla verður, að kært sé í því skyni að fá úrskurð héraðsdóms felldan úr gildi. Í kæru 26. sama mánaðar er þess krafist aðallega, að varnaraðilarnir Friðgeir Björnsson, dómstjóri í Reykjavík, og Jón Finnbjörnsson dómarafulltrúi verði sektaðir, en til vara, að þeir sæti áminningu, með lögjöfnun frá 3. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Loks krefst varnaraðilinn, Gilbert, kærumálskostnaðar sameiginlega úr hendi gagnaðila sinna.

Sóknaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Varnaraðilarnir, Friðgeir Björnsson og Jón Finnbjörnsson, hafa ekki látið málið til sín taka.

I.

Samkvæmt gögnum málsins fór umrædd húsleit fram sama dag og hinn kærði úrskurður var kveðinn upp. Athöfn sú, sem kveðið var á um í úrskurðinum, fór því fram, áður en hann var kærður. Af því

leiðir, að hinn kærði úrskurður verður ekki felldur úr gildi að kröfu varnaraðila, Gilberts, sbr. 3. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991. Af þessum sökum verður málinu vísað frá Hæstarétti að þessu leyti.

II.

Til stuðnings kröfum á hendur varnaraðilunum, Friðgeiri Björnssyni og Jóni Finnbjörnssyni, er því haldið fram, að vald til að kveða upp dómsúrskurð um húsleit verði ekki framselt dómarafulltrúa, þar sem slíkt framsal sé andstætt ákvæðum 2. gr. stjórnarskárinnar og 6. og 8. gr. samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu.

Samkvæmt gögnum málsins var varnaraðilinn, Gilbert, handtekinn 21. mars 1997 í tengslum við aðgerðir við hina umdeildu húsleit. Verður því við það að miða, að honum hafi þann dag orðið kunnugt um úrskurð héraðsdóms. Síðari kæra varnaraðilans barst héraðsdómi 26. mars 1997. Var þá liðinn sá frestur til kæru úrskurðarins, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 144. gr. laga nr. 19/1991. Verður málinu því vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti einnig að þessu leyti.

Það athugast, að kröfur varnaraðilans, Gilberts, á hendur dómstjóranum í Reykjavík og fulltrúa hans eru gersamlega að ófyrirsynju.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Fimmtudaginn 10. apríl 1997.

Nr. 66/1996. **Svínavatnshreppur og**
Torfalækjarhreppur
(Jónatan Sveinsson hrl.)
gegn
Landsvirkjun
(Hreinn Loftsson hrl.) **og**
íslenska ríkinu til réttargæslu
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Eignarréttur. Vatnsréttindi. Afréttarland. Samningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Arnljótur Björnsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 8. febrúar 1996. Þeir krefjast þess:

1. að viðurkenndur verði réttur þeirra til fébóta fyrir fallréttindi (virkjunarréttindi) í Blöndu fyrir Auðkúluheiði, að fjárhæð 30.636.000 krónur, sem ákvarðaðar voru af sérstakri matsnefnd með úrskurði 10. ágúst 1992, auk verðbóta á þá fjárhæð, eins og kveðið er á um í úrskurðinum,

2. að viðurkenndur verði réttur þeirra til bóta úr hendi stefnda Landsvirkjunar fyrir land á Auðkúluheiði, sem stefndi hefur fengið til ótímabundinna umráða og afnota í þágu Blönduvirkjunar á grundvelli samnings við áfrýjendur 15. mars 1982 um virkjun Blöndu, nánar tiltekið fyrir land undir uppistöðulón Blönduvirkjunar við Reftjarnarbungu, fyrir land undir efri hluta veituleiðar vatns úr uppistöðulóninu í inntakslón virkjunarinnar í Eldjárnsstaðaflá, nánar tiltekið frá uppistöðulóninu að Eystra-Friðmundarvatni, og undir samningsbundna uppgræðslu á Auðkúluheiði.

Áfrýjendur krefjast þess einnig, að stefndi Landsvirkjun verði dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Verði hinn áfrýjaði dómur staðfestur, er þess krafist, að málskostnaður verði felldur niður.

Áfrýjendur gera engar kröfur á hendur réttargæslustefnda.

Stefndi Landsvirkjun krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Málinu hefur þó ekki verið gagnáfrýjað af hálfu stefnda, og kemur málskostnaðarkrafa fyrir héraðsdómi því ekki til álita.

Réttargæslustefndi gerir þær dómkröfur, að áfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti. Hann styður kröfugerð og sjónarmið stefnda Landsvirkjunar í málinu.

I.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir málavöxtum og tilhögun samninga vegna virkjunar Blöndu. Þykir ástæða til að rekja sérstaklega, hvernig háttað var ákvæðum samninganna um tilkall til eignarréttar á Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði, og viðhorf til vatnsréttinda í því samhengi.

Fyrsti samningurinn var gerður 15. mars 1982, og var hann milli Rafmagnsveitna ríkisins sem virkjunaraðila við Blöndu, sbr. 1. gr. laga nr. 60/1981 um raforkuver, og fulltrúa hreppsnefnda Blönduóshrepps, Svínavatnshrepps og Torfalækjarhrepps vestan Blöndu og Lýtingsstaðahrepps og Seyluhrepps austan Blöndu. Bólstaðarhlíðarhreppur gerðist síðar aðili að samningi þessum. Í 10. gr. samningsins er kveðið á um það, að virkjunaraðili greiði viðkomandi eigendum vatnsréttinda á vatnasvæði Blöndu bætur fyrir þau virkjunarréttindi, sem nýta þarf vegna virkjunarinnar, og fái jafnframt framsal á þeim réttindum. Áskilið er, að hver aðili færi sönnur á eignarrétt sinn að réttindunum, ef hann er vefengdur, og skuli almennir dómstólar skera úr ágreiningi um eignarrétt að vatnsréttindum. Í 11. gr. segir, að ákvæði 10. gr. samningsins taki að öllu leyti til vatnsréttinda á Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Fram kemur, að hrepparnir vestan Blöndu telja til fullkominna eignarréttinda að Auðkúluheiði samkvæmt afsali frá ráðherra Íslands 5. júlí 1918. Hrepparnir austan Blöndu telja sig eigendur að Eyvindarstaðaheiði og vatnsréttindum á henni samkvæmt kaupsamningi við Hannes Pétursson á Skíðastöðum 6. ágúst 1898, eins og fram kemur í samningsviðauka 24. mars 1990, og afsali frá honum, sem sagt er glatað. Virkjunaraðilinn ber ekki brigður á tilvist þessara heimildarskjala og þau réttindi, sem á þeim verði byggð að lögum, en dregur í efa,

að virkjunarréttindi séu meðal þeirra. Í 13. gr. eru ákvæði um verkefni matsnefndar, sem á að meta bætur fyrir land, sem fer undir miðlunarlón, aðveituskurði, inntakslón og önnur mannvirki, og land, sem tekið er til uppgræðslu í stað þess, sem fer undir vatn. Þar er áréttað, að ágreiningur um eignarrétt að landinu heyri undir dómstóla, og skuli matsnefndin „meta og ákveða bætur fyrir vatnsréttindi, enda hafi verið úrskurðað um eignarrétt að þeim".

Með samningi við ríkisstjórn Íslands 11. ágúst 1982 tók stefndi Landsvirkjun við réttindum og skyldum virkjunaraðila samkvæmt áðurnefndum samningi við heimamenn um Blönduvirkjun og fékk virkjunarleyfi með bréfi iðnaðarráðherra 28. mars 1984, sbr. 6. og 7. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun og 1. gr. laga nr. 60/1981.

Hinn 22. febrúar 1988 var undirritaður samningur milli stefnda Landsvirkjunar annars vegar og Veiðifélags Blöndu og Svartár auk eigenda jarðanna Bollastaða, Eyvindarstaða, Eldjárnsstaða, Guðlaugsstaða, Þramar og Rugludals hins vegar um yfirtöku réttinda í þágu Blönduvirkjunar, tilhögun virkjunarframkvæmda og meðferð og úrlausn kröfumála. Í 4. gr. þess samnings kemur fram sú afstaða stefnda Landsvirkjunar, að vatnsréttindi fylgi þeim jarðeignum einum, sem teljist til landareigna í merkingu 1. gr. vatnalaga nr. 15/1923 og „séu ekki fyrir hendi að öðrum kosti, sbr. 2. gr. vatnalaga, nema sem almenningseign, er henni sé frjálst að nýta". Fram kemur, að stefndi Landsvirkjun viðurkenni ekki, að afréttarlöndin Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði séu landareignir í merkingu vatnalaga, og geri ekki ráð fyrir að greiða bætur fyrir vatnsréttindi þeirra vegna nema að undangenginni úrlausn dómstóla. Hins vegar lýsir stefndi Landsvirkjun sig reiðubúinn til að greiða bætur fyrir slík réttindi vegna þeirra jarðeigna, sem getið er í samningnum, og „ótvírætt teljast landareignir í merkingu vatnalaga, enda færi eigendur þeirra sönnur á aðild sína að eignunum og réttindi þeirra". Á þessum forsendum er svo um samið, að gegn greiðslu bóta yfirtaki stefndi Landsvirkjun öll vatnsréttindi við Blöndu og Gilsá, sem nýta þurfi vegna Blönduvirkjunar. Leita skuli samkomulags um ákvörðun og greiðslu bótanna, en hafi það ekki náðst innan þriggja mánaða frá samningsgerð, skuli fjárhæðin ákveðin með mati. Vilji stefndi Landsvirkjun vefengja vatnsréttindi „einhverra gagnaðila sinna", skuli hann lýsa því á þessum þriggja mánaða fresti og megi

þá jafnframt áskilja, að ágreiningur um tilvist réttindanna verði lagður fyrir almenna dómstóla. Er framgangi þessa matsmáls og mats á grundvelli samningsins frá 15. mars 1982 lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Tveimur árum síðar, 24. mars 1990, eru enn gerðir tveir samningar. Hinn fyrri var viðauki við samninginn frá 15. mars 1982 og milli sömu aðila með þeirri breytingu, að stefndi Landsvirkjun var kominn í stað Rafmagnsveitna ríkisins, eins og áður var rakið. Orðalagi hins upphaflega samnings um eignarréttindi á Eyvindarstaðaheiði er breytt lítillega, og stefndi Landsvirkjun áréttar efasemdir um eignarréttarlegt tilkall viðsemjenda sinna með þeim orðum, að ekki sé ljóst samkvæmt almennum reglum, að virkjunarréttindi séu meðal þeirra réttinda, sem felist í eignarheimildum um heiðina.

Síðari samningurinn 24. mars 1990 er milli stefnda Landsvirkjunar og áfrýjenda, Svínavatnshrepps og Torfalækjarhrepps, og Blönduósbæjar, sem þennan sama dag afsalaði hreppunum allri eignarhlutdeild bæjarins í Upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar og afréttarlandinu á Auðkúluheiði. Samið er um ákvörðun og uppgjör bóta og aðrar ráðstafanir vegna yfirtöku stefnda Landsvirkjunar á landi, vötnum og vatnsvegum til vatnsmiðlunar í þágu Blönduvirkjunar á veituleiðinni, en ekki er minnst á fyrirvara um eignarrétt eða vatnsréttindi.

II.

Með hliðsjón af framansögðu þykir vera ljóst, að Rafmagnsveitur ríkisins og síðar stefndi Landsvirkjun hafi frá upphafi haft næga fyrirvara um inntak eignarréttinda á Auðkúluheiði og tilkall til vatnsréttinda vegna hennar. Verður ekki talið, að þessi afstaða stefnda Landsvirkjunar hafi mátt dyljast áfrýjendum. Sá þriggja mánaða frestur, sem til er tekinn í samningnum 22. febrúar 1988, getur ekki takmarkað rétt stefnda Landsvirkjunar til vefengingar á eignarrétti í þessu máli. Hann var settur fram í samningi við aðra aðila en áfrýjendur, en þeir gerðu samning við stefnda Landsvirkjun tveimur árum síðar, þar sem efasemdir virkjunaraðilans voru ítrekaðar. Vangaveltur í álitsgerðum lögmanna, áður en til samninga um virkjun Blöndu var gengið, skipta engu í þessu sambandi. Verður því ekki fallist á, að stefndi Landsvirkjun hafi á grundvelli samningsins

15. mars 1982 bakað sér sérstaka skyldu til að greiða bætur fyrir vatnsréttindi og land án tillits til þess, hvernig réttindum áfrýjenda á Auðkúluheiði er annars farið.

Að svo vöxnu máli verður tekin afstaða til kröfu áfrýjenda um viðurkenningu á rétti til bóta úr hendi stefndu Landsvirkjunar á grundvelli óskoraðs eignarréttar yfir Auðkúluheiði.

III.

Í hinum áfrýjaða dómi er lýsing á þeim gögnum og skjölum um Auðkúlu og Auðkúluheiði, sem vísað hefur verið til í málinu.

Fyrir Hæstarétt hafa meðal annars verið lögð greinargerð Jóns Torfasonar, cand. mag., um eignarheimildir Auðkúluheiðar og heimildaskrá hans um heiðina. Eru gögn þessi undirrituð 19. apríl 1996. Í greinargerðinni kemur fram, að jarðarinnar Auðkúlu sé getið nokkrum sinnum í fornsögum og Íslensku fornbréfasafni, en í þessum heimildum sé ekki minnst á Auðkúluheiði eða nýtingu hennar. Rakið er, hvernig jörðin Auðkúla var í eigu ættmenna Björns ríka Þorleifssonar á 15. öld, uns Gottskálk biskup grimmi keypti jörðina árið 1512, en hann arfleiddi Hóladómkirkju að henni „með öllum gögnum og gæðum“ átta árum síðar. Síðan segir meðal annars í greinargerðinni: „Það er ekki fyrr en Guðbrandur biskup kemur skipan á málin árið 1579 og veitir séra Eiríki Magnússyni jörðina Auðkúlu í Svínadal honum til hjálpar og uppheldis í sínu kennimannsembætti, að skýrt er tekið fram um Auðkúluheiði: Skal hann mega brúka og bíhalda öllu því sem þeirri jörðu og heimalandi fylgir... alla Kúluheiði til ystu ummerkja móts við aðra menn að lambatollum, veiðum og öllum gagnsmunum sem þeirri heiði fylgt hefur að fornu og nýju. ... Talsvert er til af dómum, þar sem bændur eru krafðir upprekstur á heiðina. Þessi krafa kemur yfirleitt fram, þegar harðnar í ári. ... Í lok 16. aldar voru erfið ár, og er þá kveðinn upp dómur um, að bændur skuli reka á Auðkúluheiði árið 1583. Nokkrum árum síðar eru leiddir til vitnis menn fæddir um 1530, og segja þeir, að rekið hafi verið á heiðina samkvæmt gamalli venju og tollur goldinn árlega Kúlumönnum“.

IV.

Í Landnámu segir, að Eyvindur auðkúla hafi numið allan Svínadal og búið á Auðkúlustöðum. Ekkert er þar minnst á Auðkúlu-

heiði. Telja má ljóst af þeim heimildum, sem vísað hefur verið til í málinu, að jörðin Auðkúla hafi verið í einkaeign fram á 16. öld, en þá komist í eigu kirkjunnar. Eftir siðaskipti sýnist jörðin vera komin undir forræði ríkisvaldsins. Ráðherra Íslands afsalaði áfrýjendum 5. júlí 1918 „afrjettarlandinu Auðkúluheiði eign Auðkúluprestakalls...", og sagði í afsalsbréfinu, eftir að vísað hafði verið til söluheimildar í lögum nr. 50/1907 um sölu kirkjujarða: „... þá sel jeg og afsala... greint afrjettarland, Auðkúluheiði, með öllum gögnum og gæðum".

Heimildir benda til þess, að Auðkúluheiði hafi nær einvörðungu verið notuð til beitar á fyrri tíð. Þegar heiðarinnar er getið í skriflegum heimildum, er það í tengslum við upprekstur og afréttarnot.

V.

Þegar litið er til alls þess, sem rakið er hér að framan og í héraðsdómi um Auðkúluheiði og nýtingu hennar, verður ekki talið, að sönnur hafi verið leiddar að því, að heiðin hafi nokkurn tíma verið undirorpin fullkomnum eignarrétti einstaklinga, kirkjunnar eða ríkisins, hvorki fyrir nám né með löggerningum eða öðrum hætti. Orðalag í afsalsbréfi ráðherra 5. júlí 1918 ræður ekki úrslitum um þetta. Einhliða yfirlýsing um takmörk Auðkúluheiðar, þinglýst 17. maí 1890, styður ekki kröfur áfrýjenda um eignarrétt. Tiltækar heimildir benda hins vegar til þess, að um afréttareign eigenda heimalands Auðkúlu hafi verið að ræða í þeim skilningi, að aðrir hafi átt þar rétt til upprekstrar og ef til vill annarra nota, en gegn gjaldi til Auðkúlumanna. Þá eru staðhættir og víðátta heiðalandsins þannig, að líkur mæla gegn óskoruðum eignarráðum jarðeigenda.

Í lögum nr. 50/1907, sem vísað var til í afsali ráðherra Íslands fyrir Auðkúluheiði 5. júlí 1918, fólst ekki frekari heimild til afsals eignarréttinda en heyrðu til kirkjujörðum. Í afsalinu gat ekki falist víðtækari eignarréttur áfrýjendum til handa en sannanlega var á hendi afsalsgjafa. Með hliðsjón af því og nýtingu afréttarlandsins hafa áfrýjendur ekki heldur unnið eignarhefð á Auðkúluheiði.

Samkvæmt framansögðu og með vísun til 2. gr. vatnalaga, sbr. 1. og 49. gr. þeirra, verður héraðsdómur staðfestur með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti.

Rétt þykir, að hver aðila beri sinn kostnað málsins fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 20. nóvember 1995.

I.

Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 5. október 1994, og dómtekið 24. f. m.

Stefnendur eru Svínavatnshreppur, kt. 640269-4139, og Torfalækjarhreppur, kt. 660269-0539, báðir í Austur-Húnavatnssýslu.

Stefndi er Landsvirkjun, kt. 420269-1299, Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

Fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og landbúnaðarráðherra vegna viðkomandi ráðuneyta er stefnt til réttargæslu.

Stefnendur gera þessar dómkröfur:

1. Til viðurkenningar á rétti stefnenda til úrskurðaðra bóta fyrir fallréttindi (virkjunarréttindi) í Blöndu fyrir Auðkúluheiði, að fjárhæð 30.636.000 kr., sem ákvarðaðar voru af sérstakri matsnefnd með úrskurði, upp kveðnum 10. ágúst 1992, auk verðbóta á þá fjárhæð, svo sem kveðið er á um í úrskurðinum.

2. Til viðurkenningar á rétti stefnenda til bóta úr hendi stefnda fyrir land á Auðkúluheiði, sem stefndi hefur fengið til ótímabundinna umráða og afnota í þágu Blönduvirkjunar á grundvelli samnings við stefnendur, dagsetts 15. mars 1982, um virkjun Blöndu, nánar tiltekið fyrir land undir uppistöðulón Blönduvirkjunar við Reftjarnarbungu, fyrir land undir efri hluta veituleiðar vatns úr uppistöðulóninu í inntakslón virkjunarinnar í Eldjárnsstaðaflá, þ. e. frá uppistöðulóninu að Eystra-Friðmundarvatni, og undir samningsbundna uppgræðslu á Auðkúluheiði.

3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda og að þeim verði in solidum gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Af hálfu réttargæslustefndu hafa þing verið sótt, lýst yfir stuðningi við sýknukröfu stefnda, Landsvirkjunar, og krafist málskostnaðar úr hendi stefnenda in solidum.

II.

Hinn 15. mars 1982 gerðu Rafmagnsveitur ríkisins sem virkjunaraðili við Blöndu, sbr. 1. gr. laga nr. 60 frá 25. maí 1981 um raforkuver, og fulltrúar hreppsnefnda Blönduóshrepps, Svínavatnshrepps og Torfalækjarhrepps vestan Blöndu og Lýtingsstaðahrepps og Seyluhrepps austan Blöndu samning, sem fól í sér samkomulag um virkjun Blöndu: tilhögun virkjunar, samráðsnefnd, girðingar, vegi og afréttarmál, uppgræðslu, bætur á uppgræðslutíma, beitiland, opinber gjöld, veiðiréttindi, vatnsréttindi, „réttindi á heiðunum“ og matsnefnd, sem aðilar voru sammála um, að skipuð skyldi til að fjalla sem gerðardómur um verkefni, er til hennar yrðu lögð, enda hefði aðilum ekki tekist að leysa úr þeim með samkomulagi. Verkefni nefndarinnar eru að meginefni sem hér greinir (1. tl. 13. gr.): „Að meta bætur fyrir land, sem fer undir miðlunarlón, aðveituskurði, inntakslón og önnur mannvirki og land, sem tekið er til uppgræðslu í stað þess lands, sem tapast undir vatn, o. þ. h. Ágreiningur um eignarrétt að landinu heyrir undir hina almennu dómstóla, sbr. 11. gr. Að meta og ákveða bætur fyrir vatnsréttindi, enda hafi verið úrskurðað um eignarrétt að þeim.“ Nokkru síðar gerðist Bólstaðarhlíðarhreppur aðili að samningnum.

Í inngangi 11. gr. samningsins segir, að 10. gr. hans taki einnig að öllu leyti til vatnsréttinda (virkjunarréttinda) á Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði að því leyti sem um sé að ræða, þar sem segir: „Virkjunaraðili greiðir viðkomandi eigendum vatnsréttinda á vatnasvæði Blöndu bætur fyrir þau virkjunarréttindi, sem nýta þarf vegna virkjunarinnar, og fær jafnframt framsal á þeim réttindum. Áskilið er, að hver aðili færi sönnur á eignarrétt sinn að réttindum, er hann er vefengdur, og eigi virkjunaraðili fullan kost á að koma að þeim mótbárum við réttindunum, sem við kunna að eiga. Úr ágreiningi um eignarrétt að vatnsréttindum skera hinir almennu dómstólar.“

Í 11. gr. segir einnig: „Um stöðu réttinda á Auðkúluheiði liggur það fyrir við samningsgerð, að hrepparnir vestan Blöndu telja til fullkominna eignarréttinda að heiðinni samkvæmt afsali frá ráðherra Íslands 5. júlí 1918. Virkjunaraðili vefengir ekki þau réttindi, sem byggð verði að lögum á kaupum samkvæmt afsali þessu, en bendir jafnframt á, að þar séu fossar undanskildir.“

Með samningi milli stefnda og ríkisstjórnar Íslands, dags. 11. ágúst 1982, um virkjunarmál o. fl. tók stefndi við öllum réttindum og skyldum virkjunaraðilans (RARIK) samkvæmt áðurgreindum samningi.

Með bréfi iðnaðarráðherra, dags. 28. mars 1984, og með vísun til 6. og 7. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun, sbr. 1. gr. laga nr. 60/1981 um raforku-

ver, og ályktunar Alþingis 6. maí 1982 um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu, sem samþykkt var á grundvelli 2. gr. laga nr. 60/1981, var stefnda veitt leyfi til að virkja Blöndu í Blöndudal. Með bréfi iðnaðarráðuneytisins til stefnda, dags. 30. apríl 1987, var staðfest, að jafnframt greindu virkjunarleyfi fyrir Blönduvirkjun væri stefnda veitt heimild til að gera eignarnám á vatnsréttindum, löndum, mannvirkjum og öðrum réttindum, eftir því sem við þyrfti vegna virkjunarinnar samkvæmt 18. gr. laga nr. 42/1983, sbr. V. og VI. kafla vatnalaga nr. 15/1923, að því leyti, sem stjórn stefnda teldi nauðsynlegt, til að unnt væri að ljúka virkjuninni á grundvelli leyfisins.

Virkjunarframkvæmdir gengu í öllum meginatriðum fram samkvæmt upphaflegum áformum, en þó var fyrirhugaðri veituleið vatns frá miðlunarlóni að inntakslóni breytt í samræmi við samkomulag, dags. 24. mars 1990, milli stefnda og hreppsnefnda Svínavatnshrepps og Torfalækjarhrepps og bæjarstjórnar Blönduósbæjar. Í 5. gr. samkomulags þessa segir: „Fyrir framangreindan umráða- og afnotarétt og öll þau réttindi, sem Landsvirkjun eru veitt með samkomulagi þessu, og alla röskun vegna miðlunarveitunnar og þeirra mannvirkja, sem henni heyra til, greiðir Landsvirkjun endurgjald til eigenda afréttarlandsins á Auðkúluheiði, er komi í stað eignarnámsbóta.“ Var endurgjaldið ákveðið 9.351.400 krónur. Í viðauka, dags. 24. mars 1990, við samning, dags. 15. mars 1982, um virkjun Blöndu greinir m. a. frá því, að 4. júlí 1988 hafi Blönduóshreppur öðlast kaupstaðarréttindi, og hafi orðið að samkomulagi milli sveitarfélaganna vestan Blöndu, að Blönduósbær afsalaði Svínavatnshreppi og Torfalækjarhreppi allri eignarhlutdeild sinni í Upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar og afréttarlandinu á Auðkúluheiði.

Hinn 22. febrúar 1988 var gerður samningur milli stefnda og veiðifélags Blöndu og Svartár og eigenda jarðanna Bollastaða, Eyvindarstaða, Eldjárnsstaða, Guðlaugsstaða, Þramar og Rugludals um yfirtöku réttinda í þágu Blönduvirkjunar, tilhögun virkjunarframkvæmda og meðferð og úrlausn kröfumála. Þar er kveðið á um, að allur ágreiningur um bótakröfur eða endurgjald, sem aðilum samningsins takist ekki að leysa úr með samkomulagi sín í milli, skuli lagður fyrir matsnefnd, þar sem úr honum verði skorið til fullnustu. Mat sitt á bótum skuli nefndin reisa á almennum reglum skaðabótaréttar og lagareglum um eignarnám á sviði vatnamála. Í 4. gr. segir: „... Um vatnsréttindi (virkjunarréttindi) er það afstaða Landsvirkjunar, að þau fylgi þeim jarðeignum einum, er teljist til landareigna í merkingu 1. gr. vatnalaga, og séu ekki fyrir hendi að öðrum kosti, sbr. 2. gr. vatnalaga, nema sem almenningseign, er henni sé frjálst að nýta. Hefur Landsvirkjun ekki viðurkennt, að afréttarlöndin Auðkúluheiði og Eyvindar-

staðaheiði séu landareignir í þessari merkingu, og gerir ekki ráð fyrir að greiða bætur fyrir vatnsréttindi þeirra vegna, nema bótaskylda hljóti staðfestingu fyrir atbeina dómstóla. Hins vegar er hún reiðubúin að greiða bætur fyrir slík réttindi vegna þeirra ofangreindra jarðeigna, sem ótvírætt teljast landareignir í merkingu vatnalaga, enda færi eigendur þeirra sönnur á aðild sína að eignunum og réttindi þeirra. Jafnframt fellst hún á, að æskilegt sé að leiða ákvörðun og greiðslu þessara bóta til lykta með þeim hætti, að greiðsla sæti ekki töfum vegna ágreinings um vatnsréttindi annarra jarðeigna. ...“

Hinn 15. nóvember 1991 gekk úrskurður í matsnefnd samkvæmt samningnum frá 15. mars 1982. Álitaefnið var: „Að meta bætur fyrir land, sem fer undir miðlunarlón, aðveituskurði, inntakslón og önnur mannvirki, og land, sem tekið er til uppgræðslu í stað þess lands, sem tapast undir vatn, o. þ. h.“ Í forsendum segir, að ákvæði samningsins heimili matsnefnd ekki að leggja úrskurð á þær kröfur, sem aðilar hafi lagt fyrir nefndina, nema áður hafi verið leyst úr því, hvernig háttað sé eignarrétti hreppanna að landi á Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Því beri vegna kröfugerðar og málflutnings aðila að fresta málinu, þar til þeir hafi fengið leyst úr þessum ágreiningi fyrir hinum almennu dómstólum. Ályktarorð: „Meðferð matsnefndar á máli þessu er frestað, þar til leyst hefir verið úr ágreiningi aðila um innihald eignarréttar hreppanna að Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði fyrir hinum almennu dómstólum.“

Hinn 10. ágúst 1992 gekk úrskurður í matsnefnd samkvæmt samningnum frá 22. febrúar 1988. Samkomulag hafði orðið með stefnda og ætluðum réttarhöfum að fallréttindunum (virkjunarréttinum) í Blöndu, þ. á m. stefnendum, að reka bótamál vegna þeirra fyrir þeirri matsnefnd. Nefndin mat heildarfjárhæð bóta vegna vatnsréttinda í þágu Blönduvirkjunar 92.000.000 króna. Í forsendum segir: „... Svo sem fram er komið, er ágreiningur um, hvort fyrrgreindir hreppar eigi rétt til bóta vegna yfirtöku vatnsréttinda á afréttarlöndunum Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Sá ágreiningur heyrir undir hina almennu dómstóla. ...“ Í úrskurðarorði er kveðið á um tilteknar bótafjárhæðir til eigenda/ábúenda jarðanna Þramar –, afréttarhluta, – Rugludals, Sellands, Bollastaða, Eyvindarstaða, Guðlaugsstaða, Eiðsstaða, Eldjárnsstaða og Þramar, – fram að Landsenda. Síðan segir: „Fresta skal greiðslu bóta, þar til endanlegur úrskurður dómstóla liggur fyrir um eignarrétt vatnsréttinda á Auðkúluheiði 33,3%, 30.636.000 kr., og Eyvindarstaðaheiði 21,9%, 20.148.000 kr. Fjárhæðir þessar skal verðtryggja miðað við lánskjaravísitölu ágústmánaðar 1992 (3234 stig) og bera meðalvexti samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands á verðtryggðum lánum frá

úrskurðardegi til greiðsludags, nú 9% á ári. ...“ Samkvæmt úrskurðinum voru stefnendum sem eigendum afréttarhluta jarðarinnar Þramar ákvarðaðar bætur að 2,7 hundraðshlutum, 2.484.000 krónur.

Stefnendur máls þessa höfðuðu með stefnu, út gefinni 1. apríl 1993, eignardómsmál fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra og gerðu þessar dómkröfur: „Að viðurkenndur verði með dómi fullur og óskoraður eignarréttur þeirra að afréttarlandinu Auðkúluheiði í Svínavatnshreppi, Austur-Húnavatnssýslu, með öllum gögnum þess og gæðum, að engum réttindum undanskildum, svo sem afréttarlandinu er lýst í afsali ráðherra Íslands, Jóns Magnússonar, dagsettu 5. júlí 1918, til Blönduóshrepps og beggja stefnenda, og landamerkjabréfi fyrir Auðkúluheiði, sem ber heitið „Takmark Auðkúluheiðar“, dagsettu 4. september 1880 og þinglesnu og innfærðu í landamerkjabók Húnavatnssýslu 17. maí 1890.“ Til varna tóku stefndi í máli þessu, réttargæslustefndu í máli þessu f. h. ríkisins og Skotveiðifélag Íslands. Úrskurður gekk um frávísunarkröfu tveggja fyrrtalinna varnaraðila 20. desember 1993, og var málinu vísað frá dómi. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar, og gekk dómur þar 19. janúar 1994, þar sem frávísunardómurinn var staðfestur.

Einnig höfðuðu stefnendur máls þessa mál, sem var þingfest 14. apríl 1994 fyrir þessum rétti, gegn Landsvirkjun út af lögskiptum þeim, sem hér um ræðir. Það var að kröfu stefnenda fellt niður 29. september 1994.

Stefnendur kveða bætur hafa verið greiddar að hluta fyrir lönd, sem hafi farið undir vatn á veituleiðinni milli miðlunarlóns og inntakslóns, nánar til tekið leiðina frá Austara-Friðmundarvatni að inntakslóninu í Eldjárnsstaðaflá, en eftir sé að meta bætur fyrir land undir veituleiðina frá miðlunarlóninu að Austara-Friðmundarvatni. Einnig hafi verið greiddar bætur fyrir land undir inntakslónið og stíflu- og miðlunarmannvirki þau, sem þar standa. Að öðru leyti hafi stefndi ekki fengist til að semja um bætur til eigenda heiðanna.

Stefndi vísar til þess, að kostnaður, sem leitt hafi af samningum við heimamenn, sbr. einkum samning frá 15. mars 1982, sundurliðist þannig, framreiknað til verðlags um áramótin 1993/1994: 1. Uppgræðsla (til 1991) 302.000.000 kr. 2. Heiðavegir 186.000.000 kr. 3. Girðingar 33.000.000 kr. 4. Gangnamannaskálar 42.000.000 kr. Ótalinn sé þá kostnaður, að fjárhæð um 215 milljónir króna, við samningsgerð vegna veiðirannsókna, bætur til annarra landeigenda á svæðinu, lögfræðikostnaður og annar sérfræðikostnaður. Þá er vakin athygli á, að til stofnkostnaðar virkjunarinnar teljist kostnaður vegna nokkurra framkvæmda, sem hafi verið nauðsynlegar, en komi stefnendum jafnframt að fullu gagni, og nemi hann framreiknaður til verðlags

um áramótin 1990/1991: „a) Til endurbyggingar Svínvetningabrautar, sem liggur frá Blönduósi um Svínadal og Blöndudal að Svartárbrú, hefur Landsvirkjun lagt samtals 109.600.000 kr. b) Endurbygging Kjalvegar í Blöndudal frá Svínvetningabraut að Gilsá kostaði Landsvirkjun að fullu, og nemur sá kostnaður alls 161.900.000 kr. c) Vegagerð um virkjunarsvæði hefur kostað samtals 237.900.000 kr. Hluti þess er kostnaður við Kjalveg frá Gilsá og inn að Kolkustíflu.“

III.

Stefnendur reisa kröfur sínar á eftirfarandi málsástæðum, sem hafi hvor um sig sjálfstætt gildi:

1. Að stefnendur eigi afréttarlandið Auðkúluheiði beinum eignarrétti með öllum gögnum þess og gæðum að engu undanskildu með þeim einum takmörkunum, sem leiðir af samningi stefnenda og eigenda Eyvindarstaðaheiðar við Rafmagnsveitur ríkisins (RARIK), dags. 15. mars 1982, um virkjun Blöndu. Af þessu eignarhaldi stefnenda á Eyvindarstaðaheiði leiði beinlínis, að þeir eigi lögvarinn rétt til úrskurðaðra bóta fyrir fallréttindin (virkjunarréttinn) í Blöndu fyrir Auðkúluheiði og bótarétt fyrir það land á Auðkúluheiði, sem látið hefur verið af hendi við stefnda til ótímabundinna umráða og afnota í þágu Blönduvirkjunar.

Stefnendur leiða rétt sinn af afsali ráðherra Íslands, dags. 5. júlí 1918, sem var fyrir fram innritað í afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 26. s. m. og lesið fyrir manntalsþingsrétti Húnavatnssýslu að Svínavatni 28. maí 1919. Þeir telja það fela í sér yfirfærslu á beinum eignarréttindum til handa sér og Blönduóshreppi á umræddu landsvæði. Þar sem segi, að undanskilin séu „námur í jörðu sem og fossar, sem þar kunna að vera“, þá takmarki það á engan hátt eignarumráð stefnenda yfir afréttarlandinu. Um sé að ræða fastan áskilnað (standardklásúlu) hjá ríkinu, sem af varfærnisástæðum hafi verið sett inn í slík heimildarskjöl fyrir gildistöku vatnalaga árið 1923 og hafi ekki efnislegar takmarkanir í för með sér í þessu tilfelli. Þá er vísað til þess, að stefnendur hafi í góðri trú um fullkominn eignarrétt sinn á Auðkúluheiði keypt hluta úr aðlægum jörðum og lagt við heiðina.

Um tilvitnaða fyrirvara samninga frá 15. mars 1982 og 22. febrúar 1988 er lýst yfir því, að af hálfu stefnenda hafi hvorki við gerð samninganna né síðar verið litið svo á, að í þeim fælist vefenging á hinum beina eignarrétti þeirra að Auðkúluheiði, heldur væri með þeim verið að gefa hugsanlegum utanaðkomandi aðilum tilefni til að gera tilkall til einhverra réttinda á heiðunum. Næsta víst sé, að hvorugur samningurinn hefði verið gerður, hefðu stefnendur rennt grun í, að viðsemjandinn myndi bera fyrirvarana fyrir sig í

því skyni að hindra, að þeir næðu umsömdum rétti til bóta fyrir land og virkjunarréttindi.

Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu, að framangreindir fyrirvarar takmarki eða rýri eignarheimild stefnenda að Auðkúluheiði, er á því byggt, að stefnendur hafi náð fullkomnum eignarumráðum á heiðinni fyrir hefð. Þeir telji sig hafa haft óslitin umráð og í raun eignarhald á heiðinni í 76 ár, þ. e. fullan hefðartíma, og allan þann tíma hafi enginn gert tilkall til landsréttinda, en jafnvel þótt svo hefði verið, hefði sá hinn sami misst af þeim rétti sökum tómlætis.

Málsástæðu þessari til stuðnings vísa stefnendur til meginreglna eignarréttarins um stofnun og vernd eignarréttar að fasteignum á Íslandi, 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og laga um hefð nr. 46/1905.

2. Til vara eru dómkröfur stefnenda byggðar á því, að hvað sem líði vefengingum stefnda á eignarrétti stefnenda að Auðkúluheiði, eigi stefnendur á grundvelli samningsins frá 15. mars 1982 rétt til að fá greiddar úr hendi stefnda úrskurðaðar bætur fyrir fallréttindin (virkjunarréttinn) í Blöndu fyrir Auðkúluheiði og enn fremur, að stefnda beri að svara stefnendum bótum fyrir land á Auðkúluheiði, sem stefndi hefur fengið til ótímabundinna umráða og afnota í þágu Blönduvirkjunar á grundvelli fyrrnefnds samnings.

Fyrir liggi í málinu, að stefndi hafi vanefnt samningsskyldur sínar gagnvart stefnendum samkvæmt samningnum frá 15. mars 1982 og viðauka við hann frá 24. mars 1990 með því að koma í veg fyrir, að bætur fyrir afsöluð réttindi í þágu Blönduvirkjunar væru ákvarðaðar og síðan greiddar með samningsbundnum hætti. Þetta taki einnig til greiðslu úrskurðaðra bóta fyrir fallréttindin fyrir Auðkúluheiði, allt á grundvelli sjónarmiða sem þeirra, að stefnendur væru ekki réttir aðilar að bótakröfum eða endurgjaldi vegna réttindanna. Með þessu hafi stefndi fellt á sig bótaskyldu gagnvart stefnendum. Framangreindu til áréttingar er af hálfu stefnenda á það bent, að stefndi hafi við gerð samningsins við ríkisstjórn Íslands 11. ágúst 1982 tekið við réttindum og skyldum virkjunaraðilans samkvæmt samningnum frá 15. mars 1982 og meðal annars gengist undir þá samningsskyldu gagnvart stefnendum (þriðja manns loforð) að bera ekki fyrir sig mótmæli og/eða vefengingar varðandi form eða efni krafna þeirra um samningsbundnar bætur fyrir afsöluð réttindi í ríkari mæli en viðsemjandi þeirra (ríkissjóður) hafði samningsbundinn rétt til. Á því er byggt, að stefndi hafi í vörnum sínum fyrir matsnefndunum farið út fyrir rétt sinn í þeim efnum.

Um lagarök að þessu leyti vísa stefnendur til reglna skaðabótaréttar um skaðabætur innan samninga og til meginreglna samninga- og kröfuréttar

um skuldbindingargildi loforða. Til áréttingar um bótaskyldu stefnda er vísað til XV. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og tekið sérstaklega fram, að ákvæði 1. mgr. 140. gr. þeirra um lækkun á bótum eigi ekki við.

Um forsendur réttargæslustefnu vísa stefnendur til þess, að upphaflegur virkjunaraðili, Rafmagnsveitur ríkisins, hafi á sínum tíma tekið ákvörðun um að semja við stefnendur sem eigendur Auðkúluheiðar og eigendur Eyvindarstaðaheiðar um framsal réttinda í þágu Blönduvirkjunar í stað þess að taka nauðsynleg réttindi eignarnámi og láta meta rétthöfum bætur fyrir þau. Þá hafi réttargæslustefndi séð ástæðu til að gerast aðili að eignardómsmáli því, sem stefnendur höfðuðu.

IV.

Stefndi kveður stefnendur ekki hafa lagt fram nein gögn, er sannað geti réttmæti kröfugerðar þeirra, og eru rök hans fyrir því, að hafna beri kröfunum, að meginefni eftirfarandi:

1. Auðkúluheiði sé afréttarland, sem hafi aldrei verið undirorpið fullkomnum eignarrétti nokkurs einstaklings eða stofnunar. Samkvæmt tilvitnuðum heimildum (sjá V. kafla) hafi heiðin einvörðungu verið notuð til upprekstrar á fyrri öldum og þannig verið nýtt sem afréttur eða almenningur. Hún hafi aldrei verið hluti heimalands jarðarinnar, enda fjarri henni og í mikilli hæð yfir sjávarmáli og því ekki hentug til búskapar. Lambatollar einir sér þurfi ekki að fela í sér vísbendingu um annað en ítaksrétt, sem bændur þurftu að greiða fyrir afnot af. Önnur not, t. d. grasnytjar og veiði, hafi verið lítið nýtt lengst af vegna fjarlægðar frá bæjunum. Af hálfu stefnenda hafi engin gögn verið leidd fram, sem styðji, að fullkominn eignarréttur hafi nokkru sinni stofnast yfir þessu landsvæði í þeirra hendi eða fyrri heimildarmanna. Reglur eignarréttarins um sjálfstæða stofnun eignarréttarins, frumstofnun, útrýmandi stofnun eða afleidda stofnun, styðji því kröfur þeirra ekki.

Þá bendir stefndi á, að ekki liggi neitt fyrir um það, hvers konar landsvæði um var að ræða, er stefnendur festu kaup á hluta af landi jarða, sem liggja að afréttinum, né um eignarheimildir heimildarmanna þeirra. Það, að þau landsvæði séu gerð að hluta af afrétti, geti heldur engu breytt um réttarstöðu afréttarlandsins að öðru leyti.

2. Efni og orðalag afsals ráðherra Íslands bendi eindregið til, að þar hafi verið um framsal á takmörkuðum rétti að ræða, þ. e. upprekstrarrétti og þeim hlunnindum öðrum, sem fylgja afréttareign, t. d. veiði. Lagasetning hafi verið á því reist, að slík not feli ekki í sér fullkomna landareign að einstaklingseignarrétti, nema hið gagnstæða verði sannað. Löggjafinn

hafi kveðið á um mismunandi eignarréttarstöðu slíkra landsvæða í ýmsum greinum, sbr. t. d. tilskipun um veiði frá 20. júní 1849, námulög nr. 50/1909, sbr. núgildandi námulög nr. 24/1973, vatnalög nr. 15/1923 og lög um lax- og silungsveiði nr. 76/1970. Dómstólar geri mjög strangar sönnunarkröfur til þess, sem heldur því fram, að afréttur sé háður fullkomnum eignarrétti. Orðalag afsals um „öll gögn og gæði" geti átt við þau hlunnindi, þ. e. beit og veiði, sem almennt fylgi afréttareign. Til frekari stuðnings þeim skilningi, að ekki hafi verið um sölu á fullkomnu eignarlandi að ræða, sé sú áhersla, sem á það sé lögð í afsalinu, að kaupandi taki á sig kvaðir vegna upprekstrarlandsins, en minna sé þar lagt upp úr lýsingu á mörkum landsins. Þá sé það meginregla í íslenskum rétti, að afsalsgjafi geti ekki afsalað rýmri rétti en hann átti sjálfur. Þá víkur stefndi að augljósri takmörkun, sem hann telur felast í því, að námar og fossar séu undanskildir í afsalinu. Þetta hafi verið gert vegna banns, sem lög nr. 50/1907 um sölu kirkjujarða hafi lagt við sölu slíkra réttinda undan jörðunum.

3. Því er haldið fram, að virkjunarréttur, sem landeigendum hafi verið veittur með gildistöku vatnalaga nr. 15/1923 úr ám fyrir landi þeirra, taki ekki til Auðkúluheiðar, þar sem hún sé ekki landareign í merkingu 1. gr., sbr. 2. gr. og 49. gr., laganna, og er vísað til lýsingar stefnenda í stefnu: „Landssvæði sunnan jarða (lögbýla) í Svínavatnshreppi".

4. Skilyrði hefðar samkvæmt lögum nr. 46/1905 kveður stefndi fráleitt vera um að ræða í málinu. Í stefnu sé ekki lýst eignarhaldi, sem ætti að hafa leitt til þeirrar niðurstöðu. Ekkert liggi fyrir um önnur afnot af heiðinni en sumarbeit fyrir búfé, og megi ekki setja jafnaðarmerki milli slíkrar nýtingar lands og eignarhalds í skilningi hefðarlaga.

5. Þá er kröfugerðinni, að því er lýtur að 2. tölulið hennar, mótmælt sérstaklega, þar sem hún sé vanreifuð og órökstudd, og auk þess sé kröfuliðurinn of almennur. Ágreiningslaust sé af hálfu stefnda, að honum beri að greiða stefnendum bætur fyrir missi afréttarlandsins, sem hann hafi þegar gert að verulegu leyti, og myndi viðurkenning á þessum lið kröfugerðarinnar því ekki fela í sér neina lausn þess ágreinings, sem varð þess valdandi, að matsnefndin skv. samningnum frá 15. mars 1982 frestaði störfum. Sá ágreiningur hafi falist í inntaki eignarréttar, þ. e., hvort meta bæri land sem fullkomið eignarland eða ekki. Hljóti að koma til skoðunar dómsins ex officio, hvort ekki beri að vísa 2. tl. kröfugerðarinnar frá með vísun til d-liðar 80. gr. laga nr. 91/1991.

Stefndi hafi ekki samið sig undir eða tekið á sig skyldu um greiðslu annarra bóta en þeirra, sem honum ber að lögum að greiða vegna virkjunarinnar, sbr. það, sem segi í 1. tl. 1. mgr. 13. gr. samnings frá 15. mars 1982:

„Ágreiningur um eignarrétt að landinu heyrir undir hina almennu dómstóla, sbr. 11. gr. " Þá hafi hann í 4. gr. samningsins frá 22. febrúar 1988 ítrekað fyrri afstöðu þess efnis að greiða ekki bætur fyrir vatnsréttindi á heiðunum, nema bótaskylda hlyti staðfestingu dómstóla. Aðilar hafi því samið beinlínis um það, að ágreiningur um innihald og aðildir eignarréttar að landinu heyrðu undir dómstóla og stefndi allt frá upphafi ekki viljað viðurkenna annan rétt hreppanna en þann, sem leiði af notkun landsins sem upprekstrarlands. Sérstaklega sé mótmælt staðhæfingum í stefnu, sem feli í sér, að stefndi hafi ekki í hvívetna staðið við samningsskyldur sínar með því að „koma í veg fyrir, að bætur fyrir afsöluð réttindi í þágu Blöndu-virkjunar væru ákvörðuð og síðan greidd með samningsbundnum hætti". Með því að krefjast fullnægjandi sönnunar af hálfu stefnenda fyrir tilkalli þeirra til beinna og óskoraðra eignarréttinda á heiðunum, þ. á m. vegna vatnsréttinda (virkjunarréttinda), sé stefndi einungis að notfæra sér skýran rétt samkvæmt meginreglum íslensks réttar og samkvæmt skýrum ákvæðum viðkomandi samninga.

Um lagarök umfram það, sem að framan greinir, vísar stefndi til reglna eignarréttarins um stofnun og vernd eignarréttinda yfir fasteignum.

V.

A.

Auðkúluheiði nær norðan frá heimalöndum í Svínavatnshreppi fram á há-Kjöl. Heiðinni hefur verið lýst sem hásléttu með hægum halla til norðurs, víðast hvar fremur mjó, en breiðust fram við jökla.

Í skjali, sem ber yfirskriftina Takmörk Auðkúluheiðar, segir: „Að austan ræður Blanda og Blöndukvísl fram og austur undir Hofsjökul; þaðan með Hofsjökli suður að Jökulfalli, en það ræður merkjum vestur að Hvítá, og í Hvítárvatn, sem er fast við Langjökul; þá að vestan norður með Langjökli, og norður á Öldur; þar tekur við Dalskvíslaland." Höfundur örnefnakorts, sem lagt var fram í málinu, segir skjal þetta ónothæft eitt og sér til að afmarka heiðina. Það er dagsett 4. september 1886 og þinglesið 17. maí 1890, sama dag og Landamerkjaskrá fyrir heimajörðina Auðkúlu í Svínavatnshreppi, dags. s. d., og eru bæði skjölin undirrituð að Auðkúlu 17. maí 1890 af Stefáni M. Jónssyni beneficiario. Um suðurmörk heiðarinnar vísast til dómsáttar í aukadómþingi Árnessýslu 7. september 1985 um afréttarmörk á Kili milli Biskupstungnaafréttar í Árnessýslu og Auðkúluheiðar í Húnavatnssýslu.

Í Landnámu segir: „Eyvindr auðkúla hét maðr. Hann nam allan Svínadal ok bjó á Auðkúlustöðum."

Í Auðunarmáldaga frá 1318 (Ísl. fornbrs., II. bindi, bls. 474) kemur fram, að Auðkúlukirkja eigi land í Sléttárdal. Er þetta tilfært af hálfu stefnda með vísun til þess, að réttinda á Auðkúluheiði sé ekki getið.

Í bréfi Hólabiskups frá 1579, sem birt er í Bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar, segir, að Auðkúlu tilheyri „Kúluheiði til ystu ummerkja móts við aðra menn með lambatollum, veiðum og öllum gagnsmunum, sem þeirri heiði fylgt hefur að fornu og nýju".

Í dómi um afrétt á Auðkúlustaðaheiði frá 9. júní 1758 (Sýslu- og sóknalýsingar 1839 – 1873, I. bindi, bls. 95 – 96) eru íbúar Svínavatns- og Torfalækjarhrepps átaldir fyrir að vanrækja afréttinn, þ. e. að reka ekki fé sitt á heiðina og valda prestinum þannig tekjumissi. Þar kemur fram, að heiðin var s. n. lögafréttur.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1708 segir í lýsingu á Auðkúlu: „Afrjett á staðurinn á Kúluheiði og toll fyrir þá rekstra, sem úr þessari sveit og af Ásum mega þángað gánga. Lítt nýtur presturinn þessa, því mjög er afrjettin afrækt undir 20 ár."

Í lýsingu Jóns Þórðarsonar, prests á Auðkúlu 1856 – 1885 (sbr. fyrrgr. bindi Sýslu- og sóknalýsinga) segir um Auðkúluheiði, að hún sé afrétt, „og á hana Auðkúlukirkja".

Í afsalsbréfi, dags. 5. júlí 1918 og undirrituðu af ráðherra Íslands, segir, að hreppsnefndir Svínavatnshrepps, Torfalækjarhrepps og Blönduóshrepps hafi leitað kaups á afréttarlandinu Auðkúluheiði eign Auðkúluprestakalls, „...og loks með því að allra fyrirmæla laga nr. 50/16. nóvbr. 1907 um sölu kirkjujarða hefir verið gætt, þá sel ég og afsala samkvæmt þeirri heimild, sem mér er gefin í nefndum lögum, fyrir landssjóðsins hönd, ofannefndum hreppum ... greint afréttarland, Auðkúluheiði, með öllum gögnum og gæðum. Þó eru undanskildir námar í jörðu sem og fossar, sem þar kunna að vera. Umboðsmaður Auðkúlustaðar er upp héðan leystur frá öllum skyldum og kvöðum, sem hingað til hafa á honum hvílt vegna afréttarlands þessa. ..."

Afsalshafarnir stofnuðu með sér Upprekstrarfélag Auðkúluheiðar.

Eftirgreindir jarðarpartar hafa verið keyptir og lagðir við afréttinn: 1. Hluti úr jörðinni Hrafnabjörgum í Svínavatnshreppi, sbr. afsal, dags. 17. mars 1923. 2. Hluti úr jörðinni Marðarnúpi í Ásahreppi, sbr. afsal, dags. 25. júlí 1951. 3. Hlutar úr jörðinni Þröm í Svínavatnshreppi, sbr. afsöl, dags. 1. ágúst 1951, 31. desember 1962 og 31. desember 1963. 4. Hlutar úr jörðunum Eldjárnsstöðum og Eiðsstöðum í Svínavatnshreppi með afsölum, dags. 31. desember 1963. Um framangreinda lýsingu stefnenda, sem sætir eigi andmælum af hálfu stefnda, hafa eftirtalin gögn verið lögð fram: a) Afsal

Jóns Stefánssonar, dags. 11. júní 1951, til Sigurðar Jónssonar á „eyðijörðinni Þröm í Svínavatnshreppi í Austur-Húnavatnssýslu með öllum gögnum og gæðum, svo sem veiðivonum, sem skapast hafa fyrir hefð.“ Á afsal þetta er síðan ritað afsal, undirritað af Sigurði Jónssyni 1. ágúst 1951, til Svínavatnshrepps, með vísun til þess, að hreppurinn neyti forkaupsréttar síns á „þeim skilorðsbundna eignarrétti að jörðinni, er framanskráð afsal veitti ...“ b) Með afsali, dags. 31. desember 1963, selur Svínavatnshreppur fjallskilasjóði Torfalækjar- og Blönduóshrepps „jörðina Þröm í Svínavatnshreppi, eins og hún kemur fyrir ... og leggst jörðin þar með undir Auðkúluheiði“. c) Afsal, dags. 31. desember 1963, eigenda Eiðsstaða í Svínavatnshreppi og Eldjárnsstaða í sama hreppi til handa Upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar á þeim hluta af landi jarðanna, „er liggur framan heiðargirðingar, vestan línu, er dregin sé af næstu brún austan Eiðsstaðahliðs í beina sjónhending á há-Þramarhaug ... Auk þess fá ábúendur Eldjárnsstaða til eignar og umráða hjá Upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar þann hluta af Þramarlandi, er liggur norðan línu nyrst úr Þramarhaug í svokallaðan Landsenda við Blöndu“. d) Kaupsamningur, dags. 25. júlí 1951. Guðjón Hallgrímsson selur Upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar „allt land jarðarinnar Marðarnúps austan við Þrívörðuás með öllum þeim nytjum, sem þessu landi fylgir“.

Með afsali, dags. 24. mars 1990, keyptu stefnendur eignarhluta Blönduósbæjar, áður Blönduóshrepps. Segir í stefnu, að stefnendur eigi Auðkúluheiði ásamt framangreindum jarðarpörtum, sem undir afréttinn hafi verið lagðir, í óskiptri sameign í hlutföllunum: Svínavatnshreppur 55% og Torfalækjarhreppur 45%.

B.

Í því, sem hér fer á eftir, er að mestum hluta stuðst við nokkur atriði, er fram hafa komið af hálfu fræðimanna, sem um efnið hafa ritað, án þess að tilvitnana þyki þörf.

Uppruni orðsins afréttur (afrekð, afrekt, afrétt) er skýrður þannig: Upphaflega merkir það þá athöfn að reka fé af heimahögum til fjarlægs beitilands. Síðar bætist við merkingin: réttur til að reka féð á beitilandið. Loks bætist við hin þriðja merking: svæðið, sem rekið er á.

Afréttir hafa verið skilgreindir sem landsvæði utan byggða og heimalanda einstakra jarða, sem er eða hefur verið nýtt til sumargöngu fyrir búpening (í samræmi við reglur um afréttamálefni og fjallskil). Afréttareign er talin vera land, sem er aðeins háð tilteknum takmörkuðum eignarréttindum, einkum beitarrétti og veiðirétti.

Í fornum heimildum er getið um landnám eignarlanda, þar sem byggð var reist. Talið er, að landnámi hafi verið landfræðileg takmörk sett, en að eignarlönd jarða hafi þó getað verið víðlend, einkum þeirra, er fyrst voru numdar. Upprekstrarréttur jarða og byggðarhluta er talinn hafa orðið til, fljótlega eftir að land byggðist, og þá, að því er sumir telja, við afnotanám, en aðrir á grundvelli venjuréttar eða fyrir hefð (á síðari tímum). Um afréttarnot og fjallskil hafi fljótlega myndast ákveðnar venjur á hverjum stað eða um þau efni verið gerðar sérstakar samþykktir. Eftir að hreppar koma til sögu, er forstaða afréttarmála og fjallskilastjórn í þeirra höndum. Hreppstjórnum var samkvæmt lögum falið að hlutast til um fjallgöngur og hafa þá orðið að koma sér saman um skiptingu leitarsvæða, sem hafa þá jafnframt afmarkað afréttina. Einhliða helgun afréttarlanda innan tiltekinna marka með vísun til kennileita átti sér einnig stað með svonefndum lögfestum.

Í Grágásar-lagasafninu er gerður glöggur munur á réttindum yfir eignarlöndum og afréttum. Um eignarlönd eru fyrirmæli um landamerki, sölu jarða, leigu, veðsetningu og fleira, er varðar eignarrétt að landi. Hins vegar lúta ákvæði Grágásar um afrétti (einkum I b 113, II 477, 486) einungis að beitarréttindum, svo sem upprekstri, haustleitum og ítölu búfjár. Á þessum málum varð ekki breyting með lögtöku Jónsbókar 1281 (einkum Llb. 46, 51, 52 og 54). Núgildandi lög um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 6/1986 gera greinarmun á afréttum og heimalöndum jarða og geta ekki um önnur afnot afrétta en upprekstur búfjár. Þó er í 11. gr. getið um grasnyt og hlunnindi, sem hafa megi með leyfi hreppsnefndar. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði er búendum, sem eiga upprekstur á afrétt, einum heimil veiði í vötnum á þeim afrétti til búsþarfa á sama hátt, sem verið hafi, enda sé veiðiréttur í þeim vötnum eigi einkaeign. Í 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849 segir, að á afréttum, sem fleiri eigi saman, beri veiði þeim mönnum, sem afrétt heyrir til; á almenningum sé veiði öllum mönnum jafnheimil. Í 1. mgr. 8. gr. l. nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum segir, að öllum íslenskum ríkisborgurum svo og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi séu dýraveiðar heimilar í afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Sambærilegt ákvæði var áður í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun, að öðru leyti en því, að þar var veiðiréttur einskorðaður við íslenska ríkisborgara.

Fræðimenn hafa flokkað afrétti á ýmsan hátt, en m. a., sem hér greinir, út frá eignarréttarlegri stöðu: 1) Afréttur, sem er fullkomið eignarland tiltekins aðila, s. s., þegar heimaland jarðar er leigt eða með öðrum hætti lagt til afréttar. 2) Afréttur er einungis afréttareign, þ. e. réttindi til hans felast í

upprekstri og veiði. 3) Afréttarítak er það nefnt, þegar jörð fylgir réttur til upprekstrar á afrétt, sem tilheyrir annarri jörð, og þá oftast gegn gjaldi, afréttartolli. Einnig er land fjarri byggð flokkað í fullkomin eignarlönd, afréttareignir og almenninga.

C.

Það hefur eigi sætt ágreiningi af hálfu stefnda, að honum beri að greiða stefnendum bætur fyrir missi afréttareignar, enda hefur hann greitt þeim nokkrar bætur og lagt í fjárfrekar framkvæmdir í þágu þeirra. Með vísun til kröfugerðar stefnenda að öðru leyti og málatilbúnaðar verður að skilja kröfu þeirra samkvæmt 2. tölulið dómkrafna þannig, að þeir krefjist viðurkenningar á rétti til bóta úr hendi stefnda á grundvelli beins eignarréttar yfir umræddu svæði.

Samkvæmt 2. gr. vatnalaga nr. 15/1923 fylgir landareign hverri réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er. Landareign er í 1. gr. skilgreint sem land lögbýlis og lóð og lönd innan takmarka kaupstaða og löggiltra verslunarstaða. Sjá einnig 1. mgr. 49. gr. laga þessara um réttindi eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, til að vinna orku úr því vatni, sem um hana rennur.

Það eru grundvallarreglur í eignarrétti, að sá, sem telur til eignarréttinda yfir landi, verði að færa fram heimildir fyrir tilkalli sínu, og að sá, sem afsalar landi, geti ekki veitt viðtakanda sínum víðtækari rétt en hann átti sjálfur. Sem fyrr greinir, leiða stefnendur ætlaðan rétt sinn af afsali ráðherra Íslands 5. júlí 1918. Efni þess og orðalag sker eigi til fullnustu úr um það, hvort hreppunum hafi verið afsalað fullkomnu eignarlandi eða einungis afréttareign, þótt hið síðara verði líklegra talið. Við meðferð málsins hefur athygli beinst að setningunni: „Þó eru undanskildir námar í jörðu sem og fossar, sem þar kunna að vera.“ Fossar eru þar engir, en þetta orð virðist hafa verið notað öðrum þræði sem e. k. samheiti yfir vatnsorku eða fallréttindi á þeim árum, er unnið var að undirbúningi vatnalaga (sbr. „Fossanefnd“). Þá ber þess að geta, að fyrirvarinn er í samræmi við bann gegn því, að slík réttindi yrðu seld undan kirkjujörðum samkvæmt lögum nr. 50/1907. Þegar virt er það, sem fram er komið um afnot Auðkúluheiðar og legu, verður eigi ályktað, að heiðarlandið hafi áður verið háð beinum eignarrétti þeirra, sem höfðu umráð þess.

Dómurinn telur, að takmörkuð not stefnenda af heiðinni feli eigi í sér eignarhald, sem geti leitt til stofnunar eignarréttar fyrir hefð á grundvelli laga nr. 46/1905.

Stefnendur hafa þannig eigi lejtt sönnur að því, að Auðkúluheiði hafi orðið eða sé fullkomið eignarland þeirra.

Efni skýrra og ítrekaðra fyrirvara í samningum þeim, sem eru grundvöllur réttarsambands aðila og raktir eru í II. kafla dómsins, leiðir til þess, að eigi verður ályktað, að stefndi hafi gengist undir fortakslausa samningsbundna skyldu um greiðslu bóta fyrir fallréttindi (virkjunarréttindi) eða fyrir land undir uppistöðulón Blönduvirkjunar við Reftjarnarbungu, undir veituleiðina frá uppistöðu-(miðlunar-)lóninu að Eystra-Friðmundarvatni og undir samningsbundna uppgræðslu á Auðkúluheiði á grundvelli beins eignarréttar nema að undangenginni úrlausn dómstóla um eignarréttindi.

Af því, sem nú var sagt um rétt stefnda til að krefjast sönnunar af hálfu stefnenda fyrir tilkalli þeirra til beinna og óskoraðra eignarréttinda á Auðkúluheiði, leiðir, að eigi verður fallist á, að hann hafi fellt á sig bótaskyldu gagnvart stefnendum á þann hátt að koma í veg fyrir, að bætur fyrir afsöluð réttindi í þágu Blönduvirkjunar yrðu ákvarðaðar og greiddar með samningsbundnum hætti.

Niðurstaða málsins er samkvæmt þessu sú, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnenda.

Rétt þykir að ákveða, að aðilar málsins og réttargæslustefndu, fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og landbúnaðarráðherra vegna viðkomandi ráðuneyta, skuli hver um sig bera kostnað sinn af rekstri þess.

Mál þetta dæma héraðsdómararnir Sigurður Hallur Stefánsson sem dómsformaður, Allan Vagn Magnússon og Finnbogi H. Alexandersson. Gætt var ákvæða 3. mgr. 2. gr. og 3. mgr. 3. gr. laga nr. 91/1991.

Dómsorð:

Stefndi, Landsvirkjun, er sýknaður af öllum kröfum stefnenda, Svínavatnshrepps og Torfalækjarhrepps.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 10. apríl 1997.

Nr. 67/1996. **Bólstaðarhlíðarhreppur**
Lýtingsstaðahreppur og
Seyluhreppur
(Jónatan Sveinsson hrl.)
gegn
Landsvirkjun
(Hreinn Loftsson hrl.) **og**
íslenska ríkinu til réttargæslu
(Jón G. Tómasson hrl.)

Eignarréttur. Vatnsréttindi. Afréttarland. Samningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Arnljótur Björnsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 8. febrúar 1996. Þeir krefjast þess:

1. að viðurkenndur verði réttur þeirra til fébóta fyrir fallréttindi (virkjunarréttindi) í Blöndu fyrir Eyvindarstaðaheiði, að fjárhæð 20.148.000 krónur, sem ákvarðaðar voru af sérstakri matsnefnd með úrskurði 10. ágúst 1992, auk verðbóta á þá fjárhæð, eins og kveðið er á um í úrskurðinum,
2. að viðurkenndur verði réttur þeirra til bóta úr hendi stefnda Landsvirkjunar fyrir land á Eyvindarstaðaheiði, sem stefndi hefur fengið til ótímabundinna umráða og afnota í þágu Blönduvirkjunar á grundvelli samnings við áfrýjendur 15. mars 1982 um virkjun Blöndu, nánar tiltekið fyrir land undir uppistöðulón Blönduvirkjunar við Reftjarnarbungu, og undir samningsbundna uppgræðslu á Eyvindarstaðaheiði.

Áfrýjendur krefjast þess einnig, að stefndi Landsvirkjun verði dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Verði hinn áfrýjaði dómur staðfestur, er þess krafist, að málskostnaður verði felldur niður.

Áfrýjendur gera engar kröfur á hendur réttargæslustefnda.

Stefndi Landsvirkjun krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Málinu hefur þó ekki verið gagnáfrýjað af hálfu stefnda, og kemur málskostnaðarkrafa fyrir héraðsdómi því ekki til álita.

Réttargæslustefndi gerir þær dómkröfur, að áfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti. Hann styður kröfugerð og sjónarmið stefnda Landsvirkjunar í málinu.

I.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir málavöxtum og tilhögun samninga vegna virkjunar Blöndu. Þykir ástæða til að rekja sérstaklega, hvernig háttað var ákvæðum samninganna um tilkall til eignarréttar á Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði, og viðhorf til vatnsréttinda í því samhengi.

Fyrsti samningurinn var gerður 15. mars 1982, og var hann milli Rafmagnsveitna ríkisins sem virkjunaraðila við Blöndu, sbr. 1. gr. laga nr. 60/1981 um raforkuver, og fulltrúa hreppsnefnda Blönduóshrepps, Svínavatnshrepps og Torfalækjarhrepps vestan Blöndu og Lýtingsstaðahrepps og Seyluhrepps austan Blöndu. Bólstaðarhlíðarhreppur gerðist síðar aðili að samningi þessum. Í 10. gr. samningsins er kveðið á um það, að virkjunaraðili greiði viðkomandi eigendum vatnsréttinda á vatnasvæði Blöndu bætur fyrir þau virkjunarréttindi, sem nýta þarf vegna virkjunarinnar, og fái jafnframt framsal á þeim réttindum. Áskilið er, að hver aðili færi sönnur á eignarrétt sinn að réttindunum, ef hann er vefengdur, og skuli almennir dómstólar skera úr ágreiningi um eignarrétt að vatnsréttindum. Í 11. gr. segir, að ákvæði 10. gr. samningsins taki að öllu leyti til vatnsréttinda á Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Fram kemur, að hrepparnir vestan Blöndu telja til fullkominna eignarréttinda að Auðkúluheiði samkvæmt afsali frá ráðherra Íslands 5. júlí 1918. Hrepparnir austan Blöndu telja sig eigendur að Eyvindarstaðaheiði og vatnsréttindum á henni samkvæmt kaupsamningi við Hannes Pétursson á Skíðastöðum 6. ágúst 1898, eins og fram kemur í samningsviðauka 24. mars 1990, og afsali frá honum, sem sagt er glatað. Virkjunaraðilinn ber ekki brigður á tilvist þessara heimildarskjala

og þau réttindi, sem á þeim verði byggð að lögum, en dregur í efa, að virkjunarréttindi séu meðal þeirra. Í 13. gr. eru ákvæði um verkefni matsnefndar, sem á að meta bætur fyrir land, sem fer undir miðlunarlón, aðveituskurði, inntakslón og önnur mannvirki, og land, sem tekið er til uppgræðslu í stað þess, sem fer undir vatn. Þar er áréttað, að ágreiningur um eignarrétt að landinu heyri undir dómstóla, og skuli matsnefndin „meta og ákveða bætur fyrir vatnsréttindi, enda hafi verið úrskurðað um eignarrétt að þeim".

Með samningi við ríkisstjórn Íslands 11. ágúst 1982 tók stefndi Landsvirkjun við réttindum og skyldum virkjunaraðila samkvæmt áðurnefndum samningi við heimamenn um Blönduvirkjun og fékk virkjunarleyfi með bréfi iðnaðarráðherra 28. mars 1984, sbr. 6. og 7. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun og 1. gr. laga nr. 60/1981.

Hinn 22. febrúar 1988 var undirritaður samningur milli stefnda Landsvirkjunar annars vegar og Veiðifélags Blöndu og Svartár auk eigenda jarðanna Bollastaða, Eyvindarstaða, Eldjárnsstaða, Guðlaugsstaða, Þramar og Rugludals hins vegar um yfirtöku réttinda í þágu Blönduvirkjunar, tilhögun virkjunarframkvæmda og meðferð og úrlausn kröfumála. Í 4. gr. þess samnings kemur fram sú afstaða stefnda Landsvirkjunar, að vatnsréttindi fylgi þeim jarðeignum einum, sem teljist til landareigna í merkingu 1. gr. vatnalaga nr. 15/1923 og „séu ekki fyrir hendi að öðrum kosti, sbr. 2. gr. vatnalaga, nema sem almenningseign, er henni sé frjálst að nýta". Fram kemur, að stefndi Landsvirkjun viðurkenni ekki, að afréttarlöndin Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði séu landareignir í merkingu vatnalaga, og geri ekki ráð fyrir að greiða bætur fyrir vatnsréttindi þeirra vegna nema að undangenginni úrlausn dómstóla. Hins vegar lýsir stefndi Landsvirkjun sig reiðubúinn til að greiða bætur fyrir slík réttindi vegna þeirra jarðeigna, sem getið er í samningnum, og „ótvírætt teljast landareignir í merkingu vatnalaga, enda færi eigendur þeirra sönnur á aðild sína að eignunum og réttindi þeirra". Á þessum forsendum er svo um samið, að gegn greiðslu bóta yfirtaki stefndi Landsvirkjun öll vatnsréttindi við Blöndu og Gilsá, sem nýta þurfi vegna Blönduvirkjunar. Leita skuli samkomulags um ákvörðun og greiðslu bótanna, en hafi það ekki náðst innan þriggja mánaða frá samningsgerð, skuli fjárhæðin ákveðin með mati. Vilji stefndi Landsvirkjun vefengja vatnsréttindi „einhverra gagnaðila

sinna“, skuli hann lýsa því á þessum þriggja mánaða fresti og megi þá jafnframt áskilja, að ágreiningur um tilvist réttindanna verði lagður fyrir almenna dómstóla. Er framgangi þessa matsmáls og mats á grundvelli samningsins frá 15. mars 1982 lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Tveimur árum síðar, 24. mars 1990, eru enn gerðir tveir samningar. Hinn fyrri var viðauki við samninginn frá 15. mars 1982 og milli sömu aðila með þeirri breytingu, að stefndi Landsvirkjun var kominn í stað Rafmagnsveitna ríkisins, eins og áður var rakið. Orðalagi hins upphaflega samnings um eignarréttindi á Eyvindarstaðaheiði er breytt lítillega, og stefndi Landsvirkjun áréttar efasemdir um eignarréttarlegt tilkall viðsemjenda sinna með þeim orðum, að ekki sé ljóst samkvæmt almennum reglum, að virkjunarréttindi séu meðal þeirra réttinda, sem felist í eignarheimildum um heiðina.

Síðari samningurinn 24. mars 1990 er milli stefnda Landsvirkjunar og Svínavatnshrepps, Torfalækjarhrepps og Blönduósbæjar, sem þennan sama dag afsalaði hreppunum allri eignarhlutdeild bæjarins í Upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar og afréttarlandinu á Auðkúluheiði. Samið er um ákvörðun og uppgjör bóta og aðrar ráðstafanir vegna yfirtöku stefnda Landsvirkjunar á landi, vötnum og vatnsvegum til vatnsmiðlunar í þágu Blönduvirkjunar á veituleiðinni, en ekki er minnst á fyrirvara um eignarrétt eða vatnsréttindi.

II.

Með hliðsjón af framansögðu þykir vera ljóst, að Rafmagnsveitur ríkisins og síðar stefndi Landsvirkjun hafi frá upphafi haft næga fyrirvara um inntak eignarréttinda á Eyvindarstaðaheiði og tilkall til vatnsréttinda vegna hennar. Verður ekki talið, að þessi afstaða stefnda Landsvirkjunar hafi mátt dyljast áfrýjendum. Sá þriggja mánaða frestur, sem til er tekinn í samningnum 22. febrúar 1988, getur ekki takmarkað rétt stefnda Landsvirkjunar til vefengingar á eignarrétti í þessu máli. Hann var settur fram í samningi við aðra aðila en áfrýjendur, en þeir gerðu samning við stefnda Landsvirkjun tveimur árum síðar, þar sem efasemdir virkjunaraðilans voru ítrekaðar. Vangaveltur í álitsgerðum lögmanna, áður en til samninga um virkjun Blöndu var gengið, skipta engu í þessu sambandi. Verður

því ekki fallist á, að stefndi Landsvirkjun hafi á grundvelli samningsins 15. mars 1982 bakað sér sérstaka skyldu til að greiða bætur fyrir vatnsréttindi og land án tillits til þess, hvernig réttindum áfrýjenda á Eyvindarstaðaheiði er annars farið.

Að svo vöxnu máli verður tekin afstaða til kröfu áfrýjenda um viðurkenningu á rétti til bóta úr hendi stefndu Landsvirkjunar á grundvelli óskoraðs eignarréttar yfir Eyvindarstaðaheiði.

III.

Í hinum áfrýjaða dómi er lýsing á þeim gögnum og skjölum um Eyvindarstaði og Eyvindarstaðaheiði, sem vísað hefur verið til í málinu.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð greinargerð Jóns Torfasonar, cand. mag., um eignarheimildir Eyvindarstaðaheiðar og heimildaskrá hans um heiðina. Eru gögn þessi undirrituð 22. apríl 1996. Í greinargerðinni segir meðal annars: „Frá því árið 1380 er Eyvindarstaðaheiði órofatengd jörðinni Eyvindarstöðum, og virðist svo hafa verið ómótmælt alla tíð upp frá því. Til eru nokkrir dómar, þar sem eigendur Eyvindarstaða krefjast þess, að bændur reki fé sitt á heiðina og greiði sér þar af leiðandi fjalltolla. Þegar harðnaði í ári og fjárfellir varð, þótti bændum lítill ávinningur að reka fénað sinn langa vegu á afrétt og áttu jafnvel ekkert fé til að reka. Þannig var árferði illt í upphafi 17. aldar, sbr. bréf Jóns Sigurðssonar lögmanns til Guðbrands Þorlákssonar Hólabiskups, og sama er að segja um árin eftir Skaftárelda, sbr. bréfin 1790 og 1792, þar sem bændur eru hvattir til að reka á heiðina. Samkvæmt þeim bréfum, sem til eru um Eyvindarstaðaheiði, er ekki annað að sjá en hún hafi fylgt Eyvindarstöðum frá fyrstu tíð."

Í heimildaskrá Jóns Torfasonar getur um vitnisburð frá 1380 um afrétt og landamerki Eyvindarstaða, en hann er sagður vera úr jarðaskjölum Eyvindarstaða í Þjóðskjalasafni. Þar segi, að þrír nafngreindir menn gjöri kunnugt, „að Eyvindarstaðir í Blöndudal eiga afrétt, er Guðlaugstungur heita, og aðra afrétt alla á millum kvísla og svo heim að Rugludal sem vötn dregur á Blöndu, Blöndugil fyrir austan með öllum skógi, selför á Skínanda og reit fyrir handan Blöndu".

IV.

Í Landnámu segir, að Eyvindur sörkvir hafi numið Blöndudal, og er talið, að hann hafi búið á Eyvindarstöðum. Ekkert er þar minnst á Eyvindarstaðaheiði. Af þeim heimildum, sem vísað hefur verið til í málinu, er ekki ljóst, hvort jörðin Eyvindarstaðir hafi ævinlega verið í einkaeign eða komist undir yfirráð kirkjunnar á einhverju skeiði. Ekki er ljóst, hvernig Gísli Ólafsson eignaðist jörðina á síðari hluta 19. aldar, en hann var faðir Kristjáns borgara á Sauðárkróki, er seldi Hannesi Péturssyni á Skíðastöðum Eyvindarstaðaheiði með kaupsamningi 11. febrúar 1897 „með þeim gögnum, gæðum og skyldum, sem henni fylgir og fylgja ber, og skal áminnst heiðarland afhendast kaupanda til eignar og umráða á næstu fardögum". Afsal var gefið út 30. ágúst 1897 og því þinglýst 15. maí 1899. Þar afsalar Kristján borgari Hannesi Péturssyni heiðinni, „og getur hann því með fullri heimild meðhöndlað hana framvegis sem sína eign". Eins og nánari grein er gerð fyrir í héraðsdómi, seldi Hannes áfrýjendum heiðina með kaupsamningi 6. ágúst 1898, og var þar vísað í framangreint afsal.

Heimildir benda til þess, að Eyvindarstaðaheiði hafi nær einvörðungu verið notuð til beitar á fyrri tíð. Þegar heiðarinnar er getið í skriflegum heimildum, er það í tengslum við upprekstur og afréttarnot.

V.

Þegar litið er til alls þess, sem rakið er hér að framan og í héraðsdómi um Eyvindarstaðaheiði og nýtingu hennar, verður ekki talið, að sönnur hafi verið leiddar að því, að heiðin hafi nokkurn tíma verið undirorpin fullkomnum eignarrétti einstaklinga eða kirkjunnar, hvorki fyrir nám né með löggerningum eða öðrum hætti. Ekki er leitt í ljós, að landamerkjabréfi fyrir Eyvindarstaðaheiði, þinglýstu 20. maí 1889, hafi fremur verið ætlað að ákveða mörk milli eignarlanda en landa í afréttareign. Yfirlýsingar í kaupsamningum og afsölum á síðustu öld nægja ekki einar sér til að dæma áfrýjendum eignarrétt að þessu afréttarlandi. Tiltækar heimildir benda hins vegar til þess, að um afréttareign eigenda heimalands Eyvindarstaða hafi verið að ræða í þeim skilningi, að aðrir hafi átt þar rétt til uppreksrar og ef til vill annarra nota, en gegn gjaldi til Eyvindarstaða-

manna. Þá eru staðhættir og víðátta heiðalandsins þannig, að líkur mæla gegn óskoruðum eignarráðum jarðeigenda.

Í kaupsamningi Hannesar Péturssonar við áfrýjendur 6. ágúst 1898 gat ekki falist víðtækari eignarréttur þeim til handa en sannanlega var á hendi seljanda. Með hliðsjón af því og notkun afréttarlandsins hafa áfrýjendur ekki heldur unnið eignarhefð á Eyvindarstaðaheiði.

Samkvæmt framansögðu og með vísun til 2. gr. vatnalaga, sbr. 1. og 49. gr. þeirra, verður héraðsdómur staðfestur með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti.

Rétt þykir, að hver aðila beri sinn kostnað málsins fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 20. nóvember 1995.

I.

Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 5. október 1994, og dómtekið 23. f. m.

Stefnendur eru Bólstaðarhlíðarhreppur, kt. 470169-4949, Austur-Húnavatnssýslu, Seyluhreppur, kt. 560269-5449, Skagafjarðarsýslu, og Lýtingsstaðahreppur, kt. 440269-6649, Skagafjarðarsýslu.

Stefndi er Landsvirkjun, kt. 420269-1299, Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

Fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og landbúnaðarráðherra vegna viðkomandi ráðuneyta er stefnt til réttargæslu.

Stefnendur gera þessar dómkröfur:

1. Til viðurkenningar á rétti stefnenda til úrskurðaðra bóta fyrir fallréttindi (virkjunarréttindi) í Blöndu fyrir Eyvindarstaðaheiði, að fjárhæð 20.148.000 kr., sem ákvarðaðar voru af sérstakri matsnefnd með úrskurði, upp kveðnum 10. ágúst 1992, auk verðbóta á þá fjárhæð, svo sem kveðið er á um í úrskurðinum.

2. Til viðurkenningar á rétti stefnenda til bóta úr hendi stefnda fyrir land á Eyvindarstaðaheiði, sem stefndi hefur fengið til ótímabundinna umráða og afnota í þágu Blönduvirkjunar á grundvelli samnings við stefnendur, dagsetts 15. mars 1982, um virkjun Blöndu, nánar tiltekið fyrir land undir uppistöðulón Blönduvirkjunar við Reftjarnarbungu og undir samningsbundna uppgræðslu á Eyvindarstaðaheiði.

3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda og að þeim verði in solidum gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Af hálfu réttargæslustefndu hafa þing verið sótt, lýst yfir stuðningi við sýknukröfu stefnda, Landsvirkjunar, og krafist málskostnaðar úr hendi stefnenda in solidum.

– – –

(Sbr. II.–IV. kafla í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu nr. E 7638/1994, bls. 1169–1177 hér að framan.)

V.

A.

Eyvindarstaðaheiði liggur til suðurs fram af byggð og allt vestur með Hofsjökli og er austast þeirra heiðarflæma, sem ganga inn af Húnaflóa. Heiðalandið liggur hátt, og eru vegalengdir inn á beitilendur þess verulegar. Stór hluti þess, mestallur austurhlutinn, er þakinn hrauni og sandi. Talað er um, að heiðin skiptist í þrjá hluta: Útheiðin, Ásgeirstungur (Álfgeirstungur) og Guðlaugstungur og Svörtutungur. Því til viðbótar er stórt landsvæði meðfram öllum Hofsjökli vestanverðum, milli Ströngukvíslar í norðri og suður um Blönduupptök.

Milli Eyvindarstaða og heiðarinnar eru þrjár jarðir, Bollastaðir, Rugludalur og Selland.

Samkvæmt frásögn Landnámu nam Eyvindur sörkvir Blöndudal. Talið er, að hann hafi búið á Eyvindarstöðum, sem er austan ár í miðjum dal.

Í kaupmálabréfi Þórðar Bessasonar og Járngerðar Gilsdóttur frá 3. apríl 1380 (Ísl. fbs. III., nr. 300) greinir frá því, að Bessi Brandsson hafi lagt syni sínum „heiman jörð á Eyvindarstöðum". Þá er getið um skóg í Blöndugili „með ummerkjum, er Brekkur heita", og einnig fylgja jörðinni „afrétt, er heita Guðlaugstungur, og önnur afrétt í milli kvísla".

Í Íslensku fornbréfasafni (V., nr. 381) er heimild um dóm sex manna, útnefndra af Brandi Sigurðssyni, konungsumboðsmanni í Húnavatnssýslu, 2. október 1464 um lambatoll af Eyvindarstaðaheiðum. Fjallar hann um kæru Egils Grímssonar á hendur Magnúsi Jónssyni þess efnis, að hann hafi ekki rekið lambfé sitt á Eyvindarstaðaheiðar eða goldið toll. Niðurstaða var reist á því, að Einar Gilsson, lögmaður norðan og vestan 1367 – 1369, hefði úrskurðað alla bændur milli Gönguskarðsár í Skagafirði fyrir vestan vötn og Laxár á Skagaströnd norðan Blöndu, „þá sem eigi tíu lömb eður fleiri,

frjálslega í heimild að reka sinn lambfénað um sumar í Eyvindarstaðaafrétt, en lúka að hausti eitt lamb af rekstri Eyvindarstaðamönnum, er af fjalli kemur, svo framt sem þeir vilja forðast þá sekt, sem við liggur að rifta lögmanns úrskurð". Hliðstæður að efni og niðurstöðu er dómur 16. febrúar 1538, sex manna, útnefndra af Páli Grímssyni, sem hafði konungssýslu í Húnavatnsþingi.

Með bréfi 27. apríl 1608 (Alb. IV., bls. 95) kvartar Jón Sigurðsson lögmaður við Guðbrand biskup Þorlaksson yfir því, að fátækir bændur fyrir vestan vötn þurfi að reka á heiðina, og óttast, að þeir muni lenda í vanefndum vegna erfiðs árferðis. Einnig óttast hann ófærð á heiðunum og telur óvíst, hvort Háutungur heyri til Eyvindarstöðum. Vilji menn helst reka þangað lömb sín, „ef svo árar þau verði nokkur". Biður hann biskup að leysa almúgann undan löngum rekstri.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1708 segir svo um afrétt Eyvindarstaða, Eyvindarstaðaheiði, að þar sé næg grastekja, en ábúandi hafi um langan aldur engan toll fengið. Selstaða, sem jörðin eigi, hafi ekki verið notuð í manna minni sökum óbærilegrar vegalengdar. Um Seljabrekkur (Selland) segir: „Áður hefur upprekstur verið, bæði frá þessari jörðu og öðrum í sveitinni, á Eyvindastaðaheiði, en í margt ár hefur þessi upprekstur smásaman aflagst og nú öldungis í næstu tvö ár. Afrjettartollur var meðan upprekturinn varaði, eitt lamb af hvörjum tuttugu, og so þótt fleiri væri, til bóndans á Eyvindastöðum. Ekki þykir mönnum líklegt, að þessi afrjettur muni hjeðan í frá brúkast úr nálægum sveitum fyri grasleysi, því afrjettarlandið er mikinn part uppblásið í holt og sanda." Þá segir svo um Móberg í Engihlíðarhreppi: „Afrjett segja menn að jörðin hafi áður brúkað (so sem öll þessi sveit) á Eyvindastaðaheiði fyri vissan toll, en hefur aflagst sökum vegalengdar og grasleysis á fjallinu og því ekki brúkast margt ár."

Samkvæmt landamerkjabréfi fyrir „Eyvindarstaðaheiði, sem liggur undir Eyvindarstaði", frá 28. september 1886 er Gísli Ólafsson eigandi hálfrar heiðarinnar og Jóhann P. Pétursson eigandi hennar hálfrar og Eyvindarstaða. Landamerkjabréf, sem var gert 2. júlí 1887, fyrir Eyvindarstaði ásamt Eyvindarstaðagerði, er undirritað af Gísla Ólafssyni, eiganda að hálfum Eyvindarstöðum, og Jóhanni P. Péturssyni, eiganda að jörðinni hálfri.

Hinn 19. maí 1890 lætur Gísli Ólafsson, „eigandi og umráðamaður Eyvindarstaða", þinglýsa nokkrum bréfum, þ. á m. framangreindum dómum um upprekstur á heiðina og yfirlýsingu frá sér, þar sem skorað var á alla þá, sem „upprekstur eiga á afréttarlandið Eyvindarstaðaheiði samkvæmt gömlum lögum", að greiða sér lambatoll fyrir réttardaginn í Stafnsrétt á hverju

hausti, „eptir því, sem úrskurðurinn frá 20. og 24. apríl vorið 1792 mæla fyrir um fjallatollsgreiðslur til Eyvindarstaðaeiganda af nefndri afrjett".

Með kaupsamningi, dags. 11. febrúar 1897, seldi Kristján Gíslason, borgari á Sauðárkróki, Hannesi Péturssyni, Skíðastöðum í Lýtingsstaðahreppi, „alla Eyvindarstaðaheiði, sem er mín eign og fylgt hefur áður jörðinni Eyvindarstöðum í Bólstaðarhlíðarhreppi". Heiðin var seld „með þeim gögnum, gæðum og skyldum, sem henni fylgir og fylgja ber, og skal áminnst heiðarland afhendast kaupanda til eignar og umráða á næstu fardögum". Afsal var gefið út 30. ágúst 1897 og því þinglýst 15. maí 1899.

Af fundargerð að Mælifelli 26. mars 1897 kemur fram, að Hannes Pétursson hefur boðið fulltrúum stefnenda að ganga inn í kaup sín á Eyvindarstaðaheiði. Þá voru kosnir þrír menn í nefnd til að semja frumvarp til reglugjörðar um notkun heiðarlandsins, umsjón, skyldur og réttindi hvers sveitarfélags.

Hinn 6. ágúst 1898 var undirritaður kaupsamningur milli Hannesar Péturssonar og fulltrúa stefnenda. Þar er vísað til fundar að Skíðastöðum 5. maí s. á., þar sem Hannes hafi gefið Upprekstrarfélagi Eyvindarstaðaheiðar kost á kaupum á Eyvindarstaðaheiði, og um leið buðu Lýtingsstaðahreppsmenn fram til félagseignar og notkunar Stafnsréttarstæði og það annað af Stafnslandi, sem Eyjólfur Hansson hafði afsalað hreppnum 13. október 1897. Í kaupsamningnum er kveðið á um greiðslu kaupverðs í peningum af hálfu Bólstaðarhlíðarhrepps og Seyluhrepps, en Lýtingsstaðahreppur tók að sér borgun af sínu eigin kaupi. „Skipting á réttindum og kvöðum, sem eign þessi veitir," var ákveðin þannig, að „Bólstaðarhlíðarhreppur beri 5/17, Seyluhreppur 4/17 og Lýtingsstaðahreppur 8/17; þó eru fjallskil þar undan skilin, sem séu háð sömu skiptingu og að undanförnu á þessu ári; þó heita fulltrúar Lýtingsstaðahrepps fylgi sínu í því, að Bólstaðarhlíðarhreppsmenn beri léttari eftirleitarkostnað en að undanförnu".

Stefnendur samþykktu reglugerð fyrir Upprekstrarfélag Eyvindarstaðaafréttar 6. júní 1916. Skyldi afréttin vera sameign þeirra í áðurgreindum hlutföllum, en yfirráð yfir afréttinni og framkvæmdavald í öllum afréttarmálum skyldu hreppsnefndirnar hafa. Í 1. gr. segir: „. . . Til afréttarinnar telst allt land milli Blöndu og Jökulsár vestari frá heimalöndum fram til öræfa, enn fremur Kóngsgarðsland og Háutungur, Vökuhvammur og Réttarengi í Stafnslandi. . . ."

Samkvæmt kaupsamningi, dags. 26. janúar 1897, milli Eyjólfs Hanssonar, óðalsbónda í Stafni í Bólstaðarhlíðarhreppi, og hreppsnefndarinnar í Lýtingsstaðahreppi, sbr. áður tilvitnað afsal, tóku kaupin til eftirfarandi: „a) Jörðin Kóngsgarður í Bólstaðarhlíðarhreppi, 9 hundruð að dýrleika eptir

jarðarbókinni frá 1861 með öllu, sem henni fylgir og fylgja ber. b) Eptirnefndir landspartar tilheyrandi jörðinni Stafni í sama hreppi, sem eru metnir 1/3 úr jörðinni, 9,4 hundruð að dýrleika: 1) Háutungur milli Svartár að austan, Eyvindarstaðaheiðar að sunnan og Fossa og Kóngsgarðslands að vestan. 2) Stafnseyri með réttarstæði og Vökuhvammur austan Svartár. Heimaland sitt að öðru leyti má Stafnsbóndi eigi nota til annars en slægna og beitar fyrir búpening sinn og því ekki leyfa öðrum þar upprekstur, en fyrir ágang af afréttarpeningi er honum áskilinn gjaldfrír upprekstur á Eyvindarstaðaheiði. Réttinni til viðhalds og endurbyggingar er hlutaðeigendum heimil grjótupptekt, hvar sem er í Stafnslandi án sérstaks endurgjalds. Fyrir átroðning, er af réttinni leiðir, er Stafnsbónda áskilið dilksstæði og tilsvarandi hlutdeild í afnotum réttarinnar endurgjaldslaust." Í skýrslu Erlu Hafsteinsdóttur, oddvita Bólstaðarhlíðarhrepps, fyrir aukadómþingi Húnavatnssýslu 9. september 1988 kemur fram, að Kóngsgarður hafi verið tekinn út úr afréttinum einhvern tímann á árabilinu 1960 – 1970. Kóngsgarður á land á austanverðum Fossadal og mun vera lengst frá sjó allra býla í Húnavatnssýslu.

Kaupsamningurinn frá 6. ágúst 1898 var í samræmi við áskilnað samþykktur af öllum hlutaðeigandi hreppsnefndum á fundi að Víðimýri 14. ágúst 1898. Afsal hefur hins vegar ekki komið í leitirnar.

B.

Í því, sem hér fer á eftir, er að mestum hluta stuðst við nokkur atriði, er fram hafa komið af hálfu fræðimanna, sem um efnið hafa ritað, án þess að tilvitnana þyki þörf.

Uppruni orðsins afréttur (afrekð, afrekt, afrétt) er skýrður þannig: Upphaflega merkir það þá athöfn að reka fé af heimahögum til fjarlægs beitilands. Síðar bætist við merkingin: réttur til að reka féð á beitilandið. Loks bætist við hin þriðja merking: svæðið, sem rekið er á.

Afréttir hafa verið skilgreindir sem landsvæði utan byggða og heimalanda einstakra jarða, sem er eða hefur verið nýtt til sumargöngu fyrir búpening (í samræmi við reglur um afréttarmálefni og fjallskil). Afréttareign er talin vera land, sem er aðeins háð tilteknum takmörkuðum eignarréttindum, einkum beitarrétti og veiðirétti.

Í fornum heimildum er getið um landnám eignarlanda, þar sem byggð var reist. Talið er, að landnámi hafi verið landfræðileg takmörk sett, en að eignarlönd jarða hafi þó getað verið víðlend, einkum þeirra, er fyrst voru numdar. Upprekstrarréttur jarða og byggðarhluta er talinn hafa orðið til fljótlega, eftir að land byggðist, og þá, að því er sumir telja, við afnotanám,

en aðrir á grundvelli venjuréttar eða fyrir hefð (á síðari tímum). Um afréttarnot og fjallskil hafi fljótlega myndast ákveðnar venjur á hverjum stað eða um þau efni verið gerðar sérstakar samþykktir. Eftir að hreppar koma til sögu, er forstaða afréttarmála og fjallskilastjórn í þeirra höndum. Hreppstjórnum var samkvæmt lögum falið að hlutast til um fjallgöngur og hafa þá orðið að koma sér saman um skiptingu leitarsvæða, sem hafa þá jafnframt afmarkað afréttina. Einhliða helgun afréttarlanda innan tiltekinna marka með vísun til kennileita átti sér einnig stað með svonefndum lögfestum.

Í Grágásar-lagasafninu er gerður glöggur munur á réttindum yfir eignarlöndum og afréttum. Um eignarlönd eru fyrirmæli um landamerki, sölu jarða, leigu, veðsetningu og fleira, er varðar eignarrétt að landi. Hins vegar lúta ákvæði Grágásar um afrétti (einkum I b 113, II 477, 486) einungis að beitarréttindum, svo sem upprekstri, haustleitum og ítölu búfjár. Á þessum málum varð ekki breyting með lögtöku Jónsbókar 1281 (einkum Llb. 46, 51, 52 og 54). Núgildandi lög um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 6/1986 gera greinarmun á afréttum og heimalöndum jarða og geta ekki um önnur afnot afrétta en upprekstur búfjár. Þó er í 11. gr. getið um grasnyt og hlunnindi, sem hafa megi með leyfi hreppsnefndar. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði er búendum, sem eiga upprekstur á afrétt, einum heimil veiði í vötnum á þeim afrétti til búsþarfa á sama hátt, sem verið hafi, enda sé veiðiréttur í þeim vötnum eigi einkaeign. Í 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849 segir, að á afréttum, sem fleiri eigi saman, beri veiði þeim mönnum, sem afrétt heyrir til; á almenningum sé veiði öllum mönnum jafnheimil. Í 1. mgr. 8. gr. l. nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum segir, að öllum íslenskum ríkisborgurum svo og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi séu dýraveiðar heimilar í afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Sambærilegt ákvæði var áður í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun, að öðru leyti en því, að þar var veiðiréttur einskorðaður við íslenska ríkisborgara.

Fræðimenn hafa flokkað afréttir á ýmsan hátt, en m. a. sem hér greinir, út frá eignarréttarlegri stöðu: 1) Afréttur, sem er fullkomið eignarland tiltekins aðila, s. s. þegar heimaland jarðar er leigt eða með öðrum hætti lagt til afréttar. 2) Afréttur er einungis afréttareign, þ. e. réttindi til hans felast í upprekstri og veiði. 3) Afréttarítak er það nefnt, þegar jörð fylgir réttur til upprekstrar á afrétt, sem tilheyrir annarri jörð, og þá oftast gegn gjaldi, afréttartolli. Einnig er land fjarri byggð flokkað í fullkomin eignarlönd, afréttareignir og almenninga.

C.

Það hefur eigi sætt ágreiningi af hálfu stefnda, að honum beri að greiða stefnendum bætur fyrir missi afréttareignar, og hefur hann lagt í fjárfrekar framkvæmdir í þágu þeirra. Með vísun til kröfugerðar stefnenda að öðru leyti og málatilbúnaðar verður að skilja kröfu þeirra samkvæmt 2. tölulið dómkrafna þannig, að þeir krefjist viðurkenningar á rétti til bóta úr hendi stefnda á grundvelli beins eignarréttar yfir umræddu svæði.

Samkvæmt 2. gr. vatnalaga nr. 15/1923 fylgir landareign hverri réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er. Landareign er í 1. gr. skilgreint m. a. sem land lögbýlis. Sjá einnig 1. mgr. 49. gr. laga þessara um réttindi eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, til að vinna orku úr því vatni sem um hana rennur.

Það eru grundvallarreglur í eignarrétti, að sá, sem telur til eignarréttinda yfir landi, verði að færa fram heimildir fyrir tilkalli sínu, og að sá, sem afsalar landi, geti ekki veitt viðtakanda sínum víðtækari rétt en hann átti sjálfur. Efni og orðalag kaupsamninga og afsala, sem um ræðir í málinu, sker eigi til fullnustu úr um það, hvort stefnendum hafi verið afsalað fullkomnu eignarlandi eða einungis afréttareign, þótt hið síðara verði líklegra talið. Þegar virt er það, sem fram er komið um afnot Eyvindarstaðaheiðar og legu, verður eigi ályktað, að heiðarlandið hafi áður verið háð beinum eignarrétti þeirra, sem höfðu umráð þess.

Dómurinn telur, að takmörkuð not stefnenda af heiðinni feli eigi í sér eignarhald, sem geti leitt til stofnunar eignarréttar fyrir hefð á grundvelli laga nr. 46/1905.

Stefnendur hafa þannig eigi leitt sönnur að því, að Eyvindarstaðaheiði hafi orðið eða sé fullkomið eignarland þeirra.

Efni skýrra og ítrekaðra fyrirvara í samningum þeim, sem eru grundvöllur réttarsambands aðila og raktir eru í II. kafla dómsins, leiðir til þess, að eigi verður ályktað, að stefndi hafi gengist undir fortakslausa samningsbundna skyldu um greiðslu bóta fyrir fallréttindi (virkjunarréttindi) eða fyrir land undir uppistöðulón Blönduvirkjunar við Reftjarnarbungu og undir samningsbundna uppgræðslu á Eyvindarstaðaheiði á grundvelli beins eignarréttar nema að undangenginni úrlausn dómstóla um eignarréttindi.

Af því, sem nú var sagt um rétt stefnda til að krefjast sönnunar af hálfu stefnenda fyrir tilkalli þeirra til beinna og óskoraðra eignarréttinda á Eyvindarstaðaheiði, leiðir, að eigi verður fallist á, að hann hafi fellt á sig bótaskyldu gagnvart stefnendum á þann hátt að koma í veg fyrir, að bætur fyrir afsöluð réttindi í þágu Blönduvirkjunar yrðu ákvarðaðar og greiddar með samningsbundnum hætti.

Niðurstaða málsins er samkvæmt þessu sú, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnenda.

Rétt þykir að ákveða, að aðilar málsins og réttargæslustefndu, fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og landbúnaðarráðherra vegna viðkomandi ráðuneyta, skuli hver um sig bera kostnað sinn af rekstri þess.

Mál þetta dæma héraðsdómararnir Sigurður Hallur Stefánsson sem dómsformaður, Allan Vagn Magnússon og Finnbogi H. Alexandersson. Gætt var ákvæða 3. mgr. 2. gr. og 3. mgr. 3. gr. laga nr. 91/1991.

Dómsorð:

Stefndi, Landsvirkjun, er sýknaður af öllum kröfum stefnenda, Bólstaðarhlíðarhrepps, Seyluhrepps og Lýtingsstaðahrepps.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 10. apríl 1997.

Nr. 184/1996. **Halldór Bjarnason**
(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.,
Guðjón Ármann Jónsson hdl.)
gegn
Vátryggingafélagi Íslands hf.
(Jakob R. Möller hrl.)

Bifreiðir. Umferðarlög. Slysatrygging ökumanns. Örorka. Læknaráð. Matsgerðir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. maí 1996. Hann krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér vátryggingarbætur, að fjárhæð 2.334.920 krónur, með tilteknum ársvöxtum frá 1. mars 1989 til 13. mars 1992 og dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 1.824.417 krónum, sem stefndi hafi þegar greitt sér í fernu lagi með 25.000 krónum 7. maí 1990, 100.000 krónum 29. maí 1991, 1.658.382 krónum 18. júní 1996 og 41.035 krónum 20. nóvember sama ár. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara lækkunar á bótakröfu stefnda. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Þeirra á meðal er yfirmatsgerð læknanna Ísaks G. Hallgrímssonar, Sigurðar Thorlacius og Sigurjóns Sigurðssonar frá 24. júlí 1996 um tímabundna og varanlega örorku áfrýjanda, enn fremur bókun frá fundi réttarmáladeildar læknaráðs 14. júlí 1995, þar sem fjallað var um álit Halldórs Jónssonar læknis á sama efni.

I.

Mál þetta er risið af slysi, sem áfrýjandi varð fyrir 28. febrúar 1989 við stjórn jeppabifreiðarinnar V-1785, þegar hún rásaði út af

vegi við flugvöllinn í Vestmannaeyjum í hálku og vindi og valt á hægri hlið. Var hann einn á ferð og kveðst hafa kastast til við veltuna og fallið niður undir gólf við hægra framsæti. Hann taldi sig í fyrstu ekki hafa slasast, en þurfti að leita læknis síðar um daginn og var lagður inn á sjúkrahús tíu dögum síðar. Einkenni hans þá voru verkir frá mjóbaki, sem leiddi niður í hægri fót. Hann fékk fljótlega nokkurn bata og tók aftur upp störf rúmum mánuði eftir slysið, en var undir eftirliti heilsugæslulækna. Í apríl 1990 versnaði honum mjög, og varð hann óvinnufær um þriggja mánaða skeið. Um var að ræða sams konar bakverki, en þá leiddi nú niður í vinstri fót. Hafa þau einkenni hrjáð hann síðan.

Ágreiningslaust er í málinu, að áfrýjandi eigi rétt á bótum frá stefnda sem vátryggjanda bifreiðarinnar úr slysatryggingu ökumanns samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Hins vegar hefur frá öndverðu verið um það deilt, hvaða bætur eigi við. Er það einkum vegna þess, að hann var frá ungum aldri haldinn veilu í baki, sem fólgin var í rofi á hryggjarboga við 5. lendhryggjarlið og skriði á þeim liðbol miðað við 1. spjaldhryggjarlið, eins og nánar er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Telur stefndi þá starfsorkuskerðingu, sem áfrýjandi kveðst búa við, að mestu verða rakta til þessarar veilu, en ekki til slyssins nema að litlu leyti.

Stefndi hefur ekki gagnáfrýjað málinu og unir niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Hefur hann þegar innt af hendi þá bótafjárhæð, sem tiltekin var í dómsorði, ásamt vöxtum eftir túlkun áfrýjanda á dómsorðinu með greiðslum 18. júní og 20. nóvember 1996.

Eftir áfrýjun málsins hefur áfrýjandi fallist á niðurstöður héraðsdóms um bætur fyrir tímabundna örorku og fjárhæð miskabóta. Lýtur ágreiningur aðila nú eingöngu að varanlegri örorku áfrýjanda af völdum slyssins og ákvörðun bóta hennar vegna auk ákvörðunar á vöxtum af bótakröfu hans.

II.

Kröfu sína um bætur setti áfrýjandi fyrst fram í febrúar 1992. Var hún á því byggð, að varanleg örorka vegna slyssins næmi 25%, eins og örorkumat Stefáns Bogasonar læknis frá 11. desember 1991 benti til. Hélt hann fast við þann grundvöll kröfunnar, meðan málið var fyrir héraðsdómi. Stefndi taldi hins vegar, að læknisfræðileg örorka

næmi 10% eða lægri hundraðshluta, eins og ráða mætti af örorkumati Atla Þórs Ólasonar læknis frá 10. mars 1992, en skerðing á aflahæfi væri í raun mun minni. Voru boð stefnda um uppgjör á kröfunni við þetta miðuð. Eftir höfðun málsins voru þeir Jóhann Tómasson læknir og Davíð Þór Björgvinsson lögfræðingur dómkvaddir að beiðni stefnda til að meta örorku áfrýjanda. Samkvæmt matsgerð þeirra 2. október 1993 var varanleg læknisfræðileg örorka vegna slyssins talin 5%. Að tilhlutan áfrýjanda var málið lagt fyrir læknaráð, er leitaði umsagnar Halldórs Jónssonar læknis sem sérfræðings utan ráðsins, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 14/1942 um læknaráð. Samkvæmt rökstuddu áliti hans 6. ágúst 1995, sem læknaráð gerði að sínu, nam varanleg örorka áfrýjanda eftir slysið 10%.

Eftir uppsögu héraðsdóms hlutaðist áfrýjandi til um dómkvaðningu þriggja lækna til að framkvæma yfirmat á örorku sinni. Í fyrrgreindri matsgerð féllust þeir á mat læknanna Atla Þórs Ólasonar og Halldórs Jónssonar á varanlegri örorku af völdum slyssins, þ. e., að hún væri hæfilega metin 10%. Voru þeir jafnframt ósamþykkir forsendum og niðurstöðu þeirra matsmanna, sem dómkvaddir voru í héraði.

Með hliðsjón af þessari yfirmatsgerð hefur áfrýjandi nú breytt kröfugerð sinni í málinu. Er fyrrgreind bótakrafa hans við það miðuð, að varanleg læknisfræðileg örorka sín eigi að teljast 10 af hundraði.

III.

Af hálfu lögmanns stefnda hefur því verið lýst, að yfirmat sumarið 1996 hafi farið fram, án þess að sér eða umbjóðanda sínum væri gefinn kostur á að tjá sig um matsefnið. Verði að ætla, að lögmælt boðun til matsins, sbr. 2. mgr. 62. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, hafi farist fyrir af hálfu matsmanna. Í bréfi þeirra 18. mars 1997 er sú skýring gefin, að lögmenn aðila hafi verið boðaðir til matsfundar, er haldinn hafi verið 22. júlí 1996, með símtali til skrifstofu hvors um sig 17. sama mánaðar. Matsmönnum bar að ganga úr skugga um, hvort boðun hefði tekist, þegar fundurinn var ekki sóttur af hálfu stefnda. Verður að telja ósannað, að hún hafi fullnægt ákvæðum fyrrnefndrar lagagreinar. Samkvæmt því er fallist á það með stefnda, að ekki sé unnt að taka tillit til umræddrar yfir-

matsgerðar við úrlausn málsins. Verður hún byggð á þeim gögnum, sem fram komu í héraði.

Þótt kalla megi, að slys áfrýjanda hafi ekki verið mikils háttar, var það ótvírætt til þess fallið að valda meiðslum á baki hans. Það var og eindregið álit þeirra lækna, sem hann leitaði til næstu tvö ár, að hann hefði þar orðið fyrir áverka, sem verið gæti orsök að einkennum hans.

Engir þeir gallar eru á umsögn læknaráðs í málinu, að efni séu til að draga gildi hennar í efa. Hún er byggð á ýtarlegu áliti Halldórs Jónssonar læknis. Að mati hans er það engum vafa undirorpið, að áfrýjandi hafi orðið fyrir hnjaski á hrygg, og á hann þar við tognun á liðbilinu L5-S1 með áverka á hryggþófanum milli þessara liða. Sjúkdómseinkenni áfrýjanda eftir slysið hafi og verið í samræmi við þennan áverka. Sú lækkun á hæð hryggþófans, sem myndir eftir slysið hafi leitt í ljós, sé einnig einkennandi fyrir leyndan áverka, sem orðið hafi við umrædda tognun. Þessi hrörnun hryggþófans sé orsök að því skriði, er fram sé komið milli umræddra hryggjarliða, og sé aukning á skriðinu óbein afleiðing umferðarslyssins. Hafi tognunin orðið alvarlegri og valdið verri og langærri einkennum en ella vegna þeirrar veiklunar, sem áfrýjandi bjó við fyrir slysið.

Í dómi héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómsmönnum, er og á því byggt, að ekki verði fram hjá því litið, að einkenni áfrýjanda hafi versnað eftir slysið, og hugsanlega kunni umræddur hryggjarliðsþófi að hafa skaðast og af því smám saman hlotist aukið skrið, sem aftur auki slit á liðbrúnum og „facett-liðum".

Þegar þessar niðurstöður eru virtar ásamt öðrum gögnum málsins og jafnframt tekið tillit til þeirra takmarkana, sem óhjákvæmilega eru á aðstöðu áfrýjanda til að sanna tjón sitt til hlítar, verður að líta svo á, að örorka hans af völdum slyssins sé of varlega áætluð í hinum áfrýjaða dómi. Þykir rétt eftir öllum atvikum að leggja til grundvallar, að læknisfræðileg örorka áfrýjanda sé hæfilega metin 10%.

IV.

Krafa áfrýjanda hér fyrir dómi um bætur fyrir varanlega starfsorkuskerðingu er reist á líkindareikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings frá 31. janúar 1992, þar sem verðmæti vinnutekjutaps eftir útreikningsdag er reiknað með 6% ársvöxtum. Síðari út-

reikningar hans eru gerðir að beiðni stefnda og miðaðir við, að áfrýjandi hafi ekki beðið neitt tjón af varanlegri örorku fram að útreikningstíma. Telja verður áfrýjanda heimilt að bera kröfuna fram á þeim grundvelli, sem hann byggir á.

Í umræddum líkindareikningi er miðað við vinnutekjur áfrýjanda árin 1986-1988, sem aðallega voru af starfi hans sem bifreiðarstjóri hjá Skeljungi hf. í Vestmannaeyjum. Nam meðaltal árstekna 1.777.700 krónum eftir kauplagi á útreikningsdegi. Áætlað vinnutekjutap á slysdegi í hlutfalli við 10% varanlega örorku reiknaðist 2.357.920 krónur, en tap á lífeyrisréttindum 141.480 krónur.

Um hagi áfrýjanda eftir slysið er það fram komið, að hann hafi haldið fyrrgreindu starfi sínu. Hins vegar hafi meinið aftrað honum frá aukavinnu og öðrum störfum, sem hann hefði ella getað sinnt. Við ákvörðun bóta er rétt að taka nokkurt tillit til þess, að áfrýjandi hefur ekki orðið fyrir teljandi tekjumissi á þeim átta árum, sem liðin eru frá slysinu, en hann var þá 35 ára að aldri. Jafnframt verður tekið tillit til hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsi hennar. Að þessu athuguðu þykja bætur vegna varanlegrar örorku hæfilega metnar 1.500.000 krónur. Krafa áfrýjanda vegna tapaðra lífeyrisréttinda, 141.480 krónur, verður tekin til greina. Auk þessa á hann rétt á 125.000 krónum í bætur fyrir tímabundna örorku og 300.000 krónum í miskabætur eftir ákvörðun héraðsdóms, sem nú er óumdeild.

Samkvæmt þessu verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda samtals 2.066.480 krónur með vöxtum, eins og á er kveðið í dómsorði. Er upphafstími dráttarvaxta þar miðaður við þingfestingu málsins í héraði 26. nóvember 1992. Frá greiðslunni ber að draga þær fjárhæðir, sem stefndi hefur þegar innt af hendi, miðað við innborgun hverju sinni.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og um er mælt í dómsorði.

Dómsorð:

Stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., greiði áfrýjanda, Halldóri Bjarnasyni, 2.066.480 krónur með ársvöxtum sem nemur 10% frá 1. mars 1989 til 21. sama mánaðar, 13% frá þeim degi til 11. apríl sama ár, 15% frá þeim degi til 11. júní sama ár, 17%

frá þeim degi til 21. júlí sama ár, 12% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 10% frá þeim degi til 1. september sama ár, 6% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 8% frá þeim degi til 21. október sama ár, 9% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 11% frá þeim degi til 1. janúar 1990, 9% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 7% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 5% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 3% frá þeim degi til 1. október sama ár, 2,5% frá þeim degi til 1. janúar 1991, 3,5% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 5% frá þeim degi til 1. júní sama ár, 6% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 7% frá þeim degi til 11. október sama ár, 4% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 3,75% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 3,5% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 3% frá þeim degi til 1. febrúar 1992, 2,5% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 2% frá þeim degi til 21. mars sama ár, 1,25% frá þeim degi til 1. maí sama ár og 1% frá þeim degi til 26. nóvember sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Frá dragist eftirtaldar innborganir stefnda, miðað við stöðu skuldarinnar á greiðsludegi hverrar um sig: 25.000 krónur 7. maí 1990, 100.000 krónur 29. maí 1991, 1.658.382 krónur 18. júní 1996 og 41.035 krónur 20. nóvember 1996.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 600.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i
Garðars Gíslasonar

Áfrýjandi hafði fengið bakverki um árabil fyrir umferðarslysið 28. febrúar 1989. Bakverkirnir versnuðu ári eftir slysið. Ágreiningur málsaðila lýtur nú að því einu, hvort og að hvaða leyti áfrýjandi hafi vegna þessa slyss hlotið varanlega örorku vegna bakverkja. Ágreiningur þessi er fyrst og fremst læknisfræðilegur, en sönnunarbyrði hvílir á áfrýjanda. Í niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, sem skipaður

var sérfróðum meðdómendum, er komist að rökstuddri niðurstöðu um þetta álitamál. Ég er samþykkur meiri hluta dómenda um, að niðurstaða í Hæstarétti verði ekki reist á yfirmatsgerð þeirri, sem aflað var eftir uppsögu héraðsdóms. Að svo komnu máli tel ég, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm með vísan til röksemda hans.

Hvor aðila beri sinn málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. febrúar 1996.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. febrúar sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað af Halldóri Bjarnasyni, kt. 101253-4069, Bröttugötu 41, Vestmannaeyjum, með stefnu, birtri 26. nóvember 1992, gegn Vátryggingafélagi Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík, til greiðslu 8.310.298 kr. auk vaxta [...], allt að frádregnum 25.000 kr., sem stefnandi fékk greiddar 7. maí 1990, og 100.000 kr., sem stefnandi fékk greiddar 29. maí 1991.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar [...].

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að félagið verði sýknað af öllum kröfum stefnanda gegn greiðslu á 750.000 kr. með einföldum ársvöxtum af sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands frá 28. febrúar 1989 til greiðsludags auk innheimtukostnaðar, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar. Jafnframt krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

II.

Málavextir eru þeir, að 28. febrúar 1989 missti stefnandi stjórn á bifreiðinni V-1785 í hálku og vindi á Höfðavegi í Vestmannaeyjum með þeim afleiðingum, að bifreiðin fór út af veginum og valt á hægri hlið. Síðar um daginn leitaði hann á Heilsugæslustöð Vestmannaeyja vegna verkja í baki, sem leiddi niður í hægri mjöðm og fót. Verkirnir fóru versnandi, og 9. mars 1989 var stefnandi lagður inn á sjúkrahús Vestmannaeyja. Hafði hann þá mikla verki neðst í mjóbaki og leiðniverki út í hægri mjöðm, rasskinn, aftanvert læri og kálfa og fram á rist og í tær ásamt dofatilfinningu í rist og tám. Fékk hann æfingar við bakverkjum og sjúkraþjálfun. Brautskráðist hann af spítalanum 17. mars og var talinn vinnufær 3. apríl 1989. Stefnandi kveðst hafa verið illa haldinn og hafa átt lengi í þessum meiðslum og auk þess seint svarað meðferð. Kveðst hann hafa náð sér þokkalega næstu 6-9 mánuði, en þó hafi hann aldrei verið verkjalaus. Í apríl 1990 versnaði honum aftur með miklum verkjum neðst í mjóbaki og leiðniverk út í vinstri fót,

sem leiddi með dofakennd niður í tær. Var stefnandi frá vinnu í þetta sinn fram til 16. júlí 1990.

Stefnandi var bílstjóri hjá Skeljungi, þegar slysið varð. Hann var 35 ára og hafði í 14 ár þjáðst af bakverkjum og leitað til læknis vegna þeirra fyrir slysið.

Stefnandi leitaði í september 1990 til Þóris Ragnarssonar taugaskurðlæknis, og samkvæmt vottorði hans, dags. 8. mars 1991, kemur fram, að stefnandi hefur fyrirbæri, sem kallast spondylolysis, þ. e. los eða rof á boga á L:V liðbolnum og spondylolisthesis L:V-S:I eða skrið á L:V liðbol miðað við S:I liðbol, u. þ. b. 1 cm. Þetta kveður læknirinn vera fyrirbæri, sem vel sé þekkt að því að geta bæði verið meðfæddur galli og einnig að því að vera afleiðingar eftir slit. Ekki kvaðst læknirinn hafa tök á að kveða úr um, hvort um væri að ræða meðfæddan galla eða afleiðingar slyss í tilviki stefnanda. Hann taldi hins vegar ljóst, að við slysið hefðu a. m. k. ýfst upp einkenni frá mjóbaki samkvæmt eigin frásögn hans og að þau einkenni, sem hann hefði átt við að stríða síðan, megi beinlínis rekja til slyssins. Kvað hann einkenni stefnanda benda ákveðið til taugarótarertingar á L:V taugarót í mjóbaki, í fyrstu hægra megin, en síðar vinstra megin.

Með örorkumati, dagsettu 11. desember 1991, mat Stefán Bogason læknir tímabundna örorku frá slysdegi í fjóra mánuði 100%, eftir það í tvo mánuði 50% og varanlega örorku 25%. Samkvæmt matinu kemur fram, að stefnandi hafi leitað lækninga fyrir slys vegna mjóbaksverkjakasta, sem aldrei hafi leitt niður í fætur. Þeir verkir hafi lagast fljótlega og verið allt öðruvísi en eftir slys. Þá leggur hann til grundvallar mati sínu, að stefnandi sé með hryggjarliðarrof, sem svari 1 cm. Telur hann líklegast, að það sé meðfætt og kunni að hafa átt þátt í mjóbaksverkjaköstum stefnanda fyrir slys. Hins vegar telur hann það líklegt, að hryggjarliðarskriðið, sem valdi þrýstingi á taugarætur niður í fætur, sé afleiðing slyssins og að einkenni, sem stafi af því með ertingu á taugarætur niður í fætur, stafi af þessu bílslysi að teknu tilliti til þess, að hryggjarliðarrofið hafi verið byrjað fyrir slys. Læknirinn hafði til hliðsjónar mati sínu álitsgerð trúnaðarlæknis stefnanda um ástand hans, dags. 10. maí 1991. Stefán Bogason kom fyrir dóminn og staðfesti örorkumat sitt og útskýrði.

Í framhaldi örorkumatsins var stefndi krafinn um bætur, sem reistar voru á útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar, dagsettum 13. febrúar 1992. Stefnandi kveður stefnda hafa krafist þess, að hann færi í skoðun hjá trúnaðarlækni sínum, og fór sú skoðun fram 10. mars 1992 hjá Atla Þór Ólasyni. Í niðurstöðum hans greinir, að við mat á varanlegri örorku stefnanda þurfi að útiloka og draga frá þá hugsanlegu örorku, sem um hafi verið að ræða á

slysdegi. Til viðbótar henni megi líta svo á, að stefnandi hafi fengið vægа tognun í bak, sem ýft hafi upp óþægindi í bakinu. Varanleg örorka miðist því við tognun í baki, þar sem aðalóþægindi séu þó rakin til hryggbolsrofsins. Metur hann varanlega örorku stefnanda vegna slyssins 28. febrúar 1989 10%. Tímabundna örorku metur hann frá slysdegi 100% í fjóra mánuði og 50% eftir það í tvo mánuði.

Stefnandi mótmælti framangreindri niðurstöðu og ítrekaði kröfu um uppgjör á grundvelli fyrri gagna. Stefndi var ekki tilbúinn að verða við kröfum stefnanda á grundvelli örorkumats Stefáns Bogasonar og líkindareiknings Jóns Erlings, en gat fallist á með hliðsjón af örorkumati Atla Þórs Ólasonar að greiða stefnanda 450.000 kr. auk sannanlegs tímabundins vinnutekjutaps, en stefnandi hafi átt rétt til slysakaups frá vinnuveitanda, bóta frá Tryggingastofnun ríkisins auk bóta úr atvinnuslysatryggingu og stefndi hafði greitt upp í tjónið 125.000 kr. Stefndi hefur nú breytt kröfugerð sinni frá því, sem upphaflega var boðið, og hefur boðist til að greiða 750.000 kr. með vöxtum og kostnaði, eins og nánar greinir frá síðar.

Undir rekstri málsins voru að beiðni stefnda dómkvaddir matsmenn til að skoða og meta heilsufarsástand stefnanda og láta í té skriflegt og rökstutt álit um eftirfarandi:

1. Hvort fallast megi á örorkumat annars hvors þeirra Stefáns Bogasonar eða Atla Þórs Ólasonar út frá læknisfræðilegum sjónarmiðum, og ef ekki, hver sé hæfilega metin tímabundin og varanleg læknisfræðileg örorka stefnanda af völdum slyssins.

2. Hvort stefnandi hafi af völdum slyssins 28. febrúar 1989 orðið fyrir eða muni til frambúðar verða fyrir raunverulegri skerðingu á getu til öflunar vinnutekna, þegar litið er til menntunar hans, kunnáttu, starfsorku og þeirra kosta, sem hann á til að afla sér tekna með vinnu, sem sanngjarnt sé að ætlast til, að hann starfi við, eða hver sé fjárhagsleg örorka stefnanda.

3. Ef talið verði, að stefnandi hafi eða muni hljóta tímabundna örorku af völdum slyssins, óskist hún metin í hundraðshlutum.

Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, Jóhanns Tómassonar læknis og Davíðs Þórs Björgvinssonar, dósents við lagadeild Háskóla Íslands, er dagsett 2. október 1993, og var hún lögð fram á dómþingi 25. maí 1994. Jóhann kom fyrir dóminn 2. febrúar 1995, staðfesti þar matsgerðina og útskýrði hana nánar.

Í niðurstöðu hinna dómkvöddu matsmanna um varanlega læknisfræðilega örorku segir, að til skoðunar sé, hvort slys það, sem stefnandi hafi orðið fyrir í febrúar 1989, eigi þátt í hryggjarliðarskriðinu. Sé það almennt læknisfræðilegt viðhorf, að skriðs af þessu tagi sé sjaldnast að rekja til ein-

stakra atvika, heldur aukist það smátt og smátt með tímanum vegna slitbreytinga, ef það fari af stað á annað borð. Síðan segir, að þrátt fyrir þetta almenna viðhorf verði þó aldrei með öllu þvertekið fyrir, að slys það, sem stefnandi hafi orðið fyrir, eigi hér einhvern hlut að máli. Í fyrsta lagi hafi stefnandi verið slæmur í baki í apríl og nóvember 1987 rétt eins og eftir slysið 1989. Einkennin frá 1990 og raunar núverandi einkenni séu hins vegar vinstra megin. Enn fremur er bent á, að röntgenmyndir og tölvusneiðmyndir í október 1990 sýni umtalsverðar reaktívar slitbreytingar og séu að mati Kristjáns Róbertssonar og matsmannsins Jóhanns Tómassonar ekki nýlega til komnar. Að lokum vísa matsmenn til sjúkraskrár sjúkrahússins í Vestmannaeyjum, þar sem talið var, að slysið hefði verið minni háttar samkvæmt eigin frásögn stefnanda. Niðurstaða matsmanna er samkvæmt þessu sú, að þáttur slyssins í febrúar 1989 í bakóþægindum stefnanda sé lítill. Telja matsmenn læknisfræðilega örorku stefnanda hæfilega metna 5%.

Um fjárhagslega örorku stefnanda af völdum slyssins telja matsmenn, að hún sé óveruleg. Telja þeir líklegast, að raunveruleg tekjuskerðing af völdum slyssins 28. febrúar 1989 vegna minnkandi möguleika hans til að hverfa til starfa í sínu fagi verði ekki mikil. Telja þeir, að miða eigi við, að hún geti numið 0-8% eða að meðaltali 4%.

Það er niðurstaða hinna dómkvöddu matsmanna, að tímabundin örorka stefnanda sé 100% í fimm vikur og 50% í tvo mánuði.

Með úrskurði dómsins 2. júní 1994 var leitað umsagnar læknaráðs. Það varð niðurstaða læknaráðs, að spurningum dómarans, eins og þær væru fram settar, gæti læknaráð ekki svarað. Með úrskurði dómsins 2. febrúar 1995 var að nýju leitað umsagnar læknaráðs. Fékk ráðið Halldór Jónsson lækni til að gefa sérfræðiálit vegna þessa máls, og er álit hans dags. 6. ágúst 1995.

Í niðurstöðu Halldórs segir, að hann telji, að umferðaróhappið 28. febrúar 1989 hafi valdið tognun og leyndum hryggþófaáverka í mjóbaki stefnanda, sem fyrir hafi verið veiklað vegna bæði slits og rofs á aftari milliliðatengingu L5. Afleiðing þessa sé þau óþægindi, sem hann líði enn af, þar sem sú versnun, sem hafi orðið á bakeinkennum hans, sé í beinu samræmi við aukið slit í neðstu smáliðunum, sérstaklega L5-S1 hryggþófanum með eftirfylgjandi skriðaukningu á L5 fram á við.

Jafnframt segir hann, að þar sem bakið hafi verið veiklað fyrir áverkann, hafi tognunin orðið alvarlegri og valdið verri og þrálátari einkennum en ella. Hann segir jafnframt vel geta verið, að stefnandi hefði fengið öll þau einkenni, sem hann hafi nú, enda þótt umrætt slys hefði ekki komið til. Um þetta verði hins vegar aldrei unnt að ganga úr skugga og því ósannanlegt. Hann telur, að örorka stefnanda eftir fyrrgreint umferðaróhapp sé 10% og að

henni verði ekki skipt á neinn hátt milli þess ástands, sem hafi verið í baki stefnanda fyrir umferðaróhappið, og þess áverka, sem hann hafi hlotið við það.

Halldór fellst hvorki á örorkumat Stefáns Bogasonar né matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna.

Fyrir dóminn komu og gáfu skýrslur stefnandi, Halldór Bjarnason, og vitnin Stefán Bogason læknir og Jóhann Tómasson læknir.

III.

Af hálfu stefnanda er til þess vísað, að bifreið sú, er stefnandi ók, hafi verið tryggð lögboðinni ökumannstryggingu hjá stefnda. Beri stefnda því að greiða stefnanda það tjón, er hann hafi orðið fyrir vegna slyssins, í samræmi við ákvæði 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Samkvæmt örorkumati Stefáns Bogasonar sé stefnandi metinn með 25% varanlega örorku. Í matinu sé tekið tillit til þess, að stefnandi hafi verið með hryggjarliðarrof í neðsta mjóhryggjarlið. Telji læknirinn, að liðrofið sé meðfæddur galli, sem kunni að hafa átt þátt í fyrri mjóbaksverkjaköstum stefnanda. Hins vegar telur hann líklegast, að liðskriðið, sem valdi þrýstingi á taugarætur niður í fætur, hafi orðið af slysinu og að erting á taugarætur niður í fætur sé afleiðing bílslyssins, enda sé það haft í huga, að stefnandi hafi verið með hryggjarliðarrof fyrir slysið. Því meti læknirinn stefnanda með 25% varanlega örorku af völdum slyssins frá 28. febrúar 1989.

Stefnandi hefur mótmælt því, að álitsgerð Atla Þórs Ólasonar verði lögð til grundvallar, þar sem hún sé bæði ófullkomin og ónákvæm, þótt ýtarleg sé. Þar sé allri athygli beint að liðrofinu, en á engan hátt tekið á liðskriðinu sem afleiðingu slyssins frá 28. febrúar 1989. Mótmælir stefnandi matinu frá 10. mars 1992 í heild sinni sem röngu. Þetta telur stefnandi leiða til þess, að ógerlegt sé að leggja umrætt mat til grundvallar í máli þessu, en treysta eigi að fullu mati aðstoðartryggingayfirlæknis, Stefáns Bogasonar, og vísar þar um til 3. tl. 60. gr. laga nr. 91/1991. Stefnandi lítur svo á, að matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna hnekki ekki örorkumati Stefáns Bogasonar frekar en aðrar matsgerðir, sem lagðar hafa verið fram í málinu.

Bótakröfu sína kveðst stefnandi miða við örorkutjónsútreikninga tryggingafræðings, sem reist sé á örorkumati tryggingalæknis.

Miskabótakröfu sína byggir stefnandi á 264. gr. hgl. nr. 19/1940, sbr. 92. gr. umfl.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi svo:

Framtíðarávöxtun	6%	4,5%
Tímabundin örorka	622.300	622.300
Varanleg örorka	5.894.800	6.828.300

Töpuð lífeyrisréttindi		353.700	409.698
Miski		450.000	450.000
	Samtals	7.320.800	8.310.298

Kröfu sína kveður stefnandi studda útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar, dags. 31. janúar 1992 og 14. desember 1995.

Hvað snerti kröfu um miskabætur, kveðst stefnandi vera lærður vélvirki, en hafi ekki starfað sem slíkur, þegar slysið varð. Engu að síður sé ljóst, að stefnandi muni ekki vegna slyssins geta tekið upp störf sem vélvirki og því gerð krafa um miskabætur, að fjárhæð 450.000 kr. Samtals sé því endanleg stefnukrafa 8.310.298 kr. auk vaxta og kostnaðar, allt að frádregnum 125.000 kr., sem stefndi greiddi inn á kröfuna. Stefnandi krefst þess, að innborgunin verði dregin frá kröfu vegna tímabundinnar örorku. Við ákvörðun hagræðis af eingreiðslu bóta og skattalegs hagræðis krefst stefnandi þess, að hliðsjón verði höfð af breyttri stefnu Hæstaréttar varðandi framtíðarávöxtun bótakrafna, að miða skuli við 4,5% í stað 6%.

IV.

Sýknukrafa stefnda gegn greiðslu á 750.000 kr. auk vaxta og kostnaðar er á því reist, að með þeirri fjárhæð sé umstefnt tjón stefnanda að fullu bætt og ósannað sé, að stefnandi hafi orðið fyrir frekara tjóni. Stefndi byggir breytta kröfugerð sína á niðurstöðu dómkvaddra matsmanna um 5% varanlega örorku og útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings, dagsettum 14. desember 1995. Samkvæmt því sé höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps 1.261.800 kr., töpuð lífeyrisréttindi 75.700 kr., og 4/5 af því séu 1.070.000 kr. Til frádráttar komi vegna skattfrelsis og af öðrum ástæðum 38% eða 406.600 kr. og miski 83.500 kr.

Stefndi kveður ósannað, að stefnandi hafi raunverulega orðið fyrir missi vinnutekna þann tíma, sem hann hafi verið frá vinnu fyrst eftir slys, en samkvæmt lögum og kjarasamningi eigi hann rétt á launum í slysaforföllum. Þá eigi hann rétt á dagpeningum frá Tryggingastofnun ríkisins og úr samningsbundinni atvinnuslysatryggingu launþega. Bætist tímabundið örorkutjón ekki, nema um raunverulegt vinnutekjutap sé að ræða.

Stefndi kveður örorkumat Stefáns Bogasonar læknis ekki standast, og sé mati hans sérstaklega mótmælt sem röngu. Reisi læknirinn mat sitt á því, að hryggjarliðarskrið með þrýstingi á taugarætur niður í fætur sé afleiðing bílslyssins og hafi valdið 25% varanlegri örorku. Hins vegar sýni röntgenmyndir, að liðskriðið sé gamalt, og tölvusneiðmyndir sýni jafnframt, að ekki hafi verið um þrýsting eða áverka á taugar að ræða. Liggi fyrir, að stefnandi hafi meðfætt hryggjarliðarrof á V. hryggjarliðarboga, en eðli sjúk-

dómsins sé einmitt hryggjarliðarskrið. Hafi röntgenmyndir 1975 og 1983 sýnt, að liðskriðið var þá tæpur hálfur cm, en röntgenmyndir í október 1990, að skriðið var orðið um einn cm og að ekki væri um nýtilkomnar breytingar að ræða. Örorkumat Stefáns sé því bersýnilega rangt, og verði ekki á því byggt. Sé mat Stefáns ekki heldur gert af honum sem lækni Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 3. tl. 60. gr. laga nr. 91/1991, eins og stefnandi virðist ætla, heldur sem einkaaðila. Sé ósannað, að afleiðingar slyssins séu annað og meira en baktognun, og geti örorka stefnanda aldrei orðið meiri en 10% af völdum slyssins. Gæti örorka allt eins verið minni, enda bakóþægindi stefnanda einkum af völdum hins meðfædda sjúkdóms, sem Atli Þór Ólason læknir hafi metið til allt að 25% varanlegrar örorku. Stefnandi þurfi að sanna orsakasamband milli tjónsatburðar og tjóns, en það hafi honum ekki tekist.

Stefndi telur, að eina gagnið, sem hafi fullt sönnunargildi, sé matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna vegna þeirrar lögbundnu málsmeðferðar, sem matsmál sæta. Slíkri matsgerð verði ekki hnekkt nema með yfirmati. Annars mats sé aflað einhliða, og rýri það sönnunargildi þess. Um álit læknaráðs telur stefndi, að þar sem matsmönnum hafi ekki verið gefinn kostur á að rökstyðja mat sitt, áður en álit var látið í té, hnekki það álit ekki matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna. Jafnframt bendir stefndi á, að niðurstaða læknaráðs í máli þessu sé í raun ekki álit læknaráðs, heldur sérfræðiálit Halldórs Jónssonar, sem hafi ekki skoðað stefnanda. Samkvæmt framansögðu hljóti álit þetta að víkja fyrir matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna.

Kröfu stefnanda um miskabætur kveður stefndi allt of háa og í ósamræmi við dómvenju. Þegar jafnframt sé krafist örorkubóta, sé miski innifalinn í örorkumati lækna, og sé miskinn því í raun tvíkrafinn. Beri örorkumat með sér, að óþægindi stefnanda séu ekkert umfram hið venjulega, þegar um hálstognun sé að ræða. Bakóþægindi stefnanda stafi aðallega af hinum meðfædda sjúkdómi hans. Séu því engin skilyrði til hárra miskabóta. Þá beri að miða bætur við verðlag á slysdegi, enda vaxta krafist frá þeim tíma.

Varakröfu sína kveðst stefndi setja fram ex tuto. Beri við ákvörðun örorkutjóns, ef til komi, að gæta þess, að krafa um örorkubætur í formi vinnutekjutaps bætist ekki, meðan hennar gætir ekki í skertum tekjum. Þá beri að draga frá þann hluta bóta, sem ella gengi til opinberra gjalda, nú 41,34% samkvæmt gildandi skattkerfi, en bæturnar kæmu til skatts sem jaðartekjur, ef þær væru skattskyldar. Hið sama gildi um lífeyrisréttindi og örorkubætur. Síðan beri að virða til lækkunar hagræði af eingreiðslu bótanna samkvæmt dómvenju og draga svo frá bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, er stefnandi eigi rétt á sem ökumaður vélknúins ökutækis. Einnig eigi bætur frá vinnu-

veitanda og stefnda að koma til frádráttar og bætur úr atvinnuslysatryggingu.

Vaxtakröfum mótmælir stefndi sérstaklega, en bótakrafan beri samkvæmt dómvenju sömu vexti og notaðir séu í tjónsútreikningi og ekki dráttarvexti frá fyrri tíma en uppsögudegi endanlegs dóms.

V.

Mál þetta er sótt af hálfu stefnanda til greiðslu skaðabóta fyrir líkamstjón. Ágreiningur aðila snýst um bótafjárhæð og á hvaða forsendum hún skuli ákveðin. Í málinu liggur fyrir örorkumat þriggja lækna og matsgerð tveggja dómkvaddra matsmanna, læknis og lögfræðings. Mat þetta er ekki samhljóða um varanlega læknisfræðilega örorku stefnanda. Læknarnir Atli Þór Ólason og Halldór Jónsson meta varanlega læknisfræðilega örorku 10%. Stefán Bogason metur hana 25%, og hinir dómkvöddu matsmenn meta hana 5%. Mismunur á mati þessu virðist umfram allt vera í því fólginn, að matsmönnum ber ekki saman um, hversu mikill þáttur í mati á læknisfræðilegri örorku eldra bakmein stefnanda sé. Í málinu er ekki deilt um bótaábyrgð stefndu.

Til skamms tíma var mat á læknisfræðilegri örorku að jafnaði lagt til grundvallar ákvörðunar á tjóni viðkomandi aðila. Slíkt mat hefur hins vegar ekki verið einhlít viðmiðun, þar sem ýmis atvik geta haft áhrif á niðurstöðu til hækkunar eða lækkunar bóta, en meginregla íslensks skaðabótaréttar er sú, að bótaskyldur aðili skuli bæta tjónþola allt það tjón, sem hann hefur sannanlega orðið fyrir. Dómari sker hverju sinni úr um vægi sönnunargagna samkvæmt 1. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991. Almennt verður litið svo á, að matsgerð dómkvaddra matsmanna hafi meira vægi sem sönnunargagn en vottorð læknis vegna þeirrar lögbundnu málsmeðferðar, sem matsmál sæta.

Í máli þessu er deilt um, hvort hryggrof, hryggjarliðarskrið, verkir í mjóbaki og ganglimum svo og dofi í fæti séu að einhverju eða öllu leyti afleiðingar umferðaróhapps 28. febrúar 1989.

Samkvæmt gögnum málsins og með skírskotun til málflutnings 2. febrúar 1996 voru einkenni stefnanda fyrst eftir slysið aðallega verkir í mjóbaki og hægra ganglim, en frá því í apríl 1990 seyðingsverkur í mjóbaki, verkur í vinstri ganglim og dofi í tveimur tám vinstra megin.

Samkvæmt örorkumati Stefáns Bogasonar tryggingalæknis frá 11. desember 1991 var hryggjarliðarrofið talið meðfætt. Aftur á móti var álitið líklegt, að hryggjarliðarskriðið stafaði af slysinu og ylli þrýstingi á taugarætur með einkennum því samfara. Tímabundin örorka var metin 100% í fjóra mánuði, 50% í tvo mánuði og varanleg 25%.

Í örorkumati Atla Þórs Ólasonar bæklunarskurðlæknis frá 10. mars 1993 er starfsorkuskerðing metin 100% í fjóra mánuði, 50% í tvo mánuði og 10 % varanleg.

Stefnandi hefur langa sögu um bakverki og veiklað mjóbak vegna rofs í boga 5. mjóhryggjarbols og skriðs á honum fram á við yfir 1. spjaldhryggjarbol. Við slysið kom hnykkur á mjóbak og tognun á mjóhrygg. Varanleg örorka miðast við tognun í baki.

Hinir dómkvöddu matsmenn, þeir Jóhann Tómasson og Davíð Þór Björgvinsson dósent, skiluðu matsgerð 2. október 1993. Samkvæmt niðurstöðum hennar var þáttur slyssins 28. febrúar 1989 í bakóþægindum stefnanda talinn lítill. Tímabundin örorka var metin 100% í fimm vikur, 50% í tvo mánuði og varanleg 5%. Tímabundin fjárhagsleg örorka vegna slyssins var metin 100% í fimm vikur, 25% í tvo mánuði og varanleg 4% að meðaltali.

Réttarmáladeild læknaráðs var spurð álits í málinu. Gerði deildin álit Halldórs Jónssonar bæklunarskurðlæknis að sínu, en hann taldi örorku stefnanda eftir umferðaróhappið 28. febrúar 1989 vera 10% og að ekki væri hægt að skipta henni á milli þess ástands, sem var í baki stefnanda fyrir slys, og þess áverka, sem hann hlaut við umferðaróhappið.

Telja verður sannað af gögnum málsins, að stefnandi hafi verið með hryggrof og hryggjarliðarskrið fyrir slysið 1989. Röntgenmyndir frá 1975 og 1983 sýna það glöggt. Engin aukning á skriði verður á þessum átta árum. Liðþófahæð helst óbreytt, og verður ástandið því að teljast stöðugt. Talið er, að 25% þeirra, sem hafa hryggrof án skriðs, hafi einkenni frá mjóbaki vegna þess, og má vel skýra einkenni stefnanda út frá því fram til þess tíma. Myndir teknar 1990 sýna skriðaukningu 4 mm – 10 mm og liðþófalækkun 8 mm – 4 mm, en auk þess sjást slitbreytingar milli L 4-L 5 og L 5-S 1. Skriðaukning og slit í mjóbaki skýrir vel einkenni stefnanda nú.

Hryggrof / spondylolysis er ekki sannanlega meðfæddur galli, heldur talinn vera áunninn. Rof kemur í pars interarticularis á uppvaxtarárum, og eru ástæður taldar álag á þennan hluta hryggjarliðarins, venjulega langvarandi álag, sem leiðir til sprungumyndunar, er nær ekki að gróa, og sjaldnar ákveðið álag, sem veldur broti og samfara því bráðaeinkennum með verk og hreyfiskerðingu. Hryggrof veldur auknu álagi á næsta liðþófa fyrir neðan og facett-liði fyrir ofan, og auk þess fá sumir einstaklingar hryggjarliðarskrið. Hryggjarskrið eykst á vaxtarárum fram til tvítugs og getur síðan aukist að nýju við slit, það er lækkun á liðþófahæð. Vegna aukins álags á liðþófann fyrir neðan í einstaklingum með hryggrof koma slitbreytingar með skriði fyrr en í heilbrigðu fólki (35 - 45 ára).

Sjúkraskýrslur frá Heilsugæslustöð Vestmannaeyja sýna glöggt, að stefnandi hefur í mörg ár verið slæmur í mjóbaki. Hann leitar þangað a. m. k. níu sinnum vegna mjóbaksverkja (lumbago) eða útleiðsluverkja (ischias). Tíðnin eykst 1987, og verkir niður í hægri ganglim versna. Hann verður síðan fyrir hnykk á baki 23. júní 1988.

Stefnandi er því með veiklað bak, þegar hann lendir í umferðarslysinu 28. febrúar 1989. Við slysið fær hann hnykk og næstu daga á eftir vaxandi verki og útleiðslu niður í hægri ganglim. Tíu dögum síðar er hann lagður inn á sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum. Hann jafnar sig fljótt og er útskrifaður eftir átta daga í frekari sjúkraþjálfun. Fimm vikum eftir slys er hann kominn í fulla vinnu, og í lok apríl 1989 er hann brautskráður frá sjúkraþjálfara verkjalaus.

Í apríl 1990 hefjast síðan núverandi einkenni með verkjum niður í vinstri ganglim, doða í tám, þreytuverkjum í mjóbaki og minnkuðu þreki.

Við áverkann 1989 er stefnandi 35 ára með þekkt hryggrof og hryggskrið upp á 4 mm frá 1983. Telja verður líklegt, að einkenni frá baki 1987 og 1988 komi frá vaxandi breytingum í mjóbaki stefnanda. Ekki verður fram hjá því litið, að einkenni stefnanda versnuðu eftir slys 1989, og hugsanlega kann hryggjarliðarþófinn milli 5. lendhryggjarbols og 1. spjaldhryggjarbols að hafa skaðast og af því hlotist smám saman aukið skrið, sem aftur eykur slit á liðbrúnum og facett-liðum. Umferðarslysið í febrúar 1989 var minni háttar og bakóþægindin sennilega afleiðing hnykks og tognunar. Ósennilegt er, að hryggjarliðarskriðið hafi aukist þá. Ef það hefði gerst, hefði mátt búast við meiri einkennum, bæði meiri sársauka og meiri staðbundnum eymslum. Það er almennt læknisfræðilegt viðhorf, að skrið af þessu tagi verði sjaldan rakið til einstakra atvika eins og slyss. Ekki er heldur sannað, að við slysið hafi komið fram taugarótareinkenni. Stefnandi var frá vinnu frá 28. febrúar 1989 til 3. apríl 1989. Í apríl 1990 fær stefnandi að nýju einkenni með auknum verk í mjóbaki og verk í vinstra ganglim og síðar dofa í tvær tær á vinstra fæti. Ekki er óhugsandi, að einkenni þessi verði að einhverju leyti rakin til slyssins árið áður.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, telur dómurinn, að taka beri tillit til þess skaða, sem stefndi sannanlega hafði í baki, áður en hann lenti í umræddu slysi, og þykir því rétt að staðfesta niðurstöðu hinna dómkvöddu matsmanna um, að varanleg læknisfræðileg örorka stefnanda sé 5% vegna slyssins 28. febrúar 1989.

Í úrlausnum dómstóla um verðmæti tapaðra framtíðartekna vegna örorku hefur almennt verið litið til hinnar læknisfræðilegu örorku og lagt til grundvallar, að hundraðshluti tekjutaps sé hinn sami og læknisfræðileg ör-

orka. Eins og mál þetta er vaxið, eru ekki forsendur til að víkja frá þeirri hefðbundnu aðferð.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur hefur þrisvar reiknað út ætlað tjón stefnanda, 31. janúar 1992, 17. desember 1993 og 14. desember 1995. Í útreikningi sínum frá 14. desember 1995 reiknar hann m. a. út örorkutjón stefnanda miðað við 4,5% framtíðarvexti og 5% örorku, höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps miðað við slysdag 1.261.800 kr. og verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda 6% af höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps 75.700 kr. Miðað við 6% framtíðarvexti er höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps 1.089.300 kr. og töpuð lífeyrisréttindi 65.400 kr. Við útreikning höfuðstólsverðmætis miðar hann við, að fram að útreikningsdegi, 14. desember 1995, séu notaðir einfaldir vextir af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands. Einfaldir sparisjóðsvextir frá slysdegi til útreikningsdags séu 22,24%. Eftir útreikningsdag séu notaðir ýmist 4,5% eða 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fari eftir reynslu áranna 1976 til 1980, og líkur fyrir missi starfsreynslu áranna 1976-1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki sé tekið tillit til skatta.

Samkvæmt dómvenju þykir rétt, að bætur til stefnda vegna varanlegrar örorku sæti frádrætti vegna hagræðis við eingreiðslu bóta og skattfrelsis þeirra. Að þessu virtu og þegar litið er til læknisfræðilegrar örorku, útreiknings tryggingafræðings og tapaðra lífeyrisréttinda, þykja bætur vegna varanlegrar örorku hæfilegar 1.000.000 kr.

Stefndu kveða matsgerð taka tillit til miska, og því sé rangt að ákveða stefnanda miskabætur sérstaklega, því að þá sé verið að bæta sama tjónið tvisvar. Ekki verður fallist á það með stefnda, að miski sé innifalinn í örorkumati, og því eigi stefnandi ekki rétt á að fá bætur fyrir miska. Þykja bætur vegna miska hæfilega metnar 300.000 kr.

Hinir dómkvöddu matsmenn mátu tímabundna örorku stefnanda 100% í fimm vikur og 50% í tvo mánuði. Stefnandi hefur sjálfur lýst yfir, að hann hafi aldrei verið launalaus og fengið full laun í fjórar vikur. Með hliðsjón af þessu og útreikningi Jóns Erlings frá 14. desember 1995 þykja bætur vegna tímabundinnar örorku hæfilega metnar 125.000 kr. Stefndi hefur greitt 125.000 kr. inn á kröfu stefnanda, og telst því tjón vegna tímabundinnar örorku að fullu bætt.

Samkvæmt framansögðu er niðurstaðan sú, að stefndi skal greiða stefnanda bætur, samtals 1.300.000 kr., með vöxtum samkvæmt 7. gr. laga nr. 25/1987, eins og í dómsorði greinir, frá 28. febrúar 1989 til 23. febrúar 1996. Með vísan til 15. gr. laga nr. 25/1987 skulu dráttarvextir reiknaðir af kröfu stefnanda frá deginum í dag til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir hæfilegt, að stefndi greiði stefnanda 300.000 kr. í málskostnað, og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dóm þennan kváðu upp Greta Baldursdóttir, settur héraðsdómari, og meðdómsmennirnir Ásgeir B. Ellertsson yfirlæknir og Ríkarður Sigfússon bæklunarskurðlæknir.

Dómsorð:

Stefndi, Vátryggingafélag Íslands, greiði stefnanda, Halldóri Bjarnasyni, 1.300.000 kr. með 8% ársvöxtum frá 28. febrúar 1989 til 1. mars 1989, 10% frá þ. d. til 21. mars s. á., 13% frá þ. d. til 11. apríl s. á., 15% frá þ. d. til 11. júní s. á., 17% frá þ. d. til 21. júlí s. á., 12% frá þ. d. til 1. ágúst s. á., 10% frá þ. d. til 1. sept. s. á., 6% frá þ. d. til 21. sept. s. á., 8% frá þ. d. til 21. október s. á., 9% frá þ. d. til 1. nóvember s. á., 11% frá þ. d. til 1. janúar 1990, 9% frá þ. d. til 21. janúar s. á., 7% frá þ. d. til 1. mars s. á., 5% frá þ. d. til 1. apríl s. á., 3% frá þ. d. til 1. október s. á., 2,5% frá þ. d. til 1. janúar 1991, með 3,5% frá þ. d. til 21. janúar s. á., 5% frá þ. d. til 1. júní s. á., 6% frá þ. d. til 1. ágúst s. á., 7% frá þ. d. til 11. október s. á., 4% frá þ. d. til 1. nóvember s. á., 3,75% frá þ. d. til 21. nóvember s. á., 3,5% frá þ. d. til 1. desember s. á., en 3% frá þeim degi til 1. febrúar 1992 og vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til 23. febrúar 1996, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 300.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 10. apríl 1997.

Nr. 13/1997. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Eyvindi Svani Magnússyni
(Haraldur Blöndal hrl.)

Kynferðisbrot. Miskabætur. Þinghald. Vitni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 9. janúar 1997. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Ákærði krefst aðallega sýknu af öllum kröfum ákæruvalds, en til vara, að hann verði dæmdur í vægustu refsingu, sem lög leyfa, og miskabótakrafa verði lækkuð til muna.

Við aðalmeðferð málsins í héraði 28. nóvember 1996 er bókað, að ákærði víki frá, meðan kærandi málsins gefi skýrslu. Ákærði kom síðan ekki aftur fyrir dóminn fyrr en að lokinni vitnayfirheyrslu. Samkvæmt 6. mgr. 59. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála getur dómari ákveðið, að sakborningi verði vikið úr þinghaldi, meðan skýrsla vitnis er tekin, ef þess er krafist og dómari telur, að nærvera sakbornings geti orðið vitninu sérstaklega til íþyngingar eða haft áhrif á framburð þess. Í málinu liggur ekkert fyrir um það, hver hafi krafist þess, að ákærði viki úr dómi, og af hvaða ástæðu, en rétt er, að þessa sé jafnan getið í þingbók. Samkvæmt 4. mgr. 129. gr. laga nr. 19/1991 er aðalreglan sú, að ákærði eigi rétt á að vera við aðalmeðferð máls. Er það undir mati dómara komið hverju sinni, hvort hann beitir því undantekningarákvæði, sem felst í 6. mgr. 59. gr. laganna. Verjandi ákærða var viðstaddur vitnaleiðslurnar og beindi spurningum til vitnanna. Þykja ekki efni til að ómerkja hinn áfrýjaða dóm vegna þessa annmarka.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um sekt ákærða, heimfærslu til refsilagaákvæðis og sakarkostnað. Þá ber einnig að staðfesta ákvæði hans um miskabætur til

handa kæranda. Ákæruvaldið hefur ekki krafist þyngingar refsingar, og verður því refsiákvörðun héraðsdóms látin standa óhögguð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Eyvindur Svanur Magnússon, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndals hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 18. desember 1996.

Mál þetta er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 3. október 1996, á hendur ákærða, Eyvindi Svani Magnússyni, Borgarbraut 21, Borgarnesi, fæddum 31. mars 1970, fæðingarnúmer 355, „fyrir nauðgun með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 22. júní 1996 í íbúð á jarðhæð hússins [...] þröngvað konunni X, fæddri 1955, með ofbeldi til holdlegs samræðis, en þau voru bæði gestkomandi þar.

Telst þetta varða við 194. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Þórdís Bjarnadóttir héraðsdómslögmaður fyrir hönd X gerir þær kröfur í málinu, að ákærði verði dæmdur til greiðslu miskabóta, að fjárhæð 1.000.000 kr., og 22.320 kr. í þjáningabætur auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 22. júní 1996 til greiðsludags. Gerð er krafa um, að dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 22. júní 1997. Einnig er þess krafist, að ákærða verði gert að greiða brotaþola málskostnað og vexti af málskostnaði samkvæmt 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 og sbr. 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 að mati dómsins eða síðar fram lögðum málskostnaðarreikningi".

Við munnlegan flutning málsins krafðist sækjandi þess enn fremur, að ákærði yrði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. á m. saksóknarlauna til ríkissjóðs.

Af hálfu ákærða hefur þess verið krafist aðallega, að ákærði verði sýknaður af refsikröfu og skaðabótakröfu vísað frá dómi, til vara, komi til sakfellingar, að refsing ákærða verði ákvörðuð eins væg og lög frekast leyfa og skaðabætur til kæranda stórlega lækkaðar. Þá krefst verjandi ákærða þess, að allur sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun til handa verjanda.

Málavextir.

Hinn 22. júní 1996 kom X á neyðarmóttöku slysadeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur og bar, að sér hefði verið nauðgað nóttina áður, og var hún þar skoðuð af lækni og hjúkrunarfræðingi. Fjórum dögum síðar lagði X fram formlega kæru á hendur ákærða.

Skýrsla var tekin af ákærða hjá lögreglu 8. júlí 1996, og einnig gaf hann skýrslu fyrir dóminum.

Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði verið í Reykjavík föstudagskvöldið 21. júní 1996 og komið til . . . um hálfeitt eftir miðnætti og farið á veitingastaðinn H . . . Kvaðst hann hafa hitt þar m. a. kæranda og S. Ákærði kvaðst hafa drukkið þar áfengi og verið orðinn talsvert ölvaður, er hann hafi farið af veitingastaðnum. Ákærði kvaðst þá hafa gengið með kæranda og áðurnefndri S heim til S. Kvað hann þau hafa setið þar inni í stofu og drukkið áfengi og verið að tala saman. Ákærði kvað kæranda síðan hafa farið út úr stofunni. Kvaðst hann ekki hafa áttað sig á því fyrr en síðar, að hún hefði farið inn í herbergi að sofa. Ákærði kvað þau S hafa setið áfram að drykkju í stofunni, og hafi þau verið orðin mjög ölvuð, er hann hafi með leyfi S sofnað í sófanum. Ákærði kvaðst síðar hafa vaknað við það, er hann hefði dottið úr sófanum og rekið sig í sófaborðið. Hann kvaðst þá hafa farið út og gengið heim til sín og sofnað þar. Hjá lögreglu kvaðst ákærði fyrst ekki geta sagt til um, hvernig hann vissi, hvert kærandi hefði farið, eftir að hún hvarf frá þeim S í stofunni. Kærandi hefði, áður en hún hefði farið úr stofunni, verið að tala um að hringja á leigubíl, en S sagt henni að fara inn í herbergi að sofa. Ákærði kvaðst því hafa gert ráð fyrir, að hún hefði gert það.

Kærandi hefur skýrt svo frá, að föstudagskvöldið 21. júní 1996 hafi hún verið ásamt vinkonu sinni, S, stödd á veitingahúsinu H . . ., er hún hafi hitt ákærða, sem sé gamall vinnufélagi þeirra. Um klukkan þrjú eða fjögur um nóttina hafi þau ákærði farið saman heim til S, en S hafi verið farin á undan þeim heim. Kvað hún þau þrjú hafa setið inni í stofu og verið að tala saman. Kærandi kvaðst skömmu síðar hafa farið á salerni og þaðan inn í forstofuherbergi og lagst þar til svefns. Kvaðst hún hafa verið klædd í hvítan bol, bláan brjóstahaldara, svartar buxur og nærbuxur. Hún kvaðst hafa vaknað við það, að ákærði hefði staðið yfir sér og verið að reyna að klæða sig úr buxunum. Hafi hann verið búinn að losa eina tölu í buxnastrengnum og verið að eiga við rennilásinn. Kvaðst hún hafa tekið í buxurnar og beðið ákærða að hætta og láta sig í friði. Ákærði hefði þá sagt sér að láta ekki svona og reynt að taka niður um sig buxurnar, en hún togað á móti. Kvað hún ákærða þá hafa tekið vinstri hönd sína og bundið hana fasta við rúm-

gaflinn með ljósbláu bandi af náttslopp. Ákærði hefði því næst klætt hana úr síðbuxum og nærbuxum, en hún barist á móti og ákærði þá bundið hægri fót hennar við fótagaflinn með mjóu bandi. Kvaðst hún þá hafa verið orðin verulega hrædd og kallað eitthvað í þeirri von, að einhver heyrði í sér, en ákærði þá gripið fyrir vit sér, svo að sér hafi legið við köfnun. Hafi hún hrist höfuðið til að reyna að ná andanum. Kvaðst hún þá hafa spurt ákærða, hvort hann ætlaði að drepa hana, en hún kvaðst ekki muna, hvort hann hefði svarað því nokkru. Eftir þessar aðfarir ákærða kvaðst hún ekki hafa þorað að öskra, en grátið og verið mjög hrædd. Kvað hún ákærða hafa náð að þvinga sundur fætur sína og lagst ofan á sig. Hún kvað ákærða þá hafa verið kominn úr gallabuxum og nærbuxum, en verið í einhverju að ofan. Hún kvaðst ekki vita, hvenær ákærði hefði klætt sig úr buxunum. Kærandi kvaðst hafa með því að hreyfa sig og halda saman lærunum tvisvar eða þrisvar komið í veg fyrir, að ákærði kæmi getnaðarlim sínum inn í hana. Hún kvað ákærða þó hafa tekist það að lokum, og kvaðst hún þá hafa gefist upp og legið hreyfingarlaus. Kvað hún ákærða hafa spurt sig, hvort þetta væri ekki gott, og hún ekki þorað annað en svara því játandi. Hún kvaðst ekki vita, hvort ákærða hefði orðið sáðlát. Kærandi kvaðst hafa losað sig úr böndum, er ákærði var farinn, en talsverðan tíma hafi tekið að losa höndina, sem bundin var. Kærandi kvaðst hafa verið í miklu uppnámi og hlaupið grátandi út úr herberginu að herbergi S og vakið hana og S reynt að hugga hana. Hún kvaðst hafa kastað upp af geðshræringu, en síðan sofnað uppi í rúmi hjá S, þar sem sér hefði fundist hún örugg. Kærandi kvaðst ekki hafa sagt S frá atvikum fyrr en daginn eftir, er hún vaknaði. Hefðu þær þá rætt saman um atvikið. Sér hefði liðið mjög illa allan laugardaginn og velt fyrir sér, hvað hún ætti að gera. Síðar um daginn hefði vinkona sín, B, komið í heimsókn, og kvaðst hún hafa sagt henni frá atvikum. Kærandi kvað þessa vinkonu sína hafa hringt í neyðarmóttöku Sjúkrahúss Reykjavíkur. Kærandi kvaðst ekki hafa verið tilbúin að leggja fram kæru strax, þar sem . . . sé lítið bæjarfélag, þar sem flestir þekkist. Þá kvaðst kærandi hafa verið hrædd við hugsanleg viðbrögð ákærða og jafnvel dottið í hug, að hann gæti gert börnum sínum eitthvað. Kærandi kvað sér hafa liðið mjög illa eftir þetta og átt erfitt með að koma sér að nokkru verki, en legið mikið í rúminu og ekki þorað út úr húsi.

Ákærða voru kynnt hjá lögreglu einstök atriði í málavaxtalýsingu kæranda. Svör hans voru einatt á eina lund: „Ég man ekki eftir þessu.“ Fyrir dómi neitaði ákærði staðfastlega sök og komst svo að orði: „Ég verð alltaf sannfærðari og sannfærðari um það, eftir því sem líður á. Það er ekkert á minni samvisku, sem nagar mig. Ég er alveg með hreina samvisku.“ Enn

fremur kom fram hjá ákærða, að minni hans væri stundum gloppótt vegna ölvunar, t. d. hverja hann hitti og um hvað væri talað.

Vitnið S skýrði svo frá, að hún hefði ásamt kæranda farið á veitingastaðinn H föstudagskvöldið 21. júní 1996. Þar hafi þær m. a. hitt ákærða. Vitnið kvað þær hafa drukkið þar nokkra bjóra og einnig eitthvað fyrr um kvöldið. Hún kvaðst hafa farið heim til sín um klukkan þrjú, en kærandi orðið eftir. Fimmtán mínútum síðar hefðu kærandi og ákærði komið á eftir sér. Þau hafi sest inn í stofu og setið þar og talað saman. Kvað vitnið kæranda hafa staðið upp um klukkutíma síðar, farið á salernið og þaðan beint inn í forstofuherbergi. Vitnið kvað þær ekki hafa rætt það sérstaklega áður, þar sem alvanalegt væri, að kærandi gisti hjá sér og svæfi þá í þessu herbergi. Vitnið kvað ákærða skömmu síðar hafa spurt um kæranda, og kvaðst hún hafa sagt honum, að kærandi hefði farið inn í herbergi að sofa. Taldi vitnið, að ákærða hefði verið ljóst, um hvaða herbergi hefði verið að ræða. Vitnið kvað þau ákærða hafa spjallað saman í um hálfa klukkustund eftir þetta, en þá hefði hún sagst vera orðin mjög syfjuð og ætla að sofa í sófanum í stofunni. Ákærði hefði þá borið vitnið inn í svefnherbergi þess. Er ákærði hefði verið farinn út úr herberginu, hefði vitnið staðið upp og læst svefnherbergisdyrunum. Kvaðst vitnið síðan hafa sofnað og vaknað við, að kærandi hefði bankað á svefnherbergishurðina. Vitnið kvaðst hafa opnað og kærandi komið inn grátandi og lagst upp í rúm til sín. Hefði kærandi sagst vera veik og kastað upp og síðan sofnað. Morguninn eftir hefði kærandi fyrst sagt sér, að ákærði hefði nauðgað sér. Vitnið kvað kæranda hafa sagt sér, að hún hefði barist um, fyrst við að halda upp um sig buxunum og síðan barist á móti því, að ákærði kæmi fram vilja sínum. Kvað hún kæranda hafa sagt sér frá því, að ákærði hefði bundið aðra hönd og annan fót kæranda við rúmið, en síðan tekið fyrir vit hennar, svo að henni hefði legið við köfnun. Vitnið kvaðst síðar hafa fundið á rúmgaflinum belti það, sem kærandi hefði sagst hafa verið bundin með. Hins vegar hefðu þær ekki fundið neitt, sem líklegt hefði verið, að ákærði hefði notað til þess að binda fót kæranda. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt köll eða óp kæranda og ekki hafa orðið vör við hávaða.

Kærandi kom á neyðarmóttöku slysadeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur laugardaginn 22. júní 1996 kl. 18.20, og tóku Rannveig Pálsdóttir læknir og Eyrún Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur á móti henni. Í skýrslu neyðarmóttöku er frásögn kæranda af atburðum skráð af lækninum, og er sú frásögn í öllum atriðum eins og í lögregluskýrslu, dags. 26. júní 1996.

Í niðurstöðu Rannveigar Pálsdóttur læknis eftir skoðun á kæranda segir svo: „Við komu á NM óróleg, en gefur skýra og greinargóða sögu. Segist

hafa kastað upp og grátið fyrr um daginn, einnig verið óttaslegin og hrædd um líf sitt.

Við skoðun sjást húðristur, sár og marblettir, sem staðfesta sögu hennar um, að hún hafi verið bundin, einnig, að hún hafi barist á móti. Ekki sjást sæðisfrumur í smásjá, flúrskoðun neikvæð. Ekki eru áverkar á kynfærum, en brúnleitur vökvi efst í leggöngum. Tekin sýni fyrir nánari leit að sæðisfrumum. Einnig eru tekin föt, saumspretta á ermi bols eftir átök; kvartar yfir eymslum yfir rófubeini, er aum þar við þreifingu, en ekki sést mar. Tekin sýni fyrir kynsjúkdómum. Svars að vænta innan viku.

Hinir líkamlegu áverkar koma heim og saman við sögu S; einnig bendir hegðun og líðan eftir atburðinn til þess, að hún hafi orðið fyrir tilfinningalegu áfalli."

Fyrir dómi staðfesti læknirinn skýrslu sína. Kvað hún áverkana ekki hafa verið eldri en sólarhringsgamla, er hún hafi skoðað kæranda, og gætu þeir samrýmst frásögn kæranda.

Samkvæmt álitsgerð Gunnlaugs Geirssonar prófessors fundust engar sæðisfrumur eða annað, sem unnt var að nota til „kennslagreiningar", í þeim sýnum, sem rannsökuð voru hjá Rannsóknastofu háskólans í meinafræði.

Niðurstaða.

Af því, sem rakið hefur verið af framburði ákærða og vitna, er ljóst, að ákærði og kærandi, sem eru fyrrverandi vinnufélagar, fóru saman heim til vitnisins, S, eftir að þau höfðu hist á veitingahúsinu H. Þeim ber öllum saman um, að kærandi hafi þar yfirgefið ákærða og vitnið eftir skamma stund og ákærði og vitnið S talið, að kærandi hefði farið inn í annað herbergi í húsinu. Framburður ákærða og S er hins vegar ósamhljóða um, hvað gerðist eftir það. S hefur haldið því fram, að ákærði hafi síðan borið sig inn í svefnherbergi, en ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi sofnað í sófa í stofunni.

Ákærði hefur frá upphafi neitað sök, en svör hans við spurningum hjá lögreglu og fyrir dómi voru þó ekki alltaf skýr, og hefur ákærði borið við minnisleysi vegna ölvunar. Kærandi hefur hins vegar frá upphafi verið staðföst í skýrslum sínum og þær verið trúverðugar. Framburður kæranda samrýmist rannsókn Rannveigar Pálsdóttur læknis á áverkum á henni, og fær sú lýsing stoð í framburði vitnisins S.

Þegar litið er til þess, að framburður kæranda hefur verið staðfastur og skýr og framkoma hennar fyrir dómi traustvekjandi, og með hliðsjón af lýsingu vitna á viðbrögðum og ástandi kæranda eftir atvikið, skýrslu og framburði Rannveigar Pálsdóttur læknis og annarra rannsóknargagna telst

ákærði sannur að sök um þann verknað, sem lýst er í ákæru og er þar réttilega heimfærður til refsiákvæða.

Sakaferill og refsing.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki sætt refsingu, sem áhrif hefur á niðurstöðu máls þessa.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði.

Skaðabætur.

Þórdís Bjarnadóttir héraðsdómslögmaður hefur fyrir hönd kæranda krafist skaðabóta, að fjárhæð 1.022.320 kr., auk 111.854 kr. í málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi. Bótakröfu sína sundurliðar kærandi þannig:

1.	Miskabætur	kr.	1.000.000
2.	Þjáningarbætur í 30 daga, 744 kr. á dag	–	22.320
	Samtals	kr.	1.022.320

Samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 á kærandi rétt á miskabótum, og samkvæmt 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála á tjónþoli rétt á því að fá greiddan kostnað, er hún hefur orðið fyrir við að halda kröfu sinni fram. Eigi eru skilyrði til að beita ákvæðum 3. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 í þessu máli.

Samkvæmt niðurstöðu málsins verður ákærði dæmdur til þess að greiða kæranda bætur, sem þykja hæfilega ákveðnar 350.000 krónur. Þá verður fallist á kröfu um kostnað kæranda við að halda kröfu sinni fram með 60.000 krónum. Verður ákærði samkvæmt þessu dæmdur til að greiða X 350.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. laga nr. 25/1987 frá 22. júní 1996 til dómsuppsögudags, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og til að greiða henni 60.000 krónur í málskostnað.

Sakarkostnaður.

Með vísan til 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ágústssonar héraðsdómslögmanns, er þykja hæfilega ákveðin 80.000 krónur auk virðisaukaskatts, og saksóknarlaun til ríkissjóðs, 80.000 krónur.

Mál þetta flutti af ákæruvaldsins hálfu Stefán Skarphéðinsson, sýslumaður í Borgarnesi.

Dóminn kváðu upp héraðsdómararnir Hervör Þorvaldsdóttir, Pétur Guðgeirsson og Sigurður Tómas Magnússon.

Dómsorð:

Ákærði, Eyvindur Svanur Magnússon, sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði greiði X 350.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. laga nr. 25/1987 frá 22. júní 1996 til dómsuppsögudags, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 60.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ágústssonar héraðsdómslögmanns, 80.000 krónur auk virðisaukaskatts.

Fimmtudaginn 10. apríl 1997.

Nr. 345/1996. **Búnaðarbanki Íslands**
(Magnús Guðlaugsson hrl.)
gegn
Finnboga Guðmarssyni
(Atli Gíslason hrl.)

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. september 1996. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 400.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júní 1995 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í héraðsdómi, ritaði stefndi útgáfudaginn 23. ágúst 1993 á víxilinn, sem um ræðir í málinu. Fyrir liggur, að gjalddaginn 1. júní 1995 var ritaður á víxilinn í maímánuði á því ári. Víxillinn ber ekki sjálfur með sér, að stefndi hafi kveðið á um lengri frest handa áfrýjanda til að sýna víxilinn til greiðslu en eitt ár frá útgáfudegi, sbr. 1. mgr. 34. gr. víxillaga nr. 93/1933. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Búnaðarbanki Íslands, greiði stefnda, Finnboga Guðmarssyni, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. júlí 1997.

Ár 1996, fimmtudaginn 18. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara í Dómhúsinu við

Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. E-4585/1995: Búnaðarbanki Íslands gegn Ólafi Bjarnasyni og Finnboga Guðmarssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með stefnu, birtri 9. ágúst 1995, á hendur Ólafi Bjarnasyni, kt. 160548-4529, Klapparstíg 1A, Reykjavík, og 17. ágúst s. á. á hendur Finnboga Guðmarssyni, kt. 210439-2349, Flétturima 6, Reykjavík. Málið var flutt og dómtekið 21. mars sl., en flutt á nýjan leik og dómtekið nú í dag, vegna þess að dómsuppsaga hefur dregist vegna anna dómara.

Stefnandi er Búnaðarbanki Íslands, Seljaútibú, kt. 631181-0239, Þönglabakka 1, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda skuld, að fjárhæð 400.000 krónur, og bankakostnað, 660 krónur, ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 400.000 krónum frá 1. júní 1995 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Sótt hefur verið þing af hálfu stefnda Finnboga Guðmarssonar og tekið til varna.

Dómkröfur hans eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Af hálfu stefnda Ólafs féll niður þingsókn 7. nóvember.

Málsatvik, málsástæður og lagarök.

Stefnandi höfðar mál þetta til innheimtu á víxli, að fjárhæð 400.000 krónur, sem út gefinn er 23. ágúst 1993, en gjalddagi víxilsins er 1. júní 1995. Víxill þessi er tryggingarvíxill vegna Visa, og samkvæmt viðfestri yfirlýsingu er hann til tryggingar úttektum samþykkjanda samkvæmt greiðslukorti, sem gefið var út á reikning hans. Samkvæmt yfirlýsingunni, sem undirrituð er af samþykkjanda og útgefanda víxilsins, var Búnaðarbanka Íslands heimilt að breyta vanskilaskuld vegna greiðslukorts í víxilskuld og nota til þess víxileyðublaðið, dagsetja það og stimpla og gera það þannig að fullgildum víxli, sem gilti í 30 mánuði frá útgáfudegi yfirlýsingarinnar. Krafið er um alla fjárhæð tryggingarvíxilsins, en heildarskuld 4. maí 1995 hafi verið 546.135,52 krónur.

Stefndi Ólafur er greiðandi og samþykkjandi víxils þessa, en stefndi Finnbogi Guðmarsson útgefandi hans, og undirrituðu þeir yfirlýsinguna, sem dagsett er 24. ágúst 1993.

Af hálfu stefnanda er vísað til 7. kafla víxillaga nr. 93/1933 um fullnustu vegna greiðslufalls. Þá ber stefnandi fyrir sig ákvæði 17. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Stefndi Finnbogi Guðmarsson reisir sýknukröfu sína á því, að yfirlýsing sú, er stefndi undirritaði, hafi miðast við, að hvorki útgáfudagur né gjalddagi væri ritaður á víxilinn og að víxillinn væri eyðuvíxill. Hann hafi hins vegar verið formlega gildur og því ekki heimilt að breyta honum með því að rita á hann gjalddaga, sbr. 69. gr. víxillaga. Stefnandi hafi ekki gætt þess að sýna víxilinn innan ársfrests, sbr. 1. mgr. 34. gr. víxillaga, og hafi hann því glatað rétti sínum gagnvart stefnda Finnboga.

Þá er því haldið fram, að samkvæmt nefndri yfirlýsingu hafi heimild til að nýta víxilinn með þeim hætti, sem greinir í yfirlýsingunni, gilt í 18 mánuði, en ekki 30, eins og vélritað hafi verið inn á yfirlýsinguna. Stefndi hafi aldrei samþykkt þessa breytingu, og hafi yfirlýsingin því ekki haft gildi gagnvart honum lengur en 18 mánuði, þ. e. a. s. til 24. febrúar 1995. Vanskil þau, sem innheimta stefnanda byggist á, séu frá 4. maí 1995, þ. e. eftir að yfirlýsingin hafi verið úr gildi fallin. Er stefnandi ritaði gjalddaga víxilsins 1. júní 1995, hafi hann farið út fyrir umboð sitt.

Niðurstaða.

Ágreiningslaust er í málinu, að víxill sá, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, var gefinn út 23. ágúst 1993 og að gjalddaga var bætt inn á hann síðar.

Var hann þá fullgildur víxill í skilningi 1., sbr. 2. gr. víxillaga, og því ekki skilyrði til að fylla hann eyðuútfyllingu samkvæmt meginreglum víxilréttar. Kemur þá til álita, hvort yfirlýsing sú, er stefndu undirrituðu, geymi sjálfstæða heimild til handa stefnanda til breytinga á víxlinum. Í yfirlýsingunni segir m. a., að „verði um vanskilaskuld á Visa-greiðslukortareikningi samþykkjanda að ræða, er Búnaðarbanka Íslands heimilt að breyta vanskilaskuldinni í víxilskuld og nota til þess þetta víxileyðublað, dagsetja það og stimpla og gera það þannig að fullgildum víxli“. Yfirlýsing þessi felur það eitt í sér, að stefnanda var heimilt að fylla út eyður á víxileyðublaðinu og gera það þannig að fullgildum víxli á þar tilgreindu tímabili. Hins vegar liggur fyrir í málinu, að víxillinn var gefinn út, áður en yfirlýsingin var dagsett, og því fullgildur, eins og áður segir. Með því að svo var, hafði stefnandi ekki heimild til að breyta efni víxilsins, eins og gert var, með því að setja greiðsludag á hann, sbr. 69. gr. víxillaga. Skv. 2. mgr. 2. gr. laganna er víxillinn sýningarvíxill, og skv 1. mgr. 34. gr. víxillaga skyldi sýna hann, áður en eitt ár var liðið frá útgáfu hans. Er stefna var birt í máli þessu, var sýningarfrestur liðinn og víxilkrafa stefnanda á hendur stefnda Finnboga fallin niður, sbr. 1. mgr. 53. gr. víxillaga, og verður hann því sýknaður af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda, sem telst hæfilega ákveðinn 250.000 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

Engar varnir hafa komið fram af hálfu stefnda Ólafs Bjarnasonar, og verða kröfur á hendur honum teknar til greina, enda ófyrndar, sbr. 1. mgr. 70. gr. víxillaga.

Dómsorð:

Stefndi Finnbogi Guðmarsson skal sýkn af kröfum stefnanda, Búnaðarbanka Íslands. Stefnandi greiði stefnda 250.000 krónur í málskostnað.

Stefndi Ólafur Bjarnason greiði stefnanda 400.660 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 400.000 krónum frá 1. júní 1995 til greiðsludags og 80.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 10. apríl 1997.

Nr. 36/1997. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Karli Elíassyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Ökuréttur. Reynslulausn. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. janúar 1997 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun til endurskoðunar viðurlaga og krefst þess, að refsing ákærða verði þyngd.

Ákærði krefst þess, að refsing verði milduð.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Ákærði verður dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. desember 1996.

Ár 1996, föstudaginn 27. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 991/1996: Ákæruvaldið gegn Karli Elíassyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 16. desember sl., á hendur ákærða, Karli Elíassyni, Víkurási 4 í Reykjavík, kt. 101174-4099.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa ekið

bifreiðinni R 31017 miðvikudaginn 16. október 1996, sviptur ökurétti, frá Nesti í Fossvogi suður Hafnarfjarðarveg, uns lögregla stöðvaði aksturinn við Silfurtún. Þetta telst varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar".

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hefur framið brot það, sem honum er gefið að sök og er rétt fært til refsiákvæða í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann dæmdur árið 1993 í sektargreiðslu fyrir brot á 120. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga. Síðar sama ár gekkst hann með sátt undir að greiða sekt fyrir ofhraða. Enn gekkst ákærði árið 1994 undir að greiða sekt og nú fyrir ölvunarakstur og einnig ofhraða. Jafnframt var ákærði sviptur ökurétti í tólf mánuði. Síðar árið 1994 var ákærði dæmdur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi sem hegningarauka fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 244. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga. Í júlí árið 1995 var ákærði dæmdur í níu mánaða fangelsi fyrir ölvunar- og sviptingarakstur svo og brot á 10. gr. umferðarlaga og 248. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga. Jafnframt var ákærði sviptur ökurétti í þrjú ár. Í nóvember árið 1995 var ákærði dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga og 217. gr. almennra hegningarlaga. Loks hefur ákærði á þessu ári hlotið tvo dóma, fyrst í janúar sl., en þá var honum ekki gerð refsing, fyrir brot á 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga og 6. mars, en þá var ákærði dæmdur í níu mánaða fangelsi, hegningarauka að hluta, fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 1. mgr. 217. gr., 1. mgr. 247. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga. Ákærða var 30. ágúst sl. veitt skilorðsbundin reynslulausn í tvö ár á 300 daga eftirstöðvum fangelsisrefsingar. Ákærði var með dómunum árið 1995 sakfelldur fyrir að aka samtals sjö sinnum sviptur ökurétti.

Með háttsemi þeirri, sem ákærði er nú sakfelldur fyrir, hefur hann rofið skilorð reynslulausnarinnar og verður því ákvörðuð refsing með hliðsjón af 42. gr., sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, og eftirstöðvar refsingar ákærða, sem hann hlaut skilorðsbundna reynslulausn á, felld inn í þá refsingu, sem ákærða verður nú ákvörðuð og þykir með hliðsjón af sakaferli ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í eitt ár.

Loks ber samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með taldar 15.000 krónur í þóknun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Karl Elíasson, sæti fangelsi í 1 ár.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 15.000 krónur í þóknun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

Fimmtudaginn 10. apríl 1997.

Nr. 120/1996. **Sveindís Hermannsdóttir**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Pósti og síma hf.
Vátryggingafélagi Íslands hf. og
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.
(Jakob R. Möller hrl.)
og gagnsök

Skaðabætur. Bifreiðir. Slysatrygging ökumanns. Örorkubætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. mars 1996. Hún krefst þess aðallega, að gagnáfrýjendur verði óskipt dæmdir til að greiða 5.064.565 krónur með 1% ársvöxtum frá 25. júní 1992 til 11. ágúst 1993, 1,25% ársvöxtum frá þeim degi til 11. nóvember sama árs, 0,5% ársvöxtum frá þeim degi til 17. desember sama árs, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara gerir hún sömu kröfu, þó þannig, að frá 11. nóvember 1993 beri fyrrgreind fjárhæð 0,5% ársvexti til 5. júní 1995, en dráttarvexti frá þeim degi til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst hún jafnframt greiðslu á útlögðum kostnaði vegna heimilishjálpar, 143.182 krónum, með dráttarvöxtum frá 11. október 1995 til greiðsludags svo og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 13. júní 1996. Þeir krefjast þess aðallega, að þeim verði einungis gert að greiða aðaláfrýjanda alls 1.292.360 krónur með nánar tilteknum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 25. júní 1992 til greiðsludags, 235.464 krónur í lögmannsþóknun og 140.549 krónur vegna útlagðs kostnaðar í héraði. Til vara krefjast gagnáfrýjendur lækkunar bóta. Þeir krefjast og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með lögum nr. 103/1996 var gagnáfrýjanda Póst- og símamálastofnun breytt í Póst og síma hf. Hefur hlutafélagið tekið við aðild málsins fyrir Hæstarétti.

Í málinu krefst aðaláfrýjandi skaða- og miskabóta vegna umferðarslyss 25. júní 1992. Enginn ágreiningur er um greiðsluskyldu bóta, sem gagnáfrýjendur viðurkenna. Ágreiningslaust er og með aðilum, að varanleg læknisfræðileg örorka aðaláfrýjanda, sem metin var af Jónasi Hallgrímssyni lækni og dómkvöddum matsmönnum, sé 10%.

Fallast ber á niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um að hafna kröfu aðaláfrýjanda um bætur fyrir tímabundna örorku.

Kröfu sína um bætur vegna varanlegrar örorku reisir aðaláfrýjandi á tjónsútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings, sem lagður var fram í héraðsdómi 5. maí 1995 og miðaður við 10% örorku. Höfuðstólsverðmæti tekjutaps var þar reiknað 4.384.900 krónur. Gagnáfrýjendur halda því hins vegar fram, að við ákvörðun bóta eigi að taka mið af varanlegri fjárhagslegri örorku, sem dómkvaddir matsmenn hafi metið einungis 5%.

Í úrlausnum dómstóla um verðmæti tapaðra framtíðartekna vegna örorku hefur almennt verið litið til hinnar læknisfræðilegu örorku og lagt til grundvallar, að hundraðshluti tekjutaps sé hinn sami og þannig ákvarðað örorkustig. Engar forsendur eru til að víkja frá þeirri venju í þessu máli. Bætur til aðaláfrýjanda vegna varanlegrar örorku þykja hæfilega ákveðnar 3.300.000 krónur að teknu tilliti til skattfrelsis bótanna og hagræðis af eingreiðslu. Krafa um bætur fyrir töpuð lífeyrisréttindi er tekin til greina, eins og krafist er, með 263.100 krónum. Þar sem aðaláfrýjanda eru dæmdar bætur, eins og hún gegndi fullu starfi utan heimilis, verður ekki tekin til greina krafa hennar um örorkubætur vegna heimilisstarfa. Ekki eru heldur rök til að taka til greina kröfu hennar um útlagðan kostnað vegna heimilishjálpar í Þýskalandi haustið 1994, 143.182 krónur, þar sem orsakatengsl við umferðarslysið eru ósönnuð.

Eftir atvikum þykja miskabætur til aðaláfrýjanda hæfilega ákveðnar 200.000 krónur.

Niðurstaða málsins verður því, að gagnáfrýjendum verður gert að greiða aðaláfrýjanda 3.763.100 krónur með vöxtum, eins og í dómsorði greinir. Með vísan til 15. gr. vaxtalaga verða dráttarvextir dæmdir frá framlagningu tjónsútreiknings 5. maí 1995, enda var tjón aðaláfrýjanda þar reiknað miðað við kaupgjald í apríl sama ár. Þá greiði gagnáfrýjendur aðaláfrýjanda málskostnað, þar með talinn

útlagðan kostnað, sem ákveðst í einu lagi í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Póstur og sími hf., Vátryggingafélag Íslands hf. og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði óskipt aðaláfrýjanda, Sveindísi Hermannsdóttur, 3.763.100 krónur með 1% ársvöxtum frá 25. júní 1992 til 10. ágúst 1993, 1,25% ársvöxtum frá þeim degi til 10. nóvember sama árs, 0,5% ársvöxtum frá þeim degi til 5. maí 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnáfrýjendur greiði óskipt aðaláfrýjanda samtals 800.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 6. mars 1996.

Mál þetta var dómtekið 7. febrúar 1996 að lokinni aðalmeðferð.

Stefnandi málsins er Sveindís Hermannsdóttir, kt. 240863-4219, Brekkuseli 27, Reykjavík.

Stefndu eru Póstur og sími, kt. 490784-2339, Thorvaldsensstræti, Reykjavík, Vátryggingafélag Íslands, kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík, og Sjóvá-Almennar tryggingar, kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda óskipt skaða- og miskabætur, að fjárhæð 5.064.565 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum].

Til vara er þess krafist, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda óskipt skaða- og miskabætur, að fjárhæð 5.064.565 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum].

Þess er jafnframt krafist, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda útlagðan kostnað vegna heimilishjálpar, 143.182 kr., samkvæmt fram lögðum reikningum með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 11. október 1995 til greiðsludags. Verði dráttarvextir höfuðstólsfærðir á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 11. október 1996, en síðan árlega þann dag.

Þá er í öllum tilvikum krafist málskostnaðar að skaðlausu ásamt virðisaukaskatti samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Endanlegar dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda gegn greiðslu á 1.292.360 kr. með einföldum

ársvöxtum af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands frá 25. júní 1992 til greiðsludags auk lögmannsþóknunar, en til vara, að stefnukröfur verði stórlækkaðar.

Jafnframt krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti.

Málavextir.

Hinn 25. júní 1992 ók stefnandi bifreiðinni R-4431 vestur Bæjarháls í Reykjavík. Hugðist stefnandi beygja til hægri skammt austan við Bitruháls og hægði ferðina, en þá var bifreið stefnda Pósts og síma, R-3818, ekið aftan á bifreið stefnanda. Bifreið stefnda Pósts og síma mun hafa verið tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu samkvæmt 91. gr. laga nr. 50/1987 hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. Eigandi bifreiðarinnar R-4431, sem stefnandi ók í umrætt sinn, hafði gilda ökumannstryggingu samkvæmt 92. gr. laga nr. 50/1987 hjá stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Stefnandi var 28 ára gömul, þegar slysið varð. Hún er menntuð sem meinatæknir.

Stefnandi fann til eymsla í hálsi og leitaði því til slysadeildar Borgarspítalans. Við fyrstu komu þangað fann stefnandi aðallega fyrir verk í hálsi. Samkvæmt fram lögðu vottorði Leifs Jónssonar, læknis á slysa- og bæklunardeild Borgarspítalans, dagsettu 7. október 1992, var talið, að stefnandi hefði hlotið væga tognun, og fékk hún hálskraga og vöðvaslakandi lyf. Við endurkomu 15. júlí 1992 hafi stefnandi sagt ástand verra en við fyrstu komu og sagst þjást af höfuðverk daglega, hafa verki í hálsi og leiðni út í axlir auk óþæginda frá mjóbaki með leiðni út í hægri rasskinn og læri. Hún hafði ekki tekið lyfin, þar eð hún var barnshafandi.

Við skoðun hafi komið í ljós, að stefnandi hafði eymsli í hálshryggjar- og herðavöðvum, en engin „neurologisk" einkenni frá handleggjum. Eymsli voru yfir lendarhryggjarvöðvum, en „neurologia" ganglima var eðlileg. Stefnanda hafi verið vísað til sjúkraþjálfara, og hafi hún fengið vinnuveitendavottorð um óvinnufærni tímabilið 25. júní til 5. júlí 1992.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að vegna framangreinds slyss hafi vinnugeta hennar minnkað og aflahæfi skerst. Hún hafi þjáðst af hálsverkjum, höfuðverk og leiðni út í axlir. Við fyrstu komu á slysadeild hafi hún einkum fundið fyrir verk í hálsi og því fengið hálskraga og verkjalyf. Við endurkomu á slysadeild 15. júlí 1992 hafi ástand hennar verið heldur verra en við fyrstu komu. Upp úr því hafi farið að bera á óþægindum frá mjóbaki, sem leitt hafi út í hægri rasskinn og læri. Í framhaldi af þessu hafi henni verið vísað til heimilislæknis og sjúkraþjálfara, en ekki hafi orðið um frekari endurkomur hennar á slysadeild að ræða.

Stefnandi vísar um meiðsli sín til örorkumats Jónasar Hallgrímssonar læknis, dagsetts 11. október 1993. Aðdragandi þess sé, að stefnandi og stefndi Vátryggingafélag Íslands hafi komið sér saman um svokallað „tveggja lækna mat“. Af hálfu stefnanda hafi Jónas Hallgrímsson verið tilnefndur, en stefndi Vátryggingafélag Íslands hafi tilnefnt Brynjólf Mogensen. Læknarnir hafi átt viðtal við stefnanda sumarið 1993 og náð saman um öll atriði matsgerðarinnar nema hið fjárhagslega örorkumat. Brynjólfur Mogensen hafi síðan horfið frá störfum sem trúnaðarlæknir Vátryggingafélags Íslands og þá sagt sig frá þessu verkefni. Jónasi Hallgrímssyni hafi því verið falið af stefnanda að ljúka matsgerðinni, en stefnandi, sem bjó erlendis, hafi verið farin utan, er þetta var.

Í framangreindri matsgerð komi fram, að stefnandi hafi við slysið hlotið hálshnykk, hulsueinkenni í hægri öxl og tognunareinkenni frá mjóbaki og hægri mjöðm. Vegna ytri aðstæðna og erfiðleika hafi bati orðið hægari en ella. Tímabundin örorka í eina viku sé metin 100%, en varanleg læknisfræðileg örorka 10%. Fjárhagsleg örorka sé síðan metin út frá því, að stefnandi muni starfa sem meinatæknir. Í örorkumatsgerð komi fram, að afleiðingar slyssins muni há henni við þau störf, og sérstaklega tiltekið, að geta hennar til að vinna yfirvinnu væri skert. Síðan sé fjárhagsleg örorka metin 100% í eina viku, en 10% varanleg.

Þá styður stefnandi kröfur sínar útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings á tjóni stefnanda miðað við 10% varanlega örorku. Útreikningurinn um störf utan heimilis sé miðaður við skattframtal ársins 1991, en að því er varði heimilisstörf, sé tekið mið af því, að stefnandi haldi heimili fyrir sig, eiginmann og tvö börn, en launaviðmið sé laun samkvæmt fastlaunasamningi Iðju fyrir starfsfólk í matvælaiðnaði eftir þriggja ára starf. Þá hafi verið reiknað út verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins, 6% af höfuðstólsverðmæti taps af varanlegri örorku vegna starfa utan heimilis.

Stefnandi bendir á, að í þessu máli sé ljóst, að tjón hennar vegna slyssins hafi haft áhrif á vinnugetu hennar og hamli henni daglega bæði í störfum innan og utan heimilis. Í framangreindu örorkumati sé að finna heildstætt mat á framtíðarafleiðingum meiðsla á starfsorku hennar. Þetta sé í samræmi við dómaframkvæmd í slíkum málum. Líkamstjón hafi verið metið með hliðsjón af mati læknis á læknisfræðilegri örorku og útreikningi tryggingastærðfræðings á grundvelli þess. „Verklagsreglur“ vátryggingafélaganna, sem séu staðlaðar aðferðir við bótauppgjör, leiði hins vegar til annarrar niðurstöðu fyrir tjónþola en yrði samkvæmt fyrrnefndri aðferð. Í framhaldi þess hafi tryggingafélögin síðan tekið upp á því að biðja um dóm-

kvaðningu matsmanna og óska eftir því, að hin fjárhagslega örorka yrði metin. Stefnandi mótmælir því, að hin svokallaða fjárhagslega örorka sín komi til skoðunar, hvað þá, að hún verði lögð til grundvallar við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku hennar. Ekki komi til greina að ryðja burt hinni óumdeildu dómvenju íslensks réttar með einhliða ákvörðun stefnda Vátryggingafélags Íslands hf.

Af hálfu stefnanda er einnig á það bent, að gildistími skaðabótalaga nr. 50/1993, þar sem upp var tekið svokallað fjárhagslegt örorkumat, hafi hafist 1. júlí 1993, og þá fyrst hafi framangreindri dómvenju verið lokið. Tjón stefnanda vegna slyss í júní 1992 verði því metið á grundvelli þeirrar venju.

Endanlega dómkröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1.	Örorkutjón.			
1.1.	Vegna starfa utan heimilis:			
	1.1.1. Tímabundin örorka		kr.	40.600
	1.1.2. Varanleg örorka	kr. 4.384.900		
	Frádr. v/ skattahagr.,			
	eingr. o. fl. 15%	-657.735	kr.	3.727.165
	1.1.3. Töpuð lífeyrisréttindi		–	263.100
1.2.	Örorka vegna heimilisstarfa.			
	1.2.1. Tímabundin örorka		–	11.500
	1.2.2. Varanleg örorka (50% af útr.)		–	622.200
2.	Miskabætur		–	400.000
		Samtals	kr.	5.064.565

Þá er nú enn fremur gerð krafa um greiðslu á útlögðum kostnaði stefnanda vegna heimilishjálpar tímabilið 15. september 1994 til 7. desember sama ár, DM 3.137,20 á gengi 10. október 1995, 45,64 ísl. kr., eða samtals 143.182 ísl. kr.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Stefndu reisa kröfu sína um sýknu gegn greiðslu á 1.292.360 kr. á því, að með þeirri fjárhæð sé umstefnt tjón stefnanda að fullu bætt, og því eigi stefnandi ekki rétt til frekari bóta, enda sé frekara tjón ósannað.

Lögmaður stefndu benti á það við munnlegan málflutning, að stefnandi hefði engin gögn lagt fram um það, af hvaða launum hún varð við vinnu í blikksmiðju föður síns þann tíma, sem hún var óvinnufær eftir slysið. Sú tala, sem stefnandi miði við, sé þó allt of há. Beri því að hafna kröfu stefn-

anda að þessu leyti, enda bætist tímabundin örorka ekki, nema um raunverulegt tap sé að ræða.

Stefndu telja forsendur stefnanda ekki fá staðist. Stefnandi hafi verið barnshafandi, er hún slasaðist, en haldið fullri vinnu, uns hún hafi flust til Þýskalands haustið 1992. Eftir það hafi hún ekkert unnið, og það hafi ekki heldur staðið til, en hún hafi átt barn sitt í mars 1993. Ekkert liggi fyrir í málinu um, að vinnutekjur eða lífeyrisréttindi vegna varanlegrar örorku hafi tapast í reynd, né sé líklegt, að svo verði. Örorka bætist ekki, ef hennar gæti ekki í reynd í skertum vinnutekjum, sbr. t. d. dóm Hæstaréttar frá 1988, bls. 276, og frá 1990, bls. 128. Reynslan sé sú, að áhrif læknisfræðilegrar örorku á vinnutekjur hverfi, er frá líði slysi. Þá kveða stefndu það ekki fá staðist, að stefnandi, sem sé nú heimavinnandi húsmóðir og ekki útivinnandi, eigi jafnframt óskertan bótarétt vegna vinnu utan heimilis, enda vinni stefnandi ekki í senn fullan vinnudag á heimilinu og utan þess. Þá hafi stefnandi ekki heldur orðið fyrir sérstökum útgjöldum vegna skorts á getu til starfa á heimili sínu né sé fyrirsjáanlegt, að svo verði.

Stefndu mótmæla líkindareikningi vegna heimilisstarfa sem bersýnilega röngum. Beri að hafna alveg kröfum stefnanda um bætur fyrir meira en svarar einu starfi, en nærtækast virðist að miða við húsmóðurstarf, eins og högum stefnanda sé háttað.

Stefndu kveða norrænar rannsóknir hafa leitt í ljós, að 20-30% læknisfræðileg örorka og þaðan af minni leiði sjaldnast til nokkurrar raunverulegrar skerðingar á vinnutekjum fólks. Hæstiréttur hafi hafnað því að leggja læknisfræðilegt örorkumat og líkindareikninga tryggingastærðfræðinga gagnrýnislaust til grundvallar. Þegar meiðsli séu ólíkleg til að valda vinnutekjutapi, sé kröfum um örorkubætur hafnað og aðeins dæmdur miski, en ósannað sé í þessu máli, að öðruvísi sé ástatt um stefnanda. Því er mótmælt, að örorkumat Jónasar Hallgrímssonar og örorkutjónsútreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar á grundvelli þess sanni raunverulegt tímabundið eða varanlegt vinnutap stefnanda. Þá séu engin efni til að sinna kröfum stefnanda, enda hafi stefnandi hafnað því að fresta uppgjöri, meðan séð verði, hvort læknisfræðileg örorka hennar muni valda vinnutekjutapi í raun.

Stefndu mótmæla kröfu stefnanda um miskabætur, að fjárhæð 400.000 kr., sem allt of hárri, þegar jafnframt sé krafist örorkubóta og þess gætt, að miski sé innifalinn í örorkumatinu. Telja stefndu 50 – 100.000 krónur nær lagi. Stefndu mótmæla einnig örorkumati Jónasar Hallgrímssonar sem röngu og óhæfu til að reisa á bótaákvörðun. Stefndu fóru fram á, að dómkvaddir yrðu sérfróðir matsmenn til þess að meta læknisfræðilega og fjárhagslega örorku stefnanda. Byggja stefndu á því, að miða beri við fjárhagslega örorku og raunverulegt fjártjón við ákvörðun bóta.

Stefndu kveða varakröfu setta fram ex tuto. Beri við ákvörðun örorkutjóns, ef til þess komi, að gæta þess, að örorka bætist ekki, meðan hennar gæti ekki í skertum vinnutekjum, en engar vinnutekjur hafi tapast til þessa hjá stefnanda, enda hún ekki í launuðu starfi. Kröfu um bætur fyrir útivinnu beri að hafna með öllu, þar sem stefnandi sé nú heimavinnandi húsmóðir og vinni ekkert úti. Þá beri að draga frá þann hluta bóta, sem ella gengi til opinberra gjalda, en staðgreiðsluhlutfall sé nú 41,84% samkvæmt gildandi skattkerfi, og kæmu bæturnar til skatts sem jaðartekjur samkvæmt gildandi skattkerfi, ef þær væru skattskyldar. Hið sama gildi um lífeyrisréttindi og örorkubætur. Stefndu telja, að síðan beri að virða til lækkunar hagræði af eingreiðslu bóta skv. dómvenju, og þá beri að virða til lækkunar, að miski sé innifalinn í örorkumati lækna og að ekki sé um raunverulegt tekjutap að ræða. Um vinnutekjutjón vegna tímabundinnar örorku sé ekki að ræða. Þá eigi að koma til frádráttar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, er stefnandi eigi rétt til sem ökumaður bifreiðar.

Stefndu mótmæla sérstaklega vaxtakröfum stefnanda, en bótakrafan beri samkvæmt dómvenju sömu vexti og notaðir séu í tjónsútreikningi og ekki dráttarvexti frá fyrri tíma en dómsuppsögudegi, og vísa þeir til dóms Hæstaréttar frá árinu 1989, bls. 653, og dóms frá 1990, bls. 128, og dóms frá 1992, 17. desember, í máli nr. 280/1990 og 10. desember í máli nr. 18/1989.

Niðurstaða.

Stefnandi varð fyrir slysi 25. júní 1992 og var flutt á slysadeild Borgarspítalans. Í vottorði Leifs Jónssonar læknis, dagsettu 7. október 1992, segir, að við komu hafi hún kvartað um eymsli aftan til í hálsi, einkum hægra megin. Engin einkenni hafi verið frá handleggjum eða neðanverðum hrygg og ganglimum. Þreifieymsli hafi verið yfir „paravertebral-vöðvum" í hálsi, einkum hægra megin, en hreyfingar nánast eðlilegar. Hafi verið talið, að um frekar væga tognun væri að ræða, og segir síðan, að sjúklingur hafi fengið hálskraga ásamt vöðvaslakandi lyfjum, en endurkoma verið ákveðin eftir tvær vikur.

Í áðurnefndu læknisvottorði segir enn fremur, að við endurkomu 15. júlí sama ár hafi sjúklingur talið ástand vera verra en við fyrstu komu og sagst vera með höfuðverk daglega, verki í hálsi og leiðni út í axlir. Þá hafi hún sagt, að nokkrum dögum eftir slys hafi hún farið að fá óþægindi frá mjóbaki með leiðni út í hægri rasskinn og læri. Hún hafi ekki tekið lyfin, enda sagst vera þunguð. Síðan segir orðrétt í vottorðinu: „Við skoðun eru eymsli í hálshryggjar- og herðavöðvum, en engin neurologisk einkenni frá handleggjum. Einnig eru eymsli yfir lendahryggjarvöðvum, en neurologia ganglima er eðlileg."

Í örorkumati Jónasar Hallgrímssonar læknis, dagsettu 11. október 1993, segir meðal annars í niðurstöðukafla: „Við slysið 25. júní 1992 hlaut Sveindís hálshnykk, væg hulsueinkenni í hægri öxl og tognunareinkenni frá mjóbaki og hægri mjöðm. Vegna ytri aðstæðna og erfiðleika við að fá nægjanlega endurhæfingu hefur bati Sveindísar orðið hægari en ella, en álit undirritaðs og Brynjólfs Mogensen var það, að hægt væri að meta varanlega örorku Sveindísar núna þrátt fyrir það.“ Síðar segir: „Tímabundin skerðing af völdum slyssins á getu Sveindísar til að afla sér vinnutekna er 100% í 1 viku, þ. e. frá 25. júní til 5. júlí 1992. Sveindís er menntuð sem meinatæknir og hefur nokkra starfsreynslu á því sviði. Gert er ráð fyrir, að Sveindís muni því afla sér vinnutekna í framtíðinni með meinatæknastörfum frekar en á öðrum sviðum, þótt slíkt sé ekki í raun gefið, þar sem hún er enn ung og margir aðrir möguleikar því fyrir hana til að afla sér tekna með störfum utan heimilis. Sveindís ætti í framtíðinni að geta unnið flest almenn meinatæknastörf, þótt hún í dag telji sig ekki vinnufæra til allra fyrri starfa sinna, svo sem að sitja lengi við smásjá. Fæstir meinatæknar starfa einir í dag, og má því ætla, að Sveindís gæti notið aðstoðar vinnufélaga við einstök erfið störf. Ætti hún að starfa ein, gætu þeir álagsverkir, sem ætlað er, að hún muni hafa framvegis, dregið nokkuð úr afköstum og þar með tekjum. Flestir meinatæknar á sjúkrahúsum á Íslandi fá nokkurn hluta af tekjum sínum fyrir yfirvinnu og vaktir, og mun láta nærri, að þær aukatekjur svari a. m. k. til 20% af heildarlaunum þeirra. Líklegt er, að vinnuþrek Sveindísar verði alla tíð eitthvað takmarkað, þannig, að vinna umfram fulla dagvinnu geti orðið henni um megn, að minnsta kosti að því marki, að hún geti bætt verulega við laun sín. Miðað við, að núverandi einkenni Sveindísar minnki, þegar frá líður, en haldist samt að nokkru marki, tel ég, að framtíðarævitekjur Sveindísar muni skerðast sem svarar til 10% og fjárhagsleg örorka hennar af völdum slyssins verði þar af leiðandi 10%.

Svar við spurningu 2 b í matsbeiðni um tímabundna og varanlega læknisfræðilega örorku Sveindísar er það, að tímabundin örorka er 100% í eina viku og varanleg örorka 10%.

Svar við spurningu 3 er það, að önnur slys eða sjúkdómar eigi ekki þátt í örorku Sveindísar.

Samkvæmt hefðbundnu örorkumati er örorka Sveindísar vegna slyssins því þessi:

Frá slysinu í 1 viku 100%.

Síðan varanleg örorka (fjárhagsleg og læknisfræðileg) 10%.“

Jónas Hallgrímsson læknir kom fyrir dóminn og staðfesti framangreint örorkumat. Hann kvaðst ekki sjá ástæðu til að breyta niðurstöðu sinni, að

því er varðaði hina fjárhagslegu örorku, þrátt fyrir það að hinir dómkvöddu matsmenn teldu örorkustigið lægra að þessu leyti. Rökstuddi hann þá niðurstöðu sína með því, að hann þekkti störf meinatækna vel. Yfirvinna væri umtalsverður hluti af starfi þeirra á stóru sjúkrahúsunum, þar sem mikið væri um bráðainnlagnir. Skerðing vinnugetu kæmi einkum niður á yfirvinnu og vaktavinnu, og því væri 10% fjárhagsleg örorka síst ofmat í þessu tilviki.

Þessu næst fékk stefnandi Jón Erling Þorláksson tryggingafræðing til að reikna út tjón sitt vegna slyssins. Er útreikningurinn dagsettur 16. nóvember 1993. Síðar var óskað eftir nýjum útreikningi frá Jóni Erlingi, og er sá útreikningur dagsettur 21. apríl 1995. Endanleg kröfugerð stefnanda styðst við síðari útreikning. Þar er miðað við örorkumat Jónasar Hallgrímssonar. Vinnutekjur stefnanda árin 1988-1991 samkvæmt tölvuútskrift skattstofu eru notaðar sem viðmiðun með þeim skýringum stefnanda, að hún hafi verið í fæðingarorlofi í rúmt ár frá júlí 1989 til september 1990 og að tekjur ársins 1991 hafi verið fyrir tíu mánuði. Þannig eru tekjur ársins 1991 lagðar til grundvallar að viðbættum 20% vegna tveggja mánaða, og teljast árstekjur þannig vera 2.269.300 kr.

Miðað við framangreindar forsendur að því viðbættu, að tap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og örorka er metin, fæst eftirfarandi áætlun:

	Áætlaðar tekjur		Tekjutap	
Árið 1992, frá slysdegi	kr.	1.062.900	kr.	142.800
- 1993	–	2.140.800	–	214.100
- 1994	–	2.210.000	–	221.000
Síðan árlega	–	2.269.300	–	226.900

Höfuðstólsverðmæti tekjutaps reiknast á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	40.600
Vegna varanlegrar örorku	–	4.384.900
Samtals	kr.	4.425.500

Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda er áætlað 6% af höfuðstólsverðmæti taps af varanlegri örorku, 263.100 kr.

Verðmæti tapaðra tekna vegna heimilisstarfa, ef þau eru stunduð eingöngu, miðar tryggingafræðingurinn við laun eftir þrjú ár samkvæmt fastlaunasamningi Iðju, félags verksmiðjufólks, fyrir starfsfólk í matvælaiðnaði, sem voru við gerð útreikningsins 53.670 kr. á mánuði, 644.000 kr. á ári. Verður höfuðstólsverðmæti tekjutaps vegna heimilisstarfa á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	11.500
Vegna varanlegrar örorku	–	1.244.400
Samtals	kr.	1.255.900

Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi 21. apríl 1995 notaðir vextir af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands (1% frá slysdegi, 1,25% frá 11. ágúst 1993 og 0,5% frá 11. nóvember 1993). Einfaldir vextir frá slysdegi til útreikningsdags eru 2,16%, en eftir þann dag eru notaðir 4,5% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur eru miðaðar við reynslu áranna 1976-1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu, en í þessum útreikningum er ekki tekið tillit til skatta.

Stefndi Vátryggingafélag Íslands óskaði eftir því við Ragnar Jónsson lækni, að hann yfirfæri örorkumat Jónasar Hallgrímssonar læknis. Í greinargerð, dagsettri 20. desember 1993, segir hann, að miðað við fyrirliggjandi gögn sé 10% fjárhagsleg örorka nokkuð há með tilliti til þess, að tjónþoli hafi unnið fulla vinnu eftir vikufjarveru eftir slys, og ekkert sé fram komið um, að einkenni hennar hafi versnað, eftir að hún fluttist til útlanda og hætti að vinna sem meinatæknir. Einnig sé til þess að líta, að tiltölulega stuttur tími sé liðinn frá slysi, og þar sem tjónþoli hafi nýlega átt barn, megi enn búast við minnkun einkenna, þannig, að starfshæfni geti enn batnað. Þá er á það bent í þriðja lagi, að tjónþoli hafi ekki enn reynt að vinna meinatæknavinnu eða svipaða vinnu, svo að ekki sé fullreynt, hvort um raunverulega fjárhagslega örorku eða starfsskerðingu sé að ræða. Síðan segir Ragnar í lok greinargerðarinnar: „Að mínu mati má því draga í efa, hvort haldgóð rök liggi fyrir þessu mati á fjárhagslegri örorku tjónþola. Að mínu mati ber hér að bíða í 1 - 2 ár, uns fullreynt er, hver endanlegur bati verður á einkennum, og má þá betur dæma um varanlega starfsskerðingu eða fjárhagslega örorku tjónþola.“ Á grundvelli þessa álits vildi stefndi Vátryggingafélag Íslands bíða í eitt til tvö ár með fullnaðaruppgjör, en stefnandi sætti sig ekki við það og höfðaði mál þetta.

Með bréfi, dagsettu 26. apríl 1994, óskaði stefndi Vátryggingafélag Íslands eftir dómkvaðningu matsmanna til að meta, hvort örorkumat væri tímabært, og ef svo væri, hver væri skerðing á getu stefnanda af völdum umferðarslyssins 25. júní 1992, metið í hundraðshlutum, til að gegna nauðsynlegum húsmóðurstörfum á heimili sínu. Þá var einnig óskað eftir því, að metið yrði, hvort Sveindís hefði við umferðarslysið orðið fyrir skerðingu til frambúðar á getu til öflunar vinnutekna, er leiða myndi til fjártjóns, þegar litið væri til menntunar hennar, starfs, kunnáttu og þeirra kosta, sem hún ætti til að afla sér tekna með vinnu, sem sanngjarnt sé að ætlast til, að hún starfi við, eða hver sé fjárhagsleg örorka stefnanda í hundraðshlutum. Þá

var beðið um mat á því, hver væri læknisfræðileg örorka stefnanda, metin í hundraðshlutum, og hvort önnur slys eða sjúkdómar ættu þátt í örorkunni og þá í hvaða mæli. Dómkvaddi Héraðsdómur Reykjavíkur þá Stefán Carlsson lækni og Sigurð Helga Guðjónsson hæstaréttarlögmann til að meta hið umbeðna, og er matsgerð þeirra dagsett 28. október 1994.

Matsmenn töldu fyllilega tímabært að meta örorku stefnanda. Er matsgerðin ýtarleg; ýmis skjalleg gögn hafa verið athuguð, rætt við matsþola og lögmenn og matsþoli skoðaður af Stefáni Carlssyni. Kemur þar fram, að skoðunin hafi einkanlega beinst að stoðkerfi líkamans. Þar segir meðal annars: „Háls: Er með þreifieymsli yfir sjalvöðva (trapezius) hægra megin. Þreifieymsli yfir festu á herðablaðslétti (levator scapulae) hægra megin. Eymsli yfir ofankambsvöðva (supraspinatus) hægra megin og tvíhöfðaupphandleggsvöðva (biceps) báðum megin við hægri öxl. Eymsli yfir hnakkavöðvafestum í hnakkagróf; vöðvaspenna er aukin í ofangreindum vöðva báðum megin. Hreyfingar eru góðar í hálshrygg, þó vægt skert hliðarbeygja til vinstri, snúningur til vinstri miðað við hreyfingar til hægri. Handleggir: Væg eymsli yfir vöðvafestum réttivöðva úlnliðar og fingra á upphandlegg hægra megin. Engin eymsli á vinstri handlegg. Taugaskoðun í efri útlimum: Ekki vöðvarýrnun. Sinaviðbrögð eru dauf, en jöfn. Kraftar góðir og jafnir. Eðlilegt húðskyn. Mjóhryggur: Engin eymsli yfir mjóhryggjarvöðvum. Vöðvaspenna eðlileg. Hreyfingar í baki eðlilegar og tekur ekki í. Væg eymsli yfir gluteus medius vöðvafestum á mjaðmargrind hægra megin. Engin vöðvarýrnun í neðri útlimum. Kraftar eðlilegir. Sinaviðbrögð jöfn. Húðskyn eðlilegt. Hreyfingar í mjaðmaliðum eðlilegar. Hreyfingar í hnjám eðlilegar."

Matsmenn telja, að í kjölfar slyssins hafi stefnandi haft óþægindi frá hálsi, hægri öxl og hægri mjöðm auk úthaldsleysis. Þessu hafi fylgt höfuðverkur og fleiri einkenni, s. s. verkir í hægri handlegg. Þessi einkenni hafi verið langvinn og stöðug. Matsmenn telja upplýst, að matsþoli hafi ekki áður lent í slysi og ekki átt við veikindi að stríða. Í skóla hafi hún þó kennt um tíma höfuðverkja og fengið þursabit einu sinni, átján ára gömul.

Þá segir enn fremur, að búast megi við því, að stefnandi þurfi áfram að takmarka álag og að það verði langvarandi, og þannig hafi hún hlotið nokkra almenna starfsorkuskerðingu vegna slyssins. Tilraunir til meinabóta, s. s. hálskragameðferð og sjúkraþjálfun, hafi ekki leitt til ótvíræðra framfara. Ljóst sé, að líkamlegt úthaldsleysi, verkir og sársauki muni valda stefnanda erfiðleikum við heimilisstörf og í frístundum og muni einnig gera það í starfi. Yfirgnæfandi líkur séu fyrir því, að framangreind einkenni stefnanda og ástand megi rekja til slyssins. Megi búast við, að þessi óþægindi fari

vaxandi síðar meir, og viðbúið sé, að stefnandi verði óvinnufær á einhverjum tímabilum og þurfi einhverrar meðferðar við síðar. Ekki verði séð, að verulegar breytingar verði á ástandi hennar úr þessu, og verði því að telja, að núverandi einkenni verði að mestu varanleg. Er síðan komist að þeirri niðurstöðu, að varanleg læknisfræðileg örorka sé 10%.

Hinir dómkvöddu matsmenn telja hins vegar, að læknisfræðilegt örorkumat, þar sem sams konar áverkar séu metnir til sama hundraðshluta án tillits til starfs eða menntunar tjónþola, geti ekki verið einhlítur mælikvarði á líklega skerðingu á tekjuöflunarhæfi þeirra, sem fyrir slysum verði. Afleiðingar slyss geti ýmist haft meiri eða minni áhrif á tekjuöflunarhæfi hins slasaða en hin læknisfræðilega örorka bendi til. Við fjárhagslegt örorkumat komi þetta til greina og einnig meðal annars aldur, atvinna, menntun, heilsa, tekjur fyrir slys, tekjur eftir slys, áætluð starfslok, vextir og skattaleg meðferð slysabóta. Matsmenn telja nokkurt samband vera milli tekjuöflunarhæfis einstaklinga í starfi eins og því, sem stefnandi gegnir og muni væntanlega gegna, og heilsufars þeirra.

Hinir dómkvöddu matsmenn miða mat sitt á fjárhagslegri örorku stefnanda við það, að hún muni starfa sem meinatæknir framvegis og að með hliðsjón af óbreyttum starfsvettvangi hennar og eðli starfsins sé líklegt, að hún tapi einhverjum tekjum vegna afleiðinga slyssins. Hún verði að hlífa sér og neita aukavinnu og aukavöktum, en einnig muni hún stundum eiga fullt í fangi með að skila venjulegum vinnutíma. Síðan telja þeir sennilegt, að stefnandi muni, einkum er fram í sæki, veigra sér við ákveðnum verkefnum og þurfa að hvílast meir og taka leyfi frá störfum, og ekki sé óhugsandi, að starfslok hennar verði fyrr en ella. Þá sé líklegt, að stefnandi muni áfram eiga nokkuð erfitt með ýmis heimilisstörf og að það verði varanlegt, og þá erfiðleika megi rekja til slyssins. Um þessi atriði segir síðan:

„Þykir að öllu virtu og á framangreindum forsendum mega gera ráð fyrir, að starfsorkuskerðing matsþola vegna slyssins muni hafa nokkur áhrif á tekjur hennar og starfs- og tekjumöguleika, það sem eftir er af starfsævi hennar.

Eins og áður segir, telja matsmenn, að áhrif slyssins á tekjuöflunarhæfi matsþola verði ekki ávallt hin sömu, heldur kunni þeirra jafnvel að gæta frekar, þegar líður enn meir á starfsævina.

Þegar litið er til allra þeirra atriða og þátta, sem að framan hafa verið rakin, má gera ráð fyrir því, að tekjuskerðing hennar geti verið á bilinu 0-10%. Munu tekjur matsþola því að áliti matsmanna skerðast að meðaltali um 5% á allri starfsævinni. Er við matið tekið tillit til þeirra óvissuþátta, sem orkað geta á tekjur hennar og starfsmöguleika samkvæmt framan-

sögðu. Samkvæmt því er það niðurstaða matsmanna, að varanleg fjárhagsleg örorka matsþola sé hæfilega metin að meðaltali 5%, fimm af hundraði."

Í matsgerðinni kemur fram, að stefnandi hafi orðið fyrir sömu varanlegu skerðingu á getu til að gegna nauðsynlegum húsmóðurstörfum og til annarra ofangreindra starfa eða að meðaltali 5%.

Hinir dómkvöddu matsmenn komu fyrir dóminn og staðfestu matsgerð sína.

Stefnandi kveðst hafa fengið brjósklos í desember 1994, sem hún telur vera afleiðingu slyssins, og hafi þetta valdið sér auknum þjáningum og kostnaði. Hefur hún vegna þessa lagt fram læknisvottorð dr. med. G. Wehrhahn, skurðlæknis á skurðdeild Læknaháskólans í Lübeck, dagsett 27. júní 1995, en þar segir í löggiltri þýðingu:

„Sjúklingurinn Sveindís Hermannsdóttir, f. 24. 8. 1963 í Reykjavík, kom til meðferðar 2. 12. 1994 á bráðamóttöku Læknaháskólans í Lübeck. Hún sagðist vera með akút bakverki, sem lágu niður í hægri fót. Samkvæmt sjúkrasögu hennar var ekki hægt að rekja ástæðuna til ytri áverka. Sveindís skýrði frá umferðarslysi sumarið 1992, en í því hlýtur hún að hafa meiðst í baki (lumbal/sacral-svæði) og á hægri mjöðm, þar sem hún hefur haft stöðug óþægindi á nefndu svæði, síðan þetta gerðist (að meðtöldum sársauka, sem lagði niður í fótinn). Við læknisskoðun árið 1993 kom enginn verulegur bati í ljós.

Sem skurðlæknir á vakt var ég kallaður til til að annast Sveindísi. Mér varð fljótlega ljóst, að sjúklingurinn var með mörg einkenni brjóskloss (Par-/Hypestesíur, sem sagt dofi, og 3. eða 4. gráðu paresu, sem sagt lömun). Ég hafði strax samband við starfsbræður í taugaskurðlækningum og taugasjúkdómafræði, því að samkvæmt þessari niðurstöðu var aðgerð nauðsynleg. En af því að hún var langt komin í meðgöngu, ákváðum við að bíða með aðgerð. Sjúklingurinn þarf á langri og endurhæfandi sjúkraþjálfun að halda; en það er ennþá langt frá því að vera öruggt, að aðgerðar sé ekki þörf.

Eftir NMR-myndatöku (sneiðmyndatöku) og samkvæmt klínískum einkennum var unnt að gera ótvíræða læknisfræðilega sjúkdómsgreiningu: Brjósklos L4-L5 við umferðarslys 1992. Eins og tekið hefur verið fram, var 2. 12. 1994 ekki um neina ytri áverka að ræða, en 27. 11. fann hún fyrir því, að óþægindin versnuðu skyndilega. Frá læknisfræðilegu sjónarmiði er mér ljóst, að ástæður þessa sjúkdóms má rekja til baka, þ. e. a. s. til slyssins árið 1992."

Lögmaður stefnda óskaði álits Jónasar Hallgrímssonar læknis og Stefáns Carlssonar á framangreindum niðurstöðum hins þýska læknis. Jónas Hall-

grímsson telur, að ekki verði fullyrt af eða á um tengsl brjósklossins og bifreiðarslyssins. Hann bendir annars vegar á, að stefnandi hafi fengið þursabit tvisvar fyrir slys árið 1984 og 1990 og aukið álag vegna meðgöngu, barnsburðar og umönnunar ungabarns kunni að hafa leitt til brjósklossins. Hins vegar hafi hún fundið til einkenna í baki nokkrum dögum eftir slysið, sem hafi verið varanleg ári síðar, er hann skoðaði hana. Hafi mjóbakstognun verið talin eiga lítils háttar þátt í þeirri varanlegu örorku, sem var metin. Skilja verður svar matsmanna svo, að þeir telji á grundvelli fræðigagna ólíklegt, að tengsl séu á milli áverka þess, sem stefnandi hlaut í bifreiðarslysinu, og brjósklossins.

Ljóst er, að það er ótvíræð niðurstaða bæði í örorkumati og í matsgjörð, að áverkar þeir, sem stefnandi hlaut í slysi 25. júní 1992, hafi haft áhrif á vinnugetu hennar og að afleiðingar þess hamli henni bæði í störfum innan og utan heimilis.

Aðilar hafa báðir vísað til dómvenju og einstakra dóma Hæstaréttar Íslands til stuðnings því, hvort miða beri við metna fjárhagslega örorku eða hina læknisfræðilegu örorku við ákvörðun tjónsbóta. Dómvenja sú, sem gilti í skaðabótamálum hér á landi til 1. júlí 1993, þykir hníga að því, að höfð sé hliðsjón af hinni læknisfræðilegu örorku við mat á skertri vinnuhæfni og tekjumöguleikum tjónþola, en að jafnframt sé litið til allra aðstæðna viðkomandi og þess, sem er sannað eða unnt er að sanna um raunverulegt fjárhagslegt tjón.

Að því er varðar kröfu stefnanda um bætur vegna tímabundins tekjutaps, verður að fallast á það með stefndu, að stefnandi hafi ekki sannað þetta tjón. Hún hefur ekki lagt fram nein gögn, er styðja kröfuna. Verður því að sýkna stefndu af þeim þætti kröfugerðar stefnanda.

Stefnandi er menntaður meinatæknir og hafði unnið við það starf. Þegar slysið varð, var hún hins vegar í annars konar tímabundinni sumarvinnu. Hún hefur ekki unnið sem meinatæknir eftir slysið og ekki utan heimilis frá haustinu 1992. Ástæða þessa er sú, að hún er með þrjú ung börn og eiginmaður hennar er við nám í Þýskalandi, þar sem þau eru tímabundið búsett. Stefnandi kveðst hafa ætlað sér að stunda það starf, sem hún er menntuð til, þegar hún snýr aftur heim. Hins vegar bar hún, er hún kom fyrir dóminn, að hún væri ekki viss um, hvort hún myndi geta starfað sem meinatæknir sökum slæmra höfuðverkja, en starfið krefðist mikillar árvekni. Dómurinn telur rétt að taka mið af hinum sérstöku aðstæðum stefnanda; annars vegar þykir verða að líta til þess, að stefnandi hafði valið sér framtíðarstarf og menntað sig til þess, og hins vegar, að tímabundið hefur hún ekki haft tekjur af vinnu utan heimilis af ástæðum, sem ekki tengjast slysi hennar.

Við skoðun gagna þessa máls, framangreindra læknisvottorða og matsgerða sem og vitnisburðar stefnanda og vitna fyrir dóminum þykir ljóst, að starfsorkuskerðing stefnanda er allnokkur. Fram er komið, að greiðslur fyrir yfirvinnu og vaktir eru töluvert hátt hlutfall launa meinatækna, en það er einmitt sá hluti starfsins, sem líklegt er talið, að stefnandi geti ekki valdið af ástæðum, sem raktar verða til slyssins. Hinir dómkvöddu matsmenn töldu, að tekjuskerðing hennar gæti verið á bilinu 0-10% vegna þessa, en endanlegt mat þeirra, 5%, er meðaltal, sem virðist miðað við óvissuþætti í ævi hennar. Verður það að teljast í samræmi við þá dómvenju, sem gilti, þegar slys þetta varð, að tjónþoli njóti þeirrar óvissu, sem óhjákvæmileg er um framtíðarhagi hennar. Hún var búin að marka sér framtíðarstarfsvettvang. Niðurstaða matsmanna er, að slysið hafi haft áhrif á starfsgetu hennar, og þeir telja, að áhrif þess á tekjuöflunarhæfi stefnanda kunni jafnvel að gæta enn frekar, þegar líður meir á starfsævina. Þykir rétt með vísan til framangreinds að gera ráð fyrir því hér, að varanleg tekjuskerðing stefnanda vegna örorku sé 10%. Hins vegar þykir ekki verða hjá því komist að líta til þess, að stefnandi hefur ekki verið útivinnandi, frá því að slysið varð, og hyggst ekki fara að vinna næsta árið, ekki fyrr en námi lýkur hjá eiginmanninum og þau flytjast aftur búferlum til Íslands. Stefnandi kvaðst fyrir dómi ekki hafa ætlað sér að vinna, meðan á dvölinni í Þýskalandi stæði, en hins vegar haft í huga að sækja frekara nám. Hún kvaðst hins vegar ekki hafa treyst sér til þess vegna vanlíðanar af völdum slyssins. Um tjón vegna tekjuskerðingar er samkvæmt þessu ekki að ræða þetta tímabil.

Að beiðni stefnda Vátryggingafélags Íslands reiknaði Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur út tekjutap 1. desember 1995 miðað við þá forsendu, að ekkert tjón hefði orðið vegna vinnu utan heimilis fram að þeim degi. Litið er til þessa útreiknings við ákvörðun bótafjárhæðar. Miðað við 10% varanlega örorku fékk tryggingafræðingurinn út þann dag slysdagsverðmæti tekjutaps 2.961.600 kr. og töpuð lífeyrisréttindi 177.700 kr. Við ákvörðun bóta er litið til alls þessa, sem hér hefur verið rakið, til þess, að stefnandi hefur ekki unnið eftir slysið, og einnig til þess, að hún mun varla hefja störf næsta ár af ástæðum, sem ekki tengjast slysinu, og enn fremur til eingreiðsluhagræðis og skattfrelsis bóta. Þegar áætluð töpuð lífeyrisréttindi hafa verið lögð við, þykja bætur vegna þessa kröfuliðar því hæfilega ákveðnar 1.700.000 kr. Dráttarvextir dæmast frá dómsuppsögu á þennan kröfulið, en almennir vextir eru engir.

Við mat á bótum vegna heimilisstarfa verður að líta til þess, að stefnandi rekur ásamt eiginmanni sínum fimm manna heimili, og eru börnin ung að árum. Maðurinn er í sérfræðinámi í læknisfræði. Hún hefur stundað heimilis-

störf frá hausti 1992. Svo sem lýst er í örorkumati og matsgerð, valda meiðslin henni erfiðleikum við þau. Ekki er fallist á það með stefndu, að bætur vegna heimilisstarfa verði ekki dæmdar samhliða bótum vegna starfa utan heimilis. Heimilisstörf hverfa ekki, þótt viðkomandi vinni utan heimilis, heldur verða þau miklu fremur erfiðari þeim, sem veikir eru fyrir. Í þessum þætti málsins þykir rétt við ákvörðun bóta að hafa hliðsjón af útreikningi tryggingafræðingsins frá 21. apríl 1995, en þar var höfuðstólsverðmæti varanlegrar örorku á slysdegi vegna heimilisstarfa metið 1.244.400 kr., en vegna tímabundinnar örorku 100% í eina viku 11.500 kr. Stefnandi gerir kröfu um bætur, er svari til tímabundinnar örorku, og 50% af útreikningi vegna varanlegrar örorku, 622.200 kr. Hún hefur þó ekki sýnt fram á hið tímabundna tjón, og er því hafnað. Þykir að öðru leyti rétt að fallast á þessa kröfu, svo sem hún er fram sett, með vöxtum frá slysdegi, svo sem nánar greinir í dómsorði, og dráttarvöxtum frá 5. júní 1995.

Stefnandi kveðst hafa orðið að kaupa sér heimilisaðstoð vegna veikinda sinna frá hausti 1994, einkum vegna þess, hversu mjög hún versnaði í baki, en hún eignaðist þriðja barn sitt í janúar 1995. Hefur hún lagt fram reikninga fyrir mánuðina september til desember 1994, samtals að fjárhæð 143.182 kr. Upplýst þykir, að stefnandi hlaut einhvern bakáverka við slysið. Þótt ekki sé læknisfræðilega sannað, að orsakatengsl séu á milli þessa áverka og þeirra bakveikinda, sem hún á nú við að stríða, verður ekki heldur fullyrt, að svo sé ekki. Þykir rétt, að stefnandi njóti þessa vafa. Framangreindur kostnaðarreikningur er því tekinn til greina. Dráttarvextir af þessum lið greiðast frá dómsuppsögu, þar sem krafan kom fyrst fram undir rekstri málsins.

Fallist er á það með stefnanda, að hún hafi orðið fyrir miska. Upplýst er, að hún hefur mátt þola sársauka og óþægindi og hefur skerta getu til tómstundastarfa vegna afleiðinga slyssins. Þar sem miski er að einhverju leyti innifalinn í bótum vegna lágrar örorku, þykja bætur samkvæmt þessum kröfulið hæfilega ákveðnar 150.000 kr. Vextir greiðast á sama hátt og af bótum vegna heimilisstarfa.

Bætur til stefnanda nema þannig samtals 2.615.382 kr.

Stefndu greiði stefnanda óskipt málskostnað, þar með talinn útlagðan kostnað, alls 450.000 kr.

Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Póstur og sími, Vátryggingafélag Íslands hf. og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda, Sveindísi Hermannsdóttur, óskipt 2.615.382 kr., með 1% ársvöxtum af 772.200 kr. frá 25. júní

1992 til 11. ágúst 1993, með 1,25% ársvöxtum frá þeim degi til 11. nóvember 1993, með 0,5% ársvöxtum frá þeim degi til 5. júní 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til 6. mars 1996, en af 2.615.382 kr. frá þeim degi til greiðsludags og 450.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 17. apríl 1997.

Nr. 167/1997. **Guðrún Valgarðsdóttir**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Valgarði Stefánssyni ehf.
(Árni Pálsson hrl.)

Kærumál. Dómkvaðning matsmanns. Einkahlutafélög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 26. mars 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 11. apríl sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 20. mars 1997, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um dómkvaðningu matsmanns til að meta verðmæti hluta hans í varnaraðila. Kæruheimild er í f-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að lagt verði fyrir héraðsdómara að dómkveðja tvo hæfa og óvilhalla matsmenn til að vinna umbeðið mat. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms og kærumálskostnaðar.

Fallist verður á það með héraðsdómara, að beiðni sóknaraðila um dómkvaðningu matsmanns sé ekki með slíkum annmörkum, að höfnun hennar varði.

Þegar litið er til orðalags 106. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög svo og samanburðar þess við önnur ákvæði XIV. kafla laganna, verður ekki fortekið, að sóknaraðili geti notið þess réttar til innlausnar á hlut sínum í varnaraðila, sem um ræðir í málinu, en úr því verður ekki endanlega leyst í tengslum við ágreining um dómkvaðningu matsmanns. Ekki eru efni til að fallast á það með varnaraðila, að með umbeðinni matsgerð yrði brotið svo gegn trúnaði um fjárhag hans, að synja verði um hana. Þá er til þess að líta, að sóknaraðili yrði sjálf að bera kostnað af matsgerðinni að því leyti, sem hann yrði ekki á síðari stigum felldur á aðra með ákvörðun málskostnaðar í máli um sakarefnið að baki matsbeiðninni. Þegar

alls þessa er gætt, verður að telja fullnægt skilyrðum 1. mgr. 77. gr. laga nr. 91/1991 til að verða við beiðni sóknaraðila um dómkvaðningu matsmanns. Verður því lagt fyrir héraðsdómara að láta umbeðna dómkvaðningu fara fram.

Eftir atvikum er rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Tekin er til greina krafa sóknaraðila, Guðrúnar Valgarðsdóttur, að dómkvaddur verði matsmaður til að meta til verðs hluta hennar í varnaraðila, Valgarði Stefánssyni ehf.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 20. mars 1997.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 21. febrúar sl. að undangengnum munnlegum málflutningi. Málið barst dóminum 19. nóvember sl. og var þingfest 3. desember sl. Matsbeiðandi, Guðrún Valgarðsdóttir, kt. 131031-4919, Þinghólsbraut 68, Kópavogi, krefst þess, að dómkvaddir verði tveir hæfir og óvilhallir matsmenn til mats á því, hvert sé verðmæti hluta hennar í Valgarði Stefánssyni ehf., kt. 430167-0149, Hjalteyrargötu 12, Akureyri. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins.

Matsþoli, Valgarður Stefánsson ehf., kt. 430167-0149, Hjalteyrargötu 12, Akureyri, krefst þess, að matsbeiðni verði hafnað og matsbeiðandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

Á hluthafafundi í matsþola 10. október sl., sem boðað var til að kröfu matsbeiðanda, var samþykktur samruni Valdemars Baldvinssonar ehf. og matsþola. Matsbeiðandi greiddi atkvæði gegn samrunanum. Með símskeyti, sem barst matsþola 7. nóvember sl., krafðist hún þess, að matsþoli innleysti hlut hennar í matsþola á grundvelli 106. gr. laga nr. 138/1994. Því hafnaði matsþoli og vísaði til þess, að hann teldi sér ekki skylt samkvæmt því ákvæði að innleysa hlutinn.

Matsbeiðandi vísar um sjónarmið þau, sem matið skuli byggjast á, og lagaheimild til þess til 106. gr. laga nr. 138/1994, sem er svohljóðandi:

„Hluthafar í því félagi eða félögum, sem sameinuð eru öðrum, er hafa greitt atkvæði gegn samruna eða sameiningu í nýtt félag, eiga kröfu á því, að hlutir þeirra verði innleystir, ef skrifleg krafa er gerð um það innan mánaðar, frá því að hluthafafundurinn var haldinn. Nú hefur þess verið farið á leit við hluthafa fyrir atkvæðagreiðslu, að þeir, sem nota vilja innlausnarréttinn,

gefi til kynna vilja sinn í því efni, og er innlausnarrétturinn þá bundinn því skilyrði, að hlutaðeigendur hafi gefið yfirlýsingu þar um á hluthafafundinum. Félagið skal kaupa hlutina af þeim á verði, sem svarar til verðmætis hlutanna, og ákveðið skal, sé ekki um samkomulag að ræða, af matsmönnum, dómkvöddum á heimilisvarnarþingi félagsins. Hvor aðili um sig getur borið ákvörðun matsmanna undir dómstóla. Mál verður að höfða innan þriggja mánaða, frá því að mat hefur farið fram."

Matsbeiðandi bendir á, að ákvörðun um samruna matsþola og Valdemars Baldvinssonar ehf. hafi verið tekin á löglega boðuðum hluthafafundi í matsþola 10. október sl. Til fundarins hafi verið boðað að beiðni matsbeiðanda í framhaldi auglýsingar í Lögbirtingablaði þriðjudaginn 6. ágúst 1996. Vísar matsbeiðandi um þennan hátt á ákvarðanatöku yfirtökufélags til 3. mgr., sbr. 2. mgr. 99. gr. laga nr. 138/1994. Telur hún, að sé sá háttur á hafður, að hluthafafundur taki ákvörðun um sameiningu, eigi hluthafar í því félagi eða félögum, sem sameinuð séu öðrum, rétt til innlausnar, og sé enginn munur gerður á yfirtökufélögum eða yfirteknum félögum, þegar svo standi á, og ekkert í orðalagi ákvæðisins eða tiltækum lögskýringargögnum styðji gagnstæðan skilning.

Af hálfu matsþola er bent á, að í matsbeiðni komi ekki fram, hve stóran hlut matsbeiðandi eigi í matsþola, og nánari skilgreiningu á því, hvernig beri að meta hlut matsbeiðanda, sé ekki að finna í beiðninni. Segir hann ekki skilgreint í lögum um einkahlutafélög eða í matsbeiðni, hvað átt sé við með „verðmæti", sbr. 106. gr. laga um einkahlutafélög, og geti það ekki verið hlutverk matsmanna að ákveða merkingu þess hugtaks. Telur hann, að matsbeiðnin sé af þessu svo ónákvæm og kröfur matsbeiðanda svo vanreifaðar, að synja beri um dómkvaðningu matsmanna. Þá bendir hann á, að ljóst sé, ef krafa matsbeiðanda nái fram að ganga, að öðrum en hluthöfum sé veittur kostur á að kynna sér reikninga matsþola, sem gangi þvert á reglur laga nr. 138/1994. Verulegur vafi hljóti að teljast vera á því, hvort innlausnarskylda hvíli á matsþola, og þrátt fyrir reglur 7. kafla laga nr. 91/1991 virðist hæpið, að úr því verði skorið í máli sem þessu. Telur matsþoli, að matsbeiðandi hafi ekki sýnt fram á, að skilyrðum 1. mgr. 77. gr. laga nr. 91/1991 sé fullnægt, og eigi það að leiða til þess, að synja beri um dómkvaðningu matsmanna. Þá bendir matsþoli á, að samkvæmt orðanna hljóðan eigi ákvæði 1. ml. 106. gr. laga nr. 138/1994 við um hluthafa þess félags, sem slitið sé við samruna, en ekki hluthafa yfirtökufélagsins. Önnur skýring á þessu ákvæði sé mjög langsótt og fái tæplega samrýmst öðrum reglum 14. kafla laga nr. 138/1994 um samruna einkahlutafélaga, sbr. 99. gr. um, hvern-

ig ákvarðanir um samruna séu teknar. Sé eðlilega mikill munur á þessu eftir því, hvort um það félag sé að tefla, sem á að slíta skv. 1. mgr., eða yfirtökufélagið skv. 2. mgr. Undantekning í síðari málslið 2. mgr. um hluthafafund leiði ekki til innlausnarskyldu fyrir félag á hlutum þeirra hluthafa, sem séu andvígir samruna, eins og matsbeiðandi virðist telja. Hafi slík ályktun enga stoð í lögum og sé í andstöðu við skoðanir fræðimanna, sem um þetta efni hafi fjallað.

Fallast ber á það með matsþola, að matsbeiðni sé áfátt að því leyti, að þar er þess eigi getið, hve stóran hlut matsbeiðandi eigi í matsþola. Við munnlegan málflutning lagði matsbeiðandi fram ársreikning matsþola 1995, dagsettan 3. apríl 1996, þar sem fram kemur, að matsbeiðandi eigi 18,02% hlutafjár í matsþola. Komi til innlausnar, skal verð hluta svara til verðmætis þeirra og ákveðast af matsmönnum skv. 106. gr. laga nr. 138/1994, sé ekki samkomulag. Er mati þannig ætlað að skera úr um verð hluta.

Að þessu athuguðu þykir ekki ástæða til að synja um umbeðið mat eða vísa matsbeiðni frá vegna vanreifunar.

Krafa matsbeiðanda um dómkvaðningu matsmanna er eingöngu reist á því, að skilyrði séu til mats skv. 106. gr. laga nr. 138/1994. Samkvæmt 3. mgr. 78. gr. laga nr. 91/1991 ber að úrskurða um það, hvort skilyrði séu til að fallast á beiðni, þegar ágreiningur rís um það. Verður því að leysa efnislega úr ágreiningi aðila um, hvort ákvæði 106. gr. laga nr. 138/1994 kveði á um skyldu matsþola til að innleysa hlut matsbeiðanda.

Fyrir gildistöku laga nr. 138/1994 giltu um samruna hlutafélaga ákvæði XV. kafla laga nr. 32/1978, sbr. l. nr. 69/1989. Þar voru ekki ákvæði sambærileg ákvæðum 2. og 3. mgr. 99. gr. laga nr. 138/1994 um, að hluthafar í yfirtökufélagi gætu krafist hluthafafundar vegna samruna. Tekið var fram í 126. gr., að með undantekningu í 131. gr. laganna hefði hluthafafundur einn vald til þess að taka ákvörðun um slit hlutafélags án skuldaskila með þeim hætti, að félagið yrði algerlega sameinað öðru hlutafélagi. Í 127. gr. var tekið fram, að þegar ákveðið væri að sameina tvö eða fleiri hlutafélög og stofna þannig nýtt félag, ættu ákvæði 1. mgr. 126. gr. og ákvæði 128.–130. gr. við með hliðstæðum hætti. 128. gr. laganna var tekin óbreytt upp í 106. gr. laga nr. 138/1994 og 131. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 32/1978 segir, að ekki sé kveðið á um, að hluthafafundur í því félagi, sem við taki, skuli taka ákvörðun um samrunann. Sömu sjónarmið eigi ekki við, að því er það varði, og um félag það, sem leyst sé upp og sameinað öðru. Atbeini hluthafafundar geti þó verið nauðsynlegur, og ráðist það af því, hvort samruninn hafi slík áhrif í því félagi, sem við taki, og/eða krefjist slíkra breytinga, t. a. m. á samþykktum

eða hlutafé, að það sé utan valdsviðs félagsstjórnar að leiða málið til lykta (Alþt. A 1977-1978, bls. 487). Þá segir í greinargerðinni á bls. 421, að við samningu frumvarpsins hafi mest verið höfð hliðsjón af dönsku tillögunum og dönsku lögunum. Í dönsku hlutafélagalögunum frá 1973 var notað orðalagið: „ ...de overtagne selskaber ...", en í íslensku lögunum hefur frá upphafi staðið: „ ... því félagi eða félögum, sem sameinuð eru öðrum. ..." Þegar samhengis er gætt, þykir eiga að skilja þetta orðalag svo, að þar sé átt við félög, sem slitið er við sameiningu.

Samkvæmt ofansögðu þykir ljóst, að ákvæði 128. gr. laga nr. 32/1978, sbr. l. nr. 69/1989, hafi ekki verið ætlað að gilda um hluthafa í viðtökufélagi. Af greinargerð með lögum nr. 138/1994 (118. löggjafarþing, þskj. nr. 100) verður ekki séð, að það hafi verið ætlun löggjafans að gera breytingu á þessu. Þykir þessi niðurstaða fá stoð í riti prófessorsins Stefáns Más Stefánssonar: Hlutafélög og einkahlutafélög (Reykjavík 1995), þar sem segir á bls. 353 o. áfr.: „Með 131. gr. hl. er þeim hluthöfum yfirteknu félaganna, sem andvígir voru samruna, en voru atkvæðum bornir, veittur réttur til þess að krefjast innlausnar. . ." 131. gr. hl. er samhljóða 106. gr. laga nr. 138/1994.

Ekki er deilt um það í málinu, að matsþoli yfirtók Valdemar Baldvinsson ehf. Samkvæmt ofangreindri skýringu á 106. gr. laga nr. 138/1994 veitir hún matsbeiðanda ekki rétt til innlausnar á hlut hennar í matsþola. Ber því að synja henni um dómkvaðningu matsmanna á grundvelli þessa ákvæðis.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að úrskurða matsbeiðanda til að greiða matsþola 60.000 kr. í málskostnað.

Úrskurðinn kvað upp Freyr Ófeigsson dómstjóri.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu matsbeiðanda, Guðrúnar Valgarðsdóttur, að dómkvaddir verði matsmenn til mats á því, hvert sé verðmæti hluta hennar í matsþola, Valgarði Stefánssyni ehf.

Matsbeiðandi greiði matsþola 60.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 17. apríl 1997.

Nr. 452/1996. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Sigurði Hilmari Ólasyni og
Sigurði Erni Sigurðssyni
(Róbert Árni Hreiðarsson hdl.)

Skoteldar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. desember 1996. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að ákærðu verði sakfelldir samkvæmt ákæru og dæmdir til refsingar auk þess að sæta upptöku á 13.144 skoteldum og tveimur kössum með skoteldum.

Ákærðu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Samkvæmt ákæru eru ákærðu saksóttir fyrir „óvarlega meðferð og ólöglega geymslu á skoteldum með því að hafa dagana 8.-12. desember 1995 geymt 13.144 skotelda og tvo kassa með skoteldum án tilskilins leyfis að Barónsstíg 2-4 í Reykjavík og þar á óhæfum geymslustöðum, fyrst í gámi á gangstétt og síðan í húsnæði, sem var án eldvarnarhólfa, bruna- og innbrotsviðvörunarkerfa og í næsta húsi við íbúðarhótel". Er þetta þar talið varða við 1. mgr. 30. gr., sbr. 34. gr. laga nr. 46/1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda og 5. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 7. gr., sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 536/1988, um sölu og meðferð skotelda, sem sett var með stoð í 2. mgr. 30. gr. laganna.

Samkvæmt framangreindu er ákærðu ekki gefið að sök að hafa brotið gegn ákvæðum 9. gr. laga nr. 46/1977, þar sem lagt er bann við heildsöluverslun með skotelda án leyfis dómsmálaráðherra, svo og bann við smásöluverslun með þá án leyfis hins sama eða eftir atvikum lögreglustjóra, en samkvæmt 4. mgr. 10. gr. laganna verður slíkt leyfi því aðeins veitt, að umsækjandi hafi til umráða fullnægjandi húsnæði til að geyma skotelda. Í 1. mgr. 30. gr. laga nr. 46/1977,

sem ákærðu er meðal annars gefið að sök að hafa brotið gegn, er með almennum orðum lögð varúðarskylda á þá, sem fara með skotelda, en án nánari lýsingar á inntaki þeirrar skyldu. Af þessum sökum og með vísan til forsendna héraðsdóms um önnur ákvæði nefndra laga og reglugerðar, sem skírskotað er til í ákæru, verður ekki fallist á, að þau feli í sér viðhlítandi refsiheimild vegna þeirrar háttsemi, sem ákærðu er gefið að sök. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins verður felldur á ríkissjóð, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu fyrir Hæstarétti, Róberts Árna Hreiðarssonar héraðsdómslögmanns, 50.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. nóvember 1996.

Ár 1996, þriðjudaginn 19. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 627/1996: Ákæruvaldið gegn Sigurði Hilmari Ólasyni og Sigurði Erni Sigurðssyni, sem tekið var til dóms 11. s. m.

Málið er höfðað með ákæru lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettri 26. ágúst sl., á hendur ákærðu, Sigurði Hilmari Ólasyni, kt. 170855-396, Spítalastíg 5, Reykjavík, og Sigurði Erni Sigurðssyni, kt. 200571-533, Vallarbraut 11, Seltjarnarnesi, „fyrir óvarlega meðferð og ólöglega geymslu á skoteldum með því að hafa dagana 8.–12. desember 1995 geymt 13.144 skotelda og tvo kassa með skoteldum án tilskilins leyfis að Barónsstíg 2–4 í Reykjavík og þar á óhæfum geymslustöðum, fyrst í gámi á gangstétt og síðan í húsnæði, sem var án eldvarnarhólfa, bruna- og innbrotsviðvörunarkerfa og í næsta húsi við íbúðahótel.

Telst þetta varða við 1. mgr. 30. gr. laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda nr. 46/1977 og 5. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 7. gr., sbr. 8. gr. reglugerðar um sölu og meðferð skotelda nr. 536/1988, sbr. 2. mgr. 30. gr. og allt sbr. 34. gr. laganna.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til að sæta upptöku samkvæmt 1. mgr., sbr. 3. mgr. 35. gr. skotvopnalaga og 69. gr. almennra hegningarlaga, á 13.144 skoteldum og tveimur kössum með skoteldum, sem lagt var hald á við rannsókn málsins og eru að miklu leyti og gætu allir verið skemmdir og mjög hættulegir og óhæfir til sölu".

Málavextir.

Flugeldar þeir, sem um ræðir í málinu, voru fluttir inn í desember 1994. Komust þeir í eigu ákærðu ári síðar, og 8. desember 1995 fluttu ákærðu vörugám með flugeldunum í frá geymslusvæði í Hafnarfirði á Barónsstíg, þar sem hann var settur niður á gangstétt við húsið nr. 2–4. Hafði ákærði Sigurður Örn fengið svonefnda framkvæmdarheimild hjá umferðardeild lögreglustjóraembættisins til þess að hafa gáminn þarna frá 8. til 11. desember. Hófust ákærðu handa um að bera flugeldana inn í húsnæði þetta, en það höfðu þeir tekið á leigu í þessu skyni. Ákærði Sigurður Hilmar sótti svo um leyfi til flugeldasölu 12. desember 1995. Sama dag urðu þó þeir atburðir, sem mál þetta er risið af, en þá hafði lögreglu og eldvarnaeftirliti verið tilkynnt um, að ekki væri allt með felldu um meðferð og geymslu vöru þessarar. Fóru lögreglumenn og eldvarnaeftirlitsmenn á staðinn og könnuðu aðstæður. Var að boði lögreglu hafist handa við að flytja varninginn út í gáminn aftur og því lokið daginn eftir. Var gámurinn þá fluttur á öryggissvæði Eimskips við Sundahöfn. Fékk lögreglan sprengisérfræðinga Landhelgisgæslunnar til þess að kanna ástand varningsins 22. desember. Voru sýnishorn af honum reynd. Niðurstaða þessarar athugunar var sú, að varningurinn væri óhæfur til sölu. Lögreglumenn könnuðu aftur innihald gámsins í júní 1996, flokkuðu varninginn eftir margvíslegum tegundum sínum og töldu.

Vörugámur sá, sem hér um ræðir, er 40 fet á lengd úr 3–3,5 mm þykku stáli, 67,8 rúmmetrar, en 28,2 fermetrar að flatarmáli. Fyrir öðrum enda hans eru stáldyr, en gámurinn sneri hliðinni að húsinu, þar sem hann stóð á gangstéttinni. Að áliti Guðmundar Gunnarssonar, yfirverkfræðings Brunamálastofnunar ríkisins, er brunamótstaða gáma af þessari gerð talsverð, og til hliðanna er hún meiri en 30 mínútur og yfir lágmarkskröfu brunavarnareglugerðar. Sé hættan af því óveruleg að geyma flugeldana í gáminum, meðan verið sé að losa hann, sé almennum öryggisreglum fylgt.

Húsnæðið, sem um ræðir, er ein hæð með háu risþaki nema neðsti hlutinn, sem er tveggja hæða, og liggur með Barónsstíg frá útkeyrslu af lóðinni upp við Hverfisgötu niður að íbúðahótelinu, sem stendur á horninu við Skúlagötu. Milli geymsluhússins og íbúðahótelsins er steyptur veggur, en opið er á milli geymsluhússins og annarra hluta og einnig upp á efri hæð.

Útveggir hússins eru steyptir, en þak er bárujárnsklætt sperruþak, sem borið er uppi af timbur- og stálburðarvirki, sem er einnig í milligólfinu.

Niðurstaða.

Ekki er að finna í lögum um skotvopn, sprengiefni og skotelda nr. 46/1977 neitt ákvæði, sem geri það leyfisskylt að fara með eða geyma skotelda. Aftur á móti er heild- og smásöluverslun með þennan varning háð leyfi lögreglustjóra samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laganna. Er ákvæði þessu skipað í II. kafla þeirra undir heitinu framleiðsla, innflutningur, útflutningur og verslun. Í 4. mgr. 10. gr. laganna segir hins vegar, að verslunarleyfi með þessa vöru skuli bundið því skilyrði, að umsækjandi hafi til umráða fullnægjandi húsnæði til þess að geyma hana í. Ekki getur þetta ákvæði þó talist fullnægjandi heimild til þess að refsa ákærðu fyrir að fara með og geyma leyfislaust þá skotelda, sem málið snýst um, og 7. gr. reglugerðar um sölu og meðferð skotelda nr. 536/1988 telst ekki vera sjálfstæð refsiheimild um þetta. Ber að sýkna ákærðu af ákæru að þessu leyti.

Í skotvopnalögum er ekki að finna ákvæði um það, hvernig geyma beri skotelda, og virðist það eiga undir mat lögreglustjóra og eldvarnayfirvalda. Í fyrrnefndri reglugerð eru ekki önnur ákvæði um þetta en 2. mgr. 7. gr., þar sem segir, að skylt sé að hafa þar við höndina handslökkvitæki eða annan slökkvibúnað, sem kveðið er á um í reglum um brunavarnir. Eins og ákæru er háttað, reynir þó ekki á það atriði í þessu máli. Eins og skilja verður ákæruna, er hin ólöglega geymsla ákærðu talin felast í því, að húsnæðið hafi verið án eldvarnarhólfa, bruna- og innbrotsviðvörunarkerfa og í næsta húsi við íbúðahótel. Enda þótt fallist yrði á, að þessi lýsing á húsnæðinu í ákæru sé rétt, braut það ekki nein tiltekin ákvæði laganna um skotvopn, sprengiefni og skotelda né reglugerðarinnar um sölu og meðferð skotelda. Ber því að sýkna ákærðu af ákæru um ólöglega geymslu skoteldanna.

Í 30. gr. laganna, sem skipað er í V. kafla þeirra undir heitinu meðferð skotelda, segir í 1. mgr., að þeir, sem með skotelda fari, skuli ætíð gæta fyllstu varúðar, og samkvæmt 2. mgr. þeirrar greinar er dómsmálaráðherra heimilt að setja reglur um sölu og meðferð skotelda. Skilja verður hér orðin „að fara með“ og „meðferð“ þröngt og bókstaflega, en í ákæru er því ekki lýst, hvernig ákærðu hafi farið óvarlega með skoteldana. Ber því að sýkna þá af ákæru að þessu leyti.

Krafa verjandans í málflutningi um, að haldlagning skoteldanna verði dæmd ómerk, er utan við sakarefni málsins, og er kröfunni vísað frá.

Leggja ber allan sakarkostnað á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun verjanda, Róberts Árna Hreiðarssonar hdl., 40.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Sigurður Hilmar Ólason og Sigurður Örn Sigurðsson, eru sýknir af ákæru í máli þessu.

Sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun verjanda, Róberts Árna Hreiðarssonar hdl., 40.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Fimmtudaginn 17. apríl 1997.

Nr. 461/1996. **Ákæruvaldið**
(Sigríður Jósefsdóttir saksóknari)
gegn
Kristni Jónssyni
(Árni Vilhjálmsson hrl.) **og**
Jóhönnu Guðmundsdóttur
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Skjalafals. Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða Kristins um áfrýjun og einnig af hálfu ákæruvalds gegn báðum ákærðu með stefnu 17. desember 1996. Krefst ákæruvaldið þess, að ákærðu verði sakfelld fyrir háttsemi, sem getur í 2. tl. II. kafla ákæru, en að öðru leyti verði sakfelling þeirra beggja staðfest og refsing þeirra þyngd. Er jafnframt krafist staðfestingar héraðsdóms um greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar.

Ákærði, Kristinn, krefst aðallega sýknu af kröfu ákæruvaldsins um refsingu, en til vara, að héraðsdómur verði staðfestur, að því er varðar ákæru í I. og II. kafla ákærunnar, og að refsing samkvæmt ákæruliðum í III. og IV. kafla hennar verði milduð. Hann krefst þess jafnframt, að refsing verði skilorðsbundin.

Ákærða, Jóhanna, hefur ekki áfrýjað málinu. Hún krefst þess, að dómur héraðsdóms verði staðfestur, að því er hana varðar.

I.

Ákæruvaldið reisir kröfu sína samkvæmt II. kafla ákæru á því, að ákærða, Jóhanna, hafi falsað nafn sonar síns, Valdimars Jóhannssonar, sem kaupanda á tilkynningu um eigendaskipti á ökutæki, en ákærði, Kristinn, hafi vottað þessa tilkynningu og komið henni á framfæri við Bifreiðaskoðun Íslands hf. Hafi þetta verið gert án heimildar eða vitundar Valdimars.

Fyrir dómi lýsti ákærða yfir, að hún hefði talið sig hafa heimild til

að rita nafn sonar síns undir umrædda tilkynningu. Við skýrslugjöf fyrir lögreglu hafði hún áður sagst ekki hafa sérstaka skýringu á því, hvers vegna hún ritaði nafn Valdimars á tilkynninguna í stað þess að skrifa fyrir hönd hans, eins og gert hafi verið í önnur skipti, sbr. I. kafla ákæru. Taldi hún, að í tvö eða þrjú skipti hefði hún leitað eftir og fengið samþykki Valdimars fyrir því, að skrá mætti bíl á nafn hans.

Fyrir lögreglu neitaði Valdimar að hafa veitt móður sinni heimild til að rita nafn hans undir umrædda tilkynningu, og hafi það verið gert án sinnar vitundar. Við skýrslugjöf fyrir dómi lýsti hann atvikum svo, að hann hefði gefið móður sinni leyfi til að skrá einn bíl á nafn hans, en hann vildi þó ekki þvertaka fyrir að hafa veitt slíka heimild fyrir fleiri bílum. Taldi hann, að ekki hefði verið ákært vegna þess bíls, sem hann hefði gefið leyfi fyrir.

Eins og málið liggur fyrir, þykir gegn neitun ákærðu ekki nægilega sannað, að hún hafi í heimildarleysi ritað nafn sonar síns á tilkynningu um eigendaskipti á ökutæki umrætt sinn. Verður því ekki fallist á með ákæruvaldinu, að hún hafi falsað skjalið og með því brotið gegn 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að þessu athuguðu verður staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu af þessum lið ákæru.

II.

Með vísan til forsendna héraðsdóms verður staðfest sakfelling beggja ákærðu vegna sakargifta, sem getur í III. og IV. kafla ákæru. Eru brot þeirra réttilega heimfærð til refsiákvæða.

Ákærðu hafa að óverulegu leyti bætt tjón þeirra, sem fjársvikin beindust að. Að því athuguðu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest niðurstaða hans um refsingu beggja ákærðu, sem þykir þar hæfilega ákveðin, svo og, að refsing ákærðu, Jóhönnu, skuli vera skilorðsbundin. Jafnframt verða staðfest ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og sakarkostnað.

Samkvæmt 1. mgr. 169. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála verður kostnaður af áfrýjun málsins lagður á ríkissjóð, að því er varðar ákærðu, Jóhönnu. Að öðru leyti verður ákærði, Kristinn, dæmdur til að greiða kostnað af áfrýjun málsins, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Kristinn Jónsson, greiði saksóknarlaun í ríkissjóð vegna meðferðar málsins fyrir Hæstarétti, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Árna Vilhjálmssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur. Hann greiði enn fremur helming annars kostnaðar af áfrýjun málsins.

Að öðru leyti greiðist kostnaður af áfrýjun málsins úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærðu, Jóhönnu Guðmundsdóttur, 35.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. nóvember 1996.

Ár 1996, þriðjudaginn 19. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 649/1996: Ákæruvaldið gegn Kristni Jónssyni og Jóhönnu Guðmundsdóttur, sem tekið var til dóms 5. s. m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 27. ágúst sl., á hendur ákærðu, Kristni Jónssyni, kt. 250358-4829, Hamraborg 22, Kópavogi, og Jóhönnu Guðmundsdóttur, kt. 050347-4949, Hamraborg 22, Kópavogi, „fyrir eftirgreind hegningarlagabrot:

I.

Gegn ákærðu báðum fyrir að hafa árin 1991 til og með 1993 gefið rangar yfirlýsingar til ökutækjaskrár um eigendaskipti að eftirtöldum bifreiðum:

1) Bifreiðinni GR-270, kaupsamningur dagsettur 3. febrúar 1992, Jóhann Jóhannsson ranglega tilgreindur kaupandi, en ákærði, Kristinn, ritaði undir tilkynninguna f. h. Jóhanns án þess að hafa til þess umboð.

2) Bifreiðinni IO-527, kaupsamningur dagsettur 13. janúar 1993, Jóhann Jóhannsson ranglega tilgreindur kaupandi, en ákærða, Jóhanna, ritaði undir tilkynninguna f. h. Jóhanns án þess að hafa til þess umboð.

3) Bifreiðinni GÖ-724, kaupsamningur dagsettur 10. ágúst 1991, Valdimar Jóhannsson ranglega tilgreindur kaupandi, en ákærði, Kristinn, ritaði undir tilkynninguna f. h. Valdimars án þess að hafa til þess umboð.

4) Sömu bifreið og í síðasta lið, kaupsamningur dagsettur 18. ágúst 1992, Valdimar Jóhannsson ranglega tilgreindur seljandi, en ákærða, Jóhanna, ritaði undir tilkynninguna f. h. Valdimars án þess að hafa til þess umboð.

5) Bifreiðinni FY-484, kaupsamningur dagsettur 17. ágúst 1991, Valdimar Jóhannsson ranglega tilgreindur kaupandi, en ákærða, Jóhanna, ritaði undir tilkynninguna f. h. Valdimars án þess að hafa til þess umboð.

8) Bifreiðinni ET-908, kaupsamningur dagsettur 14. júlí 1991, Valdimar Jóhannsson ranglega tilgreindur kaupandi, en ákærða, Jóhanna, ritaði undir tilkynninguna f. h. Valdimars án þess að hafa til þess umboð.

II.

Gegn ákærðu báðum fyrir skjalafals, framið í Reykjavík árin 1991 og 1992, með því að hafa falsað og notað í lögskiptum tilkynningar til ökutækjaskrár um eigendaskipti eftirtalinna ökutækja, sem þau voru raunverulegir eigendur að, en létu skrá á syni ákærðu, Jóhönnu:

1) Bifreiðarinnar IT-935, kaupsamningur dagsettur 10. nóvember 1991, Valdimar Jóhannsson ranglega tilgreindur kaupandi, og falsaði ákærði, Kristinn, nafnritun hans undir tilkynninguna.

2) Bifreiðarinnar BG-284, kaupsamningur dagsettur 28. maí 1992, Valdimar Jóhannsson ranglega tilgreindur kaupandi, og falsaði ákærða, Jóhanna, nafnritun hans undir tilkynninguna.

III.

Gegn ákærðu báðum fyrir fjársvik með því að hafa árin 1991 til og með 1994 aflað sér eftirtalinna verðmæta með því að fá eigendur þeirra til að afhenda sér þau gegn afhendingu víxla, sem ákærða, Jóhanna, gaf út og ákærði, Kristinn, hafði samþykkt til greiðslu, nema annað sé tekið fram, en á þessum tíma voru ákærðu í miklum fjárhagserfiðleikum og var ljóst eða mátti vera ljóst, að þau myndu aldrei geta greitt víxlana.

1) Vörur í Húsasmiðjunni hf., afhentar gegn víxli, dagsettum 15. október 1991, til greiðslu 2. nóvember 1991, að fjárhæð 154.610 kr.

2) Hestur í eigu Eymundar Jóhannssonar, afhentur gegn víxli, dagsettum 27. maí 1992, til greiðslu 15. júní 1992, að fjárhæð 85.000 kr.

3) Hestur í eigu Eymundar Jóhannssonar, afhentur gegn víxli, dagsettum 6. júní 1992, til greiðslu 2. júlí 1992, að fjárhæð 90.000 kr.

4) Bifreiðin GZ-635, í eigu Írisar Hall og Arnar Ívars Einarssonar, afhent gegn fjórum víxlum, dagsettum 15. október 1992, til greiðslu 20. október, 20. nóvember og 20. desember 1992 og 20. janúar 1993, samtals að fjárhæð 220.000 kr.

5) Tölva í eigu Davíðs Guðjónssonar, afhent gegn víxli, dagsettum 18. apríl 1993, til greiðslu 2. maí 1993, að fjárhæð 60.000 kr.

6) Bifreiðin GN-767, í eigu Agnars Páls Agnarssonar og Guðrúnar Halldóru Valsdóttur, afhent gegn víxli, dagsettum 5. maí 1993, til greiðslu 18. maí 1993, að fjárhæð 125.000 kr., útgefandi Jóhann Stefánsson, en greiðandi

og samþykkjandi ákærði, Kristinn, en víxillinn er ábektur af ákærðu, Jóhönnu.

7) Bifreiðin BD-632, í eigu Jóns Hlíðar Kristjánssonar, afhent gegn víxli, dagsettum 1. október 1993, til greiðslu 2. nóvember 1993, að fjárhæð 60.000 kr., en ákærðu greiddu 10.000 kr. af víxlinum.

8) Bifreiðin GD-278, í eigu Súsönnu Guðbjargar Antonsdóttur, afhent gegn tveimur víxlum, dagsettum 28. nóvember 1993, til greiðslu 2. nóvember (svo) og 2. desember 1993, samtals að fjárhæð 70.000 kr.

9) Fimm hestar í eigu Guðrúnar Jónu Björgvinsdóttur og Hallgríms Karls Hjaltasonar, afhentir gegn tveimur víxlum, öðrum dagsettum 9. febrúar 1994, til greiðslu 2. mars 1994, að fjárhæð 180.000 kr., en hinum dagsettum 17. febrúar 1994, til greiðslu 2. apríl 1994, að fjárhæð 150.000 kr., útgefandi síðari víxilsins Guðrún Jóna Björgvinsdóttir, en greiðandi og samþykkjandi ákærði, Kristinn.

10) Hestur í eigu Þórdísar Sigurðardóttur, afhentur gegn víxli, dagsettum 26. mars 1994, til greiðslu 20. apríl 1994, að fjárhæð 60.000 kr.

IV.

Gegn ákærða, Kristni, fyrir fjársvik með því að hafa í júní 1994 með blekkingum fengið starfsfólk hjá Málningu hf. í Reykjavík til að afhenda sér málningu og málningarvörur fyrir samtals 401.361 kr. gegn því að greiða síðar fyrir vörurnar, en á þessum tíma var ákærði í miklum fjárhagserfiðleikum og var ljóst eða mátti vera ljóst, að hann myndi aldrei geta greitt vörurnar.

Telst háttsemi ákærðu samkvæmt ákærulið I varða við 1. mgr. 146. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, háttsemi í ákærulið II við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, en háttsemi í ákæruliðum III og IV við 248. gr. þeirra laga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar.

Í málinu eru gerðar eftirtaldar bótakröfur:

1. Davíð Guðjónsson, kennitala 050476-4219, gerir kröfu um, að ákærðu greiði upp víxil, að fjárhæð 60.000 kr., að viðbættum hæstu lögleyfðu vanskilavöxtum frá gjalddaga víxilsins 2. maí 1993 til greiðsludags auk útlagðs bankakostnaðar, 600 kr., ásamt vanskilavöxtum á þá upphæð frá 24. ágúst 1993 og til greiðsludags.

2. Garðar Briem hdl. gerir kröfu f. h. Málningar hf. um, að ákærði, Kristinn, greiði 486.053 kr.

3. Íris Hall, kennitala 190761-3479, gerir kröfu um, að ákærðu greiði 328.125 kr. auk dráttarvaxta á þá fjárhæð frá 8. ágúst 1994 og til greiðsludags ásamt 50.000 kr. vegna útlagðs lögfræðikostnaðar.

4. Jón Ármann Guðjónsson hdl. gerir þá kröfu f. h. Ofnasmiðjunnar hf., að ákærði, Kristinn, greiði 370.988 kr. auk áfallandi vaxta og kostnaðar.

5. Súsanna Guðbjörg Antonsdóttir, kennitala 210763-4149, gerir kröfu um, að ákærði, Kristinn, greiði sér 70.000 kr. auk kostnaðar, að fjárhæð 36.463 kr., auk dráttarvaxta frá 16. mars 1994 til greiðsludags.

6. Guðrún Jóna Björgvinsdóttir, kennitala 150163-4559, gerir kröfu um, að ákærði, Kristinn, greiði 360.000 kr. ásamt vöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 17. febrúar 1994 til greiðsludags".

Málavextir.

Ákærðu eru sambúðarfólk og hafa búið saman meira og minna þann tíma, sem ákæran tekur til. Ákærði, Kristinn, segist hafa verið meira og minna í óreglu á þessum tíma. Hann hefur haft stopular tekjur af málningar- og byggingarvinnu. Þá hefur hann gert upp og selt bíla og verið sölumaður. Ákærða, Jóhanna, hefur hins vegar haft nokkrar tekjur á þessum tíma og unnið sem sérhæfður aðstoðarmaður á skurðstofu. Samkvæmt skattframtölum hafði hún 360.000 krónur í tekjur árið 1991, 585.000 krónur árið 1992, og árið 1993 hafði hún 1.309.000 krónur í tekjur. Ákærðu voru eignalaus á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Ákærða var úrskurðuð gjaldþrota 13. mars 1989, en ákærði 25. maí 1994.

I. kafli ákæru.

Meðal gagna málsins eru sex tilkynningar til ökutækjaskrár um bílakaup ákærða árin 1991 til 1993. Er viðskiptum þessum lýst í ákæru. Er þar á því byggt, að ákærðu hafi ekki haft umboð til þess að rita nöfn tveggja sona ákærðu, Jóhönnu, Jóhanns og Valdimars Jóhannssona, sem bjuggu hjá ákærðu á þessum árum, en eins og saksókn er hagað hér, hefur það ekki þýðingu fyrir málið. Aftur á móti liggur það fyrir í málinu, að piltarnir áttu engan hlut að þessum viðskiptum, heldur var ákærði, Kristinn, hér að kaupa bíla og selja. Voru tilkynningarnar því rangar að efni til.

Ákærði, Kristinn, hefur viðurkennt að hafa staðið að baki þessum tilkynningum, og hefur hann skrifað undir þær allar, ýmist sem aðili að kaupum eða vottur. Aftur á móti er ósannað, að meðákærða hafi staðið að tilkynningunum undir 1. og 3. tl., en sannað, að hún hefur staðið að hinum með Kristni, enda hefur hún skrifað undir þær. Það athugast, að síðasta tilvikið hefur hlotið númerið 8 í ákæru, en ætti að hafa nr. 6. Með þessu athæfi sínu urðu ákærðu sek við 1. mgr. 146. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing fyrir brot gegn 1. mgr. 146. gr. hgl. getur mest orðið fjögurra mánaða fangelsi. Brot þessi eru eðlisólík athæfi því, sem lýst er í III. og IV. kafla ákæru, og gætu ekki talist vera í brotasamsteypu með þeim. Voru brot

þessi því fyrnd samkvæmt 1. mgr. 81. gr. hegningarlaga, þegar mál þetta var höfðað, og ber að sýkna ákærðu af þessum kafla ákæru.

II. kafli ákæru.

Meðal gagna málsins eru tvær tilkynningar til ökutækjaskrár um bílakaup ákærða árin 1991 og 1992. Fyrir liggur í málinu, að Valdimar Jóhannsson, kt. 080375-530, átti engan hlut að þessum viðskiptum, heldur var ákærði, Kristinn, hér að kaupa bíla og selja. Voru tilkynningarnar því rangar að efni til. Valdimar hefur neitað að hafa ritað undir tilkynningarnar.

Ákærði, Kristinn, hefur neitað því að hafa ritað nafn sitt á fyrri tilkynninguna. Í málinu er rithandarrannsókn Haralds Árnasonar rannsóknarlögreglumanns á tilkynningunum. Kemur þar fram, að lögreglumaðurinn telji, að litlar líkur séu á því, að Valdimar hafi ritað á þær, og eins segir þar, að ekki verði tekin afstaða til þess á grundvelli fyrirliggjandi gagna, hvort ákærði, Kristinn, hafi skrifað undir fyrri tilkynninguna eða ekki. Verður að telja það ósannað, og eins er ekki alveg óhætt að telja það sannað, að hann hafi vitað, að nafnritun Valdimars væri fölsun í skilningi 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Ber þannig að sýkna hann af ákæru fyrir skjalafals. Ákærði hefur hins vegar skrifað undir þessa tilkynningu sem vottur. Meðákærða hefur ekki kannast við að hafa skrifað á seðil þennan og man ekki eftir þessu tilviki. Verður að telja ósannað, að hún hafi átt þátt í að útbúa eða nota þetta skjal, og ber því þegar að sýkna hana af þessum ákærulið. Ákærði, Kristinn, gerðist hins vegar brotlegur við 1. mgr. 146. gr. almennra hegningarlaga með því að koma þessari tilkynningu á framfæri við ökutækjaskrá. Hefur málið verið reifað að þessu leyti, og þykir því mega fullyrða þetta, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, enda getur það samrýmst verknaðarlýsingunni í þessum kafla ákæru.

Ákærða, Jóhanna, hefur kannast við, að hún muni sennilega hafa ritað nafn Valdimars á síðari tilkynninguna, og er það í samræmi við niðurstöður rithandarrannsóknarinnar. Þá liggur fyrir, að meðákærði skrifaði undir tilkynninguna sem vottur. Ákærða, Jóhanna, var á þessum tíma lögráðamaður Valdimars, sem var ófjárráða. Telja verður því, að hún hafi haft heimild til þess að rita nafn hans undir skjöl samkvæmt 32. gr. lögræðislaga nr. 68/1984. Ber að sýkna ákærðu bæði af ákæru fyrir skjalafals. Ákærðu gerðust hins vegar brotleg við 1. mgr. 146. gr. almennra hegningarlaga með því að útbúa og koma þessari tilkynningu á framfæri við ökutækjaskrá. Hefur málið verið reifað að þessu leyti, og þykir því mega fullyrða þetta, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga um meðferð opinberra mála, enda getur það samrýmst verknaðarlýsingu í þessum kafla ákæru.

Með vísan til þess, sem segir í niðurlagi I. kafla hér að framan, ber vegna fyrningar að sýkna ákærðu af sakargiftum þessa kafla ákæru.

III. kafli ákæru.

1. Fyrir liggur, að ákærði stóð haustið 1991 í skuld við Ívar Hauksson innheimtumann, og varð það úr, að vörur voru teknar út í Húsasmiðjunni í nafni ákærða, og fékk Ívar vörurnar og þannig skuldina greidda. Ákærði, Kristinn, lét fyrirtækið fá til tryggingar skuldinni víxil, sem ákærða hafði gefið út og lýst er í ákæru. Ákærðu hafa ekki greitt víxil þennan.

2.–3. Í maí og júní 1992 keypti ákærði tvö hross í tvennu lagi af Eymundi Jóhannssyni, Árgerði í Skagafirði. Hafði Eymundur auglýst hrossin í dagblaði og ákærði hringt og falað þau. Sendi hann flutningabíla eftir þeim norður og víxla með, sem hann hafði samþykkt til greiðslu, en ákærða gefið út og lýst er í ákæru. Ákærði seldi hrossin skömmu síðar, og rann andvirðið til framfærslu þeirra beggja. Ákærðu hafa ekki greitt víxla þessa.

4. Um haustið 1992 keypti ákærði eftir dagblaðsauglýsingu Citroën-bílinn GZ-635 af hjónunum Írisi Hall og Erni Ívari Einarssyni. Greiddi hann bílinn með fjórum víxlum, sem hann hafði samþykkt til greiðslu, en ákærða gefið út og lýst er í ákæru. Ákærði seldi bílinn skömmu síðar, og rann andvirðið til framfærslu þeirra beggja. Ákærðu hafa ekki greitt víxla þessa.

5. Vorið 1993 keypti ákærði eftir dagblaðsauglýsingu tölvu af Davíð Guðjónssyni. Greiddi hann tölvuna með víxli, sem hann hafði samþykkt til greiðslu, en ákærða gefið út og lýst er í ákæru. Ákærði gaf tölvuna syni meðákærðu, en hann mun svo hafa notað hana í bílaviðskiptum. Ákærðu hafa ekki greitt víxil þennan.

6. Þetta sama vor keypti ákærði Mercury-bílinn GN-767 af þeim Agnari Páli Agnarssyni og Guðrúnu Halldórsdóttur. Greiddi hann bílinn með 20.000 krónum í peningum og víxli, sem hann hafði samþykkt til greiðslu, stjúpfaðir ákærða gefið út, en ákærða ábekt og lýst er í ákæru. Ákærði seldi bíl þennan skömmu síðar og fékk annan bíl í staðinn. Ákærðu hafa ekki greitt víxil þennan.

7. Haustið 1993 keypti ákærði Range-Rover-bílinn BD-632 af Jóni Hlíðari Kristjánssyni. Borgaði ákærði með víxli, út gefnum af ákærðu, sem hann hafði samþykkt til greiðslu og lýst er í ákæru. Ákærði seldi bílinn fljótlega. Ákærði greiddi 10.000 krónur upp í víxilskuldina, en að öðru leyti er víxillinn ógreiddur.

8. Þetta sama haust keypti ákærði Range-Rover-bílinn GD-278 af Súsönnu Guðbjörgu Antonsdóttur. Borgaði ákærði með tveimur víxlum, út gefnum af ákærðu, sem hann hafði samþykkt til greiðslu og lýst er í ákæru. Auk þess lét hann annan bíl upp í af gerðinni Fiat Uno. Ákærði seldi bílinn

strax aftur og greiddi húsaleigu þeirra beggja með andvirðinu. Ákærðu hafa ekki greitt víxla þessa.

9. Í febrúar 1994 keypti ákærði fimm hross af hjónunum Guðrúnu Jónu Björgvinsdóttur og Hallgrími Karli Hjaltasyni á Skeggjastöðum í Húnavatnssýslu. Sendi ákærði flutningabíl norður eftir hrossunum og tvo víxla með. Annan víxilinn hafði ákærða gefið út og ákærði samþykkt til greiðslu, en hinn er gefinn út af Guðrúnu Jónu og samþykktur af ákærða. Er víxlum þessum lýst í ákæru. Ákærði seldi hrossin og notaði andvirði þeirra til framfærslu. Ákærðu hafa ekki greitt víxla þessa.

10. Í marsmánuði 1994 keypti ákærði hest af Þórdísi Sigurðardóttur eftir dagblaðsauglýsingu. Greiddi hann hestsverðið með víxli, út gefnum af ákærðu, sem hann hafði samþykkt til greiðslu og lýst er í ákæru. Hest þennan notaði ákærði í hrossakaupum stuttu síðar. Hafa ákærðu ekki greitt víxilinn.

Ákærðu hafa sagt, að þau hafi ætlað sér að greiða skuldbindingarnar hér að framan. Af því, sem rakið hefur verið um viðskipti þessi, og því, sem áður var sagt um hagi þeirra á þeim tíma, sem viðskiptin gerðust, er deginum ljósara, að þau áttu þess engan kost að efna skyldur sínar gagnvart seljendum og greiða víxlana. Hlaut þeim báðum að vera þetta fyllilega ljóst. Með því að standa í þessum viðskiptum gerðist ákærði sekur um fjársvik. Telja verður, að ákærðu hafi verið fullkunnugt, til hvers átti að nota víxlana, sem hún gaf út eða ábekti, og telst hún hafa verið hlutdeildarmaður í broti hans. Hefur ákærði brotið gegn 248. gr. almennra hegningarlaga, en ákærða gegn 248., sbr. 22. gr. sömu laga.

IV. kafli ákæru.

Í júnímánuði 1994 tók ákærði út málningarvörur í reikning hjá fyrirtækinu Málningu hf. Gerðist þetta í allmörg skipti á tímabilinu 9. til 30. júní, og nam úttektin að lokum 401.361 krónu. Ekki þurfti ákærði að setja neina tryggingu fyrir þessari skuld, en fram hefur komið hjá honum, að talað hafi verið um, að hann greiddi hana í júlí. Ákærði hefur sagt, að hann hafi á þessum tíma verið búinn að eignast iðnaðarhúsnæði á Smiðjuvegi 4 í Kópavogi, og hafi hann notað um helming af málningarvörunum til þess að mála húsnæðið, en hinn helminginn hafi hann selt og notað andvirðið til framfærslu sér. Kveðst hann hafa hugsað sér að leigja út þetta húsnæði og láta leigutekjurnar renna til þess að greiða fyrir málningarvörurnar. Það hafi þó brugðist. Ákærði hefur ekki greitt neitt af skuld þessari, en 40 lítrar af málningu munu hafa skilað sér til fyrirtækisins aftur. Vitni hafa ekki verið leidd að því, hvort og þá hvaða blekkingum ákærði hafi beitt til þess að fá vörurnar.

Enda þótt ákærði kunni að hafa gert sér von um að hafa leigutekjur af fyrrnefndu húsnæði, var hagur hans mjög bágur á þeim tíma, sem hann tók út vörurnar, enda stórskuldugur, sbr. það, sem segir í III. kafla hér að framan. Ekkert er í ljós leitt um, að ákærði hafi beinlínis beitt fyrir sig blekkingum, og verður að telja það ósannað. Óhætt er hins vegar að fullyrða, að vörurnar hafi hann fengið í trausti þess, að hann greiddi fyrir þær, og að hann hafi sviksamlega hagnýtt sér þetta traust starfsmanna fyrirtækisins. Er orðalag ákæru ekki í vegi fyrir því að sakfella ákærða fyrir fjársvik og brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga.

Bótakröfur.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða Davíð Guðjónssyni, kt. 050476-421, óskipt 60.600 krónur í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með áorðnum breytingum af 60.000 krónum frá 2. maí 1993 og af 60.600 krónum frá 24. ágúst 1993 til greiðsludags.

Ekki verður annað séð en kröfur Írisar Hall og Jóns Ármanns Guðjónssonar hdl. f. h. Ofnasmiðjunnar hf. hafi orðið til af sama atviki. Þá er þess að gæta, að víxlarnir, sem um ræðir, fylgja málinu einungis í ljósriti. Ber að vísa kröfunni frá dómi.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða Súsönnu Guðbjörgu Antonsdóttur, kt. 210763-414, óskipt 70.000 krónur í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum frá 16. mars 1994 til greiðsludags. Ekki er heimilt í þessu máli að dæma ákærðu til þess að greiða bætur vegna kostnaðar við að lýsa kröfu í þrotabú ákærða Kristins.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða Guðrúnu Jónu Björgvinsdóttur, kt. 150163-455, óskipt 30.000 krónur í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum frá 17. febrúar 1994 til greiðsludags. Að öðru leyti er bótakröfunni vísað frá dómi, þar sem frumrit víxlanna fylgir ekki málinu.

Loks ber að dæma ákærða, Kristin, til þess að greiða Garðari Briem hdl. fyrir hönd Málningar hf. 401.361 krónu ásamt dráttarvöxtum frá 30. júní 1994 til 4. apríl 1995 og 5.000 krónur í bætur vegna kostnaðar við að halda kröfunni fram.

Refsing, sakarkostnaður.

Ákærði, Kristinn, hefur til þessa hlotið fjóra refsidóma fyrir hegningarlagabrot, síðast 1987. Þá hefur honum verið refsað nokkrum sinnum fyrir umferðarlagabrot. Fjársvik þau, sem hann er nú sakfelldur fyrir, nema um einni og hálfri milljón króna. Refsing hans þykir með hliðsjón af sakaferli hans og því, að hann hefur ekki bætt tjón af brotunum, en eins hinu, að nokkuð er liðið frá þeim, vera hæfilega ákveðin fangelsi átta mánuði.

Sakaferill ákærðu, Jóhönnu, hefur ekki þýðingu fyrir mál þetta. Refsing

hennar þykir hæfilega ákveðin fangelsi í fimm mánuði, og er þá höfð hliðsjón af því, sem sagði um meðákærða hér næst á undan, og einnig því, að telja verður, að hún hafi verið undir áhrifavaldi ákærða og látið hann leiða sig út í brotin. Rétt þykir að fresta framkvæmd refsingarinnar og ákveða, að hún falli niður að liðnum þremur árum, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða óskipt 45.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs. Þá ber að dæma ákærða, Kristin, til þess að greiða verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hrl., 45.000 krónur í málsvarnarlaun, en úr ríkissjóði ber að greiða verjanda 25.000 krónur í málsvarnarlaun. Dæma ber ákærðu, Jóhönnu, til þess að greiða verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hrl., 45.000 krónur í málsvarnarlaun, en úr ríkissjóði ber að greiða verjanda 25.000 krónur í málsvarnarlaun. Ekki er kunnugt um annan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Kristinn Jónsson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærða, Jóhanna Guðmundsdóttir, sæti fangelsi í 5 mánuði. Frestað er framkvæmd refsingarinnar, og fellur hún niður að liðnum 3 árum, haldi ákærða almennt skilorð.

Ákærðu greiði óskipt skaðabætur ásamt dráttarvöxtum til greiðsludags, sem hér segir:

Davíð Guðjónssyni, kt. 050476-421, 60.600 krónur, af 60.000 krónum frá 2. maí 1993 og af 60.600 krónum frá 24. ágúst 1993, Súsönnu Guðbjörgu Antonsdóttur, kt. 210763-414, 70.000 krónur frá 16. mars 1994, Guðrúnu Jónu Björgvinsdóttur, kt. 150163-455, 30.000 krónur frá 17. febrúar 1994 til greiðsludags.

Ákærði, Kristinn, greiði Garðari Briem hdl. fyrir hönd Málningar hf. 401.361 krónu frá 30. júní 1994 til 4. apríl 1995 og 5.000 krónur í bætur vegna kostnaðar við að halda kröfunni fram.

Ákærðu greiði óskipt 45.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs. Ákærði, Kristinn, greiði verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hrl., 45.000 krónur í málsvarnarlaun. Ákærða, Jóhanna, greiði verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hrl., 45.000 krónur í málsvarnarlaun. Úr ríkissjóði greiðist hvorum verjanda um sig 25.000 krónur í málsvarnarlaun.

Fimmtudaginn 17. apríl 1997.

Nr. 222/1996. **Félagsbúið Stekkum**
(Tryggvi Gunnarsson hrl.)
gegn
Guðmundi S. Öfjörð
(Skúli Pálsson hrl.,
Sigurður Jónsson hdl.)

Fullvirðisréttur. Greiðslumark. Samningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. júní 1996 og krefst þess aðallega, að viðurkenndur verði eignarréttur sinn að 21.701 lítra greiðslumarki mjólkur frá og með 1. september 1993 gegn greiðslu á 185.243 krónum til stefnda. Til vara gerir hann sömu viðurkenningarkröfu gegn greiðslu á 194.163 krónum til stefnda. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum áfrýjanda, en til vara, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 2.604.120 krónur auk dráttarvaxta frá 1. september 1993 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Kröfugerð sína í máli þessu byggir áfrýjandi á samningi sínum við stefnda 19. ágúst 1987 um ráðstöfun fullvirðisréttar. Á þeim tíma giltu lög nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Ekki var sérstaklega kveðið á um fullvirðisrétt eða framsal hans í lögunum sjálfum. Í 6. gr. reglugerðar nr. 291/1987 var hins vegar kveðið svo á, að færsla búmarks og fullvirðisréttar, sem því fylgdi, væri heimil milli lögbýla með samþykki viðkomandi búnaðarsambanda. Eins og fram kemur í héraðsdómi, voru og í gildi reglugerðarákvæði um samninga, sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins gerði við einstaka framleiðendur um ráðstöfun fullvirðisréttar. Sótti samningur aðila málsins fyrirmynd til þeirra samninga

og var reyndar gerður á eyðublað hliðstætt því, sem Framleiðnisjóður notaði við gerð samninga við framleiðendur.

Greiðslumark jarðanna Lækjamóts í Sandvíkurhreppi og Ásbrekku í Gnúpverjahreppi var sameinað á Ásbrekku samkvæmt heimild landbúnaðarráðuneytisins 12. janúar 1993. Liggur og fyrir í málinu, að sonur stefnda, Eiríkur Rúnar Guðmundsson, er móttakandi beingreiðslna vegna mjólkur. Stefndi hefur hins vegar tekið til varna sem rétthafi að þessu leyti. Fram er komið, að hann hefur lagt til jarðarinnar Ásbrekku bæði skepnur og vinnu, og auk þess sé það sameiginlegur skilningur feðganna, að hann sé eigandi greiðslumarksins. Þegar til þessa er litið sem og þess, að ekki er um þetta deilt milli aðilanna, þykir mega leggja til grundvallar, að málinu sé réttilega beint að stefnda.

Í héraðsdómi er lýst atvikum og aðdraganda samningsins frá 19. ágúst 1987. Við túlkun hans ber að líta til þess, að þar er fjallað um ráðstöfun mikilvægra atvinnu- og fjármunaréttinda stefnda, ásamt því, að markmið hans var ekki hið sama og þeirra samninga, sem Framleiðnisjóður gerði við framleiðendur til að draga úr mjólkurframleiðslu. Er á það fallist með héraðsdómara, að ákvæði samningsins verði ekki skýrð á þann veg, að með þeim hafi stefndi skuldbundið sig til að afhenda áfrýjanda til eignar í lok samningstímans fullvirðisrétt þann, er samningurinn náði til, ef hann hæfi ekki sjálfur framleiðslu á jörðinni Lækjamóti einni. Stefndi ákvað að nýta fullvirðisréttinn með tilteknum hætti í samvinnu við son sinn, eftir að samningurinn rynni út, en vegna aðstæðna var ekki unnt að gera það á Lækjamóti. Verður þetta hvorki talið hafa verið í andstöðu við samninginn né þau lög, sem um þessi mál giltu við gerð hans og uppsögn. Verður og að meta það sem gilda tilkynningu til áfrýjanda samkvæmt ákvæðum samningsins, er stefndi sendi honum uppsögn með bréfi 31. júlí 1992. Samkvæmt þessu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Félagsbúið Stekkum, greiði stefnda, Guðmundi S. Öfjörð, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 8. mars 1996.

Mál þetta var þingfest 28. júní 1995. Fór birting stefnu fram í samræmi við ákvæði b-liðar 3. mgr. 83. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, en í áritun lögmanns stefnda er birtingardagur ekki tilgreindur.

Stefnandi er Félagsbúið Stekkum, kt. 560390-7189, Stekkum, Sandvíkurhreppi, Árnessýslu.

Stefndi er Guðmundur S. Öfjörð, kt. 050723-2329, Lækjamóti, Sandvíkurhreppi, Árnessýslu.

Dómkröfur stefnanda eru aðallega, að viðurkenndur verði eignarréttur stefnanda að 21.701 lítra greiðslumarki mjólkur frá og með 1. september 1993 gegn greiðslu á 185.243 krónum til stefnda, til vara, að viðurkenndur verði eignarréttur stefnanda að ofangreindu greiðslumarki mjólkur frá og með 1. september 1993 gegn greiðslu á 194.163 krónum til stefnda. Í aðal- og varakröfu krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins og að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda. Til vara gerir stefndi þá kröfu, að krafa stefnanda um viðurkenningu á eignarrétti að greiðslumarki mjólkur verði einvörðungu tekin til greina gegn greiðslu á 2.604.120 krónum til stefnda og að sú fjárhæð beri dráttarvexti samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 1. september 1993 til greiðsludags. Í aðal- og varakröfu krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi og að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Málið var dómtekið 6. f. m. að undangengnum munnlegum málflutningi.

Stefndi krafðist þess í greinargerð sinni, að málinu yrði vísað frá dómi. Í þinghaldi 22. nóvember 1995 féll hann frá þeirri kröfu.

I.

Hinn 19. ágúst 1987 undirrituðu aðilar málsins samning, sem samkvæmt efni sínu kvað á um tiltekna ráðstöfun á fullvirðisrétti jarðarinnar Lækjamóts í Sandvíkurhreppi, en í 1. gr. reglugerðar nr. 291/1987, sem var í gildi við undirritun samningsins og sett var á grundvelli laga nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, er fullvirðisréttur skilgreindur sem það magn mjólkur og sauðfjárafurða, sem framleiðendum er ábyrgst fullt verð fyrir á grundvelli samnings samkvæmt a-lið 30. gr. laganna. Er í samningi aðila kveðið á um það, að stefnandi taki á leigu fullvirðisrétt jarðar-

innar til framleiðslu á mjólk, alls 130,3 ærgildi, og hluta búmarks hennar, 175 ærgildi, gegn greiðslu á 680.166 krónum til leigusala, stefnda í máli þessu. Leigutími skyldi vera frá 1. september 1987 til 1. september 1993, en endurgjald fyrir hið leigða bar stefnanda að inna af hendi með sex jöfnum greiðslum 15. desember ár hvert, hið fyrsta sinn 15. desember 1987.

Á grundvelli laga nr. 112 29. desember 1992 um breytingu á lögum nr. 46/1985 var tekið upp svokallað greiðslumark í mjólk í stað fullvirðisréttar. Segir í 1. gr. laganna, að greiðslumark lögbýlis sé tiltekið magn mjólkur, mælt í lítrum, sem ákveðið sé fyrir hvert lögbýli samkvæmt búvörusamningi og veiti rétt til beinnar greiðslu úr ríkissjóði. Samkvæmt b-lið 19. gr. laga nr. 112/1992 skyldi greiðslumark hvers lögbýlis fyrir verðlagsárið 1992 til 1993 vera jafnt fullvirðisrétti þess að lokinni aðlögun hans að innanlandsmarkaði haustið 1992, en eftir það skyldi greiðslumark breytast í hlutfalli við breytingar á heildargreiðslumarki. Greiðslumark lögbýlis var þannig byggt á fullvirðisrétti þess og kom í stað hans að öllu leyti. Orðið greiðslumark var einnig tekið upp í reglugerð nr. 324 31. ágúst 1992, það er fyrir gildistöku laga nr. 112/1992. Segir í 3. gr. reglugerðarinnar, að greiðslumark lögbýla reiknist í lítrum mjólkur og að greiðslumark hvers lögbýlis verðlagsárið 1992 til 1993 skuli vera jafnt fullvirðisrétti þess 1. september 1992 að lokinni aðlögun fullvirðisréttar að innanlandsmarkaði.

Í samræmi við það, sem nú hefur verið rakið, er ekki ágreiningur um það á milli málsaðila, að við gildistöku framangreindra réttarheimilda hafi stefnandi orðið leigutaki að greiðslumarki jarðarinnar Lækjamóts í stað fullvirðisréttar áður.

II.

Í samningnum frá 19. ágúst 1987 er að finna svohljóðandi ákvæði:

„4. Óski leigusali að hefja framleiðslu á ný að loknum leigutíma samkvæmt samningi þessum, skal hann tilkynna það leigutaka innan fimm ára frá undirritun hans. Skal þá leigutaki skila aftur fullvirðisrétti og búmarki, eins og það hefði verið, ef framleitt hefði verið allan leigutímann á jörðinni.

5. Ef leigusali óskar ekki eftir að nýta aftur hinn leigða fullvirðisrétt, fellur hann allur til leigutaka sem hans eign, og framlengist þá samningstíminn sjálfkrafa um tvö ár, og skal leigutaki þá greiða 348 kr. á hvert ærgildi þannig: . . .“

Reitir í niðurlagi 5. gr., sem ætlaðir hafa verið fyrir dagsetningar og fjárhæð greiðslu, eru óútfylltir.

Hinn 31. júlí 1992 ritaði stefndi stefnanda svohljóðandi bréf: „Hér með segi ég upp samningi mínum vegna leigu fullvirðisréttar í mjólk, sem gerður var 19. ágúst 1987.“

Með bréfi, dags. 10. september 1992, fór stefndi þess á leit við Framleiðsluráð landbúnaðarins, að sér yrði heimilað að sameina greiðslumark, áður fullvirðisrétt, jarðanna Lækjamóts og Ásbrekku í Gnúpverjahreppi. Stefndi var þá ekki eigandi jarðarinnar Ásbrekku. Þessari málaleitan stefnda hafnaði framleiðsluráð með bréfi 16. október 1992. Var í svarbréfi ráðsins vísað til þess, að b-liður 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 324/1992 stæði umbeðinni sameiningu í vegi.

Með kaupsamningi, undirrituðum 17. október 1992, keypti stefndi jörðina Ásbrekku ásamt syni sínum og tengdadóttur. Í kjölfar þess ritaði lögmaður stefnda landbúnaðarráðuneytinu bréf og fór þess á leit, að það staðfesti sameiningu greiðslumarks framangreindra jarða, þannig, að greiðslumark Lækjamóts yrði skráð á jörðina Ásbrekku. Er í bréfi lögmannsins, sem er dagsett 22. október 1992, greint frá kaupum stefnda og sonar hans, Eiríks Rúnars, á jörðinni Ásbrekku. Þar kemur og fram, að leigusamningnum frá 19. ágúst 1987 hafi verið sagt upp af hálfu stefnda og að greiðslumark jarðarinnar Lækjamóts verði laust úr leigu haustið 1993. Svarbréf ráðuneytisins er dagsett 12. janúar 1993. Þar segir meðal annars:

„Í 2. mgr. 5. gr. rg. nr. 324/1992 um aðlögun fullvirðisréttar að innanlandsmarkaði og um greiðslumark til framleiðslu mjólkur á lögbýlum verðlagsárið 1992–1993 er fjallað um sameiningu greiðslumarks tveggja eða fleiri lögbýla. Þar er tekið fram, að slíkt sé heimilt án takmarkana a- og d-liðar 1. mgr. 5. gr., þ. e., að slík sameining geti orðið, hvenær sem er á verðlagsárinu, og taki strax gildi, og ef lögbýlin eru hvort á sínu búnaðarsambandssvæði, eigi ákvæði um forkaupsrétt ekki við. Með hliðsjón af því, að hér er ekki um sölu fullvirðisréttar að ræða skv. b-lið rg. nr. 324/1992 og að um ættliðaskipti er að ræða, heimilar ráðuneytið hér með sameiningu greiðslumarks ofangreindra lögbýla á Ásbrekku í Gnúpverjahreppi."

Í samræmi við þessa niðurstöðu ráðuneytisins var greiðslumark jarðarinnar Lækjamóts sameinað greiðslumarki Ásbrekku og heildargreiðslumark beggja jarðanna verðlagsárið 1992 til 1993 skráð á Ásbrekku. Hafði þeirri skráningu ekki verið breytt 1. september 1993, en þann dag lauk leigutíma stefnanda samkvæmt samningi aðila, og nýtt verðlagsár hófst.

Hinn 29. janúar 1993 var gefið út afsal til Eiríks Rúnars og eiginkonu hans, Bjargar Sighvatsdóttur, fyrir jörðinni Ásbrekku. Stefnda er hins vegar ekki getið í afsalinu.

Fyrirsvarsmenn stefnanda rituðu stefnda bréf 14. apríl 1993, þar sem lýst er þeirri skoðun, að samkvæmt samningi aðila geti fullvirðisréttur jarðarinnar Lækjamóts því aðeins fallið til stefnda, að hann hefji sjálfur mjólkurframleiðslu á jörðinni við lok leigutíma 1. september 1993. Þá er því mót-

mælt í bréfinu, að áðurnefnt bréf landbúnaðarráðuneytis geti haft þýðingu fyrir lögskipti aðila, þar sem niðurstaða ráðuneytisins eigi sér ekki stoð í reglugerð nr. 324/1992.

III.

Stefnandi reisir málshöfðun sína á því, að stefndi hafi ekki fullnægt skilmálum í leigusamningi aðila um það, að hið leigða félli aftur í hans hlut við lok leigutímans 1. september 1993. Þar með og í samræmi við ákvæði samningsins hafi stefndi verið skuldbundinn til að afhenda stefnanda hið leigða greiðslumark til eignar gegn tiltekinni og samningsbundinni greiðslu.

Stefnandi heldur því í fyrsta lagi fram, að uppsögn stefnda á samningi aðila hafi ekki verið fullnægjandi og ekki í samræmi við skýr ákvæði samningsins. Þannig hafi þurft að taka það fram með skýrum og ótvíræðum hætti í uppsagnarbréfi, að stefndi hygðist hefja mjólkurframleiðslu að nýju að leigutíma loknum. Slíka tilkynningu hafi stefndi ekki sent stefnanda, heldur hafi hann einungis tilkynnt um uppsögn á samningnum. Slík uppsögn sé ekki í samræmi við skilmála samningsins og sýni að auki, að það hafi aldrei verið ætlun stefnda að hefja mjólkurframleiðslu á jörð sinni að loknum leigutíma.

Í annan stað vísar stefnandi til þess, að enginn réttur verði af hálfu stefnda reistur á þeirri heimild, sem landbúnaðarráðuneytið hafi veitt honum til að sameina greiðslumark jarðanna Lækjamóts og Ásbrekku með þeim hætti, sem áður er lýst. Heimild ráðuneytisins hafi engin áhrif á einkaréttarlegar skuldbindingar stefnda. Sé í því sambandi til þess að líta, að við afgreiðslu ráðuneytisins á málinu hafi verið við það miðað, að verið væri að sameina greiðslumark tveggja lögbýla í eigu stefnda. Þar með stæðu lög til þeirrar niðurstöðu, að umbeðin sameining skyldi ná fram að ganga. Fyrir liggi hins vegar, að jörðin Ásbrekka hafi í raun aldrei verið í eigu stefnda. Með því hafi um þá ástæðu, sem ákvörðun ráðuneytisins studdist við, ekki verið að ræða.

Þá heldur stefnandi því fram, að af samanburðarskýringu á 4. og 5. gr. samningsins verði ráðið, að það sé sjálfstætt skilyrði þess, að samningi aðila verði slitið í lok leigutíma og fullvirðisréttur falli til leigusala, að leigusali hefji sjálfur mjólkurframleiðslu að nýju. Ákvæði í samningnum um tilkynningarskyldu leigusala væri að öðrum kosti og eðli máls samkvæmt órökrétt og óþarft, því að þá gæti leigusali óheft komið í veg fyrir það, að 5. gr. samningsins kæmi til framkvæmda, með því einu að halda því fram eftir uppsögn samkvæmt 4. gr., að hann hefði hætt við að hefja framleiðslu að nýju. Þá sé ljóst, þegar notkun orðanna „óski“ og „nýta“ í 5. gr. samnings-

ins sé skoðuð í samhengi við 4. gr. hans, að hin raunverulega krafa sé sú, að leigusali sjálfur hefji mjólkurframleiðslu að nýju. Geri hann það ekki, verði að líta svo á, að fullvirðisréttur falli til leigutaka sem hans eign. Í málinu liggi það fyrir, að stefndi hafi ekki sjálfur hafið mjólkurframleiðslu að nýju að leigutíma loknum. Þar með og samkvæmt framansögðu verði hann nú að hlíta því, að umrætt greiðslumark jarðarinnar Lækjamóts falli til stefnanda sem hans eign, en gegn samningsbundinni greiðslu, svo sem áður greinir.

Stefnandi leggur á það áherslu, þegar kemur að skýringu á samningi aðila, að á sviði landbúnaðar sé samningsfrelsi manna langt því frá óskert. Gildandi laga- og reglugerðarákvæði við gerð samningsins og síðar, þegar greiðslumarkið skyldi losna úr leigu, takmarki mjög möguleika aðila til þess að semja um ráðstöfun þeirra réttinda, sem hér um ræðir. Einkaréttarlegar heimildir manna til ráðstöfunar á réttindunum byggist á þeim heimildum, sem hið opinbera veiti þeim, en þær séu árlega ákveðnar með stjórnvaldsreglum og veittar í tengslum við stýringu hins opinbera á búvöruframleiðslunni. Þannig verði samningi aðila þessa máls ekki beitt og hann ekki skýrður nema í tengslum við ákvæði laga og reglugerða um stjórn búvöruframleiðslunnar.

Til hliðsjónar við skýringu samnings aðila beri í fyrsta lagi að líta til staðlaðra samninga um leigu á fullvirðisrétti til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, en slíkur samningur hafi verið fyrirmynd að samningi þeirra. Í hinu staðlaða samningsformi sé síðan miðað við ákvæði reglugerðar nr. 406/1986 um stuðning Framleiðnisjóðs landbúnaðarins við nýjar búgreinar, búháttabreytingar og aðra nýbreytni í landbúnaði. Þar sé sett það skilyrði fyrir leigu fullvirðisréttar, að leigutími skuli að lágmarki vera sex ár. Þar sé jafnframt tiltekið, að óski viðkomandi framleiðandi (leigusali) eftir að nýta fullvirðisrétt sinn að leigutíma loknum, beri honum að tilkynna framleiðnisjóði (leigutaka) um þá ákvörðun sína, en ella falli hann niður. Með reglugerð nr. 324/1992 hafi síðan fyrst verið sett ákvæði um meðferð fullvirðisréttar, sem bundinn hafi verið í leigusamningum, enda hafi fullvirðisréttur þá fyrst tekið að losna úr sex ára leigu. Í 4. gr. þeirrar reglugerðar komi fram, að handhafa leigusamnings við Framleiðnisjóð landbúnaðarins sé heimilt að hefja framleiðslu við lok leigutíma og nýta rétt til greiðslumarks að fullnægðri tilkynningarskyldu og því skilyrði, að starfsleyfi og fullgild framleiðsluaðstaða sé á lögbýlinu. Af ákvæðinu sé ljóst, að fullvirðisréttur geti því aðeins fallið til leigusalans að leigutíma loknum, að hann hefji þá sjálfur framleiðslu á sínu lögbýli. Framangreindan skilning á þeim fyrirmyndum, sem stuðst hafi verið við, þá er aðilar gerðu umræddan samning sín á milli, verði að heimfæra upp á þann samning þeirra. Þessi skilningur á ákvæðum samningsins

eigi sér einnig stoð í ákvæði b-liðar 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 324/1992, en hún hafi verið í gildi við lok leigutímans og þegar fullvirðisrétti/greiðslumarki Lækjamóts var ráðstafað til Ásbrekku.

Með vísan til alls þess, sem nú hefur verið rakið, gerir stefnandi þá kröfu, að viðurkenndur verði eignarréttur hans að greiðslumarki jarðarinnar Lækjamóts frá og með 1. september 1993 að telja og gegn samningsbundinni greiðslu til stefnda, sbr. 5. gr. samningsins. Að því er endurgjaldið og útreikning þess varðar, sé í 6. gr. samningsins tekið fram, að greiðslur samkvæmt honum séu verðtryggðar miðað við byggingarvísitölu, en hún var 305 stig á undirskriftardegi samningsins. Er aðalkrafa stefnanda við það miðuð, að greiðslumarkið hafi átt að losna úr leigu 1. september 1993, og sá dagur hafi því verið lausnardagur á greiðsluskyldu stefnanda samkvæmt 5. gr. Byggingarvísitala þann dag hafi verið 623 stig. Útreiknað endurgjald í aðalkröfu stefnanda nemur samkvæmt þessu 185.243 krónum (130,3 × 348 × 2 × 623/305). Til vara hefur stefnandi miðað útreikning endurgjaldsins við stöðu byggingarvísitölu við höfðun málsins í júní 1995, en hún hafi þá verið 653 stig. Endurgjald til stefnda miðað við þær forsendur skuli því nema 194.163 krónum (130,3 × 348 × 2 × 653/305). Fjöldi lítra mjólkur í því greiðslumarki, sem stefnandi gerir kröfu til, að dómurinn viðurkenni, að sé hans eign, er byggður á staðfestingu frá Framleiðsluráði landbúnaðarins um hið leigða greiðslumark. Samkvæmt henni nam magn mjólkur í greiðslumarkinu 21.701 lítra eftir niðurfærslu þess 1. september 1993. Sýnist ekki vera ágreiningur á milli málsaðila um grundvöll málsins að þessu leyti.

IV.

Að því er málsatvik varðar, tekur stefndi fram, að hann hafi samkvæmt kaupsamningi 17. október 1992 átt hlut í jörðinni Ásbrekku í Gnúpverjahreppi, þá er hann færði þangað fullvirðisrétt jarðarinnar Lækjamóts. Yfirvöld landbúnaðarmála hafi veitt samþykki sitt fyrir þeim flutningi 12. janúar 1993. Aldrei hafi staðið til að afsala stefnanda fullvirðisréttinum, og samningur þeirra standi ekki til þeirrar niðurstöðu. Þá staðhæfir stefndi, að sú hugmynd hafi jafnan verið uppi, að sonur sinn, Eiríkur Rúnar, myndi hefja kúabúskap á Lækjamóti. Nauðsyn á verulegum og kostnaðarsömum endurbótum á húsakosti jarðarinnar hafi orðið til þess, að þau áform rættust ekki. Þess í stað hefðu þeir feðgar fest kaup á jörðinni Ásbrekku, og hafi stefndi staðið þar að búrekstri ásamt syni sínum, annars vegar með því að leggja hinn umdeilda framleiðslurétt til jarðarinnar og hins vegar með vinnuframlagi sínu. Kveður stefndi það vera ætlun sína að reka félagsbú að Ásbrekku með syni sínum og tengdadóttur, en umsókn þeirra 1. september

1993 þar að lútandi hafi ekki enn hlotið samþykki landbúnaðarráðuneytis. Þá kveðst stefndi líta svo á, að hann sé ennþá eigandi þess greiðslumarks, sem hann lagði til jarðarinnar. Hann hafi í öllu falli aldrei selt greiðslumarkið frá Ásbrekku, en það hafi verið eina kvöðin, sem tilgreind hafi verið af hálfu landbúnaðarráðuneytis fyrir sameiningu á greiðslumarki Lækjamóts og Ásbrekku. Það, að afsal fyrir Ásbrekku hafi einungis verið gefið út til sonar síns og tengdadóttur, fái engu breytt í þessu efni.

Stefndi reisir sýknukröfu sína í málinu í fyrsta lagi á aðildarskorti. Fyrir liggi, að landbúnaðarráðuneytið hafi heimilað sameiningu á greiðslumarki jarðanna Lækjamóts og Ásbrekku. Stefnandi verði að stefna ráðuneytinu til að fá þessari ákvörðun þess hnekkt, ella standi hún óhögguð. Málið sé samkvæmt þessu höfðað gegn röngum aðila, og því beri þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda.

Í annan stað vísar stefndi um rök fyrir sýknukröfu sinni til réttarreglna um tómlæti. Stefnandi hafi engan reka gert að málshöfðun, frá því að samningnum var sagt upp 31. júlí 1992 og þar til mál þetta var þingfest 28. júní 1995, í tæp þrjú ár.

Þá styður stefndi sýknukröfu sína í málinu við það, að aðilar hafi aldrei samið um, að fullvirðisréttur sá, sem um ræðir í málinu, síðar greiðslumark, myndi nokkru sinni falla til stefnanda, heldur hafi allan tímann legið fyrir, að stefndi hygðist nýta sér hann sjálfur. Í fullvirðisrétti og greiðslumarki felist fjárhagsleg verðmæti í skilningi eignarréttar, sem njóti stjórnarskrárverndar. Með hvers konar hömlum á rétti til að ráðstafa þessum verðmætum sé verið að svipta menn mikilvægri heimild, sem felist í eignarrétti að þeim. Ljóst sé því, að orðið „nýta“ í samningi aðila sem og í reglugerðum þeim, er til hefur verið vísað, verði að skýra rúmt. Menn geti nýtt sér framleiðslurétt í mjólk með ýmsum hætti, til dæmis með því að kaupa eða leigja jörð, leggja hann til félagsbús, sem þeir eiga aðild að, svo og með því að leigja jörð sína til framleiðslu. Stefndi hafi ákveðið að nýta framleiðslurétt sinn með því að leggja hann í púkk með syni sínum og eiginkonu hans. Í ljósi þess hafi hann sagt samningi aðila upp og síðan keypt jörðina Ásbrekku ásamt syni sínum. Þessa nýtingu á framleiðsluréttinum hafi landbúnaðarráðuneytið samþykkt. Stefndi hafi þannig hafið nýtingu á framleiðsluréttinum með viðurkenndum hætti. Hann verði því ekki með nokkrum rökum skyldaður til að láta réttinn af hendi til stefnanda.

Stefndi tiltekur það sem varnarástæðu í greinargerð sinni, að þröng túlkun á 4. gr. reglugerðar nr. 324/1992 standist ekki gagnvart stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Með ákvæðinu, sem kveður á um það, að fullgild framleiðsluaðstaða skuli vera á viðkomandi lögbýli, séu möguleikar

framleiðanda á nýtingu fullvirðisréttar og greiðslumarks verulega þrengdir. Þessi þrenging á nýtingarrétti framleiðandans eigi sér hins vegar ekki stoð í búvörulögum, en reglugerðin var sett á grundvelli þeirra. Stjórnskipulegt gildi reglugerðar nr. 324/1992, að því er varðar þrengingu á nýtingu fullvirðisréttar, standist því ekki.

Þá styður stefndi kröfu sína um sýknu einnig því, að samningur aðila sé ógildur vegna ákvæða 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986. Heldur stefndi því fram, verði niðurstaða málsins í samræmi við kröfur stefnanda, að þar með væri honum gert að láta eign sína af hendi til stefnanda gegn endurgjaldi, sem nái því ekki að vera tíundi hluti verðmætis hennar. Samningurinn sé því bersýnilega ósanngjarn. Þá hafi við samningsgerðina verið stuðst við staðlað samningsform, sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins hafi notað í samningum sínum við bændur. Inn í samning aðila hafi þannig verið tekin ákvæði, sem hefði ekki verið notast við, ef samningurinn hefði verið gerður af óháðum aðila. Þá hafi allt frumkvæði að samningsgerðinni verið í höndum forsvarsmanna stefnanda, og þeir hefðu lagt hið staðlaða samningsform til. Stefndi sé ólögfróður og hafi ekki notið aðstoðar lögmanns, þá er samningurinn var gerður. Hann hafi engu að síður talið það ljóst, að hann væri að gera leigusamning, en ekki samning um kaupleigu. Skýrt uppsagnarákvæði samningsins myndi tryggja honum rétt hans gagnvart stefnanda.

Loks vísar stefndi um rökstuðning fyrir sýknukröfu sinni til þess, að samningur aðila hafi í raun aldrei öðlast gildi, þar sem þinglýstur eigandi jarðarinnar Stekka hafi aldrei undirritað hann. Vísar stefndi, hvað þetta varðar, til 8. gr. samningsins, en þar er undirritun allra þinglýstra eigenda hlutaðeigandi jarða gerð að skilyrði fyrir gildistöku hans.

Stefndi mótmælir sérstaklega þeirri málsástæðu stefnanda, að uppsögn stefnda á samningi aðila sé ólögmæt, þar sem ekki hafi verið tekið fram í henni, að stefndi hygðist nýta hinn leigða fullvirðisrétt sjálfur. Uppsögnin feli þá ráðagerð stefnda augljóslega í sér.

Varakrafa stefnda er við það miðuð, að krafa stefnanda um viðurkenningu á eignarrétti að hinu umdeilda greiðslumarki nái fram að ganga, en að endurgjald stefnanda til sín skuli þá miðað við markaðsverð hins umdeilda greiðslumarks. Heldur stefndi því fram, að markaðsverð greiðslumarksins hafi árið 1993 numið 2.604.120 krónum, það er 120 krónum fyrir hvern mjólkurlítra, og að þá fjárhæð beri stefnanda í öllu falli að greiða sér.

V.

Þegar samningur aðila var gerður, voru í gildi reglugerðarákvæði, sem sérstaklega lutu að samningum, sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins gerði

við einstaka framleiðendur um ráðstöfun fullvirðisréttar. Með samningi af þessu tagi tók framleiðnisjóður fullvirðisrétt jarðar á leigu til sex ára, og skyldi framleiðsla mjólkur á grundvelli hans liggja niðri þann tíma. Miðuðu þessir samningar þannig að því að draga úr heildarframleiðslu á mjólk. Í kjölfar þeirra hófu framleiðendur að gera samninga sín á milli, er voru hliðstæðir þeim samningi, sem hér er til umfjöllunar. Samningarnir fólu það hins vegar í sér, að réttur til mjólkurframleiðslu á grundvelli hins leigða fullvirðisréttar fluttist frá einum framleiðanda til annars. Var um efni þeirra samninga stuðst við eyðublað eða samningsform, sem framleiðnisjóður notaði í samningum sínum við framleiðendur. Þannig eru greinar 4 og 5 í samningi aðila samhljóða tveimur ákvæðum í hinu staðlaða samningsformi framleiðnisjóðs.

Í skýrslum stefnda og Guðmundar Lárussonar, forsvarsmanns stefnanda, fyrir dómi komi fram, að stefndi hafði á sínum tíma hug á að gera samning við Framleiðnisjóð landbúnaðarins um leigu á fullvirðisrétti jarðarinnar Lækjamóts. Mun meginástæða þess hafa verið sú, að fullnægjandi framleiðsluaðstaða var ekki á jörðinni. Forsvarsmenn stefnanda leituðu þá eftir því við stefnda, að stefnandi gengi inn í þann samning og tæki fullvirðisréttinn á leigu í stað framleiðnisjóðs. Samþykkti stefndi það. Í kjölfar þessa var undirritaður samningur sá, sem hér er til umfjöllunar. Var við gerð hans notast við eyðublað eða samningsform, sem forsvarsmenn stefnanda munu hafa lagt til. Þá gerði stefndi við sama tækifæri hliðstæða samninga við eigendur tveggja annarra jarða í Sandvíkurhreppi. Hafi þeir á sama hátt og stefnandi höfðað mál á hendur stefnda til að fá viðurkenndan eignarrétt að leigðum fullvirðisrétti og grundvalla þá málsókn sína á sömu málsástæðum og stefnandi hefur uppi í þessu máli.

Í framburði Guðmundar Lárussonar kom fram, að forsvarsmenn stefnanda hefðu litið svo á, að þeir væru að gera kaupleigusamning við stefnda um hinn umdeilda fullvirðisrétt og að stefndi gæti einvörðungu komið í veg fyrir, að rétturinn félli til stefnanda við lok leigutímans, með því að hefja sjálfur mjólkurframleiðslu og þá á jörðinni Lækjamóti. Við gerð samningsins hafi legið fyrir, að það væri nánast óhugsandi, að framleiðsla á mjólk hæfist þar að nýju að leigutíma loknum. Málsaðilar hefðu gert sér grein fyrir þessu og að þar með væri líklegast, að fullvirðisrétturinn yrði eign stefnanda. Að sögn Guðmundar var hins vegar ekki rætt sérstaklega um efni þeirra samningsákvæða, sem aðilar deila um við samningsgerðina sjálfa.

Fyrir dómi lýsti stefndi yfir því, að aðild sín að kaupum á jörðinni Ásbrekku hefði aðallega átt rót sína að rekja til þess, að hún myndi auðvelda og einfalda sameiningu á greiðslumarki jarðarinnar Lækjamóts við greiðslu-

mark Ásbrekku. Kvað stefndi framlag sitt til kaupanna hafa verið fólgið í greiðslumarkinu, og hann liti svo á, að hann væri ennþá eigandi þess. Að auk hafi hann í fyrstu aðstoðað við búreksturinn og lagt til hans sex eða sjö kvígur.

VI.

Samkvæmt samningi málsaðila frá 19. ágúst 1987 féllst stefnandi á að greiða stefnda tiltekna fjárhæð árlega að endurgjaldi fyrir leigu á fullvirðisrétti jarðarinnar Lækjamóts til framleiðslu á mjólk tímabilið 1. september 1987 til 1. september 1993. Er í 5. gr. samningsins gert ráð fyrir þeim möguleika, að fullvirðisrétturinn verði við lok leigutíma eign stefnanda gegn tiltekinni og samningsbundinni greiðslu til stefnda.

Stefndi sagði samningnum upp með bréfi, dags. 31. júlí 1992. Gat forsvarsmönnum stefnanda ekki dulist, að uppsögnin væri sett fram á grundvelli heimildarákvæðis í 4. gr. samningsins. Eru því ekki efni til að líta svo á, að uppsögnin sé haldlaus sökum þeirra annmarka, sem stefnandi telur vera á henni.

Svo sem að framan er rakið, greinir aðila málsins á um það, hvaða skilning beri að leggja í áður tilvitnuð ákvæði í samningi þeirra. Ákvæði þessi eru um margt óljós, og skýr ályktun um það, sem meginmáli skiptir við úrlausn málsins, verður ekki dregin af orðalagi þeirra. Verulega skortir þannig á, að samningurinn hafi að geyma skýr ákvæði um forsendur þess, að eignarréttur að hinum leigða fullvirðisrétti falli til stefnanda við lok leigutíma. Stóð það nær stefnanda en viðsemjanda hans að sjá til þess, að skýrlega yrði kveðið á um efni samningsins að þessu leyti.

Stefndi hefur skýrt afstöðu sína til hinna umdeildu ákvæða á þann veg, að forræði sitt yfir fullvirðisrétti jarðarinnar Lækjamóts við lok leigutíma væri ekki bundið því skilyrði, að hann myndi hefja þar mjólkurframleiðslu að nýju, og hvers konar möguleg nýting hans á réttinum kæmi í veg fyrir, að hann félli til stefnanda. Forsvarsmenn stefnanda halda því hins vegar fram, að stefnandi hafi gegn umsömdu endurgjaldi til stefnda átt eignarréttarlegt tilkall til fullvirðisréttarins, þegar samningur aðila um leigu hans rann út, þar sem stefndi hafi þá ekki nýtt hann í samræmi við áskilnað í samningi þeirra og svo sem áður greinir.

Fyrir liggur, að við samningsgerðina sjálfa var ekki rætt sérstaklega um efnislegt inntak þeirra ákvæða, sem aðilar deila um. Þá hefur ekkert komið fram við meðferð málsins, sem lætur það afdráttarlaust í ljós, að afstaða stefnda til þessara ákvæða samningsins hafi við gerð hans eða síðar verið önnur en að framan er lýst.

Þegar framangreint er virt, verður samningur aðila ekki skýrður á þann

veg, að réttur stefnda til að nýta hinn leigða fullvirðisrétt við lok umsamins leigutíma 1. september 1993 hafi verið bundinn því skilyrði, að mjólkurframleiðsla á grundvelli fullvirðisréttarins, sem á leigutímanum breyttist í greiðslumark, færi fram á jörðinni Lækjamóti.

Með bréfi 22. október 1992 fór stefndi þess á leit við landbúnaðarráðuneytið, að það heimilaði sameiningu greiðslumarks jarðanna Lækjamóts og Ásbrekku, en stefndi hafði ásamt syni sínum og tengdadóttur fest kaup á jörðinni Ásbrekku nokkrum dögum áður. Hinn 12. janúar 1993 veitti landbúnaðarráðuneytið heimild sína fyrir umbeðinni sameiningu. Er það mat dómsins, að þessi heimild ráðuneytisins hafi haft fullnægjandi lagastoð, þá er hún var veitt, og að stefnandi sé af henni bundinn. Frá 1. september 1993 hefur framleiðsla mjólkur á grundvelli hins umdeilda greiðslumarks og í skjóli téðrar heimildar landbúnaðarráðuneytisins farið fram að Ásbrekku. Stefndi hefur ekki sjálfur staðið að þeirri framleiðslu, og í ljós er leitt, að aðild hans að kaupum á jörðinni Ásbrekku gegndi aðallega því hlutverki að greiða fyrir framangreindri sameiningu og aðstoða með því son sinn og tengdadóttur við að koma upp lífvænlegu búi á jörðinni. Hvað sem þessu líður, kaus stefndi að nýta greiðslumarkið til mjólkurframleiðslu með framangreindum hætti, og verður ekki séð, að lög hafi staðið þeirri nýtingu í vegi. Er þá meðal annars til þess að líta, að gegn andmælum stefnda verður ekki fullyrt, að eignarréttur að greiðslumarkinu hafi færst í hendur sonar hans og tengdadóttur, og breytir engu í því sambandi, þótt afsal fyrir jörðinni Ásbrekku hafi einungis verið gefið út til þeirra. Þá hefur stefnandi ekki sýnt fram á það, að þessi nýting stefnda á greiðslumarkinu fari í bága við skilmála í samningi aðila fyrir því, að hann héldi lögheimiluðum ráðstöfunarrétti sínum yfir því að leigutíma loknum.

Í ljósi þess, sem að framan greinir, er ekki um að ræða þann grundvöll málsóknar stefnanda, að kaupréttarákvæði í samningi aðila hafi í reynd orðið virkt. Þar með eru ekki efni til að taka dómkröfur hans í málinu til greina, og ber að sýkna stefnda af þeim.

Dæma ber stefnanda til að greiða stefnda 120.000 krónur í málskostnað. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan. Dómsuppkvaðning hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur S. Öfjörð, á í máli þessu að vera sýkn af kröfum stefnanda, Félagsbúsins Stekkum.

Stefnandi greiði stefnda 120.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 17. apríl 1997.

Nr. 134/1996. **Kærunefnd jafnréttismála**
f. h. Brynju Birgisdóttur
(Ástráður Haraldsson hrl.)
gegn
Hagkaupum hf.
(Ásgeir Þór Árnason hrl.)
og gagnsök

Jafnrétti. Uppsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1996. Hann krefst þess, að uppsögn Brynju Birgisdóttur úr starfi innkaupamanns hjá gagnáfrýjanda 30. apríl 1993 verði dæmd ólögmæt og brot á meginreglum laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnframt krefst hann þess, að gagnáfrýjandi greiði sér skaðabætur, að fjárhæð 2.112.615 krónur, með vöxtum á þann veg, sem nánar greinir í héraðsdómi. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málinu var gagnáfrýjað með stefnu 6. september 1996. Gagnáfrýjandi krefst staðfestingar héraðsdóms að öðru leyti en því, að honum verði dæmdur málskostnaður í héraði. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að skaðabótakröfur aðaláfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður þá látinn niður falla.

I.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Mál þetta er lagt fyrir Hæstarétt á þann veg, að vegna skipulagsbreytinga í innkaupadeild gagnáfrýjanda fyrir sérvöru hafi verið efni til að fækka starfsmönnum um einn. Valið hafi staðið milli þess að segja Brynju Birgisdóttur upp störfum eða karlmanni, sem hafði sömu menntun og hún, en skemmri starfsaldur. Ekki er um það deilt, að atvinnurekandi hafi

almennt vald til að ráða og segja upp starfsmönnum sínum og að Brynju var sagt upp með tilskildum uppsagnarfresti og fékk greidd laun í fjóra mánuði, sem var einum mánuði meira en uppsagnarfrestur sagði til um. Ágreiningsefnið er því það eitt, hvort gagnáfrýjandi hafi við uppsögn Brynju farið út fyrir þær takmarkanir, sem lög nr. 28/1991 setja valdi hans til uppsagnar starfsfólks.

Í áliti sínu 5. október 1994 komst kærunefnd jafnréttismála að þeirri niðurstöðu, að gagnáfrýjandi hefði með uppsögn Brynju Birgisdóttur 30. apríl 1993 brotið gegn 4. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 28/1991, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Ákvæði 4. tl. 1. mgr. 6. gr. bannar atvinnurekendum að mismuna starfsfólki eftir kynferði við uppsögn úr starfi. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar ber atvinnurekanda að sýna kærunefnd fram á, að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans um uppsögn. Þótt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 28/1991 gildi ekki um meðferð mála fyrir dómstólum, þykir gagnáfrýjandi verða að sýna fram á, að uppsögn Brynju hafi ekki falið í sér kynjamismunun í skilningi laganna, þar sem fram er komið, að hún hafði umtalsvert lengri starfsaldur hjá fyrirtækinu en karlmaðurinn, sem í hlut átti.

II.

Með hliðsjón af 8. gr. laga nr. 28/1991 átti gagnáfrýjandi að senda kærunefnd jafnréttismála skriflegar upplýsingar um menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika, sem karlmaðurinn hefði að mati fyrirsvarsmanna fyrirtækisins umfram Brynju Birgisdóttur. Upplýsingarnar voru veittar um þessi og fleiri efni, en hefðu mátt vera skýrari í nokkrum atriðum.

Þorbjörn Stefánsson, innkaupastjóri sérvöru, kvaðst fyrir dómi taka ákvörðun um ráðningu, uppsagnir og laun innkaupamanna sérvöru innan þess ramma, sem honum væri settur. Hann kvaðst hafa tekið þá ákvörðun að segja Brynju upp störfum. Fram kom, að skipulagsbreytingarnar höfðu meiri áhrif á innkaupasvið Brynju en karlmannsins, og svo taldi Þorbjörn, að arðsemi innkaupasviðs hans hefði verið meiri. Um þetta síðarnefnda liggja ekki fyrir óyggjandi gögn. Í áliti kærunefndar jafnréttismála er á því byggt, að hlutfall kvenna og karla í starfi innkaupamanna og sambærilegra starfa innan fyrirtækisins á þeim tíma, sem Brynju var sagt upp, hafi verið

konum óhagstætt. Þó hafi fleiri konur unnið sem innkaupamenn sérvöru. Samkvæmt gögnum málsins, sem stafa frá gagnáfrýjanda, voru innkaupamenn sérvöru þrettán með Þorbirni á þeim tíma, sem Brynju var sagt upp, þar af voru tíu konur. Auk þess unnu í deildinni þrír aðstoðarmenn, allt konur. Þessi gögn hafa ekki verið hrakin.

Fallast má á það með kærunefnd jafnréttismála, að eðlilegt sé að skoða kynjahlutfall innan fyrirtækis í víðara samhengi og binda sig ekki við eina deild stórs fyrirtækis, þegar hugað er að framkvæmd jafnréttislaga nr. 28/1991. Ágreiningur er hins vegar um það með aðilum, hvort einhver önnur störf innan fyrirtækisins séu sambærileg, og nýtur ekki skýrra gagna um það. Mat á því, hvað telja beri sambærileg störf, verður að teljast erfiðleikum háð, og verður það ekki eingöngu lagt á gagnáfrýjanda að afla upplýsinga um það. Ber hér að líta til þess, að Brynja hafði verið lengi í þjónustu gagnáfrýjanda við ýmis störf og því kunnug starfsemi fyrirtækisins. Að framan er það rakið, að í innkaupadeild sérvöru hallaði mjög á karlmenn, og fram er komið, að skipulagsbreytingarnar höfðu meiri áhrif á starfssvið Brynju en karlmannsins. Verður því að telja gagnáfrýjanda hafa sýnt nægilega fram á, að Brynju Birgisdóttur hafi ekki verið mismunað eftir kynferði. Staðfest er því niðurstaða héraðsdóms um sýknu gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi er stórt fyrirtæki með fjölda starfsmanna. Af gögnum málsins má ráða, að hreyfing var á starfsliði innkaupadeildar sérvöru. Við takmarkaðar skipulagsbreytingar ættu að vera tök á því að leita fyrst annarra leiða, áður en kæmi til uppsagna starfsfólks. Engra gagna nýtur um, að Brynju hafi verið boðið sambærilegt starf, þótt því sé haldið fram. Að þessu athuguðu verður málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti látinn falla niður.

Dómsorð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. janúar 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. desember sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af kærunefnd jafnréttismála, kt. 660691-2009, Laugavegi 13, Reykjavík, vegna Brynju Birgisdóttur, kt. 070358-2639, Safamýri 38,

Reykjavík, á hendur Hagkaupum hf., kt. 671280-0169, Skeifunni 15, Reykjavík, með stefnu, birtri 9. maí 1995.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Stefnandi gerir í fyrsta lagi þær kröfur, að dæmt verði, að uppsögn Brynju Birgisdóttur úr starfi innkaupamanns hjá stefnda, Hagkaupum hf., 30. apríl 1993 hafi verið ólögmæt og brot á meginreglum laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Í öðru lagi gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða Brynju Birgisdóttur 2.112.615 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Þá er þess krafist, að stefndi greiði stefnanda málskostnað að mati dómsins auk fjárhæðar, er jafngildi virðisaukaskattsgreiðslu stefnanda af málskostnaðarfjárhæð.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér verði dæmdur málskostnaður að mati dómsins. Til vara er gerð sú krafa, að dómkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

I.

Atvik máls og ágreiningsefni.

Málsatvik eru þau, að Brynja Birgisdóttir hóf störf hjá stefnda árið 1972. Upphaflega vann hún á afgreiðslukössum á sumrin meðfram námi, þar til hún tók stúdentspróf á árinu 1979. Síðla árs 1979 kom hún til fullra starfa hjá stefnda og starfaði upphaflega sem aðstoðarmaður innkaupa á snyrtivörum. Þá var hún um tíma aðstoðarmaður tveggja framkvæmdastjóra. Frá 1. janúar 1981 til 1. nóvember 1988 var hún gjaldkeri hjá stefnda, en að lokum innkaupamaður í sérvörudeild frá 1. nóvember 1988. Með bréfi, dags. 30. apríl 1993, var Brynju sagt upp störfum frá og með 1. maí þ. á. með þriggja mánaða fyrirvara. Engin ástæða uppsagnar var tilgreind í uppsagnarbréfinu. Forsvarsmenn fyrirtækisins ákváðu að greiða henni laun út ágústmánuð. Fyrstu mánuði ársins 1993 var unnið að skipulagsbreytingum í innkaupadeild sérvöru hjá Hagkaupum hf. Á innkaupasviði Brynju voru þá m. a. kaup á viðlegubúnaði, sportvöru, sumarhúsgögnum, ferðatöskum, ritföngum og bókum. Á öðru innkaupasviði voru búsáhöld og gjafavörur að hluta, og var innkaupamaður þess sviðs Sverrir Tynes. Liggur fyrir, að einhverjir vöruflokkar af báðum þessum innkaupasviðum voru færðir í innkaupadeild matvöru. Jafnframt var ákveðið að taka innkaup á ritföngum og bókum af innkaupasviði Brynju og fela þau ritfanga- og bókaverslun. Skipulagsbreytingar þessar leiddu síðan til sameiningar innkaupasviðs Brynju og Sverris og ákveðið, að Sverrir skyldi sjá um þau innkaup. Eftir

það var Brynju svo sagt upp störfum hjá fyrirtækinu, en henni hafði áður verið boðið starf af hálfu stefnda hjá systurfélagi þess, Baugi hf., en því hafnaði hún.

Í september 1993 óskaði Brynja eftir því við kærunefnd jafnréttismála, að kannað yrði, hvort uppsögn sín úr umræddu starfi hjá stefnda bryti gegn ákvæðum laga nr. 28/1991 um jafna stöðu kvenna og karla, þar sem henni hafði verið sagt upp störfum, en ekki Sverri Tynes, innkaupamanni í búsáhaldadeild. Kærunefnd jafnréttismála tók kvörtunarefnið til efnisúrlausnar og taldi í niðurstöðu sinni 5. október 1994, að uppsögn Brynju hefði brotið gegn 4. tl. 6. gr., sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 28/1991. Uppsögn þessi er ágreiningsefni málsins, en mál þetta er höfðað til viðurkenningar á rétti Brynju og til greiðslu bóta.

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi málsins vísar til þess, að eitt af meginmarkmiðum laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sé að tryggja konum jafnstöðu á við karla á vinnumarkaði. Margvíslegar skyldur séu lagðar á atvinnurekendur, til að þeim tilgangi verði náð. Megi í því sambandi nefna 5. gr. laganna, sem kveði á um, að atvinnurekendur og stéttarfélög skuli vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Tekið sé sérstaklega fram, að atvinnurekendur skuli vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis eða stofnunar og stuðla að því, að störf flokkist ekki í kvenna- og karlastörf. Samkvæmt 6. gr. laganna sé atvinnurekendum óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði, og gildi það m. a. um uppsögn úr starfi, sbr. 4. tl. 1. mgr. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar skal atvinnurekandi, ef máli er vísað til kærunefndar, sýna nefndinni fram á, að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans.

Kærunefnd jafnréttismála hafi komist að því, að óumdeilt væri, að einungis tveir innkaupamenn hafi komið til álita, þegar ákveðið var að fækka í innkaupadeild sérvöru, Brynja Birgisdóttir og Sverrir Tynes. Menntun þeirra hafi verið sambærileg, bæði hafi lokið stúdentsprófi. Starfsreynsla hennar hjá fyrirtækinu hafi hins vegar verið mun lengri eða samfellt frá árinu 1979, en hans frá 1987. Þrátt fyrir ítrekuð tilmæli nefndarinnar hafi forsvarsmenn stefnda ekki lagt fram nein óyggjandi gögn til stuðnings þeirri fullyrðingu sinni, að árin 1990 til 1992, er þau Sverrir og Brynja voru bæði starfandi sem innkaupamenn, hafi hans svið komið betur út úr mati en hennar. Horfa beri til þess, að einungis fyrirtæki geti lagt fram gögn um samanburð milli innkaupasviða, það sé ekki í valdi kæranda. Þess vegna

hljóti Hagkaup hf. að bera hallann af því, að sönnun þess, að Sverrir Tynes hafi verið hæfari en Brynja, hafi ekki tekist, og sé þá vitnað til 2. mgr. 6. gr. jafnréttislaga.

Dómkrafa stefnanda lúti að því, að dæmt verði, að umrædd uppsögn Brynju verði metin ólögmæt og brot á lögum nr. 28/1991 í fullu samræmi við niðurstöðu kærunefndar jafnréttismála. Málsrök og niðurstaða kærunefndar í málinu séu studd fjölda gagna, og ekki sé því vafi, að umrædd lög hafi verið brotin með uppsögn Brynju. Samkvæmt 21. gr. laganna hafi kærunefnd jafnréttismála heimild til að höfða mál til viðurkenningar á rétti Brynju í samráði við hana, fallist aðili ekki á tilmæli nefndarinnar. Svo hafi ekki verið gert í þessu tilfelli.

Samkvæmt 22. gr. laga nr. 28/1991 sé sá, sem af ásettu ráði eða vanrækslu brjóti gegn jafnréttislögum, skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum. Fjártjón Brynju í þessu máli sé augljóst. Hún hafi alið barn í júnímánuði 1994. Hún hafi verið atvinnulaus frá ágústlokum 1993 til júní 1994. Tjón hennar vegna hinnar löglausu uppsagnar sé því laun í níu mánuði. Eftir júnímánuð 1994, er Brynja hafði alið barn, var hún óvinnufær af þeim sökum, og takmarkist tjón hennar við það, að hún hafi fengið fæðingarorlof við barnsburð. Er gerð til þess krafa í samræmi við 22. gr. laga nr. 28/1991, að stefnda verði gert að greiða Brynju skaðabætur, er nemi þessu tjóni hennar, enda liggi til grundvallar, hvaða laun Brynja hafði, þegar henni var sagt upp störfum á sínum tíma.

Samkvæmt fram lögðum launaseðlum hafi laun stefnanda með bifreiðarstyrk verið 204.090 kr., þegar hún hætti störfum að loknum uppsagnarfresti í ágústlok 1993. Þau mánaðarlaun séu lögð til grundvallar þá næstu níu mánuði, sem Brynja hafi verið launalaus, eða þar til í júníbyrjun 1994, samtals 1.836.810 kr. Til viðbótar sé bótakrafa vegna orlofs, 186.803 kr. Til frádráttar koma atvinnuleysisbætur tímabilið 1. september 1993 til 1. júní 1994, 410.998 kr. Bótakrafa vegna tapaðra launa og orlofs sé því samtals 1.612.615 kr.

Í 22. gr. laga nr. 28/1991 segi enn fremur, að dæma megi hlutaðeigandi til að greiða þeim, sem misgjört sé við, auk bóta fyrir fjártjón fégjald fyrir hneisu, óþægindi og röskun á stöðu og högum. Með því að víkja Brynju úr starfi með þessum hætti og láta hana þar með víkja fyrir karlmanni, sem hafi skemmri starfsaldur, en sambærilega menntun, hafi Brynja orðið fyrir töluverðri hneisu og verulegri röskun á stöðu og högum. Hafa ber í huga, að Brynja hafði, þegar hér var komið, starfað hjá stefnda allt frá árinu 1972, yfir 20 ár samtals, og þar af mestan tímann í fullu starfi. Með uppsögninni sé lítið gert úr störfum hennar hjá stefnda. Réttur hafi verið brotinn á henni

og henni misboðið. Snögg umskipti hafi orðið á högum hennar til hins verra. Möguleikar á atvinnu séu litlir. Eiginmaður Brynju hafi verið við nám, þegar þetta gerðist, og hafi ætlað að halda því áfram, en orðið að hætta við vegna þessa. Brynju hafi verið gerð sú hneisa, að karlmaður, sem ekkert sérstakt hafði til brunns að bera umfram hana og hafði þar að auki skemmri starfsaldur hjá stefnda, hafi verið ráðinn í starf, sem hún hafði að miklum hluta gegnt áður. Þá sé sett fram krafa um 500.000 kr. í miskabætur á grundvelli 22. gr. laga nr. 28/1991. Samtals sé því bótakrafa stefnanda 2.112.615 kr.

III.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Málsástæður fyrir aðalkröfu stefnda eru þær, að honum hafi verið heimilt að segja Brynju Birgisdóttur upp störfum 30. apríl 1993 með samningsbundnum þriggja mánaða fyrirvara án þess að tilgreina nokkra ástæðu. Vinnusamningar séu að íslenskum rétti ein tegund gagnkvæmra kröfuréttarsamninga. Aðilum vinnusamningsins sé að meginstefnu til heimilt að semja sín á milli um ákvæði hans. Leiði þetta af grundvallarreglunni um samningsfrelsi. Í þessu felist, þegar fjallað sé um uppsögn úr starfi, að einkum verði að líta til vinnusamnings málsaðila, þegar túlka eigi, hvort brotið hafi verið á öðrum samningsaðilanum. Í vinnusamningi Brynju og stefnda hafi gilt við uppsögn hans 30. apríl 1993 ákvæði kjarasamnings Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Óumdeilt sé, að þeim samningi hafi hvor aðili mátt segja upp með þriggja mánaða fyrirvara. Þennan rétt hafi stefndi nýtt sér og sagt Brynju upp störfum. Í málinu telur stefnandi, að jafnréttislög nr. 28/1991 hafi reist þær skorður, að Brynju yrði ekki sagt upp undir þeim kringumstæðum, sem um sé fjallað í máli þessu. Jafnréttislögin nr. 28/1991 verði hins vegar að túlka þröngt, þar sem þau séu í andstöðu við meginreglu samningsfrelsis. Þá beri og að hafa lög nr. 55/1980 um starfskjör launafólks o. fl. í huga, en 1. gr. þeirra setji samningsfrelsinu skorður og segi, að laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semji um, skuli vera lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein og að samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveði, skuli vera ógildir. Í máli þessu styðst stefndi beinlínis við ákvæði, er aðildarsamtök vinnumarkaðarins hafi samið um sem grundvallarreglu um gagnkvæma uppsögn. Ríkar kröfur verði því að gera til þess, að það verði upplýst, að Brynju hafi verið sagt upp vegna þess, að hún sé kona, til þess að kröfur hennar verði teknar til greina, og að stefndi verði talinn hafa brotið gegn ákvæðum laga nr. 28/1991.

Í máli þessu sé raunverulega um það að ræða, að innkaupasvið Brynju hafi verið lagt niður. Vegna hagræðingar í rekstri, m. a. með tölvuvæðingu innkaupa, hafi þótt hentugt að færa þau innkaup, sem áður voru í verkahring Brynju, yfir á innkaupasvið búsáhalda. Hún geti ekki átt þá kröfu á hendur stefnda að halda áfram starfi eða launum, eftir að starfsvettvangur hennar hverfi með þessum hætti.

Í málinu heldur stefndi því jafnframt fram, án þess að hann telji sig hafa sönnunarbyrði fyrir því, að stefnanda hafi ekki verið sagt upp störfum vegna kynferðis, að frammistaða hennar hafi ekki verið sem skyldi í starfi, að framlegð hennar sem innkaupamanns hafi ekki verið viðunandi, innkeyptur lager hafi yfirleitt verið of stór, þekking hennar á þeim vöruflokkum, sem henni voru falin innkaup á, hafi ekki verið sem skyldi, og því hafi uppsögn hennar verið rökbundin afleiðing hagræðingar í rekstri og algerlega óháð kynferði hennar.

Í niðurstöðu kærunefndar komist kærunefnd að þeirri niðurstöðu, að framlegð miðað við sölu sé ekki góður mælikvarði á hæfni. Þessari niðurstöðu mótmælir stefndi sem alrangri, enda viðtekin venja í verslunarrekstri að meta frammistöðu einmitt eftir framlegð. Þá segi kærunefnd, að við mat á því, hvenær uppsögn teljist brot á ákvæðum jafnréttislaga, beri að hafa til hliðsjónar sömu sjónarmið og getur í 8. gr. s. l. um setningu eða skipun í starf. Þessari lagatúlkun mótmælir stefndi ex tuto, enda hljóti allt önnur sjónarmið að gilda um uppsögn, eftir að reynsla sé komin á getu starfsmanns til þess að sinna tilteknu starfi.

Einnig bendir stefndi á, að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 28/1991 sé ákvæði, sem segi, að atvinnurekandi skuli sýna kærunefnd fram á, að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans. Með öðrum orðum kveði lagagreinin á um öfuga sönnunarbyrði fyrir kærunefnd. Slík sönnunarbyrði gildi hins vegar ekki í dómsmálum, sbr. sérstaklega ummæli þar að lútandi í greinargerð með lagafrumvarpinu. Í máli þessu beri stefnandi því sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni, að kynferði Brynju hafi ráðið úrslitum um, að henni hafi verið sagt upp störfum, en ekki Sverri Tynes. Telur stefndi, að sönnunarbyrði í máli þessu hvíli ótvírætt á stefnanda, sbr. 1. mgr. 44. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 i. f. Það sé almennt viðurkennd grundvallarregla, að sækjandi máls beri sönnunarbyrðina að meginstefnu til fyrir staðhæfingum sínum.

Komi til þess, að dómurinn viðurkenni, að réttindi hafi verið brotin á Brynju með uppsögn hennar úr starfi hjá stefnda 30. apríl 1993, er gerð sú krafa, að fjárkröfur hennar verði stórlega lækkaðar.

Í fyrsta lagi hljóti að þurfa að ákveða fjártjón hennar með einhverjum

sannindum. Málsástæður stefnanda séu algerlega haldlausar í þessu efni. Virðist hún halda því fram, að stefnda beri að greiða henni laun áfram, eftir að uppsagnartíma hennar lauk, en eingöngu vegna barnsburðar hennar hafi þeirri greiðsluskyldu lokið í júní 1994. Krafan lúti því raunverulega að því að fá tildæmd laun í fjórtán mánuði, en hún hafi þegar fengið greidd laun fyrir óunninn uppsagnarfrest að viðbættum einum mánuði. Engin rök séu færð fram af hálfu stefnanda, hvers vegna Brynja eigi að njóta launa frá stefnda í þetta langan tíma.

Þá gerir stefndi kröfu til þess, að til frádráttar ákvörðuðum bótum verði dregin laun stefnanda í þrjá mánuði og tíu daga, þ. e. frá 21. maí 1993 til 31. ágúst 1993, sem stefndi hafi greitt umfram skyldu á uppsagnarfresti Brynju, þrátt fyrir það að hún hafi ekki sinnt starfsskyldum sínum á þeim tíma. Verði þannig talið, að tjón Brynju samsvari sex mánaða launum, beri að draga þrjá mánuði og tíu daga frá.

Brynja hafi ekkert gert til þess að reyna að takmarka tjón sitt, svo sem henni hafi borið að gera. Þannig hafi hún hafnað sambærilegu starfi hjá Baugi hf. við uppsögnina. Af þessari ástæðu beri að hafna algerlega bótakröfu hennar. Miskabótakröfu stefnanda, 500.000 kr., er mótmælt sem allt of hárri og í engu samræmi við venju í íslenskum rétti.

Stefndi vísar til almennra reglna kröfu- og samningsréttar máli sínu til stuðnings. Enn fremur vísar stefndi til kjarasamnings Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks o. fl., laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

IV.

Niðurstaða.

Svo sem fram er komið, miðar stefnandi málsins við það, að með uppsögn Brynju Birgisdóttur úr starfi hjá stefnda hafi verið brotið gegn 6. gr. laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þar segir, að atvinnurekendum sé óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði, og samkvæmt 4. tl. ákvæðisins gildi það um uppsögn úr starfi.

Svo sem rakið hefur verið, voru gerðar skipulagsbreytingar hjá stefnda árið 1993, sem leiddu til þess, að innkaupasvið Brynju Birgisdóttur og annars starfsmanns stefnda, Sverris Tynes, voru sameinuð. Í framhaldi var henni sagt upp starfi, en ekki virðist vera ágreiningur um það, að einungis þau tvö hafi komið til álita um fækkun starfsfólks í innkaupadeild sérvöru. Stefnandi heldur því fram, að Brynja hafi verið mun hæfari til starfsins en sá, sem tók við starfssviði hennar, og jafnframt verið með mun meiri

reynslu. Hafi henni því réttilega borið að halda sínu starfi, þar sem valið stóð milli hennar og annars starfsmanns, sem var ekki jafnhæfur miðað við reynslu og starfsaldur. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 28/1991 beri stefnda að sýna fram á, að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans.

Af hálfu stefnda hefur því verið andmælt, að kynferði hafi ráðið nokkru um uppsögn Brynju. Hjá fyrirtækinu hafi verið gerðar skipulagsbreytingar í sparnaðar- og hagræðingarskyni, sem studdar hafi verið rekstrarlegu mati stefnda. Ákveðið hafi verið að gera hagræðingarbreytingar á ýmsum sviðum innan fyrirtækisins, m. a. í innkaupadeild, þar sem Brynja starfaði. Hagræðingin hafi m. a. falist í því að flytja ákveðna vöruflokka frá innkaupadeild sérvöru yfir í innkaupadeild matvöru. Með þeirri breytingu hafi verið unnt að sameina í eitt innkaupasvið búsáhöld, reiðhjól og viðlegubúnað auk svokallaðra tilboðsvara, sem falli vel að hinum sölusviðunum. Einnig hafi nýtt tölvukerfi í fyrirtækinu gert það að verkum, að innkaup á tímaritum, ritföngum og bókum hafi orðið mun einfaldari en áður hafði verið, enda allt birgðahald tölvuvætt. Með þessu hafi verið hægt að láta einn starfsmann sinna þessum viðskiptum í stað tveggja áður. Niðurstaða stefnda varð sú, að starfsmaðurinn Sverrir Tynes skyldi gegna því starfi. Við það er miðað, að frammistaða Brynju hafi ekki verið sem skyldi í starfi, framlegð hennar sem innkaupamanns ekki verið viðunandi, innkaup verið umfram áætlun hennar, og þess vegna hafi hún verið með of stóran lager og lágan veltuhraða.

Almennt séð er atvinnurekandi frjáls að því að ráða til sín starfsmenn og segja þeim upp. Hann er þó bundinn við þær reglur, sem um þetta gilda og kveðið er á um í lögum, kjarasamningum eða ráðningarsamningi. Í máli þessu er til úrlausnar, hvort ákvæði laga nr. 28/1991 leiði til þess, að óheimilt hafi verið að segja Brynju Birgisdóttur upp starfi, eins og atvikum var háttað. Yfirlýstur tilgangur laganna samkvæmt 1. gr. þeirra er að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum, og í 3. gr. laganna segir, að hvers kyns mismunun eftir kynferði sé óheimil. Við úrlausn á því, hvort réttur hafi verið brotinn á Brynju samkvæmt 6. gr. laganna, er henni var sagt upp starfi hjá stefnda, er til þess að líta, að samkvæmt gögnum máls átti sú uppsögn sér rekstrarlegar forsendur. Þegar sú ákvörðun var tekin, gat stefndi og tekið mið af þeirri reynslu, sem fengin var af henni í starfi. Að þessu leyti verður ekki lagt að jöfnu mat á starfshæfni starfsmanns við ráðningu og við uppsögn. Hlutlægt mat vinnuveitanda og samanburður á starfshæfni einstakra starfsmanna án tillits til kynferðis hlýtur að vera grundvallaratriði, er til álita kemur að fækka starfsfólki. Fyrir liggur,

að Brynja hafði til að bera lengri starfsaldur en Sverrir, en menntun þeirra var sambærileg. Hins vegar liggur fyrir í málinu það mat stefnda, sem stutt er þeim sjónarmiðum, sem fyrr eru rakin, að starfsmaðurinn Sverrir hafi verið hæfari til að gegna starfinu. Ekki verður annað séð en það mat stefnda hafi verið málefnalegt og nægilega rökstutt. Hefur því mati hans ekki verið hnekkt, enda er ekki fallist á þá málsástæðu stefnanda, að regla 2. mgr. 6. gr. laga nr. 28/1991 um sönnun eigi hér við.

Samkvæmt framansögðu er ekki fallist á, að stefndi hafi brotið gegn 4. tl. 6. gr. laga nr. 28/1991, er Brynju Birgisdóttur var sagt upp starfi 30. apríl 1993. Þá liggur ekki annað fyrir en hún hafi að fullu fengið greidd þau laun í uppsagnarfresti, sem hún átti kröfu til. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hagkaup hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, kærunefndar jafnréttismála, vegna Brynju Birgisdóttur í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 17. apríl 1997.

Nr. 305/1996. **Kristján Ágústsson**
(Stefán Pálsson hrl.)
gegn
Búnaðarbanka Íslands
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Niðurfelling máls. Áfrýjun. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. ágúst 1996. Endanlegar kröfur hans eru þær, að málið verði fellt niður og hvor aðili látinn bera sinn kostnað af því fyrir Hæstarétti.

Endanlegar kröfur stefnda eru, að málið verði fellt niður og áfrýjanda gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með vísan til kröfugerðar aðilanna er málið fellt niður.

Stefndi höfðaði málið gegn áfrýjanda með héraðsdómsstefnu 13. febrúar 1995. Útivist varð af hálfu áfrýjanda við þingfestingu málsins 28. sama mánaðar og var því lokið 16. mars 1995 með áritun stefnu um aðfararhæfi krafna stefnda. Samkvæmt beiðni áfrýjanda var málið endurupptekið í héraði 13. júní 1995 eftir ákvæðum XXIII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Með hinum áfrýjaða dómi, sem kveðinn var upp 14. júní 1996, voru kröfur stefnda að nýju teknar til greina, og skaut áfrýjandi síðan málinu til Hæstaréttar, svo sem að framan greinir. Af hálfu áfrýjanda var þá ekki gætt að sérstöku skilyrði áfrýjunar í 3. mgr. 142. gr. laga nr. 91/1991. Með vísan til 2. mgr. 130. gr. sömu laga verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, en við ákvörðun um fjárhæð hans, sem greinir í dómsorði, er tekið tillit til þess, að stefndi bar ekki fyrir sig í skriflegum málatilbúnaði fyrir Hæstarétti, að sá annmarki væri á áfrýjuninni, sem áður er lýst.

D ó m s o r ð:

Mál þetta er fellt niður.

Áfrýjandi, Kristján Ágústsson, greiði stefnda, Búnaðarbanka Íslands, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Föstudaginn 18. apríl 1997.

Nr. 172/1997. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Steingrími Guðjónssyni
(Baldur Guðlaugsson hrl.)

Kærumál. Hald. Frávísun máls frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 14. apríl 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 16. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. apríl 1997, þar sem fallist var á kröfu varnaraðila um, að aflétt yrði haldi á bifreiðinni OU 677, af gerðinni Mercedes Benz. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að „ákvörðun tollyfirvalda og RLR um hald" á fyrrnefndri bifreið verði staðfest.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Af gögnum málsins verður ekki séð, að sóknaraðili hafi gripið til formlegra aðgerða til að leggja hald á umrædda bifreið, þótt opinber rannsókn beinist að varnaraðila vegna ætlaðra afbrota í tengslum við innflutning hennar, heldur virðist sem tollyfirvöld hafi synjað varnaraðila um tollafgreiðslu bifreiðarinnar og komið þannig í veg fyrir, að hann fengi hana afhenta. Er því ekki fullnægt skilyrðum 78. gr. og 79. gr., sbr. 75. gr. laga nr. 19/1991, til að varnaraðili geti leitað úrlausnar um framangreindan ágreining með þeim hætti, sem gert er í málinu. Verður málinu því vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi.

Mánudaginn 21. apríl 1997.

Nr. 176/1997. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Annþóri Kristjáni Karlssyni
(Pétur Örn Sverrisson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 17. apríl 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 18. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 14. apríl 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 29. maí 1997. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 14. apríl 1997.

Ár 1997, mánudaginn 14. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Jóni Finnbjörnssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 krafist þess, að Annþóri Kristjáni Karlssyni, kt. 010276-4039, Laufrima 8, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 29. maí 1997 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

– – –

Niðurstaða.

Kærði er undir rökstuddum grun um fjölmörg brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga á þessu og síðasta ári, eftir að hann hlaut skilorðsbundinn dóm í nóvember. Brotin eru framin á tiltölulega skömmum tíma, og er augljóslega fullnægt skilyrðum c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 og brýnt tilefni til, að kærða verði gert að sæta gæsluvarðhaldi. Verður varðhaldinu markaður tími í samræmi við kröfugerð lögreglu til fimmtudagsins 29. maí nk.

Úrskurðarorð:

Kærði, Annþór Kristján Karlsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 29. maí 1997 kl. 16.00.

Þriðjudaginn 22. apríl 1997.

Nr. 171/1997. **Hörður Gunnar Ingólfsson**
(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)
gegn
Hagstofu Íslands
(Jón G. Tómasson hrl.) **og**
Fljótshlíðarhreppi
(Skúli Pálsson hrl.)

Kærumál. Lögheimili. Lögvarðir hagsmunir. Kröfugerð. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 1. apríl 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 15. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. mars 1997, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðilum er vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og héraðsdómara gert að taka málið til efnismeðferðar. Hann krefst jafnframt kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í kæru sóknaraðila er atvikum lýst svo, að hann hafi gagnstætt fullyrðingu varnaraðilans Fljótshlíðarhrepps verið búsettur að Núpi I árið 1996 fram til þess, er hann var borinn af jörðinni með aðfarargerð 26. september sama ár. Eftir það hafi hann fyrst verið á verðgangi, en síðan á meðferðarstofnunum. Hefur hann lagt fram vottorð frá tveimur slíkum stofnunum, sem staðfesta, að hann hafi dvalist þar nær samfellt frá 10. desember 1996. Telur hann slíka vist ekki leiða til breytinga á lögheimili, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1990 um lögheimili. Frá september til desember 1996 telur hann sig ekki hafa átt heima í Reykjavík frekar en fyrir 26. september 1996. Hefur hann lagt fram yfirlýsingu, dagsetta 1. apríl 1997, þar sem útgefandi hennar staðfestir, að hann hafi í september síðastliðnum tekið við

búslóð sóknaraðila frá sýslumanninum á Hvolsvelli og haft hana í geymslu síðan. Þá getur sóknaraðili þess, að hann hafi í byrjun september 1996 leitað eftir tiltekinni félagslegri aðstoð Fljótshlíðarhrepps, en þess háttar aðstoð hafi hreppurinn veitt sér áður. Lýsir sóknaraðili þeirri afstöðu sinni í kærunni, að skráning lögheimilis síns eftir 26. september 1996 hafi með réttu átt að vera með þeim hætti, að hann væri óstaðsettur í hús í Fljótshlíðarhreppi.

Að því virtu, sem að framan greinir, verður ekki fallist á með varnaraðilum, að sóknaraðili geti ekki átt lögvarða hagsmuni af niðurstöðu málsins og að slíkt eigi að leiða til, að málinu verði vísað frá dómi.

Ágreiningur málsaðila lýtur í raun að því, hvar lögheimili sóknaraðila beri að skrá nú. Þótt orðalag kröfugerðar hans sé ekki svo nákvæmt sem skyldi, er engu að síður ljóst, að deila þeirra snýst um réttmæti tilkynningar oddvita Fljótshlíðarhrepps til Þjóðskrár 7. júní 1996, en úrlausn um það getur ráðið niðurstöðu um, hvar lögheimili sóknaraðila teljist vera nú. Má því telja kröfugerð hans nægilega skýra, svo að dómur verði felldur á sakarefnið.

Samkvæmt framangreindu verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Rétt þykir, að málskostnaður í héraði í þessum þætti málsins falli niður svo og kærumálskostnaður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi. Lagt er fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. mars 1997.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 5. mars sl., er höfðað með stefnu, þingfestri 19. desember 1996, af Herði Gunnari Ingólfssyni, Núpi I, Fljótshlíð, Hvolsvelli, gegn ráðherra Hagstofu Íslands vegna Þjóðskrár, Skuggasundi 3, Reykjavík, og Fljótshlíðarhreppi, Hvolsvelli.

Dómkröfur í málinu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að hann fái viðurkenningu á því, að lögheimili hans átti 7. júní 1996 að vera að Núpi I, Fljótshlíð, Hvolsvelli, og með því er gerð krafa um, að tilkynning Kristins Jónssonar, oddvita Fljóts-

hlíðarhrepps, dags. 7. júní 1996, til Þjóðskrár um breytt aðsetur stefnanda verði dæmd dauð og ómerk. Jafnframt er gerð krafa um málskostnað úr hendi stefndu að mati dómsins auk virðisaukaskatts.

Stefndi, ráðherra Hagstofu Íslands vegna Þjóðskrár, gerir eftirfarandi kröfur: aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, til vara, að þessi stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Stefndi Fljótshlíðarhreppur krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi. Til vara er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar samkvæmt mati dómsins að teknu tilliti til virðisaukaskatts, þar sem stefndi er ekki virðisaukaskattsskyldur, í samræmi við hagsmuni málsins, vinnu málflytjanda og annan kostnað af málinu, en málskostnaðarreikningur verði lagður fram við aðalmeðferð málsins, fari hún fram.

– – –

Niðurstaða.

Hinn 7. júní 1996 ritaði Kristinn Jónsson, oddviti Fljótshlíðarhrepps, undir tilkynningu til Hagstofu Íslands, þar sem stefnandi er sagður hafa farið frá Núpi I þar í sveit 1. janúar 1996. Er tekið fram í tilkynningunni, að stefnandi hafi frá þeim tíma ekki búið þar, þótt eitthvað af búslóð hans væri þar ennþá, en landeigandi Núps I hafi staðið í útburðarmáli gegn stefnanda.

Fram hefur verið lögð í málinu dómsátt, dagsett 12. ágúst 1996, þar sem stefnandi lofar að rýma jörðina Núp I eigi síðar en 12. september 1996. Með aðfaragerð 26. september 1996 var stefnandi borinn út af jörðinni Núpi I, Fljótshlíðarhreppi, og hefur hann ekki sýnt fram á, að hann eigi þar rétt til búsetu, en ómótmælt er, að stefnandi er nú búsettur í Reykjavík.

Ef vafi leikur á um lögheimili manns, er Þjóðskrá, hlutaðeigandi manni eða sveitarfélagi, sem málið varðar, rétt samkvæmt 11. gr. laga nr. 21/1990 um lögheimili að höfða mál til viðurkenningar á, hvar lögheimili hans skuli talið. Um málið fer eftir almennum reglum um meðferð einkamála í héraði.

Í 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 91/1991 er að finna heimild til þess að höfða mál og krefjast þar aðeins dóms um viðurkenningu á tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands, en áskilið er, að stefnandi þurfi þá að hafa lögvarða hagsmuni af því að fá leyst úr um slíkt.

Stefnandi hefur ekki í máli þessu fært að því nein rök eða getað sýnt fram á, að hann hafi lögvarða hagsmuni af því, að dæmt verði um kröfur hans í málinu eða að úrlausn í máli þessu hafi raunhæft gildi fyrir réttar-

stöðu hans. Ber því með vísan til 1. mgr. 24. gr., sbr. 25. gr. laga nr. 91/1991, að taka til greina kröfur stefndu um, að máli þessu verði vísað frá dómi.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnanda að greiða stefndu málskostnað, sem ákveðst 40.000 kr. til hvors stefnda um sig. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Hörður Gunnar Ingólfsson, greiði stefnda Fljótshlíðarhreppi 40.000 kr. í málskostnað og stefnda ráðherra Hagstofu Íslands 40.000 kr. í málskostnað.

Þriðjudaginn 22. apríl 1997.

Nr. 173/1997. **X**

(Páll A. Pálsson hrl.)

gegn

Y

Kærumál. Svipting lögræðis. Ómerking úrskurðar héraðsdóms.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 14. apríl 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 16. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. apríl 1997, þar sem hafnað var beiðni sóknaraðila um, að dóttir hans, varnaraðili í máli þessu, verði svipt sjálfræði. Kæruheimild er í 10. gr. lögræðislaga nr. 68/1984, sbr. 161. gr. laga nr. 91/1991. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til meðferðar að nýju. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Héraðsdómari þingaði í máli þessu 7. apríl sl. á Kleppsspítala og tók skýrslu af varnaraðila, sem þar var vistuð gegn vilja sínum samkvæmt 3. mgr. 13. gr. lögræðislaga, að sóknaraðila fjarstöddum og án þess að boða hann til þinghalds. Tók héraðsdómari í sama þinghaldi skýrslu af einum lækni og tók síðan málið til úrskurðar um fram komnar kröfur, eftir að skipaður verjandi varnaraðila hafði einn tjáð sig um þær.

Með því að taka málið til úrskurðar án þess að gefa sóknaraðila kost á að tjá sig um kröfur og gagnaöflun virti héraðsdómari að vettugi meginreglu réttarfars um jafnræði málsaðila fyrir dómi. Þegar af þessari ástæðu verður að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdóm að taka málið til meðferðar að nýju.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

1303

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi, og er málinu vísað heim í hérað til meðferðar að nýju.

Föstudaginn 25. apríl 1997.

Nr. 175/1997. **Skógrækt ríkisins**
(Árni Halldórsson hrl.)
gegn
Birni Jóhannssyni

Kærumál. Aðild. Kæruheimild. Frávísun máls frá Hæstarétti að hluta. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kærum 12. og 21. mars 1997, sem bárust réttinum ásamt kærumálsgögnum 17. apríl sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 28. febrúar 1997, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila var vísað sjálfkrafa frá dómi, svo og ákvörðun dómsins 14. mars sama árs um að fella fyrrgreindan úrskurð úr gildi. Um kæruheimild vísar sóknaraðili í báðum tilvikum til XXIV. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdómara ásamt eftirfarandi málsmeðferð hans verði felldur úr gildi og lagt fyrir hann að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Sóknaraðili höfðaði málið á hendur varnaraðila til heimtu skaðabóta með stefnu 4. desember 1996, en það var þingfest á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands 8. janúar 1997. Í greinargerð, sem var lögð fram í þinghaldi 12. febrúar sama árs, krafðist varnaraðili aðallega sýknu, en til vara lækkunar á kröfum sóknaraðila svo og málskostnaðar. Héraðsdómari kvað upp hinn kærða úrskurð 28. febrúar 1997 um frávísun málsins án kröfu, og var það gert, án þess að aðilum gæfist kostur á að tjá sig um þá annmarka, sem hann taldi á málatilbúnaði sóknaraðila. Að fram kominni kæru sóknaraðila frá 12. mars 1997 tók héraðsdómari málið fyrir að nýju á dómþingi 14. sama mánaðar og færði þar meðal annars eftirfarandi til bókar: „Þar sem

dómari fellst á þau viðhorf, er fram koma í kæru, ákveður hann með vísan til 1. mgr. 147. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.“ Þessari ákvörðun skaut sóknaraðili til Hæstaréttar með fyrrnefndri kæru 21. mars 1997.

Í 143. gr. laga nr. 91/1991 er ekki að finna heimild handa sóknaraðila til að kæra þá ákvörðun héraðsdómara, sem hér á undan er getið. Verður því að vísa kæru sóknaraðila 21. mars 1997 sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Heimildin í 1. mgr. 147. gr. laga nr. 91/1991, sem héraðsdómari vísaði samkvæmt framansögðu til, þegar hann ákvað að fella úr gildi úrskurð sinn um frávísun málsins, er háð þeim takmörkunum, sem greinir í 5. mgr. 112. gr. laganna. Samkvæmt þessu gat héraðsdómari ekki fellt úrskurðinn úr gildi. Verður því að fara með málið svo sem sú ákvörðun hafi aldrei verið tekin og leysa úr kröfum sóknaraðila í kæru 12. mars 1997.

Samkvæmt gögnum málsins var bú varnaraðila tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 10. maí 1995. Krafan, sem sóknaraðili leitar dóms um í málinu, er um skaðabætur utan samninga, en hana reisir sóknaraðili á atvikum, sem hann telur varnaraðila bera ábyrgð á og gerðust 15. maí 1995. Af þessum sökum verður kröfu sóknaraðila ekki beint að þrotabúi varnaraðila samkvæmt 2. mgr. 72. gr. eða 2. mgr. 73. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Önnur ákvæði þeirra laga eru því ekki í vegi, að mál þetta verði höfðað á hendur varnaraðila þótt gjaldþrotaskipti standi yfir á búi hans. Verður hinn kærði úrskurður þegar af þessum ástæðum felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Eftir atvikum er rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af þessum þætti málsins í héraði og fyrir Hæstarétti.

Það athugast, að með framangreindu virti héraðsdómari að vettugi skyldu samkvæmt 2. málslið 1. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991 til að gefa aðilum kost á að tjá sig, áður en úrskurður yrði kveðinn upp um frávísun málsins án kröfu.

Dómsorð:

Kæru sóknaraðila, Skógræktar ríkisins, frá 21. mars 1997 er vísað frá Hæstarétti.

Hinn kærði úrskurður frá 28. febrúar 1997 er felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 28. febrúar 1997.

Mál þetta, sem höfðað er með stefnu, birtri 13. desember 1996, var tekið til úrskurðar um frávísun án kröfu í þinghaldi 28. febrúar 1997.

Stefnandi er Skógrækt ríkisins, kt. 590269-3449, Miðvangi 2–4, Egilsstöðum. Stefndi er Björn Jóhannsson, kt. 120628-2169, Ásenda 3, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 5.048.500 kr., auk hæstu leyfilegra dráttarvaxta af þeirri fjárhæð frá 5. ágúst 1995 til greiðsludags, sbr. vaxtalög nr. 25/1987, sérstaklega 12. og 15. gr.

2. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda útlagða þóknun matsmanna og aksturskostnað þeirra, samtals 270.269 kr., ásamt hæstu leyfilegu dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð frá 23. 8. 1995 til greiðsludags skv. vaxtalögum nr. 25/1987.

3. Stefnandi krefst málskostnaðar úr hendi stefnda ásamt virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda eru aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að fjárkrafa stefnanda verði lækkuð verulega að mati dómsins. Þá krefst stefndi bæði í aðal- og varakröfu málskostnaðar skv. mati dómsins.

Með úrskurði Héraðsdóms Suðurlands, upp kveðnum 10. maí 1995, var bú stefnda tekið til gjaldþrotaskipta og Sveinn Andri Sveinsson hdl. skipaður skiptastjóri. Skiptum er ólokið.

Samkvæmt 72. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti fer þrotabú stefnda í aðalatriðum með réttindi og skyldur hans og nýtur rétthæfis til að öðlast réttindi og baka sér skyldur, meðan á skiptum stendur. Brestur stefnda því aðildarhæfi skv. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Verður því eigi hjá því komist að vísa máli þessu frá dómi án kröfu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Þorgerður Erlendsdóttir, settur héraðsdómari, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi án kröfu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 25. apríl 1997.

Nr. 324/1996. **TB-tæknibúnaður ehf.**
(Erla S. Árnadóttir hrl.)
gegn
Almari Grímssyni
(Árni Grétar Finnsson hrl.)

Lausafjárkaup. Verksamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. ágúst 1996 og krefst þess aðallega, að stefndi greiði sér 2.824.957 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 2.766.117 krónum frá 7. mars 1995 til 15. maí sama árs, en af 2.824.957 krónum frá þeim degi til greiðsludags að frádregnum 629.338 krónum, sem greiddar voru 5. nóvember 1996, svo og 16.292 krónur. Til vara krefst hann, að stefndi greiði sér 2.656.623 krónur með nánar tilgreindum dráttarvöxtum frá 7. mars 1995, en með sama frádrætti og viðbótarkröfu sem í aðalkröfu. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerði upphaflega kröfu um staðfestingu héraðsdóms. Hann gerði dóminn upp með greiðslu á 629.338 krónum 5. nóvember 1996, svo sem krafa áfrýjanda ber með sér. Við munnlegan málflutning breytti hann því kröfu sinni um staðfestingu og krefst nú sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Í málinu er ágreiningslaust, að 11. janúar 1995 gerði áfrýjandi stefnda reikning nr. 10302, að fjárhæð 1.594.350 krónur, sem greiddur var við framvísun hans 11. eða 13. sama mánaðar. Reikningurinn er fyrir eftirtaldar vörur:

6 stk. tölvur af gerðinni Tatung á 97.900 krónur, alls	kr.	587.400
Netkerfi af gerðinni Novell	–	170.000
11 stk. netkort á 10.850 krónur, alls	–	119.350
6 minnisrásir á 19.000 krónur, alls	–	114.000
2 geisladrif á 19.900 krónur, alls	–	39.800
Harður diskur	–	199.850
Afritunarstöð	–	175.360
Varaaflgjafi	–	49.900
Skanni	–	90.800
Kapall	–	47.890

Sigurður P. Hauksson, framkvæmdastjóri áfrýjanda, skýrði svo frá fyrir héraðsdómi, að vörur þessar hefðu verið fluttar í starfsstöð stefnda (gamla apótekið) og afhentar þar með reikningnum eða áður en hann var gerður. Framkvæmdastjórinn kveður tveimur af tölvuvélunum sex hafa verið komið fyrir í gamla apótekinu, til þess að starfsmenn stefndu gætu æft sig á þeim, þrjár vélanna hafi verið settar í geymslu í apótekinu, en hin sjötta hafi verið svokallaður netstjóri, sem í málinu er stundum nefndur netþjónn. Síðar hafi netstjórinn ásamt áðurnefndum þremur vélum og meðfylgjandi hugbúnaði verið fluttur í húsakynni Ráðhugbúnaðar hf. í Hafnarfirði, þar sem þær hafi verið til sýnis og kynningar starfsmönnum stefnda, en fyrirtæki þetta annaðist uppsetningu hugbúnaðar á netstjórann.

Framkvæmdastjóri áfrýjanda skýrði enn fremur svo frá, að 26. janúar 1995 hefði verið ætlunin að flytja vörurnar frá Ráðhugbúnaði hf. í hina nýju lyfjabúð stefnda. Hins vegar hefðu smiðir átt ólokið verkum í húsakynnum hennar og Baldur Magnússon því komið að máli við sig nefndan dag og óskað eftir að koma með vélarnar í verslun áfrýjanda „til þess að prufukeyra þetta“. Hafi þeir tveir unnið fram yfir miðnætti í versluninni við að reyna kerfið.

Aðfaranótt 27. janúar 1995 var brotist inn í verslun áfrýjanda og ýmsu stolið, en málsaðilar deila um, hvaða munir það hafi verið. Áfrýjandi ber, að meðal þýfisins hafi verið vörur þær, sem greinir á reikningnum 11. janúar 1995 að undanteknum nokkrum nánar tilgreindum munum.

Ýmis gögn málsins styðja skýrslur áfrýjanda um þetta, og frásagnir vitnanna Baldurs Magnússonar og Guðmundar Rúnars Bjarn-

leifssonar eru um sumt ótrúverðugar. Engu að síður þykir ekki sannað gegn framburði þessara tveggja vitna, að allar þær vörur, sem áfrýjandi krefur stefnda um greiðslu á, vegna þess að þær hafi glatast við innbrotið, hafi áður verið afhentar stefnda eða sérgreindar til að afhenda honum. Hins vegar hafa bæði vitnin viðurkennt, að netstjórinn hafi verið í versluninni vegna vinnu við hann í þágu stefnda kvöldið fyrir innbrotið. Af þeim sökum bar stefndi samkvæmt reglum laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup, sbr. einkum 17. gr. þeirra, áhættuna af því, að netstjóranum var stolið.

Áfrýjandi sendi stefnda reikning nr. 10345, dagsettan 7. mars 1995, að fjárhæð 1.530.090 krónur. Hann er annars vegar vegna varnings, samtals að söluverði 1.134.010 krónur, og hins vegar vinnu við netstjóra í 80 klukkustundir, 396.080 krónur. Vörur þessar komu að sögn áfrýjanda í stað þeirra, sem hann heldur fram, að hafi glatast og verið á áhættu stefnda. Héraðsdómur, sem meðal annars var skipaður kunnáttumönnum í tölvunarfræði, telur verð netstjórans og búnaðar, sem honum fylgdi, nema alls 540.960 krónum, og verður sú niðurstaða dómsins staðfest. Verður stefndi því einungis dæmdur til að greiða 540.960 krónur af vöruliðum þessa reiknings. Um vinnulið hans verður síðar fjallað.

II.

Reikningur nr. 10342, dagsettur 7. mars 1995, að fjárhæð 539.452 krónur, er vegna þriggja 15″ tölvuskjáa, eins nettengikassa, þriggja prentara og tveggja húsa fyrir geisladrif. Ágreiningslaust er, að skjáir þeir, sem stefndi fékk, voru 14″ að stærð. Samkvæmt reikningnum kostar hver 15″ tölvuskjár 47.900 krónur. Í bréfi lögmanns áfrýjanda til stefnda 26. apríl 1995 kemur fram, að staðgreiðsluverð 14″ skjás sé 44.900 krónur, en verð eftir verðlista 49.889 krónur. Stefndi hefur ekki leitt í ljós, að umkrafið verð tölvuskjánna sé ósanngjarnt, og verður krafa áfrýjanda fyrir þá tekin til greina. Í símbréfi stefnda til áfrýjanda 19. apríl 1995 viðurkennir stefndi að hafa fengið annan varning, sem talinn er á þessum reikningi. Aðilar eru sammála um, að áfrýjandi tók tvo af prenturunum til baka, og hefur hann dregið verð þeirra frá kröfu sinni, en það nemur alls 198.960 krónum. Stefndi hefur ekki sannað, að hann hafi skilað áfrýjanda öðrum vörum, sem hér um ræðir. Ósannað er, að einhverjar af vörunum hafi

verið gallaðar, svo sem stefndi heldur fram. Ber samkvæmt því, sem nú var rakið, að dæma hann til að greiða 340.492 krónur af reikningnum.

III.

Reikningur nr. 10343, dagsettur 7. mars 1995, að fjárhæð 300.000 krónur, er fyrir hugbúnaðinn „lyfsalaráð", en hann er gerður af hlutafélaginu Ráðhugbúnaði og settur upp á netstjóra stefnda, eins og áður greinir. Búnaður þessi er, eins og getur á reikningnum, sölu-, birgða- og bókhaldskerfi fyrir lyfjabúðir. Fyrir liggur reikningur frá Ráðhugbúnaði, sem sýnir, að áfrýjandi keypti búnað þennan hjá félaginu. Hugbúnaðar þessa var getið í tilboði því, sem áfrýjandi gerði stefnda 27. nóvember 1994 og var undanfari kaupa þeirra á vöru og þjónustu, sem mál þetta er risið af. Í símbréfi, sem Ráðhugbúnaður hf. sendi áfrýjanda 20. desember 1994, er þess getið, að Ráðhugbúnaður leggi til allan þann hugbúnað, sem tilgreindur sé í tilboði áfrýjanda til stefnda, og að kerfið verði afhent eigi síðar en 10. janúar 1995. Með þessu og öðru, sem fram er komið í málinu, telst nægilega sannað, að samningurinn hafi tekið til hugbúnaðar þessa. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að hann geti leyst sig undan þeirri skuldbindingu að greiða áfrýjanda kaupverð búnaðarins. Hefur samstarfssamningur, sem stefndi gerði við Ráðhugbúnað hf. 20. apríl 1995, og ákvæði í honum um, að Ráðhugbúnaður muni „rifta" samningi við áfrýjanda, engin áhrif á kröfu áfrýjanda á hendur stefnda um réttar efndir kaupsamningsins. Verður krafa áfrýjanda, að fjárhæð 300.000 krónur, því tekin til greina.

IV.

Reikningur nr. 10387 frá 10. maí 1995, samtals að fjárhæð 58.810 krónur, er fyrir stýrispjald, kapla og fleira. Hefur vitnið Baldur Magnússon viðurkennt að hafa tekið við varningi þessum fyrir hönd stefnda. Vitnið heldur því jafnframt fram, að það hafi skilað vörunum aftur til framkvæmdastjóra áfrýjanda, en engar sönnur eru að því leiddar. Verður stefndi því dæmdur til að greiða reikninginn, en í heildarfjárhæð hans er auk seldra muna vinna og akstur, samtals 2.900 krónur.

V.

Áfrýjandi hefur gert stefnda þrjá reikninga fyrir vinnu, sem hann innti af hendi á grundvelli samnings málsaðila. Með skírskotun til röksemda héraðsdóms er fallist á þá niðurstöðu hans, að stefnda beri að greiða áfrýjanda fyrir alla aðra vinnu en þá, sem telja megi sannað, að unnin hafi verið af Baldri Magnússyni, sem í skiptum málsaðila beri að líta á sem starfsmann stefnda.

Umræddir vinnureikningar eru í fyrsta lagi reikningur nr. 10322 frá 26. janúar 1995, að fjárhæð 450.541 króna. Á honum er greint, hvaða starfsmenn hafi innt af hendi vinnu á tímabilinu 18. til 26. janúar 1995 samkvæmt hverjum lið hans að fyrsta lið undanteknum. Fjárhæð hans er 198.040 krónur fyrir 40 klukkustunda vinnu við undirbúning verksins í desember 1994 og janúar 1995, meðal annars afritun gagna stefnda. Er niðurstaða héraðsdóms sú, að andvirði vinnu annarra en Baldurs Magnússonar á tímabilinu 18. til 26. janúar 1995 nemi 133.677 krónum, sem stefnda beri því að greiða. Þegar litið er til framburðar framkvæmdastjóra áfrýjanda og Baldurs um þátt þeirra í hinu umdeilda verki, þykir mega leggja til grundvallar, að þeir hafi hvor um sig lagt fram 20 klukkustunda vinnu samkvæmt umræddum fyrsta lið reikningsins. Ber stefnda því að greiða helming af 198.040 krónum, 99.020 krónur, að viðbættum 133.677 krónum samkvæmt héraðsdómi, það er alls 232.697 krónur.

Annar vinnureikningur áfrýjanda er nr. 10344, dagsettur 7. mars 1995, að fjárhæð 890.164 krónur. Í héraði eru áfrýjanda dæmdar 558.446 krónur af þessum reikningi. Stefndi hefur krafist staðfestingar héraðsdóms, og verður úrlausn hans um þennan reikning staðfest.

Þriðji og síðasti reikningur, sem varðar vinnu áfrýjanda í þágu stefnda, er áðurnefndur reikningur nr. 10345 frá 7. mars 1995, samtals að fjárhæð 1.530.090 krónur. Vinnuliður hans nemur 396.080 krónum fyrir 80 klukkustunda vinnu við netstjóra, 4.951 króna á klukkustund. Ekki er greint, hverjir hafi unnið þetta. Á reikningnum er liðurinn nánar skýrður þannig: „Vinna við uppsetningu á móðurvél, frágangur á netspjöldum á móðurvél og vinnustöðvum ásamt uppsetningu á afritastöð á móðurstöð.“ Það er því rangt, sem segir í forsendum héraðsdóms, að áfrýjandi hafi ekki sundurliðað þennan vinnuþátt með neinum hætti. Í ódagsettri vinnutímaskýrslu

Baldurs Magnússonar telur hann vinnuframlag sitt við verk samkvæmt þessum reikningi nema 23 klukkustundum. Hefur stefndi í málatilbúnaði sínum lagt til grundvallar, að þessi skýrsla Baldurs sé rétt. Eftir áðurgreindri niðurstöðu þess efnis, að stefnda beri að greiða áfrýjanda fyrir alla aðra vinnu en þá, sem telja megi sannað, að unnin hafi verið af Baldri Magnússyni, verður stefnda gert að greiða fyrir 57 klukkustunda vinnu á 4.951 krónu, alls 282.207 krónur af vinnulið reiknings þessa, auk andvirðis varnings, sem greinir í I. kafla.

VI.

Samkvæmt framangreindu verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda 2.313.612 krónur (540.960 + 340.492 + 300.000 + 58.810 + 232.697 + 558.446 + 282.207 krónur) að frádregnum greiðslum, sem stefndi innti af hendi upp í kröfu áfrýjanda, alls að fjárhæð 745.170 krónur (250.000 krónur 13. febrúar 1995 og 495.170 krónur 15. maí 1995) eða 1.568.442 krónur með dráttarvöxtum, eins og greinir í dómsorði, en frá dregst innborgun frá stefnda, 629.338 krónur, sem draga skal frá uppreiknaðri kröfu áfrýjanda, eins og hún stóð á greiðsludegi, 5. nóvember 1996.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Stefndi, Almar Grímsson, greiði áfrýjanda, TB-tæknibúnaði ehf., 1.568.442 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 2.254.802 krónum frá 7. mars 1995 til 13. febrúar sama árs, af 2.004.802 krónum frá þeim degi til 10. maí sama árs, af 2.063.612 krónum frá þeim degi til 15. maí sama árs og af 1.568.442 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Frá framangreindu dragist greiðsla stefnda, 629.338 krónur, upp í kröfu áfrýjanda, eins og hún stóð á greiðsludegi innborgunar, 5. nóvember 1996.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 600.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 26. júní 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. júní 1996 að lokinni aðalmeðferð, er höfðað fyrir dómþinginu með stefnu, birtri 29. maí 1995. Gagnstefna er birt 30. ágúst 1995.

Aðalstefnandi og gagnstefndi er TB-tæknibúnaður hf., kt. 660893-2619, Suðurlandsbraut 12, Reykjavík.

Aðalstefndi og gagnstefnandi er Almar Grímsson, kt. 160442-2049, Háahvammi 7, Hafnarfirði, persónulega og fyrir hönd Hafnarfjarðarapóteks, kt. 500169-7739, Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði.

Dómkröfur aðalstefnanda eru þær, að aðalstefndi verði dæmdur persónulega og fyrir hönd Hafnarfjarðarapóteks til að greiða aðalstefnanda vangoldna skuld samkvæmt reikningum, að fjárhæð 2.824.957 kr., með dráttarvöxtum samkvæmt 10., sbr. 12. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, af 2.766.117 kr. frá 7. mars 1995 til 15. maí 1995, en af 2.824.957 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er þess krafist, að aðalstefndi verði dæmdur persónulega og fyrir hönd Hafnarfjarðarapóteks til að greiða aðalstefnanda 16.292 kr., sem eru dráttarvextir af 495.170 kr. fyrir tímabilið frá dagsetningu viðkomandi reikninga til 15. maí 1995.

Enn fremur er þess krafist, að aðalstefndi verði dæmdur persónulega og fyrir hönd Hafnarfjarðarapóteks til að greiða aðalstefnanda málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur aðalstefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum aðalstefnanda. Til vara er þess krafist, að verði aðalstefndi dæmdur til einhverra greiðslna til aðalstefnanda, verði honum heimilt að skuldajafna þar á móti allt að 85.300 krónum auk dráttarvaxta frá 15. maí 1995 til greiðsludags. Þá er þess krafist, að aðalstefnda verði tildæmdur úr hendi aðalstefnanda málskostnaður að skaðlausu auk virðisaukaskatts eða samkvæmt málskostnaðarreikningi, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti frá fimmtánda degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur gagnstefnanda eru þær, að aðalstefnandi greiði gagnstefnanda 85.300 kr. auk dráttarvaxta af fjárhæðinni frá 15. maí 1995 til greiðsludags og enn fremur málskostnað að skaðlausu auk virðisaukaskatts, og beri málskostnaður dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur gagnstefnda eru þær, að hann verði sýknaður af dómkröfum gagnstefnanda og sér dæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Leitað var sátta í málinu án árangurs.

I.

Málavextir.

Málavextir eru þeir helstir, að 27. nóvember 1994 gerði aðalstefnandi aðalstefnda tilboð um að selja aðalstefnda tölvubúnað fyrir ákveðið verð, og var gerður munnlegur kaupsamningur með aðilum um kaupin. Þá skyldu aðalstefnandi og umboðsmaður aðalstefnda, Baldur Magnússon, vinna við uppsetningu hins keypta tölvubúnaðar.

Reikningur fyrir þennan búnað er nr. 10302, dagsettur 11. janúar 1995, að fjárhæð 1.594.350 kr., og var hann greiddur sama dag. Í desember hafði aðalstefndi greitt reikning, að fjárhæð 150.000 kr., fyrir tvo 17″ skjái.

Af hálfu aðalstefnanda og Baldurs Magnússonar var unnið að uppsetningu gagna og forrita aðalstefnda á netstjórann 18. til 26. janúar 1995. Reikningur vegna þessa er nr. 10322, að fjárhæð 450.541 kr., dagsettur 26. janúar 1995. Aðalstefndi greiddi aðalstefnanda 250.000 kr. 13. febrúar.

Vinna við uppsetningu hugbúnaðarins Lyfsalaráðs fór fram í starfsstöð Ráðhugbúnaðar hf. Aðfaranótt 27. janúar 1995 var brotist inn í húsnæði aðalstefnanda að Suðurlandsbraut 12 í Reykjavík og tölvubúnaði stolið. Aðalstefnandi hafði ekki á þessum tíma tryggingu, sem bætti tjónið.

Aðalstefnandi gerði aðalstefnda reikninga vegna þessa, sem eru nr. 10342, að fjárhæð 539.452 kr., nr. 10344, að fjárhæð 890.164 kr., og nr. 10345, að fjárhæð 1.530.090 kr., allir dagsettir 7. mars 1995. Reikningur vegna hugbúnaðar er nr. 10343, að fjárhæð 300.000 kr., dagsettur sama dag. Reikningur vegna stærra stýrisspjalds er nr. 10387, að fjárhæð 58.840 kr., dagsettur 10. maí 1995.

Eftir nokkur bréfaskipti greiddi aðalstefndi aðalstefnanda 495.170 kr. 17. maí 1995. Aðalstefnandi tók við greiðslunni með þeim fyrirvara, að um væri að ræða innborgun, og höfðaði síðan mál þetta til greiðslu eftirstöðvanna.

II.

Aðalstefnandi styður kröfur sínar því, að aðalstefndi hafi ekki greitt fyrir tölvubúnað og vinnu við uppsetningu Novell-netkerfis, sem hann keypti af aðalstefnanda. Krafan um greiðslu fram lagðra reikninga sé reist á reglum samningaréttar um, að samninga skuli halda. Aðilar málsins hafi samið í samræmi við fram lagt tilboð stefnanda, og reikningar séu í samræmi við samning þeirra.

Aðalstefnandi heldur því fram, að með fyrri innborgun aðalstefnda 13. febrúar 1995, að fjárhæð 250.000 kr., hafi aðalstefndi viðurkennt greiðsluskyldu sína fyrir vinnu við verkið. Ekki hafi verið ljóst, fyrir hvaða vinnuframlag innborgun frá 17. maí 1995 hafi verið, en greiðslan hafi verið bókuð

sem greiðsla eftirstöðva elsta vinnureikningsins og innborgun inn á næsta vinnureikning auk greiðslu fyrir einn prentara, sem aðalstefndi hafði boðist til að greiða í símbréfi 19. apríl 1995.

Kröfu sína um dráttarvexti styður aðalstefnandi við vaxtalög nr. 25/1987 og kröfu um málskostnað við 130. gr. laga nr. 91/1991.

Aðalstefndi kveður tilboði á dskj. nr. 3 ekki hafa verið tekið, og hafi pöntunin verið nokkuð breytt frá því, sem þar komi fram. Sá búnaðar, sem aðalstefndi, Almar, pantaði, hafi verið greiddur samkvæmt reikningi aðalstefnanda, að fjárhæð 1.594.350 kr. Aðalstefndi hafi þó ekki fengið allan búnaðinn afhentan fyrr en í febrúar 1995, og aldrei hefði hann fengið annað af tveimur CD-drifum photo CDX2 speed, sem tilgreind séu á dskj. nr. 4, að fjárhæð 19.900 kr. hvort. Þá mótmæli aðalstefndi því, að búnaðurinn hafi verið afhentur sér tilbúinn til notkunar 11. janúar 1995. Tölva, harður diskur, „disk controler", afritunarstöð, Novell-hugbúnaður og 16 mb innra minni til uppsetningar netstjóra og varaaflgjafi hafi verið afhent í febrúar 1995.

Aðalstefndi mótmælir því, að starfsmenn aðalstefnanda hafi unnið við að setja upp gögn og forrit í hinn nýja búnað á tímabilinu 18. til 26. janúar 1995, og jafnvel þótt svo hefði verið gert, hefði það verið án samráðs við sig og sér óviðkomandi. Þeir Sigurður P. Hauksson og Baldur Magnússon hefðu átt að vinna þetta verk fyrir sig, og ljóst sé, að Baldur hafi hvorki unnið að verkinu sem launþegi eða starfsmaður aðalstefnanda né Sigurðar.

Aðalstefndi kveðst mótmæla því, að öllum búnaði sínum hafi verið stolið úr húsnæði aðalstefnanda, þegar innbrot var framið þar. Á dskj. nr. 21 komi fram yfirlýsing Guðmundar Bjarnleifssonar um, að eini búnaðurinn, sem tilheyrði Hafnarfjarðarapóteki og verið hafi í húsakynnum aðalstefnanda, hafi verið netþjónn, uppsettur og frágenginn. Aðalstefndi bendi einnig á, að búnaðurinn hafi á þessum tíma verið í vörslu og þar með á ábyrgð seljanda vörunnar, aðalstefnanda.

Aðalstefndi kveður skuldajafnaðarkröfu sína þannig til komna, að hann eigi inni hjá aðalstefnanda 85.300 kr., og er sú krafa jafnframt gagnstefnukrafa hans. Verða henni gerð skil hér á eftir í kaflanum um málsástæður og lagarök gagnstefnanda í máli þessu.

Að því er varðar vinnureikninga aðalstefnanda, kveður aðalstefndi Baldur Magnússon hafa verið ráðgjafa aðalstefnda og tengilið sinn við Ráðhugbúnað hf. við athugun og undirbúning að uppsetningu nýs tölvubúnaðar hjá sér. Hann hafi síðan fengið Sigurð P. Hauksson til liðs við sig, og hafi þeir síðan unnið saman fyrir aðalstefnda við tölvubúnaðinn. Þær fjárhæðir á vinnureikningum aðalstefnanda, sem aðalstefndi telji sig eiga að borga, eigi

því að skiptast til helminga milli þeirra tveggja, og hafi aðalstefnandi enga heimild til að krefja aðalstefnda um greiðslu vegna vinnu Baldurs.

Eftir að búnaði aðalstefnda hafði verið stolið hjá aðalstefnanda, hafi aðalstefnandi tekið einhliða þá ákvörðun að kaupa aðra tegund af netstjóra en áður var kominn og búið að setja upp. Aðalstefnanda hafi hins vegar borið að afhenda aðalstefnda þann búnað, sem aðalstefndi hafði þegar borgað fyrir, og sjá um uppsetningu hans. Allur kostnaður við kaup og uppsetningu nýs netstjóra og ákvörðun um kaup á nýrri tegund sé því á ábyrgð aðalstefnanda og aðalstefnda óviðkomandi.

Aðalstefndi bendir á, að fram lögðum reikningum aðalstefnanda fylgi engar vinnuskýrslur.

Reikningur nr. 10322, að fjárhæð 450.541 kr., dagsettur 26. janúar 1995, sé vegna framangreindrar vinnu, en aðalstefndi hafi greitt aðalstefnanda 250.000 kr. inn á þennan reikning 13. febrúar s. á. Sú innborgun hafi þó ekki haft í för með sér viðurkenningu aðalstefnda á öllum vinnureikningum aðalstefnanda, heldur hafi þetta verið greiðsla inn á þennan ákveðna reikning, svo sem tilgreint hafi verið á gíróseðli. Aðalstefndi hafi síðan greitt aðalstefnanda hans hluta þessa vinnureiknings með 232.697 kr., og hafi þá verið miðað við, að tímarnir hafi verið 47 á hvorn þeirra Baldur og Sigurð, samtals 94 klst., sem sé þremur tímum meira en reikningurinn geri ráð fyrir. Frá þessari fjárhæð hafi aðalstefndi dregið 50.000 kr., sem hann hafi talið aðalstefnanda hafa greitt Baldri vegna þessarar vinnu, en síðan hafi komið í ljós, að það hafi verið vegna annars verks. Þannig sé greiðsla aðalstefnda vegna þessa reiknings 250.000 kr. + 232.697 kr. – 50.000 kr. = 447.550 kr. (?). Hér sé um að ræða ofgreiðslu aðalstefnda á hlut aðalstefnanda í reikningnum um 214.853 kr. (447.550 kr. – 232.697 kr. = 214.853 kr.).

Reikningi nr. 10344 frá 7. mars 1995, að fjárhæð 890.164 kr., og vinnulið reiknings nr. 10345 frá sama degi, að fjárhæð 396.080 kr., sé mótmælt sem röngum og allt of háum að tímafjölda. Vinnustundir séu þar taldar samtals 293 klst. Samkvæmt sundurliðaðri vinnuskýrslu Baldurs Magnússonar hafi vinna hans fyrir sama verk numið 43 klst. Þar eð þeir Sigurður hafi unnið saman að verkinu, verði að telja Sigurð hafa unnið sama tímafjölda og Baldur. Heildartímafjöldi þeirra beggja ætti því að vera 86 klst., og munar þá samtals 207 klst. Samtals geri 86 klst. vinna á 4.951 kr. á klst. 425.786 kr., 212.893 kr. fyrir hvorn þeirra. Þessa fjárhæð hafi aðalstefndi þegar greitt aðalstefnanda 15. maí 1995, og sé það fullnaðargreiðsla vegna Sigurðar, en aðalstefndi muni sjálfur sjá um að greiða Baldri hans hluta.

Aðalstefndi kveðst mótmæla þeirri fullyrðingu Sigurðar P. Haukssonar á dskj. nr. 14, að farið hafi verið með netstjórann til Tæknivals hf. vegna

rangrar uppsetningar. Eins og fram komi í skýrslu Guðmundar Bjarnleifssonar, hafi þetta aldrei gerst, enda hafi netstjórinn starfað rétt.

Aðalstefndi mótmæli einnig sérstaklega greiðslum vegna vinnu annarra í þágu aðalstefnanda, til dæmis 23 klst. vinnu Baldurs Magnússonar fyrir aðalstefnanda, sem tilgreind er á dskj. nr. 22.

Reikningi nr. 10343 frá 7. mars 1995, að fjárhæð 300.000 kr., fyrir hugbúnað sé mótmælt sem röngum. Aðalstefnda hafi aldrei verið tilkynnt, að hann þyrfti að inna af hendi greiðslu vegna hugbúnaðar við kaup sín á búnaði frá aðalstefnanda. Hins vegar hafi aðalstefndi reifað þá hugmynd við aðalstefnanda og Ráðhugbúnað hf. í desember 1995, að þessir þrír aðilar ynnu sameiginlega að gerð hugbúnaðar, sem gerður væri samkvæmt þeirri reynslu, sem fengist með samtengdu lyfseðla- og sölukerfi hjá aðalstefnda, og hafi aðalstefndi lagt fyrir fyrirtækin tvö að gera drög að samningi um þessa samvinnu. Slíkur samningur hafi hins vegar aldrei verið gerður, en fyrirtækin hefðu gert kostnaðaráætlun fyrir aðalstefnda um hugsanlega kostnaðarhlutdeild hans í gerð slíks hugbúnaðar. Aðalstefnandi og Ráðhugbúnaður hf. hafi síðan gert með sér samning um lyfsöluhugbúnað, en síðar hafi Ráðhugbúnaður hf. sagt þeim samningi upp og gert samstarfssamning við aðalstefnda 20. apríl 1995 um slíkan hugbúnað. Krafa aðalstefnanda um greiðslu vegna hugbúnaðar sé því ekki á rökum reist.

III.

Um málsástæður vísar gagnstefnandi til greinargerðar sinnar í aðalsök. Hann útlistar kröfu sína í gagnsök með eftirfarandi hætti:

Keyptur búnaður skv. reikn. nr. 10302 (dskj. nr. 4)	kr.	1.594.350		
Ekki afh. af stefnanda eitt CD-drif Photo CDX2 speed			kr.	19.900
Greitt af stefnanda 13. 1. '95			–	1.594.350
Einn prentari, Epson M80P Term. (dskj. nr. 6)	–	99.480		
Þrír tölvuskjáir 14″ á 44.900 kr. stk.	–	134.700		
Vinna skv. reikn., dags. 26. 1. '95 (dskj. nr. 5), hlutur stefnanda 50% eða 47 tímar á 4.951 kr.	–	232.697		
Vinna skv. reikn., dags. 7. 3. '95 (dskj. nr. 8), hlutur stefnanda 50% eða 43 tímar á 4.951 kr.	–	212.893		

Greitt af stefnda 13. 2 '95		– 250.000
Greitt af stefnda 15. 5. '95		– 495.170
Mismunur, inneign stefnda hjá stefnanda	– 85.300	
	kr. 2.359.420	kr. 2.359.420

Gagnstefnandi reisir gagnkröfur sínar á því, að hann hafi sannanlega ofgreitt gagnstefnda hina umstefndu fjárhæð. Gagnstefndi hafi hvorki skrifað rétta né fullnægjandi reikninga, meðal annars vöru- og vinnureikninga, eftir að innbrot var framið, svo og reikninga fyrir tölvuskjái, þar sem gagnstefndi tilgreini 15″ skjái á reikningi sínum, þegar seldir hafi verið 14″ skjáir. Þá hafi gagnstefndi skrifað sameiginlega vinnureikninga bæði fyrir sig og Baldur Magnússon, en til þess hafi hann ekki haft heimild. Á þessu síðasttalda atriði hafi gagnstefnandi ekki áttað sig í fyrstu og því greitt gagnstefnda eins og hann væri að gera upp vinnuna við báða. Þá hafi greiðsla 13. febrúar 1995, að fjárhæð 250.000 kr., verið innt af hendi sem „slumpinnborgun" að beiðni gagnstefnda, án þess að frammi lægju endanlegir reikningar. Af hálfu gagnstefnanda er því einnig haldið fram, að hefðu reikningar gagnstefnda verið rétt skrifaðir, hefði hann átt að sjá, að um ofgreiðslu var að ræða, og því ekki verið í góðri trú, þegar hann tók við lokagreiðslu frá gagnstefnanda 15. maí 1995.

Gagnstefndi styður sýknukröfu sína í gagnsök við það, að gagnstefnandi hafi samið við gagnstefnda um kaup á tölvubúnaði og vinnu, og hafi hann í upphafi greitt gagnstefnda í samræmi við það. Athugasemdum gagnstefnanda svarar gagnstefndi á þann hátt, að varðandi drif samkvæmt fram lögðum reikningi nr. 10302 hafi bæði drifin verið sett í tvær af TCS 9545-tölvunum, er þeim var stolið, enda hafi reikningurinn verið greiddur að fullu.

Um reikning nr. 10322 vegna vinnu er því haldið fram, að gagnstefnandi sé greiðsluskyldur gagnvart gagnstefnda, sem tekið hafi að sér verkið. Gagnstefndi hafi greitt Baldri Magnússyni 50.000 kr. inn á vinnu hans, og sé útreikningi gagnstefnanda í greinargerð hans í aðalsök mótmælt sérstaklega og skorað á hann að skýra hann nánar.

Þá gerir gagnstefndi athugasemdir við fullyrðingar gagnstefnanda um reikning nr. 10342. Um skjáina sé það að segja, að listaverð fyrir 14″ skjái sé hærra en tilboðsverðið á 15″ skjáum, og hafi gagnstefnanda verið boðið að bakfæra reikning þannig, að hann fengi 14″ skjáina á tilboðsverði, ef hann gerði upp eftirstöðvar skuldarinnar, en það hefði ekki verið gert. Fullyrðingu gagnstefnanda um gallaðan nettengikassa sé mótmælt með vísan til

fram lagðs vottorðs frá Nýherja hf. Þá kveður gagnstefndi búið að bakfæra kröfu vegna tveggja prentara, sem gagnstefnandi geri athugasemd við, en kveður hús á CD-drif hafa verið afhent gagnstefnanda.

Um reikning nr. 10343 vegna hugbúnaðar, að fjárhæð 300.000 kr., er því haldið fram, að gagnstefnandi hafi tekið búnaðinn í notkun, enda fullyrt, að sala í apótekinu hafi aukist til muna síðan. Uppgjör milli gagnstefnda og Ráðhugbúnaðar hf. vegna hugbúnaðarins sé máli þessu óskylt. Umsamin greiðsla til Ráðhugbúnaðar hf. vegna þessa búnaðar hafi verið 280.000 kr., og hafi gagnstefndi greitt inn á þann reikning með afhendingu á tölvu, 141.900 kr. Ráðhugbúnaður hf. hafi síðan af óskiljanlegum ástæðum rift samningi fyrirtækjanna um dreifingu hugbúnaðarins og gert gagnstefnda fram lagðan kreditreikning.

Þá mótmælir gagnstefndi því, að Guðmundur Bjarnleifsson hafi verið framkvæmdastjóri TB-tæknibúnaðar hf., enda hafi Sigurður P. Hauksson verið framkvæmdastjóri fyrirtækisins frá upphafi. Þá er því mótmælt, að aldrei hafi verið farið með netstjórann til Tæknivals, en það hafi verið gert vegna hugmynda Baldurs Magnússonar um uppsetningu hans. Einnig er því mótmælt, að gagnstefnanda hafi verið seld önnur tegund af netstjóra eftir innbrotið en í upphafi. Mótmælt sé hugleiðingum um, hverju hafi verið stolið í innbrotinu. Tvær TCS 9510T66-tölvur hefðu verið afhentar gagnstefnanda í eldra húsnæði apóteksins fyrir innbrotið auk skanna. Fjórum TCS 9545-tölvum hafi verið stolið í innbrotinu, og hafi ein þeirra verið netstjórinn, og í hann hefði verið sett megnið af þeim búnaði, sem tiltekinn væri á reikningi nr. 10302. Varaaflgjafa og kapli hafi þó ekki verið stolið, enda standi varaaflgjafinn sjálfstætt. Munir þessir hafi því verið settir upp í apótekinu eftir innbrotið.

IV.

Ágreiningslaust er, að vörur samkvæmt fram lögðum reikningi nr. 10302 voru að fullu greiddar. Hins vegar er ágreiningur með aðilum um það, hvort vörurnar voru afhentar fyrir eða eftir innbrot í starfsstöð aðalstefnanda aðfaranótt 27. janúar 1995. Þá er einnig ágreiningur með aðilum um reikninga vegna vinnu við hinn keypta tölvubúnað.

Af hálfu aðalstefnanda er því haldið fram, að hluti tölvubúnaðarins hafi verið afhentur við útgáfu reiknings nr. 10302, dags. 11. janúar 1995. Það hafi verið sá hluti búnaðarins, sem þurfti, til að Ráðhugbúnaður hf. gæti unnið við uppsetningu hugbúnaðarins. Hinn 26. janúar 1995 hafi búnaðurinn verið til reiðu fyrir aðalstefnda, en hann hafi óskað eftir því, að búnaðurinn yrði fluttur í húsnæði aðalstefnanda til bráðabirgða. Aðalstefndi hefur mótmælt

þessari útlistun aðalstefnanda og kveður búnaðinn ekki hafa verið tilbúinn, því að enn hafi verið unnið við hann í húsnæði aðalstefnanda kvöldið fyrir innbrotið.

Vitnið Guðmundur Rúnar Bjarnleifsson kom fram sem fulltrúi aðalstefnanda gagnvart aðalstefnda veturinn 1994 til 1995, þótt aðila greini á um stöðu hans gagnvart aðalstefnanda. Aðalstefnandi kveður Guðmund Rúnar hvorki hafa verið starfsmann hjá fyrirtækinu né framkvæmdastjóra þess, heldur hafi hann lagt fé til rekstrarins, en sjálfur taldi Guðmundur Rúnar sig vera starfsmann fyrirtækisins. Hann staðfesti fram lagða yfirlýsingu sína og bar fyrir dóminum, að vörur samkvæmt reikningi nr. 10302 hefðu ekki verið afhentar við útgáfu hans. Þá kom fram í skýrslu hans, að netþjónninn hefði verið í húsakynnum aðalstefnanda nóttina, sem brotist var þar inn, en annað ekki af því, sem tilheyrði aðalstefnda.

Vitnið Baldur Magnússon bar fyrir dóminum, að hann hefði unnið með Sigurði P. Haukssyni, fyrirsvarsmanni aðalstefnanda, við tölvubúnaðinn kvöldið fyrir innbrotið á starfsstöð aðalstefnanda að Suðurlandsbraut 12. Hafi vitnið sjálft óskað eftir því, að búnaðurinn yrði fluttur í húsnæði aðalstefnanda, enda hefði enn verið eftir að vinna eitthvað við búnaðinn, og hafi hann verið að „kópíera fyrir" Almar. Uppsetningu netþjónsins hefði lokið, þegar liðið var fram á aðfaranótt 27. janúar 1995, innbrotsnóttina, og hefði aðalstefndi, Almar, því ekki verið látinn vita um, að netþjónninn væri tilbúinn til afhendingar þá. Aðspurður bar Baldur, að sú vinna hefði getað farið fram í apóteki aðalstefnda. Aðalstefndi bendir á, að Baldur Magnússon hafi verið ráðgjafi sinn og starfsmaður í þessum tölvuviðskiptum. Þá kom fram í skýrslu Baldurs Magnússonar, að aðrar vörur en netþjónninn hefðu verið afhentar aðalstefnda helgina eftir innbrotið. Þá hefði aðalstefnandi séð um að senda þær til Hafnarfjarðar.

Með hliðsjón af vitnisburði framangreindra vitna verður að telja, að sú fullyrðing aðalstefnanda, að allar vörur samkvæmt fram lögðum reikningi nr. 10302 hafi verið afhentar við útgáfu hans, sé ósönnuð. Með tilliti til þessa og þess, að Baldur Magnússon var fulltrúi stefnda, verður að fallast á það með aðalstefnanda, að afhending netstjórans hafi farið fram fyrir innbrot í starfsstöð aðalstefnanda og því á ábyrgð aðalstefnda. Verður því að líta svo á, að aðalstefndi beri áhættuna af því, að netstjóranum ásamt þeim búnaði, sem honum fylgdi, var stolið umrædda nótt. Aðalstefnda ber því að greiða aðalstefnanda 540.960 kr. af reikningi nr. 10345, en ekkert af reikningi nr. 10342.

Um hugbúnaðinn, að fjárhæð 300.000 kr., kom það fram í máli vitnisins Baldurs, að sá hugbúnaður væri viðskiptahugbúnaður, lagaður að þörfum

apóteksins af Ráðhugbúnaði hf. Ráðhugbúnaður hf. hefði algerlega séð um sinn þátt í að setja hugbúnaðinn upp á netþjóninn. Allur hugbúnaðurinn hefði því komið frá Ráðhugbúnaði hf. Þykir því ekki sannað, að aðalstefnda beri að greiða fyrir umþrættan hugbúnað samkvæmt reikningi nr. 10343.

Um CD-drifin tvö kveður vitnið Baldur, að þau hafi verið sett í tvær tölvur eftir innbrotið, en ekkert CD-drif hafi verið sett í tölvurnar fyrir innbrot. Verður að miða við þennan framburð vitnisins, enda fullyrðingar aðalstefnanda um annað ósannaðar.

Ósannað verður að telja, að aðalstefnda beri að greiða samkvæmt reikningi nr. 10387, en vitnið kveðst hafa skilað aðalstefnanda aftur umræddum hlutum, sem hefðu verið fengnir vegna afritunarstöðvar, er síðan hefði ekki verið unnt að nota. Verður aðalstefndi því ekki dæmdur til greiðslu samkvæmt reikningi nr. 10387.

Að því er varðar vinnuþátt hinna umstefndu reikninga, er viðurkennt af aðalstefnda, að hin umbeðna vinna við tölvubúnaðinn í apótekinu hafi verið unnin. Hins vegar er tímafjölda vinnustunda mótmælt og því mótmælt sérstaklega, sem aðrir en þeir Sigurður og Baldur hafi unnið. Ekki hafa komið fram sérstakar kvartanir vegna vinnu þeirra Hjálms Þorsteins Sigurðssonar, Einars Baldurssonar og Bjarka Sigurðssonar, sem unnu við flutning og uppsetningu á tölvubúnaðinum og frágang á lögnum í húsnæði aðalstefnda. Með vísan til þessa og þess, að umboðsmaður aðalstefnda við verkið, Baldur Magnússon, fylgdist með verkinu allan tímann án þess að kvarta við aðalstefnanda, verður ekki talið, að efni séu til annars en fallast á þá kröfu aðalstefnanda, að aðalstefndi greiði aðalstefnanda samkvæmt fram lögðum vinnureikningum. Þó verður ekki talið, að aðalstefnda beri að greiða þá hluta þeirra reikninga, sem sannanlega eru vegna vinnu vitnisins Baldurs, er telja verður starfsmann aðalstefnda, en ekki starfsmann aðalstefnanda, eins og áður er fram komið. Er það því niðurstaða dómsins, að aðalstefnda beri að greiða 133.677 kr. vegna reiknings nr. 10322 og 558.446 kr. vegna reiknings nr. 10344.

Þá verður ekki heldur talið, að aðalstefnda beri að greiða vinnuþátt umstefnds reiknings nr. 10345, sem talinn er vera útseld vinna við „server“ í 80 klukkustundir, samtals 396.080 kr. Aðalstefnandi hefur ekki sundurliðað þennan vinnuþátt með neinum hætti, og verður því gegn mótmælum aðalstefnda að telja þennan kröfulið órökstuddan og hafna honum.

Að því er varðar gagnkröfu gagnstefnanda, verður að fallast á það með gagnstefnda, að hún sé ekki að öllu leyti skýrlega fram sett, og með vísan til þess, sem að framan er rakið, kemur hún ekki til álita hér.

Að öllu þessu virtu er það niðurstaða dómsins, að aðalstefnda beri að

greiða aðalstefnanda 487.913 kr. með dráttarvöxtum, eins og nánar greinir í dómsorði. Hefur þá verið tekið tillit til innborgana aðalstefnda, að fjárhæð 250.000 kr. 13. febrúar 1995 og að fjárhæð 495.170 kr. 15. maí 1995.

Krafa aðalstefnanda um dráttarvexti af 495.170 kr. fyrir tímabilið frá dagsetningu viðkomandi reikninga til 15. maí 1995 verður ekki tekin til greina, þar sem ljóst er, að innborgun aðalstefnda 13. febrúar 1995 var umfram skyldu samkvæmt niðurstöðu dómsins.

Eins og mál þetta er vaxið, þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af því, bæði í aðalsök og gagnsök.

Arnfríður Einarsdóttir, settur héraðsdómari, kveður upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum dr. Jóhanni P. Malmquist, prófessor í tölvunarfræði, og Bjarna Júlíussyni tölvunarfræðingi.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Almar Grímsson persónulega og fyrir hönd Hafnarfjarðarapóteks, greiði aðalstefnanda, TB-tæknibúnaði hf., 487.913 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 983.083 kr. frá 7. mars 1995 til 15. maí sama ár, en af 487.913 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök fellur niður.

Föstudaginn 25. apríl 1997.

Nr. 210/1996. **Pétur Þór Sigurðsson**
(sjálfur)
gegn
Landsbanka Íslands
(Hákon Árnason hrl.)

Skaðabótamál. Framsal kröfu. Bankar. Lögmenn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnlaugur Claessen, Markús Sigurbjörnsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. maí 1996. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 8.746.319 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. október 1992 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Atvikum málsins er skilmerkilega lýst í héraðsdómi. Eins og þar kemur fram, heimilaði Hæstiréttur 24. október 1994 endurupptöku hæstaréttarmáls nr. 61/1992, en dómur í því hafði verið kveðinn upp 15. október 1992. Með dómi réttarins 23. mars 1995 var kröfu sóknaraðila í málinu, Sigurjóns Ragnarssonar, gegn áfrýjanda þessa máls vísað frá Hæstarétti. Í þessum úrlausnum Hæstaréttar var hvorki tekin afstaða til þess, hver væri réttur eigandi kröfu samkvæmt áskorunarstefnu frá 8. janúar 1987, sem gerð var aðfararhæf með áritun 2. febrúar og stefndi framseldi áfrýjanda 2. september sama ár, né hvort sú krafa hefði verið nægjanlega tryggð með fjárnámi 26. mars 1991 í ætluðum eignarhluta Sigurjóns Ragnarssonar í Pósthússtræti 11 (Hótel Borg) og Einholti 2 í Reykjavík.

II.

Í málinu er fjallað um skaðabótakröfu áfrýjanda utan samninga á hendur stefnda, og er hún á því reist, að löglærður starfsmaður stefnda hafi gefið ranga yfirlýsingu 2. október 1992, sem öðru fremur hafi leitt til þess, að í dómi sínum 15. sama mánaðar hafi Hæstiréttur talið aðfarargrundvöll áskorunarstefnunnar niður fallinn, er fjárnámsgerðin fór fram. Þetta hafi leitt til þess, að áfrýjandi hafi ekki fengið fullnustu kröfunnar, eins og nánar er lýst í héraðsdómi.

Til þess að áfrýjandi geti í þessu máli komið fram bótaábyrgð á hendur stefnda, þarf hann fyrst að færa sönnur að eignaraðild sinni að hinni umræddu kröfu og sýna jafnframt fram á, að hann hafi orðið fyrir raunverulegu tjóni, er stefndi eigi sök á og ekki hann sjálfur.

III.

Í héraðsdómi er því lýst, hvernig Helgi Þór Jónsson setti stefnda að handveði sex víxla í árslok 1985. Eftir skuldaskil Helga Þórs við stefnda í júlí 1987 féllst stefndi á að láta af hendi víxlana og áskorunarstefnuna. Áfrýjandi, sem var lögmaður Helga Þórs, kom vegna þessa í starfsstöð stefnda 2. september 1987, en ósannað er, að Helgi Þór hafi þá verið með honum. Áfrýjandi kvittaði á handveðsbréfið, að hann tæki við víxlunum fyrir hönd Helga Þórs, en löglærður starfsmaður stefnda ritaði á áskorunarstefnuna, að kröfur samkvæmt henni væru framseldar áfrýjanda. Fyrir héraðsdómi hefur lögfræðingurinn staðfest, að framsalið hafi farið fram að beiðni eiganda kröfunnar, Helga Þórs Jónssonar. Heldur lögfræðingurinn því fram, að þetta hafi verið gert til hagræðis fyrir Helga Þór við innheimtu hennar.

Áfrýjandi og Helgi Þór Jónsson gáfu 30. júlí 1993 um það sameiginlega yfirlýsingu, að í byrjun júlí 1987 hefðu þeir gert með sér óformlegt samkomulag um framsal kröfunnar til áfrýjanda sem greiðslu til hans upp í þóknun fyrir lögfræðistörf fyrir Helga Þór. Þessi síðbúna yfirlýsing á sér enga stoð í gögnum málsins aðra en þá, að báðir hafa staðfest efni hennar fyrir héraðsdómi. Það veitir ekki skýra vísbendingu um eignaraðild áfrýjanda að kröfunni, að hennar var getið á eignayfirliti Helga Þórs 30. júní 1987, en ekki á yfirliti 31. ágúst sama ár, er hann sótti um leyfi til greiðslustöðvunar. Fyrir dómi sagði Helgi Þór jafnframt, að skuld sín við áfrýjanda

hefði um þessar mundir numið allt að tíu milljónum króna. Enginn reikningur af hendi áfrýjanda vegna lögfræðistarfa hans fyrir Helga Þór hefur verið lagður fram, og á því er ekki byggt, að þessi skuld hafi verið tíunduð í skattskilum áfrýjanda eða bókhaldi, hvorki fyrir né eftir fjárnám vegna hennar í áðurgreindum fasteignum, sbr. 2. mgr. 60. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Þá hefur engin kvittun verið sýnd um það, að áfrýjandi hafi tekið við hinni framseldu kröfu sem greiðslu fyrir lögfræðistörf. Áfrýjandi framseldi dómkröfuna sama dag og hann fékk hana úr hendi stefnda til Lögmanna Hamraborg 12 sf. í Kópavogi til tryggingar tékkaskuldum Helga Þórs, en fékk hana framselda sér að nýju 18. desember 1987, þar sem lögmennirnir mátu tryggginguna ófullnægjandi.

Eins og hér stendur á, verður ekki á það fallist, að framsalsáritun stefnda á hina umræddu áskorunarstefnu geti út af fyrir sig verið fullnægjandi sönnun um eignaraðild áfrýjanda að kröfunni. Þegar allt er virt, sem fram er komið í málinu, verður ekki talið, að áfrýjanda hafi tekist að færa sönnur að því, að hann hafi orðið eigandi kröfunnar við framsalið 2. september 1987 og þá ekki komið fram sem lögmaður umbjóðanda síns, Helga Þórs Jónssonar. Verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur þegar af þessari ástæðu.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Pétur Þór Sigurðsson, greiði stefnda, Landsbanka Íslands, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Gunnlaugs Claessen og
Markúsar Sigurbjörnssonar

Við erum sammála meiri hluta dómara um það, sem greinir í I. kafla dómsins.

Við erum jafnframt sammála meiri hluta dómara um, að ýmis atriði í málinu gefi tilefni til vafa um, hvort Helgi Þór Jónsson hafi í reynd í júlí 1987 framselt áfrýjanda til eignar kröfu á hendur Sigur-

jóni Ragnarssyni, sem stefndi naut á þeim tíma handveðsréttar í og fékk áritaða áskorunarstefnu fyrir 2. febrúar 1987. Hvað sem slíkum vafa líður, hefur stefndi hins vegar ekki leitt að því rök, hvernig það geti að lögum skipt máli um hugsanlega bótaskyldu vegna yfirlýsingar starfsmanns hans 2. október 1992, hvor þeirra Helga eða áfrýjanda hafi að réttu lagi átt kröfuna samkvæmt árituðu stefnunni á hendur Sigurjóni. Að því gefnu er til þess að líta, að Helgi bar fyrir héraðsdómi, að hann hefði framselt kröfuna áfrýjanda og gaf auk þess skriflega yfirlýsingu sama efnis ásamt áfrýjanda 30. júlí 1993. Þá framseldi stefndi 2. september 1987 réttindi samkvæmt árituðu stefnunni til áfrýjanda eftir beiðni Helga, en upp frá því mátti þannig líta á áfrýjanda sem formlega réttan eiganda að kröfunni. Þótt bú Helga hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 30. nóvember 1988 og skiptum lokið 2. mars 1995, verður enn fremur að gefa því gætur, að lánardrottnar Helga, sem kunna að telja dóm, er gengi áfrýjanda í vil, halla á rétt þeirra, eiga þess kost að leita endurupptöku skipta og reyna að fá hnekkt framsali kröfunnar til hans. Geta hagsmunir þrotabús Helga Þórs Jónssonar eða hans persónulega þannig ekki staðið í vegi aðild áfrýjanda að þessu máli. Verður samkvæmt þessu að telja áfrýjanda hafa sýnt nægilega fram á rétt sinn yfir kröfunni á hendur Sigurjóni Ragnarssyni til að beina nú bótakröfu að stefnda.

Af hálfu stefnda er viðurkennt, að starfsmaður hans gaf fyrrgreinda yfirlýsingu 2. október 1992 að ósk lögmanns Sigurjóns Ragnarssonar, án þess að starfsmaðurinn kynnti sér gögn um viðskiptin, sem efni hennar tók til. Starfsmanninum mátti vera ljóst, að yfirlýsingarinnar væri leitað vegna dómsmáls milli Sigurjóns og áfrýjanda. Af gögnum málsins er sýnt, að efni yfirlýsingarinnar var rangt í mikilvægum atriðum. Telja verður yfirlýsinguna hafa ráðið úrslitum um þá niðurstöðu, sem Hæstiréttur komst að í dómi 15. október 1992 í máli Sigurjóns og áfrýjanda. Sýndi starfsmaður stefnda því við gerð yfirlýsingarinnar af sér háttsemi, sem stefndi ber bótaábyrgð á.

Óumdeilt er, að nokkru áður en dómur Hæstaréttar gekk 15. október 1992, var áfrýjanda orðið kunnugt um efni yfirlýsingarinnar frá 2. sama mánaðar, svo og, að hún hafi verið lögð fram í málinu af hálfu Sigurjóns Ragnarssonar ásamt málflutningsskjali, þar sem byggt var meðal annars á henni. Allt að einu kom áfrýjandi ekki á

framfæri athugasemdum um réttmæti yfirlýsingarinnar, heldur lét hann við það sitja að krefjast þess án árangurs, að starfsmaður stefnda leiðrétti hana. Þótt áfrýjandi hafi að þessu leyti sýnt af sér skeytingarleysi, verður ekki horft fram hjá því, að í málinu lágu þá þegar fyrir tvær eldri yfirlýsingar sama starfsmanns stefnda, frá 8. og 16. maí 1991, þar sem lýst var á enn annan veg viðskiptum stefnda við áfrýjanda og Helga Þór Jónsson varðandi kröfuna á hendur Sigurjóni Ragnarssyni. Þegar þess er gætt, er ekki næg ástæða til að láta það varða áfrýjanda réttindamissi, að hann hafi ekki brugðist sérstaklega við þriðju yfirlýsingunni um þetta efni. Verður því bótaskylda lögð á stefnda vegna þess tjóns, sem yfirlýsingin 2. október 1992 hefur bakað áfrýjanda með framangreindum hætti.

Eins og málið liggur fyrir, verður að líta svo á, að Helgi Þór Jónsson hafi framselt áfrýjanda umrædda kröfu á hendur Sigurjóni Ragnarssyni í heild sinni. Því er ekki haldið fram, að neinu hafi átt að breyta um gildi framsalsins, hvort árangur yrði af viðleitni áfrýjanda til að innheimta kröfuna og hversu mikið hann kynni þá að fá í sinn hlut. Getur því engu skipt við úrlausn málsins, hvert tilefni framsalsins hafi verið eða hvað áfrýjandi kunni að hafa látið af hendi að endurgjaldi fyrir það.

Fjárnám áfrýjanda hjá Sigurjóni Ragnarssyni, sem var fellt úr gildi með dómi Hæstaréttar 15. október 1992, var gert 26. mars 1991 í eignarhluta hins síðarnefnda í fasteignunum Pósthússtræti 11 og Einholti 2 í Reykjavík. Fyrir liggur, að fyrrgreinda fasteignin var seld Reykjavíkurborg með kaupsamningi 26. apríl 1990, sem hafði ekki verið þinglýst, þegar fjárnámið var gert, fyrir 147.900.000 krónur. Var eignarhluti Sigurjóns í henni 7,17%. Þá liggur einnig fyrir, að kaupandi eignarinnar áskildi sér rétt gagnvart seljendunum til að nota hluta kaupverðsins til að létta af henni óviðkomandi veðskuldum, þar á meðal fjárnámi áfrýjanda, sem kaupandinn taldi seljendurna bera sameiginlega ábyrgð á, að yrði aflétt, en kaupandinn mun fyrst hafa innt af hendi greiðslu að þessu leyti til seljenda, eftir að fjárnám áfrýjanda var fellt úr gildi með fyrrnefndum dómi. Verður samkvæmt þessu að telja áfrýjanda hafa sýnt nægilega fram á, að krafan á hendur Sigurjóni Ragnarssyni hefði fengist greidd að fullu

vegna fjárnámsins 26. mars 1991, ef ekki hefði til ógildingar þess komið.

Samkvæmt framansögðu teljum við, að taka eigi til greina kröfu áfrýjanda um, að stefnda verði gert að greiða honum 8.746.319 krónur. Við teljum kröfuna eiga að bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. ágúst 1993, en þann dag var mánuður liðinn, frá því að áfrýjandi beindi rökstuddri kröfu að stefnda um greiðslu bótafjárhæðarinnar, sbr. 15. gr. tilvitnaðra laga. Þá teljum við, að dæma eigi stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en tökum ekki afstöðu til fjárhæðar hans, þar sem meiri hluti dómenda hefur komist að annarri niðurstöðu.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. maí 1996.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms föstudaginn 3. maí sl., hefur Pétur Þór Sigurðsson, kt. 290354-4479, Klyfjaseli 18, Reykjavík, höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 28. júní 1995, á hendur Landsbanka Íslands, kt. 710169-3819, Austurstræti 11, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 8.746.319 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 15. október 1992 til greiðsludags. Krefst stefnandi, að dæmt verði, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 15. október 1993. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt málskostnaðarreikningi og að tekið verði tillit til skyldu stefnanda til þess að greiða virðisaukaskatt á málskostnað svo og útlagðs kostnaðar.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins, en til vara, að stefnukröfur verði stórlækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Málavextir.

Í hnotskurn eru málavextir þeir, að stefnandi telur sig hafa árið 1987 eignast kröfu á hendur Sigurjóni Ragnarssyni frá fyrri eiganda hennar, Helga Þór Jónssyni. Þar sem stefndi hafði kröfuna að handveði og hafði fengið áritaða áskorunarstefnu um aðfararhæfi hennar, kom til formlegs framsals frá stefnda til stefnanda. Eftir ítrekaðar innheimtutilraunir tókst stefnanda í mars 1991 að ná tryggingu fyrir kröfunni með fjárnámi í fast-

eign. Fjárnámsgerðinni var skotið til Hæstaréttar til ógildingar. Stefnandi fullyrðir, að á grundvelli rangrar yfirlýsingar frá starfsmanni stefnda, Benedikt Guðbjartssyni hdl., 2. október 1992 og annarra gagna frá honum, komnum úr fórum stefnda, sem lögð voru fram í málinu fyrir Hæstarétti, hafi dómsniðurstaðan orðið sú, að aðfarargrundvöllur áskorunarstefnunnar hafi verið niður fallinn, er fjárnámsgerðin fór fram. Fjárnámsgerðin var felld úr gildi, sbr. dóm Hæstaréttar 15. október 1992 (H. 1992, 1627). Stefnandi óskaði í maí 1994 endurupptöku málsins í Hæstarétti á þeim grunni, að hin ranga yfirlýsing starfsmanns stefnda hefði ráðið úrslitum um niðurstöðu málsins. Á beiðnina var fallist í október 1994, og með dómi Hæstaréttar 23. mars 1995 var hinn fyrri dómur úr gildi felldur (H. 1995, 802).

Reisir stefnandi skaðabótakröfu sína á hendur stefnda á því, að starfsmaður stefnda, Benedikt E. Guðbjartsson hdl., hafi með hinni röngu yfirlýsingu sinni valdið því, að Hæstiréttur hafi með dómi réttarins fellt úr gildi fjárnámið með þeim afleiðingum, að stefnandi fékk ekki fullnustu kröfu sinnar, sem hann hefði ella fengið, og tapaði kröfunni endanlega við gjaldþrot Sigurjóns Ragnarssonar 10. mars 1995, en búið hafi verið eignalaust. Stefnandi telur sig því hafa orðið fyrir tjóni vegna athafna fyrrgreinds starfsmanns stefnda. Dómkrafa stefnanda á hendur stefnda er skaðabótakrafa utan samninga, þ. e. höfuðstóll, vextir og kostnaður. Hefur stefndi neitað að bæta stefnanda ætlað tjón hans. Um skaðabótaskyldu stefnda vísar stefnandi til almennra reglna skaðabótaréttarins. Stefndi mótmælir öllum röksemdum og málsástæðum stefnanda í þessu efni.

Krafa stefnanda 15. október 1992 sundurliðast þannig:

1. Höfuðstóll skv. áritun á áskorunarstefnu	kr.	1.500.360
2. Dráttarvextir til 15. október 1992	–	7.023.262
3. Málskostnaður samkvæmt áritun á áskorunarstefnu	–	155.000
4. Útlagt vegna innheimtutilrauna	–	67.697
Samtals 15. október 1992	kr.	8.746.319

Nánar eru málavextir þessir:

Hinn 11. desember 1985 tók stefndi til innheimtu sex víxla, að fjárhæð 2.800.000 kr., af Helga Þór Jónssyni, þáverandi eiganda Hótel Arkar í Hveragerði. Var einn víxill samþykktur af Ólafi Laufdal, tveir víxlanna af Sælgætisgerðinni Völu sf., en þrír víxlar voru samþykktir til greiðslu af Sigurjóni Ragnarssyni, að fjárhæð 500.000 kr. hver, með gjalddögum 1. maí, 17. maí og 1. júní 1986. Voru víxlar þessir út gefnir af Helga Þór Jónssyni og framseldir af honum. Víxlana greiddi Sigurjón ekki þrátt fyrir greiðslutil-

mæli bankans. Hóf Landsbankinn lögfræðilega innheimtu á víxlunum hjá Sigurjóni og gaf út áskorunarstefnu á hendur honum í nafni bankans, sem árituð var um aðfararhæfi hjá Sigurjóni 2. febrúar 1987. Ekki er kunnugt um frekari innheimtutilraunir handveðshafans, stefnda í máli þessu, á hendur Sigurjóni Ragnarssyni, eftir að aðfarargrundvöllurinn var fenginn. Þá fékk bankinn áritaða áskorunarstefnu um aðfararhæfi á Sælgætisgerðina Völu sf. 6. júní 1987.

Hinn 30. desember 1985 gaf Helgi Þór Jónsson út veðskuldabréf til Landsbanka Íslands fyrir skuld við bankann, að fjárhæð 2.750.000 kr. Til tryggingar skuldinni var 13. veðréttur í Eirhöfða 17, Reykjavík. Var sú eign leyst 27. febrúar 1987 úr veðböndum fyrir veð í Höfðabakka 1, Reykjavík, en til frekari tryggingar skuld þessari og öðrum skuldum sínum við Landsbankann „nú eða síðar“ setti Helgi Þór Landsbankanum framangreinda sex víxla að handveði. Var handveðssetningarinnar getið á skuldabréfinu sjálfu og jafnframt gefið úr sérstakt handveðsbréf (tryggingarbréf) af Helga Þór um handveðssetningu víxlanna til bankans.

Hinn 23. júlí 1987 keypti Landsbankinn að beiðni Helga Þórs Jónssonar skuldabréf, að nafnverði samtals 7.000.000 kr., út gefin af Birni Alfreðssyni, og gekk andvirði bréfanna m. a. til greiðslu skuldar Helga Þórs við bankann samkvæmt veðskuldabréfinu, sem einnig var tryggt með handveðssettu víxlunum.

Stefnandi segir, að á þessum tíma hafi hann um nokkurt skeið haft á hendi umsvifamikil lögfræðistörf fyrir Helga Þór Jónsson og átt hjá honum þóknun. Það hafi því orðið að samkomulagi þeirra í milli í júlí 1987, að stefnandi fengi framseldar til sín sem greiðslu upp í þóknun þær kröfur, sem Helgi hafði sett stefnda að handveði, kæmi til þess, að bankinn léti þær af hendi.

Þó að víxlarnir stæðu til tryggingar fleiri skuldum Helga Þórs við bankann, féllst bankinn á að afhenda Helga þá aftur, enda taldi stefndi, að víxilkröfur á hendur Sigurjóni Ragnarssyni væru einskis virði sökum ógjaldfærni hans. Kom lögmaður Helga, stefnandi máls þessa, til að sækja víxlana í bankann 2. september 1987, og kvittaði lögmaðurinn á handveðsbréfið (tryggingarbréfið) um móttöku víxlanna sem hér segir: „Reykjavík, 2. 9. 1987. Ofangreindir víxlar að þeim fyrsta undanskildum mótteknir fyrir hönd Helga Þórs Jónssonar. Pétur Þór Sigurðsson hdl. (sign).“

Samtímis fékk lögmaðurinn að beiðni sinni áskorunarstefnuna (dómsígildið) á Sigurjón Ragnarsson framselda á sitt nafn af bankanum með svohljóðandi framsali: „Reykjavík, 2. 9. 1987. Kröfur samkvæmt þessari árit-

uðu áskorunarstefnu eru hér með framseldar til Péturs Þórs Sigurðssonar hdl., Tryggvagötu 26, Reykjavík. Skal hann njóta allra þeirra réttinda, sem framseljandi á skv. stefnunni, allt án ábyrgðar framseljanda. Landsbanki Íslands, lögfræðingadeild, Benedikt E. Guðbjartsson hdl. (sign).“

Áskorunarstefna í nafni bankans, árituð um aðfararhæfi á Sælgætisgerðina Völu sf., var framseld stefnanda með sama hætti. Stefndi fullyrðir, að stefnandi hafi ekkert minnst á það við Benedikt, að hann væri orðinn eigandi kröfu samkvæmt áskorunarstefnunni. Hafi framsölin verið stíluð á lögmanninn að beiðni hans til hagræðis við innheimtu krafnanna. Þennan sama dag framseldi stefnandi áskorunarstefnuna á Sigurjón Ragnarsson Lögmönnum Hamraborg 12 sf. í Kópavogi til tryggingar á skuld skjólstæðings síns, Helga Þórs Jónssonar, við Samvinnubankann vegna útgáfu Helga Þórs á innstæðulausum tékkum, er voru í innheimtu hjá lögmönnunum. Var framsal stefnanda til lögmannanna svohljóðandi: „Reykjavík, 2. 9. 1987. Kröfur samkvæmt þessari árituðu áskorunarstefnu eru hér með framseldar Lögmönnum Hamraborg 12 sf., Hamraborg 12, Kópavogi. Skulu þeir njóta allra þeirra réttinda, sem framseljandi á skv. stefnunni. Pétur Þór Sigurðsson hdl. (sign).“ Lögmenn Hamraborg 12 sf. mátu kröfuna hins vegar ófullnægjandi vegna ógjaldfærni Sigurjóns og framseldu stefnanda áskorunarstefnuna að nýju 18. desember 1987.

Sama dag og stefnandi fékk fyrir hönd umbjóðanda síns, Helga Þórs Jónssonar, innheimtukröfuna á Sigurjón Ragnarsson úr hendi bankans og framseldi kröfuna til Lögmanna Hamraborg 12 sf. til tryggingar skuldum Helga Þórs, 2. september 1987, fékk Helgi Þór greiðslustöðvun á búi sínu á grundvelli greiðslustöðvunarbeiðni stefnanda fyrir hönd Helga Þórs, dags. 31. ágúst 1987. Fylgdu greiðslustöðvunarbeiðninni m. a. tvö yfirlit um eignir og skuldir Helga Þórs, annað dags. 21. júlí 1987, pr. 30. júní 1987, þar sem til útistandandi krafna Helga Þórs eru taldir víxlar á Sælgætisgerðina Völu og Sigurjón Ragnarsson, að fjárhæð 3.100.835 kr., hitt dags. 31. ágúst 1987, pr. 31. ágúst 1987(?), þar sem víxilkrafnanna er ekki getið. Var stefnandi aðstoðarmaður Helga Þórs á greiðslustöðvunartíma. Greiðslustöðvunin rann út 2. febrúar 1988, en 23. ágúst 1988 fékk Helgi Þór heimild til leitunar nauðasamninga. Leyfið var afturkallað 8. nóvember 1988, og 30. nóvember 1988 gaf Helgi Þór sig og einkafirmu sín, Hótel Örk og Vélaleigu Helga Þórs Jónssonar, upp til gjaldþrotaskipta. Ekki fór fram endurskoðun á bókhaldi þrotabúsins. Lauk skiptum þess 2. mars 1995.

Stefnandi, er hafði undir höndum hina framseldu áskorunarstefnu fyrir víxlunum á Sigurjón Ragnarsson, hófst ekki handa um innheimtu kröfunnar árið 1988. Í ársbyrjun 1989 birti hann Sigurjóni greiðsluáskorun og krafð-

ist síðan gjaldþrotaskipta á búi hans, en afturkallaði gjaldþrotabeiðnina gegn loforði um greiðslu. Í júní 1990 fékk stefnandi fjárnám fyrir kröfunni í fasteigninni Blikanesi 13, Garðabæ, sem var mjög veðsett og einnig talin eign eiginkonu Sigurjóns samkvæmt kaupmála. Var fjárnáminu áfrýjað til Hæstaréttar 14. september 1990 til ógildingar. Samþykkti stefnandi ómerkingu fjárnámsins, sem Hæstiréttur felldi síðan úr gildi með dómi 22. mars 1991. Stefnandi fullyrðir, að meðan á þessum innheimtutilraunum hafi staðið, hafi af hálfu Sigurjóns aldrei verið höfð uppi mótmæli um gildi kröfunnar eða aðild að henni.

Sigurjón Ragnarsson hafði ásamt þrettán öðrum veðhöfum í Pósthússtræti 11 (Hótel Borg) keypt eignina á nauðungaruppboði 9. janúar 1989. Nam eignarhluti Sigurjóns í eigninni 7,17%. Voru áhvílandi veðbönd á eigninni afmáð lögum samkvæmt. Hinn 26. mars 1991 fékk stefnandi svo komið fram fjárnámi á grundvelli margnefndrar áskorunarstefnu á Sigurjón Ragnarsson í eignarhlutum hans í Pósthússtræti 11 (Hótel Borg) og Einholti 2, Reykjavík. Fjárnámsgerðinni var þinglýst á fasteignirnar. Krafa stefnanda var því tryggð með 1. veðrétti í eignarhlutum Sigurjóns í framangreindum fasteignum.

Eftir að uppboðsafsal hafði verið gefið út fyrir Hótel Borg, var þinglýst afsali til Reykjavíkurborgar, sem hafði keypt eignina af Sigurjóni og sameigendum hans. Við þinglýsingu þess var gerð athugasemd um hið áhvílandi þinglýsta fjárnám, sem kaupandi krafði síðan seljendur um, að yrði aflétt.

Framkvæmd áðurgreinds fjárnáms var kærð til Hæstaréttar með kröfu um ógildingu fjárnámsins, en kröfum kæranda var hafnað og vísað frá með dómum réttarins 3. maí og 22. nóvember 1991. Segir í síðarnefndum dómi Hæstaréttar, að krafa um, að fjárnám verði fellt úr gildi, sæti ekki kæru. Skaut Sigurjón þá fjárnáminu til Hæstaréttar til ógildingar með áfrýjunarstefnu 7. febrúar 1992. Sætti málið kærumeðferð í Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Sendi stefnandi Hæstarétti greinargerðir í málinu í ágúst 1992 með kröfu um frávísun málsins frá Hæstarétti.

Hinn 8. maí 1991 hafði lögmaður Sigurjóns, Steingrímur Þormóðsson hdl., komið til lögmanns stefnda, Benedikts Guðbjartssonar hdl., og beðið hann að staðfesta, að krafan á Sigurjón Ragnarsson samkvæmt víxlunum þremur og hinni framseldu áskorunarstefnu hefði verið gerð upp við bankann með kaupum á veðskuldabréfum af Helga Þór Jónssyni. Benedikt gaf út og afhenti honum svofellda yfirlýsingu f. h. lögfræðingadeildar Landsbanka Íslands, dags. 8. maí 1991:

„Vegna framsals Landsbanka Íslands, dags. 2. 9. '87 á áskorunarstefnu,

sem út gefin var 8. 1. 1987 af Landsbanka Íslands á hendur Sigurjóni Ragnarssyni, nnr. 7967-3005, Austurstræti 20, Reykjavík, vegna þriggja víxla, hvers að fjárhæð 500.000 kr., sem Sigurjón hafði samþykkt til greiðslu og út gefnir voru af Helga Þ. Jónssyni, skal fram tekið, að lögmaður nefnds Helga Þ. Jónssonar, Pétur Þór Sigurðsson hdl., leysti til sín fjárkröfuna, sem gerð var upp við bankann með kaupum á veðskuldabréfum í eigu Helga Þ. Jónssonar. Víxlarnir voru upphaflega keyptir af Helga Þ. Jónssyni. Þetta staðfestist hér með."

Lét lögmaður Sigurjóns stefnanda vita um yfirlýsinguna 10. maí 1991. Fór stefnandi síðan á fund Benedikts með kröfu um leiðréttingu, með því að rangt væri í yfirlýsingunni, að bankinn hefði keypt víxlana af Helga Þór og stefnandi leyst til sín fjárkröfuna, sem gerð hefði verið upp við bankann með kaupum á veðskuldabréfum í eigu Helga Þórs.

Samkvæmt kröfu stefnanda lét Benedikt honum í té leiðréttingu f. h. lögfræðingadeildar Landsbanka Íslands, dags. 16. maí 1991, svohljóðandi: „Að athuguðu máli skal upplýst, að í ofangreindri yfirlýsingu er rangt frá greint, að Landsbanki Íslands hafi keypt ofangreinda víxla. Þeir voru afhentir til tryggingar viðskiptum Helga Þ. Jónssonar. Skuld þá, sem þeim var ætlað að tryggja, greiddi lögmaður Helga Þ. Jónssonar og kostnað vegna dómtöku máls út af víxlunum og fékk því kröfuna framselda til sín."

Gerði stefnandi ekki athugasemdir við leiðréttingu Benedikts, þó að þar væri ranghermt, að lögmaður Helga Þórs hefði greitt þá skuld, sem víxlunum var ætlað að tryggja, og lagði báðar yfirlýsingar Benedikts fram í Hæstarétti ásamt greinargerð sinni í framangreindu hæstaréttarmáli nr. 452/1991, sem vísað var frá Hæstarétti 22. nóvember 1991, af því að krafa um ógildingu fjárnáms sætti ekki kæru.

Um miðjan september 1992 fékk stefnandi svo greinargerð af hálfu Sigurjóns vegna málskots hans á fjárnáminu til Hæstaréttar 7. febrúar s. á. Reisti Sigurjón Ragnarsson þar kröfu sína um ógildingu fjárnámsins á tveimur málsástæðum, þ. e., að stefnandi væri ekki eigandi kröfunnar samkvæmt áskorunarstefnunni, heldur Helgi Þór, og að fjárkrafan hefði verið gerð upp við bankann með kaupum á veðskuldabréfum í eigu Helga Þórs. Fylgdi greinargerð Sigurjóns m. a. fyrrnefnd yfirlýsing Benedikts E. Guðbjartssonar hdl. frá 8. maí 1991. Sendi stefnandi Hæstarétti athugasemdir sínar, dags. 22. september 1992. Mótmælti hann öllum staðhæfingum kæranda sem röngum. Fylgdi athugasemdum stefnanda m. a. leiðrétting Benedikts Guðbjartssonar hdl. frá 16. maí 1991 við yfirlýsinguna frá 8. maí 1991.

Stefndi hefur áréttað, að í greinargerð stefnanda til Hæstaréttar hafi ekkert verið minnst á ranghermin í yfirlýsingum Benedikts né hafi stefnandi lagt

fyrir Hæstarétt sönnun um eignaraðild sína að fjárnámskröfunni eða að áskorunarstefnan hefði verið framseld sér sem eiganda, en ekki umboðsmanni Helga Þórs.

Hinn 7. október 1992 barst stefnanda viðbótargreinargerð af hálfu Sigurjóns Ragnarssonar. Fylgdi henni yfirlýsing, út gefin 2. október 1992 af Benedikt f. h. Landsbanka Íslands, lögfræðingadeildar, svohljóðandi: „Það staðfestist hér með, að undirritaður lögmaður framseldi fyrir hönd Landsbanka Íslands áritaða áskorunarstefnu í málinu: Landsbanki Íslands gegn Sigurjóni Ragnarssyni, nnr. 7967-3005, Austurstræti 20, Reykjavík, sem árituð var 2. 2. 1987, vegna þriggja víxla, hvers að fjárhæð 500.000 kr., með gjalddögum 1. 5. 1986, 17. 5. 1986 og 1. 6. 1986, til lögmannsins Péturs Þórs Sigurðssonar hdl. vegna Helga Þórs Jónssonar, nnr. 5978-7489, Grænuhlíð 17, Reykjavík. Ofangreindir víxlar voru greiddir með kaupum á veðskuldabréfi af Helga Þór Jónssyni, en um leið voru nokkrar aðrar viðskiptaskuldir hans gerðar upp."

Jafnframt fylgdu viðbótargreinargerðinni af hálfu Sigurjóns ljósrit af kaupnótu bankans fyrir skuldabréfakaupum hans af Helga Þór Jónssyni og tryggingarbréfinu fyrir handveðssetningu víxlanna. Gerði lögmaður Sigurjóns m. a. svofellda grein fyrir gögnum sínum í viðbótargreinargerðinni:

„3. Ljósrit af gagni, sem afhent var í dag af Benedikt Guðbjartssyni hdl., sem að sögn Benedikts sýnir þau skuldabréf, sem síðar urðu greiðsla Helga Þórs Jónssonar til bankans vegna ofangreindra víxla.

4. Ljósrit af tryggingarbréfi, þar sem víxlarnir eru m. a. tilgreindir. Tekið skal fram, að Benedikt segir, að víxlarnir hafi síðar verið keyptir af bankanum af Helga Þór Jónssyni og færslutölur á víxlunum vitni um það."

Í viðbótargreinargerðinni af hálfu Sigurjóns var því sem áður haldið fram, að stefnandi væri ekki eigandi fjárnámskröfunnar, og á það bent, að ekki hefði verið lagt fram í málinu neitt framsal frá Helga Þór Jónssyni til stefnanda. Þá var byggt á því, að Helgi Þór hefði greitt víxlana að baki áskorunarstefnunni.

Stefnandi mun ekki hafa sent Hæstarétti andmæli eða athugasemdir við viðbótargreinargerðina. Hins vegar sendi stefnandi starfsmanni stefnda, Benedikt Guðbjartssyni hdl., áskorun um að leiðrétta nú þegar niðurlagið í yfirlýsingu Benedikts frá 2. október 1992 um greiðslu víxlanna með kaupum á veðskuldabréfi af Helga Þór að viðlagðri ábyrgð Landsbankans, kæmi til þess, að stefnandi yrði fyrir réttarspjöllum af völdum yfirlýsingar Benedikts. Fékk Benedikt yfirlýsinguna 8. október 1992. Hafði Benedikt ekki svarað bréfinu, er Hæstiréttur ógilti fjárnámsgerðina með dómi viku síðar, 15. október 1992. Segir m. a. svo í dómsforsendum:

„Þegar atvik máls eru virt, svo sem umsvifamikil lögfræðistörf varnaraðila fyrir Helga Þór Jónsson, greiðslustöðvun hins síðarnefnda, ofangreind yfirlýsing Landsbankans frá 2. október 1992, viðskipti hans sem lögmanns varðandi kröfukaup og að skuldbindingar samkvæmt áskorunarstefnunni voru greiddar „með kaupum á veðskuldabréfi af Helga Þór Jónssyni", þykir á skorta, að varnaraðili hafi fært fyrir því fullnægjandi rök, að hann hafi ekki komið fram sem umboðsmaður Helga Þórs Jónssonar við framsal áskorunarstefnunnar þrátt fyrir orðalag á því.

Fallist er þannig á það með sóknaraðila, að aðfarargrundvöllur áskorunarstefnunnar hafi verið niður fallinn, er hin kærða fjárnámsaðgerð fór fram. Ber því að fella hana úr gildi."

Stefnandi taldi stefnda eiga sök á því, að Hæstiréttur felldi fjárnámið úr gildi, þar sem ógildingin hefði algerlega byggst á yfirlýsingu lögmanns stefnda, Benedikts E. Guðbjartssonar hdl., frá 2. október 1992. Krafði stefnandi bankann um leiðréttingu og skaðabætur, þar sem hann hefði fengið víxilkröfurnar framseldar af Helga Þór sem greiðslu upp í þóknun fyrir lögfræðistörf. Varð samkomulag um að leita umsagnar hæstaréttarlögmannanna Tryggva Gunnarssonar og Viðars Más Matthíassonar um hugsanlega skaðabótaskyldu stefnda. Varð niðurstaða lögmannanna sú, „að ekki sé hægt að slá því föstu með fullri vissu, hvaða þýðingu yfirlýsingin frá 2. október 1992 hefur í forsendum dóms Hæstaréttar í málinu nr. 61/1992", en færa megi þó sterk rök fyrir því, að efni hennar vegi þar þungt. Þá töldu lögmennirnir, að ef stefnandi gæti sýnt fram á, að hann hefði fengið kröfurnar, er áskorunarstefnan bar með sér, sem greiðslu á þóknun og öðlast fullnustu að nokkru eða öllu við nauðungarsölu á fjárnámsandlögunum, væri fullkomin ástæða til að ætla, að dómstólar myndu fallast á skaðabótakröfur hans á hendur stefnda að því marki, sem hann hefði fengið fullnustu á kröfunni á grundvelli fjárnámsins. Ítrekaði stefnandi bótakröfu sína með bréfi til bankans, dags. 30. júlí 1993. Lagði stefnandi með bréfinu fram svohljóðandi yfirlýsingu sína og Helga Þórs Jónssonar, dags. sama dag, 30. júlí 1993:

„Við undirritaðir, Helgi Þór Jónsson, kt. 251043-3969, og Pétur Þór Sigurðsson hdl., gefum nú í sameiningu þá yfirlýsingu, að við staðfestum, að við gerðum með okkur eftirgreint óformlegt samkomulag í byrjun júlí 1987: 1. Að Helgi framseldi til mín dómkröfur þær, sem hann átti, m. a. á hendur Sigurjóni Ragnarssyni, en hafði sett Landsbanka Íslands að handveði, kæmi til þess, að bankinn léti kröfurnar af hendi. Þar sem bankinn var formlegur dómhafi, skyldi hann framselja kröfurnar beint til mín. 2. Að framsal þessara krafna skyldi vera greiðsla upp í þóknun Péturs fyrir lögfræðistörf, sem

hann hafði þá þegar innt af hendi fyrir Helga. 3. Að þar sem vitað var, að skuldarar að kröfunum voru nánast ógjaldfærir og kröfurnar því líklega ónýtar, enda besta sönnun þess, léti Landsbankinn þær af hendi, var litið á þetta sem óvissa greiðslu upp í þóknunina til Péturs. Allt framangreint staðfestum við hér með sem rétt með undirritun okkar."

Ítrekaði stefnandi enn kröfur sínar í bréfi 15. janúar 1994, og í maí 1994 hafnaði stefndi þeim með vísan til umsagnar lögmanns bankans, Stefáns Pétursson hrl.

Með umsókn 20. maí 1994 beiddist stefnandi endurupptöku hæstaréttarmálsins nr. 61/1992, þ. e. málsins, þar sem Hæstiréttur hafði ógilt fjárnámið með dómi réttarins 15. október 1992 (H. 1992, 1627). Samþykkti Hæstiréttur endurupptöku málsins með þeim rökum, að leiddar hefðu verið sterkar líkur að því, að gögn, sem fyrst hefðu komið fram á lokastigi málsins, hefðu ekki gefið rétta mynd af atvikum, sem réðu öðru fremur úrslitum um niðurstöðu þess. Yrði að telja stefnanda hafa fært fyrir því nægjanleg rök, að hann kynni að hafa stórfellda hagsmuni af því, að málið verði af þessum sökum tekið að nýju til meðferðar og dómsuppsögu fyrir Hæstarétti.

Hæstiréttur tók enga afstöðu til dómkrafna stefnanda né grundvallar að fjárnáminu, heldur vísaði málinu frá Hæstarétti með svofelldum rökstuðningi, sbr. dóm réttarins 23. mars 1995 (H. 1995, 802):

„Af hálfu sóknaraðila er þess nú krafist aðallega, að synjað verði um framgang fjárnámsgerðar í 7,17% eignarhluta sóknaraðila í Pósthússtræti 11, Reykjavík, í eignarhlutum hans í fyrstu og annarri hæð í eystri enda fasteignarinnar Einholts 2 í Reykjavík. Til vara krefst hann þess, að gerðin verði ómerkt og felld úr gildi. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Varnaraðili krefst þess, að kröfum sóknaraðila verði hafnað, til vara, „að staðfest verði, að hefði yfirlýsing Landsbanka Íslands, dags. 2. október 1992, ekki komið til, hefði kröfum sóknaraðila verið hafnað", til þrautavara, „að viðurkennt verði með dómi, að aðfarargrundvöllur sá, sem hin kærða fjárnámsgerð var byggð á, sé í fullu gildi". Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Aðilar eru um það sammála, að fasteignirnar, sem voru andlag fjárnámsins, er áfrýjað var 7. febrúar 1992, séu ekki lengur í eigu sóknaraðila og ekki unnt að framfylgja því með uppboðsgerð. Sóknaraðili hefur þannig ekki lengur lögvarða hagsmuni af því að fá hnekkt fjárnámi varnaraðila, og ber að vísa málinu frá Hæstarétti. Mál aðila er þá í því horfi, að dómur Hæstaréttar frá 15. október 1992 hefur verið felldur úr gildi. Hefur þá engin afstaða verið tekin til grundvallar þess, sem fjárnámið hvíldi á."

Reisir stefnandi skaðabótakröfu sína á hendur stefnda á því, að starfs-

maður stefnda, Benedikt E. Guðbjartsson hdl., hafi með hinni röngu yfirlýsingu sinni 2. október 1992 valdið því, að Hæstiréttur hafi með dómi réttarins 15. október 1992 (H. 1992, 1627) fellt úr gildi fjárnámið í Pósthússtræti 11 og Einholti 2, Reykjavík, fyrir kröfu stefnanda á hendur Sigurjóni Ragnarssyni samkvæmt hinni framseldu og aðfararhæfu áskorunarstefnu með þeim afleiðingum, að stefndi fékk ekki fullnustu kröfu sinnar, sem hann hefði ella fengið, og tapaði kröfunni endanlega við gjaldþrot Sigurjóns 10. mars 1995, en búið hafi verið eignalaust.

Ritaði stefnandi stefnda bréf, dags. 24. mars 1995, þar sem hann ítrekaði bótakröfu sína og lýsti sjónarmiðum sínum. Var stefnanda tilkynnt með bréfi Stefáns Pétursssonar hrl., dags. 14. júní 1995, að kröfum hans væri hafnað.

Fyrir dóminn hafa komið til munnlegrar skýrslugjafar auk stefnanda áðurgreindir Benedikt E. Guðbjartsson og Helgi Þór Jónsson.

3.0.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst hafa verið eigandi þeirrar kröfu, er fjárnám var gert fyrir í eignarhlutum skuldara í Hótel Borg og fleiri eignum. Afstaða fyrri eiganda kröfunnar sé afdráttarlaus þar um, sem komi bæði fram í yfirlýsingu hans og skýrslum um tilgreiningu eigna í júní og ágúst 1987. Þá hafi afstaða stefnda sem hins formlega framseljanda kröfunnar ekki síður úrslitaáhrif þar um. Áritunin um framsal á dómsígildið sé ótvíræð, enda framsalsyfirlýsingin ekki ein og sér látin duga, heldur sé og bætt við, að framsalshafi, stefnandi máls þessa, skuli njóta allra réttinda, sem framseljandi eigi. Þá sé einnig á þetta lögð sérstök áhersla í niðurlagi annarrar yfirlýsingar starfsmanns stefnda, sem hafi verið gefin „að athuguðu máli", því að sérstaklega sé þar tekið fram, að stefnandi hafi fengið kröfuna „framselda til sín".

Stefnandi kveður fjárnámið, sem hafi verið þinglýst á 1. veðrétt eignarhlutanna, hafa tryggt kröfu stefnanda að fullu og öllu. Afstaða kaupanda Hótel Borgar hafi verið afdráttarlaus til þess, að af kaupverði heildareignarinnar yrði fé ráðstafað til uppgreiðslu kröfunnar, yrði fjárnáminu ekki aflýst. Með yfirlýsingu skuldara og eiginkonu hans hafi verið af þeirra hálfu fallist á, að þeirra hlut yrði ráðstafað til greiðslu kröfunnar. Hefði komið til uppboðs eignarhlutanna, sé ljóst, að andvirði þeirra hefði og dugað til uppgreiðslu kröfunnar. Þegar fjárnámsgerðin hafi verið felld úr gildi með fyrri hæstaréttardóminum 15. október 1992, hafi ekki aðeins tapast hin fullkomna trygging fyrir kröfunni, heldur hafi og krafa stefnanda á hendur skuldara verið niður fallin. Ekki hafi því verið unnt að ganga að öðrum

hugsanlegum eignum skuldara. Á grundvelli dómsins hafi fjárnáminu verið aflýst og kaupandi Hótel Borgar, sem hefði fengið þinglýst afsali sínu, innt greiðslur kaupverðsins af hendi, m. a. til skuldara kröfunnar. Þegar síðari dómurinn hafi gengið 23. mars 1995, hafi fyrri andlög ekki verið lengur í eigu skuldarans og því ekki unnt að ganga að þeim. Skuldarinn hefði að auki verið úrskurðaður gjaldþrota að kröfu stefnda 10. mars 1995. Samkvæmt upplýsingum bústjóra sé búið eignalaust.

Krafa stefnanda á hendur skuldara sé því með öllu töpuð. Tjón stefnanda miðað við 15. október 1992 nemi þeirri fjárhæð, sem þá hafi verið tryggð með fullnægjandi hætti á grundvelli dómsgerðar, fjárnámsgerðarinnar, sem nú standi óhögguð sem slík, eftir hinn síðari hæstaréttardóm í málinu.

Ástæða sé til að minna á, að það sé meðal annars skilyrði fyrir því, að leyfi Hæstaréttar fáist fyrir því, að einkamál, sem þar hefur verið dæmt, verði tekið til meðferðar og dómsuppsögu að nýju, að stórfelldir hagsmunir aðilans séu í húfi. Það sé því augljóst, þegar Hæstiréttur leyfði endurupptöku málsins, að hann hafi metið málsgögn svo, að það væru stórfelldir hagsmunir stefnanda sjálfs, sem væru í húfi, en ekki einhvers annars. Með hinum síðari dómi í málinu hafi Hæstiréttur staðfest þetta mat sitt, þrátt fyrir það að ofuráhersla hafi verið á það lögð í málinu af hálfu skuldara og lögmanna hans að gera stefnanda tortryggilegan og hamra á því, að hann ætti ekki þá kröfu, er hann krefði um greiðslu á. Á það skuli og minnt, að endurupptaka þessa einkamáls sé einsdæmi í íslenskri réttarsögu.

Stefnandi miðar við það í málinu, að bótaskyldu stefnda leiði af þeirri almennu óskráðu reglu skaðabótaréttarins, sem kölluð hefur verið vinnuveitendaábyrgð eða húsbóndaábyrgð og felist í því, að vinnuveitandi beri ábyrgð á tjóni, sem starfsmenn hans valdi með ólögmætum og saknæmum hætti. Í máli þessu sé stefndi vinnuveitandinn og Benedikt E. Guðbjartsson hdl. starfsmaðurinn.

Sök starfsmannsins hafi verið sú að gefa hina röngu yfirlýsingu 2. október 1992, er leitt hafi til þess tjóns stefnanda, sem krafið sé um bætur fyrir í máli þessu. Til sönnunar þessu sé vísað til framangreinds, fram lagðra gagna og einkum dóms Hæstaréttar 23. mars 1995. Sök starfsmannsins sé reyndar ekki aðeins sú að gefa hina röngu yfirlýsingu, heldur hafi verið og frá honum komin gögn úr fórum stefnda, sem hafi átt að styrkja sannleiksgildi yfirlýsingarinnar, og hafi þau verið lögð fram í Hæstarétti í því skyni. Hefði ekki komið til þessa af hálfu starfsmannsins, hefði ekkert haggað fjárnámsgerðinni, og stefnandi hefði fengið fullnustu kröfu sinnar.

Vegna ágætrar menntunar sinnar, sérþekkingar og reynslu hefði starfsmaðurinn átt að gjörþekkja skráðar sem óskráðar lagareglur á því sviði,

sem hér væri um að tefla, og því hefði honum mátt vera alveg ljóst, hvaða þýðingu yfirlýsing hans hefði og afhending gagna í nafni stefnda. Þrátt fyrir þetta hefði starfsmaðurinn ekki orðið við sérstakri áskorun stefnanda um leiðréttingu, áður en dómur gekk, sem hefði afstýrt tjóninu. Hann hefði þó áður leiðrétt hina fyrstu röngu yfirlýsingu sína, dags. 8. maí 1991, að kröfu stefnanda með yfirlýsingu sinni, dags. 16. maí 1991, sem stefnandi hafi getað sætt sig við.

Stefnandi segir, að í gögnum málsins sé vikið að fjárhagslegum tengslum starfsmannsins við skuldara kröfunnar í því skyni að leita skýringa á athöfnum hans. Á það megi og benda, að stefndi hafi getað haft af því mikla hagsmuni, að fjárnámi stefnanda í eignarhlutum Sigurjóns Ragnarssonar yrði hnekkt. Sem sameigandi að þeim eignum, er fjárnámið hafi verið gert í, hafi stefndi haft vitneskju um þau verðmæti í eigu Sigurjóns og haft hagsmuni af því sjálfur að leita fullnustu þar í fyrir ótryggðum kröfum sínum á hendur honum. Hverjar svo sem hvatir starfsmannsins hafi verið, hvort sem það hafi verið vegna eigin hagsmuna eða húsbónda hans, verði þó ekki annað séð en hann hafi haft alveg einstaklega hertan ásetning til að hafa þau áhrif á niðurstöðu málsins fyrir Hæstarétti, að krafa stefnanda á hendur Sigurjóni Ragnarssyni félli niður. Fráleitt sé að líta svo á, að einhverjar sérstakar ástæður réttlæti skaðaverk starfsmannsins og það hafi því tvímælalaust verið ólögmætt.

Með vísan til alls framangreinds og gagna málsins sé það og hafið yfir allan vafa, að tjón stefnanda hafi verið sennileg afleiðing af gjörðum starfsmannsins í vinnutímanum í nafni stefnda.

Stefnandi vísar til almennra reglna skaðabótaréttarins. Hann reisir kröfuna um dráttarvexti á III. kafla laga nr. 25/1987 og málskostnaðarkröfuna á XXI. kafla laga nr. 91/1991.

4.0.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi segir, að þar sem dómkrafa stefnanda á hendur stefnda sé skaðabótakrafa utan samninga og í raun sé um að ræða ætlaða tapaða greiðslu á þóknun fyrir lögfræðistörf, beri stefnandi óskipta sönnunarbyrði um ætlað tjón og orsakatengsl samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttarins, þ. á m. um eignaraðild sína að hinni framseldu áskorunarstefnu á Sigurjón Ragnarsson. Sé ætlað tjón stefnanda ósannað, en hann hafi ekkert sannað um hina lögfræðilegu þóknun né að hann hafi fengið greiðslu á þóknuninni með framsali á víxilkröfunum á Sigurjón Ragnarsson. Fari stefnandi eingöngu eftir fullyrðingum í þessu efni.

Stefndi reisir dómkröfur sínar einkum á eftirfarandi málsástæðum:

1. Að ósönnuð sé tilvist og umfang ætlaðrar lögfræðiþóknunar, sem eigi að hafa tapast við það, að greiðsla þóknunarinnar með víxilkröfunum á hendur Sigurjóni Ragnarssyni glataðist, og að ekki sé sannað, að stefnandi hafi fengið greidda lögfræðiþóknun og eignast hina umþrættu kröfu á Sigurjón Ragnarsson með kröfuframsali, svo sem stefnandi haldi fram. Leiði þetta til sýknu í báðum tilvikum.

2. Að ekki sé sannað, að yfirlýsing Benedikts Guðbjartssonar hdl. frá 2. október 1992 hafi öðru fremur valdið niðurstöðu dóms Hæstaréttar 15. október 1992 um ógildingu fjárnámsgerðarinnar. Séu því ósönnuð fullnægjandi orsakatengsl milli ætlaðs skaðaverknaðar og tjóns, þannig, að leitt geti til skaðabótaábyrgðar. Leiði það sömuleiðis til sýknu.

3. Að stefnandi eigi sjálfur sök á tjóni sínu, hafi hann orðið fyrir tjóni, með vanrækslu við réttargæslu í þeim þætti hæstaréttarmálsins nr. 61/1992, sem hafi lokið með dómi réttarins 15. október 1992. Leiði þetta einnig til sýknu eða a. m. k. til stórlækkunar á bótakröfum.

4. Að ósönnuð sé tilvist og umfang lögmannsþóknunar stefnanda, sem eigi að hafa tapast við það, að krafan á Sigurjón Ragnarsson glataðist við ógildingu fjárnámsins. Ætlað raunverulegt tjón stefnanda sé því ósannað, og leiði það til sýknu. Þá sé ekki sannað, að fengist hefði fullnusta á stefnukröfunum, 8.746.319 kr., af fjárnámsandlögunum í Pósthússtræti 11 og Einholti 2, Reykjavík, við nauðungarsölu á þessum fjárnámsandlögum, þó að fjárnámið hefði ekki verið ógilt. Leiði það í öllu falli til lækkunar á stefnukröfunum.

Til stuðnings þeim málsástæðum, sem nefndar eru í fyrsta lið, bendir stefndi á, að óumdeilt sé, að Helgi Þór Jónsson hafi verið eigandi víxilkröfunnar á Sigurjón Ragnarsson. Hafi Helgi Þór falið stefnda kröfuna til innheimtu og sett hana síðan stefnda að handveði. Hafi stefndi fengið í eigin nafni áritaða áskorunarstefnu eða dómsígildi fyrir kröfunni 2. febrúar 1987. Þá hafi orðið málaferli út af fjárnámi fyrir henni, sem skotið hafi verið til Hæstaréttar, þar sem m. a. hafi verið byggt á því af hálfu skuldara, að stefnandi ætti ekki kröfuna. Hvorki við framsal stefnda á dómsígildinu til stefnanda né í málarekstrinum í Hæstarétti hafi stefnandi upplýst neitt um skipti á eignaraðild að kröfunni, þótt tilefni væri til. Á hinn bóginn hafi stefnandi kvittað 2. september 1987 um viðtöku kröfunnar úr hendi stefnda fyrir hönd Helga Þórs Jónssonar, en fengið áskorunarstefnuna samkvæmt beiðni framselda á sitt nafn til hagræðis við innheimtu hennar, en ekki vegna eigendaskipta á henni. Hafi stefnandi ekkert minnst á eigendaskipti að kröfunni við stefnda. Þá hafi stefnandi framselt áskorunarstefnuna samdægurs

lögmönnum í Kópavogi með sams konar framsalsáritun og hann hafi fengið frá stefnda til tryggingar greiðslu skuldar Helga Þórs Jónssonar, sem þar var í innheimtu, og síðan fengið stefnuna til baka með sams konar framsali. Sé um innheimtuframsöl að ræða í öllum tilvikum, sem sanni ekkert um eigendaskipti að kröfunni eða um greiðslu á henni.

Þá sé stefnandi í raun að krefja stefnda um bætur fyrir ætlaða tapaða þóknun fyrir „umsvifamikil lögfræðistörf fyrir Helga Þór Jónsson". Hafi stefnanda verið lögskylt að gefa út þóknunarreikninga fyrir störf þessi, ef um hafi verið að ræða, og reikningsfæra í bókhaldi sínu og telja fram til skatts eigi síðar en við greiðslu þóknunarinnar, sem einnig hafi átt að bókfæra.

Engin formleg greiðsluyfirlýsing eða framsalsyfirlýsing fyrir framsali víxilkröfunnar á Sigurjón Ragnarsson frá Helga Þór til stefnanda hafi hins vegar farið fram í júlí 1987, þegar greiðsla á þóknun stefnanda eigi að hafa farið fram með kröfuframsali, né hafi stefnandi þá eða síðar gefið út nokkra kvittun fyrir greiðslu á hinni ætluðu lögfræðiþóknun, og ekki hafi þóknunin né krafa á Sigurjón Ragnarsson nokkru sinni verið bókfærð í bókhaldi stefnanda. Þá hafi stefnandi aldrei tíundað kröfuna eða þá þóknun fyrir lögfræðiþjónustu, sem hann segi hafa verið greidda með henni, til skatts og ekki heldur, þegar hann hafi talið sig hafa fengið fulla tryggingu fyrir henni með fjárnáminu í Hótel Borg. Ekki hafi stefnandi heldur gefið út neina þóknunarreikninga til Helga Þórs fyrir þá lögfræðiþjónustu, sem haldið sé fram, að hafi verið greidd með framsali á víxilkröfunni til stefnanda. Hafi stefnandi heldur aldrei lagt fram, meðan á málaferlunum stóð út af fjárnáminu, nein gögn úr bókhaldi til sönnunar máli sínu þrátt fyrir áskoranir þar um.

Samkvæmt dómi Hæstaréttar 15. október 1992 (H. 1992, 1627) um ógildingu fjárnámsins hafi Hæstiréttur talið, að stefnandi hafi ekki „fært fyrir því fullnægjandi rök, að hann hafi ekki komið fram sem umboðsmaður Helga Þórs Jónssonar við framsal áskorunarstefnunnar þrátt fyrir orðalag á því", eins og segir í dóminum. Sé það þá fyrst, þegar höfð sé uppi skaðabótakrafa á hendur stefnda, að stefnandi og skjólstæðingur hans gefi út yfirlýsingu, dagsetta 30. júlí 1993, um eignayfirfærslu á kröfunni frá Helga Þór til stefnanda, sem hafi átt að fara fram sex árum fyrr og þá skömmu áður en Helgi Þór hafi fengið greiðslustöðvun. Þegar það sé virt, sem rakið sé að framan, og hafðir í huga hagsmunir þeirra félaga, verði yfirlýsing þeirra 30. júní 1993 að teljast harla ótrúverðug og ekkert sönnunargildi hafa.

Þá hafi það ekkert sönnunargildi, að í yfirlitunum tveimur um eigna- og skuldastöðu Helga Þórs Jónssonar 30. júní 1987 og 31. ágúst 1987, sem hafi

fylgt beiðni stefnanda fyrir hönd Helga um greiðslustöðvun, sé getið víxilkrafna á Sigurjón Ragnarsson og Sælgætisgerðina Völu sf. í fyrra yfirlitinu, en ekki í hinu síðara, enda víxilkröfunum á Sigurjón Ragnarsson ráðstafað til lögmanna í Kópavogi til tryggingar á skuld Helga Þórs, sem þar var í innheimtu, og væntanlega hafi eitthvað svipað verið uppi á teningnum með víxilkröfuna á Sælgætisgerðina Völu sf.

Loks verði að andmæla sérstaklega þeim misskilningi stefnanda, að í heimild til endurupptöku hæstaréttarmálsins nr. 61/1992 um ógildingu fjárnámsins felist viðurkenning Hæstaréttar á eignaraðild stefnanda að hinni árituðu áskorunarstefnu á Sigurjón Ragnarsson, þ. e. grundvelli fjárnámsins, og að Hæstiréttur fullyrði, að stórfelldir hagsmunir stefnanda sjálfs séu í húfi. Hæstiréttur fullyrði ekkert um þetta, heldur segi aðeins, að stefnandi hafi fært fyrir því nægileg rök, að hann kunni að hafa stórfellda hagsmuni af endurupptöku málsins, og taki síðan berum orðum fram í dómi sínum, að engin afstaða sé tekin til „grundvallar þess, sem fjárnámið hvíldi á", þ. e. til áskorunarstefnunnar og eignaraðildar stefnanda að kröfum samkvæmt henni. Að öllu samanlögðu fari því þannig fjarri, að stefnandi hafi sannað, að hann hafi orðið fyrir tjóni.

Til stuðnings þeim málsástæðum, sem nefndar eru í öðrum lið að framan, bendir stefndi á, að það sé grundvallarregla í skaðabótarétti, að til stofnunar skaðabótaábyrgðar á hendur manni þurfi ætlaður verknaður hans að vera höfuðorsök þess, að tjónið varð. Því sé ekki svo farið hér.

Í dómi Hæstaréttar í endurupptökumálinu 23. mars 1995 (H. 1995, 802) segir svo: „Með dómi Hæstaréttar 15. október 1992 var hin kærða aðfarargerð felld úr gildi. Var niðurstaða dómsins á því byggð, að aðfarargrundvöllur áskorunarstefnunnar hefði verið niður fallinn, er hin kærða fjárnámsgerð fór fram. Var þá meðal annars litið til yfirlýsingar lögfræðideildar Landsbanka Íslands frá 2. október 1992."

Samkvæmt þessu hafi yfirlýsingin frá 2. október 1992 ekki verið höfuðástæða niðurstöðu réttarins um, að aðfarargrundvöllur áskorunarstefnunnar hafi verið niður fallinn, heldur hafi aðeins verið litið til hennar meðal annarra atriða, er réðu niðurstöðunni. Séu þessi önnur atriði rakin í forsendum dóms Hæstaréttar 15. október 1992, en þau séu: 1. Umsvifamikil lögfræðistörf stefnanda fyrir Helga Þór Jónsson. 2. Greiðslustöðvun Helga Þórs 2. september 1987, daginn, sem framsalið frá stefnda til stefnanda hafi farið fram á áskorunarstefnunni á Sigurjón Ragnarsson. 3. Viðskipti stefnanda sem lögmanns varðandi kröfukaup. 4. Skortur á rökum fyrir því, að stefnandi hafi ekki verið umboðsmaður Helga Þórs við framsal áskorunarstefnunnar.

Telji Hæstiréttur, að vegna allra þessara atriða og „að skuldbindingar samkvæmt áskorunarstefnunni voru greiddar með kaupum á veðskuldabréfi af Helga Þór Jónssyni“, eins og segi í yfirlýsingunni frá 2. október, 1992, skorti á, að stefnandi „hafi fært að því fullnægjandi rök, að hann hafi ekki komið fram sem umboðsmaður Helga Þórs Jónssonar við framsal áskorunarstefnunnar þrátt fyrir orðalag á því. Fallist er á það með sóknaraðila, að aðfarargrundvöllur áskorunarstefnunnar hafi verið niður fallinn, er hin kærða fjárnámsgerð hafi farið fram“. Yfirlýsing stefnda 2. október 1992 ráði hér greinilega ekki úrslitum, heldur sé aðeins eitt atriði af mörgum, sem litið hafi verið til, en hin atriðin, sem stefnda séu óviðkomandi, hafi riðið baggamuninn. Ráði bersýnilega úrslitum um niðurstöðuna, að stefnandi hafi ekki fært fullnægjandi rök að því, að hann hafi ekki verið umboðsmaður Helga Þórs við framsal áskorunarstefnunnar. Verði dómur Hæstaréttar ekki skilinn öðruvísi (H. 1992, 1627).

Sé þannig ósannað, að yfirlýsing stefnda 2. október 1992 hafi verið höfuðorsök þess, að Hæstiréttur felldi fjárnámið úr gildi. Séu þegar af þeim ástæðum ekki skilyrði til stofnunar skaðabótaábyrgðar á hendur stefnda.

Til stuðnings þeim málsástæðum, sem nefndar eru í þriðja lið að framan, bendir stefndi á, að það sé grundvallaratriði í hæstaréttarmálinu, að stefnandi hafi ekki fært þar fullnægjandi rök að því, að hann hafi ekki verið umboðsmaður Helga Þórs við framsal stefnda á áskorunarstefnunni til stefnanda. Það sé sú staðreynd, sem ráðið hafi úrslitum um þá niðurstöðu Hæstaréttar, að aðfarargrundvöllur áskorunarstefnunnar taldist niður fallinn, er fjárnámið fór fram, og að fjárnámið var fellt úr gildi. Eigi stefnandi sjálfur sök á því, að þannig fór, hvað sem líði yfirlýsingum stefnda.

Á þessum skorti á fullnægjandi rökum af hálfu stefnanda beri stefnandi einn ábyrgð. Hafi eðli kröfuframsalsins til hans verið vefengt af hálfu Sigurjóns Ragnarssonar frá upphafi málaferlanna um gildi fjárnámsins og því haldið fram, að Helgi Þór Jónsson eða þrotabú hans ætti kröfuna á Sigurjón en ekki stefnandi. Hafi stefnandi hverju sinni haft tækifæri til að leiða sönnur að því, að hann hafi ekki verið umboðsmaður Helga Þórs Jónssonar við framsal stefnda á áskorunarstefnunni til stefnanda, en það hafi hann ekki gert. Hafi honum þó sem löglærðum manni mátt vera ljóst, hverja þýðingu það gæti haft um málsúrslit. Þá verði ekki séð, að stefnandi hafi haft uppi við Hæstarétt nein viðbrögð við viðbótargreinargerðinni af hálfu Sigurjóns Ragnarssonar eða meðfylgjandi yfirlýsingu bankans frá 2. október 1992. Hafi stefnanda sem lögmanni þó mátt vera ljóst, að skjótra viðbragða væri þörf í því efni og það gæti leitt til réttarspjalla, ef engin andmæli kæmu fram. Eigi stefnandi þannig sjálfur sök á ætluðu tjóni sínu, hvað sem líði

mishermi í yfirlýsingum bankans, og verði að bera tjón sitt sjálfur eftir grundvallarreglum skaðabótaréttarins um eigin sök.

Til stuðnings þeim málsástæðum, sem nefndar eru í fjórða lið að framan, bendir stefndi á, að grundvöllurinn að baki skaðabótakröfu stefnanda sé ætluð töpuð lögmannsþóknun, sem ekkert sé sannað um. Sé því ekkert sannað um raunverulegt tap stefnanda, ef um sé að ræða, hvað þá, að það nemi stefnufjárhæðinni, 8.746.319 kr. Hafi krafan á Sigurjón Ragnarsson nánast verið verðlaus, þegar þóknun stefnanda eigi að hafa verið greidd með henni. Eigi stefnandi ekki bótarétt fyrir öðru og meira en svari þeirri þóknun, sem á sínum tíma hafi fengist greidd með hinni verðlausu kröfu á Sigurjón, hafi slík greiðsla farið fram.

Stefnandi hafi ekki heldur fært fram sönnur þess, að hann hefði fengið fullnustu af fjárnámsandlögunum í Pósthússtræti 11 og Einholti 2, Reykjavík, sem svari stefnukröfum í máli þessu, hefði fjárnámið ekki verið ógilt. Liggi ekkert mat fyrir um uppboðsandvirði eignarhlutanna. Geti ætlað tap stefnanda aldrei numið hærri fjárhæð en fengist hefði út úr fjárnámsandlögunum á nauðungaruppboði. Liggi fyrir, að stefnandi hafi sjálfur talið fjárnámsandlagið í Einholti 2, Reykjavík, lítils virði, en uppboðsverð á Pósthússtræti 11, Reykjavík, við sölu á nauðungaruppboði 9. janúar 1989 hafi numið 50.000.000 kr. eða sem svari 3.585.000 kr. miðað við 7,17% eignarhlut stefnanda. Verð við frjálsa sölu sé hins vegar óhæft til viðmiðunar. Beri þannig að stórlækka stefnukröfur, verði ekki sýknað í málinu.

Þá hafi upphafleg krafa á Sigurjón Ragnarsson aðeins numið 1.500.360 kr., en langstærstur hluti skaðabótakröfu stefnanda sé dráttarvextir og dráttarvaxtavextir. Geti höfuðstóll skaðabótakröfu stefnanda ekki numið hærri fjárhæð en svari þeirri lögmannsþóknun, sem greidd hafi verið með kröfunni á Sigurjón, og aldrei meiri en fengist hefði af fjárnámsandlögunum við nauðungarsölu. Dráttarvöxtum af dæmdum höfuðstól, ef til komi, sé andmælt frá fyrri tíma en dómsuppsögudegi, eins og mál þetta sé vaxið.

Að lokum mótmælir stefndi aðdróttunum stefnanda um, að Benedikt E. Guðbjartsson hdl. hafi vísvitandi reynt að spilla rétti stefnanda og fá fjárnáminu í eignarhlutum Sigurjóns Ragnarssonar hnekkt. Segir stefndi, að um rakalausar dylgjur sé að ræða. Engin fjárhagsleg tengsl hafi verið milli Benedikts og Sigurjóns. Hafi Benedikt ekki heldur neinar kröfur átt á Sigurjón né nokkra persónulega hagsmuni í húfi um úrslit málaferla hans og stefnanda. Aðeins sem einn af mörgum innheimtulögmönnum eigenda krafna á Sigurjón hafi Benedikt séð um innheimtu á hann og annað ekki. Hin eina sök Benedikts í máli þessu sé sú að hafa treyst sannleiksgildi orða annarra lögmanna við útgáfu margnefndra yfirlýsinga af hálfu stefnda í stað þess að staðreyna hlutina nægilega sjálfur.

Stefndi mótmælir sérstaklega kröfu stefnanda um málskostnað.

5.0.

Forsendur og niðurstaða.

Í dómi Hæstaréttar í áðurgreindu endurupptökumáli 23. mars 1995 (H. 1995, 802) segir svo: „Með dómi Hæstaréttar 15. október 1992 var hin kærða aðfarargerð felld úr gildi. Var niðurstaða dómsins á því byggð, að aðfarargrundvöllur áskorunarstefnunnar hefði verið niður fallinn, er hin kærða fjárnámsgerð fór fram, Var þá meðal annars litið til yfirlýsingar lögfræðideildar Landsbanka Íslands frá 2. október 1992."

Samkvæmt þessum orðum dómsins verður að líta svo á, að umrædd yfirlýsing frá 2. október 1992 hafi ekki ein leitt til þeirrar meginforsendu réttarins, að aðfarargrundvöllur áskorunarstefnunnar hafi verið niður fallinn, heldur hafi önnur atriði einnig átt þátt í henni. Eru þessi önnur atriði rakin í forsendum dóms Hæstaréttar 15. október 1992 (H. 1992, 1627) þannig:

„Þegar atvik máls eru virt, svo sem umsvifamikil lögfræðistörf varnaraðila fyrir Helga Þór Jónsson, greiðslustöðvun hins síðarnefnda, ofangreind yfirlýsing Landsbankans frá 2. október 1992, viðskipti hans sem lögmanns varðandi kröfukaup og að skuldbindingar samkvæmt áskorunarstefnunni voru greiddar „með kaupum á veðskuldabréfi af Helga Þór Jónssyni", þykir á skorta, að varnaraðili hafi fært fyrir því fullnægjandi rök, að hann hafi ekki komið fram sem umboðsmaður Helga Þórs Jónssonar við framsal áskorunarstefnunnar þrátt fyrir orðalag á því."

Ómótmælt er, að Helgi Þór var upphaflegur kröfueigandi vegna umræddra víxla á Sigurjón Ragnarsson. Helgi Þór fól stefnda kröfuna til innheimtu og setti hana síðan stefnda að handveði. Stefndi fékk í eigin nafni áritaða áskorunarstefnu eða dómsígildi fyrir kröfunni 2. febrúar 1987. Stefnandi kvittaði 2. september 1987 um viðtöku víxlanna að baki kröfunni úr hendi stefnda fyrir hönd Helga Þórs, en fékk áskorunarstefnuna framselda á sitt nafn. Fullyrðir stefndi, að það hafi verið samkvæmt beiðni til hagræðis við innheimtu kröfunnar, en ekki vegna eigendaskipta á henni. Hafi stefnandi þá ekkert minnst á eigendaskipti að kröfunni við stefnda. Þá framseldi stefnandi áskorunarstefnuna samdægurs lögmönnum í Kópavogi með sams konar framsalsáritun og hann hafði fengið frá stefnda til tryggingar greiðslu skuldar Helga Þórs, sem þar var í innheimtu, og fékk síðan stefnuna til baka með sams konar framsali.

Stefnandi hefur ekki hnekkt þeirri fullyrðingu stefnda, að stefnandi hafi ekki minnst á það við starfsmenn stefnda, að eigendaskipti hafi orðið á

kröfunni. Engin formleg greiðsluyfirlýsing eða yfirlýsing um framsal kröfunnar á Sigurjón Ragnarsson frá Helga Þór til stefnanda var gefin út í júlí 1987, þegar greiðsla á þóknun stefnanda frá Helga Þór átti að hafa farið fram með kröfuframsali. Stefnandi og Helgi Þór gáfu fyrst út yfirlýsingu 30. júlí 1993 um eignayfirfærslu á kröfunni frá Helga Þór til stefnanda, sem átti að hafa orðið sex árum fyrr og þá skömmu áður en Helgi Þór hafði fengið greiðslustöðvun.

Þegar framangreint er virt, verður að ályktа, að erfitt hafi verið fyrir aðra en stefnanda sjálfan, áður en greind yfirlýsing, dags. 30. júlí 1993, lá fyrir, að gera sér skjóta grein fyrir því með ótvíræðum og vafalausum hætti, að stefnandi væri eigandi umræddrar kröfu eða að rangar upplýsingar í þessu efni myndu leiða til réttarspjalla fyrir hann. Þótt telja verði, að umræddur starfsmaður stefnda hafi sýnt af sér gáleysi með fullyrðingu um, að greindir víxlar hafi verið greiddir af Helga Þór, verður skuldinni þó ekki algerlega skellt á stefnda vegna fullyrðingar um, að hin áritaða áskorunarstefna hafi verið framseld stefnanda vegna Helga Þórs. Verður að telja, að stefnandi megi einnig sjálfum sér um kenna, að vafi og misskilningur réð ferðinni á þessum tíma um eignarhald á umræddri kröfu. Af þeim sökum hafði stefnandi sérstaka ástæðu til að bregðast við og leiðrétta fram komnar upplýsingar og enn fremur að leggja fram gögn og skýra málið af sinni hálfu til að taka af allan vafa í þessu efni.

Við málskot til Hæstaréttar út af gildi fjárnámsins fyrir kröfunni var bæði á því byggt af hálfu skuldara, að umrædd krafa væri greidd og að stefnandi ætti ekki kröfuna, og því haldið fram, að Helgi Þór eða þrotabú hans ætti kröfuna á Sigurjón Ragnarsson. Hafði stefnandi tækifæri til að leiða sönnur að því, að hann hefði ekki verið umboðsmaður Helga Þórs við framsal stefnda á áskorunarstefnunni til stefnanda. Í þessu sambandi verður að hafa í huga, að stefndi var ekki kröfueigandi, heldur framseljandi að formi til, þar sem áskorunarstefnan var árituð vegna þriggja víxla, sem voru til tryggingar viðskiptum Helga Þórs við stefnda. Þá lágu ekki fyrir reikningar frá stefnanda til Helga Þórs fyrir lögfræðistörf, sem hann hafði innt af hendi fyrir hann, né kvittanir þess efnis. Stefnandi lagði ekki fram nein sönnunargögn um skipti á eignaraðild að kröfunni, þótt tilefni væru til.

Ekki verður séð, að stefnandi hafi haft uppi við Hæstarétt nein viðbrögð við viðbótargreinargerð af hálfu Sigurjóns Ragnarssonar, sem stefnandi fékk 7. október 1992 ásamt meðfylgjandi yfirlýsingu bankans frá 2. október 1992. Í viðbótargreinargerð þessari var því haldið fram, að stefnandi væri ekki eigandi fjárnámskröfunnar, og á það bent, að ekki hefði verið lagt fram í málinu framsal frá Helga Þór til stefnanda. Enn fremur var því hald-

ið fram í þessari viðbótargreinargerð, að Helgi Þór hefði greitt víxlana að baki áskorunarstefnunni. Stefnandi lét undir höfuð leggjast að senda Hæstarétti þegar andsvör við þessum staðhæfingum í viðbótargreinargerðinni eða hnekkja þeim með öðrum hætti, en til þess hafði hann einnar viku frest, frá því að Hæstiréttur sendi honum viðbótargreinargerðina, sbr. 1. mgr. 149. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Þar sem vænta mátti, að stefnandi hefði sjálfur undir höndum frekari sannanir um eignaraðild að kröfunni eða líkur voru fyrir því, að hann gæti útvegað þær, t. d. formlegt framsal frá Helga Þór til sín, var brýnt, að hann sýndi fram á, að áðurgreindar fullyrðingar væru rangar, t. d., að krafan hefði ekki verið greidd og hann væri eigandi hennar. Þótt stefnandi hafi sent stefnda áskorun um leiðréttingu að viðlagðri ábyrgð, verður slík aðgerð ein sér að teljast ófullnægjandi. Mótmæla þurfti þegar í stað röngum fullyrðingum, a. m. k. áður en dómur gekk, þar sem ekki var vitað, hvort starfsmönnum stefnda væri ljóst, hversu málið bæri brátt að eða hve langir frestir væru til reiðu, enda ítrekaði stefnandi málaleitan sína ekki við þá. Gekk dómur í málinu rúmri viku eftir, að stefnandi fékk viðbótargreinargerðina. Verður að telja, að sá frestur hefði átt að duga stefnanda til að grípa til varnaraðgerða í málinu. Þegar því litið er til framkomu stefnanda í greindum málaferlum út af gildi fjárnámsins fyrir kröfunni, sem skotið var til Hæstaréttar, verður að álykta, að stefnandi eigi sjálfur að verulegu leyti sök á ætluðu tjóni sínu.

Þegar það, sem að framan greinir, aðdragandi að dómi Hæstaréttar frá 15. október 1992, forsendur dómsins og þáttur stefnanda sjálfs í ætluðu tjóni sínu, er virt í heild, verður ekki talið, að stefnandi hafi sýnt fram á, að stefndi eigi að bera bótaábyrgð að lögum gagnvart honum. Ber af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af kröfum hans.

Eftir atvikum og með vísun til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt, að hvor málsaðili beri sinn kostnað af málinu.

Jón L. Arnalds héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Landsbanki Íslands, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Péturs Þórs Sigurðssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 28. apríl 1997.

Nr. 180/1997. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**
gegn
Láru Dís Sigurðardóttur
(Ástríður Grímsdóttir hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 22. apríl 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 23. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. apríl 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 4. júní 1997. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að úrskurður héraðsdóms verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Samkvæmt greinargerð sóknaraðila fyrir Hæstarétti er rannsókn máls þessa, sem varðar innflutning og viðskipti með verulegt magn fíkniefna, á lokastigi, og verður málið sent ríkissaksóknara á næstu dögum. Að þessu athuguðu verður hinn kærði úrskurður staðfestur með vísan til forsendna hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. apríl 1997.

Ár 1997, þriðjudaginn 22. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Láru Dís Sigurðardóttur, kt. 130261-7019, verði gert

að sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út kl. 16 á morgun, allt til miðvikudagsins 4. júní nk. kl. 16, en þó ekki lengur en þar til dómur gengur í máli hennar, verði það fyrr, vegna grunar um brot gegn 173. gr. a og b almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 65/1974.

– – –

Þar sem sterkur grunur er um, að kærða hafi framið afbrot, sem varðað getur við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, er skilyrðum 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 fullnægt til að verða við kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um framhald gæsluvarðhalds kærðu. Verður því að taka kröfuna til greina, eins og hún er fram sett og nánar greinir í úrskurðarorði.

Úrskurðarorð:

Kærða, Lára Dís Sigurðardóttir, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út kl. 16 á morgun, allt til miðvikudagsins 4. júní nk. kl. 16.

Mánudaginn 28. apríl 1997.

Nr. 182/1997. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Sigurbirni Gunnari Utley

(Bergsteinn Georgsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 23. apríl 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 25. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. apríl 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 30. apríl 1997. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Varnaraðili hefur viðurkennt að hafa 14. apríl sl. ásamt öðrum rænt starfsmann nafngreinds verslunarfyrirtækis í stigagangi hússins Suðurlandsbrautar 48, Reykjavík. Eins og greinir í hinum kærða úrskurði, hefur ekki tekist að afla upplýsinga um afdrif hluta ránsfengsins. Þá telur sóknaraðili þörf á að rannsaka hugsanlega aðild fleiri manna en þeirra, sem nú sæta gæsluvarðhaldi, að undirbúningi og skipulagningu ránsins. Með vísan til þessa þykir mega fallast á með héraðsdómi, að fullnægt sé skilyrðum a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. apríl 1997.

Ár 1997, miðvikudaginn 23. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 krafist þess, að Sigurbirni Gunnari Utley, kt. 250764-3679, Hamrabergi 16, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 30. apríl nk. kl. 16 vegna grunar um brot gegn 252. gr., sbr. 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

– – –

Samkvæmt framansögðu er kærði undir rökstuddum grun um aðild að broti gegn 252. gr. almennra hegningarlaga. Rannsóknin er enn á frumstigi, og verður að fallast á það með lögreglu, að gæsluvarðhald sé nauðsynlegt til að tryggja eðlilegan framgang rannsóknarinnar. Með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 verður kærða gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi, svo sem krafist er, allt til miðvikudagsins 30. apríl.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sigurbjörn Gunnar Utley, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út kl. 16 í dag, allt til miðvikudagsins 30. apríl nk. kl. 16.

Miðvikudaginn 30. apríl 1997.

Nr. 184/1997. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Erni Karlssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 25. apríl 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 28. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. apríl 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 2. maí 1997. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. apríl 1997.

Ár 1997, föstudaginn 25. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Erni Karlssyni, kt. 070955-2379, til lögheimilis að Þórsgötu 5, en dvalarstað að Safamýri 25, hvoru tveggja í Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 2. maí nk. kl. 16 vegna grunar um brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

– – –

Grunur lögreglu um, að kærði eigi aðild að fjársvikum, hvort sem það hefur verið með beinni þátttöku eða liðsinni í orði eða verki, sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga, þykir því rökstuddur. Þótt rannsókn málsins sé vel á veg komin, þykir þó, þegar litið er til umfangs þess, og með skírskotun til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ekki verða hjá því komist að verða við kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um framhald gæsluvarðhalds kærða, en ætluð brot kærða gætu varðað hann fangelsisrefsingu skv. 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og einnig 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

Úrskurðarorð:

Kærði, Örn Karlsson, skal sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rann út kl. 16 í dag, allt til föstudagsins 2. maí nk. kl. 16.

Föstudaginn 2. maí 1997.

Nr. 434/1996. **Ákæruvaldið**
(Björn Ól. Hallgrímsson, settur saksóknari)
gegn
Kristjáni Jóhanni Stefánssyni
(Sigurbjörn Magnússon hrl.) **og**
Tryggva Knud Óskarssyni
(Ásgeir Þór Árnason hrl.)

Ávana- og fíkniefni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason, Markús Sigurbjörnsson og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærðu með áfrýjunarstefnum 29. nóvember og 6. desember 1996, og krefst ákæruvaldið staðfestingar héraðsdóms. Ákærði Kristján Jóhann krefst aðallega sýknu, en til vara, að refsing verði milduð. Ákærði Tryggvi Knud krefst þess, að refsing verði milduð. Í héraði var mál þetta höfðað gegn þremur einstaklingum til viðbótar, en þeir hafa ákveðið að una héraðsdómi.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir atvikum málsins og framburði ákærðu og vitna.

Staðfesta ber héraðsdóm með skírskotun til forsendna hans um sakfellingu ákærða Kristjáns Jóhanns. Verknaður hans verður hins vegar ekki talinn sala fíkniefna, svo sem í ákæru greinir, heldur kaup fyrir aðra ákærðu og afhending til þeirra. Ákvæði 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála þykir ekki standa því í vegi, að sakfellt sé fyrir þennan verknað þrátt fyrir orðalag ákæru.

Ákærði Tryggvi Knud hefur áfrýjað máli þessu til endurskoðunar á heimfærslu brots til refsiákvæða og á ákvörðun um refsingu. Hann átti hlut að kaupum á 250 töflum, sem innihéldu efnið MDMA að venjulegum styrkleika. Hann tók þátt í að flytja þær inn og hafði hluta þeirra í vörslum sínum í því skyni að koma þeim í dreifingu, enda þótt minna yrði úr sölu en hann ætlaði. Með tilliti til þessa og fjölda taflnanna og eiginleika þeirra, sem raktir eru í héraðsdómi,

þykir brot hans réttilega heimfært til 2. mgr. 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1974. Ákærði Kristján Jóhann keypti og afhenti fíkniefni. Hann mátti gera sér grein fyrir, að þau voru ætluð til dreifingar, og verður því brot hans einnig heimfært til 2. mgr. 173. gr. a almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber refsingu ákærða Tryggva Knuds með vísun til forsendna héraðsdóms. Refsing ákærða Kristjáns Jóhanns verður, eins og þátttöku hans í heildarverknaðinum var háttað, ákveðin 18 mánaða fangelsi.

Ákærðu skulu greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og nánar er ákveðið í dómsorði.

Dómsorð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður, að því er varðar ákærða Tryggva Knud Óskarsson.

Ákærði Kristján Jóhann Stefánsson skal sæta 18 mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku efnis og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærðu greiði óskipt áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur.

Ákærði Tryggvi Knud Óskarsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ásgeirs Þórs Árnasonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Ákærði Kristján Jóhann Stefánsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurbjörns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. nóvember 1996.

Ár 1996, fimmtudaginn 7. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-380/1996: Ákæruvaldið gegn G, B, K, Tryggva Knud Óskarssyni og Kristjáni Jóhanni Stefánssyni, en málið var dómtekið 17. október sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dags. 16. apríl 1996, á hendur:

„1. G ...,

2. B ...,
3. K ...,
4. Tryggva Knud Óskarssyni, Bólstaðarhlíð 62, Reykjavík, kennitala 151070-5909, og
5. Kristjáni Jóhanni Stefánssyni, Bæjarhrauni 24, Hafnarfirði, kennitala 220872-3519,

fyrir eftirgreind brot gegn löggjöf um ávana- og fíkniefni, framin árið 1995:

– – –

II. Ákæruði Kristján Jóhann.

Hinn 22. júní í London selt meðákærðu K og Tryggva 250–300 töflur af vímuefninu MDMA á um 1000 kr. hverja töflu eða jafnviröi þeirrar fjárhæðar í sterlingspundum, sbr. lið III.

III. Ákærðu K og Tryggvi.

Í síðari hluta júlí í félagi flutt hingað til lands frá London vímuefnið MDMA og jafnframt í sama skipti gert tilraun til innflutnings á því efni, svo sem hér greinir:

Keypt efni í töfluformi af meðákærða Kristjáni Jóhanni í London, sbr. lið II, samtals um 500 töflur fyrir 570.000 kr. Töflurnar voru af tveimur gerðum, minni og stærri gerð, álíka mikið af hvorri gerð, og töldu ákærðu þær allar innihalda MDMA. Í hagnaðarskyni flutt töflurnar hingað til lands 23. júlí og fljótlega hafið sölu þeirra, en hagnaði af sölunni hugðust ákærðu skipta með sér að jöfnu. Selt meðákærða G verulegan hluta taflnanna, sbr. I. B, þar af nær allar minni töflurnar, samtals um 350 töflur af báðum gerðum fyrir 2000–2800 kr. hverja töflu. Við handtöku ákærða K 21. október átti hann eftir í vörslum sínum samtals 66 töflur, þar af 5 af minni gerðinni, og við handtöku ákærða Tryggva 6. ágúst hafði hann í fórum sínum samtals 19 töflur, þar af 8 af minni gerðinni. Við efnagreiningu taflnanna kom í ljós, að minni töflurnar voru MDMA-töflur, en þær stærri innihéldu lyfin ketamín og efedrín.

IV. Refsiákvæði og dómkröfur.

Framangreind brot ákærðu teljast varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, sbr. 20. gr. hegningarlaga, að því er varðar meðferð ákærðu K, Tryggva og G á ketamíni/efedríni, sbr. lið I. B og III, sbr. 2. tl. 1. mgr. 5. gr. hegningarlaga, að því er varðar brot ákærða Kristjáns Jóhanns í II. lið.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og ákærði G að auki til að sæta upptöku á samtals 81.000 kr., sem hann aflaði með framangreindri sölu efna. Þess er enn fremur krafist, að upptækar verði gerðar

samtals 13 töflur af MDMA og samtals 90 töflur af ketamíni/efedríni, sem lagt var hald á, sbr. lið I. B og II, og auk þess 1,4 g af marihuana, sem fannst í vörslum ákærða B við húsleit 20. október 1995 að Laugavegi 87 í Reykjavík. Um upptökukröfu er vísað til 6. og 7. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, 2. mgr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986, 4. mgr. 43. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1995, 2. mgr. 68. gr. lyfsölulaga nr. 30/1963 og 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga."

– – –

Samkvæmt skýrslum lögreglu má rekja upphaf rannsóknar máls þessa til þess, er þrír menn voru handteknir hér í borg að kvöldi 20. október 1995. Í skýrslu lögreglu segir, að við leit í bifreið þeirra hafi fundist 4 ætlaðar „ecstasy"-töflur. Einn hinna handteknu kvaðst skömmu fyrir handtöku hafa keypt 4 töflur af ecstasy af ákærða G. Ákærði G var handtekinn skömmu síðar og úrskurðaður í gæsluvarðhald daginn eftir.

Eftir þetta voru teknar skýrslur af ákærðu og fleirum hjá lögreglu. Verður framburður þeirra hjá lögreglu rakinn hér, eftir því sem ástæða þykir.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærðu og vitna fyrir dóminum.

– – –

II.

Ákærði Kristján Jóhann kom fyrir dóm 29. apríl, 13. maí og 17. okt. sl. Hann neitar sök. Ákærði kvaðst þekkja meðákærða Tryggva Knud lítillega, en ekki þekkja neitt til meðákærða K. Ákærði kvaðst hafa hitt báða þessa meðákærðu í London á þeim tíma, er í ákæru greinir, en samskipti þeirra hafi ekki snúist um fíkniefnaviðskipti. Ákærði kvaðst hafa hitt þessa tvo meðákærðu hér á landi í afmæli systur sinnar í júlí fyrir brottför þeirra til London. Ákærði kvað sig minna, að meðákærði Tryggvi hefði rætt um það, að sig langaði til London og neyta þar einhverra fíkniefna, og að því er ákærða minnti, hefði hann rætt um kókaín. Ákærði mundi, að meðákærðu Tryggvi og K hefðu rætt, að þeim þætti ecstasy-töflur dýrar hér á landi, og spurt ákærða um verð á efninu í London. Ákærði kvaðst hafa greint þeim frá því, hvað taflan kostaði að jafnaði í London, og kvaðst ákærði hafa heyrt af verði efnis ytra.

III.

Ákærði K kom fyrir dóm 29. apríl, 13. maí og 17. okt. sl. Hann kvað háttsemi sinni rétt lýst í ákæru. Ákærði kvað þá ákærðu Tryggva hafa rætt það í júlí 1995 að fara til London og kaupa þar fíkniefni. Meðákærði Tryggvi hefði greint frá því, að hann þekkti mann ytra, sem gæti útvegað efnið, og

sá aðili væri meðákærði Kristján Jóhann. Hafi síðan verið ákveðið í lok júlí að halda utan. Ákærði kvaðst hafa verið reiðubúinn að lána peninga vegna fararinnar gegn því, að meðákærði Tryggvi Knud útvegaði sölumann ytra. Í fyrstu hefðu þeir ætlað að kaupa 300 töflur af ecstasy, en síðan hefðu verið keyptar 500 töflur og fluttar hingað til lands í ágóðaskyni og ákærði selt efnið hérlendis, eins og í ákæru greinir, og hefði vakað fyrir ákærðu að skipta hagnaðinum af sölunni með sér að jöfnu. Um hefði verið að ræða helmingafélag ákærðu, en verkaskipting verið sú, sem rakin var, og meðákærði Tryggvi ætlað að annast sölu efnisins hér á landi.

Ákærði K kvað meðákærða Tryggva hafa hringt til meðákærða Kristjáns Jóhanns, strax og þeir komu til London, og þeir mælt sér mót daginn eftir. Þeir hefðu beðið meðákærða Kristján Jóhann um E-töflur. Kvöldið eftir hefði meðákærði Kristján Jóhann komið á hótelið, þar sem ákærðu dvöldust, og haft meðferðis efnið, báðar tegundirnar, og honum verið afhentir peningar og þeir ákærðu tekið við töflunum. Meðákærði Kristján Jóhann hefði greint frá því, að minni töflurnar væru ecstasy, en þær töflur voru merktar með dúfu, en stærri töflurnar væru nýjar og ekki komið á þær nafn, en þær innihéldu ketamín, sem væri svæfingarlyf. Ákærði kvaðst þannig hafa vitað frá upphafi, að helmingur taflnanna innihéldi ketamín, en ákærði kvaðst ekki hafa vitað, að helmingur taflnanna innihéldi MDMA. Ákærðu hefðu prófað fíkniefnin ytra og komið í ljós mikill munur á áhrifunum og sölumaðurinn greint frá því, að efnin væru ólík. Ákærðu hefðu hins vegar ákveðið að festa kaup á efnunum, sama töflufjölda af hvorri tegund um sig. Allir þrír hefðu verið viðstaddir, er kaupin fóru fram, og kaupin verið gerð með það í huga, að keyptar hefðu verið E-töflur, og ákærði ávallt talið efnin ólögleg.

Ákærði kvaðst hafa talið, að meðákærði Kristján Jóhann hefði verið meðalgöngumaður. Hann hefði ekki verið eigandi efnisins, og kvaðst ákærði hafa talið þetta, þar sem meðákærði Kristján Jóhann hefði þurft að ráðfæra sig við einhvern um það, hve mikið efnismagn hann gæti útvegað. Ákærði K kvað meðákærða Kristján Jóhann hafa haft orð á því, að í stærri töflunum væri ketamín og hann viljað selja ákærðu það efni frekar en minni töflurnar. Ákærðu hefðu síðan ákveðið að kaupa jafnmikið af hvorri tegund um sig og meðákærði Tryggvi talið töflurnar og minni töflurnar reynst vera 252, að því er ákærða minnti, en meðákærði Kristján Jóhann hefði haft orð á því, að þeir hefðu fengið eitthvað í kaupbæti.

Ákærði kvaðst ekki þekkja til þessara efna, þannig, að hann vissi innihald taflnanna, en kvað ásetninginn hafa verið þann að kaupa ecstasy. Meðákærði Kristján Jóhann hefði greint ákærðu frá því ytra, að töflurnar innihéldu ketamín, svo sem rakið var.

Eftir heimkomuna hefði ákærði Tryggvi verið handtekinn og með fíkniefni í sínum fórum, og hefði þá verið ákveðið, að ákærði geymdi efnið hjá sér. Síðan hefðu þeir ákærði Tryggvi rætt, hvernig þeir gætu losnað við efnið, og orðið úr, að ákærði ræddi við meðákærða G, sem hefði tekið að sér sölu efnisins. En ákærði kvað meðákærða Tryggva hafa fallist á þetta. Síðan hefði ákærði afhent meðákærða G töflur í þrjú til fjögur skipti, og hefði hann greitt eftir á, og taldi ákærði, að G hefði fengið til sölu alls um 250 til 270 töflur, þar af 180 til 200 töflur af minni gerðinni, en stærri töflurnar gengið illa í sölu. Fyrir minni töflurnar hefði meðákærði G greitt 2.800 kr., en 2.000 kr. fyrir hinar stærri. Ákærði hefði fengið afhentar frá meðákærða G um 750.000 krónur sem söluandvirði fíkniefnanna.

Ákærði Tryggvi Knud Óskarsson kom fyrir dóm 29. apríl, 13. maí og 17. okt. sl.

Hann kvað ákæruna rétta. Ákærði Tryggvi kvað þá meðákærða K hafa einni til tveimur vikum fyrir utanförina ákveðið að halda utan í því skyni að kaupa ecstasy-töflur og flytja hingað til lands. Á þessum tíma hefði umræða um þessi efni ekki verið farin af stað, eins og síðar varð, og þá komið í ljós, hvað efnið nákvæmlega hét. Ákærði Tryggvi kvað ákærðu hafa komið til London á fimmtudegi, og hefðu þeir komið sér fyrir á hóteli. Á föstudeginum hefði meðákærði Kristján Jóhann komið til ákærðu á hótelið og sýnt ákærðu skemmtistaðinn, þar sem þeir hefðu ætlað að hitta sölumenn fíkniefnanna á laugardeginum. Ákærði kvað meðákærða Kristján Jóhann hafa afhent sér tvær ecstasy-töflur, en ákærði kvaðst hafa beðið meðákærða Kristján sérstaklega að útvega sér töflurnar.

Ákærði kvað verkaskiptingu með ákærðu hafa verið þá, að ákærði hafði samband við mann hér á landi, sem síðan hafði samband við útlending ytra, sem útvegaði efnið. Þessi útlendingur hefði komið á hótelherbergi ákærðu ytra og afhent efnið og meðákærði K greitt honum fyrir. Ákærði kvaðst ekki nafngreina manninn, sem var milliliður hér á landi. Efnið, sem ákærðu fengu afhent, hefði verið tvær gerðir, annars vegar töflur, sem ákærða skildist seinna, að hefðu innihaldið MDMA, minni töflurnar, og hins vegar stærri töflur, sem hefðu innihaldið ketamín/efedrín. Ákærði kvað áhrif af töku efnanna ólík. Ákærði kvaðst hafa talið efnið hafa verið ecstasy og ekki hafa verið innihald taflnanna ljóst, þótt hann hefði heyrt eitthvað um það, að töflurnar hefðu innihaldið ketamín. Töflurnar hefðu verið 500.

Ákærði hefði flutt fíkniefnin til landsins og fyrir fram verið ákveðið, að meðákærði K annaðist fjármálin vegna þessa, en ákærði sæi um söluna. Það hefði hins vegar breyst, eftir að ákærði var handtekinn um verslunarmannahelgina 1995, en ákærði kvaðst hafa fengið 50 töflur eftir heimkomuna og

selt þar af 8 til 10 töflur. Eftir handtöku ákærða um verslunarmannahelgina hefði hann hætt afskiptum af sölunni og ekki vitað, hvernig meðákærði K ráðstafaði efninu. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað, að meðákærði G hefði selt af efninu.

Framburður ákærða Tryggva Knuds er nokkuð breyttur fyrir dóminum frá framburði hans hjá lögreglu. Verður framburður hans hjá lögreglu nú rakinn að nokkru og jafnframt getið skýringa ákærða á breyttum framburði.

Ákærði Tryggvi Knud var handtekinn 22. október 1995. Í lögregluskýrslu, sem dags. er sama dag, lýsti hann undirbúningi og utanför þeirra meðákærða K til London í því skyni að kaupa þar ecstasy og flytja hingað til lands í hagnaðarskyni. Þá segir í skýrslunni, að eftir komu til London hafi ákærði haft samband við Íslending, sem þeir höfðu hitt hér heima, er málið hefði verið á umræðustigi, og hefði sá sagst geta haft meðalgöngu um kaup á ecstasy. Þessi Íslendingur hefði verið búsettur í London. Daginn eftir að ákærðu komu, á föstudegi, hefði Íslendingurinn komið á hótelið með tvær til þrjár töflur af ecstasy. Þetta hefðu verið stórar, hvítar töflur með rák í til að brjóta þær eftir. Ákærðu hefðu tekið hvor sína töflu þetta kvöld til að prófa áhrifin. Daginn eftir, á laugardeginum, kvaðst ákærði síðan hafa haft samband við Íslendinginn og sagt honum, að ákærði væri ánægður með vöruna og að þeir vildu eiga viðskipti. Það hefði svo verið um kvöldmatarleytið, að Breti kom á hótelið með 510 til 520 töflur handa ákærðu. Hann hefði verið þunnhærður, með há kollvik, snöggklipptur, um 25 ára gamall og kallaður Nick. Nick hefði komið með töflurnar í tveimur litlum, glærum plastpokum, sem hann var með innanklæða. Í öðrum pokanum voru litlar töflur, ljósar, með mynd af dúfu, um 300 að tölu. Í hinum pokanum voru sams konar töflur og ákærðu hefðu fengið til reynslu föstudagskvöldið. Þær hefðu verið 215 til 220 að tölu. Lýsti ákærði, hvernig töflunum var skipt, þannig, að 30 töflur af smærri gerð hefðu verið settar í filmubox, tíu box með 30 töflur í hverju, en 20 töflur af stærri gerðinni hefðu verið settar í filmubox og boxin verið tíu eða ellefu.

Þá var tekin lögregluskýrsla af ákærða 26. október 1995. Í þeirri skýrslu kveðst ákærði vilja leiðrétta framburð sinn um fíkniefnamisferli það, sem hann sé grunaður um. Hefði framburður sinn frá 22. október 1995 verið réttur að öllu leyti nema því, hver hefði verið meðalgöngumaður um fíkniefnaviðskipti þeirra meðákærða K í London í júlí 1995. Í skýrslunni ber ákærði Tryggvi, að hann hafi haft tal af systur meðákærða Kristjáns Jóhanns, skömmu áður en ákærðu héldu til London í júlí. Hún hafi gefið ákærðu símanúmerið hjá meðákærða Kristjáni Jóhanni í London, en fyrir

ákærða hafi vakað að fá meðákærða Kristján Jóhann til þess að athuga, hvort hægt væri að fá ecstasy í London. Ákærði kveðst hafa hringt til meðákærða Kristjáns Jóhanns og kveðst telja, að símtalið hafi farið fram u. þ. b. tveimur vikum áður en ákærðu héldu til London. Hann segist hafa beðið meðákærða Kristján Jóhann að athuga fyrir sig, hvort mögulegt væri, að þeir meðákærði K keyptu ecstasy-töflur fyrir 500.000 krónur í London. Síðan segir í skýrslunni:

„Tryggvi segist hafa hringt í Kristján Jóhann u. þ. b. viku áður en þeir K héldu til London. Sagði Kristján Jóhann honum þá frá því, að hann væri búinn að athuga þetta fyrir hann og að þeir gætu fengið ecstasy-töflur fyrir framangreinda fjárhæð og kaupverð á hverri töflu væri á bilinu 800–1.000 kr.

Tryggvi kveðst hafa látið K vita um samtöl sín við Kristján Jóhann. Kveðst hann hafa farið til London ásamt K, að því er hann minnir, fimmtudaginn 18. júlí sl. og síðan upp á hótel St. Giles með neðanjarðarlest. Hann segist hafa hringt til Kristjáns Jóhanns frá Heathrow-flugvelli eða hótelinu og sagt honum, að þeir væru komnir og á hvaða hóteli þeir væru. Kveðst hann hafa hringt úr GSM-síma sínum, 893 7371. Hafi þeir síðan rölt í kringum hótelið, eftir að þeir voru búnir að „tékka sig inn“, en síðan farið að sofa.

Næst segist Tryggvi hafa hringt til Kristjáns Jóhanns frá símaklefa upp úr hádegi föstudaginn 19. júlí og spurt hann að því, hvernig ecstasy-málin stæðu. Hefði Kristján Jóhann sagt sér um sömu möguleika að ræða og myndi hitta þá á hótelinu um kvöldið. Um kvöldið kom Kristján Jóhann svo upp á herbergi til þeirra. Var hann með frá væntanlegum seljanda tvær ecstasy-töflur, sem þeir mættu fá til reynslu. Hafi þeir K prófað hvor sína töflu uppi á hótelherbergi. Hann bætir því við, að K hafi tekið mynd af sér í tiltekið skipti. Kristján Jóhann fór síðan í burtu, en þeir tveir héldu út að borða. Segist hann þá hafa orðið veikur af matnum, en þó fylgt K á Ministry of Sound, en farið síðan heim á hótel að sofa úr sér krankleikann.

Laugardaginn 20. júlí hittu þeir síðan Kristján Jóhann á hótelinu á milli kl. 18.00 og 19.00 um kvöldið. Kom Kristján Jóhann með tvo glæra plastpoka (nestispoka), fulla af ecstasy-töflum. Sagði hann töflurnar vera í kringum 500 talsins. Hafi K síðan greitt Kristjáni Jóhanni fyrir efnin í breskum pundum, andvirði rúmra 500.000 króna íslenskra. Hann segir Kristján Jóhann hafa staldrað við á hótelherberginu kringum 10–15 mínútur, en síðan farið burt með peningana til að greiða seljanda ecstasy-töflnanna.

Þessu næst segir Tryggvi þá hafa farið með Kristjáni Jóhanni út að borða

um kl. 23.00 um kvöldið, en eftir það hefðu leiðir þeirra skilið. Síðan hefðu þeir flutt fíkniefnin til landsins, eins og hann hafi greint frá í skýrslu sinni, er hann gaf hjá lögreglu 22. október sl.

Tryggvi vill taka það skýrt fram, að Kristján Jóhann hafi verið meðalgöngumaður um fíkniefnaviðskipti þeirra í London og að hann hafi ekki fengið neitt í sinn hlut vegna þessara viðskipta."

Hinn 1. nóvember 1995 voru ákærðu Tryggvi Knud og Kristján Jóhann samprófaðir hjá lögreglu, og hélt ákærði Tryggvi Knud þá við framburð sinn, sem rakinn hefur verið, og kvað hann þann framburð réttan um fíkniefnakaupin og þátt meðákærða Kristjáns Jóhanns.

Þá var tekin skýrsla af ákærða Tryggva Knud 13. mars sl. Kvaðst hann þá ekki hafa neinu við fyrri framburð að bæta.

Fyrir dóminum kvaðst ákærði hafa breytt fyrri skýrslu sinni vegna þess, að sér hefði skilist á lögmanni, sem hann ráðfærði sig við símleiðis fyrir skýrslutökuna 26. október 1995, að meðákærði K hefði nefnt meðákærða Kristján Jóhann sem sölumann fíkniefnanna ytra. Ákærði kvaðst því hafa nefnt nafn meðákærða Kristjáns Jóhanns og gert það til að losna við gæsluvarðhald, og einnig hafi rannsóknaraðilar engan áhuga haft á Englendingnum, sem þeir hafi ekki getað náð til. Yfirheyrslan 26. október 1995 hafi því einungis verið yfirheyrsla um það, að ákærði væri laus allra mála.

Svo sem rakið var, hélt ákærði við fyrri framburð sinn í samprófun og einnig, er hann gaf skýrslu 13. mars sl., og gerði ekki athugasemdir, er hann kom fyrir dóm við þingfestingu málsins 29. apríl sl. Spurður um það, hvort ekki hafi hvarflað að ákærða að leiðrétta framburð sinn fyrr, bar ákærði, að hann hefði hugsað mikið um þetta og haft mikið samviskubit, en ekki verið búinn að ráðfæra sig nóg við lögfræðing vegna þessa. Ákærði kvað alvöru málsins hafa ráðið því, að hann breytti framburði sínum fyrir dóminum.

Vitnið Kristján Ingi Kristjánsson lögreglufulltrúi kom fyrir dóminn 13. maí sl. Hann staðfesti, að hann hefði tekið skýrsluna af ákærða Tryggva Knud 26. október 1995. Tilefnið hefði verið framburður meðákærða K um þátt ákærða Kristjáns Jóhanns. Engum þrýstingi hefði verið beitt við skýrslutökuna og ekkert óvanalegt komið fyrir. Hafi ákærði greint frá því sjálfstætt, hver hlutur ákærða Kristjáns Jóhanns hafi verið.

Vitnið Kristján Ingi kvað efnin, sem lagt var hald á undir rannsókn málsins, hafa verið greind óljóst og aldrei annað verið fullyrt en þau væru annað en MDMA. Vitnið kvað ekki hafa verið talda ástæðu til neinna viðbragða þrátt fyrir ummælin í efnaskrá nr. 4358, sem er dags. 23. október 1995, en þar segir, svo sem rakið var, að efnin hafi verið talin ketamín og fenmetrazín. Ástæðan hafi verið sú, að ákærðu hafi ávallt greint frá því, að efnin væru ecstasy.

Vitnið Friðgerður Jónsdóttir lögreglumaður kom fyrir dóminn 14. október sl. Hún staðfestir að hafa verið vottur, er Kristján Ingi Kristjánsson lögreglufulltrúi tók skýrslu af ákærða Tryggva Knud 26. okt. 1995, svo sem rakið var að framan. Ákærða Tryggva Knud hafi ekkert verið gefið í skyn fyrir skýrslutökuna. Hann hafi sjálfur viljað breyta framburði sínum.

Auk þeirra vitna, sem getið hefur verið um hér að framan, komu eftirtalin vitni fyrir dóminn: Jakob Líndal Kristinsson lyfjafræðingur, Eggert Skúlason, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Einar Ásbjörnsson lögreglumaður, Lárus Kjartansson rannsóknarlögreglumaður, Ragnar Benediktsson, deildarstjóri hjá Pósti og síma, Sólberg Svanur Bjarnason lögreglumaður og Fjóla Hafdís Kristjánsdóttir, starfsmaður á sjúkrahúsi. Ekki þykir ástæða til að rekja vitnisburð þessa fólks utan vísað er til vitnisburðar Jakobs Líndals Kristinssonar síðar.

Niðurstöður.

I. A.

Ákærðu hafa báðir borið um þann tilgang utanfarar sinnar í byrjun mars 1995 að kaupa ecstasy í London og flytja hingað til lands í hagnaðarskyni. Báðir ákærðu lýstu fíkniefnaneyslu sinni og reynslu af neyslu ecstasy og því, að þeir hefðu gert sér grein fyrir því ytra, að efnið, sem þeir keyptu, hefði ekki innihaldið MDMA; þetta hefðu ákærðu ráðið af áhrifum af neyslu efnisins ytra.

Ákærði G lýsti fyrir dóminum áhrifum af neyslu annars vegar þeirra efna, sem ákærði festi kaup á ytra og reyndust innihalda ketamín og efedrín, og hins vegar áhrifum af neyslu efnisins MDMA.

Vitnið Þorkell Jóhannesson prófessor bar fyrir dóminum 14. október sl., að greinilegur munur væri að öllum líkindum á verkunum annars vegar efnisins MDMA og hins vegar taflna, sem innihéldu lyfin ketamín og efedrín, og lýsing ákærða G á áhrifunum gæti vel verið rétt.

Ákærði B bar, að hann hefði greint rannsóknaraðilum frá því, að efnið, sem ákærðu fluttu til landsins, hefði verið ketamín. Þessi framburður sinn hefði ekki verið færður til bókar við skýrslutöku og ákærði ekki hirt um það, enda hefði hann talið háttsemi sína ólöglega, þrátt fyrir það að efnið hefði ekki innihaldið MDMA.

Vitnið Björn Halldórsson lögreglufulltrúi kvaðst ekki geta aftekið, að ákærði hefði minnst á, að jarðarberja-ecstasyið innihéldi ketamín, en taldi það ólíklegt.

Ráða má af gögnum málsins, að svokallað jarðarberja-ecstasy er sams konar efni og ákærðu fluttu með sér til landsins og ákært er út af í þessum ákærulið, sbr. síðar.

Ekki verður annað ráðið af gögnum málsins en einungis á einum stað í rannsóknargögnum sé vikið að efninu ketamíni, þ. e. á efnaskrá nr. 4357, sem Hákon Sigurjónsson rannsóknarlögreglumaður ritaði og vikið var að hér að framan.

Í lögregluskýrslum, teknum af ákærðu G og B, bera þeir um kaup og meðhöndlun á efninu ecstasy, þá er fjallað um efnið, sem í þessum ákærulið greinir, og er því þá lýst nánar sem jarðarberja-ecstasy.

Dómarinn telur sannað með framburði ákærðu, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að töflurnar, sem ákærðu fluttu til landsins, hafi verið sams konar og hluti taflna, sem ákærðu K og Tryggvi Knud fluttu til landsins, sbr. síðar í ákærulið III. Lagt var hald á hluta þeirra efna, og í niðurstöðum Rannsóknastofu í lyfjafræði, sem dags. eru 8. desember 1995, segir, að töflurnar hafi innihaldið efedrín og ketamín að mestu í formi klóríðs. Magn efedrínklóríðs hafi verið 109 mg í hverri töflu og magn ketamínklóríðs 145 mg, en hver tafla hafi vegið 600 mg. Ákærðu keyptu því og fluttu til landsins og seldu efni, sem innihélt ketamín og efedrín.

Með játningu ákærðu og öðrum gögnum telur dómurinn sannað, að verknaðarlýsingin í ákæru sé rétt, utan ekki er sannað, að ásetningur ákærðu hafi staðið til þess að flytja til landsins vímuefnið MDMA, eins og segir í bókun ákæruvaldsins vegna breytinga á þessum ákærulið í tilraunaverknað.

Verða nú raktar ástæður þessa álits dómsins.

Í bókun ákæruvaldsins á dómskjali nr. 13 segir, að þessi ákæruliður sé reistur á framburði ákærðu og töflurnar taldar innihalda MDMA. Svo virðist sem ákærðu hafi aldrei borið um fíkniefnið MDMA í yfirheyrslum hjá lögreglu, og virðast þeir, að því er ráðið verður af gögnum málsins, aldrei hafa verið spurðir um það efni. Ákærðu voru hins vegar yfirheyrðir ýtarlega um ecstasy. Ákærðu hafa sennilega ekki talið þetta skipta máli, hátt-semin væri jafnólögmæt, hvert sem efnið væri, sbr. t. d. framburð ákærða B um þetta. Svo virðist sem rannsóknaraðilum hafi annaðhvort yfirsést það álit Hákonar Sigurjónssonar rannsóknarlögreglumanns eftir rannsókn á fíkniefnum í efnaskrá nr. 4357, að hluti efnanna, sem þar greinir, var talinn innihalda ketamín, en það voru einmitt töflur sams konar þeim, sem ákærðu fluttu til landsins, eða að rannsóknaraðilar hafi ekki talið það skipta máli, þar sem þeir hafi ekki á þessum tíma gert sér grein fyrir því, að efnin ketamín og efedrín eru ekki meðal efna, sem bönnuð er meðhöndlun á skv. lögum um ávana- og fíkniefni eða reglugerðum um sömu efni. Framburður vitna styður þetta álit dómsins. Heitið ecstasy hefur enga lagalega þýðingu eitt og sér og er hvergi skilgreint í lögum. Hið sama á við um heitið

E-tafla og/eða alsælu. Hins vegar hefur verið talið, eins og vitnið Þorkell Jóhannesson prófessor bar fyrir dóminum, að hin klassíska skilgreining á heitinu ecstasy sé lyf, sem venjulega sé skammstafað MDMA. Svo sem vitnisburður ber með sér og gögn málsins að öðru leyti, virðist svo sem því séu nánast engin takmörk sett, hvaða efni eða efnasambönd geti kallast ecstasy, en það virðist þá tilbúningur þeirra, sem framleiða og selja ólögleg efni.

Ekki er að finna í löggjöf um ávana- og fíkniefni lagaákvæði, sem skilgreina og fella efnin ketamín og efedrín sem ávana- og fíkniefni. Meðhöndlun þessara efna er ekki lýst refsiverð í löggjöf um ávana- og fíkniefni, og breytir engu, þótt efnin séu kölluð ecstasy og þau seld sem ólögleg ávana- og fíkniefni.

Nauðsynlegt var því, eins og hér stóð á, að ganga úr skugga um það hjá lögreglu, hvers konar efni ákærðu fluttu til landsins og seldu, því að meðhöndlun efnis undir heitinu ecstasy er hvergi lýst refsiverð. Hið sama gildir um E-pillu og/eða alsælu. Meðhöndlun tiltölulega fárra efna, sem kölluð eru eða ganga undir heitinu ecstasy á fíkniefnamarkaði, er lýst refsiverð hér á landi. Ganga verður úr skugga um það, að meðhöndlun viðkomandi efnis sé lýst refsiverð í lögum eða reglugerð um ávana- og fíkniefni, sbr. fylgiskjal I með reglugerð nr. 16/1986, sbr. og reglugerð nr. 177 frá 26. mars 1986, en þá var efninu MDMA bætt á listann yfir fíkniefni, sem bannað er að meðhöndla á íslensku yfirráðasvæði, en í athugasemdum með reglugerðinni nr. 177/1986 segir, að efnið MDMA hafi ekki fengið nafn, hvorki latneskt né annað.

Samkvæmt öllu því, sem nú hefur verið rakið, er það álit dómsins, að styðjast beri við framburð ákærðu fyrir dóminum og vitneskju þeirra um það, að þeim hafi verið ljóst, að efnið, sem þeir keyptu ytra, hafi ekki innihaldið MDMA, enda voru ákærðu ekki um þetta spurðir hjá lögreglu fyrr en eftir, að málið hafði verið sent ríkissaksóknara og í ljós hafði komið við rannsókn hjá Rannsóknastofu í lyfjafræði, hvers kyns efni voru á ferðinni, en skýrsla var tekin af ákærða G hjá lögreglu 1. mars 1996, og þá lýsir hann því enn, að hann hafi talið efnið vera ecstasy. Því er að mati dómsins ekki um neina breytingu á framburði þeirra að ræða að þessu leyti og engin rök til þess að hafna framburði ákærðu fyrir dóminum um vitneskju sína, enda í raun fyrst spurðir um hana þá. Því er ósannað, að ásetningur ákærðu hafi staðið til þess að flytja til landsins vímuefnið MDMA, eins og ákærðu er gefið að sök í ákæru, sbr. bókun ákæruvaldsins um breytingu á þessum ákærulið.

Ákærðu keyptu og fluttu til landsins í hagnaðarskyni, neyttu og seldu efni, sem þeir töldu ólöglegt ávana- og fíkniefni.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, eru efnin ketamín og efedrín eða blanda þeirra efna ekki talin til ávana- og fíkniefna og meðhöndlun þeirra ekki lýst refsiverð eftir þeim lagaákvæðum, sem vísað er til í ákæru.

Þar eð ákærðu vissu, að efnið, sem þeir keyptu, innihélt ekki MDMA, hafa þeir ekki gerst sekir um tilraunaverknað og verður því ekki refsað á þeim forsendum. Breytir engu í þessu sambandi, þótt ákærðu hafi allan tímann talið sig vera að fremja afbrot. Verknaður þeirra er hvergi lýstur refsiverður hlutrænt séð og því ekki um að ræða refsiheimild og refsigrundvöll. Ber því að sýkna ákærðu af þessum ákærulið.

– – –

II.

Ákærði neitar sök.

Ákærði K bar hjá lögreglu og fyrir dómi um ætlaðan hlut ákærða Kristjáns Jóhanns, og ákærði Tryggvi Knud bar hjá lögreglu um ætlaðan hlut ákærða Kristjáns Jóhanns, en breytti þeim framburði fyrir dóminum, svo sem rakið var, og bar, að ákærði Kristján Jóhann hefði einungis afhent sér tvær töflur.

Ákærðu Tryggvi Knud og K báru efnislega á sama veg um þátttöku Kristjáns Jóhanns í yfirheyrslum hjá lögreglu.

Dómurinn telur fráleitt að ætla, að ákærði Tryggvi Knud hafi breytt framburði sínum hjá lögreglu 26. október 1995, eins og hann gerði og rakið var, af öðrum ástæðum en þeim að greina satt og rétt frá, enda stóð hann við þann framburð sinn bæði í samprófun með ákærða Kristjáni Jóhanni og í öðrum yfirheyrslum hjá lögreglu síðar og við þingfestingu málsins hér fyrir dómi. Framburður ákærða Tryggva Knuds hjá lögreglu 26. október 1995 er nákvæmur og ýtarlegur, og ekkert í gögnum málsins gefur tilefni til að ætla annað en framburðurinn hafi verið gefinn af fúsum og frjálsum vilja og samkvæmt bestu vitund. Dómurinn telur því ekki rök til að taka mark á hinum breytta framburði ákærða Tryggva Knuds og beri að miða við það, að framburður hans hjá lögreglu frá 26. október 1995 og fram að aðalmeðferð málsins sé réttur.

Ákærðu Tryggvi Knud og K hafa borið það að hafa keypt 500 töflur í London af ákærða Kristjáni Jóhanni, þar af helming af hvorri gerð, og að kaupverð hafi verið svo sem lýst er í þessum ákærulið. Þessir ákærðu báru fyrir dóminum, að ákæruliður III væri réttur að því leyti, að þeir hafi talið allt efnið innihalda MDMA. Samkvæmt þessu telur dómurinn sannað með framburði ákærða K hjá lögreglu og fyrir dómi og með framburði Tryggva Knuds hjá lögreglu og að hluta fyrir dómi, en gegn neitun ákærða Kristjáns

Jóhanns, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem í þessum ákærulið greinir, þó þannig, að miða beri við 250 töflur af MDMA.

III.

Framburður ákærðu er nokkuð á reiki um vitneskju þeirra um innihald efnisins, er þeir keyptu í London í júní 1995. Ákærðu hafa þó báðir borið fyrir dóminum, að þessi ákæruliður sé réttur að því leyti, að þeir hafi talið allar töflurnar innihalda MDMA. Báðir ákærðu töldu meðhöndlun sína á efninu, sem í þessum ákærulið greinir, hafa verið refsiverða. Þeir keyptu ytra 500 töflur, 250 töflur af hvorri gerð. Samkvæmt því innihéldu 250 töflur efnin ketamín/efedrín, en svo sem rakið var í niðurstöðu I. kafla ákæru, varðar meðhöndlun þess efnis ekki við lög um ávana- og fíkniefni, og má vísa til þess, sem að framan er rakið þar um.

Ákærði K hefur borið, að ákærðu hafi vitað, að helmingur efnisins hafi innihaldið ketamín og að ákærði Kristján Jóhann hafi ólmur viljað selja ákærðu þessa tegund af ecstasy, sem væri ný.

Ákærði Tryggvi Knud hefur borið, að hann hafi heyrt af því, að efnið hafi innihaldið ketamín. Svo sem rakið var, breytti ákærði Tryggvi Knud framburði sínum fyrir dóminum, að því er virðist, til að halda ákærða Kristjáni Jóhanni frá málinu, en svo sem rakið er í II. kafla ákæru, er ákærði Kristján Jóhann einungis ákærður fyrir söluna á þeim hluta efnisins, sem innihélt efnið MDMA, en ekki fyrir sölu þess hluta, er innihélt efnið ketamín og efedrín.

Dómurinn telur, að miða verði við framburð ákærða K um það, að hann og þar með ákærði Tryggvi Knud hafi vitað, að hluti efnanna hafi innihaldið ketamín, og beri því með sömu rökum og rakin voru í ákærulið I að sýkna báða ákærðu, að því er varðar meðhöndlun á 250 töflum, sem innihéldu efnin ketamín og efedrín. Að öðru leyti telur dómurinn sannað, að ákærðu hafi framið háttsemi, sem lýst er í þessum ákærulið, og svo sem rakið hefur verið, beri að miða við 250 töflur, er innihéldu efnið MDMA, og þar af hafi ákærða G verið seldar um 200 töflur.

Brot ákærðu eru í ákæru talin varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga, en svo sem rakið var, hafa ákærðu verið sýknaðir af tilraunaverknaði vegna meðhöndlunarinnar á efninu ketamíni/efedríni.

Í álitsgerð Rannsóknastofu í lyfjafræði frá 22. febrúar sl., sem Þorkell Jóhannesson prófessor staðfesti fyrir dóminum, er lýst hættueiginleikum efnisins MDMA.

Í kafla í álitsgerðinni, sem ber heitið Eitranir – dauðsföll af völdum MDMA, segir m. a.: „Fyrstu banvænu eitrun af völdum MDMA var lýst

1985 í alþýðlegu tímariti. Virðist hér hafa verið um að ræða dauðsfall vegna hjartabilunar í manni með hjartasjúkdóm (Dowling et al. 1987). Þessir höfundar lýstu því næst fimm dauðsföllum af völdum MDMA (þrjú) og MDEA (tvö). Þeir töldu, að tvö af þessum dauðsföllum mætti flokka undir hjartadauða í mönnum með hjartasjúkdóm. Eitt dauðsfall enn var vegna sleglatifs (fibrillatio ventriculorum) í hjarta, en hin tvö voru óljós. Suarez og Riemersma (1988) lýstu einnig einu bráðadauðsfalli af völdum MDMA vegna sleglatifs.

Venjulegir skammtar til inntöku af MDMA í vímuskyni eru á bilinu 100–150 mg. Athygli vekur, að í tveimur fyrrgreindra tilfella (hvort tveggja hjartadauði) var banvænn skammtur einungis 150 mg í öðru tilviki og 300 mg í hinu. Verður því að ætla, að þessir einstaklingar hafi í raun verið sérlega næmir fyrir amfetamínlíkri örvandi verkun MDMA á hjarta."

Þá er í álitsgerðinni lýst hættu á hækkuðum líkamshita af völdum efna eins og MDMA og skyldra efna, og er í álitsgerðinni vísað til erlendra rannsókna, þar sem segir, að enginn sjúklingur, sem hafi fengið 42 stiga hita af þessum sökum, hafi lifað af.

Lokakafli álitsgerðarinnar, sem ber heitið Umræða og ályktanir, er svohljóðandi: „MDMA og skyld efni eru greinilega tiltölulega ný hér á fíkniefnamarkaði. Efni þessi, sér í lagi MDMA sjálft, hafa mjög flókna verkun, sem annars vegar er amfetamínlík, en hins vegar lýsergíðlík. MDMA er greinilega hættulegri vímugjafi en bæði amfetamín og lýsergíð og sér í lagi, ef tekið er tillit til bráðra og banvænna eiturhrifa. Dauðsföll af völdum amfetamíns og einkum lýsergíðs hafa ætíð verið fátíð, ef þessi efni eru notuð til vímu. Tiltölulega litlir skammtar af MDMA geta hins vegar valdið bráðadauða hjartveiks fólks og alvarlegum eitrunum eða dauða með hækkuðum líkamshita og fleiri sjúkdómseinkennum, ef venjulegra vímugefandi skammta er neytt við sérstakar aðstæður (í þröngum hópi og við mikla hreyfingu). Auk þess er vitað, að MDMA getur valdið síðkomnum eituráhrifum frá miðtaugakerfi líkt og amfetamín og lýsergíð.

Amfetamín er öflugur vímugjafi, sem nú er orðinn fastur í sessi hér á landi. Lýsergíð er hins vegar vímugjafi, sem notaður er í sveiflum og er í heild lítið notaður hér. Hvorugt þessara efna hefur valdið dauðsföllum hér, svo að vitað sé. Ef MDMA á eftir að breiðast út hér á landi, er viðbúið, að það leiði af sér fleiri bráð eitrunartilfelli en þekkist eftir amfetamín eða lýsergíð og mörg dauðsföll að auki. Við þetta bætist svo, að MDMA getur valdið langvarandi truflunum í starfsemi miðtaugakerfisins engu síður en amfetamín og lýsergíð, svo sem áður er nefnt.

MDMA er samkvæmt framansögðu einn vafasamasti, ef ekki langvafa-

samasti vímugjafi, sem skotið hefur upp kollinum á fíkniefnamarkaði hér á landi."

Vitnið Þorkell Jóhannesson prófessor kvað töflur eins og þær, sem ákærðu höfðu undir höndum og við greiningu reyndust innihalda 114 mg af MDMA í formi klóríðs, gætu við sérstök skilyrði reynst neytendum lífshættulegar og að efnið væri hættulegt heilbrigðum einstaklingum.

Svo sem álitsgerðin, sem rakin hefur verið, ber með sér og vitnisburður Þorkels Jóhannessonar prófessors og Jakobs Líndals Kristinssonar lyfjafræðings, er ljóst, að efnið MDMA er stórhættulegt fíkniefni. Þegar það er virt, hvort háttsemi ákærðu varði við 173. gr. a almennra hegningarlaga eða einvörðungu við lög nr. 65/1974, ber m. a. að hafa í huga hina miklu hættueiginleika efnisins. Í 173. gr. a almennra hegningarlaga segir, að hver, sem andstætt ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni láti mörgum mönnum í té ávana- og fíkniefni eða afhendi þau gegn verulegu gjaldi eða á annan sérstaklega saknæman hátt, skuli sæta fangelsi allt að tíu árum. Samkvæmt þessu ræður efnismagnið eitt ekki úrslitum um það, hvort brot varði við þetta lagaákvæði. Það að flytja til landsins og selja og/eða afhenda jafnhættulegt fíkniefni og MDMA, er að áliti dómsins sérstaklega saknæm háttsemi.

Háttsemi ákærðu G, Kristjáns Jóhanns, K og Tryggva Knuds þykir því samkvæmt ofanrituðu varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 64/1974. 173. gr. a er svokallað eyðuákvæði, sem skírskotar um verknaðarlýsingu til laganna um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, og reglugerðin nr. 177/1986, sem sett er með heimild í þeim lögum, leggur bann við meðhöndlun efnisins MDMA (3,4-methylenedioxymethamphetaminum), svo sem rakið var. Þá ber að vísa til 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga vegna háttsemi ákærða Kristjáns Jóhanns, en gögn eru fram komin um það, að meðhöndlun efnisins MDMA er refsiverð á Englandi, þar sem þessi ákærði framdi brot sitt.

Enginn hinna ákærðu hefur áður gerst brotlegur við fíkniefnalöggjöfina.

Ákærði Tryggvi Knud hlaut 13. febrúar sl. 40 daga varðhaldsdóm fyrir umferðarlagabrot, og ber því að dæma hegningarauka nú, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga.

Ekki er ástæða til að rekja frekar sakaferil ákærðu, þar sem hann hefur ekki sérstaka þýðingu fyrir mál þetta.

Eins og rakið var að framan, er ákærði B sýknaður af refsikröfu ákæruvaldsins.

Svo sem ráða má af dómaframkvæmd, eru hættueiginleikar fíkniefna eitt þeirra atriða, sem litið er til við ákvörðun refsingar fyrir brot gegn fíkni-

efnalöggjöfinni. Fíkniefnin í þessu máli eru sérstaklega hættuleg og geta reynst lífshættuleg, svo sem rakið hefur verið. Brot ákærðu eru lýst refsiverð í þeim kafla almennra hegningarlaga, sem fjallar um brot, er hafa í för með sér almannahættu, en efnin voru ætluð til sölu og seld að mestum hluta. Háttsemi ákærðu hafði því í för með sér mikla hættu fyrir þann fjölda ungmenna, sem keyptu efnin til neyslu. Svo sem fram kemur í álitsgerð Rannsóknastofu í lyfjafræði, er hætta á því, ef útbreiðsla MDMA heldur áfram hér á landi, að það kunni að hafa í för með sér alvarlegar afleiðingar, svo sem dauðsföll. Heita má, að svo alvarlegar afleiðingar af neyslu efnisins MDMA og skyldra efna séu nú almennt þekktar eftir frásagnir fjölmiðla o. fl. af andláti ungs fólks af þessum sökum, t. d. á Bretlandi.

Dómurinn telur, að saknæmi brota, þar sem MDMA kemur við sögu, þurfi að sjást greinilega í dómaframkvæmd.

Brot ákærðu eru stórfelld.

Að öllu ofanrituðu virtu telur dómurinn refsingu hvers hinna ákærðu G, K, Tryggva Knuds Óskarssonar og Kristjáns Jóhanns Stefánssonar fyrir sig hæfilega ákvarðaða fangelsi í tvö ár og sex mánuði.

Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga skal til frádráttar refsivist ákærða G koma fjögurra daga gæsluvarðhald hans, og til frádráttar refsivist ákærða K komi þriggja daga gæsluvarðhald hans.

Ekki er sannað, að ákærði Kristján Jóhann hafi með broti sínu aflað sér fjárvinnings eða að það hafi vakað fyrir honum. Hins vegar er sannað, svo sem rakið hefur verið, að ákærðu G, K og Tryggvi Knud frömdu brot sín í hagnaðarskyni, sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 101/1976, og högnuðust þessir þrír ákærðu af brotum sínum. Dómurinn telur, að líta beri á andvirði hverrar ólögmætrar sölu fíkniefna sem ólögmætan ágóða og hugsanleg fjárútlát ákærðu við útvegun fíkniefna skipti ekki máli í þessu sambandi. Með þetta í huga og með vísan til 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga skulu ákærðu G, K og Tryggvi Knud, hver um sig, greiða 300.000 kr. í sekt í ríkissjóð, og komi 45 daga fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði G hefur samþykkt að sæta upptöku á 81.000 kr., sem aflað var með sölu efna, sem hann er sakfelldur fyrir. Vísað er til 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 vegna upptökupeninganna.

Upptökukrafa um 13 töflur af MDMA og 90 töflur af ketamíni/efedríni beinist ekki að neinum sérstökum hinna ákærðu. Ákæruvaldið leiðrétti misritun í ákæru í niðurlagi hennar, þar sem upptökukrafnanna er getið. Þar er vísað til efna, sem lagt hafi verið hald á, sbr. lið I B og II, en á að

vera I B og III, svo sem ráða má af samhenginu. Skylduupptökuákvæði eru í 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 um upptöku á MDMA, og skal það efni upptækt með vísan til þeirrar lagagreinar, og hið sama á við um 1,4 g af hassi, sem ákærði B skal sæta upptöku á. Vegna 90 taflna af ketamíni/efedríni ber að vísa til 4. mgr. 43. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1995, og 2. mgr. 68. gr. lyfsölulaga nr. 30/1963.

Ákærðu G, Kristján Jóhann, K og Tryggvi Knud greiði óskipt 150.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð, en Egill Stephensen saksóknari flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Málsvarnarlaun Jóhannesar Rúnars Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, verjanda ákærða B, 200.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði G greiði verjanda sínum, Jóhannesi Rúnari Jóhannssyni, helming 200.000 króna málsvarnarlauna á móti helmingi, sem greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði K greiði helming 200.000 króna málsvarnarlauna verjanda sínum, Páli Arnóri Pálssyni hæstaréttarlögmanni, á móti helmingi, sem greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði Tryggvi Knud greiði helming 200.000 króna málsvarnarlauna verjanda sínum, Ásgeiri Þór Árnasyni hæstaréttarlögmanni, á móti helmingi, sem greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði Kristján Jóhann greiði verjanda sínum, Sigurbirni Magnússyni hæstaréttarlögmanni, 220.000 kr. í réttargæslu- og málsvarnarlaun.

Ákærðu G, K, Tryggvi Knud og Kristján Jóhann greiði óskipt 38.889 kr. vegna efnagreiningar. Kostnaður vegna efnagreiningar á ketamíni og efedríni, 44.019 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Annar sakarkostnaður hefur ekki fallið en að ofan greinir.

Verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir gangi dómsmeðferðar málsins. Málið var þingfest 29. apríl sl. Aðalmeðferð hófst 13. maí. Þá reyndist ekki unnt að fá fyrir dóm þau vitni, sem óskað var eftir, m. a. sökum dvalar sumra erlendis. Málinu var af þeim sökum frestað ótiltekið. Hinn 5. júní kom fram krafa ríkissaksóknara um, að Pósti og síma yrði heimilað með úrskurði að láta lögreglu í té tilteknar upplýsingar úr farsíma ákærða Tryggva Knuds. Ekki náðist þá að úrskurða um kröfuna eða halda áfram aðalmeðferð málsins sökum löngu ákveðinnar utanfarar dómarans. Málinu var þá frestað, en málflytjendum afhent endurrit allra þinghalda. Kveðinn var upp úrskurður 19. september sl., og var hann kærður til Hæstaréttar, sem kvað upp dóm 23. s. m. Vitnayfirheyrslum var lokið 14. október sl., og ákærðu komu fyrir dóminn 17. s. m., en þá fór fram munnlegur málflutningur og málið dómtekið að honum loknum.

Dómsorð:

Ákærði B er sýknaður af refsikröfu ákæruvaldsins í málinu.

Ákærðu G, K, Tryggvi Knud Óskarsson og Kristján Jóhann Stefánsson sæti hver um sig fangelsi tvö ár og sex mánuði. Frá refsivist ákærða G komi fjögurra daga gæsluvarðhald, og frá refsivist ákærða K dragist þriggja daga gæsluvarðhald.

Ákærðu G, K og Tryggvi Knud greiði hver um sig 300.000 kr. í sekt, er renni í ríkissjóð, og komi 45 daga fangelsi í sektar stað, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði G sæti upptöku á 81.000 krónum.

Ákærði B sæti upptöku á 1,4 g af hassi.

Upptækar eru dæmdar 13 töflur af MDMA og 90 töflur af ketamíni/efedríni.

Ákærðu G, Kristján Jóhann, K og Tryggvi Knud greiði óskipt 150.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð.

Málsvarnarlaun Jóhannesar Rúnars Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, verjanda ákærða B, 200.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði G greiði verjanda sínum, Jóhannesi Rúnari Jóhannssyni héraðsdómslögmanni, helming 200.000 króna málsvarnarlauna á móti helmingi, sem greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði K greiði verjanda sínum, Páli Arnóri Pálssyni hæstaréttarlögmanni, helming 200.000 króna málsvarnarlauna á móti helmingi, sem greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði Tryggvi Knud greiði verjanda sínum, Ásgeiri Þór Árnasyni hæstaréttarlögmanni, helming 200.000 króna málsvarnarlauna á móti helmingi, sem greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði Kristján Jóhann greiði verjanda sínum, Sigurbirni Magnússyni hæstaréttarlögmanni, 220.000 kr. í réttargæslu- og málsvarnarlaun.

Ákærðu G, K, Tryggvi Knud og Kristján Jóhann greiði óskipt 38.889 kr. vegna efnagreiningar, en kostnaður vegna efnagreiningar á ketamíni og efedríni, 44.019 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 2. maí 1997.

Nr. 263/1996. **Magnús Guðmundsson**
(Gunnar Sæmundsson hrl.)
gegn
Eftirlaunasjóði Félags íslenskra atvinnuflugmanna
(Atli Gíslason hrl.)
og gagnsök

Lífeyrissjóður. Samþykktir. Stéttarfélag.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. júlí 1996. Hann gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að allar kröfur sínar fyrir héraðsdómi verði teknar til greina, en þær eru, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða 3.011.467 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, frá 1. júlí 1991 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. september 1996. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða sér málskostnað í héraði. Til vara krefst hann þess, að kröfur aðaláfrýjanda verði lækkaðar verulega. Loks krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, starfaði aðaláfrýjandi sem flugstjóri frá því í apríl 1944, þar til hann lét af störfum fyrir aldurs sakir í ágúst 1979. Hann var einn stofnfélaga Lífeyrissjóðs atvinnuflugmanna, sem var séreignarsjóður, árið 1953 og greiddi iðgjöld í þann sjóð, þar til hann var lagður niður 1974. Inneignir sjóðfélaga höfðu þá rýrnað svo mjög, að þær námu einungis þriðjungi greiddra iðgjalda. Eftirlaunasjóður Félags íslenskra atvinnuflug-

manna, sem er sameignar- og samtryggingarsjóður, var settur á stofn 1974. Aðaláfrýjandi flutti réttindi sín úr lífeyrissjóðnum yfir í eftirlaunasjóðinn, og voru áunnin réttindi hans reiknuð út í samræmi við ákvæði reglugerðar fyrir sjóðinn, sem staðfest var af fjármálaráðuneytinu 24. júní 1974. Samkvæmt 20. gr. reglugerðarinnar voru réttindin reiknuð til stiga á tvo vegu. Annars vegar voru innstæður í lífeyrissjóðnum metnar til stiga í samræmi við kauplag á árinu 1974, og var gagnáfrýjandi ábyrgur fyrir réttindum samkvæmt þeim stigum. Hins vegar voru réttindi, sem talin voru töpuð, einnig reiknuð til stiga, sem nefnd voru skilorðsbundin stig. Þau voru í sérstökum sjóði, sem kallaður var verðtryggingarsjóður og haldið var aðskildum frá gagnáfrýjanda. Ekkert fé stóð að baki þessum skilyrtu stigum í upphafi. Öflun fjár til sjóðsins var háð ákvörðun Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA), eins og tekið er fram í 1. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar: „Til greiðslu þess viðbótarlífeyris, er á vantar, að sjóðsfélaginn njóti réttinda í samræmi við b-lið, skal verja sérstökum framlögum, er FÍA kann að taka ákvörðun um, og öðrum tekjustofnum, sem ætlaðir yrðu í þessu skyni.“ Samkvæmt 3. mgr. 20. gr. var stjórn sjóðsins heimilt að fenginni umsögn tryggingafræðings að nota fé verðtryggingarsjóðs til að greiða uppbætur, ef nauðsynlegt væri að draga almennt úr lífeyrisréttindum sjóðfélaga.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt staðfest eintak af reglugerð eftirlaunasjóðsins 1974, en fyrir héraðsdómi lágu einungis drög að reglugerðinni, þar sem 2. mgr. 20. gr. er orðuð nokkuð á annan veg en var í staðfestri gerð hennar og að framan er lýst, og er það orðalag rakið í hinum áfrýjaða dómi. Aðaláfrýjandi heldur því fram, að þessi breyting hafi aldrei verið samþykkt af félagsfundi, heldur hafi það verið drögin að reglugerðinni, sem lögð voru fyrir félagsfund og samþykkt. Þótt orðalagsmunur sé á drögunum að reglugerðinni og endanlegri gerð hennar 1974, verður ekki talið, að um efnismun sé að ræða, sem hér skipti máli, því að í báðum tilvikum var það lagt á Félag íslenskra atvinnuflugmanna að útvega tekjustofna til að standa undir greiðslu vegna hinna skilorðsbundnu stiga. Við reglugerðarbreytingu 1981 var 20. gr. samþykkt óbreytt frá því, sem hún var í endanlegri gerð 1974.

II.

Í héraðsdómi er því lýst, að lífeyrisréttindi aðaláfrýjanda á grundvelli skilorðsbundinna stiga voru skert um 60% frá 1. júní 1991 og um 90% með reglugerðarbreytingu, sem tók gildi 1. janúar 1993. Aðaláfrýjandi telur, að með þessu hafi verið brotið gegn jafnræðis- og jafnréttissjónarmiðum íslensks réttar, og hafi rétti sínum verið raskað umfram aðra sjóðfélaga. Heildarstigafjöldi aðaláfrýjanda 1. janúar 1991 var 25,861 stig, þar af voru skilorðsbundin stig 15.772 eða 61%, og óskilorðsbundin stig í aðalsjóði 10,089 eða 39%.

Aðaláfrýjandi telur sig hafa mátt treysta því, að eftirlaunasjóðurinn tryggði sér lífeyrisgreiðslur á grundvelli skilorðsbundinna stiga sinna í sjóðnum, eins og verið hafði, frá því að hann hóf töku lífeyris árið 1979. Því til stuðnings bendir hann á, að á árunum 1981 og 1982 hafi lífeyrisgreiðslur verið skertar um 10%, og hafi sú skerðing komið jafnt niður á greiðslum samkvæmt skilorðsbundnum og óskilorðsbundnum stigum.

Aðaláfrýjandi ákvað að flytja fé sitt úr lífeyrissjóðnum yfir í eftirlaunasjóðinn. Samkvæmt 20. gr. reglugerðar gagnáfrýjanda var skýr greinarmunur gerður á útreikningi lífeyrisréttinda og þeim skipað með mismunandi hætti. Var sjóðurinn eingöngu ábyrgur fyrir réttindum samkvæmt óskilorðsbundnum stigum. Miðað við efni 20. gr. gat aðaláfrýjandi ekki bundið traust við þá framkvæmd lífeyrisgreiðslna, sem verið hafði, og aldrei var kveðið svo á um af hálfu gagnáfrýjanda, að skilorðsbundnu stigin gæfu sama rétt og hin óskilorðsbundnu.

Aðaláfrýjandi heldur því enn fremur fram, að gagnáfrýjandi hafi vanrækt að ávaxta fé verðtryggingarsjóðsins í verðtryggðum skuldabréfum, svo sem fyrir er mælt í 20. gr. reglugerðarinnar, og sé það orsök slæmrar stöðu sjóðsins. Fyrir liggur, að útlán úr sjóðnum voru ekki verðtryggð fyrr en 1979, en verðtrygging var almennt ekki tekin upp fyrr en það ár. Þessi málsástæða kom ekki fram í stefnu, og er henni mótmælt sem of seint fram kominni og rangri, og kemur hún því ekki til álita.

III.

Aðaláfrýjandi heldur því fram, að ákvörðun um skerðingu á lífeyrisrétti sínum, sem til framkvæmda kom 1. júní 1991, hafi verið

tekin af röngum aðila, það er af stjórn FÍA í stað stjórnar gagnáfrýjanda, og hafi hún ekki verið tekin á málefnalegum grunni.

Með bréfi 24. maí 1991 beindi stjórn FÍA því til gagnáfrýjanda, að greiðslur samkvæmt skilorðsbundnum stigum yrðu skertar um 60% frá 1. júní. Áður en þetta var gert, hafði farið fram tryggingafræðileg athugun á verðtryggingarsjóðnum, sbr. 6. gr. reglugerðarinnar. Nam framlag í sjóðinn aðeins 53,4% af greiðslum úr honum árið 1990, en til sjóðsins runnu 2% af launum allra flugmanna. Samkvæmt 20. gr. reglugerðarinnar var ákvörðun um framlög í verðtryggingarsjóð á hendi FÍA, en telja verður, að skerðing réttinda hafi verið undir ákvörðun gagnáfrýjanda komin. Líta verður svo á, að gagnáfrýjandi hafi samþykkt erindi FÍA og skerðingin í raun verið ákvörðun hans. Þá ber og að líta til þess, að aðaláfrýjandi hreyfði ekki mótmælum gegn skerðingu þessari fyrr en árið 1995.

IV.

Aðaláfrýjandi hefur ekki vefengt, að formlega hafi verið staðið rétt að breytingu á reglugerðinni, sem gilti frá 1. janúar 1993. Hann telur aftur á móti, að breytingarnar séu bæði ómálefnalegar og ranglátar og hafi verið knúnar fram í skjóli meirihlutavalds innan félagsins.

Sú breyting var gerð á reglugerðinni, að verðtryggingarsjóður var sameinaður eftirlaunasjóðnum þannig, að 10% upphaflegra skilorðsbundinna stiga gengu inn í eftirlaunasjóðinn og veittu þar réttindi. Þá var jafnframt stofnaður Uppbótarsjóður FÍA til að sjá um og kosta þær ráðstafanir, sem leiddi af sameiningu sjóðanna. Skyldi tryggja eftirlaunaþegum lágmarkslífeyri, sem næmi 65% af heildarstigaeign í verðtryggingar- og eftirlaunasjóði. Fékk sjóðurinn framlag frá sjúkrasjóði FÍA, 34.060.000 krónur, til að standa straum af þessum greiðslum. Þá var jafnframt kveðið á um 12 mánaða aðlögun að þeirri skerðingu, sem eftirlaunaþegar yrðu fyrir vegna þessara ráðstafana.

Árið 1992 lá fyrir úttekt tryggingafræðings á stöðu verðtryggingarsjóðsins miðað við 31. desember 1991. Hrein eign hans til greiðslu lífeyris nam 39.600.000 krónum, en til þess að mæta væntanlegum lífeyrisgreiðslum vegna skilorðsbundinna stiga þurfti eign sjóðsins að nema 187.400.00 krónum. Samkvæmt útreikningum trygginga-

fræðingsins var nauðsynlegt, að heildarskerðing yrði 80% að óbreyttum 2% iðgjöldum til verðtryggingarsjóðs. Þessari úttekt hefur ekki verið hnekkt, og hefur ekki verið sýnt fram á, að skerðingin hafi verið ómálefnaleg og órökstudd, enda frá upphafi verið skýr greinarmunur gerður á greiðslum á grundvelli skilorðsbundinna og óskilorðsbundinna stiga. Þá hefur aðaláfrýjandi ekki sýnt fram á, að reglugerðarbreytingin hafi leitt til þess, að hann fengi minna í sinn hlut en verið hefði að óbreyttri reglugerð miðað við framangreinda stöðu verðtryggingarsjóðs og óbreytt framlag til hans. Verður þá ekki tekin afstaða til réttmætis þess að færa 2% iðgjalda, sem áður féllu í verðtryggingarsjóð, til séreignarsjóðs, svo sem gert hefur verið samkvæmt því, sem fram kom í málflutningi aðila fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir öllum atvikum þykir rétt að fella niður málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. júní 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. maí sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Magnúsi Guðmundssyni, kt. 090816-7569, Hlíðargerði 15, Reykjavík, á hendur Ólafi W. Finnssyni, kt. 051051-3279, Laufvangi 18, Hafnarfirði, stjórnarformanni Eftirlaunasjóðs FÍA, kt. 650376-0809, Háaleitisbraut 68, Reykjavík, f. h. sjóðsins, en sótt var þing af hálfu sjóðsins við þingfestingu málsins 7. desember 1995.

Endanlegar dómkröfur stefnanda í máli þessu eru þær, að hinum stefnda sjóði verði dæmt að greiða sér 3.011.467 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 [...].

Dómkröfur stefnda eru aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Enn fremur er þess krafist, að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að teknu tilliti til virðisaukaskatts í samræmi við málskostnaðarreikning.

I.

Tildrög þessa máls kveður stefnandi þau, að hann hafi starfað sem flugstjóri, fyrst hjá Flugfélagi Íslands hf., síðan hjá Loftleiðum hf. og loks hjá Flugleiðum hf. frá því í apríl 1944 og þar til hann lét af störfum vegna aldurs 9. ágúst 1979. Árið 1953 hafi atvinnuflugmenn stofnað lífeyrissjóð, sem nefndist Lífeyrissjóður atvinnuflugmanna, og hafi stefnandi verið einn af stofnfélögum. Að sögn stefnanda var þessi sjóður svokallaður séreignarsjóður, með því að inneign hvers sjóðfélaga var séreign hans, en tilgangur sjóðsins var að tryggja flugmönnum rétt til lífeyris, frá því að þeir létu af störfum sem flugmenn og þar til þeir yrðu 67 ára, eftir ákveðnum reglum og að tryggja börnum og mökum flugmanna lífeyri, félli flugmaður frá.

Stefnandi upplýsir, að árið 1974 hafi Lífeyrissjóður atvinnuflugmanna verið lagður niður og nýr sjóður, Eftirlaunasjóður FÍA, stofnaður, en þessi nýi sjóður sé sameignarsjóður og hlutverk hans að veita sjóðfélögum elli- og örorkulífeyri og mökum og börnum sjóðfélaga maka- og barnalífeyri, svo sem reglugerð sjóðsins kveði á um. Stefnandi kveður félagsmenn Lífeyrissjóðs atvinnuflugmanna hafa flutt sjóðinnstæður sínar yfir í hinn nýja sjóð, og hafi þeim verið reiknuð stig þar með tvennum hætti, annars vegar hafi innstæðurnar verið metnar til stiga í samræmi við kauplag árið 1974, og ábyrgðist sjóðurinn þau réttindi, sem þannig fengust, og hins vegar hafi þeim verið reiknuð stig fyrir réttindatíma í Lífeyrissjóði atvinnuflugmanna í samræmi við þau störf, sem sjóðfélagi hafði gegnt, og kjarasamning FÍA á þeim tíma, en fjöldi þessara síðarnefndu stiga hafi verið úrskurðaður af stjórn eftirlaunasjóðsins og hafi verið ætlað að afla fjár til greiðslu lífeyris samkvæmt þeim með sérstöku iðgjaldi, sem um kynni að semjast milli FÍA og flugfélaganna. Enn fremur hafi verið ætlað að verja tekjuafgangi, er kynni að myndast af iðgjaldagreiðslum flugfélaganna, til hóptrygginga.

Stefnandi segir, að framlög til lífeyrissjóðsins, sem aflað var til greiðslu umrædds viðbótarlífeyris, hafi verið lögð í sérstakan sjóð, er nefndur var Verðtryggingarsjóður, en stigin í því falli skilorðsbundin stig. Kveður stefnandi, að í framkvæmd hafi Verðtryggingarsjóður staðið undir greiðslu umrædds viðbótarlífeyris þannig, að skilorðsbundin stig hafi gefið sömu réttindi og óskilorðsbundin stig, allt til þess að stjórn FÍA hafi ákveðið í maí 1991, að greiðslur skv. þeim skyldu skertar frá og með 1. júní það ár. Stefnandi segir, að því hafi verið borið við, að árleg framlög til sjóðsins dygðu ekki fyrir greiðslum samkvæmt skilorðsbundnu stigunum og að stjórnin treysti sér ekki til að beita sér fyrir auknum framlögum, og hafi greiðslur verið skertar um 60%.

Stefnandi kveður nýja reglugerð hafa verið setta fyrir eftirlaunasjóðinn,

sem tekið hafi gildi 1. janúar 1993. Þar hafi verið ákveðið, að einungis 10% hinna skilorðsbundnu stiga skyldu talin eigendum þeirra til eignar í Eftirlaunasjóði FÍA og að Verðtryggingarsjóður rynni til eftirlaunasjóðsins í árslok 1992. Aðdraganda kveður stefnandi verið hafa meirihlutasamþykkt í allsherjaratkvæðagreiðslu um reglugerðina.

Á þessum tíma kveðst stefnandi hafa átt 25,861 stig í sjóðnum, en þar af 15,772 skilorðsbundin.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að þá er Eftirlaunasjóður Félags íslenskra atvinnuflugmanna var stofnaður 1974, hafi svo verið komið fyrir Lífeyrissjóði atvinnuflugmanna, að hann hafi einungis staðið undir 1/3 hluta skuldbindinga sinna, með öðrum orðum, að inneign hvers sjóðfélaga hafi numið 1/3 hluta af greiddum iðgjöldum. Ástæðuna til þessa kveður stefndi hafa verið óverðtryggð lán til sjóðfélaga á verðbólgutímum.

Við stofnun Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna kveður stefndi fjármuni Lífeyrissjóðs atvinnuflugmanna hafa gengið til eftirlaunasjóðsins og nýi sjóðurinn tekið á sig skuldbindingar í því sambandi, eins og um venjubundnar iðgjaldagreiðslur væri að ræða, svo sem reglur sjóðsins um útreikning stiga til réttinda mæltu fyrir um. Töpuð séreignarlífeyrisréttindi segir hann einnig hafa verið reiknuð til stiga, kölluð skilorðsbundin stig, og haldið til haga í sérstökum sjóði, sem var nefndur Verðtryggingarsjóður og hefði verið sjálfstæð deild í Eftirlaunasjóði FÍA. Til greiðslu lífeyris og annarra réttinda samkvæmt þessum skilorðsbundnu stigum hafi átt að verja sérstökum framlögum, sem um kynni að semjast milli Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA), stéttarfélags flugmanna og flugfélaganna. Þá hafi verið ákveðið að ráðstafa tekjuafgangi til Verðtryggingarsjóðs, sem kynni að myndast af iðgjaldagreiðslum flugfélaganna, til hóptrygginga flugmanna.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stjórn FÍA hafi samið við viðsemjendur sína um greiðslu 2% iðgjalds af föstum launum flugmanna til Verðtryggingarsjóðs, en þannig hafi í raun verið tekið af öllum starfandi flugmönnum í nútíð og framtíð til að bæta flugmönnum, sem höfðu greitt til eldra sjóðsins á árunum 1953 til 1973, upp töpuð séreignarréttindi. Stefnandi hafi eins og aðrir flugmenn samþykkt árið 1973 útreikning skilorðsbundinna stiga sinna og jafnframt, að það væri undir stjórn stéttarfélags þeirra komið, hvort unnt væri að afla fjár til þess að greiða lífeyri samkvæmt þeim, en engir fjármunir hafi þá staðið að baki þessum stigum.

Þegar fram í sótti, kveður stefndi 2% iðgjöld af launum engan veginn hafa dugað til að standa undir skuldbindingum samkvæmt skilorðsbundnu stigunum. Tryggingafræðilegt uppgjör í árslok 1988 hafi sýnt slæma stöðu,

og svo hafi verið komið árið 1990, að framlagið stóð aðeins undir 53,4% af greiðslum, og fyrirsjáanlegt, að sjóðurinn myndi tæmast, þar sem æ fleiri flugmenn með skilorðsbundin stig náðu lífeyrisaldri. Þá hafi verið mikil óánægja meðal flugmanna, sem hófu störf eftir árið 1973, með það, að þeir nytu í engu réttinda samkvæmt nefndu 2% iðgjaldi. Þessa þróun mála kveður stefndi hafa leitt til þess, að greiðslur vegna skilorðsbundinna stiga varð að skerða um 60% frá 1. júní 1991. Skerðingin hafi ekki sætt andmælum stefnanda né annarra handhafa skilorðsbundinna stiga, og ákvörðun um hana hafi verið tekin á þann hátt, sem reglugerð stefnda mælti fyrir um. Þetta hafi þó ekki leyst fjárhagsvanda Verðtryggingarsjóðs, og hafi því á sameiginlegum félagsfundi FÍA og stefnda 5. desember 1991 verið ákveðið að skipa nefnd til að kanna lífeyrismál flugmanna og gera tillögu að nýrri reglugerð. Tillögur nefndarinnar hafi legið fyrir haustið 1992. Þessar tillögur hafi verið ræki lega kynntar og ræddar á mörgum fundum og síðan samþykktar í skriflegri allsherjaratkvæðagreiðslu með 91% greiddra atkvæða.

Stefndi kveður fjölmargar breytingar hafa verið gerðar í árslok 1992 á reglugerð Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna; m. a. hafi Verðtryggingarsjóður verið lagður niður og ákveðið, að 10% af upphaflegum skilorðsbundnum stigum skyldu veita réttindi í sjóðnum. Um leið hafi verið ákveðið að tryggja eldri sjóðfélögum, þar á meðal stefnanda, 65% lágmarkslífeyri auk tólf mánaða aðlögunartíma að skerðingu. Hafi tugum milljóna af sameiginlegum fjármunum félagsmanna FÍA í sjúkrasjóði félagsins verið varið til að stofna sérstakan sjóð, Uppbótarsjóð FÍA, til að bæta skerðingu vegna skilorðsbundinna stiga og tryggja 65% lágmarkslífeyri. Það hafi verið mat höfunda tillagna um breytingar á reglugerð Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna og yfirgnæfandi meiri hluta sjóðfélaga, að náðst hefði málamiðlun milli ólíkra hagsmuna sjóðfélaga, þar sem allir sjóðfélagar hefðu tekið á sig nokkra skerðingu. Þá hafi verið ljóst, að ekki var meiri hluti innan Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) fyrir því að semja um framhald 2% iðgjalds í kjarasamningi til Verðtryggingarsjóðs, hvað þá að hækka framlagið til að bæta mönnum upp töpuð skilorðsbundin réttindi. Samningaviðræður aðila hafi reynst árangurslausar, þar sem kröfur stefnanda hafi í raun í för með sér, að breyta yrði reglugerð stefnda, en mikill meiri hluti sjóðfélaga sé því mótfallinn.

II.

Stefnandi sættir sig hvorki við 60% skerðinguna á greiðslum skv. skilorðsbundnu stigunum, sem kom til framkvæmda frá 1. júní 1991, né hina endanlegu skerðingu, sem kom til framkvæmda eftir gildistöku nýrrar

reglugerðar 1. janúar 1993. Með umræddum skerðingum telur hann rétti sínum hafa verið raskað langt umfram þá sjóðfélaga, sem aðeins áttu óskilorðsbundin stig að hluta. Með þessu telur hann, að brotið hafi verið gegn þeim jafnræðis- og jafnréttissjónarmiðum, sem íslenskur réttur byggist á og komi m. a. fram í mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar, stjórnsýslulögum nr. 37/1993, lögum nr. 62/1994, sem lögfestu Mannréttindasáttmála Evrópu hér á landi, aðild Íslands að alþjóðasamningum um mannréttindi frá 19. desember 1966 og reglum félagaréttar um minnihlutavernd í félögum og sjóðum með skylduaðild.

Stefnandi kveðst miða við, að með staðfestingu fjármálaráðuneytisins á reglugerð Eftirlaunasjóðs FÍA, sem tók gildi 1. janúar 1993, hafi ráðuneytið brugðist eftirlitshlutverki sínu skv. 2. gr. laga nr. 55/1980, þ. e. að gaumgæfa, hvort ákvæði reglugerðarinnar væru í samræmi við lög og rétt.

Stefnandi heldur því fram, að við stofnun Eftirlaunasjóðs FÍA hafi beinlínis verið gert ráð fyrir, að svonefnd skilorðsbundin stig veittu sama lífeyrisrétt og óskilorðsbundin stig, enda tækist með nánar tilgreindum hætti að afla fjár, til þess að svo mætti verða. Hafi þetta í raun tekist, og í framkvæmd hafi lífeyrisréttur samkvæmt skilorðsbundnum og óskilorðsbundnum stigum verið hinn sami frá stofnun sjóðsins til 1. júní 1991, um 16 ára skeið. Tryggingafræðileg úttekt í árslok 1979 hafi sýnt slæma stöðu sjóðsins. Hafi þá verið gripið til þess ráðs að skerða lífeyrisgreiðslur um 10%, sem kom til framkvæmda í fjórum áföngum á árunum 1981 og 1982. Sú skerðing hafi komið jafnt niður á greiðslum samkvæmt skilorðsbundnum og óskilorðsbundnum stigum, svo að sjóðfélögum hafi á engan hátt verið mismunað.

Stefnandi kveður þessar ráðstafanir hafa vakið þá tiltrú hjá sér og fleiri lífeyrisþegum, að lífeyrisréttur samkvæmt skilorðsbundnum og óskilorðsbundnum stigum væri og yrði hinn sami, á meðan þeir lifðu, sem rétt áttu á greiðslum samkvæmt skilorðsbundnum stigum. Hafi þetta verið eðlileg ályktun, þar sem þeir, sem mest áttu af skilorðsbundnum stigum, hafi einmitt verið sömu menn og unnu að því á sínum tíma að koma lífeyrismálum flugmanna í viðunandi horf. Það hafi því komið sér í opna skjöldu, er yngri menn, sem þá voru komnir í meiri hluta í sjóðnum, og Félag íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) tóku að beita sér fyrir því, að réttur eldri mannanna yrði skertur langt umfram aðra sjóðfélaga, þannig, að lífeyrisréttur samkvæmt skilorðsbundnu stigunum yrði nánast þurrkaður út. Möguleikar hlutaðeigandi lífeyrisþega til að beita sér gegn skerðingunni hafi einnig verið mjög takmarkaðir, þar sem stjórn sjóðsins sé samkvæmt reglugerð hans skipuð fimm mönnum, þremur tilnefndum af FÍA, sem lífeyrisþegar eiga

ekki aðild að, og tveimur tilnefndum af vinnuveitendum, en í stjórninni og stjórn FÍA fari fram hin eiginlega stefnumörkun á málefnum sjóðsins. Í öðru lagi bendir stefnandi á, að hafi skerðing lífeyrisréttar verið nauðsynleg, sem ekki sé í sjálfu sér vefengt, að tryggingafræðileg úttekt hafi sýnt, megi ljóst vera, að hefði hún verið framkvæmd með sama hætti og skerðingin 1981 og 1982, hefði hún ekki komið harkalega niður á neinum sjóðfélaga. Í þriðja lagi bendir stefnandi á, að jafnvel þótt heimilt hefði verið að láta skerðinguna bitna einvörðungu á lífeyrisrétti samkvæmt skilorðsbundnu stigunum svo sem gert var, hafi ekki verið sýnt fram á nauðsyn þess, að hún yrði jafnmikil og raun varð á. Í því sambandi er vísað til þess, að tryggingafræðingur sá, sem frá upphafi hafði annast tryggingafræðilega úttekt á sjóðnum, taldi í drögum að reglugerð, dags. 10. 11. 1991, að 60% skerðingin, sem þá var komin til framkvæmda, nægði til að rétta af fjárhag sjóðsins, þegar til lengri tíma væri litið. Hins vegar hafi það verið nefnd, sem skipuð var af stjórn FÍA að sögn stefnanda, sem lagði til frekari skerðingu án samráðs við tryggingafræðing, og hafi sú tillaga verið samþykkt í allsherjaratkvæðagreiðslunni.

Af öllu þessu telur stefndi ljóst, að um svo grófa mismunun hafi verið að ræða, er réttur hans o. fl. var skertur með reglugerðarbreytingu til hagsbóta fyrir þá, sem aðeins áttu óskilorðsbundin stig, að fjármálaráðuneytinu hafi borið að synja um staðfestingu reglugerðar þeirrar, sem tók gildi 1. janúar 1993, og að svo vöxnu máli sé reglugerðin óbindandi fyrir sig og að sjóðnum beri að bæta sér þann skaða, sem hann hafi hlotið af þessu.

Stefnandi telur enn fremur, að skerðing sú á lífeyrisrétti sínum, sem gerð var með ákvörðun stjórnar FÍA og kom til framkvæmda 1. júní 1991, hafi hvorki átt stoð í þágildandi reglugerð sjóðsins né verið tekin á málefnalegum grunni; hún hafi verið tekin af röngum aðila, þ. e. stjórn FÍA, en ekki stjórn Eftirlaunasjóðs FÍA, og falið í sér grófa mismunun milli sjóðfélaga innbyrðis. Ómerkja beri þessa ákvörðun og dæma sjóðinn til að bæta sér það tjón, sem hún hefur valdið.

Stefnandi kveðst sækja lagastoð í ákvæði 65. gr. og 72. gr. stjórnarskrár, 11. gr. og 25. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, 1. mgr. 1. gr. og 5. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1994, og í 1. gr. og 14. gr. sáttmálans. Kröfu um dráttarvexti og vaxtavexti kveðst hann reisa á III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, kröfu um málskostnað á 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 og kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun á 3. gr. og 11. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

III.

Stefndi telur, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að skilyrðum almennu skaðabótareglunnar eða annarra réttarheimilda um greiðslu skaðabóta eða annars konar greiðslna til stefnanda sé fullnægt. Stefnandi hafi ekki vefengt, að formlega hafi verið staðið rétt að samþykkt um skerðingu lífeyris, sem kom til framkvæmda 1. júní 1991, og breytingu á reglugerð, sem tók gildi 1. janúar 1993. Þetta sé einnig staðfest í dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 18. september 1995, í máli milli sömu aðila. Staðfesting fjármálaráðuneytisins á núgildandi reglugerð í samræmi við ákvæði laga nr. 55/1980 standi sem lögfull sönnun um réttmæti gerða stefnda, meðan henni hafi ekki verið hnekkt í dómsmáli á hendur ráðuneytinu eða öðrum, sem hlut eiga að máli.

Þá vísar stefndi til þess, að hvorki lögskipaðir skoðunarmenn sjóðs stefnda né bankaeftirlit Seðlabanka Íslands, sbr. ákvæði laga nr. 27/1991, hafi gert athugasemdir við reglugerð stefnda eða starfrækslu sjóðs hans. Stefndi mótmælir því sem röngu og ósönnuðu, að um ómálefnalega skerðingu hafi verið að ræða og brotin hafi verið jafnræðissjónarmið. Allir sjóðfélagar stefnda hafi tekið á sig skerðingu, en auk þess hafi starfandi flugmenn staðið undir greiðslu til stefnda með framlögum af launum sínum án hagsbóta fyrir þá, og hafi þetta 2% framlag verið ómálefnalegt og brotið gegn jafnræðissjónarmiðum gagnvart starfandi flugmönnum, en ekki stefnda.

Öllum tilvísunum stefnanda til mannréttindaákvæða og stjórnsýsluréttar mótmælir stefndi sem órökstuddum og óskyldum efnisatriðum og úrlausn málsins. Stefnandi hafi setið við sama borð og aðrir handhafar skilorðsbundinna stiga. Réttindanotkun samkvæmt þessum stigum hafi verið háð því skilyrði, að stéttarfélag flugmanna tryggði sérstök framlög. Stefndi fullyrðir, að stefnanda hafa alla tíð verið tryggðar lífeyrisgreiðslur umfram það, sem óskilorðsbundin stig hans veittu honum. Þennan viðbótarlífeyri hefur stéttarfélagið nú tryggt endanlega með því að leggja til tugi milljóna úr sjúkrasjóði til að tryggja lágmarkslífeyri.

Stefndi telur, að í þessu máli sé um að ræða hagsmunaágreining milli sjóðfélaga stefnda, sem leyst hafi verið úr á lýðræðislegan hátt í allsherjaratkvæðagreiðslu með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða. Ályktun um lausn vandans hafi verið samþykkt með 91% greiddra atkvæða. Stefndi heldur því fram, að það sé ekki á valdi dómstóla að breyta lögmætum ákvörðunum stefnda, en ágreiningur sé ekki um túlkun á reglugerð, er gildi tók 1. janúar 1993. Lífeyrir hafi verið skertur árið 1991 í samræmi við ákvæði 6. gr., sbr. 20. gr. þágildandi reglugerðar, allt að fengnum tillögum tryggingafræðings. Sérstaklega kveðst stefndi benda á, að réttur til lífeyris samkvæmt skil-

orðsbundnum stigum stefnanda hafi ekki falið í sér eign í skilningi 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995.

Kröfu um sýknu kveðst stefndi einnig styðja við þau sjónarmið, að sömu reglur hafi ekki gilt um lífeyrisréttindi samkvæmt skilorðsbundnum stigum annars vegar og um lífeyrisréttindi byggð á raunverulegum peningalegum lífeyrisiðgjöldum hins vegar. Stjórn stefnda hafi ekki borið ábyrgð á réttindum samkvæmt skilorðsbundnu stigunum, sem mynduðu sérstaka deild í sjóðnum, en fjármunum til greiðslu lífeyris vegna þeirra hafi verið haldið aðskildum frá öðru fé sjóðsins. Stefnda hafi því bæði verið rétt og skylt að taka sértækar ákvarðanir um skerðingu lífeyris samkvæmt skilorðsbundnum stigum óháð öðrum lífeyrisréttindum sjóðfélaga. Það hafi verið gert, og mótmælir stefndi því sem röngu og ósönnuðu, að stefnanda hafi verið mismunað við þá ákvörðun. Þá er því jafnframt haldið fram af hálfu stefnda, að stefnda hafi verið með öllu óheimilt að greiða lífeyri samkvæmt skilorðsbundnum stigum með öðru fé en því, sem sérstaklega var eyrnamerkt til þess í Verðtryggingarsjóði. Ítrekar stefndi, að ef ekki hefði komið til breytinga á reglugerð, hefðu lífeyrisgreiðslur samkvæmt skilorðsbundnum stigum fallið niður að mestu, þar sem 2% framlag af launum starfandi flugmanna hefði engan veginn hrokkið til að standa undir þeim greiðslum. Með breytingu á reglugerð hafi stefnanda og öðrum í hans stöðu verið tryggður betri réttur, þ. e. 65% lágmarkslífeyrir. Með því að breyta núgildandi reglugerð til fyrra horfs telur stefndi ljóst, að stefnandi og fleiri eldri sjóðfélagar muni aðeins ná um einum þriðja hluta af hámarkslífeyri og verða verr settir en áður.

Til frekari rökstuðnings bendi stefndi á, að greiðsla viðbótarlífeyris hafi algjörlega verið háð ákvörðunum stéttarfélags flugmanna, enda sé sérstaklega tekið fram í 20. gr. þágildandi reglugerða, að greiðslur vegna skilorðsbundinna stiga skuli inna af hendi, meðan fé endist, sem stéttarfélagið taki ákvarðanir um að afla með tilgreindum hætti. Í þágildandi reglugerðum hafi stjórn stefnda enn fremur verið heimilað að ráðstafa fé Verðtryggingarsjóðs til að greiða uppbætur á almennan lífeyri samkvæmt 9. grein reglugerðanna vegna skerðingar samkvæmt 6. gr. Stjórn eftirlaunasjóðsins hafi hins vegar enga heimild haft til að ráðstafa greiddum almennum iðgjöldum til að greiða viðbótarlífeyri vegna skilorðsbundinna stiga eða til að greiða uppbætur vegna skerðingar á þessum viðbótarlífeyri. Fullyrðing stefnanda, að gert hafi verið ráð fyrir, að skilorðsbundin stig veittu sama lífeyrisrétt og óskilorðsbundin stig, eigi því ekki við rök að styðjast.

Þá heldur stefndi því fram, að stefnandi sé bundinn af lögmætum samþykktum sjóðfélaga um eftirlaunasjóðinn. Stefnandi hafi ekki mótmælt

skerðingu, sem gerð var árið 1991, fyrr en löngu eftir að hún var gerð, og hafi ekki mótmælt skerðingunni á vettvangi félagsfunda stefnda eða FÍA, svo sem með tillöguflutningi á aðalfundum. Enn fremur hafi engar athugasemdir komið frá stefnanda við undirbúning, kynningu og samþykkt breytinga á reglugerð stefnda árið 1992, þrátt fyrir það að honum hafi verið gefinn kostur á því. Kveðst stefndi jafnframt vísa til þess, að tómlæti stefnanda sé slíkt, að hann hafi glatað hugsanlegum rétti. Þá sé ljóst, að ekki sé unnt að verða við kröfum stefnanda að óbreyttum reglum sjóðsins. Breyting verði hins vegar ekki gerð nema með samþykki félagsfundar í allsherjaratkvæðagreiðslu samkvæmt 23. gr. gildandi reglugerðar sjóðsins, en stefnandi hafi engar formlegar kröfur gert í málinu um, að reglugerð stefnda verði breytt. Einnig þurfi í þessu sambandi samþykki félagsfundar FÍA og stærstu flugfélaga, til að umdeilt ákvæði reglugerðarinnar yrði fært til fyrra horfs.

Þá reisir stefndi sýknukröfu sína á aðildarskorti. Kröfugerð stefnanda lúti að því, að honum verði bætt tjón, sem hann telur sig hafa orðið fyrir, en ætlað tjón stefnanda sé sprottið af slælegri fjárvörslu Lífeyrissjóðs atvinnuflugmanna og síðar af ákvörðunum, sem stjórn FÍA tók, en ekki stefndi, eins og viðurkennt sé í stefnu. Það hafi verið á valdi stéttarfélagsins samkvæmt 20. gr. þágildandi reglugerða stefnda að semja um eða taka ákvörðun um, hvort og hvernig viðbótarlífeyrir samkvæmt skilorðsbundnu stigunum yrði fjármagnaður, en stéttarfélagið hafi hins vegar ekki treyst sér til að standa fyrir frekari framlögum vegna skilorðsbundinna stiga en fólust í nefndum reglugerðarbreytingum og tryggingu 65% lágmarkslífeyris o. fl. Stefndi kveðst ekki eiga aðild að máli, sem eigi einungis rót sína að rekja til hugsanlega bótaskyldrar háttsemi Lífeyrissjóðs atvinnuflugmanna og stéttarfélags flugmanna. Aðildarskort rökstyður stefndi einnig með því, að samkvæmt stefnu sé því haldið fram, að fjármálaráðuneytið hafi brugðist eftirlitshlutverki sínu með því að staðfesta breytingar á reglugerð stefnda; hafi ráðuneytinu borið að synja um staðfestingu reglugerðarinnar, og því sé hún óskuldbindandi fyrir stefnanda. Skaðabótaábyrgð vegna ætlaðra mistaka fjármálaráðuneytisins verður hins vegar að mati stefnda ekki lögð á þann, sem reisir starfsemi sína á lögformlega rétt settri og staðfestri reglugerð, eins og stefndi geri.

Auk áðurnefndra lagatilvísana vísar stefndi um lagastoð til laga nr. 53/1989, álits umboðsmanns Alþingis í málinu nr. 432/1991, III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, 18. gr., 24. gr., 26. gr. og 80. gr. laga nr. 91/1991 um formhlið málsins og til 129. gr. og 130. gr. sömu laga um málskostnað og um virðisaukaskatt til laga nr. 50/1988, einkum 3. gr., 11. gr. og 14. gr.

IV.

Niðurstaða.

Eins og hér hefur verið rakið, er ekki tölulegur ágreiningur í máli þessu, heldur snýst málið um það, hvort það sé saknæm mismunun á sjóðfélögum og brot á jafnræðis- og jafnréttisreglum eða ekki, að svonefnd skilorðsbundin stig gefa ekki lengur jafnan rétt og óskilorðsbundin stig til lífeyrisgreiðslna úr Eftirlaunasjóði Félags íslenskra atvinnuflugmanna.

Í fyrstu reglugerð fyrir Eftirlaunasjóð FÍA segir í 2. mgr. 8. gr., að stjórn sjóðsins sé heimilt að veita viðtöku fé, sem sjóðfélagi óskar að yfirfæra úr öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins. Og í síðustu mgr. 9. gr. reglugerðarinnar segir, að fé, sem yfirfært er úr öðrum lífeyrissjóði samkvæmt 2. mgr. 8. gr., skuli umreiknað í stig með sama hætti og iðgjöld á því ári, er yfirfærsla er gerð, þannig, að deilt sé í fimmföld iðgjöld vegna hvers sjóðfélaga með grundvallarlaunum samkvæmt því, sem 2. mgr. 9. gr. kveður á um.

Í 20. gr. framangreindrar reglugerðar, sem fjallar um flutning réttinda úr Lífeyrissjóði atvinnuflugmanna, segir orðrétt:

„Áunnin réttindi þeirra starfandi flugmanna, sem við gildistöku reglugerðar þessarar eiga innstæðu í Lífeyrissjóði atvinnuflugmanna og flytja hana til þessa sjóðs fyrir árslok 1974, skulu reiknuð á tvo vegu sem hér segir:

a. Í samræmi við ákvæði síðustu málsgr. 9. gr.

b. Með útreikningi stiga fyrir réttindatíma í Lífeyrissjóði atvinnuflugmanna í samræmi við þau störf, er hlutaðeigandi sjóðfélagi hefur gegnt á því tímabili, og kjarasamningi FÍA á þeim tíma, er reglugerð þessi öðlast gildi. Stjórn Eftirlaunasjóðs FÍA úrskurðar um stigafjölda samkvæmt þessum staflið.

Sjóðurinn er ábyrgur fyrir réttindum samkvæmt a-lið 1. málsgr. í samræmi við almenn ákvæði reglugerðar þessarar. Fjár til greiðslu þess viðbótarlífeyris, er á vantar, að sjóðfélaginn njóti réttinda í samræmi við b-lið, skal aflað með sérstöku iðgjaldi, sem um kann að semjast milli FÍA og flugfélaganna, og enn fremur skal varið í þessu skyni tekjuafgangi, er myndast kann af iðgjaldagreiðslum flugfélaganna til hóptrygginga samkvæmt 19. gr.

Fé því, sem nefnt er í 2. málsgr., skal haldið aðskildu frá öðru fé sjóðsins. Það skal ávaxtað í verðtryggðum skuldabréfum eða með þeim hætti öðrum, er tryggir sem besta ávöxtun þess. Því skal varið á þann veg, sem 2. málsgr. segir, meðan það endist. Reynist nauðsynlegt að draga almennt úr lífeyrisréttindum sjóðfélaga, sbr. 2. málsgr. 6. gr., er stjórn sjóðsins enn fremur heimilt að fenginni umsögn tryggingafræðings og með samþykki FÍA og

þeirra flugfélaga, er að sjóðnum standa, að nota fé þetta til að greiða uppbætur, er vegi á móti hinni almennu lækkun bótagreiðslna.

. . ."

Óumdeilt er, að engin bein fjárframlög til eftirlaunasjóðsins liggja að baki skilorðsbundnum stigum frá handhöfum þeirra. Fjár til greiðslu þess lífeyris, sem skilorðsbundin stig veittu, var stéttarfélagi atvinnuflugmanna falið að afla „með sérstöku iðgjaldi, sem kann að semjast milli FÍA og flugfélaganna", útlátalaust af hálfu handhafa skilorðsbundinna stiga sérstaklega. Þessu fé var samkvæmt reglum sjóðsins haldið aðskildu frá öðru fé sjóðsins og kallað Verðtryggingarsjóður, og skyldi því varið, „meðan það endist", til greiðslu lífeyris, sem skilorðsbundin stig gáfu.

Samkvæmt framangreindu gat stefnandi ekki vænst þess, að eftirlaunasjóðurinn tryggði honum lífeyrisgreiðslur á grundvelli skilorðsbundinna stiga hans í sjóðnum, enda ekki á valdi eftirlaunasjóðsins að afla fjár til þess. Þá hefur stefnandi ekki sýnt fram á, að lífeyrir hans úr sjóðnum hafi verið skertur með saknæmum hætti af stjórn sjóðsins, miklu fremur er ekki annað upplýst en stjórnin hafi að þessu staðið samkvæmt þeim reglum, sem henni voru settar í reglugerð sjóðsins.

Þá eru engin efni til þess, að sjóðurinn bæti stefnanda ætlaðan skaða af breyttum reglum sjóðsins, enda þótt í þeim felist, að lífeyrisréttur samkvæmt skilorðsbundnum stigum falli að miklu leyti niður, en réttur samkvæmt óskilorðsbundnum stigum sé óskertur. Þessi munur getur ekki talist brot á jafnræðisreglum, þar sem réttindi samkvæmt skilorðsbundnum stigum eru í raun forréttindi, eins og lýst hefur verið, byggð á viðleitni sjóðfélaga við stofnun Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna að bæta sjóðfélögum Lífeyrissjóðs atvinnuflugmanna skaða. Samþykkt aðalfundar eftirlaunasjóðsins um að skerða lífeyrisgreiðslur með reglugerðarbreytingu, eins og hér er deilt um, verður því hvorki talin ómálefnaleg né ranglát.

Samkvæmt framangreindu verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Eftirlaunasjóður Félags íslenskra atvinnuflugmanna, er sýkn af kröfum stefnanda, Magnúsar Guðmundssonar. Málskostnaður er ekki dæmdur.

Föstudaginn 2. maí 1997.

Nr. 79/1996. **Jóhannes Þ. Guðbjartsson**
(Ástráður Haraldsson hrl.)
gegn
íslenska ríkinu
(Jón G. Tómasson ríkislögmaður)

Skaðabætur. Vinnuslys. Ábyrgð. Verksamningur. Örorka. Miski. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. febrúar 1996. Hann krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 5.672.450 krónur í skaðabætur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. mars 1995 til 2. maí sama ár og dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, og verði þar tekið tillit til þess, að hann naut gjafsóknar fyrir héraðsdómi.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á bótakröfu áfrýjanda ásamt því, að málskostnaður verði látinn niður falla.

I.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar greinir, varð áfrýjandi fyrir því slysi 1. ágúst 1985 að falla niður af þaki á húsi á Keldnaholti, sem þar var í byggingu fyrir Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, þegar hann var við vinnu á þakinu ásamt þremur öðrum starfsmönnum Davíðs Axelssonar húsasmíðameistara og Sigurði Hermannssyni, starfsmanni stofnunarinnar, sem hafði með höndum eftirlit og byggingarstjórn af hálfu húsbyggjenda. Hlaut áfrýjandi alvarleg meiðsl á hægra fæti, er leiddu til verulegrar örorku. Var örorkan fyrst metin í janúar 1987, eftir að

hann hafði gengist undir þrjár skurðaðgerðir á fætinum. Síðara örorkumat fór fram í júlí 1993, og hafði hann þá gengist undir fjórar aðgerðir til viðbótar, á árunum 1990-1992.

Kröfu sinni um bætur vegna slyssins beindi áfrýjandi í upphafi að vinnuveitanda sínum, Davíð Axelssyni, sem naut ábyrgðartryggingar hjá Vátryggingafélaginu Tryggingu hf. Höfðaði hann mál á hendur vinnuveitandanum á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu 17. ágúst 1987 og reisti fjárkröfur sínar þar á hinu fyrra örorkumati. Áður hafði lögmaður áfrýjanda leitað um það upplýsinga hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, hvernig sambandi vinnuveitandans og byggjenda hússins hefði verið háttað og um hvaða verkþætti verið við hann samið. Með bréfi forstöðumanns 1. júlí 1987 hafði því verið svarað á þá leið, að Davíð Axelsson hefði verið trésmíðaverktaki við nýbyggingu stofnunarinnar og haft við verkið nokkurn hóp trésmiða, þar á meðal áfrýjanda.

Dómsmál þetta var fellt niður 6. nóvember sama ár, eftir að samkomulag hafði náðst utan réttar við Tryggingu hf. um uppgjör á bótum til áfrýjanda vegna slyssins. Samkvæmt skaðabótakvittun til félagsins 9. október 1987 greiddi það honum þá umsamdar fullnaðarbætur fyrir allt fjártjón hans og miska, 1.175.000 krónur, ásamt 350.000 krónum í vexti. Áður hafði félagið greitt honum samtals 287.351 krónu í bætur úr samningsbundinni slysatryggingu launþega, þar af 52.211 krónur í dagpeninga. Í umræddri kvittun var tekið fram, að með skaðabótunum væru allar kröfur vegna tjónsins að fullu greiddar, og væri öllum endurgreiðslum eða kröfum á hendur þriðja aðila vegna tjónsins afsalað til Tryggingar hf.

Áfrýjandi segir uppgjörið hafa verið við það miðað, að Davíð Axelssyni bæri að bæta 50% af tjóni sínu vegna slyssins. Af hálfu Tryggingar hf. hefur þetta verið staðfest í bréfi til ríkislögmanns 21. júní 1994, sem lögfræðingur félagsins, er stóð að uppgjörinu, ritaði fyrir þess hönd. Segir í bréfinu, að umrætt hlutfall ábyrgðar vinnuveitandans hafi verið ákvarðað með hliðsjón af því, að verkstjórn og öryggisráðstafanir við klæðningu á þakinu hafi verið í höndum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, svo og hugsanlegri eigin sök tjónþola, eins og rakið er orðrétt í hinum áfrýjaða dómi.

Eftir að örorka áfrýjanda hafði verið metin öðru sinni, greiddi Trygging hf. honum 13. október 1993 viðbótarbætur úr slysatrygg-

ingu launþega, 156.760 krónur. Jafnframt féllst félagið á að greiða honum samtals 610.000 krónur til viðbótar í skaðabætur úr ábyrgðartryggingu Davíðs Axelssonar ásamt 67.258 krónum í vexti. Fór greiðslan fram samkvæmt skaðabótakvittunum 6. janúar og 16. mars 1994, með sama áskilnaði um fullnaðarbætur og endurkröfurétt og gerður var í fyrri kvittun frá 9. október 1987.

Kröfu á hendur stefnda vegna slyssins setti áfrýjandi fyrst fram með bréfi til Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins 8. mars 1994, um þær mundir, sem síðastnefnd greiðsla var til meðferðar hjá Tryggingu hf. Fór áfrýjandi þar fram á samninga um bætur fyrir þann hluta af tjóni sínu, sem hann fengi ekki bættan úr hendi félagsins vegna Davíðs Axelssonar. Með bréfi ríkislögmanns 8. júlí sama ár var kröfunni hafnað.

II.

Krafa áfrýjanda í málinu er á því reist, að aðilar að byggingu hússins á Keldnaholti beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans af slysinu að óskiptu með verktakanum Davíð Axelssyni, sem verið hafi vinnuveitandi hans. Verði sú ábyrgð rakin til þess, að aðilarnir hafi sjálfir haft hönd í bagga um stjórn og tilhögun verka við bygginguna ásamt því, hvaða ráðstafanir voru þar gerðar vegna öryggis starfsmanna.

Þegar til álita kemur, að tveir aðilar beri ábyrgð á sama tjóni, er það að jafnaði ekki skilyrði til heimtu skaðabóta, að þær séu sóttar úr hendi þeirra í sameiningu. Glataði áfrýjandi ekki rétti á hendur stefnda við það eitt að beina dómsmáli gegn vinnuveitanda sínum, án þess að honum væri einnig stefnt til ábyrgðar. Afstaða vinnuveitandans í því máli gat ekki orðið bindandi fyrir stefnda né heldur það uppgjör hans við áfrýjanda, sem fram fór utan réttar. Er álitaefnið hér einungis það, hvort meta megi framgöngu áfrýjanda við uppgjörið á þann veg, að hann hafi fallið frá öllum frekari kröfum vegna slyssins. Óumdeilt er, að hinar umsömdu bótagreiðslur náðu aðeins til hluta af því tjóni, sem hann taldi til. Kvittanir hans til Tryggingar hf. voru í stöðluðu formi og verða ekki sjálfkrafa skýrðar þannig, að í þeim felist fullnaðaruppgjör gagnvart öðrum en viðtakandanum eða afsal á kröfurétti vegna annars en þeirra fjárhæða, sem á milli fóru. Sýnt er, að áfrýjanda gat verið brýnt að bæta fjár-

hag sinn með uppgjörinu og að tilraun til að tengja það við uppgjör gagnvart stefnda gæti orðið til tafar. Auk þess, sem þannig má ætla um stöðu áfrýjanda, liggur fyrir eindregin yfirlýsing frá Tryggingu hf. í þá átt, að uppgjörið hafi miðast við, að hann ætti einnig bótarétt gagnvart stefnda. Jafnframt er ljóst af yfirlýsingunni og atvikum að öðru leyti, að félagið telur á engan hátt vegið að hagsmunum sínum eða skjólstæðings síns með þeirri kröfugerð, sem hér er uppi höfð. Með hliðsjón af öllu þessu verður að fallast á það með áfrýjanda, að uppgjör hans gagnvart Davíð Axelssyni standi málsókn þessari ekki í vegi. Þegar litið er til sjúkrasögu áfrýjanda, verður einnig á það að fallast, að dráttur hans á kröfugerð gagnvart stefnda hendi ekki til tómlætis, er leiða eigi til sýknu.

III.

Hús Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins var tilraunabygging, sem kostuð var af fé til rannsóknastarfsemi og miðuð við notkun byggingarefnis og byggingaraðferða, er stofnunin hafði haft til rannsóknar um árabil. Voru veggir og þak gerð úr tilbúnum einingum, svo að venjulegra vinnupalla vegna uppsteypu og múrhúðunar þurfti ekki við. Stofnunin hafði forsögn um byggingu hússins og lagði til verksins nokkra iðnaðarmenn, sem hún hafði í þjónustu sinni, jafnframt því að ráða verktaka til að annast tiltekna þætti þess. Var starfsmanni stofnunarinnar, Sigurði Hermannssyni húsasmíðameistara, falið eftirlit með framkvæmdum og yfirstjórn þeirra af hálfu byggjenda. Ekki er fram komið, hvort nokkur aðili utan stofnunarinnar var skráður sem meistari eða byggingarstjóri við húsið, sbr. IV. kafla byggingarreglugerðar nr. 292/1979.

Davíð Axelsson húsasmíðameistari var ráðinn til starfa sem verktaki við bygginguna, eftir að framkvæmdir hófust. Hann vann ekki að því að gera grunn hússins eða reisa veggi og þak og var ekki skráður sem húsasmíðameistari þess. Hins vegar var honum falið að sinna ýmsum trésmíðaverkefnum, sem til féllu, þar á meðal klæðningu á þakinu. Lagði hann til þeirra nokkurn hóp trésmiða, en annaðist ekki beina verkstjórn á staðnum, heldur hafði einn smiðanna forystu fyrir þeim. Skriflegur verksamningur við Davíð liggur ekki fyrir, og má telja óvíst, að hann hafi verið gerður. Benda gögn málsins eindregið til þess, að hann hafi unnið verk sitt í reikningsvinnu

án útboðs á verkefnum og verklaun einkum verið fólgin í endurgjaldi fyrir tímavinnu trésmiðanna.

Áfrýjandi var einn fjögurra trésmiða, sem unnu að klæðningu á þaki hússins undir eftirliti Sigurðar Hermannssonar, er tók nokkurn þátt í verkinu. Lítill halli var á þakinu, og fór vinnan fram án þess, að nokkrar fallvarnir væru viðhafðar. Var hvorki handrið né vinnupallur við þakbrún og engar líflínur á staðnum. Að sögn vitna var það alsiða að standa þannig að verki á svo lágreistu þaki, en hins vegar var þetta í mótsögn við ákvæði reglugerðar nr. 204/1972 um öryggisráðstafanir við byggingarvinnu, sbr. einkum 9. gr. og 17. gr. hennar, og meginreglu 1. mgr. 37. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í 17. gr. reglugerðarinnar er því lýst, hverra ráðstafana skuli almennt gæta við vinnu á þaki, og er þar ekki aðeins tekið mið af halla á þökum, heldur einnig af hæð þeirra frá jörðu eða næsta vinnufleti. Í 6. mgr. greinarinnar segir, að draga megi úr öryggisráðstöfunum á flötum þökum upp í allt að 5 metra yfir jörðu, ef aðrar kringumstæður leyfi. Í þessu tilviki var hæð þakbrúnar um 6 metrar.

Ljóst er, að slys áfrýjanda verður meðal annars rakið til þessa skorts á fallvörnum. Sem vinnuveitanda hans bar Davíð Axelssyni að tryggja, að öryggis hans væri gætt með viðeigandi ráðstöfunum, sbr. 13. gr. laga nr. 46/1980. Þegar litið er til þess, sem fram er komið um skipan verka við bygginguna, verður á hinn bóginn að draga í efa, að staða hans sem verktaka hafi verið slík, að hann hafi átt um það óskorað ákvörðunarvald, hvaða ráðstöfunum yrði beitt. Virðist það fremur hafa verið á valdi húsbyggjenda eða háð samþykki þeirra, hvort kostað yrði til handriða eða vinnupalla eða tilfæringa í þeirra stað. Hafi verktakinn helst átt eindæmi um það að leggja til líflínur, en ekki hefur verið skýrt í málinu, hversu vel þær hentuðu við það starf, sem áfrýjandi var að sinna. Ekki er ótvírætt, hver staðan var milli verktaka og verkkaupa að þessu leyti, og ekki er sannað, að verktakinn hafi haft uppi brýn tilmæli við húsbyggjendur um útvegun fallvarna. Hins vegar hefur stefndi ekki sýnt fram á, að húsbyggjendur hafi falið þessum verktaka eða öðrum með skýrum hætti að gæta þess, er gæta þurfti um öryggi við byggingarvinnuna. Til hliðsjónar um skyldur í því efni má benda á 1. mgr. 36. gr. laga nr. 46/1980, sem kveður á um samhæfingu öryggisráðstafana, þegar

fleiri en einn verktaki starfa samtímis að mannvirkjagerð. Hefur stefndi meðal annars ekki sannað, að stofnunin hafi ekki sjálf átt að gegna því hlutverki byggingarstjóra eða meistara, sem þar er til vísað. Jafnframt þessu liggur fyrir, að eftirlitsmaður stofnunarinnar lét það viðgangast, hvernig staðið var að vinnu á þakinu.

Að öllu þessu athuguðu verður að telja, að stefndi beri skaðabótaábyrgð á tjóni áfrýjanda af slysinu. Er þá einnig litið til þess, að það var eftirlitsmaður stofnunarinnar, sem réð framvindu verka við klæðningu á þakinu þann dag, er áfrýjandi slasaðist. Gat hann og haft áhrif á það, hvernig verkunum var hagað, þótt honum væri ekki ætlað að stjórna handbrögðum áfrýjanda og félaga hans.

Áfrýjandi var vanur trésmiður og mátti gera sér ljósa grein fyrir þeim hættum, sem vinnu hans voru samfara. Ósannað er, að hann hafi borið fram eindregna kvörtun yfir skortinum á fallvörnum. Að áliti hinna sérfróðu meðdómenda í héraði voru vinnubrögð trésmiðanna við lagningu þakplatnanna enn fremur ekki þau varlegustu, sem unnt var að beita í þeim vindi, er truflaði vinnuna. Á áfrýjandi þannig sjálfur nokkra sök á slysinu. Möguleikar hans til að koma fram öryggisráðstöfunum voru þó takmörkunum háðir, og hann réð ekki einn umræddum vinnubrögðum. Er hæfilegt, að hann beri sjálfur tjón sitt að 1/4 hluta.

IV.

Svo sem um getur í hinum áfrýjaða dómi, hlaut áfrýjandi mikil meiðsl á hægra fæti við fall sitt af húsþakinu. Þurfti hann að gangast undir ítrekaðar skurðaðgerðir og átti við þjáningar að etja um langa hríð. Fékk hann ekki varanlega bót meina sinna, og lauk aðgerðunum með því, að gerður var staurliður um hægri ökkla. Gengur áfrýjandi því haltur auk þess að búa við önnur óþægindi.

Björn Önundarson læknir mat örorku áfrýjanda 25. janúar 1987, einu og hálfu ári eftir slysið. Að áliti hans hafði áfrýjandi hlotið tímabundna örorku, sem nam 100% í fjórtán og hálfan mánuð frá slysdegi og 75% í tvo mánuði til viðbótar. Varanlega örorku taldi læknirinn verða 35%. Læknismeðferð sú, sem þá var lokið, dugði ekki til að draga úr afleiðingum slyssins, og versnaði áfrýjanda enn til muna. Var afstaða til þess tekin í örorkumati Sigurjóns Sigurðssonar læknis, sem fram fór 20. júlí 1993. Samkvæmt því mati nemur

varanleg læknisfræðileg örorka af slysinu 45%, en tímabundin örorka var ekki endurskoðuð. Þessum álitsgerðum hefur ekki verið hnekkt, og verða þær hafðar til hliðsjónar við ákvörðun bóta, eftir því sem við á.

Bótakröfu sína miðar áfrýjandi við, að helmingur af tjóni hans sé enn óbættur úr hendi þeirra, sem hann telur ábyrga að slysinu. Samkvæmt gögnum um uppgjör hans við Tryggingu hf. er ótvírætt, að þetta fái staðist, og verður honum talið heimilt að bera kröfuna fram í því horfi, sem hún er.

Krafa um bætur fyrir fjártjón styðst við líkindareikning Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings frá 17. mars 1995, þar sem vinnutekjutap af völdum slyssins er reiknað í hlutfalli við metna örorku. Miðað er við tekjur áfrýjanda samkvæmt skattframtölum fyrir árin 1982-1984, og er meðaltal árstekna 1.658.400 krónur eftir kauplagi á útreikningstíma. Höfuðstólsverðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi er reiknað eftir almennum sparisjóðsvöxtum yfir tímabilið fram til 17. mars 1995. Eftir þann dag eru notaðir 4,5% ársvextir og vaxtavextir, og er niðurstaðan að því leyti sett fram í viðbótarreikningi 12. apríl 1995. Krafan sundurliðast þannig ásamt kröfu um miskabætur, þegar miðað er við helming heildartjóns:

Vegna tímabundinnar örorku		kr.	393.900
Vegna varanlegrar örorku		–	4.767.500
Vegna tapaðra lífeyrisréttinda		–	286.050
Samtals vegna fjártjóns		kr.	5.447.450
Miskabætur		–	225.000
	Samtals	kr.	5.672.450

Vegna slyssins fékk áfrýjandi veikindalaun frá vinnuveitanda sínum um nokkurt skeið, samtals 277.600 krónur, svo og dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins, 21.894 krónur. Einnig fékk hann 52.211 krónur í dagpeninga frá Tryggingu hf. Um störf hans eftir slysið liggja ekki fyrir önnur gögn en skýrslur hans til lækna við læknismeðferð og örorkumat. Gefa þær til kynna, að hann hafi reynt alllengi að halda áfram vinnu við húsasmíði þrátt fyrir erfiðleika, sem á því voru. Greinargerð hans um tekjumissi vegna tíma-

bundinnar örorku er ófullnægjandi, og verður að hafna þeim þætti kröfunnar.

Um greiðslur til áfrýjanda vegna varanlegrar örorku liggur fyrir, að hann fékk samtals 391.900 krónur frá Tryggingu hf. úr samningsbundinni slysatryggingu launþega. Var litið til þess við uppgjör milli hans og Davíðs Axelssonar, þannig, að verðmæti greiðslnanna var dregið að fullu frá umsömdum skaðabótum á grundvelli ákvæða í kjarasamningi.

Auk þessa fékk áfrýjandi 461.652 krónur í eingreiðslubætur úr lögbundinni slysatryggingu hjá Tryggingastofnun ríkisins, eftir að fyrra örorkumat hans lá fyrir. Var slysdagsverðmæti greiðslunnar talið nema 401.000 krónum, þegar gert var upp við Tryggingu hf., og hliðsjón þar höfð af því. Eftir síðara örorkumatið fékk hann 209.321 krónu til viðbótar úr þessari slysatryggingu. Ber að taka tillit til þeirrar greiðslu við ákvörðun bóta úr hendi stefnda.

Að þessu athuguðu og að teknu tilliti til hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsi hennar þykir óbætt fjártjón áfrýjanda, er virða megi til bóta úr hendi stefnda, hæfilega ákvarðað 3.600.000 krónur, og er tap á vinnutekjum og lífeyrisréttindum þá metið í einu lagi.

Hálfar bætur samkvæmt kröfu áfrýjanda vegna miska af völdum slyssins ákvarðast 200.000 krónur.

Á grundvelli þess, að áfrýjandi eigi sjálfur að bera fjórðung af heildartjóni sínu, verður stefndi þannig dæmdur til að greiða honum 1.900.000 krónur í skaðabætur vegna slyssins ásamt vöxtum frá útreikningstíma bótakröfu og dráttarvöxtum frá þingfestingu málsins í héraði, eins og krafist er.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað áfrýjanda í héraði.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og um er mælt í dómsorði.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, greiði áfrýjanda, Jóhannesi Þ. Guðbjartssyni, 1.900.000 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. mars 1995 til 2. maí sama ár og

dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Gjafsóknarákvæði hins áfrýjaða dóms á að vera óraskað.

Stefndi greiði áfrýjanda 390.000 krónur í málskostnað í héraði, er renni í ríkissjóð.

Stefndi greiði áfrýjanda 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Guðrúnar Erlendsdóttur og
Péturs Kr. Hafstein

Ef Davíð Axelsson húsasmíðameistari og stefndi í þessu máli væru báðir taldir bera ábyrgð á tjóni áfrýjanda, væri hún solidarísk, og áfrýjandi hefði getað sótt hvorn þeirra, sem er, um greiðslu fullra bóta. Hann kaus að fara þá leið í ágúst 1987 að höfða mál gegn Davíð og tryggingafélagi hans, Tryggingu hf. Stefnda verður ekki gefin sök á því, hvernig áfrýjandi hagaði málsókn sinni, þótt í svarbréfi Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins 1. júlí 1987 við fyrirspurn lögmanns áfrýjanda um réttarsamband Davíðs og stofnunarinnar hafi það eitt komið fram, að Davíð hafi verið trésmíðaverktaki við nýbygginguna og haft við það nokkurn hóp trésmiða. Spurningunni um stöðu húsbyggjandans var ósvarað, og það var á valdi áfrýjanda eins að meta það, hvort hann vildi blanda honum í málið.

Í stefnu þessa máls árið 1987 taldi áfrýjandi, að Davíð Axelsson bæri sem vinnuveitandi sinn fulla skaðabótaábyrgð á slysinu vegna skorts á viðhlítandi verkstjórn og að hafa látið starfsmenn sína hefja störf við óforsvaranlegar aðstæður. Í stefnunni er á því byggt, að verkstjóri starfsmanna Davíðs hafi verið Erlingur Þorsteinsson, einn starfsmanna hans. Málið var hafið í nóvember 1987, en tryggingafélagið hafði þá greitt „umsamdar fullnaðarbætur fyrir allt fjártjón Jóhannesar og miska", eins og segir í skaðabótakvittun 9. október 1987. Í kvittuninni segir jafnframt, að allar kröfur vegna tjónsins séu að fullu greiddar, og öllum kröfum og endurgreiðslum á hendur þriðja aðila vegna þess er afsalað til félagsins. Ekkert er þarna vikið að hugsanlegri ábyrgð annarra eða eigin sök áfrýjanda. Segir í

stefnu þess máls, sem nú er til úrlausnar, að áfrýjandi hafi með greiðslum frá tryggingafélaginu fengið helming tjónsins bættan. Hærra hlutfall hafi ekki verið greitt vegna þess, að í ljós hafi komið, að stefndu hafi borið sök „eigi síður og raunar frekar heldur en stefndu í eldra málinu". Þessi staðhæfing á sér enga stoð í gögnum málsins aðra en bréf tryggingafélagsins til ríkislögmanns tæpum sjö árum síðar, þar sem segir: „Slysið mátti m. a. rekja til þess, að verkstjórn og öryggisráðstöfunum var verulega áfátt af hálfu rannsóknastofnunarinnar. Með hliðsjón af þessu og hugsanlegri eigin sök tjónþola var talið, að ábyrgð Davíðs Axelssonar sem vinnuveitanda Jóhannesar væri 50% á því líkamstjóni, sem hann hlaut í slysinu." Þetta álit tryggingafélagsins er ekki unnt að leggja til grundvallar, enda samræmist það ekki skilyrðislausu framsali áfrýjanda til félagsins á kröfum á hendur þriðja manni. Þá er að því að hyggja, að eftir uppgjörið við tryggingafélagið í október 1987 hófst áfrýjandi ekki handa um kröfugerð á hendur stefndu fyrr en 8. mars 1994.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að áfrýjandi sé ekki nú til þess bær að sækja stefnda um fébætur vegna tjóns, sem gert hefur verið upp gegn fyrirvaralausri kvittun um fullnaðarbætur og kröfuframsali til bótagreiðandans. Rétt er því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 22. nóvember 1995.

1. Mál þetta var höfðað með framlagningu stefnu í dómi 2. maí 1995 og dómtekið 25. f. m., en endurupptekið 31. s. m. og dómtekið að nýju 14. þ. m.

Stefnandi er Jóhannes Þór Guðbjartsson, kt. 100553-4069, Tungubakka 26, Reykjavík.

Stefndu eru iðnaðarráðherra f. h. Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Stefnandi gerir í málinu kröfu um greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 5.672.450 krónur, með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. mars 1995 til 2. maí 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags, og leggist dráttarvextir við höfuðstól í fyrsta sinn 2. maí 1996. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins auk álags á hann, er nemur virðisaukaskatti, eins og mál þetta væri

eigi gjafsóknarmál. Stefnanda var veitt gjafsókn í málinu með leyfi dómsmálaráðherra, dags. 2. janúar 1995.

Dómkröfur stefndu eru aðallega þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins, en til vara, að kröfur hans verði lækkaðar verulega og málskostnaður látinn falla niður.

2. Stefnandi, sem er trésmiður, var starfsmaður Davíðs Axelssonar húsasmíðameistara árið 1985. Um sumarið vann hann við byggingu um 600 m^2 skála fyrir Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins á Keldnaholti, og 1. ágúst varð hann fyrir slysi, er hann féll af þaki byggingarinnar. Þetta var tilraunabygging, þar sem notaðar voru forsteyptar vikureiningar í veggi og þak. Slysið varð, er unnið var að því að setja þakjárn á umræddar einingar. Hæð frá þakbrún til jarðar er um 6 metrar og þakhalli 10-12° (þ. e. minnsti leyfilegur halli).

Lögreglu var gert viðvart um slysið kl. 17.55, og kom hún á staðinn ásamt sjúkrabifreið, sem flutti stefnanda á slysadeild Borgarspítalans. Fulltrúi Vinnueftirlits ríkisins, sem kom kl. 19.20, gerði svofellda skýrslu: „... Smiðir, starfsmenn Davíðs Axelssonar byggingarmeistara, Stekkjarholti 34, Selfossi, unnu við að leggja járn á þak nýbyggingar. Þakið er með ca. 10° halla til beggja átta, og eftir kili þess endilöngum er byggt gluggahús. Stillt og gott veður var þennan dag og aðstaða góð til allra verka. Jóhannes var ásamt félögum sínum að leggja niður til festingar járnplötu, er hann steig út á blikkrennu, sem gengur eftir endilöngu þakskegginu. Lét rennan undan, og féll hann við það fram af þakinu og til jarðar, 6 m fall. Hvorki Jóhannes né smiðirnir báru öryggishjálm né notuðu líflínur með festingum í gluggahúsið á kilinum. Kröfur voru gerðar með hliðsjón af reglugerð um öryggisráðstafanir við byggingarvinnu nr. 204/1972 um, að starfsmenn notuðu öryggishjálma og líflínur við störf sín á þakinu."

Í frumskýrslu lögreglu er haft eftir Sigurði Hermannssyni, eftirlitsstarfsmanni með nýbyggingunni: „Ég var uppi á þaki, er slysið vildi til. Var Jóhannes þar ásamt öðrum smiðum, en unnið var við að leggja þakplötur á þak hússins. Var Jóhannes ásamt þremur öðrum að bera þakplötu á milli sín, er allsnörp vindhviða kom. Við það tók allsnarlega í þakplötuna, og þar sem Jóhannes gekk mjög nálægt þakbrún, féll hann fram af þakinu, er vindurinn skall á þakplötunni. Í fallinu náði Jóhannes að grípa í þakrennu hússins, en missti takið eftir örskamma stund og kom standandi niður. Jóhannes var með fulla meðvitund eftir fallið og kvartaði mjög undan sársauka í hægri ökkla og rist." Í skýrslunni segir, að allhvasst hafi verið og gengið á

með sviptivindum (í skýrslu rannsóknarlögreglumanns: „Veður var stillt, en gola eða andvari annað slagið"). Þar segir einnig, að við þakbrún byggingarinnar hafi engin öryggisgrind verið. Fallhæð frá þakbrún muni vera 6 metrar, og stálplöturnar, sem unnið var við að klæða þakið með, séu 6,45 metrar á lengd.

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands um vindhraða við Bústaðaveg 9 í Reykjavík 1. ágúst 1985 var meðalvindhraði „á athugunartíma" kl. 18 austan 14 hnútar, „mest milli athugunartíma" 15 hnútar og „mesta vindhviða frá síðustu athugun" 21 hnútur. Samkvæmt skýringum veðurstofunnar samsvara 11-16 hnútar 4 vindstigum (stinningskalda) og 17-21 hnútur 5 vindstigum (kalda). Kl. 21 var meðalvindhraði „á athugunartíma" óbreyttur svo og „mest milli athugunartíma", en „mesta vindhviða frá síðustu athugun" 24 hnútar (strekkingur).

Stefnandi gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu. Hann kvað veður hafa verið sviptivindasamt umræddan dag. Skömmu áður en slysið varð, hefðu þeir vinnufélagarnir fengið snarpan sviptivind í eina þakplötu og misst hana þannig, að hún hefði orðið ónothæf. Hann kvað bárustálsplöturnar hafa verið í bunka á þakinu þeim megin, sem ekki hafði verið lagt á þakið. Þegar slysið varð, hefðu þeir verið fjórir, sem sóttu saman sömu bárujárnsplötuna úr stæðunni og gengu með hana að þeim stað, sem leggja átti hana á. Hann hefði verið neðsti maður, þ. e. næst þakbrún. Þá hefði vindur verið það mikill, að þeir hefðu haldið á plötunni þannig, að annar langkantur hennar hefði verið dreginn eftir þakinu, svo að vindurinn næði ekki undir hana og næði að svipta henni úr höndum þeirra. Þegar þeir hefðu verið komnir með plötuna á ákvörðunarstað og ætlað að leggja hana að næstu plötu, hefði komið vindhviða, sem hefði hnykkt í hana með þeim afleiðingum, að stefnandi kipptist til og missti skyndilega jafnvægið. Hann hefði snúið baki að þakbrún, reynt að ná handfestu í fallinu, en fallið til jarðar. Um öryggisbúnað sagði stefnandi, að enginn verkpallur hefði verið við húsið eða handrið á þakbrún. Þá hefði enginn verið með hjálm eða líflínu. Hann kvaðst, er steyptur hefði verið biti milli efri brúnar útveggja og þakplatna, hafa farið fram á það við Davíð Axelsson, að verkpallar yrðu reistir upp við útveggina. Davíð hefði sagt, að ekki væri gert ráð fyrir þeim í útboðslýsingu á húsinu og þeir ekki fengist samþykktir. Davíð hefði ekki heldur fallist á, að grindverk yrði sett á þakbrúnir hússins, vegna kostnaðar, sem því fylgdi. Hann kvað engar líflínur hafa verið á staðnum, en hins vegar kaðla og hjálma. Að mati þeirra, sem unnu þarna, hefði verið talið óvinnandi við verkið með kaðal bundinn við fjóra menn. Stefnandi kvað eftirtalda menn hafa verið að vinna með sér: Erling Þorsteinsson, verkstjóra verktaka, Ein-

ar Kristján Haraldsson verkamann, Jóhann G. Guðbjartsson trésmið og Sigurð Hermannsson, eftirlitsmann verkkaupa. Hinn síðasttaldi hefði staðið ofan á járnabúntinu til þess að hindra, að járnið fyki, meðan verið var að taka úr búntinu. Hann hefði verið sjónarvottur að slysinu, og hefði hann haft mikil áhrif á, hvernig verk voru unnin við húsbygginguna.

Menn þessir, sem hér voru taldir, gáfu einnig skýrslu hjá rannsóknarlögreglu.

Erlingur Þorsteinsson kvaðst hafa gegnt forystuhlutverki fyrir trésmiðahópnum án þess þó að hafa gegnt yfirmannsstarfi á vinnustað. Umræddan dag kvað hann veður hafa verið allgott, sólskin og aðeins golu. Um það leyti, sem slysið varð, hefðu komið vindhviður, enda sé nokkuð sviptivindasamt á staðnum. Það hefði þó ekki verið meira en svo, að þeir hefðu ekki hætt við verkið. Hann kvað þá hafa tekið þakplötu fjóra saman og raðað sér á annan kant hennar. Kveðst hann hafa verið við efri enda hennar, en stefnandi við hinn neðri. Þeir hefðu allir staðið hlé megin við plötuna og haldið öðrum kanti hennar uppi, en hinn dregist með þakinu. Þetta hefði verið gert til þess, að platan fyki ekki úr höndum þeirra, ef vindhviða kæmi. Þegar þeir hefðu verið komnir sem næst þeim stað, er leggja átti plötuna niður, hefði stefnandi af einhverjum ástæðum misst jafnvægið og fallið aftur fyrir sig fram af þakbrúninni.

Eftir Einari Kristjáni Haraldssyni er skráð: „Um það bil, sem þeir voru komnir á staðinn, hafi Jóhannes, sem var neðstur á plötunni, misst jafnvægið og fallið aftur fyrir sig fram af þakbrúninni. Vitnið kveðst halda, að einhver vindhviða hafi komið á plötuna og Jóhannes misst jafnvægið, þar sem hann stóð svo nálægt þakbrúninni. Þegar vitnið leit til Jóhannesar, var hann að missa jafnvægið, og virtist vitninu sem Jóhannes stigi með öðrum fæti í þakrennuna, áður en hann féll fram af þakinu."

Jóhann G. Guðbjartsson, bróðir stefnanda, kvað sólskin og logn hafa verið, frá því að vinna hófst um morguninn og fram undir kl. 17, en þá farið að kula eða lítils háttar gola komið og farið að bera á sviptivindi. Nokkru áður en slysið varð, hefði ein þakjárnsplatan fokið til og eftir það verið fjórir menn um að leggja hverja plötu í stað tveggja áður. Hann kvað þá alla hafa staðið hlé megin við plötuna, meðan þeir drógu hana frá búntinu að þeim stað, sem hún skyldi lögð niður. Þetta hefði verið gert til þess, að þeir hefðu fullt vald á plötunni, ef sviptivindur kæmi á hana. Þegar þeir komu að þeim stað, sem platan skyldi lögð niður, hefði hann séð, að stefnandi var búinn að missa jafnvægið og féll fram af þakbrúninni aftur fyrir sig.

Davíð Axelsson kvaðst hafa lagt húsasmiði til umrædds verks, en ekki verið mikið á vinnustaðnum, því að um samið hefði verið, að starfsmenn

RB skyldu annast daglega verkstjórn. Hann kvaðst hafa rætt um það að setja handrið við þakbrúnir hússins við Sigurð Hermannsson, eftirlitsmann og verkstjóra RB með nýbyggingunni. Hefði ekki verið hægt að setja handrið við þakbrúnir, en hann kvaðst hafa lagt til, að notaðar væru trönur, sem stæðu niðri á jörð og upp fyrir þakbrúnir, og handrið sett á þær. Þetta hefði Sigurður ekki fallist á, talið það of viðamikið og kostnaðarsamt, þar sem húsið væri svo stórt og ekki hættulegt að vinna á þakinu vegna lítils halla.

Sigurður Hermannsson, rannsóknarmaður í byggingarrannsóknum hjá RB á Keldnaholti, lýsti aðdraganda slyssins í aðalatriðum á sama veg og fyrr er fram komið. Þegar mennirnir hefðu verið við þann stað, sem leggja skyldi plötuna niður, hefði hann séð, hvar stefnandi missti skyndilega jafnvægið og féll aftur fyrir sig út af þakbrúninni. Hann kvaðst hafa verið eftirlitsmaður með vinnu trésmiðahópsins frá Davíð og einnig verkstjóri þeirra ásamt því að annast efnisútvegun og samræmingu vinnutilhögunar á staðnum. Hann kvað Davíð Axelsson hafa lagt til öryggishjálma fyrir starfsmenn sína, en enginn þeirra, sem voru á þakinu í umrætt sinn, hefði verið með hjálm á höfði. Hins vegar kannaðist hann ekki við, að neinir starfsmenn Davíðs Axelssonar eða RB hefðu farið fram á, að vinnupallar eða handrið meðfram þakbrúnum yrðu reist. Þakhalli hefði verið mjög lítill, 12%, og venjulega væru ekki sett handrið við þakbrúnir á svo auðunnum þökum.

3. Í málinu liggja frammi ýtarleg vottorð lækna slysadeildar Borgarspítalans. Stefnandi slasaðist illa á hægri ganglim, hælbein mölbrotnaði með óvenjumikilli samþjöppun og tilfærslu, og brot kom gegnum neðsta hluta sköflungs. Skurðaðgerðir voru framkvæmdar, og stefnandi kom margoft til skoðunar og eftirlits allt fram að ritunartíma síðasta vottorðsins, 24. maí 1993.

Björn Önundarson læknir mat örorku stefnanda 25. 1. 1987. Segir þar: „Slasaði mun á komandi tíð eiga erfitt með að sinna störfum, sem krefjast þess, að hann gangi mikið eða standi, svo að nokkru nemi. Ekki eru líkur til, að úr rætist héðan af, og þykir fremur líklegt, að halli nú undan fæti, hvað færni hægri ganglims snertir.“ Niðurstaða: Frá slysdegi talið í fjórtán og hálfan mánuð 100%, eftir það í tvo mánuði 75%, varanleg örorka 35%.

Í ágúst 1987 höfðaði stefnandi máls þessa mál til heimtu skaðabóta, að fjárhæð 6.500.000 krónur, á hendur Davíð Axelssyni og til réttargæslu á hendur Tryggingu hf., sem Davíð hafði ábyrgðartryggingu hjá. Málið var hafið í nóvember s. á., en þá hafði Trygging hf. greitt stefnanda umsaminn hluta fjártjóns hans og miska, 14. 5. 1986 117.570 kr., 2. 3. 1987 117.570 kr.

auk dagpeninga, 52.211 kr., og 9. 10. 1987 1.175.000 krónur, allt auk vaxta og kostnaðar, og er skráð á kvittanir: „... og eru allar kröfur vegna þessa tjóns þar með að fullu greiddar. Jafnframt afsalast til Tryggingar hf. allar endurgreiðslur eða kröfur á hendur þriðja aðila vegna tjónsins".

Sigurjón Sigurðsson læknir mat örorku stefnanda 20. júlí 1993. Segir þar í lokakafla:

„Hér er um að ræða mann, sem lendir í slysi í ágúst 1985, þar sem hann braut hælbein, sköflung og skaðaði tibialis-taug ásamt beygjuvöðvum fyrir hægri tær.

Vegna þess áverka var hann metinn til 35% varanlegrar örorku 25. 1. 1987. Frá því þá hefur honum versnað að mun og gengist undir fjórar aðgerðir, og nú er hann kominn með staurlið í ökkla og þar í kring. Þetta hefur haft töluverð áhrif á göngulag, og hann er með rýra vöðva á kálfa og lærum og rasskinn og farinn að fá vaxandi einkenni frá baki vegna breytts göngulags.

Nú er þetta langt um liðið, frá því að síðasta aðgerð var gerð, og hann hefur ekki skánað. Er því sýnt, að hér er um töluverða versnun að ræða.

Með tilliti til þess, sem að framan greinir, þykir nú rétt að meta þá varanlegu örorku, sem hinn slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og er það sem hér segir:

Varanleg örorka 45% samtals, það er að segja 10% aukning á það örorkumat, sem hann fékk árið 1987. Þess skal getið, að hann er metinn til 75% almennrar örorku og fær því ekki eingreiðslu frá Tryggingastofnun."

Á grundvelli þessa mats var tjón stefnanda reiknað út að nýju, og greiddi Trygging hf. 6. 1. 1994 viðbótarbætur, að fjárhæð 154.100 kr., og 16. 3. 1994 455.900 kr. auk vaxta og kostnaðar með sama fyrirvara prentaðan á kvittun sem fyrr.

Kröfum var beint að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins með bréfi, dags. 8. mars 1994. Með bréfum ríkislögmanns, dags. 8. júlí 1994 og 22. ágúst s. á., var bótaskyldu hafnað. Tekið var fram, að sjónarmið lögmanns Tryggingar hf., sem fram komu í bréfi, dags. 2. júní 1994, breyttu engu í þeim efnum, en þar segir: „... Ljóst var, að verkstjórn og öryggisráðstafanir voru í höndum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, er unnið var við að setja þakplötur á þak nýbyggingarinnar. Slysið mátti m. a. rekja til þess, að verkstjórn og öryggisráðstöfunum var verulega áfátt af hálfu rannsóknastofnunarinnar. Með hliðsjón af þessu og hugsanlegri eigin sök tjónþola var talið, að ábyrgð Davíðs Axelssonar sem vinnuveitanda Jóhannesar væri 50% á því líkamstjóni, sem hann hlaut í slysinu ..."

4. *Málsástæður stefnanda og lagarök.*

Fjárkrafa stefnanda, sem styðst við tjónsútreikning Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings, dags. 17. 3. 1995, ásamt viðbótarútreikningi 12. 4. 1995, er miðaðist við 4,5% framtíðarvexti, sundurliðast þannig:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	787.800
Vegna varanlegrar örorku	–	9.535.000
Samtals	–	10.322.800
50% krafa af þeirri fjárhæð	–	5.161.400
Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda	–	572.100
50% krafa af þeirri fjárhæð	–	286.050
Samtals dómkrafa vegna örorku	–	5.447.450
Miskabætur 50%	–	225.000
Samtals dómkrafa	–	5.672.450

Fébótaábyrgð stefnda reisir stefnandi í fyrsta lagi á því, að hann hafi verið undir verkstjórn starfsmanns stefnda, er slysið varð, og að hann beri ábyrgð á þeirri saknæmu háttsemi starfsmannsins að láta vinnu við verkið halda áfram án nokkurra öryggisráðstafana, þrátt fyrir það að augljós hætta hafi stafað af foki þakplatnanna.

Í öðru lagi heldur stefnandi því fram, að stefnda sem eiganda og byggjanda nýbyggingar Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins að Keldnaholti hafi borið að gera nauðsynlegar öryggisráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra manna, sem unnu að verkinu, annaðhvort með því að setja upp vinnupalla við húsið eða handrið á þakbrún, sem hafi mátt gera á einfaldan og auðveldan hátt. Að auki hafi aðstæður á vinnustað brotið í bága við skýr ákvæði þágildandi reglugerðar nr. 204/1972 um öryggisráðstafanir við byggingarvinnu, einkum 9. og 17. gr.

Tekið er fram, að málatilbúnaður á hendur Davíð Axelssyni og tryggingafélagi hans og uppgjör við stefnanda hafi á engan hátt áhrif á ábyrgð stefndu í máli þessu, þar sem það mál hafi verið rekið á hendur óskyldum aðilum og í máli þessu sé einungis krafið um þann hluta skaðabóta til handa stefnanda, sem ekki hafi verið greiddur úr hendi fyrrgreindra aðila. Að auki hafi það ekki sætt neinum andmælum af hálfu þeirra að bæta stefnanda viðbótarörorkuna þrátt fyrir ákvæði staðlaðs kvittunareyðublaðs um fyrirvaralausa kvittun.

Um greiðsluskyldu stefndu vísar stefnandi til reglna skaðabótaréttar um húsbóndaábyrgð og vanbúnaðar á byggingarstað.

5. *Málsástæður stefndu og lagarök.*

Með stefnu, út gefinni 17. ágúst 1987, beindi stefnandi réttilega skaðabótakröfu sinni á hendur Davíð Axelssyni og tryggingafélagi hans. Í stefnunni segir, að verkstjóri starfsmanna Davíðs Axelssonar hafi verið Erlingur Þorsteinsson og að stefnandi styðji kröfugerð sína þeim lagarökum, að Davíð Axelsson beri ábyrgð á slysinu á grundvelli almennu skaðabótareglunnar og reglna um ábyrgð vinnuveitenda á saknæmu atferli starfsmanna sinna.

Stefnandi hefur þegar samið um greiðslu skaðabóta vegna þess tjóns, sem hann varð fyrir, og gert þær upp að fullu. Jafnframt hefur hann afsalað tryggingafélaginu öllum endurgreiðslum eða kröfum á hendur þriðja aðila vegna tjónsins.

Við uppgjör stefnanda við tryggingafélagið árið 1987 var enginn fyrirvari gerður um bótaskyldu annarra aðila eða neitt samband haft við stefndu í máli þessu eða áskilnaður gerður um, að bætur yrðu einnig sóttar á hendur þeim.

Þessar staðreyndir hljóta einar og sér að leiða til sýknu stefndu í máli þessu.

Væri sú skoðun stefnanda rétt, að vanræksla af hálfu starfsmanna Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins leiði til bótaábyrgðar stofnunarinnar eða ríkissjóðs, kynni tryggingafélagið, sem tjónið greiddi, að eiga endurkröfurétt að hluta á hendur stefndu.

Stefnandi samdi um lokauppgjör við tryggingafélagið, sem virðist hafa litið svo á, að eigin sök tjónþola væri mikil og stefnandi sættist á þá niðurstöðu, sem í uppgjörinu fólst.

Ástæða er til að taka fram, að starfsmaður Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins var eftirlitsmaður stofnunarinnar með byggingarframkvæmdunum, en fór ekki með verkstjórn yfir starfsmönnum annarra, þótt sjálfsagt hafi hann haft áhrif eftir þörfum á framkvæmd verksins og þannig gegnt verkstjórnarþætti gagnvart vinnuveitanda sínum.

Fari svo, að dómurinn telji stefndu bera að hluta ábyrgð á slysi stefnanda, er gerð krafa um verulega lækkun kröfunnar, þar sem eigin sök stefnanda sé augljós og raunar viðurkennd af hálfu hans með uppgjörinu.

Sérstakar öryggisráðstafanir áttu ekki að vera nauðsynlegar. Halli þaksins, áferð þakflatar eða veðurskilyrði áttu ekki að geta valdið því, að menn féllu niður, ef eðlileg aðgát var höfð, sbr. 1. mgr. 17. gr. reglugerðar nr. 204/1972 um öryggisráðstafanir við byggingarvinnu.

Þá kemur fram í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins, að stefnandi hafi stigið út af þakbrún á blikkrennu, sem gekk eftir endilöngu þakskegginu, og hafi rennan látið undan. Við það féll stefnandi fram af þakinu og til jarðar.

Samkvæmt þessu verður að telja, að óaðgæsla stefnanda sjálfs hafi verið helsta orsök þess slyss, sem hann varð fyrir.

Tekið er fram, að sérstakur verksamningur við Davíð Axelsson hafi ekki fundist og ekki nema fáir reikningar. Það er ekki fyrr en í mars 1994, sem stefnandi lætur í ljós þá skoðun, að hann kunni að eiga kröfu um bætur á hendur stefndu. Með þessu aðgerðaleysi sínu gagnvart stefndu samfara uppgjöri við tryggingafélag atvinnuveitanda síns, hefur stefnandi firrt sig rétti gagnvart stefndu, hafi hann einhvern átt.

6. Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslur stefnandi, Sigurður Hermannsson og Davíð Axelsson, sem gáfu, eins og áður greinir, skýrslur hjá rannsóknarlögreglu í september 1986. Einnig gaf skýrslu fyrir dóminum Haraldur Ásgeirsson, fyrrverandi forstjóri Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins.

Stefnandi kvað Erling Þorsteinsson hafa verið elstan smiðanna og gegnt verkstjórahlutverki við fyrri verkefni, en við verkefni það, sem hér var unnið að, hefði Sigurður Hermannsson verið verkstjóri og tekið allar ákvarðanir. Hann kvað Sigurð endilega hafa viljað, að þeir lykju á umræddum degi við þann helming þaksins, sem þeir voru að vinna við. Hann kvaðst hafa verið lærður húsasmiður frá því 1979 eða 1980, og við hús RB hefði verið unnið í nokkrar vikur, er slysið varð, og hefðu þeir, menn Davíðs Axelssonar, unnið við tréverk, glugga, hurðir, millihús, steypu á bita og lagningu þakplatna. Eins og áður greindi, hefði hann farið fram á það við Davíð Axelsson, að verkpallar yrðu reistir við útvegg, þegar steyptur hefði verið biti milli efri brúnar útveggja og þakplatna. Sá biti hafi tilheyrt þakinu. Hann kvað beðið hafa verið um „stillansa", þar sem ekki hefði verið hægt að koma fyrir einhverju einfaldara, vegna þess að endanleg áferð hefði verið á veggjum og ekki mátt festa bolta í húsið, en ekkert timbur í þaki. Hjálmana á staðnum kvað hann hafa verið ólarlausa og líflínur hefðu verið almennt óþekktar á umræddum tíma. Hann skýrði svo frá aðdraganda slyssins, að sviptivindur hefði tekið í plötuna, þegar verið var að leggja hana niður; hann hefði þá stigið skref aftur á bak með tá ofan í rennu og síðan hrapað út af þakinu, en þó náð taki á plötunni um leið.

Sigurður Hermannsson byggingarmeistari kvaðst, er slysið varð, hafa verið starfsmaður Rannsóknastofnunar atvinnuveganna, lánaður frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, en fyrrgreind stofnun hefði reist umrætt hús fyrir hina síðarnefndu. Hann kvað hlutverk sitt hafa verið að sjá um efnisútvegun og samræmingu milli verktaka og að hafa eftirlit með þeim. Hann hafi sem byggingarstjóri ýtt verkinu áfram og stjórnað því, sem verið

var að gera hverju sinni, en ekki verið verkstjóri yfir hinum einstöku iðnaðarmönnum. Hann kvaðst í umrætt sinn hafa lagt áherslu á, að lokið yrði við að leggja járnið fyrir kvöldið. Plöturnar hefðu verið uppi á þaki. Gott veður hefði verið framan af degi, en farið að gera vindsveipi, er á leið. Veður hefði ekki verið svo vont, að óforsvaranlegt hefði verið að leggja járnið, og enginn talið, að svo væri. Hann kvað stefnanda hafa staðið tæpt, þótt hann hefði ekki séð fætur hans, þaðan sem hann stóð sjálfur á hinum helmingi þaksins, og við það, að vindhviða ýtti á plötuna, hefði hann stigið aftur á bak og fallið niður af þakinu. Hann mundi ekki til, að beðið hefði verið um verkpalla, þótt bryddað hefði verið á því í upphafi. Það hefði aldrei komið til greina, að það væru handrið eða verkpallar, vegna þess að „í praxís gerist það ekki á svona flötu þaki". Hann kvaðst ekki vita, hvort nokkur hefði verið skráður meistari að húsinu, en teikningar hefðu verið til.

Davíð Axelsson kvaðst hafa samið við Harald Ásgeirsson, forstjóra Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, um að koma inn í verkið í tímavinnu. Hann kvaðst hafa ekið með smiðina á byggingarstað en ekki verið þar að öðru leyti, enda hefði stofnunin séð um daglega verkstjórn, eins og sér hefði verið tilkynnt þegar í upphafi. Hann kvað alla starfsmennina hafa verið vana. Hann kvaðst ekki hafa skrifað upp á pappíra sem meistari og ekki setið byggingarfundi (með Haraldi Ásgeirssyni, Vilhjálmi Lúðvíkssyni og Sigurði Hermannssyni).

Haraldur Ásgeirsson kvað rannsóknastofnanir atvinnuveganna (fimm að tölu, þ. á m. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins) hafa haft sameiginlega skrifstofu, en hús það, sem um ræðir í málinu, hefði Rannsóknarráð byggt fyrir RB, sem hafi haft eftirlit með öllu saman; byggingin hefði verið rannsóknarverkefni. Sigurður Hermannsson, sem hafi verið rannsóknarmaður við stofnunina, hafi haft það hlutverk sem samræmingaraðili að fylgja byggingunni eftir og sjá um, að framkvæmdir gengju áfram. Hann kveður stofnunina hafa þurft aukamannskap til að koma húsinu upp, og því hefði verið haft samband við Davíð Axelsson, sem hefði útvegað menn. Hann kvaðst ekki minnast þess, að rætt hefði verið um handrið eða verkpalla.

Lagðir hafa verið fram nokkrir reikningar Davíðs Axelssonar á hendur Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, og fylgja þeim yfirlit yfir vinnutíma og tímavinnugjald vegna einstakra starfsmanna.

7. Með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 8. mars 1994, til Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins var óskað eftir afstöðu hennar til málsins og

kröfunnar, sem gæti í grófum dráttum numið helmingi af 8 milljónum að frádregnum skatti og eingreiðsluhagræði. Erindið var framsent iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og síðan embætti ríkislögmanns, sem aflaði nokkurra upplýsinga, m. a. umsagnar Tryggingar hf., sem barst með bréfi, dags. 21. júní s. á. Svarbréf ríkislögmanns til lögmanns stefnanda er dagsett 8. júlí 1994. Í niðurlagi þess segir, að ókleift sé að halda því fram „nú, mörgum árum síðar, að enn sé óbættur hluti tjónsins, sem annar aðili en Trygging hf. beri ábyrgð á. Þegar af þeim ástæðum, sem að framan greinir, er kröfum yðar hafnað".

Við endurupptöku málsins var þess óskað á grundvelli 104. gr. laga nr. 91/1991, að aflað yrði útreiknings tryggingafræðings á verðmæti greiðslna Tryggingar hf. til stefnanda miðað við útreikningsdag 17. 3. 1995 og að viðhöfðum sömu vaxtaforsendum og í tjónsútreikningi þeim, sem dómkrafa stefnanda miðast við. Í skýrslu Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings, sem var falinn útreikningurinn, kemur fram, að greiðslurnar, samtals 2.489.609 krónur, nemi að verðmæti 3.331.054 krónum með vaxtareikningi til 17. 3. 1995 á grundvelli einfaldra vaxta af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands. Í skýrslunni segir: „Þess er að gæta, að greiðslur upp í tjónið hafa væntanlega byggst á gömlum útreikningi, þar sem tekjur eru aðrar en nú og vextir einnig. Auk þess hefur líklega komið til frádráttur vegna skattfrelsis, þegar greitt var. Erfitt er að bera fyrri upphæðir saman við þær, sem fást nú, þegar tjónið er reiknað að nýju. En hafi helmingur tjónsins verið gerður upp með fyrri greiðslum, þarf væntanlega aðeins að gera upp síðari helminginn nú."

Vegna byggingaraðferðar verður ekki talin hafa verið brýn nauðsyn á vinnupöllum eða handriði, og eins og á stóð, er það álit dómsins, að skortur þessa verði ekki metinn húsbyggjanda til sakar.

Komið hefur fram, að kaðlar hafi verið á vinnustaðnum, sem auðvelt hefði verið að festa í þakglugga, en þeir ekki nýttir sem öryggistæki. Hins vegar voru svonefndar líflínur almennt lítið notaðar á þeim tíma, sem hér um ræðir, enda þótt Davíð Axelsson keypti þær eftir slysið.

Stefnandi var vanur smiður eins og þeir, sem með honum unnu. Það er mat dómsins, að ekki hafi verið sýnd fyllsta aðgát, þegar verið var að koma þakplötum fyrir. Í stað þess að standa vind megin plötu og ganga með hana á undan sér stóðu smiðirnir hlé megin við plötuna og gengu aftur á bak. Þetta verður talið hafa valdið því, að vindhviða hefur ýtt við stefnanda með þeim afleiðingum, að hann steig aftur á bak og út af þakbrúninni.

Sigurður Hermannsson, eftirlitsmaður húsbyggjanda, hafði með höndum samræmingu verkþátta og byggingarstjórn. Ekki verður talið á grundvelli

málsgagna, að það hafi verið á verksviði hans að ákveða, hvernig smiðirnir stóðu að verki við lagningu þakjárnsins. Þá verður eigi séð, að veður hafi verið það slæmt, að það verði metið Sigurði Hermannssyni til sakar, þó að hann hafi óskað eftir, að stefndi og vinnufélagar hans lykju við að leggja niður járnið á umræddum degi.

Samkvæmt framanrituðu er niðurstaða dómsins sú, að ábyrgð á slysi stefnanda verði eigi lögð á stefndu. Ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefndu af kröfum stefnanda, og þarf þá eigi að taka afstöðu til annarra málsástæðna stefndu, sem einnig kunna að leiða til sömu niðurstöðu.

Eftir atvikum þykir rétt að ákveða, að málskostnaður falli niður.

Allur kostnaður stefnanda af málinu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun talsmanns hans, Björns L. Bergssonar héraðsdómslögmanns, 300.000 krónur.

Mál þetta dæma Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari og meðdómendurnir Ármann Jóhannesson verkfræðingur og Steingrímur Hauksson tæknifræðingur.

Dómsorð:

Stefndu, iðnaðarráðherra f. h. Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, eru sýknaðir af kröfum stefnanda, Jóhannesar Þórs Guðbjartssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Allur kostnaður stefnanda af málinu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun talsmanns hans, Björns L. Bergssonar héraðsdómslögmanns, 300.000 krónur.

Föstudaginn 2. maí 1997.

Nr. 287/1996. **Einar Þorkelsson**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Hinriki Andrési Þórðarsyni
(Tryggvi Gunnarsson hrl.)

Jarðakaup. Samningur. Erfðaábúð. Forkaupsréttur. Kaupréttur. Matsgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. júlí 1996. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að gefa út afsal til sín fyrir jörðunum Útverkum og Miðbýli á Skeiðum í Árnessýslu með öllum mannvirkjum, svo sem húsum, ræktun, girðingum og öðrum gögnum og gæðum, sem jörðunum fylgja og fylgja ber, að engu undanskildu að viðlögðum dagsektum, 10.000 krónum á dag, er renni til áfrýjanda, og verði fullnægingarfrestur skyldunnar 15 dagar frá uppkvaðningu dómsins, gegn afhendingu skuldabréfs, út gefnu af áfrýjanda, aðallega að fjárhæð 4.854.958 krónur, en til vara með annarri hærri fjárhæð. Skuldabréfið verði til sex ára, án vaxta og verðbóta, með gjalddaga 1. júní ár hvert, í fyrsta sinn 1. júní 1996. Þær afborganir, sem komnar verði í gjalddaga við uppkvaðningu dómsins, greiðist stefnda án vaxta fyrir tímabilið frá gjalddaga til þess dags, er dómur verður aðfararhæfur. Verði fjárhæð bréfsins ákveðin hærri en aðalkrafa ráðgerir, er þess krafist, að kveðið verði á um það, að áfrýjandi skuli tilkynna stefnda innan aðfararfrests, hvort hann krefjist kaupa á því verði. Skuli dagsektir í því tilviki fyrst falla til fimmtán dögum eftir tilkynningu áfrýjanda um kaupin. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Til vara krefst hann þess, að sér verði aðeins gert að gefa út afsal til áfrýjanda fyrir jörðunum með öllum mannvirkjum, svo sem húsum, ræktun, girðingum og öðrum gögnum og gæðum, sem jörð-

unum fylgja og fylgja ber, gegn greiðslu á alls 7.575.978 krónum, sem áfrýjandi greiði stefnda annars vegar með peningum, að fjárhæð 3.318.978 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 553.163 krónum frá 1. júní 1996 til 31. júlí sama ár, af 1.106.326 krónum frá þeim degi til 30. september sama ár, af 1.659.489 krónum frá þeim degi til 30. nóvember sama ár, af 2.212.652 krónum frá þeim degi til 31. janúar 1997, af 2.765.815 krónum frá þeim degi til 31. mars sama ár og af 3.318.978 krónum frá þeim degi til greiðsludags, og hins vegar með afhendingu á skuldabréfi, að fjárhæð 4.257.000 krónur, með veði í hinu selda næst á eftir áhvílandi lánum við dómsuppkvaðningu, og greiðist það með 14 jöfnum afborgunum á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir útgáfu afsals, og meðalvöxtum banka og sparisjóða, eins og þeir eru á hverjum tíma samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands á óverðtryggðum útlánum frá 1. júní 1996. Til þrautavara er þess krafist, að stefnda verði aðeins gert að gefa út afsal til áfrýjanda fyrir jörðunum gegn afhendingu á skuldabréfi, að fjárhæð 6.715.978 krónur, með veði í hinu selda næst á eftir áhvílandi lánum við dómsuppkvaðningu og með jöfnum árlegum afborgunum á sex árum, í fyrsta sinn 1. júní 1996 og síðan 1. júní ár hvert, þar til skuldin er að fullu greidd. Gjaldfallnar afborganir við dómsuppsögu beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá gjalddaga til greiðsludags. Í öllum tilvikum er þess krafist, að áfrýjanda verði gert að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Atvikum málsins er lýst í hinum áfrýjaða dómi, og er ekki ágreiningur um þau að öðru leyti en því, að aðila skilur á um það, hvor þeirra hafi átt frumkvæði að samningum þeirra um jarðirnar Útverk og Miðbýli í Skeiðahreppi, sem litið er á sem eina jörð í málinu. Eftir uppsögu héraðsdóms óskaði áfrýjandi 17. maí 1996 eftir staðfestingu hreppsnefndar Skeiðahrepps á því, að hann hefði „setið jörðina sem löglegur leiguliði í meir en 10 ár og hafi þar með öðlast forkaupsrétt að jörðinni á undan sveitarstjórn". Í svarbréfi hreppsnefndar 31. maí 1996 kemur fram, að samgönguerfiðleikar við jörðina hafi verið slíkir, að ekki hafi verið unnt að nytja hana til eðli-

legra búskaparhátta fyrr en eftir samgöngubætur á árunum 1990 og 1991. Í bréfinu segir jafnframt, að það hafi verið álit hreppsnefndar, að áfrýjandi „væri löglegur ábúandi frá 1983, enda hafa aldrei verið gerðar athugasemdir við búsetu hans". Áfrýjandi kallaði í framhaldi þessa eftir nokkru skýrari afstöðu hreppsnefndar, og segir svo í svarbréfi hennar 30. október 1996: „Hreppsnefnd Skeiðahrepps staðfestir fyrir sitt leyti, að hún telji ábúð þá, sem Einar Þorkelsson hefur haft á jörðunum Útverkum og Miðbýli skv. ábúðarsamningi við eiganda jarðarinnar, Hinrik Andrés Þórðarson, dags. 19. maí 1983, fullnægjandi, til að Einar njóti þess réttar, sem á er kveðið í 2. mgr. 30. gr. jarðalaga nr. 65/1976 við kaup jarðarinnar á grundvelli samkomulags við Hinrik, dags. 6. mars 1985."

II.

Mál þetta snýst um það, hvort skilyrði séu til þess að láta nú koma til framkvæmda aðalefni samkomulags aðila frá 6. mars 1985 um það, að áfrýjandi kaupi jörðina Útverk ásamt Miðbýli. Í samkomulaginu kemur fram ótvíræður vilji þeirra beggja til þess, að svo geti orðið. Tveimur árum áður, 19. maí 1983, hafði stefndi byggt áfrýjanda jörðina í erfðaábúð. Var það gert í því skyni að ávinna áfrýjanda kauprétt, er gengi framar lögbundnum forkaupsrétti sveitarfélagsins samkvæmt 1. mgr. 30. gr. jarðalaga, sbr. 2. mgr. Að liðnum tíu árum frá gerð ábúðarsamningsins, þ. e. 9. ágúst 1993, stóðu aðilar sameiginlega að beiðni til sýslumannsins í Árnessýslu um tilnefningu tveggja manna til að meta verð jarðarinnar „vegna hugsanlegrar sölu . . .". Þetta rennir stoðum undir það, að vilji þeirra til að gera kaupin hafi þá enn verið óhaggaður. Nú liggur og fyrir sú skýra afstaða hreppsnefndar Skeiðahrepps, að hún telji ábúð áfrýjanda hafa verið þannig, að hann hafi öðlast forkaupsrétt á undan sveitarstjórn samkvæmt 2. mgr. 30. gr. jarðalaga.

Eins og mál þetta liggur fyrir, þarf ekki að taka afstöðu til þess, hvort hreppsnefnd Skeiðahrepps hefði að lögum getað neytt forkaupsréttar við sölu jarðarinnar til áfrýjanda að liðnum tíu ára ábúðartíma hans. Þótt álit hennar á réttarstöðu áfrýjanda geti ekki bundið hendur dómstóla, eru yfirlýsingar hennar engu að síður bindandi fyrir hana sjálfa. Verður við það að miða, að sveitarstjórnin hafi fyrir sitt leyti fallist á fyrirhuguð kaup og geti eftir það ekki

haft uppi kröfu um forkaupsrétt. Er þá ekkert í vegi þess, að samningurinn frá 6. mars 1985 verði efndur og vilji samningsaðila nái fram að ganga.

III.

Í samkomulagi aðila 6. mars 1985 var sagt, að kaupverð jarðarinnar skyldi ákveðið með mati tveggja dómkvaddra manna, ef ekki yrði um það samkomulag. Matsverðið skyldi miða við staðgreiðslu og að jörðin yrði nýtt óskipt til hefðbundins landbúnaðar. Í áðurnefndri beiðni aðila 9. ágúst 1993 til sýslumannsins í Árnessýslu um tilnefningu matsmanna komu þessi sjónarmið fram. Sýslumaður fól tveimur virðingarmönnum að meta jörðina til peningaverðs, og sagði í stöðluðu skipunarbréfi, að það skyldi gert „með töku jarðakaupaláns fyrir augum". Í virðingargjörð þeirra 9. október 1993 var jörðin í heild metin á 8.584.000 krónur. Mannvirki voru virt á 6.058.000 krónur, hlunnindi og ræktun á 1.658.000 krónur og „jörðin sjálf" á 868.000 krónur. Meðal mannvirkjanna var hlaða, sem áfrýjandi hafði reist og metin var á 1.985.000 krónur.

Stefndi taldi þessa virðingargjörð ekki vera í samræmi við samkomulagið frá 6. mars 1985, og urðu aðilar sammála um það 1. nóvember 1995 að leita yfirmats í því skyni að skapa skilyrði til að leysa ágreining sinn með sátt. Sama dag sendi stefndi Héraðsdómi Suðurlands beiðni um dómkvaðningu matsmanna, og voru þar áréttuð sjónarmið um staðgreiðslu jarðarinnar og not hennar til hefðbundins landbúnaðar. Aðilar lögðu ýtarlegar greinargerðir fyrir hina dómkvöddu matsmenn, og skiluðu þeir matsgerð 14. desember 1995. Þar var jörðin metin til staðgreiðsluverðs á 8.600.000 krónur. Í umbeðinni sundurliðun matsmanna 18. mars 1996 kom fram, að jörðin ásamt ræktun var metin á 5.000.000 krónur, íbúðarhús á 2.500.000 krónur, önnur útihús á 600.000 krónur og veiðihlunnindi á 500.000 krónur. Matsmenn staðfestu matsgerð sína fyrir héraðsdómi og töldu sig hafa gætt umbeðinna sjónarmiða við matið. Fram kom hjá þeim báðum, að þeir hefðu einkum talið jörðina vænlega til hrossabúskapar, sem þeir mátu til hefðbundinna landbúnaðarnota.

IV.

Ekki hefur verið sýnt fram á, að matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna hafi þá annmarka, að hún verði ekki lögð til grundvall-

ar, en aðilar höfðu samið um það 6. mars 1985, að verð jarðarinnar yrði ákveðið með slíku mati. Þá hefur því ekki verið hnekkt með yfirmati, sbr. 64. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, en matið er ekki að lögum yfirmat vegna virðingargjörðarinnar 9. október 1993. Til frádráttar matsverðinu koma framreiknaðar greiðslur áfrýjanda til stefnda 1. október 1985 og 1. október 1986, 400.000 krónur í hvort skipti, og nema þær 1.876.022 krónum samkvæmt útreikningi forstjóra Fasteignamats ríkisins 25. mars 1995. Ekki verður fallist á, að út gefið skuldabréf fyrir eftirstöðvum kaupverðsins verði tryggt með veði í jörðinni, enda var ekki um það samið í öndverðu. Í samræmi við samkomulag aðila og kröfugerð þeirra skal skuldabréf fyrir eftirstöðvum vera til sex ára án vaxta og verðbóta og með árlegum afborgunum 1. júní hvert ár, í fyrsta skipti 1. júní 1996. Gjaldfallin afborgun við uppkvaðningu þessa dóms er án vaxta til þess dags, er dómur verður aðfararhæfur, en ber eftir það dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga.

Í samkomulaginu 6. mars 1985 var sagt: „Ekki hvílir skylda á Einari til að neyta kaupréttar síns samkvæmt samningi þessum.“ Með þessu ákvæði var verið að áskilja áfrýjanda rétt til að hverfa frá fyrirhuguðum kaupum, þegar að þeim kynni að koma annaðhvort við fráfall stefnda eða þegar áfrýjandi hefði öðlast kauprétt að jörðinni á undan Skeiðahreppi á grundvelli ábúðarsamnings síns, hvort sem fyrr bæri að höndum. Verður að líta svo á, að með höfðun þessa máls hafi áfrýjandi tekið ákvörðun um að neyta kaupréttarins og fá til þess atbeina dómstóla. Er því ekki unnt að fallast á þá kröfu hans, að hann megi nú segja til um það innan aðfararfrests, hvort hann vilji kaupa jörðina á því verði, sem niðurstaða dómsins segir til um.

Samkvæmt framansögðu verður stefndi dæmdur til að gefa út afsal til áfrýjanda fyrir jörðinni Útverkum ásamt Miðbýli innan 15 daga frá uppkvaðningu dómsins að viðlögðum dagsektum samkvæmt 4. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991, 10.000 krónum á dag, gegn útgáfu skuldabréfs úr hendi áfrýjanda, að fjárhæð 6.723.978 krónur, með þeim skilmálum, sem lýst var og nánar er kveðið á um í dómsorði.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndi, Hinrik Andrés Þórðarson, skal gefa út afsal til áfrýjanda, Einars Þorkelssonar, fyrir jörðunum Útverkum og Miðbýli á Skeiðum í Árnessýslu með öllum mannvirkjum, ræktun, gögnum og gæðum, sem jörðunum fylgja og fylgja ber, að engu undanskildu, innan 15 daga frá uppsögu þessa dóms að viðlögðum 10.000 króna dagsektum til áfrýjanda fyrir hvern dag, sem útgáfa afsals dregst umfram það. Gegn útgáfu afsals skal áfrýjandi afhenda stefnda skuldabréf, að fjárhæð 6.723.978 krónur, sem greiða skal án vaxta og verðbóta á sex árum með jöfnum árlegum afborgunum 1. júní ár hvert, í fyrsta skipti 1. júní 1996. Gjaldfallin afborgun er án vaxta til þess dags, er dómurinn verður aðfararhæfur, en skal eftir það bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 29. apríl 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., er höfðað með stefnu, birtri 3. apríl 1995.

Stefnandi er Einar Þorkelsson, kt. 310825-4259, Útverkum, Skeiðahreppi, Árnessýslu.

Stefndi er Hinrik Andrés Þórðarson, kt. 130409-2109, Lambhaga 50, Selfossi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að gefa út til hans afsal fyrir jörðunum Útverkum og Miðbýli, Skeiðahreppi, Árnessýslu, „með öllum mannvirkjum, svo sem húsum, ræktun, girðingum og öðrum gögnum og gæðum, sem (jörðunum) fylgja og fylgja ber, að engu undanskildu að viðlögðum dagsektum, 10.000 krónum á dag, er renni til stefnanda, og verði fullnægingarfrestur skyldunnar 15 daga frá birtingu dómsins, gegn afhendingu skuldabréfs, út gefnu af stefnanda, að fjárhæð 4.854.958 krónur, til sex ára án vaxta og verðbóta með gjalddaga 1. júní ár hvert, í fyrsta sinn 1. júní 1996". Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins og að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, til vara, að honum verði aðeins gert að gefa út afsal 1. apríl 1997 til stefnanda fyrir jörðunum Útverkum og Miðbýli með öll-

um mannvirkjum, svo sem húsum, ræktun, girðingum og öðrum gögnum og gæðum, sem (jörðunum) fylgja og fylgja ber, gegn greiðslu á 7.575.978 krónum, sem stefnandi greiði honum, annars vegar með 3.318.978 krónum í peningum með sex jöfnum greiðslum 1. júní 1996, 1. ágúst 1996, 1. október 1996, 1. desember 1996, 1. febrúar 1997 og 1. apríl 1997, og hins vegar með afhendingu á skuldabréfi, að fjárhæð 4.257.000 krónur, sem greiðist með 14 jöfnum afborgunum á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir útgáfu afsals. Skuldabréfið verði tryggt með veði í hinu selda næst á eftir áhvílandi lánum við dómsuppkvaðningu, og það beri meðalvexti banka og sparisjóða, eins og þeir eru á hverjum tíma samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands, á óverðtryggðum útlánum frá dómsuppkvaðningardegi.

Til þrautavara krefst stefndi þess, að honum verði aðeins gert að gefa út afsal til stefnanda fyrir jörðunum Útverkum og Miðbýli ásamt öllu því, sem þeim fylgir og fylgja ber samkvæmt framansögðu, gegn afhendingu á skuldabréfi, að fjárhæð 6.715.978 krónur, sem tryggt verði með veði í hinu selda og greiðist með sex jöfnum afborgunum 1. júní ár hvert, hið fyrsta sinn 1. júní 1996.

Í öllum tilvikum er þess krafist af hálfu stefnda, að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

I.

Stefnandi er eigandi jarðanna Útverka og Miðbýlis í Skeiðahreppi. Liggja lönd jarðanna saman, og er samanlagt flatarmál þeirra um það bil 380 hektarar.

Stefndi mun upphaflega hafa komið að Útverkum sem kaupamaður vorið 1934. Hann tók hins vegar að eigin sögn við búi þar, nokkru áður en hann afréð að festa kaup á jörðunum, en afsal til hans fyrir þeim var gefið út 5. júní 1937. Leiðir málsaðila lágu síðan saman, þegar stefnandi kom að Útverkum til sumardvalar sama ár. Með þeim tókst vinskapur, sem mótaði samskipti þeirra allt fram á síðustu ár.

Í stefnu kemur fram, að stefnandi hafi á sínum tíma, líklega árið 1982, leitað eftir því að kaupa jarðirnar af stefnda. Á þeim tíma og allt frá árinu 1959 mun stefndi einungis hafa dvalist að Útverkum að sumarlagi. Heyjaði hann til sölu, leigði slægjur og hafði þar nokkra hesta. Þá stundaði hann laxveiðar í net í Hvítá, en land jarðarinnar liggur að ánni. Stefndi taldi hins vegar, að hann gæti ekki að svo stöddu orðið við ósk stefnanda um kaup á jörðunum. Mótaðist þessi afstaða stefnda af því, að Skeiðahreppur kæmi til með að neyta lögbundins forkaupsréttar síns og hætta væri á því, að jörðunum yrði í kjölfarið skipt upp á milli aðliggjandi jarða. Var stefnda mjög í

mun, að til þess kæmi ekki. Úr varð hins vegar, að hann gaf út byggingarbréf 19. maí 1983 fyrir jörðunum til handa stefnanda. Segir í 1. gr. byggingarbréfsins, að jarðirnar séu byggðar stefnanda „í erfðaábúð, óuppsegjanlegri til óákveðins tíma, með óhindraðan rétt fyrir ábúanda að hafa sömu afnot þeirra og ég hef haft sem landeigandi". Í þessu sama ákvæði hefur stefndi hins vegar uppi þann áskilnað „að hafa við hlið ábúanda sömu not jarðanna og verið hefur í umboði ábúanda eða með sérstökum samningi við hann". Þá kemur einnig fram í byggingarbréfinu, að ábúandi skuli í samræmi við ákvæði 21. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976 telja lögheimili sitt á ábúðarjörðinni, nema honum sé að lögum meinað það vegna samtímis dvalar í öðru sveitarfélagi. Loks er tiltekið í 4. gr. byggingarbréfsins, að ársbúsetu á jörðunum og nýtingu þeirra til eðlilegra búskaparhátta verði vart við komið, fyrr en ráðin hafi verið bót á erfiðleikum í samgöngum við þær.

Hinn 6. mars 1985 gerðu málsaðilar með sér samkomulag, sem efnislega kvað á um kauprétt að jörðunum til handa stefnanda. Er ljóst af inntaki þess samkomulags, að vilji stefnda hafi á þessum tíma staðið til þeirrar niðurstöðu, að ósk stefnanda um kaup á jörðunum gæti orðið að veruleika. Forkaupsréttur Skeiðahrepps samkvæmt 30. gr. jarðalaga nr. 65/1976 og áðurnefnd sjónarmið stefnda, er að honum lúta og varða framtíðarnýtingu jarðanna, hafi hins vegar komið í veg fyrir, að stefndi gengi þá þegar frá sölu á þeim til stefnanda.

Í því samkomulagi, sem hér er vísað til, segir meðal annars:

„Hinrik veitir Einari rétt til að kaupa jörðina Útverk ásamt Miðbýli, Skeiðahreppi, við fráfall Hinriks eða þegar Einar hefur öðlast forgangsforkaupsrétt að jörðinni á undan Skeiðahreppi á grundvelli ábúðarsamnings síns, hvort sem fyrr ber að höndum. Verð jarðarinnar skal ákveðið með mati tveggja óvilhallra manna, sem sýslumaðurinn í Árnessýslu skal dómkveðja til þess starfs, ef ekki verður samkomulag um verð. Matsverð skal miða við staðgreiðslu og að jörðin (Útverk ásamt Miðbýli) verði nýtt óskipt til hefðbundins landbúnaðar. ... Einar skuldbindur sig til að greiða Hinriki á næstunni eftir nánara samkomulagi 1–2 milljónir króna. Hinrik skal gefa út skuldabréf fyrir fjárhæð, sem samkomulag verður um. Skuldabréfið ber ekki vexti, og eigi skal greiða af því afborganir. Það fellur hins vegar í gjalddaga, þegar Einar neytir kaupréttar síns samkvæmt því, sem að framan er lýst. Skal þá fjárhæð bréfsins ásamt verðbótum frá útgáfudegi þess til greiðsludags ganga upp í kaupverð jarðarinnar, eins og það hefur verið ákveðið með samkomulagi eða mati, svo sem að ofan greinir. Verðbætur skulu ráðast af almennri hækkun jarðaverðs í Árnessýslu í samræmi við ákvörðun yfirfasteignamatsnefndar um framreikning fasteignamats. Við

kaup jarðarinnar af hálfu Einars skal kaup- eða matsverð að frádreginni fjárhæð skuldabréfsins ásamt verðbótum greitt með jöfnum afborgunum á sex árum án vaxta og verðbóta."

Stefnandi heldur því fram, að kaupréttur sá, sem mælt er fyrir um honum til handa í framangreindu samkomulagi málsaðila, hafi orðið virkur 19. maí 1993. Á því tímamarki hafi hann verið búinn að sitja jarðirnar í skilningi 2. mgr. 30. gr. jarðalaga nr. 65/1976 í tíu ár og þar með öðlast forkaupsrétt á þeim á undan Skeiðahreppi. Hann hafi nytjað jarðirnar allan ábúðartímann, haft þar hross, stundað heyskap og fengist við trjárækt. Á þessi sjónarmið stefnanda hefur stefndi ekki fallist. Leitar stefnandi í máli þessu dóms um þá skyldu stefnda, að honum verði samkvæmt framansögðu og gegn umsömdu endurgjaldi gert að gefa út afsal til sín fyrir jörðunum.

II.

Fyrir liggur, að á grundvelli samkomulagsins frá 6. mars 1985 innti stefnandi af hendi til stefnda greiðslu, að fjárhæð samtals 800.000 krónur, það er 400.000 krónur 1. október 1985 og 400.000 krónur 1. október 1986.

Þá stóðu málsaðilar á sama grunni sameiginlega að beiðni til sýslumannsins á Selfossi 9. ágúst 1993 um, að hann tilnefndi tvo óvilhalla menn til að meta verð jarðanna Útverka og Miðbýlis vegna hugsanlegrar sölu þeirra. Í samræmi við ákvæði samkomulags aðila segir í matsbeiðni, að matsverð skuli miðast við staðgreiðslu „og að jörðin verði nýtt óskipt til hefðbundins landbúnaðar". Með bréfi 24. september 1993 fól síðan sýslumaður tveimur bændum í Skeiðahreppi, þeim Jóni Vigfússyni á Efri-Brúnavöllum og Bjarna Jónssyni í Skeiðháholti, að annast matsstörf. Um dómkvaðningu samkvæmt lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála var ekki að ræða, enda ekki á valdi sýslumanns að framkvæma hana. Segir í bréfi sýslumanns, að matsmenn séu kvaddir til að meta jarðirnar til peningaverðs með töku jarðakaupaláns fyrir augum, en þeir Jón og Bjarni munu á þessum tíma hafa haft það verk með höndum í Skeiðahreppi að meta jarðir í hreppnum til peningaverðs vegna lántöku bænda þar hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins. Virðist matsgjörð sú, sem þeir unnu á grundvelli bréfs sýslumanns, vera þeirrar gerðar. Þannig eru niðurstöður matsins færðar inn á staðlað eyðublað, sem ber yfirskriftina „virðingargjörð". Er þar til að mynda hvergi tiltekið, að við framkvæmd matsins hafi verið gætt að framangreindum forsendum um staðgreiðslu og nýtingu jarðanna til hefðbundins landbúnaðar. Mátu þeir Jón og Bjarni verðmæti beggja jarðanna ásamt ræktun og hlunnindum vera 6.599.000 krónur. Innifalin í þeirri samtölu eru öll mannvirki á jörðunum, þó að frátalinni hlöðu í eigu stefnanda. Þá er 26 fermetra hest-

hús í eigu stefnda, byggt úr torfi og grjóti, ekki sérstaklega metið til peningaverðs í matsgjörðinni. Á þessu mati grundvallar stefnandi það kaupverð, sem hann býður fram fyrir jarðirnar. Hefur það sætt hækkun um 131.980 krónur, en sú fjárhæð samsvarar 2% hækkun matsfjárhæðar og er hugsuð sem verðbætur á virðingarverð eignanna fyrir tímabilið 1. nóvember 1993 til 1. nóvember 1994. Frá samtölu framangreindra fjárhæða (6.599.000 + 131.980 = 6.730.980) dragast síðan 1.876.022 krónur, en það er 800.000 króna innborgun stefnanda, sem þegar hefur verið gerð grein fyrir, framreiknuð í samræmi við samkomulag málsaðila til 1. desember 1994. Endurgjald fyrir hinar seldu jarðir eigi samkvæmt þessu að nema 4.854.958 krónum (6.730.980 – 1.876.022). Býðst stefnandi til að inna þá fjárhæð af hendi til stefnda gegn afhendingu afsals fyrir jörðunum og svo sem nánar greinir í dómkröfum hans.

III.

Að því er sýknukröfu stefnda varðar, vísar hann í fyrsta lagi til þess sjónarmiðs í greinargerð sinni, að hinn samningsbundni kaupréttur stefnanda sé háður því, að hann fullnægi þeim kröfum, sem byggingarbréfið frá 19. maí 1983 og lög setji fyrir ábúð á jörð, þannig, að ábúð skapi leiguliða forgangsforkaupsrétt á undan sveitarfélagi. Þessum skilyrðum hafi stefnandi ekki fullnægt, og því geti að svo stöddu ekki komið til álita, að stefnda verði gert að afsala honum jörðunum. Í þessu sambandi tiltekur stefndi, að stefnandi hafi ekki fullnægt lögheimilisskilyrðum 21. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976. Þannig hafi hann allt frá gerð byggingarbréfsins og til 15. desember 1994 átt lögheimili í Reykjavík, en þar hafi hann með höndum atvinnurekstur. Ekkert hafi hins vegar verið því til fyrirstöðu, að stefnandi ætti heimili að Útverkum og sækti vinnu þaðan til Reykjavíkur, enda hafi verið bætt úr vegasambandi við jörðina með fullnægjandi hætti skömmu eftir gerð byggingarbréfsins. Þá hafi ákvæði 3. gr. byggingarbréfsins ekki leyst stefnanda undan því skilyrði tilvitnaðs lagaákvæðis að nytja jarðirnar og reka þar bú. Nýting stefnanda á jörðunum hafi aftur á móti verið með þeim hætti, að ekki verði litið svo á, að hann hafi haft búrekstur með höndum þar.

Stefndi heldur því fram með vísan til framanritaðs, að stefnandi hafi ekki „setið“ jarðirnar Útverk og Miðbýli í skilningi 2. mgr. 30. gr. jarðalaga nr. 65/1976. Þar með hafi hann ekki öðlast forkaupsrétt á undan sveitarstjórn á grundvelli ákvæðisins. Kaupréttur stefnanda samkvæmt samningi aðila frá 6. mars 1985 sé þess vegna ekki enn orðinn virkur.

Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu, að stefnandi hafi öðlast forkaups-

rétt samkvæmt tilvitnuðu ákvæði jarðalaga, reisir stefndi sýknukröfu sína í annan stað á því, að endurgjald það, sem stefnandi býður fram gegn afhendingu afsals, styðjist ekki við matsgerð, sem unnin hafi verið í samræmi við samkomulag þeirra frá 6. mars 1985. Vísar stefndi aðallega til þess um þetta atriði, að við framkvæmd þess mats, sem við er stuðst af hálfu stefnanda, hafi ekki verið gætt þeirra forsendna, sem tilteknar hafi verið í matsbeiðni aðila og áður er gerð grein fyrir. Þeim, sem sýslumaður tilnefndi, hafi aftur á móti verið falið að meta jarðirnar Útverk og Miðbýli „með töku jarðakaupaláns fyrir augum". Þá kveðst stefndi ekki hafa samþykkt að víkja frá því skilyrði, að verð jarðanna yrði ákveðið af dómkvöddum matsmönnum. Að auki geti fram lögð mats- eða virðingargjörð þeirra Jóns Vigfússonar og Bjarna Jónssonar ekki haft neitt gildi gagnvart stefnda, þar sem honum hafi ekki verið tilkynnt um það, þegar þeir voru tilnefndir til verksins. Þá hafi hann ekki verið viðstaddur skoðun þeirra og því ekki getað komið á framfæri sjónarmiðum sínum. Fram boðin greiðsla fyrir hið selda, sem grundvölluð er á umræddri matsgerð, geti samkvæmt framansögðu ekki falið í sér fullnægjandi efndir af hálfu stefnanda. Verði stefnda ekki gert að gefa út afsal fyrir jörðunum gegn endurgjaldi, sem þannig er ákvarðað. Að auki heldur stefndi því fram, að matsverð samkvæmt „virðingargjörðinni" sé ekki í samræmi við markaðsverð sambærilegra eigna.

Stefndi styður sýknukröfu sína jafnframt þeirri málsástæðu, að hið fram boðna kaupverð sé samkvæmt mati frá því í október 1993 og engin heimild sé til þess í samkomulagi aðila að framreikna matsverðið.

Loks er sýknukrafa stefnda á því reist, að ákvæði 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. lög nr. 11/1986, standi því í vegi, að taka megi dómkröfur stefnanda í málinu til greina. Að því er þessa málsástæðu varðar, vísar stefndi í fyrsta lagi til þess, að sé á annað borð gert ráð fyrir því, að matsverð jarðanna eigi að miðast við staðgreiðslu, sé ósanngjarnt, að eftirstöðvar kaupverðs skuli greiddar með jöfnum afborgunum á sex árum án vaxta og verðbóta, svo sem stefnandi geri ráð fyrir í dómkröfum sínum. Þá sé í öðru lagi ósanngjarnt, að eftirstöðvar kaupverðsins skuli vera án vaxta og verðbóta í sex ár, þegar haft sé í huga, að stefnanda hafi samkvæmt samkomulagi aðila borið að greiða stefnda „á næstunni", eins og segir í samkomulaginu, 1–2 milljónir króna, en ekki einungis 800.000 krónur, svo sem raun varð á. Í þriðja lagi telur stefndi, að það sé ósanngjarnt af stefnanda að bera samkomulag þeirra fyrir sig nú í stað þess að láta reyna á það, strax og hann taldi sig hafa öðlast kaupréttinn. Í fjórða lagi víki samkomulagið og hið fram boðna skuldabréf frá því, sem

telja verði almenna viðskiptavenju á þessu sviði, að slík bréf séu með veði í hinu selda.

IV.

Undir rekstri málsins og að beiðni stefnda voru þeir Ólafur Björnsson héraðsdómslögmaður og Sveinn Skúlason bóndi dómkvaddir 8. nóvember 1995 til að meta til söluverðs jarðirnar Útverk og Miðbýli að undanskildum mannvirkjum, sem stefnandi hefur reist á jörðunum. Við matið skyldi lagt til grundvallar, að matsverð yrði miðað við staðgreiðslu og að jarðirnar yrðu nýttar óskipt til hefðbundins landbúnaðar. Beiðni stefnda um dómkvaðningu fylgdi skriflegt samkomulag, sem aðilar höfðu gert með sér vegna hennar. Segir í því, að eftir atvikum geti stefnandi samþykkt, „að nú fari fram yfirmat, þar sem stefndi óskar endurskoðunar á matinu frá 9. október 1993". Er hér vísað til áðurnefndrar mats- eða virðingargerðar þeirra Jóns Vigfússonar og Bjarna Jónssonar. Þá voru aðilar sammála um, að kostnaði af hinu nýja mati skyldi skipt að jöfnu á milli þeirra.

Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna lá fyrir 14. desember 1995. Er það niðurstaða þeirra, að staðgreiðsluverð þess, sem metið var, nemi 8.600.000 krónum. Hefur stefndi grundvallað varakröfur sínar í málinu á þeirri niðurstöðu. Telur hann, að í öllu falli verði að víkja matinu frá 9. október 1993 til hliðar á grundvelli þeirra sjónarmiða, sem áður eru rakin og lúta að annmörkum á framkvæmd þess. Þá verði, þegar endurgjald stefnanda er ákvarðað, að taka mið af sjónarmiðum, sem byggð eru á tilvísun til 36. gr. laga nr. 7/1936 og þegar hefur verið gerð grein fyrir.

Tölulega hefur stefndi útlistað varakröfur sínar með eftirfarandi hætti:

Í varakröfu sinni hefur stefndi gert ráð fyrir því, að hækka beri matsverð dómkvaddra matsmanna um 10%, þar sem matsverðið sé miðað við staðgreiðslu. Frá þeirri samtölu, sem þannig er fengin, 9.460.000 krónum, beri að draga 1.884.022 kr., en það sé 800.000 króna innborgun stefnanda, framreiknuð í samræmi við samkomulag málsaðila til 1. desember 1995. Hluta þeirrar fjárhæðar, 3.318.978 krónur, beri stefnanda síðan að inna af hendi með sex jöfnum greiðslum á tveggja mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. júní 1996. Stefnandi gefi síðan út skuldabréf fyrir eftirstöðvum kaupverðsins, 4.257.000 krónum. Er við það miðað í varakröfu stefnda, að hlutfall þeirrar greiðslu, sem stefnanda verði gert að inna af hendi með afhendingu eftirstöðvaskuldabréfs, nemi 35 hundraðshlutum af kaupverði jarðanna.

Samkvæmt þrautavarakröfu stefnda stendur matsverð dómkvaddra matsmanna, 8.600.000 krónur, óhaggað. Frá þeirri fjárhæð er síðan dregin 800.000 króna innborgun stefnanda, framreiknuð með sama hætti og í vara-

kröfu. Stefnanda verði síðan gert að gefa út skuldabréf fyrir eftirstöðvunum, 6.715.978 krónum (8.600.000 – 1.884.022).

V.

Samkomulag málsaðila frá 6. mars 1985 verður ekki skilið á annan veg en þann, að stefnandi öðlist kauprétt að jörðunum Útverkum og Miðbýli í Skeiðahreppi við fráfall stefnda eða þegar forkaupsréttur stefnanda samkvæmt 2. mgr. 30. gr. jarðalaga nr. 65/1976, sbr. 11. gr. laga nr. 90/1984, verður virkur. Á grundvelli samkomulagsins verður stefnda þannig í lifanda lífi aðeins gert að gefa út afsal til stefnanda fyrir jörðunum gegn umsömdu endurgjaldi, ef forkaupsréttur Skeiðahrepps að þeim samkvæmt jarðalögum verður að þoka fyrir lögákveðnum forgangsrétti stefnanda sem leiguliða. Ræðst kaupréttur stefnanda hér þannig algerlega af því, hvort sveitarfélagið geti gert forkaupsrétt sinn gildandi við sölu jarðanna til hans.

Forgangsréttur leiguliða samkvæmt 2. mgr. 30. gr. jarðalaga er bundinn þeim skilyrðum, að hann hafi setið jörð í tíu ár eða lengur og taki hana til ábúðar og fullra nytja. Kemur hér sérstaklega til greina, hvort stefnandi hafi þann tíma, sem ákvæðið áskilur, setið jarðirnar í skilningi þess.

Ljóst er af ákvæðum jarðalaga og greinargerð, sem fylgdi frumvarpi að þeim, að tilgangur laganna er einkum sá að tryggja nýtingu lands utan skipulagðra þéttbýlisstaða í þágu þeirra, er landbúnað vilja stunda, og með hliðsjón af hagsmunum sveitarfélaga af því, að innan vébanda þeirra geti landbúnaður þróast með eðlilegum hætti. Er sveitarfélögunum með forkaupsrétti þeirra fengið úrræði til þess að gæta þessara sjónarmiða. Meðal annars í ljósi þessa verður að fallast á það með stefnda, að forgangsrétti leiguliða samkvæmt 2. mgr. 30. gr. laganna sé ætlað að tryggja stöðu raunverulegra ábúenda jarða, en ekki aðila, sem til að mynda hefur jörð á leigu án þess að hafa þar eðlilega búsetu og búrekstur. Fær þessi skilningur og sérstaka stoð í athugasemdum við tilvitnaða lagagrein.

Stefnandi hefur haldið því fram, að allt frá því er hann fékk jarðirnar til ábúðar, hafi hann nytjað þær með því að hafa þar hross. Þá hafi hann að auki stundað þar heyskap og fengist við trjárækt. Aldrei fluttist hann þó búferlum þangað, og allt frá gerð byggingarbréfsins 19. maí 1983 hefur hann stundað atvinnurekstur í Reykjavík. Þar var lögheimili hans jafnframt skráð mestan hluta þess tímabils, sem hér um ræðir. Hefur stefnandi ekki sýnt fram á það í ljósi þessa og með vísan til þess, sem að framan er rakið, að hann hafi í tilskilinn tíma setið jarðirnar í skilningi þess ákvæðis jarðalaga, sem hér reynir á. Verður þannig að leggja til grundvallar við úrlausn málsins, að forkaupsréttur Skeiðahrepps samkvæmt 1. mgr. 30. gr. laganna

standi óhaggaður. Af því leiðir, að umsaminn kaupréttur stefnanda er ekki enn orðinn virkur. Er stefnda þegar af þeirri ástæðu ekki skylt á grundvelli samkomulags aðila að gefa að svo stöddu út afsal fyrir jörðunum til stefnanda. Verður þannig ekki hjá því komist að hafna dómkröfum stefnanda í málinu og sýkna stefnda af þeim.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Það athugast, að mat hinna dómkvöddu matsmanna frá 14. desember 1995 getur ekki talist yfirmat í skilningi laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þar sem undirmat á grundvelli laganna lá þá ekki fyrir.

Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hinrik Andrés Þórðarson, á í máli þessu að vera sýkn af dómkröfum stefnanda, Einars Þorkelssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 2. maí 1997.

Nr. 323/1996. **Páll B. Kristjánsson**
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)
gegn
Flugleiðum hf.
(Jakob R. Möller hrl.)

Flugskírteini. Kjarasamningur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. ágúst 1996. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 7.594.112 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 7. janúar 1994 til greiðsludags. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður hann staðfestur.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Páll B. Kristjánsson, greiði stefnda, Flugleiðum hf., 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i
Hjartar Torfasonar

Mál þetta snýst ekki um fjarvistir áfrýjanda úr starfi hjá stefnda eða uppsögn á því starfi vegna yfirsjóna hans, heldur varðar það missi hans á réttindum til að starfa sem atvinnuflugmaður, hvort heldur fyrir stefnda eða aðra, og gildi umsaminnar vátryggingar hans gegn tjóni af þeim atburði.

Áfrýjandi var um árabil handhafi atvinnuflugmannsskírteinis I. flokks fyrir flugvél samkvæmt gr. 2.5. í reglugerð nr. 344/1990 um skírteini gefin út af Flugmálastjórn, sbr. áður reglugerðir nr. 329/1986 og 301/1978 um sama efni og reglugerð nr. 184/1949 um fluglið. Með bréfi til hans frá framkvæmdastjóra Loftferðaeftirlits 5. nóvember 1993 var það staðfest af hálfu Flugmálastjórnar, að hann teldist sviptur þessum réttindum. Var bréfið í formi tilkynningar um afstöðu trúnaðarlækna Flugmálastjórnar til heilbrigðisvottorðs hans, sem rakin er í hinum áfrýjaða dómi. Ágreiningslaust er í málinu, að þessi réttindasvipting hafi verið endanleg. Verður hún rakin til 9. júlí 1993, þegar trúnaðarlæknarnir afturkölluðu heilbrigðisvottorð hans, en áfrýjandi var þá á 42. aldursári og í starfi hjá stefnda.

Með ákvæðum í kjarasamningi milli Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) og stefnda hafði stefndi tekið að sér að kosta tryggingu á skírteini hvers flugmanns, er starfaði hjá honum, fyrir tiltekinni vátryggingarfjárhæð. Skyldi hún ná yfir réttindamissi um stundarsakir, sem hér skiptir ekki máli, og réttindamissi vegna aldurshrörnunar flugmannsins fyrir 60 ára aldur með skertri tryggingarvernd, eftir að 55 ára aldri væri náð. Ráða mátti af ákvæðunum, að með aldurshrörnun væri einkum átt við afleiðingar sjúkdóma eða slysa, sem að höndum bæri. Var sérstaklega að því kveðið, að tryggingin tæki að fullu til veikinda, sem væru „að uppruna sálræn (psychotic og psychoneurotic) eða af flogaveiki spunnin", með sama hætti og annarra veikinda. Jafnframt mátti sjá, að um hóptryggingu væri að ræða, en auk hennar tók stefndi að sér að greiða tiltekið iðgjald hvers flugmanns af skírteinistryggingu hans á vegum Alþjóðasambands atvinnuflugmanna (IFALPA), sem var einstaklingsbundin.

Ákvæði þessi voru í 8. gr. kjarasamnings frá 14. júní 1992, þegar áfrýjandi missti réttindi sín, og tók samningsgreinin einnig til slysatryggingar, farangurstryggingar og hóplíftryggingar í þágu flugmanna. Ákvæðin voru fyrst tekin upp í kjarasamning FÍA við Flugfélag Íslands hf. og Loftleiðir hf. frá 11. maí 1973, en síðan mótuð nánar í samningi sömu aðila frá 21. maí 1974. Er tryggingaþáttur þess samnings efnislega samhljóða samningnum frá 1992 að öðru en því, að ákvæði um hóplíftryggingu voru þá á frumstigi.

Af hálfu beggja málsaðila er á því byggt, að skuldbindingin um hóptryggingu flugmannsskírteina hafi hvílt á stefnda með þeim hætti, að félaginu bæri sjálfu að reiða af höndum umsamdar bætur, þegar skírteinismissi bæri að. Hafi það verið háð ákvörðun félagsins, hvernig kaupum á vátryggingu vegna skuldbindingarinnar yrði háttað á hverjum tíma. Í samræmi við þetta hefur stefndi ekki andmælt kröfu áfrýjanda á þeim grundvelli, að henni væri ranglega beint gegn sér. Á hinn bóginn er ljóst af orðafari og atvikum, að samningsgerðin um þessa skuldbindingu hafi frá upphafi verið við það miðuð, að um væri að ræða áhættu, sem unnt væri að kaupa vátryggingu fyrir á alþjóðlegum markaði, og að það væri meðal frumskyldna flugfélaganna að sjá fyrir því með slíkum kaupum, að hagsmunum hinna tryggðu flugmanna væri nægilega borgið. Ætla verður, að samningsaðilar hafi haft fyrir augum einhverja skilmála eða upplýsingar um verndarsvið fáanlegra vátrygginga, þótt ekki liggi hér fyrir, hverjar þær hafi verið. Jafnframt verður að telja ljóst, að ákvæði kjarasamninganna um rétt FÍA til að fylgjast með keyptum vátryggingum vegna félagsmanna sinna hafi náð til hinnar umdeildu skírteinistryggingar, þótt ekki sé staðfest, að gögn um þau viðskipti hafi verið send FÍA með reglulegum hætti.

Um aðgerðir flugfélaganna og FÍA að þessu leyti er það eitt fram komið, að stefndi hafi undanfarin ár haldið uppi vátryggingu á skírteinum flugmanna sinna gegn missi af völdum slysa eða sjúkdóma hjá félaginu Vita Life Insurance Company Ltd. í Sviss og hún verið tengd hóplíftryggingu flugmanna hjá sama félagi, er kjarasamningurinn náði einnig til. Hafi vátryggingarfjárhæð á árinu 1991 þar numið sem næst 75% af umsaminni fjárhæð samkvæmt kjarasamningi, en verið lækkuð í sem næst 50% hennar á árinu 1993. Afgangur samningsfjárhæðarinnar hafi verið í eigin áhættu stefnda.

Ágreiningur málsaðila lýtur í raun að því einu, hvort drykkjusýki áfrýjanda, sem var orsök að skírteinismissi hans, geti talist til veikinda af sálrænum uppruna í merkingu þeirra ákvæða kjarasamningsins, sem fyrr var til vitnað. Einn af forvígismönnum FÍA, sem tók þátt í gerð kjarasamninganna 1973 og 1974, hefur staðfest fyrir dómi, að til umræðu hafi þá komið, að minnsta kosti í röðum flugmanna, að áfengissýki væri meðal þess, sem ákvæðin myndu ná til. Engin ástæða er til að draga þennan framburð í efa, svo langt sem

hann nær, og það því fremur, að enginn forvígismanna flugfélaganna frá þessum tíma hefur komið fyrir dóm í málinu. Hann einn ræður þó ekki úrslitum, heldur ber jafnframt að líta til hins, að flugfélögin höfðu enga yfirgnæfandi hagsmuni af að þrengja vernd flugmanna með því að útiloka þennan sjúkdóm, ef hægt væri að fá vátryggingu, sem til hans næði, með viðunandi kjörum. Af hálfu stefnda hefur ekki verið reynt að skýra, hvernig aðstæður á tryggingamarkaði voru að þessu leyti, og gögn málsins benda ekki til, að þetta hafi ekki verið aðilum innan handar, þ. e. flugfélögunum eða flugmönnum sjálfum, ef þeir hefðu viljað kosta vátrygginguna gegn því að fá hærri laun. Þannig sér þess hvergi stað í skilmálum þeirrar vátryggingar, sem stefndi hélt uppi árið 1993, að drykkjusýki hafi þar verið undanskilin meðal orsaka réttindamissis, nema þá helst, að hana mætti skilgreina sem hreint sjálfskaparvíti í því einstaka tilfelli, er til skoðunar kæmi.

Um tilfelli áfrýjanda liggur fyrir það álit trúnaðarlækna Flugmálastjórnar, sem þekktu heilsufar hans af reglubundinni skoðun um árabil og höfðu veitt ástandi hans sérstaka umfjöllun í þetta sinn, að hann hafi verið „haldinn krónískum alkóhólisma“, þannig að frekari útgáfa heilbrigðisvottorðs handa honum kæmi ekki til greina. Ætla verður meðal annars, að læknarnir hafi talið drykkjusýki hans á svo háu stigi, að tilgangslaust væri að vísa honum á frekari læknismeðferð í þeirri von, að hann gæti síðar hafið störf sem óvirkur áfengissjúklingur, þar sem ekki yrði séð fyrir, að það gæti gerst, án þess að flugöryggi væri stofnað í hættu, sbr. ákvæði gr. 6.3.2.2. í fyrrnefndri reglugerð nr. 344/1990.

Áfrýjandi hefur ekki lagt fram sérstakt mat á því, hvort drykkjusýki hans sé af sálrænum uppruna í þeim skilningi, að neysla hans á áfengi verði rakin til geðrænnar veilu fremur en veilan til neyslunnar. Eins og málið er vaxið, verður ekki á það fallist, að þörf sé á slíku mati. Viðurkennt er á læknisfræðilegan mælikvarða, að þessi sýki sé sjúkdómur af geðrænum toga, sem eigi sér flóknar orsakir almennt á litið. Álit trúnaðarlækna Flugmálastjórnar leiðir eindregið í ljós, að áfrýjandi sé háður sjúkdómnum í meira mæli en svo, að honum sé ætlandi að hafa hann á valdi sínu. Engin efni eru til að gera því skóna, að sjúkdómurinn sé áfrýjanda sjálfskaparvíti eða beri vott um stórkostlegt gáleysi, er þýðingu hafi samkvæmt al-

mennum reglum á sviði vátrygginga. Stefndi hefur og ekki reynt að gera líklegt, að stöðu áfrýjanda sé þannig farið, heldur byggir hann fyrst og fremst á viðhorfum til áfengisneyslu og drykkjuhneigðar, sem hann telur ríkja á vinnumarkaði. Þau viðhorf eiga hér hins vegar ekki við með þeim hætti, að nokkru máli skipti.

Með hliðsjón af því, sem áður var rakið, verður að telja ljóst, að orð og markmið hinna umdeildu ákvæða kjarasamningsins styðji þá niðurstöðu, að hin umsamda vátrygging á skírteinum flugmanna hafi átt að ná til drykkjusýki, er meta yrði sem sjúkdóm á alvarlegu stigi. Jafnframt virðast atvik að réttindamissi áfrýjanda eindregið með þeim hætti, að vátryggingin hafi náð til hans. Samkvæmt því og kröfugerð málsaðila er það niðurstaða mín, að dæma beri stefnda til að greiða áfrýjanda hina umstefndu vátryggingarfjárhæð ásamt viðeigandi vöxtum og málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. júní 1996.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. maí sl., var höfðað með þingfestingu og framlagningu sóknargagna 28. nóvember 1995.

Stefnandi er Páll B. Kristjánsson, kt. 081051-2919, Dynskógum 23, Hveragerði.

Stefndi er Flugleiðir hf., kt. 601273-0129, Reykjavíkurflugvelli.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 7.594.111 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 7. 1. 1994 til greiðsludags og að vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 7. janúar 1995. Krafist er málskostnaðar að mati dómsins.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

II.

Málavextir.

Stefnandi hlaut flugréttindi árið 1971 og réðst árið 1977 til Flugfélags Íslands hf., en síðar til Flugleiða hf. eftir sameiningu félaganna. Stefnandi hefur um árabil átt við áfengisvanda að stríða. Með bréfi, dags. 8. janúar 1990, tilkynnti trúnaðarlæknir Flugmálastjórnar stefnanda, að á fundi trúnaðarlækna 5. janúar 1990 hefði verið ákveðið, að heilbrigðisvottorð hans yrðu ekki endurnýjuð. Ákvörðunin skyldi endurmetin í fyrsta lagi í janúar 1991.

Í bréfi starfsmannastjóra stefnda, dags. 7. mars 1991, kemur fram, að stefnandi hafi hafið störf að nýju hjá stefnda. Í bréfinu segir, að á undan-

förnum árum hafi áfengissýki háð stefnanda í starfi. Hafi hann iðulega fengið áminningar vegna þessa og í tvígang gengist undir áfengismeðferð. Síðan segir orðrétt: „Nú, þegar þú kemur til starfa á ný, treystir félagið því, að þú hafir náð fullum tökum á vandamálinu. Komi annað á daginn, hefur þú fyrirgert starfi þínu hjá félaginu, og verður litið á það sem tafarlausa uppsögn af þinni hálfu."

Með bréfi trúnaðarlæknis Flugmálastjórnar, dags. 27. ágúst 1993, var framkvæmdastjóra Loftferðaeftirlits tilkynnt, að eigi yrði unnt að endurnýja heilbrigðisvottorð stefnanda. Með bréfi, dags. 30. ágúst 1993, tilkynnti starfsmannastjóri stefnda stefnanda, að þar sem áfengisvandamál stefnanda væri enn óleyst og hefði nú valdið því, að hann sé ófær um að gegna starfi sínu, líti félagið svo á, að hann hafi látið af starfi hjá stefnanda. Var stefnandi felldur af launaskrá hjá félaginu frá og með 1. september 1993. Í bréfinu var vísað til fyrra bréfs félagsins frá 7. mars 1991.

Með bréfi, dags. 5. nóvember 1993, tilkynnti framkvæmdastjóri Loftferðaeftirlits stefnanda, að trúnaðarlæknar Flugmálastjórnar hefðu tekið heilbrigðisástand stefnanda til sérstakrar umfjöllunar. Í bréfinu segir síðan: „Þeir telja, að þér uppfyllið ekki hæfisskilyrði reglugerðar um skírteini, út gefin af Flugmálastjórn, telja yður haldinn krónískum alkóhólisma og að um varanlegan hæfisbrest sé að ræða hjá yður samkvæmt ákvæðum nefndrar reglugerðar, sem er nr. 344/1990. Þar af leiðandi sé þeim ókleift að standa að útgáfu heilbrigðisvottorðs yður til handa, og lýsa því yfir, að þeir muni ekki endurnýja það".

Með bréfi, dagsettu 7. desember 1993, óskaði Félag íslenskra atvinnuflugmanna eftir greiðslu á skírteinistryggingu stefnanda í samræmi við grein 08-3 í gildandi kjarasamningi milli félagsins og stefnanda. Kröfu þessari hafnaði stefndi með bréfi, dagsettu 4. janúar 1994.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi kveður ljóst, að stefndi telji, að stefnandi hafi endanlega misst flugréttindi sín og muni ekki fljúga aftur sem starfsmaður stefnda. Í 8. kafla kjarasamnings stéttarfélags stefnanda og stefnda sé ákvæði um tryggingar gagnvart þeim flugliðum, sem missi flugskírteini sín, sbr. gr. 08-3. Þar sé tekið fram, að stefndi skuli tryggja skírteini hvers flugmanns fyrir 6.971.168 kr. og að fjárhæðin skuli miðuð við vísitölu maímánaðar 1991, en taki síðan breytingum eftir því, sem vísitalan breytist. Í 5. mgr. gr. 08-3 séu þessi atriði frekar ítrekuð og staðfest, að tryggingin taki til skírteinismissis vegna veikinda, sem séu að uppruna sálræn (psychotic eða psychoneurotic) o. s. frv.

Óumdeilt sé, að drykkjusýki falli undir hugtök læknisfræðinnar og sé skilgreind sem veikindi, sem m. a. megi rekja til sálrænna ástæðna. Stéttar-

félag stefnanda og stefndi hafi með samningi tekið ótvírætt á þessu atriði í 8. kafla kjarasamningsins. Þá sé það einnig hluti málavaxta, að stefndi hafi keypt sér tryggingu hjá svissneska fyrirtækinu Vita Life Insurance Company Ltd. gegn áföllum, sem hann kynni að verða fyrir vegna samningsákvæðis í gr. 08-3, en veikindi vegna drykkjusýki séu ekki undanskilin í tryggingarskírteini svissneska tryggingafyrirtækisins. Neitun stefnda um greiðslu tryggingarbóta sé því illskiljanleg í ljósi þeirrar staðreyndar. Skýrist þetta atriði betur með samanburði við aðra tryggingu, sem allir flugmenn hafi hjá félaginu IFALPA, svo og samanburði þeim, sem Jón Erlingur Þorlaksson tryggingastærðfræðingur hafi tekið saman fyrir stéttarfélag stefnanda, en bæði þessi gögn séu meðal málsskjala.

Málsástæður stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefndi hafi til að minnka áhættu sína keypt skírteinistryggingu hjá Vita Life Insurance Company Ltd. vegna stefnanda og annarra flugmanna sinna, að fjárhæð 50.000 bandaríkjadali eða sem svari tæpum helmingi tryggingarfjárhæðarinnar vegna skírteinistryggingarinnar í grein 08-3 í kjarasamningi Félags íslenskra atvinnuflugmanna og stefnda. Samkvæmt 3. gr. tryggingarskilmálanna, sem fjalli um inngöngu í trygginguna, sé krafist skýrslu um heilsufar flugmanna, hafi flugmaður verið frá vinnu meira en fimm daga samfellt síðustu þrjá mánuði, áður en trygging hefst, sem hafi verið 1. janúar 1991, eða í þrjá mánuði eða lengur síðustu þrjú árin. Slíkri skýrslu hafi ekki verið skilað vegna stefnanda, en hann hafi verið fjarverandi vegna missis heilbrigðisvottorðs í 13 mánuði 1989-1991. Þá hafi umboðsmaður tryggingafélagsins gert viðvart um, að 8. gr. tryggingarskilmálanna um undantekningar frá greiðsluskyldu kunni að eiga við um kröfu stefnanda.

Stefndi styður sýknukröfu sína því, að skírteinistrygging sú, sem stefndi hafi tryggt flugmönnum með gr. 08-3 í umræddum kjarasamningi, taki ekki til hæfisbrests vegna áfengissýki. Áfengissýki verði ekki jafnað til veikinda samkvæmt kjarasamningi aðila. Þá sé áfengissýki ekki meðal þeirra veikinda, sem tekið sé sérstaklega fram í 4. mgr. sömu greinar, að tryggingin taki að fullu til. Í því sambandi skipti engu máli, af hvaða orsökum sjúkdómurinn kunni að stafa. Áfengissýki teljist almennt ekki til sjúkdóms í skilningi kjarasamninga. Því hefði þurft að taka það fram berum orðum, ef annað ætti að gilda um skírteinistrygginguna. Þar breyti engu, þótt áfengissýki kunni í læknisfræðilegum skilningi að teljast veikindi. Stefndi hafi aldrei skuldbundið sig til að tryggja stefnanda bætur vegna skírteinismissis sökum áfengissýki. Að auki sé ósannað, að áfengissýki stefnanda sé sálræn að uppruna.

Samkvæmt gr. 08-3 í kjarasamningnum taki stefndi að sér að tryggja skírteini flugmanna með þeim skilmálum, sem þar séu tilgreindir. Stefndi hafi einungis ábyrgst þá tryggingu, sem þar sé kveðið á um. Réttur stefnanda ráðist þannig eingöngu af kjarasamningi aðila. Það hafi síðan verið stefnda að ákveða, hvort sú trygging yrði á eigin áhættu eða hvort hann keypti tryggingu til að minnka áhættu sína. Trygging sú, sem stefndi hafi keypt sér vegna umsaminnar tryggingarupphæðar eða hluta hennar, veiti stefnanda því engan frekari rétt.

Enda þótt áfengissýki sé ekki berum orðum undanþegin í tryggingarskilmálum Vita Life, liggi ekkert fyrir um, að tryggingin taki til skírteinismissis af þeim völdum. Af hálfu umboðsmanns tryggingafyrirtækisins hafi þvert á móti verið bent á, að undanþáguákvæði tryggingarskilmálanna kunni að eiga við. Þá geti einnig verið áhöld um gildi tryggingarinnar vegna missis heilbrigðisvottorðs stefnanda árið 1989.

Þá sé einnig byggt á því af hálfu stefnda, að stefnandi hafi þegar látið af störfum hjá félaginu og ráðningu hans verið slitið, þegar ákvörðun Flugmálastjórnar um réttindamissi var tekin.

Stefndi kveðst ítreka vegna þeirrar staðhæfingar stefnanda, að stefndi hafi litið svo á, að fjarvistir stefnanda á árunum 1989 til 1991 væru vegna veikinda, að stefndi hafi aldrei skuldbundið sig til að líta á forföll og vanhæfi sökum drykkjusýki sem veikindi. Það skapi stefnanda engan rétt, þótt stefndi hafi áður greitt honum veikindalaun umfram skyldu.

Fyrir dómi gáfu vitnaskýrslur Kristján Egilsson flugstjóri og Valur Ásgeirsson, forstöðumaður fjárreiðudeildar stefnda.

III.

Niðurstaða.

Stefnandi var flugmaður og starfaði sem slíkur í ein 20 ár, síðast hjá stefnda, þegar honum var sagt upp störfum. Óumdeilt er í málinu, að stefnandi missti flugskírteini sitt vegna áfengissýki.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á hendur stefnda á ákvæði kjarasamnings Félags íslenskra atvinnuflugmanna og stefnda frá 14. júní 1992. Samkvæmt gr. 08-3 í samningnum tryggir stefndi skírteini hvers flugmanns á sinn kostnað. Í 5. mgr. sömu greinar segir, að tryggingin taki „að fullu til veikinda, sem eru að uppruna sálræn (psychotic eða psychoneurotic) eða af flogaveiki spunnin, með sama hætti og til annarra veikinda". Byggir stefnandi á því, að áfengissýki falli undir þessi hugtök læknisfræðinnar, og sé hún skilgreind sem veikindi í þessu samhengi.

Kristján Egilsson, formaður stéttarfélags flugmanna, kom fyrir dóminn

sem vitni, en hann hefur tekið þátt í samningsgerð um kjaramál flugmanna allt frá árinu 1974. Vitnið kvaðst hafa komið að samningamálefnum flugmanna allt frá árinu 1967. Vegna eðlis flugmannsstarfsins hafi flugmönnum verið mjög í mun að tryggja starfsréttindi sín. Því hafi verið fenginn tryggingafræðingur til að fara í gegnum öll þessi mál. Vitnið kvaðst hafa komið að kjarasamningunum, sem gerðir hafi verið árið 1974, þar sem umrædd skírteinistrygging hafi verið tekin upp. Innan raða flugmanna hafi áfengissýki verið rædd, þegar ákvæði um sálræn veikindi hafi borið á góma í þessu sambandi. Taldi vitnið, að samningsaðilar á þeim tíma hefðu verið með áfengissýki í huga, þá er ákvæðið var tekið upp. Vitnið kvaðst þess fullvisst, að um það hefði verið rætt innan raða flugmanna, að áfengissýki væri meðal þeirra sálrænu veikinda, sem skírteinistryggingin tæki til, en gat ekki fullyrt, hvort þetta hefði komið til umræðu milli samningsaðila. Á þeim tíma hefði hins vegar ekki verið rætt jafnopinskátt um áfengissýki og nú sé gert, og því hefði ekki verið við hæfi að mati vitnisins að setja orðið áfengissýki inn í samninginn. Vitnið kvað kjarasamningsatriði þetta hafa staðið óbreytt í síðari kjarasamningum flugmanna.

Vitnið Valur Ásgeirsson upplýsti, að stefndi hefði keypt tryggingu hjá erlendum aðila að hálfu leyti vegna þeirrar áhættu, sem félagið hefði tekið með skírteinistryggingu flugmanna, en félagið sé með sjálfsáhættu að hálfu. Sé þannig staðið að greiðslu tryggingar þessarar, að stefndi greiði viðkomandi flugmanni tryggingabætur og sæki síðan helming þeirra til tryggingafélagsins. Stefndi hafi aldrei greitt tryggingabætur vegna áfengissýki.

Í dómi Hæstaréttar frá árinu 1984, bls. 439, kemur fram, að enda þótt drykkjusýki kunni að teljast sjúkdómur í læknisfræðilegum skilningi, hafi fjarvistir manna frá vinnu vegna áfengisneyslu eða drykkjuhneigðar lengst af verið virtar að lögum á annan veg en fjarvistir vegna veikinda eða slysa.

Eftir því, sem fram hefur komið í málinu, svo sem með framburði Kristjáns Egilssonar, var um það rætt meðal samningamanna flugmanna við gerð kjarasamningsins árið 1974, að áfengissýki væri meðal þeirra sálrænu veikinda, sem skírteinistryggingin tæki til, og taldi vitnið, að báðir samningsaðilar hefðu verið með áfengissýki í huga, þá er umrætt ákvæði var tekið upp í samninginn. Af hálfu stefnda er þessum skilningi neitað.

Hið umdeilda ákvæði kjarasamnings aðila, sem stefnandi miðar við í máli þessu, hefur staðið óbreytt, frá því að það var fyrst tekið upp í samninginn árið 1974. Ákvæðinu hefur því ekki verið breytt á þann veg, að tryggt væri, að áfengissýki félli þar undir, þrátt fyrir opnari umræðu um eðli áfengissýki. Það hefði hins vegar verið eðlilegt í ljósi vilja flugmanna til að tryggja réttindi sín sem best, þ. á m. vilja þeirra til, að áfengissýki félli undir þau sál-

rænu veikindi, sem tryggð væru með umræddri skírteinistryggingu. Þá hefði það einnig verið eðlilegt með tilliti til niðurstöðu áðurnefnds dóms Hæstaréttar. Það er því álit dómsins, að taka hefði þurft á þessu atriði sérstaklega í kjarasamningi. Það hefur hins vegar ekki verið gert. Gegn neitun stefnda telst því ósannað, að um þetta atriði hafi verið samið í kjarasamningi árið 1974 eða síðar. Telst áfengissýki því ekki falla undir veikindahugtak kjarasamnings stéttarfélags stefnanda og stefnda.

Stefnandi reisir kröfugerð sína gagngert á umræddum kjarasamningi. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir, að hvor aðila um sig beri sinn hluta málskostnaðar.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Flugleiðir hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Páls B. Kristjánssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 2. maí 1997.

Nr. 349/1996. **Eiríkur Sigfússon**
(Jón Kr. Sólnes hrl.)
gegn
Páli Alfreðssyni
(Benedikt Ólafsson hdl.)

Verksamningur. Dráttarvextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. september 1996. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í héraðsdómi, innti stefndi af hendi verk við smíði fjögurra sumarhúsa í landi Pétursborgar í Glæsibæjarhreppi. Voru tvö þeirra eign áfrýjanda sjálfs, en hin í eigu dóttur hans og tengdasonar. Stefndi vann fyrst við húsin í mars 1994. Fyrir Hæstarétti deila málsaðilar einungis um kröfu stefnda fyrir verk, sem unnið var á tímabilinu frá 8. apríl til 4. maí 1994. Nemur reikningur stefnda fyrir það 659.362 krónum.

Í framburði málsaðila fyrir héraðsdómi kemur fram, að stefndi tók verk þetta að sér að beiðni áfrýjanda. Hins vegar staðhæfir áfrýjandi, að hann hafi beðið stefnda um verkið fyrir hönd seljanda húsanna, hlutafélagsins Borgarfells. Gegn andmælum stefnda hefur áfrýjandi ekki leitt í ljós, að hann hafi komið fram gagnvart stefnda sem umboðsmaður Borgarfells hf.

Fyrir héraðsdómi kvað áfrýjandi stefnda ekki hafa rætt við fyrirsvarsmenn Borgarfells hf., áður en hann hóf vinnu við húsin. Er það staðfest af framkvæmdastjóra hlutafélagsins, en hann kvaðst ekki hafa samið við stefnda um „þessa hluti". Er fallist á með héraðsdómi, að ekki verði séð, að fyrirsvarsmenn Borgarfells hf. hafi átt þátt í þeim viðskiptum áfrýjanda og stefnda, sem um ræðir í málinu. Eftir framansögðu þykir sannað, að samningur hafi stofnast með

málsaðilum um, að stefndi ynni verkið í apríl og maí 1994 fyrir reikning áfrýjanda.

Áfrýjandi andmælir því sérstaklega, að sér sé skylt að greiða dráttarvexti frá 10. júní 1994. Með framburði hans fyrir héraðsdómi verður að telja sannað, að stefndi hafi krafið hann um greiðslu fyrir umdeilt verk eigi síðar en 7. júní 1994. Er áfrýjanda því skylt að greiða stefnda dráttarvexti frá 7. júlí 1994, en þá var liðinn mánuður, frá því að greiðslu var krafist, sbr. 3. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Með þessum athugasemdum og með skírskotun til röksemda héraðsdóms um mótbárur áfrýjanda við fjárhæð reikningskröfu stefnda, verður dómurinn staðfestur um annað en upphafstíma dráttarvaxta.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Eiríkur Sigfússon, greiði stefnda, Páli Alfreðssyni, 659.362 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 7. júlí 1994.

Áfrýjandi greiði stefnda 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 24. júlí 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., hefur Páll Alfreðsson byggingarmeistari, kt. 150845-2039, Klettageröi 5, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, birtri 28. september 1995, á hendur Eiríki Sigfússyni, kt. 170641-3539, Sílastöðum, Glæsibæjarhreppi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi greiði skuld samkvæmt gjaldföllnum reikningum, samtals að fjárhæð 914.214 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, af 254.852 kr. frá 1. maí 1994 til 10. júní sama árs, en af 914.214 kr. frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar, 237.196 kr.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að sér verði dæmdar 223.766 kr. í málskostnað.

Yfirlit um atvik að baki máli og ágreiningsefni.

Aðdraganda máls þessa má rekja til fjögurra kaupsamninga, sem gerðir voru milli Borgarfells hf. annars vegar og hins vegar stefnda, Helga Jóhannssonar, og Kristínar S. Eiríksdóttur. Þrír þessara samninga, þ. e. tveir samningar Borgarfells hf. við stefnda auk eins samnings Borgarfells hf. við Helga Jóhannsson, voru gerðir að Sílastöðum 19. apríl 1993, sbr. dskj. nr. 10-12. Fjórði samningurinn, þ. e. samningur Borgarfells hf. við Kristínu S. Eiríksdóttur, var gerður 25. mars 1994, sbr. dskj. nr. 13.

Samkvæmt samningum þessum tókst Borgarfell hf. á hendur gagnvart gagnaðilum sínum að reisa einingahús í landi Pétursborgar í Glæsibæjarhreppi og fullbúa húsin, eins og nánar var greint í samningunum.

Ætlunin var sú að nota einingahúsin sem sumarhús og selja gestum aðgang að þeim, og voru fyrstu gestirnir væntanlegir í lok mars 1994.

Undir lok marsmánaðar 1994 kom stefnandi, sem er trésmíðameistari, fyrst að gerð einingahúsanna og vann ásamt starfsmönnum sínum sem og öðrum iðnaðarmönnum við frágang þeirra og gerð í því skyni, að smíði þeirra yrði lokið, þegar fyrstu gestir væru væntanlegir. Þá eru aðilar sammála um það, að stefnandi vann í framhaldi að frágangi húsanna að einhverju leyti.

Með aðilum er ágreiningur í málinu um það, hvort stefnandi hafi unnið við einingahúsin fyrir reikning stefnda gegn greiðsluábyrgð stefnda eða verið undirverktaki Borgarfells hf.

Stefnandi skýrði svo frá fyrir dómi, að helgina 19. - 20. mars 1994 hefði það orðið úr milli stefnanda og stefnda, að stefnandi kæmi ásamt mönnum sínum og aðstoðaði við uppbyggingu þriggja sumarhúsa, sem risu í Pétursborgarlandi. Mikið hefði legið við, því að fyrstu gestir í sumarhúsin voru væntanlegir fimmtudaginn næstkomandi. Borgarfell hf. hefði unnið verkið, en verið í vandræðum með að ljúka því, m. a. vegna þess, að starfsmenn hefðu gengið frá verki vegna tregðu félagsins við greiðslu vinnulauna. Stefnandi telur Gunnar Frímannsson rafvirkja, Ólaf Svanlaugsson, Ofnasmiðjuna Ona hf. og fleiri hafa hætt störfum um einhvern tíma vegna vanefnda Borgarfells hf. Stefnanda hafi verið kunnugt um þessa greiðsluerfiðleika Borgarfells hf., og því gerði hann stefnda grein fyrir því, að hann myndi ekki vinna verkið fyrir það félag. Stefnandi hefði því litið svo á, að stefndi hefði í reynd tekið við verkinu og séð um greiðslur vegna þess.

Stefndi hefði svo við lok verks beðið stefnanda að stíla reikninga á Borgarfell hf., vegna þess að stefndi héldi eftir fé vegna vanefnda Borgarfells hf. og hygðist nota þessa reikninga til að skuldajafna. Stefnandi hefði gert þau mistök að fara að ráðum stefnda, enda taldi stefnandi, að hann gæti treyst stefnda, sem er mágur hans. Stefnandi hefði því sent tvo reikninga, sbr.

dskj. nr. 3 og 4, til Borgarfells hf., og væru þeir báðir enn ógreiddir. Stefnandi líti svo á, að Borgarfell hf. skuldi sér ekki greinda reikninga, en forráðamenn félagsins báðu hann ekki að inna umrædda vinnu af hendi. Stefndi hefði svo skömmu síðar beðið stefnanda að lagfæra frágang húsanna frá því, sem hann hefði verið, þegar Borgarfell hf. skilaði húsunum af sér. Sem fyrr hefði stefndi ekki getið þess, að verkið væri unnið fyrir Borgarfell hf., en ekki hefði komið til þess, að reikningar væru stílaðir á félagið. Þegar stefnandi hefði borið vinnuseðla vegna þessarar vinnu undir stefnda, hefði stefndi svarað með þjósti, að reikningarnir kæmu sér ekki við, en Borgarfell hf. ætti að greiða þá. Þetta hefði verið í fyrsta skipti, sem stefnandi heyrði af því, að Borgarfell hf. skyldi greiða sér, og gilti það jafnt um fyrra verkið sem hið síðara.

Stefnanda hefði verið kunnugt um, að samningur Borgarfells hf. og stefnda fæli það í sér, að Borgarfell hf. skilaði stefnanda fullbúnum húsum. Þá hefði stefnanda verið kunnugt um, að eitt húsanna hefði verið í eigu tengdasonar stefnda, Helga Jóhannssonar, og annað verið í eigu dóttur stefnda, Kristínar S. Eiríksdóttur. Stefnanda hefði verið með öllu ókunnugt um, hverjar kröfur Borgarfell hf. átti útistandandi á stefnda, er stefndi gæti nýtt sem greiðslu til verktaka við verkið. Stefnanda hefði einnig verið ókunnugt um, hver frágangur húsanna átti að vera við skil húsanna, en ætlar þó, að skila hafi átt húsunum fullfrágengnum, þó að hann kunni ekki að greina frá því nánar. Stefnandi neitar með öllu að hafa ætlað að taka sumarhús upp í skuldir Borgarfells hf. við stefnanda.

Stefndi kom fyrir dóminn og bar, að stefnandi hefði talið það fráleitt, að unnt væri að ljúka við húsin á nauðsynlegum tíma. Stefndi hefði því spurt Daníel Þorsteinsson, forráðamann Borgarfells hf., hvort bæta mætti við mönnum, og Daníel hefði samþykkt það. Stefndi hefði gert stefnanda ljóst, að verkið væri unnið í nafni Borgarfells hf., og bent honum á að semja við Borgarfellsmenn um, að greiðslur stefnda til Borgarfells hf. yrðu látnar ganga beint til stefnanda fyrir þá vinnu, sem hann myndi inna af hendi. Stefndi hugðist láta greiðslur fyrir hús dóttur sinnar, Kristínar, renna til þessara þarfa, ef af yrði, en nóg var til að skuldajafna með á þessum tíma. Hinn 10. maí 1994 hefði stefnandi óskað greiðslu af stefnda, en stefndi hefði ráðlagt stefnanda að afla samþykkis Borgarfells hf. fyrir greiðslu stefnda til stefnanda. Stefndi neitar því, að stefnandi hafi framvísað við sig einhverjum vinnunótum. Þá hafnar stefndi því, að stefnandi hafi gert stefnda ljóst, að verkið væri unnið á reikning stefnda. Kvaðst stefndi ekki kannast við reikninga stefnanda og telur þá of háa og að hluta til vegna vinnu á Dalvík. Borgarfell hf. hefði innheimt stíft greiðslur vegna húsanna, eftir því sem

verkið vannst, en endanlegt uppgjör hefði þó ekki farið fram fyrr en miklu síðar, en stefndi áætlar, að út af hafi staðið u. þ. b. 250.000 kr.

Stefndi hefði haft þennan hátt á í uppgjöri sínu við Framtak Ona hf., sem hann hafði lagt til við stefnanda, þ. e., að stefndi greiddi beint gegn framvísun yfirlýsingar frá Borgarfelli hf. Í tilfelli Framtaks Ona hf. hefði stefndi þó talið skriflega yfirlýsingu frá Framtaki Ona hf. nægja.

Stefndi kveður framkvæmdir hafa verið tvenns konar, þ. e. innan og utan húsanna. Stefndi kvaðst, þegar innri framkvæmdum var lokið, hafa beðið Borgarfell hf. um að fá stefnanda til að ljúka líka vinnu við húsin að utan, en ýmislegt annað hefði þarfnast lagfæringar. Á það hefði Borgarfell fallist.

Fyrir dómi bar vitnið Daníel Þorsteinsson, kt. 160655-3219, Hléskógum, Egilsstöðum, en hann var forsvarsmaður Borgarfells hf. á þeim tíma, sem hér um ræðir, að dráttur hefði orðið á verkinu og hann því heimilað, að nýr undirverktaki, stefnandi, tæki að sér að ljúka verkinu fyrir Borgarfell hf. Það hefði verið skilningur sinn, að stefnandi gæti fengið hjá sér heimild til þess að taka við greiðslum frá stefnda, sem ætlunin væri, að rynnu til Borgarfells hf. Til þess hefði þó þurft að leggja fram reikninga til samþykktar eða synjunar, en slíkt hefði ekki verið gert. Hann hefði aldrei fengið nema fyrstu reikningana og þeir ekki verið samþykktir. Hann hefði þó látið nægja að fá samþykki stefnda fyrir reikningum. Stefndi hefði þó tjáð sér, að reikningarnir væru allt of háir. Þá hefði stefndi við uppgjör spurt sig sérstaklega, hvort stefnandi hefði ekki óskað eftir því, að stefndi annaðist uppgjör við stefnanda. Hefði hann sagt það öðru nær, því að stefnandi hefði framvísað reikningum fyrir vinnuna með því fororði, að ekkert lægi á að greiða, enda stóð til, að stefnandi fengi sumarhús sem greiðslu.

Fyrir dóminn kom vitnið Guðbjörn Garðarsson, framkvæmdastjóri Framtaks Ona hf., pípulagningarþjónustu, kt. 160462-7799, Grænugötu 10, Akureyri, og skýrði svo frá, að hann hefði neitað að vinna að smíði hússanna án tryggingar. Borgarfell hf. hefði svo framvísað greiðslu, sem stefndi átti að greiða fyrir húsin, til Framtaks Ona hf., og hefði hann litið á það sem tryggingu. Í reynd hefði verið um að ræða munnlega yfirlýsingu frá Þórhalli nokkrum hjá Borgarfelli hf. um, að þennan hátt skyldi hafa á. Hann hefði því lagt fram reikning, stílaðan á Borgarfell hf., til stefnda, sem hefði gert upp við Framtak Ona hf. Sér hefði ekki verið ljóst, hver hefði átt að samþykkja reikninginn. Stefndi hefði minnst á, að reikningurinn væri hár, en engar sérstakar athugasemdir gert. Þá hefði það verið skilyrði greiðslu, að Framtak Ona hf. gæfi sérstaka yfirlýsingu um, að þennan hátt greiðslu skyldi hafa á, og að samþykki Borgarfellsmanna hefði verið fengið við þessum greiðsluhætti. Hefði stefndi neitað greiðslu, hefði Framtak Ona hf. þurft að snúa sér að Borgarfelli hf.

Fyrir dóminn kom vitnið Gunnar Frímannsson, kt. 250149-4099, Arnarsíðu 12 a, Akureyri. Dró hann til baka yfirlýsingu sína, sem liggur frammi sem dómskjal nr. 19. Samkvæmt þeirri yfirlýsingu hafði hann heyrt stefnda tala við stefnanda í hófi, sem stefndi hélt, rétt áður en fyrstu gestir stefnda komu til dvalar í húsunum. Hefði hann heyrt á tali þeirra stefnda brýna fyrir stefnanda nauðsyn þess, að reikningar væru stílaðir á Borgarfell hf. og að stefndi myndi ábyrgjast greiðslu þeirra. Ástæðu þess, að yfirlýsing þessi var gefin, hefði verið sú, að hann misminnti eða misskildi, hvernig málum hefði verið háttað. Samræðurnar hefðu hins vegar verið með þeim hætti, að stefndi héldi eftir peningum til greiðslu reikninga frá stefnanda. Hann hefði hins vegar ekki heyrt stefnda biðja stefnanda um að stíla reikninga á Borgarfell hf. Hann hefði ekki heldur heyrt stefnda gefa neins konar ábyrgðarloforð. Hann líti svo á, að samkomulag hefði verið um það, að haldið yrði eftir peningum til þess að tryggja greiðslu til iðnaðarmanna, sem unnu við verkið. Þá hefði Borgarfell hf. gert upp við sig samkvæmt verksamningi sínum við Borgarfell hf. á að giska hálfum mánuði eftir, að gerð húsanna lauk.

Helstu málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi pantað af sér það vinnuframlag, sem stefnandi lagði til við frágang og gerð húsanna, og verkið unnið á hans reikning. Málið sé þannig byggt á reikningum sínum nr. 231, 229 og 0072, sbr. dskj. nr. 3 - 5.

Stefndi hafi hins vegar æskt þess, að reikningar vegna þessa yrðu stílaðir á Borgarfell, en stefnanda hefði litist illa á það, þar sem sér var kunnug slæm staða félagsins. Hefði stefnandi því gefið út reikninga nr. 231 og 229 á hendur Borgarfelli hf. með því skilyrði, að stefndi bæri ábyrgð á greiðslu reikninganna eftir sem áður. Stefndi hefði talið þetta vandalaust, þar sem hann héldi eftir eftirstöðvum greiðslna til Borgarfells hf. fyrir húsin og myndi því sjá sjálfur um greiðslu reikninganna, ef þeir yrðu ekki strax greiddir af Borgarfelli hf.

Stefndi hefði fljótlega beðið stefnanda að vinna frekar að frágangi húsanna og breytingum á þeim. Hefði stefnandi og menn hans unnið við þetta 8. apríl 1994 til 5. maí s. á. Að loknu verki, þ. e. 10. maí, hefði stefnandi framvísað vinnuseðlum vegna verksins, en ekki fengið greitt (sbr. síðar gerðan reikning nr. 0072, sbr. dskj. nr. 5). Auk þess hefði stefnandi tjáð stefnda, að fyrri reikningar, sem stílaðir voru á Borgarfell, hefðu verið ógreiddir. Heldur stefnandi því fram, að stefndi beri greiðsluábyrgð á reikningunum, sem stílaðir voru á Borgarfell, en beina greiðsluskyldu á þriðja reikningnum. Stefnandi hefði ekki átt nein samskipti við Borgarfell hf. vegna verksins og stefnda verið ljóst, að það var unnið fyrir hans reikn-

ing. Þá hefði fjárhæð reikninganna aldrei verið tölulega mótmælt né gæði verksins vefengd.

Um lagarök vísar stefnandi einkum til almennra reglna kröfuréttar og ákvæða laga um lausafjárkaup nr. 39/1922.

Helstu málsástæður stefnda og lagarök.

Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi vitað frá upphafi, að hann tók að sér verkið í heild sinni fyrir Borgarfell hf. og að mönnum, sem unnið höfðu fyrir Borgarfell hf., hafði gengið illa að fá greiðslur fyrir vinnu sína. Því hefði verið um það samið, að stefnandi framvísaði reikningum til stefnda eins fljótt og kostur væri ásamt yfirlýsingu frá Borgarfelli hf., þar sem félagið samþykkti, að stefndi yfirfæri og greiddi reikningana. Þær greiðslur stefnda rynnu þá upp í kaup Kristínar S. Eiríksdóttur, dóttur stefnda, á fjórða sumarhúsinu, sem Borgarfell hf. hafði þá þegar reist í landi Pétursborgar. Þá hefðu stefnandi og Borgarfell hf. átt í náinni samvinnu á þeim tíma, sem stefnandi vann við sumarhús stefnda og fjölskyldu hans í landi Pétursborgar.

Stefnandi hafi aldrei framvísað reikningum hjá stefnda vegna vinnu sinnar í þágu Borgarfells hf. né yfirlýsingu félagsins um heimild stefnda til að greiða stefnanda. Þá hafi stefnandi gefið út yfirlýsingu þess efnis, að hann ætti engar kröfur á stefnda, en hygðist ljúka uppgjöri vegna vinnu við sumarhúsin með móttöku sumarhúss frá Borgarfelli hf. Daníel Þorsteinsson, forráðamaður Borgarfells hf., hafi tjáð stefnda, að stefnandi hygðist hafa þennan hátt á, en ekki annan, við uppgjör skuldarinnar. Stefndi hafi haft samband við stefnanda, og hafi hann staðfest þessa yfirlýsingu Daníels. Þá sé kona stefnda rekstraraðili húsanna, og því komi ekki til greina, að verkið sé unnið fyrir reikning stefnda.

Um lagarök vísar stefndi einkum til almennra reglna kröfuréttarins.

Álit dómsins.

Af vitnaskýrslum verður ráðið, að stefndi hafði að miklu leyti umsjón með smíði þeirra sumarhúsa, sem varða mál þetta. Miða verður við, að stefndi hafi haft eftirlit fyrir hönd Borgarfells hf. með framkvæmdum og vald til að samþykkja reikninga fyrir hönd félagsins.

Þá verður að gera ráð fyrir því, að hægt hafi miðað vegna fjárhagsörðugleika aðalverktakans við verkið, Borgarfells hf., en menn á hans vegum höfðu m. a. um tíma gengið af vinnustað vegna greiðsludráttar. Eins verður að miða við, að stefndi hafi í því skyni að tryggja atbeina þeirra, sem Borgarfell hf. réð til verksins, haft milligöngu um, að Borgarfell hf. afsalaði viðkomandi undirverktökum greiðslum sínum til félagsins. Af þessu verður

ráðið, að þáttur stefnda í uppbyggingu sumarhúsanna varð sífellt umfangsmeiri.

Þrátt fyrir þessar ráðstafanir stefnda liggur ljóst fyrir, að helgina 19. - 20. mars 1994, örfáum dögum áður en von var á fyrstu gestum í sumarhúsin, var útséð um, að framkvæmdum yrði lokið á tilsettum tíma. Það er einmitt þá, sem úr verður milli stefnanda og stefnda, að stefnandi komi ásamt fleirum og aðstoði við smíði húsanna. Að þessum skiptum stefnanda og stefnda verður ekki séð, að forsvarsmenn Borgarfells hf. hafi komið með beinum hætti.

Með vísan til þessara aðstæðna verður að ætla, að stefnandi, sem var kunnugt um erfiðleika Borgarfells hf., hafi ekki ætlað sér að vinna sem undirverktaki Borgarfells hf., heldur fyrir reikning stefnda. Einnig verður að telja, að sívaxandi hlutdeild stefnda í framkvæmdunum, bæði að því er varðar fjármálahlið þeirra sem og eftirlit, hafi gefið stefnanda ástæðu til að ætla, að þessi trú hans væri rétt. Þó er til þess að líta, að stefndi stílaði tvo reikninga á Borgarfell hf., og þykir stefnandi því ekki gegn eindregnum andmælum stefnda eiga rétt til greiðslu þeirra, þar sem ekki er fullljóst um tildrög þess, að reikningarnir voru stílaðir á félagið. Þar með þykir stefnandi samkvæmt þriðja reikningnum eiga rétt til greiðslu á 659.362 kr. Stefndi hefur mótmælt þeim reikningi sem of háum, en með vísan til meginreglu 5. gr. kaupalaga nr. 39/1922 þykir ekki nægjanlega sannað af hálfu stefnda, að svo sé.

Það athugast, að í máli þessu er því ekki haldið fram af hálfu stefnanda, að honum hafi verið framseldar greiðslur stefnda til Borgarfells hf. til tryggingar greiðslu á fyrstu tveimur reikningunum.

Með þessari niðurstöðu þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, Eiríkur Sigfússon, greiði stefnanda, Páli Alfreðssyni, 659.362 kr. með dráttarvöxtum frá 10. júní 1994 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 2. maí 1997.

Nr. 54/1997. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Jóni Erlendssyni
(Kristján Stefánsson hrl.)

Líkamsárás. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. janúar 1997 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun. Ákærði áfrýjaði til endurskoðunar héraðsdóms samkvæmt a-, b-, c- og d-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Krefst ákærði þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur sæti ómerkingu og málinu verði vísað heim, til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins, en til þrautavara, að refsing verði milduð.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar á sakfellingu, en jafnframt þyngingar á refsingu.

Hinn 3. apríl 1997 var að tilhlutan verjanda tekin skýrsla af einu vitni, sem hafði ekki áður komið fyrir héraðsdóm vegna máls þessa eða verið yfirheyrt af lögreglu. Var endurrit úr þingbók Héraðsdóms Reykjavíkur með framburði vitnisins lagt fyrir Hæstarétt.

Krafa ákærða um ómerkingu héraðsdóms er engum haldbærum rökum studd, og verður hún því ekki tekin til greina.

Ákærði kvaðst í skýrslu fyrir lögreglu 22. janúar 1996 hafa slegið með vinstri hendi aftur fyrir sig, og „lenti höggið í Þórhalli". Ákærði sagðist ekki kannast við að hafa „skallað Þórhall í framan". Fyrir dómi 13. nóvember 1996 kannaðist ákærði ekki við að hafa „stangað" Þórhall, en sagðist hafa slæmt hendinni aftur fyrir sig í átt til hans, og muni höndin hafa komið í hann. Hafi hún getað lent á munni hans. Með vísun til þessa framburðar ákærða og vitna, sem greind eru í héraðsdómi, telst sannað, að ákærði hafi veitt nefndum Þórhalli þann áverka, sem í ákæru greinir. Ummæli í lögreglu-

skýrslu, sem gerð var þegar eftir atburðinn aðfaranótt 10. desember 1995, þess efnis, að framtönn, sem Þórhallur kvartaði um dofa í, hafi virst heil, hagga ekki þeirri niðurstöðu, að gervifram tönn í efri gómi hans hafi brotnað af völdum ákærða.

Áverkanum er nánar lýst í héraðsdómi, og styðst sú lýsing við vottorð tannlæknis og framburð hans, eins og nánar er rakið í dóminum. Telja verður, að brot ákærða varði við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Svo sem greinir í héraðsdómi, var árás ákærða á Þórhall í tengslum við ýfingar, sem urðu á milli þeirra. Þegar litið er til þess og 3. mgr. 218. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1981, þykir refsing ákærða hæfilega metin í héraðsdómi.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður niðurstaða hans staðfest.

Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. nóvember 1996.

Ár 1996, þriðjudaginn 19. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 808/1996: Ákæruvaldið gegn Jóni Erlendssyni, sem tekið var til dóms 13. s. m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 8. október sl., á hendur ákærða, Jóni Erlendssyni, kt. 250953-437, Bræðratungu 6, Kópavogi, „fyrir líkamsárás með því að hafa um klukkan 2.00 aðfaranótt sunnudagsins 10. desember 1995 á veitingahúsinu Kaffi Reykjavík á mótum Vesturgötu og Hafnarstrætis í Reykjavík, stangað Þórhall Björnsson, kt. 061253-491, í andlitið með höfði sínu með þeim afleiðingum, að framtönn í efri gómi Þórhalls brotnaði og tapaðist.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar".

Málavextir.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Reykjavík var beðið um, að lögreglumenn yrðu sendir í veitingastofuna Kaffi Reykjavík við Vesturgötu vegna líkamsárásar kl. 2.07 aðfaranótt sunnudagsins 10. desember 1995. Var þar fyrir Þórhallur Björnsson, kt. 061253-491, sem kærði það, að maður, sem hann þekkti frá gamalli tíð og var þarna staddur, ákærði í málinu, hefði stangað sig í andlitið að tilefnislausu. Segir í skýrslunni, að Þórhallur hafi verið með sprungna vör og kvartað um, að framtönn í efri gómi væri dofin. Tönnin hafi þó virst heil. Þórhalli hafi svo verið ekið á slysadeild. Í skýrslunni segir enn fremur, að ekki hafi verið kunnugt um vitni að þessum atburði. Fram hefur komið, að fjölmenni var á veitingastofunni, þegar þetta gerðist. Samkvæmt vottorði Leifs Jónssonar, læknis þar, mun Þórhallur hafa komið á deildina kl. 2.44, en ekki viljað una því að þurfa að sæta forgangsröðun og farið án þess að vera skoðaður. Í málinu er hins vegar vottorð Egils R. Guðjohnsen tannlæknis, dagsett 29. febrúar sl. Segir þar, að Þórhallur hafi fengið „högg á framtennur í efri og neðri góm með þeim afleiðingum, að +1 brotnaði og tapaðist. Það þurfti því að smíða brú". Þá má ráða af vottorðinu, að aðrar framtennur hafi losnað, en óvíst sé, hvernig þeim reiði af. Ekki kemur fram í vottorðinu, hvenær Þórhallur leitaði til tannlæknisins með þessi meiðsli.

Ákærði neitar sök og kannast ekki við að hafa stangað Þórhall Björnsson, eins og segir í ákæru. Hann segist þekkja Þórhall frá fornu fari. Hann kveðst hafa setið við borð, þegar Þórhallur hafi komið þar aðvífandi og rifið í eyrað á sér. Hafi hann þá slæmt hendinni aftur fyrir sig í áttina til Þórhalls, og muni höndin hafa komið í hann. Hafi hún getað lent á munni hans. Hann kveðst svo hafa staðið upp og snúið sér að Þórhalli og þeir eitthvað stimpast. Dyraverðir hafi svo komið og fjarlægt Þórhall. Um það bil klukkutíma síðar hafi þeir kallað á sig fram í eldhús, og hafi Þórhallur verið þar og lögreglumaður að nafni Geir Jón. Hafi þar komið fram hjá mönnum, að ákærði hefði veitt Þórhalli einhverja áverka, en ekkert hafi þó séð á honum.

Þórhallur Björnsson segist hafa komið á Kaffi Reykjavík um hálfeittleytið þessa nótt og verið þá vel þéttur, enda verið að koma frá „jólahlaðborði". Innarlega í veitingastofunni hafi ákærði setið við borð ásamt fleirum, og kveðst hann hafa kastað kveðju á ákærða án þess að fara að borðinu og síðan haldið áfram för sinni og staðnæmst við barendann. Vitnið segir engin orðaskipti hafa farið á milli þeirra, en ákærði hafi staðið upp og komið til sín. Hafi hann búist við, að ákærði ætlaði að heilsa sér, en í stað

þess hafi hann skallað sig á munninn, svo að sprakk fyrir og stíftönn losnaði úr efri gómi. Hafi tannrótin undir stíftönninni þríbrotnað. Þórhallur segist hafa farið strax næsta mánudag til Egils Guðjohnsen, sem sé tannlæknir sinn til margra ára. Hafi Egill verið þarna á veitingastaðnum um nóttina og telur, að þeir hafi hist þar. Þeir hafi þó ekki verið þarna saman.

Egill Guðjohnsen tannlæknir hefur komið fyrir dóm í málinu. Segist hann hafa verið staddur á Kaffi Reykjavík umrætt sinn og verið á leið út. Hafi hann þá séð í svip, hvar Þórhallur stóð við barenda í húsinu. Hafi hann svo séð, að maður skallaði Þórhall og Þórhallur greip fyrir munn sér og gekk svo í burtu. Kveðst hann þá hafa misst sjónar á honum. Hann segist fyrst aðeins hafa séð Þórhall og ekki séð árásarmanninn, fyrr en hann stangaði Þórhall. Þórhallur hafi hringt í sig daginn eftir og sagst vera tannbrotinn. Hefði hann spurt sig, hvort hann hefði séð árásina, og vitnið sagt svo vera. Hann segist hins vegar ekki hafa sett þetta í samhengi við það, sem hann sá til Þórhalls og mannsins, enda hefði hann ekki talið þetta vera neitt högg, þegar hann sá þetta gerast.

Vitnið segir tönn þá, sem brotnaði úr Þórhalli, vera stíftönn og að þær séu miklu viðkvæmari fyrir höggum en heilar tennur. Vitnið segir, að stíftennur séu þeirrar gerðar, að borað sé upp í dauða tannrót og settur pinni í, og postulínskróna sé svo um hinn enda pinnans.

Vitnið Ámundi Sigmundsson kveðst hafa setið við borð með ákærða. Segir hann, að hann hafi séð, hvar maður stóð fyrir aftan ákærða. Hann hafi séð ákærða slæma hendinni aftur fyrir sig, en sér þyki ólíklegt, að höggið hafi lent á manninum. Skyndilega hafi ákærði sprottið á fætur og snúið sér að manninum og þeir gripið hvor í brjóst annars. Hafi einhverjar stimpingar hafist með þeim og leikurinn borist aðeins frá borðinu. Kveðst hann þá hafa gengið til þeirra og náð ákærða frá manninum. Hann hafi engin högg séð fara á milli þeirra og enga áverka séð á hinum manninum. Hann telur sig hafa séð öll átökin. Hafi ekkert skyggt á og hann snúið að þeim allan tímann. Ekki hafi hann séð ákærða skalla manninn og telur, að hann hefði séð það, hefði svo verið. Hann kveðst ekki drekka áfengi og því verið allsgáður.

Vitnið Hreinn Hjartarson kveðst hafa verið að vinna við dyravörslu á Kaffi Reykjavík umrætt sinn. Hann hafi verið á eftirlitsferð um veitingastofuna og þá séð tvo menn í átökum og haldið hvor í annan. Mennirnir hafi eitthvað verið að munnhöggvast, og þegar hann kom nær þeim, hefði hann séð, að annar þeirra var blóðugur um munninn.

Vitnið Margrét Guðjónsdóttir segist hafa setið við borð með ákærða, þegar maður hafi komið þar aðvífandi og kippt í eyrað á honum. Hann hafi

þá eins og slæmt hendinni aftur fyrir sig. Segist hún vera viss um, að höndin hafi ekki náð að lenda í andliti mannsins, og ekki hafi hún séð áverka á honum eftir þetta. Ákærði hafi staðið upp og þeir tekið hvor í annan og stimpast. Hún kveðst ekki hafa séð nein högg fara á milli þeirra og ekki séð, að ákærði skallaði hinn manninn, en hún hafi fylgst með átökunum til enda. Dyraverðir hafi svo komið þarna að, og eitthvað hafi verið rætt um þetta. Segist hún hafa álitið þetta svo smávægilegt, að hún hafi ekkert skipt sér af þessu.

Ákærða og Þórhalli ber saman um, að með þeim hafi verið fáleikar allt frá kynnum þeirra í skóla.

Niðurstaða.

Mjög mikið ber á milli í frásögnum manna af atburðinum. Þórhallur Björnsson hefur eindregið borið, að ákærði hafi stangað sig í andlitið, og nýtur sú frásögn hans stuðnings af vætti Egils Guðjohnsen. Þá er þess að geta, að ákærða og þremur vitnum ber saman um það, að þeir Þórhallur hafi verið í átökum. Loks er þess að geta, að Þórhalli og vitninu Hreini, sem telja verður óvilhallan sjónarvott, ber saman um það, að Þórhallur var meiddur í munni eftir átökin. Þegar einnig er litið til vættis Egils Guðjohnsen tannlæknis um áverkann, telur dómurinn það vera sannað, að ákærði hafi veitt Þórhalli þann áverka, sem lýst er í ákæru, með því að stanga hann í andlitið, og telst hann hafa brotið gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Telja verður, að árás ákærða á Þórhall hafi ekki verið gerð upp úr þurru, heldur standi hún í sambandi við ýfingar þeirra á milli.

Meðal málsgagnanna er bótakrafa Leifs Árnasonar hdl. f. h. Þórhalls Björnssonar. Kröfu þessarar er ekki getið í ákæru, og kemur hún því ekki til álita í málinu.

Refsing, sakarkostnaður.

Sakaferill ákærða hefur ekki þýðingu fyrir málið. Þykir refsing hans vera hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga. Rétt þykir að fresta framkvæmd refsingarinnar og ákveða, að hún falli niður að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, en verjandi ákærða hefur afsalað sér rétti til málsvarnarlauna.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Erlendsson, sæti varðhaldi í 20 daga. Frestað er framkvæmd refsingarinnar, og fellur hún niður að liðnum 2 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur.

Föstudaginn 2. maí 1997.

Nr. 334/1996. **Þorleifur Geirsson**
(Guðjón Ármann Jónsson hdl.)
gegn
þrotabúi Gamms hf.
(Jóhann H. Níelsson hrl.)
og gagnsök

Samningur. Tómlæti. Sönnun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. september 1996. Hann krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 1.503.893 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af nánar tilgreindum fjárhæðum frá 1. október 1993 til greiðsludags að frádreginni innborgun, að fjárhæð 105.000 krónur, sem aðaláfrýjandi miðar við, að hafi verið innt af hendi 1. nóvember 1993. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Honum var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti 16. september 1996.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði fyrir sitt leyti með stefnu 25. október 1996. Hann krefst staðfestingar héraðsdóms að öðru leyti en um málskostnað, sem hann krefst úr hendi aðaláfrýjanda á báðum dómstigum.

Af hálfu gagnáfrýjanda er á því byggt, að þrátt fyrir ákvæði um þriggja ára gildistíma í svokölluðum starfssamningi við aðaláfrýjanda 7. september 1993 hafi hann látið af störfum í lok þess árs. Hann hafi starfað sem verktaki og fengið greitt árið 1993 fyrir þá óreglulegu vinnu, sem hann lagði af mörkum. Gagnstætt þessu heldur aðaláfrýjandi því fram, að hann hafi starfað allt fram í maí 1994, þegar honum var sagt upp störfum, og ekki fengið greidd laun umfram þá innborgun árið 1993, sem greinir í kröfugerð hans. Hann krefst í málinu vangoldinna launa fyrir þetta tímabil, launa í uppsagnarfresti og tiltekna aðra liði, sem nánar greinir í héraðsdómi.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að aðaláfrýjandi hafi

nokkuð gert til að halda fram kröfunni, sem hann gerir í málinu, fyrr en með innheimtubréfi 26. apríl 1995. Framburður vitna, sem aðaláfrýjandi leiddi fyrir héraðsdómi, var ekki afdráttarlaus um lengd starfstíma hans eða vinnuframlag. Ekki nýtur við frekari gagna til styrktar því, sem aðaláfrýjandi heldur fram í þeim efnum. Þegar alls þessa er gætt, verður ekki fallist á, að aðaláfrýjanda hafi tekist að hnekkja framangreindri staðhæfingu gagnáfrýjanda. Verður því staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu gagnáfrýjanda af kröfum aðaláfrýjanda.

Eftir atvikum er rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti. Um gjafsóknarkostnað aðaláfrýjanda fer eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda, Þorleifs Geirssonar, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, 125.000 krónur.

Sératkvæði
Gunnlaugs Claessen

Aðaláfrýjandi reisir kröfur sínar í málinu á samningi milli sín og Óðins hf., flugfélags, sem dagsettur er 7. september 1993. Ber hann yfirskriftina starfssamningur. Er í upphafi hans tekið fram, að félagið geri með honum starfssamning við aðaláfrýjanda. Er starfssvið hans skilgreint sem almenn vinna og viðhaldsvinna á eignum félagsins á Íslandi og Grænlandi. Skyldi samningurinn vera til þriggja ára og taka gildi 20. september 1993. Fram kemur, að föst umsamin laun séu 100.000 krónur á mánuði, en að auki greiði félagið verkfærastyrk eftir samkomulagi. Samninginn undirritaði fyrir hönd félagsins Jón Helgason, framkvæmdastjóri þess, en hann hafði jafnframt prókúruumboð og átti sæti í stjórn félagsins. Telur aðaláfrýjandi, að um vinnusamning hafi verið að ræða, en ekki verksamning. Sé það í samræmi við fyrra samningssamband sitt við félagið á árunum 1991–1992, þegar hann starfaði þar óumdeilt sem launþegi.

Gagnáfrýjandi hefur gefið þá skýringu á gerð samningsins, að aðaláfrýjandi hafi sagst þurfa að sýna fram á, að hann væri í vinnu, vegna umsóknar sinnar um lán í banka. Þessari skýringu hefur aðaláfrýjandi mótmælt, og hefur hún enga stoð í málinu. Fallast ber á, að með þessu hafi verið stofnað til vinnusamnings með aðaláfrýjanda og nefndu félagi. Einhliða aðgerðir félagsins eftir það til að túlka hann sem verksamning fá þessu ekki breytt, enda er ljóst, að aðaláfrýjandi samþykkti ekki slíka breytingu á samningssambandi þeirra. Þannig taldi hann greiðslur frá félaginu árið 1993 fram til skatts sem vinnulaun 1994, en ekki sem verktakagreiðslur, þótt félagið hafi á launamiða skýrt greiðslur til hans með þeim hætti.

Óumdeilt er, að aðaláfrýjandi starfaði í þágu vinnuveitanda síns fram í desember 1993, þótt sú vinna hafi ekki verið samfelld vegna verkefnaskorts. Slík hlé á störfum telur aðaláfrýjandi hafa verið á áhættu vinnuveitanda og ekki geta skert rétt sinn til launa samkvæmt samningnum. Framburður tveggja fyrrum samstarfsmanna aðaláfrýjanda hjá félaginu rennir einnig stoðum undir staðhæfingu hans um, að hann hafi áfram verið þar við störf fram eftir vetri 1994. Framburður þeirra er þó ekki afdráttarlaus um, hvenær störfum hans lauk endanlega.

Af hálfu gagnáfrýjanda er á því byggt, að forráðamaður Óðins hf., flugfélags, hafi munnlega samið við aðaláfrýjanda um, að hann hætti störfum í desember 1993, og hann hafi engin störf innt af hendi í þágu félagsins eftir það. Gegn mótmælum aðaláfrýjanda teljast þær staðhæfingar ósannaðar, en óhjákvæmilegt er, eins og málið liggur fyrir, að meta þann sönnunarskort gagnáfrýjanda í óhag.

Aðaláfrýjandi beindi ekki formlegri kröfu vegna ógreiddra launa að félaginu fyrr en með bréfi lögmanns hans 26. apríl 1995. Fyrir dómi kvaðst hann hafa margsinnis krafið forráðamenn félagsins um efndir, meðan hann var enn við störf, en þeir jafnan borið við fjárskorti. Eru ekki efni til að taka til greina þá málsástæðu gagnáfrýjanda, að aðaláfrýjandi hafi með tómlæti glatað rétti til að krefjast launa samkvæmt vinnusamningnum, enda hefur ekki verið sýnt fram á, að forráðamenn félagsins hafi haft réttmæta ástæðu til að treysta, að slík krafa yrði ekki gerð, hvorki vegna aðgerðaleysis aðaláfrýjanda né annarra atvika.

Samkvæmt framansögðu tel ég, að taka eigi til greina kröfu aðaláfrýjanda um greiðslu launa samkvæmt samningnum og laun í uppsagnarfresti. Ég tel jafnframt, að dæma eigi gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Með því að meiri hluti dómenda hefur komist að annarri niðurstöðu, verður ekki tekin afstaða til fjárhæðar kröfu aðaláfrýjanda eða málskostnaðar.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 4. júní 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. maí sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Þorleifi Geirssyni, kt. 311052-2729, Bauganesi 42, Reykjavík, á hendur Óðni hf., flugfélagi, kt. 700889-1309, Reykjavíkurflugvelli, með stefnu, birtri 24. maí 1995.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 1.503.893 krónur, með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 [...], allt að frádreginni innborgun, að fjárhæð 105.000 kr., 1. 11. 1993. Auk þess krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda [...].

Dómkröfur varnaraðila, þrotabús Gamms hf. (áður Óðinn hf., flugfélag), sem tók við aðild að málinu skv. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 91/1991 af stefnda við upphaf aðalmeðferðar, eru aðallega að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði stórlækkaðar. Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefnandi verði dæmdur til að greiða varnaraðila málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti að mati dómsins.

I.

Stefnandi tíundar málsástæður og málsatvik á þann veg, að hann og stefndi hafi 7. september 1993 gert með sér starfssamning. Með samningnum hafi stefnandi verið ráðinn til starfa hjá stefnda frá og með 20. september 1993, og skyldi hann starfa að almennri vinnu og viðhaldsvinnu á eignum stefnda bæði á Íslandi og Grænlandi. Mánaðarlaun hafi verið ákveðin 100.000 krónur, en verkfærastyrk vegna nota stefnanda á eigin verkfærum og aðstöðu við vinnu sína skyldi greiða skv. samkomulagi. Starfssamningurinn hafi verið tímabundinn, og skyldi hann gilda þrjú ár.

Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi ekki greitt sér nein laun skv. þessum samningi nema 80.000 krónur í lok október 1993 og 25.000 krónur í nóvember 1993, og þegar hann hafi verið búinn að starfa hjá stefnda fram í maí 1994, hafi Jytte Th. Marcer Jónsson, þáverandi framkvæmdastjóri stefnda, óskað eftir því, að hann hætti störfum þá strax, þar sem ekki væru næg verkefni hjá stefnda til að hafa hann í vinnu. Stefnandi kveðst hafa orðið við þessari ósk framkvæmdastjórans og hætt störfum hjá stefnda.

Stefnandi telur sig eiga ótvíræðan rétt til launa fyrir það tímabil, sem hann vann hjá stefnda. Hann telur sig einnig eiga kröfu á launum í þrjá mánuði eftir uppsögn sem bætur fyrir það rask og þá óvissu, sem hin óvænta uppsögn hafi valdið honum. Launakrafa hans nemi því samtals 1.133.000 krónum.

Til viðbótar telur stefnandi sig eiga rétt á greiðslu svonefnds verkfæragjalds, 15.000 krónur á mánuði, sama tíma og launin séu miðuð við, samtals 170.000 krónur. Þá krefst stefnandi, að varnaraðili greiði sér lögbundna hlutdeild vinnuveitanda í iðgjald til lífeyrissjóðs (6% launa), samtals 67.980 krónur, og greiðslu, sem vinnuveitanda beri að greiða í sjúkra- og orlofssjóð skv. kjarasamningi á almennum markaði (1,25% launa), samtals 14.163 krónur. Stefnandi kveðst enn fremur eiga hjá varnaraðila ógreitt orlof fyrir þann tíma, sem hann starfaði hjá honum. Stefnandi krefst orlofs, sem miðist við tuttugu og tvo áunna orlofsdaga, samtals 118.750 krónur.

Um lagarök vísar stefnandi til þeirra meginreglna samningaréttar, að samninga skuli efna. Þá vísar hann til laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda og laga nr. 30/1987 um orlof. Kröfu um dráttarvexti kveðst stefnandi reisa á III. kafla laga nr. 25/1987, en kröfu um málskostnað á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 og kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað á lögum nr. 50/1988.

II.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að stefnandi hafi tekið til starfa hjá stefnda sem verktaki 1. október 1993 og unnið með hléum hjá honum þar til um miðjan desember 1993, en þá hafi orðið að samkomulagi, að stefnandi hætti störfum, m. a. vegna verkefnaskorts. Jafnframt því, að stefnandi hafi hætt störfum hjá stefnda með fullu samkomulagi, er því haldið fram af hálfu varnaraðila, að aðilar hafi verið á eitt sáttir um, að stefnandi hefði fengið að fullu greitt fyrir störf sín hjá stefnda og hvorugur ætti kröfu á hinn vegna starfsloka stefnanda hjá stefnda.

Af hálfu varnaraðila er staðhæft, að stefnandi hafi ekki haft uppi neinar kröfur um ógreidd laun á hendur honum fyrr en með bréfi lögmanns stefnanda 26. apríl 1995. Þá er staðhæft, að starfssamningur á dskj. nr. 3 sé þannig til kominn, að stefnandi hafi verið að sækja um lánafyrirgreiðslu í banka og af þeim sökum þurft að sýna fram á, að hann væri í vinnu. Jón Helgason, sem þá hafi setið í stjórn stefnda, hafi þá að beiðni stefnanda undirritað þennan svokallaða starfssamning. Þá segir, að Jón Helgason hafi enga heimild haft til að binda stefnda með þessum hætti.

Varakrafa varnaraðila er í fyrsta lagi á því reist, að stefnandi hafi starfað annars staðar en hjá stefnda frá því í janúar 1994 og til 1. september 1994; í

öðru lagi hafi stefnandi fyrirgert rétti til skaðabóta vegna ætlaðrar ólögmætrar brottvikningar úr starfi fyrir tómlæti; í þriðja lagi sé stefnandi ekki réttur aðili að kröfum vegna 6% iðgjalds vinnuveitanda til lífeyrissjóðs eða 1,25% af launum í sjúkra- og orlofssjóð. Þá mótmælir varnaraðili því, að samið hafi verið um greiðslu verkfærastyrks, enda hafi stefnandi unnið með verkfærum frá stefnda. Sérstaklega er mótmælt dráttarvaxtakröfu stefnanda, en af hálfu varnaraðila er talið, að kröfur stefnanda beri vexti skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 til dómsuppsögu, en þá fyrst gætu dráttarvextir komið til álita. Varnaraðili reisir málskostnaðarkröfu á XXI. kafla laga nr. 91/1991.

III.

Niðurstaða.

Stefnandi kom fyrir réttinn. Kvaðst hann hafa reynt að innheimta vangreidd laun sín hjá stefnda sjálfur, þegar Helgi Jónsson og Jytte Th. Marcer Jónsson, stjórnarmenn stefnda, sögðu honum upp starfi í maí 1994. Hann kvaðst hafa haldið að sér höndum síðan við að innheimta launin, þar sem hann hefði óttast, að hann myndi tapa bjarndýrsskinni, sem var í verkun í Danmörku, ef hann beitti sér við innheimtuna, en strax og skinnið var komið í sínar hendur, þ. e. skömmu áður en lögmaður hans sendi innheimtubréfið, dags. 26. apríl 1995 (dskj. nr. 4), hefði hann gert kröfu. Helgi Jónsson og Jytte Th. Marcer Jónsson báru á hinn bóginn fyrir réttinum, að stefnandi hefði aldrei ámálgað við þau, að hann ætti vangreidd laun hjá stefnda eftir að hann hætti störfum hjá stefnda (í desember 1993 að þeirra sögn), þau hefðu fyrst orðið þess áskynja, að hann teldi sig eiga slíka kröfu, með bréfi lögmanns stefnanda 26. apríl 1995.

Gegn andmælum varnaraðila hefur stefnandi ekki sýnt fram á, að hann hafi gert reka að því að innheimta umdeild laun, sem hann telur, að vanhöld hafi verið á, að hann fengi greidd, frá 1. október 1993, sbr. stefnukröfu um dráttarvexti, fyrr en með bréfi, dags. 26. apríl 1995. Verður að telja þetta slíkt tómlæti, að sýkna beri varnaraðila af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum er rétt, að hvor aðila um sig beri sinn kostnað af málinu.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Varnaraðili, þrotabú Gamms hf. (áður Óðinn hf., flugfélag), er sýkn af kröfum stefnanda, Þorleifs Geirssonar. Málskostnaður er ekki dæmdur.

Föstudaginn 2. maí 1997.

Nr. 336/1996. **Þormóður Jónsson og**
Birgir Bieltvedt
(Sigurður Sigurjónsson hrl.)
gegn
Hildi ehf.
(Valgeir Kristinsson hrl.)

Víxilmál. Varnir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. september 1996. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda, en til vara, að kröfur hans verði lækkaðar. Þeir krefjast enn fremur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti, og beinir hann málskostnaðarkröfu sinni jafnframt að lögmanni þeirra fyrir Hæstarétti, Sigurði Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni. Er þess sérstaklega krafist, að þeim verði gert að greiða álag á málskostnað vegna tilefnislausrar áfrýjunar málsins. Þá er þess einnig krafist, að lögmaður áfrýjenda verði víttur fyrir nánar tiltekin ummæli í greinargerð til Hæstaréttar um lögmann stefnda.

I.

Allir dómþolar í héraði skutu málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, en meðal þeirra var Uxi ehf. Samkvæmt gögnum, sem lögð voru fyrir Hæstarétt, var bú félagsins tekið til gjaldþrotaskipta 4. desember 1996 og skiptum í því lokið 14. mars 1997. Tók þrotabúið ekki við aðild málsins fyrir Hæstarétti, og féll hún þar með niður.

II.

Með bréfum 2. janúar 1997 kærðu áfrýjendur einn forsvarsmann stefnda og lögmann stefnda til Rannsóknarlögreglu ríkisins fyrir

auðgunarbrot eða tilraun til þeirra. Kæruefnið varðar efndir samninga málsaðila um útihátíð við Kirkjubæjarklaustur í byrjun ágúst 1995 og meðferð stefnda í kjölfar þeirra viðskipta á víxlum þeim, sem áfrýjendur eru krafðir um greiðslu á í máli þessu. Hafa áfrýjendur lagt nokkur ný gögn fyrir Hæstarétt, sem tengjast þessu. Meðal þeirra eru skýrslur nokkurra manna, sem gefnar eru fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins á tímabilinu 23.–28. apríl 1997.

Þau atriði, sem áfrýjendur leitast við að leiða í ljós með hinum nýju gögnum, varða þá varnarástæðu þeirra, að víxlar þeir, sem mál þetta snýst um, séu í raun greiddir. Halda áfrýjendur því fram, að stefndi eigi í raun enga kröfu á hendur þeim, en því mótmælir stefndi. Varnir áfrýjenda lúta þannig að lögskiptum málsaðila að baki víxlum þeim, sem um ræðir í málinu. Gegn andmælum stefnda fá varnir, sem á þessu eru reistar, ekki komist að í málinu, sbr. 118. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

III.

Fyrir Hæstarétti var lýst yfir því af hálfu áfrýjenda, að þeir reistu varnir sínar ekki lengur á þeirri ástæðu, að umræddir víxlar hefðu ekki verið sýndir réttilega til greiðslu. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur. Verður áfrýjendum jafnframt gert að greiða málskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Lögmaður áfrýjenda hefur lagt fyrir Hæstarétt yfirlýsingu, sem hann las við munnlegan flutning málsins, þar sem hann biðst afsökunar á þeim ummælum, sem stefndi krefst, að hann verði víttur fyrir. Að því virtu þykir ekki næg ástæða til að verða við þessari kröfu stefnda.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjendur, Þormóður Jónsson og Birgir Bieltvedt, greiði óskipt stefnda, Hildi ehf., 350.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 13. júní 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 3. júní sl., er höfðað með stefnu, birtri 2. og 3. apríl sl.

Stefnandi er Hildir ehf., kt. 680795-2749, Skriðuvöllum 11, Kirkjubæjarklaustri.

Stefndu eru Uxi ehf., kt. 630395-2759, Þormóður Jónsson, kt. 270261-5239, Hrísrima 34, og Birgir Bieltvedt, kt. 151267-5219, Miðleiti 8, allir í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir óskipt til að greiða sér 2.500.000 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 6. mars 1996 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar.

Stefndu krefjast aðallega sýknu og málskostnaðar. Til vara er þess krafist, að stefndu Þormóður og Birgir verði sýknaðir, og til þrautavara, að þeir verði einungis dæmdir til greiðslu 1.250.000 kr. Í varakröfunum er einnig krafist málskostnaðar.

Málavextir.

Stefnandi kveður kröfu sína vera samkvæmt tveimur víxlum, hvorum að fjárhæð 1.250.000 kr., út gefnum af stefnda Þormóði 4. ágúst 1995 og framseldum af honum án afsagnar. Víxlarnir eru samþykktir af stefnda Uxa ehf. með gjalddaga við sýningu og ábektir af stefnda Birgi. Víxlarnir hafi verið settir í innheimtu á vistunarstað í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, sýndir þar til greiðslu og afsagðir af lögbókanda sökum greiðslufalls 6. mars 1996.

Stefnandi rekur málið samkvæmt ákvæðum 17. kafla einkamálalaga og ákvæðum víxillaga nr. 93/1933.

Stefndu halda því fram, að víxlarnir séu greiddir. Þeir hafi verið afhentir til tryggingar greiðslum, er séu greiddar.

Þá er því haldið fram, að í gögnum frá stefnanda sé gjalddagi víxlanna sagður vera 29. febrúar 1996, en í stefnu sé hann tilgreindur 6. mars 1996. Þá hafi afsögn ekki farið fram þann dag kl. 17.00, þar sem þá sé afgreiðsla sparisjóðsins lokuð. „Hvort sem víxlar eru með árituninni „án afsagnar" eða ekki, ber að sýna þá réttilega á greiðslustað. Það hefur ekki verið gert, og er víxilréttur á hendur útgefanda og ábekingi niður fallinn, sbr. 53., 46. og 91.–93. gr. víxillaga."

Enn fremur er því haldið fram, að afsagnargerðinni varðandi annan víxilinn sé áfátt að því leyti, að ósamræmi sé á milli endurrits afsagnargerðarinnar og víxilsins. Víxillinn sé samþykktur af Uxa ehf., en afsagnargerðin tilgreinir Uxa hf. sem samþykkjanda.

Niðurstaða.

Kröfur stefnanda í málinu byggjast á tveimur víxlum, og er hvor þeirra að fjárhæð 1.250.000 kr. Þeir eru gefnir út 4. ágúst 1995, en gjalddagi er ekki tilgreindur. Á báða er letrað „án afsagnar". Á báðum víxlunum er áritun

lögbókanda um, að hann hafi afsagt þá 6. mars 1996 kl. 17.00, og samkvæmt viðfestu vottorði voru víxlarnir afsagðir í afgreiðslu sparisjóðsins, sem var greiðslustaður þeirra samkvæmt áletrun á þá.

Útgefandi víxlanna, samþykkjandi og ábekingur eru stefndu, eins og lýst var hér að framan.

Stefnandi hefur lagt víxlana fram í málinu, og bera þeir ekki með sér að vera greiddir. Verður þeirri málsástæðu stefndu því hafnað.

Eins og að framan var rakið, voru víxlarnir sýndir til greiðslu 6. mars sl. á þeim tíma dagsins, sem tilskilinn er, sbr. 1. mgr. 91. gr. víxillaga, og innan tilskilins frests, sbr. 1. mgr. 34. gr. sömu laga. Þá þykir það engu skipta, að í afsagnarvottorði sýslumanns um annan víxilinn er samþykkjandi tilgreindur Uxi hf. í stað Uxa ehf., enda ekki annað komið fram en hér sé um sömu lögpersónuna að ræða.

Samkvæmt framansögðu verða stefnukröfurnar teknar til greina og stefndu dæmdir óskipt til að greiða þær með vöxtum, eins og segir í dómsorði, og 250.000 kr. í málskostnað.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, Uxi ehf., Þormóður Jónsson og Birgir Bieltvedt, greiði óskipt stefnanda, Hildi ehf., 2.500.000 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 6. mars 1996 til greiðsludags og 250.000 kr. í málskostnað.

Þriðjudaginn 6. maí 1997.

Nr. 178/1997. **Félag íslenskra flugumferðarstjóra**
(Gestur Jónsson hrl.)
gegn
íslenska ríkinu
(Jón G. Tómasson hrl.)

Kærumál. Félagsdómur. Frávísunarúrskurður staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur með kæru 15. apríl 1997, sem barst Hæstarétti 22. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir Félagsdóm að dæma málið að efni til. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður Félagsdóms verði staðfestur og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Hinn kærði úrskurður er á því byggður, að málatilbúnaður sóknaraðila fullnægi ekki skilyrðum e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Með skírskotun til forsendna úrskurðarins verður hann því staðfestur.

Sóknaraðili skal greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Félag íslenskra flugumferðarstjóra, skal greiða varnaraðila, íslenska ríkinu, 25.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Félagsdóms 8. apríl 1997.

Málið úrskurða Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Sveinn Sveinsson og Guðmundur Skaftason.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 2. þessa mánaðar, var þingfest 26. febrúar sl.

Stefnandi er Félag íslenskra flugumferðarstjóra, kt. 560372-0199, Grensásvegi 16, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra f. h. ríkisins.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að flugumferðarstjórar verði felldir niður af skrá skv. auglýsingu nr. 68/1995, sem birt var á grundvelli 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins, þ. m. t. hækkunar virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda eru aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, til vara, að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt mati réttarins.

Stefnandi krefst þess, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið.

Málavextir.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að samkvæmt auglýsingu, sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda 27. janúar 1995, nr. 68/1995, hafi allir flugumferðarstjórar, bæði þeir, sem starfa hjá Flugmálastjórn og hjá Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli, verið tilgreindir á skrá fjármálaráðherra um þá, sem njóta ekki verkfallsréttar vegna starfa sinna við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í auglýsingunni voru störf flugumferðarstjóra tiltekin með eftirgreindum hætti:

„Stofnun	Starf:
Utanríkisráðuneyti.	
Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	Flugumferðarstjórar, allir
Samgönguráðuneyti.	
Flugmálastjórn	Flugumferðarstjórar“

Félag íslenskra flugumferðarstjóra mótmælti skráningu ráðherra á flugumferðarstjórum á framangreindan lista og skaut ágreiningi vegna listans til Félagsdóms. Með dómi 25. september 1995 hafnaði Félagsdómur kröfu stefnanda um ógildingu skráningar flugumferðarstjóra á þeim grunni, að samráðs hefði ekki verið gætt við endurútgáfu listans, þar sem dómurinn hefði áður komist að því í máli nr. 3/1987, að félagsmenn stefnanda féllu fullkomlega undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þá sagði m. a. í niðurstöðum dómsins frá 25. september: „Ekki teljast efni til að líta svo á, að undanþágulistarnir feli í sér víðtækari undanþágur en áður hafði verið ákveðið í ofangreindum dómi Félagsdóms frá 1987, þ. e. þeir, „sem starfa sem flugumferðarstjórar“.

Stefnandi hefur ekki lagt fram upplýsingar um það, hvaða félagsmenn stefnanda eða hve stór hluti félagsmanna vinna ekki að flugumferðarstjórn, enda þótt það sé ekki hlutverk Félagsdóms að gera skrár skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986.

Þegar til þess er litið, að Félagsdómur hefur þegar dæmt, að störf flugumferðarstjóra, sem starfa sem flugumferðarstjórar, séu þess eðlis, að þau falli fullkomlega undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, verður að telja, að stefnandi hafi sönnunarbyrði fyrir því, að aðstæður hafi breyst verulega, frá því að sá dómur var upp kveðinn. Það hefur stefnandi ekki gert, og ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda."

Í sama mánuði og dómur þessi féll, sögðu allir flugumferðarstjórar starfi sínu lausu, 82 að tölu. Í framhaldi uppsagna þeirra, sem taka áttu gildi næstu áramót á eftir, var undirbúin viðbúnaðaráætlun af hálfu Flugmálastjórnar og Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli, þar sem gert var ráð fyrir því, að einungis hluti flugumferðarstjóra sinnti flugumferðarþjónustu hér á landi. Þá beitti samgönguráðherra heimild sinni í 15. gr. eldri starfsmannalaga nr. 38/1954 og framlengdi uppsagnarfrest 32 flugumferðarstjóra, sem áttu að vinna að neyðaráætluninni, en uppsagnarfrestur annarra var áfram óbreyttur.

Að sögn stefnanda gefa ummæli í fjölmiðlum á þessum tíma vísbendingu um, að flugöryggi hafi ekki verið stefnt í voða, þrátt fyrir það að einungis hluti flugumferðarstjóra hafi átt að vera áfram við störf. Í dagblöðunum Tímanum og DV hafi komið fram, að tilgangur framlengingar uppsagnarfrests hluta flugumferðarstjóranna hafi verið sá að halda uppi nauðsynlegri flugumferðarþjónustu, tryggja flugöryggi ásamt því að hefja þjálfun nýrra starfsmanna.

Frávísunarkrafa stefnda er hér til úrlausnar.

Af hálfu stefnda er frávísunarkrafan rökstudd með því, að með dómi Félagsdóms frá 22. maí 1987 í málinu nr. 3/1987 hafi verið kveðið upp úr um það, að störf flugumferðarstjóra væru þess eðlis, að þau féllu algerlega undir 3. tölulið 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Að gengnum þeim dómi hafi verið birtar skrár samkvæmt 2. mgr. 19. gr., sbr. auglýsingar nr. 41/1988, 53/1990, 31/1991 og 27/1992. Hafi allir flugumferðarstjórar verið taldir falla undir ákvæði 3. töluliðar 1. mgr. 19. gr. laganna.

Stefndi telur, að með dómi Félagsdóms 25. september 1995 í máli nr. 3/1995 hafi þegar verið dæmt um það ágreiningsatriði aðila málsins, hvort flugumferðarstjórar væru með auglýstri skrá nr. 68/1995 réttilega taldir falla undir ákvæði 3. töluliðar 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Ekki hafi verið birt

ný skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr., heldur hafi skráin frá 1995 framlengst sjálfkrafa og sé í gildi nú. Lokamálsliður 2. mgr. 19. gr. kveði á um, að ágreiningur um breytingar á skrá skuli lagður fyrir Félagsdóm, sem skeri úr honum til fullnustu. Engar breytingar hafi verið gerðar á skránni. Félagsdómur hafi skorið úr um það, að störf flugumferðarstjóra, eins og þau eru tilgreind í auglýstri skrá nr. 68/1995, séu þess eðlis, að þau falli algerlega undir 3. tölulið 1. mgr. 19. gr. Stefndi telur, að þar sem þegar hafi verið dæmt um sakarefnið og raunar sömu kröfu og stefnandi geri nú á hendur stefnda, verði að vísa málinu frá Félagsdómi samkvæmt 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Við munnlegan málflutning um frávísunarkröfuna var því haldið fram, að dæmt hefði verið, að allir flugumferðarstjórar væru við störf, sem séu þess eðlis að falla undir 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Félagsdómur eigi aðeins að fjalla um breytingar á skrám.

Mótmæli stefnanda við frávísunarkröfu stefnda.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að viðbúnaðaráætlun Flugmálastjórnar vegna fjöldauppsagna flugumferðarstjóra beri með sér það mat flugmálayfirvalda, að einungis þurfi 32 flugumferðarstjóra af 82 til þess að halda uppi flugumferðarþjónustu og tryggja flugöryggi. Á hinn bóginn komi það einnig margoft fram í viðtölum við forsvarsmenn flugmála, að hagkvæmni flugstjórnarinnar minnki við fækkun flugumferðarstjóra. Stefnandi telur, að skilyrði laga um nauðsynlegustu öryggisgæslu sé alls ekki fullnægt, þótt hagkvæmni flugumferðarstjórnar minnki, meðan á kjaradeilu stendur. Fram hafi komið, að brottfall 50 af 82 flugumferðarstjórum stefni flugöryggi ekki í voða. Stefnandi telur, að flugumferðarstjórar séu ekki með réttu á lista fjármálaráðherra og með athöfnum sínum og yfirlýsingum hafi flugmálayfirvöld viðurkennt þann skilning stefnanda.

Af hálfu stefnanda var því haldið fram, að málið snerist um það, hvort meginreglan um verkfallsrétt opinberra starfsmanna ætti við um flugumferðarstjóra eða ekki. Ef fallist yrði á skoðun stefnda, ætti stefnandi þess aldrei nokkurn kost að hreyfa andmælum við skrám samkvæmt 19. gr. laga nr. 94/1986, svo framarlega sem stefndi haldi skrá óbreyttri, þ. e., að allir flugumferðarstjórar skuli vera undanþegnir verkfallsrétti.

Af hálfu stefnanda var vakin athygli á því, sem fram kemur á bls. 10 í endurriti dóms Félagsdóms í máli nr. 3/1995, að árlega hafi stefnandi átt rétt á að bera fram andmæli við framlengdri skrá, og skipti ekki máli í því sambandi, að stefnandi hafi ekki hreyft andmælum við auglýsingum fyrri ára.

Í þessu máli sé málsástæðan sú, að sannað sé, að það mat, að 83 flugum-

ferðarstjórar séu nauðsynlegir, hafi breyst eða að það sé rangt. Fram lögð gögn sýni, að Flugumferðarstjórn telji nægjanlegt, að 32 flugumferðarstjórar séu við störf, til þess að öryggis sé gætt.

Árið 1995 hafi stefnandi ekki getað byggt á því, að Flugumferðarstjórn teldi 32 flugumferðarstjóra nægjanlega.

Niðurstaða.

Dómkrafa stefnanda er sú, að flugumferðarstjórar verði felldir niður af skrá samkvæmt auglýsingu nr. 68/1995, sem birt var á grundvelli 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Í dómi Félagsdóms í máli fjármálaráðherra gegn Félagi íslenskra flugumferðarstjóra 22. maí 1987 var litið svo á, að störf þeirra félagsmanna stefnanda, sem störfuðu sem flugumferðarstjórar, væru þess eðlis, að þau féllu algerlega undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. áðurgreindra laga og félagsmönnum stefnda því óheimilt að gera verkfall. Var þar boðað verkfall því dæmt ólögmætt.

Stefnandi máls þessa höfðaði mál fyrir Félagsdómi með stefnu, út gefinni 28. febrúar 1995, með sömu aðalkröfu efnislega og fyrir liggur í þessu máli. Með dómi réttarins 25. september 1995 var henni hafnað. Var talið, að líta yrði svo á, að undanþágulistarnir fælu ekki í sér víðtækari undanþágur en áður hafði verið ákveðið í ofangreindum dómi Félagsdóms frá 1987. Stefnandi hefði ekki heldur lagt fram upplýsingar um það, hvaða félagsmenn hans eða hve stór hluti félagsmanna hans ynni ekki við flugumferðarstjórn.

Í máli þessu vísar stefnandi til fréttaflutnings um viðbúnaðaráætlun Flugmálastjórnar vegna fjöldauppsagna flugumferðarstjóra og telur það hafa verið mat flugmálayfirvalda, að einungis þurfi 32 flugumferðarstjóra af 82 til þess að halda uppi flugumferðarþjónustu og tryggja flugöryggi. Í fram lagðri frétt Ríkisútvarpsins frá 19. desember 1995 er haft eftir flugmálastjóra, að flugumferðarstjórum á vakt í Keflavík og Reykjavík á annatímum myndi fækka um 19, úr 78 í 59, þegar uppsagnir 50 flugumferðarstjóra tækju gildi um áramótin. Á sama dómskjali kemur fram, að forseti IFATCA, Preben Lauridse, „efast mjög um, að hér verði nægilega margir á vakt 1. janúar til að framkvæma viðbúnaðaráætlunina". Viðbúnaðaráætlun þessi kom aldrei til framkvæmda, með því að samningar höfðu tekist áður. Framangreind málsástæða leiðir ekki rökrétt til þess, að unnt sé að taka dómkröfu stefnanda til greina.

Gögn málsins eru að mestu frásagnir fjölmiðla um meira og minna ósamhljóða skoðanir manna um tilvik af öðru tilefni en hér ræðir um. Verða þau ein sér ekki lögð til grundvallar í dómsmáli sem þessu, heldur þarf að liggja fyrir hlutlæg úttekt á því, hvaða mannafla sé þörf til þess að halda uppi

nægilega traustri stjórn flugumferðar, til að landið einangrist ekki um loftferðir og staðið verði við alþjóðlegar skuldbindingar. Í þessu efni er nauðsynlegt að tilgreina, hvaða störfum kann að vera ofaukið á hinni umdeildu skrá, starfslýsingar og hvort og þá hvernig þau tengist flugumferðarstjórninni. Skrá samkvæmt auglýsingu nr. 68/1995 hefur framlengst óbreytt, en um hana var dæmt í áðurgreindum dómi Félagsdóms 25. september 1995, og er málið nú í sama horfi og eftir þann dóm.

Að framangreindu virtu ber að vísa málinu frá Félagsdómi með vísan til e-liðar 80. gr. og 2. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938.

Eftir atvikum telst rétt, að stefnandi greiði stefnda 50.000 kr. í málskostnað.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Félag íslenskra flugumferðarstjóra, greiði stefnda, íslenska ríkinu, 50.000 kr. í málskostnað.

Sératkvæði
Sveins Sveinssonar

Aðaldómkrafa stefnda er sú, að málinu verði vísað frá dómi með vísan til 2. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Málið hefur aðeins verið munnlega flutt um þá kröfu stefnda.

Með dómi Félagsdóms frá 25. september 1995 í málinu nr. 3/1995 milli sömu aðila var sú afstaða tekin, að túlka bæri 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 á þann veg, að árlega ætti stefnandi rétt á að bera fram andmæli við framlengdri skrá. Líta verður svo á, að sá réttur sé virkur, hvort sem skráin hafi verið lögð óbreytt fram eða á henni verið gerðar breytingar. Þannig á stefnandi við hverja framlagningu skrárinnar rétt á að fá dæmt um gildi hennar.

Sú fullyrðing stefnda, að með fyrrnefndum dómi hafi verið dæmt um það ágreiningsatriði aðila, sem nú liggi fyrir, er ekki nægilega rökstudd. Í máli þessu hafa verið lögð fram önnur gögn og upplýsingar um afstöðu flugmálayfirvalda til nauðsynlegustu mönnunarþarfa við flugumferðarstjórn en gert var í fyrra máli og nýjar málsástæður verið bornar fram. Á stefnandi rétt á að fá afstöðu Félagsdóms til þeirra.

Að þessu virtu tel ég, að hafna eigi frávísunarkröfu stefnda, og tel, að málið eigi að fá efnislega meðferð fyrir dóminum.

Þriðjudaginn 6. maí 1997.

Nr. 419/1996. **Húsnæðisnefnd Kópavogs**
(Þórólfur Kristján Beck hrl.)
gegn
Ragnari Hjálmarssyni
(Othar Örn Petersen hrl.)
og gagnsök

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. nóvember 1996, en gagnáfrýjandi með stefnu 25. mars 1997.

Mál þetta var tekið til dóms í héraði að lokinni aðalmeðferð 23. maí 1996. Í þinghaldi 12. september sama ár var eftirfarandi bókað: „Málið er endurupptekið. ... Umboðsmaður aðila flutti málið stuttlega að nýju með því að ítreka gerðar kröfur að teknu tilliti til þeirra breytinga, sem hafa orðið á kröfugerð stefnanda, og með vísan til fyrri málflutnings, sem var hljóðritaður, og höfðu þeir umboðsmennirnir fengið eftirgerð þeirrar hljóðritunar. Þeir lögðu málið svo í dóm, og er málið dómtekið. Kveðinn er upp í málinu svofelldur dómur.“ Í héraðsdómi er engin skýring gefin á drætti á dómsuppsögu eftir aðalflutning.

Samkvæmt framansögðu var málið dæmt án munnlegs málflutnings að nýju, er þrír mánuðir og tuttugu dagar voru liðnir frá aðalmeðferð, en við endurupptöku málsins 12. september 1996 fór ekki fram málflutningur með þeim hætti, sem áskilið er í 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju, sbr. Hæstaréttardóma 1995, 304, 306 og 308, og síðari dóma um sama efni.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Miðvikudaginn 7. maí 1997.

Nr. 194/1997. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Jóni Óskari Magnússyni
(Sigurbjörn Þorbergsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. maí 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 5. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. maí 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 16. júní 1997. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Eins og greinir í hinum kærða úrskurði, er varnaraðila gefið að sök að hafa átt þátt í árás á Sigbert Berg Hannesson í miðborg Reykjavíkur aðfaranótt 27. apríl sl. Vitni hafa borið, að varnaraðili ásamt tveimur félögum sínum hafi áreitt vegfarendur skömmu fyrir þessa árás, að því er virtist, til að stofna til áfloga. Samkvæmt framburði vitna varð slíkur aðdragandi að fundum varnaraðila við Sigbert, sem mun hafa ýtt við varnaraðila eftir áreiti. Forðaði Sigbert sér, en varnaraðili og félagar hans tveir veittu honum eftirför. Vitni bera, að annar félagi varnaraðila hafi síðan kastað af miklu afli hellusteini í höfuð Sigberts af um þriggja metra færi. Við það hafi Sigbert fallið niður, en varnaraðili og umræddur félagi hans sparkað mörgum sinnum í hann fallinn, meðal annars í höfuð, áður en þeir hlupu af vettvangi.

Varnaraðili hefur játað að hafa sparkað í Sigbert, þar sem hann lá í götunni. Í úrskurði héraðsdóms er greint frá þeim alvarlegu áverkum, sem Sigbert hlaut í fyrrgreindri árás. Þegar þess er gætt ásamt því, hvernig staðið var að árásinni, getur 2. mgr. 218. gr. almennra

hegningarlaga nr. 19/1940 tekið til brots varnaraðila og það því varðað allt að 16 ára fangelsi. Eins og atvikum er háttað, telst þannig fullnægt skilyrðum 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 fyrir gæsluvarðhaldi. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. maí 1997.

Ár 1997, föstudaginn 2. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arnfríði Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Jóni Óskari Magnússyni, kt. 150976-3089, Hlíðarhjalla 59, Kópavogi, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 16. júní 1997 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði var handtekinn af lögreglunni í Kópavogi að morgni 27. apríl sl., grunaður um aðild að stórfelldri líkamsárás.

Aðfaranótt sunnudagsins 27. apríl sl. kl. 2.20 barst lögreglunni í Reykjavík tilkynning um, að maður lægi í blóði sínu á götunni utan við Café Paris í Pósthússtræti. Þegar lögregla kom að hinum slasaða, Sigbert Berg Hannessyni, f. 1953, lá hann á götunni með höfuð við gangstéttarbrún, og hafði myndast þar allstór blóðpollur. Við komu á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur voru lífsmörk eðlileg, en Sigbert gat enga grein gert fyrir sér vegna taltruflana, sem stöfuðu af höfuðáverka. Við skoðun kom í ljós sár vinstra megin ofan á hvirfli, sem gekk inn í höfuðrými, og var stórt brot í höfuðkúpu. Auk þess var hann með afrifur á enni hægra megin. Tekin var sneiðmynd af höfði Sigberts, sem sýndi að höfuðkúpan var brotin, og gengu beinflísar inn u. þ. b. 2,5 sentímetra í höfuðkúpurýmið. Auk þess sást mar í heila, er gekk út frá áverkanum. Fór hann strax í aðgerð. Samkvæmt vottorði Þengils Oddssonar læknis, er um sköddun á heilastarfsemi að ræða vegna framangreinds áverka, sem að mati læknisins er mjög alvarlegur, og telur hann ekki líklegt, að sjúklingurinn fái fullan bata.

Samkvæmt vottorði Bjarna Hannessonar yfirlæknis, dagsettu í dag, hlaut Sigbert 4 sm langan skurð á höfði með tættum brúnum, sem bentu til, að sjúklingurinn hefði fengið mikið högg og hlutur með skörpum brúnum rekist í höfuð hans af miklu afli. Í ljós kom síðan innkýlt stjörnulaga brot í höfuðkúpunni, og hafði hluti af beinbrotunum ýst inn um 3 sm. Við þetta

höfðu heilahimnur rofnað, og var sár í heila og blæðing undir og í kringum brotið. Sárið og blæðingin, sem sjúklingurinn fékk í heilabörkinn á þessu svæði, ollu því, að hann missti mál og er með minnkaðan kraft og tilfinningu í hægri hluta líkamans. Þá var sjúklingur með afrifur á enni og mar á hálsi vinstra megin, sem læknirinn telur benda til, að sjúklingurinn hafi fengið endurtekna áverka.

Vitni hafa lýst því, er tveir menn spörkuðu margsinnis í Sigbert, m. a. í höfuð hans, fyrir framan Café Paris, þar sem hann lá í götunni. Lýsing á þeim kemur heim og saman við kærða og félaga hans Guðna Tómasson. Að sögn vitnis spörkuðu mennirnir tveir sex til átta sinnum í höfuð Sigberts, þar sem hann lá í götunni, og telur hann manninn hafa verið með meðvitund í fyrstu, þar sem hann hafi reynt að bera af sér fyrstu spörkin. Að hans mati hafi Sigbert hins vegar misst meðvitund, er mennirnir náðu að sparka í höfuð hans.

Samkvæmt skýrslu, sem tekin var af Björgvini Einari Sævarssyni fyrr í dag, hófust átökin þetta kvöld með því, að kærði gekk á Sigbert Berg og spurði hann, hvað hann væri að „bögga" sig, eða eitthvað í þá átt. Síðan hafi þeir lent í stimpingum, og þá hafi Guðni Tómasson komið aðvífandi og kastað götusteini í Sigbert, sem við það hafi fallið eins og dauður í götuna.

Í skýrslu frá 28. apríl sl. kvaðst kærði muna eftir að hafa lent í átökum við mann, sem var staddur í Austurstræti á milli Pósthússins og Reykjavíkurapóteks. Ekki kunni kærði neina skýringu á upptökum þeirra átaka. Kærði kvaðst m. a. hafa gengið að manninum, þar sem hann lá í götunni fyrir framan Café Paris, og sparkað nokkrum sinnum í hann. Spörkin hafi lent í baki mannsins og sennilega einnig í höfði, en kærði kvaðst þó ekki hafa endilega ætlað að sparka þar. Kærði þvertók fyrir að hafa tekið sér götustein í hönd og beitt honum í átökunum við manninn.

Við fyrirtöku málsins hér fyrir dóminum kvaðst kærði hafa sparkað í Sigbert Berg liggjandi, einu sinni í höfuð hans og síðan í maga hans.

Af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins var dómara sýndur skór sá, sem kærði kannast við að hafa klæðst, þegar átökin urðu, og er hann töluvert stór og þungur.

Rannsóknargögn málsins benda til, að um stórfellda líkamsárás tveggja manna sé að ræða, sem getur miðað við framangreind læknisvottorð varðað fangelsisrefsingu skv. 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir grunur lögreglu um aðild kærða að málinu vera rökstuddur, enda styðst hann við játningu kærða og vætti vitna. Þegar framanritað er virt og með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, þykir verða að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald yfir kærða til greina, eins og hún er fram sett.

Úrskurðarorð:

Kærði, Jón Óskar Magnússon, skal sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 16. júní 1997 kl. 16.00.

Miðvikudaginn 7. maí 1997.

Nr. 195/1997. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**
gegn
Sigurrós Svavarsdóttur
(Pétur Gautur Kristjánsson hdl.)

Kærumál. Hald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. maí 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 5. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. maí 1997, þar sem hafnað var kröfu varnaraðila um, að fellt yrði niður hald, sem sóknaraðili lagði á peninga í vörslum varnaraðila við húsleit á heimili hans 13. desember 1996 vegna ætlaðs fíkniefnamisferlis. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að umræddri haldlagningu verði hnekkt og sér afhentar þegar í stað 227.000 krónur með áföllnum bankavöxtum.

Sóknaraðili krefst staðfestingar héraðsdóms.

Samkvæmt gögnum málsins lagði sóknaraðili í umrætt sinn hald á 222.000 krónur á heimili varnaraðila vegna rannsóknar á umfangsmiklu fíkniefnamáli. Í greinargerðum málsaðila fyrir Hæstarétti kemur hins vegar fram, að þá greinir á um, hver sé fjárhæð þess, sem hald var lagt á, og að varnaraðili telji hana vera 227.000 krónur. Ekki verður hér tekin afstaða til þessa ágreinings.

Fyrrnefndri rannsókn, sem var tilefni haldlagningarinnar, er lokið, og hefur málið verið sent ríkissaksóknara til meðferðar, en ekki hefur verið tekin ákvörðun um framhald málsins. Samkvæmt þessu þykir vera fullnægt skilyrðum 78. gr., sbr. 82. gr. laga nr. 19/1991, til að leggja megi hald á fé varnaraðila. Verður niðurstaða hins kærða úrskurðar því staðfest.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. maí 1997.

Hinn 28. apríl sl. barst dóminum krafa Sigurrósar Svavarsdóttur, kt. 190953-5219, Úthlíð 14, Reykjavík, þess efnis, að dómurinn kvæði upp úrskurð samkvæmt 75. gr. laga nr. 19/1991 um ágreining hennar og embættis lögreglustjórans í Reykjavík, að því er varðar 227.000 kr., sem hald var lagt á við húsleit á heimili hennar 13. desember sl., og þess krafist, að lögreglustjórinn í Reykjavík f. h. deildar þeirrar, sem kennd er við ávana- og fíkniefni, skili henni ofannefndri fjárhæð. Einnig er krafist kærumálskostnaðar að mati dómsins. Er því haldið fram, að haldlagning lögreglu á peningunum standist ekki lög, enda séu peningar ekki munir í skilningi þeirra ákvæða laga nr. 19/1991, sem fjalla um haldlagningu.

Af hálfu lögreglustjórans í Reykjavík er kröfu Sigurrósar mótmælt og því fram haldið, að haldlagning fjármunanna sé lögleg. Þá sé ljóst, að rannsókn málsins sé ekki lokið fyrr en við útgáfu ákæru, og því eigi ákvæði 1. mgr. 82. gr. laga nr. 19/1991 hér við, en málið hafi verið sent ríkissaksóknara 28. apríl sl.

Samkvæmt rannsóknargögnum var lagt hald á 222.000 kr. við húsleit að Úthlíð 14 í Reykjavík 13. desember 1996. Húsleit þessi var gerð vegna rannsóknar lögreglu á umfangsmiklu fíkniefnamáli. Sigurrós Svavarsdóttir var auk annarra handtekin við húsleitina, en leyst úr haldi síðar. Sigurrós hefur krafist þess hjá lögreglu að fá hina haldlögðu fjármuni afhenta, en verið neitað að svo stöddu. Þá hefur af hennar hálfu verið gerð stjórnsýslukæra í sama tilgangi, en dómsmálaráðuneytið vísaði málinu frá og benti kæranda á dómstólaleiðina. Eins og fyrr segir, barst dóminum beiðni um úrskurð samkvæmt 75. gr. laga nr. 19/1991 28. apríl sl.

Við fyrirtöku þessa máls upplýstu aðilar, að ágreiningur væri um hæð þeirrar fjárhæðar, sem hald var lagt á, en ekki verður talið, að sá ágreiningur komi í veg fyrir, að lagður verði á úrskurður samkvæmt 75. gr. og 79. gr. laga nr. 19/1991.

Það er í valdi lögreglu að meta, hvort skilyrði haldlagningar séu í hverju einstöku tilviki. Í þessu máli var lagt hald á peninga, sem fundust faldir á heimili Sigurrósar Svavarsdóttur, og leikur grunur á, að þeir tengist fíkniefnamáli því, sem til rannsóknar var hjá lögreglu og hefur nýlega verið sent ákæruvaldinu. Samkvæmt 82. gr. laga nr. 19/1991 skal aflétta haldi, þegar þess er ekki lengur þörf, og í síðasta lagi, þegar máli er endanlega lokið, með þeim undantekningum, sem frá er greint í a- til c-lið. Þar sem ákæruvaldið hefur ekki tekið ákvörðun um framhald málsins, verður að telja,

að enn sé þörf á haldlagningu fjárins, enda má telja líklegt, að krafist verði upptöku þess, verði ákæra gefin út. Kröfu Sigurrósar Svavarsdóttur um afhendingu fjárins er því hafnað.

Krafa um kærumálskostnað verður ekki tekin til greina, enda verður að skilja kröfugerð Sigurrósar Svavarsdóttur á þann veg, að um sé að ræða kröfu samkvæmt 75. og 79. gr. laga nr. 19/1991, en ekki kæru í eiginlegum skilningi.

Arnfríður Einarsdóttir dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu Sigurrósar Svavarsdóttur, kt. 190953-5219, um, að henni verði afhent fjárhæð sú, sem hald var lagt á við húsleit lögreglu 13. desember 1996.

Kröfu um kærumálskostnað er hafnað.

Föstudaginn 9. maí 1997.

Nr. 316/1996. **Vátryggingafélag Íslands hf.**
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Herdísi Karlsdóttur
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
og gagnsök

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. ágúst 1996 og krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara er krafist lækkunar á kröfum gagnáfrýjanda og verði málskostnaður á báðum dómstigum þá felldur niður.

Málinu var gagnáfrýjað með stefnu 29. nóvember 1996. Gagnáfrýjandi krefst þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 6.543.705 krónur, en til vara 2.247.665 krónur, hvort tveggja með nánar tilgreindum vöxtum og að frádregnum 346.113 krónum 24. júní 1994. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til þrautavara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Kröfugerð gagnáfrýjanda um bætur er reist á 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og lýtur að líkamstjóni hennar vegna umferðarslysa 10. nóvember 1990 og 6. mars 1992. Að auki varð hún fyrir meiðslum í umferðarslysum 10. júní 1986 og í nóvember 1994. Ágreiningur málsaðila snýst annars vegar um örorkustig gagnáfrýjanda vegna slysanna og hins vegar um ákvörðun og uppgjör fébóta, en ekki er deilt um bótaskyldu aðaláfrýjanda.

II.

Í málinu nýtur fjölda læknisfræðilegra gagna um heilsuhagi gagnáfrýjanda og nokkurra um örorku hennar sérstaklega. Stefán Bogason læknir mat örorku gagnáfrýjanda 20. júní 1987 vegna slyssins 10. júní 1986 og taldi hana vera 12%. Hinn 13. nóvember 1991 mat Björn Önundarson læknir örorku hennar vegna slyssins 10. nóvember 1990 og áleit hana 15%. Í örorkumati 30. júní 1992 taldi Júlíus Valsson læknir örorku gagnáfrýjanda vegna þessa slyss 20%. Hann dró það mat til baka í bréfi til lögmanns gagnáfrýjanda 29. febrúar 1996 og sagði þar meðal annars: „Mér virðist sem umferðarslysið 10. nóvember 1990 hafi verið alvarlegast og valdið mestum einkennum. Ég tel einnig, að í mati mínu, dags. 30. júní 1992, hafi ekki verið tekið nægjanlegt tillit til afleiðinga umferðarslyssins í júní 1986 og um of einblínt á slysið í nóvember 1990. Enn fremur er mikilvægt, að ég hafði, þegar matið fór fram, ekki vitneskju um umferðarslysið í mars 1992. Ég tel fremur líklegt, að við umferðarslysið 6. mars 1992 hafi orðið viðbótarversnun á einkennum, en einungis tímabundin við umferðarslysið í nóvember 1994. Ávallt er mjög erfitt, þegar um er að ræða fleiri en eitt slys, sem valda svipuðum einkennum hjá sama einstaklingi, að greina þátt hvers slyss fyrir sig í orsökum þeirrar samanlögðu varanlegu örorku, sem slysin valda. Segja má, að einkennin séu í mörgum tilvikum „cumulativ“, þ. e. fari stigversnandi með hverju nýju slysi. Með þeim fyrirvara, sem getið er hér að ofan, virðist mér örorkan vegna umferðarslyssins í nóv. 1990 (20%) hafa verið ofmetin í mati mínu. Rétt hefði verið að reikna með 5% örorku vegna umferðarslyssins 1986, 15% örorku vegna umferðarslyssins í nóvember 1990 (óbreytt) og síðar meir 5% örorku vegna umferðarslyssins í mars 1992, en engri (0%) varanlegri örorku vegna umferðarslyssins í nóvember 1994. Samanlögð varanleg örorka er því samkvæmt þessu 25%.“

Aðilar óskuðu sameiginlega 21. janúar 1994 eftir matsgerð læknanna Jónasar Hallgrímssonar og Sigurðar Thorlacius um örorku gagnáfrýjanda vegna umferðarslyssins 6. mars 1992. Í matsgerðinni 24. febrúar 1994 greindi læknana á um örorku gagnáfrýjanda af völdum þessa slyss og mátu hana því hvor í sínu lagi. Í niðurstöðu Jónasar Hallgrímssonar segir meðal annars svo: „Herdís hafði verið metin samtals 32% varanlegur öryrki vegna tveggja eldri slysa, og

hafði hún umtalsverð einkenni eftir þau og sérstaklega seinna slysið. . . . Ég tel ekki, að hún hafi fengið tímabundna læknisfræðilega örorku eftir slysið í mars 1992, heldur aðeins varanlega, og met hana 10% af fullri starfsorku eða í raun 6,8%, þar sem starfsorka hennar var aðeins 68% fyrir.“ Í röksemdum Sigurðar Thorlacius er meðal annars sagt: „Þótt einkenni slösuðu hafi versnað eitthvað eftir slysið 6. mars 1992 verður ekki séð, að um umtalsverða breytingu hafi þar verið að ræða eða að fram hafi komið nein ný einkenni, umfram þau einkenni, sem slasaða hafði vegna fyrri slysanna. . . . Ég tel því ekki, að slasaða hafi hlotið neina varanlega örorku af völdum þessa slyss, hvorki læknisfræðilega né fjárhagslega, og ekki verður heldur séð, að um neina tímabundna örorku sé að ræða vegna þessa slyss. Ég álít, að rekja megi þá skerðingu á starfsgetu, sem slasaða býr við í dag, alfarið til fyrri slysanna tveggja.“

Að beiðni aðaláfrýjanda voru Gísli Einarsson endurhæfingarlæknir og Halldór Jónsson bæklunarlæknir dómkvaddir 8. júní 1995 til að láta í ljós álit um varanlega örorku gagnáfrýjanda vegna slyssins 10. nóvember 1990, hvort og þá hverja varanlega örorku hún hefði hlotið af völdum slyssins 6. mars 1992 og hvort og þá í hverjum mæli önnur slys eða sjúkdómar ættu þátt í örorku hennar. Í niðurstöðu hinna dómkvöddu matsmanna 6. nóvember 1995 sagði meðal annars: „Þannig er aldrei að finna neitt algjörlega nýtt, sem gerir, að einn árekstur skeri sig úr, hvað einkenni varðar. Því teljum við, að núverandi óþægindi hennar megi rekja til allra árekstranna ... Matsmenn telja því ekki, að afleiðingar þessara fjögurra árekstra verði með neinni vissu greindar sundur ... Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, og einkum með það í huga, að Herdís hefur hlotið verulegt heilsutjón á stoðkerfi sínu, sem við teljum, að megi rekja til allra árekstranna, teljum við hæfilegt að meta samanlagða varanlega læknisfræðilega örorku hennar 20% – tuttugu af hundraði. Matsmenn telja með þessari niðurstöðu, að engin leið sé að skilja að afleiðingar hvers áreksturs um sig og að álitamál sé, hversu mikill hluti heildarörorku Herdísar stafi sérstaklega af árekstrunum eftir júní 1986. Matsmenn telja enn fremur, að framburður tjónþola hljóti að vega þungt, og hann bendir til, að örorka sú, sem Herdísi var metin af Stefáni Bogasyni lækni, hafi verið hærri en efni stóðu til.“

Enginn ofangreindra lækna að Jónasi Hallgrímssyni undanskildum kom fyrir héraðsdóm til að staðfesta álit sitt og svara spurningum. Samkvæmt ágripi málsins er framburður Jónasar óljós, þar sem hluti upptöku hans hefur eyðilagst.

III.

Í málinu liggja fyrir andstæð læknisfræðileg álit um örorku gagnáfrýjanda og hvernig henni verði skipt milli þeirra umferðarslysa, sem hún hefur lent í. Eins og þeim gögnum er háttað, var brýnt, að héraðsdómari kveddi til sérfróða meðdómsmenn til að leggja mat á þau og spyrja þá sérfróðu álitsgjafa, sem nauðsyn bar til að kveðja fyrir dóminn, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna verður ekki hafnað á þeirri forsendu einni, að þeir hafi ekki svarað spurningum um sundurgreiningu örorkunnar á þann hátt, sem um var beðið í matsbeiðni, en þeir rökstyðja í mati sínu, hvers vegna þeir telja það ekki unnt. Hinir dómkvöddu matsmenn komu ekki fyrir héraðsdóm og ekki heldur læknarnir Júlíus Valsson og Sigurður Thorlacius, sem komst að öndverðri niðurstöðu við Jónas Hallgrímsson í sameiginlegri matsgerð þeirra. Hefur ekki verið skýrt, hvers vegna Jónas Hallgrímsson var einn lækna kvaddur fyrir dóminn.

Vegna þeirra annmarka, sem lýst hefur verið, þykir ekki verða hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði frá og með þinghaldi 16. apríl 1996 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar dóms að nýju.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með þinghaldi 16. apríl 1996 eru ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Föstudaginn 9. maí 1997.

Nr. 249/1996. **Verkalýðsfélögin á Suðurnesjum**
(Garðar Garðarsson hrl.)
gegn
Sjávarréttum í Keflavík ehf.
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Ábyrgð. Kröfuréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. júlí 1996 og krefst þess, að stefndi greiði sér 619.762 krónur með tilgreindum dráttarvöxtum frá 15. febrúar 1994 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti óskaði áfrýjandi þess að leggja fram ný gögn. Með vísan til lokamálsliðar 1. mgr. 160. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. lög nr. 38/1994, verður ekki litið til þeirra við úrlausn málsins.

Svo sem greint er í héraðsdómi, gerðu fyrirtækið Sjávarréttir hf. og Lífeyrissjóður Suðurnesja með sér sérstakt samkomulag um greiðslu iðgjaldaskulda fyrirtækisins 24. ágúst 1993. Skyldi fyrirtækið greiða sjóðnum 3% af framleiðsluverðmæti (skilaverðmæti) mánuðina september 1993 til janúar 1994, 4% mánuðina febrúar til maí 1994 og 3% mánuðina júní 1994 og þar til full skil hefðu verið gerð á iðgjaldaskuldinni. Greiðslurnar skyldu lagðar á reikning sjóðsins hjá Íslandsbanka hf., útibúinu í Keflavík, í hvert sinn, sem greiðslur bærust fyrirtækinu vegna framleiðslunnar frá útflytjanda vörunnar. Tekið var fram, að samkomulag þetta skyldi endurskoðað a. m. k. á fjögurra mánaða fresti, í fyrsta sinn í janúar 1994, en ekkert er fram komið í málinu, að það hafi verið gert.

Greiðslur bárust lífeyrissjóðnum í samræmi við samkomulag þetta. Ljóst var í mars 1994, að greiðslurnar komu frá nýju fyrirtæki,

Sjávarréttum í Keflavík ehf., í eigu sömu manna og stóðu að Sjávarréttum hf. Forráðamaður stefnda hefur viðurkennt, að sér hafi þá verið gert ljóst, að greiðslunni yrði varið til að lækka skuld eldra félagsins. Er ósannað, að athugasemdum hafi verið hreyft af því tilefni. Er jafnframt ljóst, að forsvarsmenn stefnda hafa árin 1994 og 1995 fengið innheimtubréf frá lífeyrissjóðnum og lögmanni áfrýjanda, sem beint var að stefnda. Af þeim má ráða, að greiðslum, sem haldið var eftir af söluandvirði afurða, hafi að öllu leyti verið varið til greiðslu skulda Sjávarrétta hf. Er ósannað, að stefndi hafi hreyft athugasemdum við þessari tilhögun fyrr en með bréfi 24. júlí 1995. Bú Sjávarrétta hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 18. sama mánaðar.

Ágreiningslaust er, að sérstakur fundur var haldinn með forsvarsmönnum lífeyrissjóðsins og stefnda 24. febrúar 1995. Var þar rætt um, að hækka þyrfti greiðslur samkvæmt samkomulaginu, þar sem áætlanir um fjárhæðir söluverðmætis höfðu ekki staðist. Síðar sama dag sendi stefndi Íslandsbanka hf., símbréf, þar sem óskað var, að gerðar yrðu breytingar á greiðslum til lífeyrissjóðsins, „þannig að greidd verði 5% í stað 3% nú af skilaverði loðnuafurða fyrir árið 1995“. Sama dag barst stefnda til undirritunar skjal frá Lífeyrissjóði Suðurnesja, sem ætlað var að staðfesta samkomulag, er lífeyrissjóðurinn taldi hafa orðið milli sín og stefnda. Er þar skýrt tekið fram, að greiðslur stefnda af skilaverði afurða á loðnuvertíð séu vegna skulda Sjávarrétta hf. Stefndi undirritaði ekki samkomulagið, en gerði engar athugasemdir við lífeyrissjóðinn. Ekki gerði hann heldur neinn reka að því að afturkalla þau fyrirmæli sín til Íslandsbanka hf., sem áður er getið. Einnig er fram komið í skýrslu forsvarsmanns stefnda fyrir héraðsdómi, að hann hafi ætlað sér að greiða áfram skuld hins eldra félags.

Samkomulagið 24. ágúst 1993 um greiðslur af skilaverði afurða var gert vegna skulda Sjávarrétta hf. Nýja félagið, stefndi þessa máls, var undir stjórn sömu manna og hið eldra. Eldra félagið sagði ekki upp þessum samningi, og ekkert liggur fyrir um, að stefndi hafi látið í ljós, að hann samþykkti ekki, að greiðslur sínar gengju til efnda þess samnings. Eins og aðstæður voru, höfðu forsvarsmenn Lífeyrissjóðs Suðurnesja réttmæta ástæðu til að telja stefnda samþykkan því, að greiðslum hans yrði ráðstafað með þeim hætti, sem gert var. Samskipti lífeyrissjóðsins og stefnda í febrúar 1995 og að-

gerðaleysi stefnda eftir það varð enn til að styrkja réttmæta trú sjóðsins í þessa veru. Þegar þetta er virt, verður talið, að lífeyrissjóðurinn hafi með fullri heimild ráðstafað greiðslum stefnda eins og gert var. Ber því að taka kröfur áfrýjanda til greina, en um þær er ekki tölulegur ágreiningur.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Stefndi, Sjávarréttir í Keflavík ehf., greiði áfrýjanda, Verkalýðsfélögunum á Suðurnesjum, 619.762 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 4.057 krónum frá 15. febrúar 1994 til 15. mars sama árs, af 71.454 krónum frá þeim degi til 15. apríl sama árs, af 148.553 krónum frá þeim degi til 15. maí sama árs, af 192.426 krónum frá þeim degi til 15. júní sama árs, af 260.825 krónum frá þeim degi til 15. júlí sama árs, af 403.383 krónum frá þeim degi til 15. nóvember sama árs, af 406.803 krónum frá þeim degi til 15. desember sama árs, af 410.223 krónum frá þeim degi til 15. janúar 1995, af 414.298 krónum frá þeim degi til 15. febrúar sama árs, af 417.918 krónum frá þeim degi til 15. mars sama árs, af 458.664 krónum frá þeim degi til 15. apríl sama árs, af 537.874 krónum frá þeim degi til 15. maí sama árs, af 556.699 krónum frá þeim degi til 15. júní sama árs, en af 619.762 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 2. apríl 1996.

Ár 1996, þriðjudaginn 2. apríl, er í Héraðsdómi Reykjaness kveðinn upp dómur í málinu nr. E-973/1995: Verkalýðsfélögin á Suðurnesjum gegn Sjávarréttum í Keflavík hf., sem dómtekið var 5. mars sl.

Málið er höfðað með stefnu, birtri 19. júlí 1995, af Verkalýðsfélögunum á Suðurnesjum, kt. 450486-0669, Hafnargötu 80, Keflavík, á hendur Sjávarréttum í Keflavík hf., kt. 440566-0149, Básvegi 5, Keflavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 619.762 kr., auk dráttarvaxta.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að mati dómsins.

Málavextir.

Stefndi, Sjávarréttir í Keflavík hf., hóf rekstur frystihúss að Básvegi 5, Keflavík, í ársbyrjun 1994. Fram að þeim tíma hafði frystihúsið verið rekið af Sjávarréttum hf., sem hætti starfsemi. Stjórnir beggja félaga voru skipaðar sömu mönnum, og var Gísli Erlendsson stjórnarformaður þeirra beggja og annar framkvæmdastjórnarmanna.

Lífeyrissjóður Suðurnesja annast fyrir stefnanda, Verkalýðsfélögin á Suðurnesjum, innheimtu á lög- og samningsbundnum greiðslum launþega í félags-, sjúkra- og orlofssjóði.

Stefndi tók upp sams konar hátt á greiðslum iðgjalda og Sjávarréttir hf. höfðu haft. En samkvæmt samkomulagi milli Sjávarrétta hf. og Lífeyrissjóðs Suðurnesja, dagsettu 24. ágúst 1993, skyldi félagið greiða sjóðnum ákveðið hlutfall af framleiðsluverðmæti (skilaverðmæti) vegna iðgjaldaskulda. Mánuðina september 1993 til janúar 1994 var það 3%. Greiðslur þessar skyldi leggja inn á reikning lífeyrissjóðsins hjá Íslandsbanka hf.

Iðgjöld stefnda á tímabilinu janúar 1994 til ágúst 1995 námu samtals 3.519.857 krónum; þar af voru stéttarfélagsiðgjöld 642.494 krónur (619.762 krónur fyrir tímabilið janúar 1994 til júní 1995). Innborganir á tímabilinu námu 4.775.730 krónum.

Lífeyrissjóðurinn færði greiðslur frá stefnda ekki til greiðslu á lífeyris- og stéttarfélagsskuldbindingum stefnda, heldur til greiðslu á skuldum Sjávarrétta hf.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi reisir stefnukröfur sínar á því, að stefndi hafi ekki staðið skil á lög- og samningsbundnum greiðslum í félags-, sjúkra- og orlofssjóði stefnanda frá janúar 1994 til og með maí 1995 samkvæmt skilagreinum, sbr. 6. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 194/1981, þar sem öllum atvinnurekendum er gert skylt að greiða í sjúkrasjóði og orlofssjóði hlutaðeigandi stéttarfélaga þau gjöld, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni. Í núgildandi heildarsamningi sé kveðið á um, að vinnuveitendur greiði 1% af útborguðu kaupi í sjúkrasjóð, 0,25% í orlofssjóð og innheimti félagsgjald

í samræmi við reglur viðkomandi stéttarfélags. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/1980 er þar um að ræða lágmarkskjör, sem gilda fyrir alla launamenn í hlutaðeigandi starfsgrein.

Gjalddagi ofannefndra gjalda sé 15. hvers mánaðar. Stefnandi hafi reiknað dráttarvexti á skuldina frá gjalddaga í samræmi við III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 7. gr. laga nr. 55/1980.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi styður sýknukröfu sína því, að hann hafi þegar greitt stefnanda þau gjöld, sem um sé krafið í stefnu, og vel það, svo að hann eigi nú inneign hjá stefnanda vegna ofgreiddra gjalda, samtals 1.255.873 krónur.

Stefnandi hafi ekki haft heimild til þess án samþykkis stefnda að færa greiðslur frá stefnda inn á skuld annars félags við stefnanda. Hvergi liggi fyrir samþykki stefnda fyrir því, að greiðslur hans til stefnanda skuli greiða skuldbindingar annarra en stefnda sjálfs við stefnanda. Um þriðjamannslöggerning í þágu Sjávarrétta hf. sé því ekki að ræða.

Stefnandi og Lífeyrissjóður Suðurnesja, sem annaðist f. h. stefnanda fjárgreiðslur stefnda til stefnanda, séu fjármálastofnanir með sérþekkingu á meðferð fjárverðmæta. Gera verði ríkar kröfur til slíkra stofnana um það, að þær afli sér skýlausra heimilda til hvers konar meðferðar fjármuna, sem þær hafa til meðferðar.

Þá er skilagreinar frá stefnda hafi tekið að berast stefnanda í byrjun árs 1994, hafi stefnanda borið að leita fyrirmæla stefnda um það, hvort honum væri heimilt að færa greiðslur frá stefnda inn á skuldir við annan aðila, en að öðrum kosti láta þær renna til greiðslu á skilagreinum stefnda. Engra slíkra fyrirmæla hafi verið leitað fyrr en með ósk um samkomulag 24. febrúar 1995, sem hafnað hafi verið af hálfu stefnda.

Í eldra samkomulagi Sjávarrétta hf. við stefnanda, dags. 24. ágúst 1993, hafi ekki falist nein heimild fyrir stefnanda, til að ráðstafa greiðslum frá stefnda inn á aðrar skuldbindingar en skuldbindingar stefnda við stefnanda. Stefnandi hafi gert sér fulla grein fyrir heimildarskorti sínum, er hann óskaði eftir því við stefnda 24. febrúar 1995, að gert yrði samkomulag um, að frádrag af skilaverðmæti stefnda skyldi greiða inn á iðgjaldaskuld Sjávarrétta hf.

Stefndi styður sýknukröfu sína meginreglu kröfuréttar um brottfall kröfu við greiðslu.

Daníel Arason, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Suðurnesja, skýrði svo frá fyrir dóminum, að lífeyrissjóðurinn hefði ekki vitað um tilvist Sjávarrétta hf. fyrr en í júní 1992. Hafi hann þá sent innheimtubeiðni og eftir það

fengið fyrstu skilagreinina. Hafi þá komið í ljós, að skuldir hafi byrjað að myndast í október 1991. Lífeyrissjóðurinn hafi gert um það samkomulag við Sjávarrétti hf. 24. ágúst 1993, að fyrirtækið skilaði sjóðnum ákveðnu hlutfalli af skilaverðmæti. Síðast hafi það verið 3%. Greiðslur skyldu lagðar inn á reikning lífeyrissjóðsins hjá Íslandsbanka hf. Fljótlega hafi komið í ljós, að þær greiðslur dugðu ekki til greiðslu iðgjalda. Að frumkvæði sjóðsins hafi margir fundir verið haldnir með fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins, þeim Gísla Erlendssyni og Haraldi Jónssyni, og hafi þar aðallega orðið umræður um greiðsluloforð og væntanlega framleiðsluaukningu. Framleiðsluaukning hafi þó ekki orðið og greiðslur því ekki hækkað.

Í mars 1994 hafi þeim hjá lífeyrissjóðnum orðið ljóst, að eitthvað nýtt var komið upp í fyrirtækinu, en af greiðsluskilagreinum frá Íslandsbanka hf. sást, að greiðslur voru farnar að berast frá Sjávarréttum í Keflavík hf. Fyrirsvarsmenn Sjávarrétta hf. hafi verið látnir vita af því, að farið væri að skila inn greiðslum til sjóðsins frá fyrirtæki með öðru nafni og annarri kennitölu, en þeim jafnframt tilkynnt, að þeim yrði ráðstafað upp í elstu skuld Sjávarrétta hf. Engar athugasemdir hafi verið gerðar við það.

Fyrstu skilagreinar vegna Sjávarrétta í Keflavík hf. hafi hins vegar ekki borist fyrr en um miðjan október 1994, og hafi það verið fyrstu formlegu upplýsingarnar um starfsemi félagsins.

Það sé regla að ganga eftir skilagreinum frá nýjum fyrirtækjum, en menn hafi litið svo á, að þar sem þeir hafi ennþá verið með skilagreinar vegna Sjávarrétta hf. og þar sem greiðslur, sem voru að berast, voru að greiðast inn á skuld þess fyrirtækis, hafi þeim ekki legið á að fá skilagreinar frá Sjávarréttum í Keflavík hf. Ekki hafi verið talin ástæða til að endurskoða greiðslusamkomulagið frá 24. ágúst 1993 milli lífeyrissjóðsins og Sjávarrétta hf. eða gera nýtt samkomulag, þar sem þeir hafi verið í stöðugum viðræðum.

Fyrirsvarsmenn fyrirtækjanna hafi verið upplýstir um stöðu þeirra gagnvart lífeyrissjóðnum. Sjávarréttir hf. hafi frá febrúar 1994 fengið níu innheimtubréf og sex yfirlit og Sjávarréttir í Keflavík hf. tvö innheimtubréf og þrjú yfirlit. Auk þess hafi oftar en ekki fylgt símtöl með þessum bréfum. Sjá megi af þessum yfirlitum og innheimtubréfum, hvernig greiðslunum frá Sjávarréttum í Keflavík hf. var ráðstafað.

Lífeyrissjóðnum hafi aldrei borist nein mótmæli gegn því, hvernig greiðslunum var ráðstafað inn á skuldir Sjávarrétta hf. Að hans áliti hafi greiðslunum verið ráðstafað með fullu samþykki forsvarsmanna Sjávarrétta í Keflavík hf. Einu athugasemdirnar hafi komið fram á fundi 24. febrúar 1995, en þá hafi verið látið í það skína, að ef farið yrði út í harðar innheimtuaðgerðir, yrði efast um réttmæti ráðstafana greiðslnanna.

Fundur, haldinn 24. febrúar 1995, hafi snúist um það eins og allir aðrir fundir, að þær greiðslur, sem bærust, dygðu ekki. Á fundinum hafi komið í ljós, að Sjávarréttir í Keflavík hf. voru að fara í loðnuframleiðslu og ætluðu sér stóra hluti. Sjóðurinn hafi þá óskað eftir því, að sjóðnum yrði greitt hærra prósentuhlutfall af skilaverðmæti en áður, og hafi verið samþykkt að greiða 5%. Aldrei hafi annað komið til greina en verið væri að semja um greiðslu á elstu skuld, þ. e. skuld Sjávarrétta hf.

Í samkomulagi, dags. 24. febrúar 1995, sem samið var eftir fundinn, segi m. a., að af framleiðsluverðmæti frá 24. febrúar 1995 og þar til um annað verði samið, greiði Sjávarréttir í Keflavík hf. lífeyrissjóðnum 5% vegna iðgjaldaskulda Sjávarrétta hf. Það hafi verið skilningur lífeyrissjóðsins, að samkomulagið væri í samræmi við niðurstöðu fundarins. Hann hafi undirritað samkomulagið fyrir hönd lífeyrissjóðsins og sent það síðan Sjávarréttum í Keflavík hf., en þeir ekki ritað undir það. Hins vegar hafi þegar við fyrstu greiðslu frá Íslandsbanka hf. komið í ljós, að farið var að framfylgja því. Ekkert í máli þessu hafi gefið tilefni til annars en ráðstafa greiðslunum eins og gert var.

Vitnið Þórarinn Gunnar Reynisson, innheimtustjóri Lífeyrissjóðs Suðurnesja, skýrði svo frá fyrir dóminum, að hann hefði séð það á skilagrein frá Íslandsbanka hf. í mars 1994, að nýtt fyrirtæki, Sjávarréttir í Keflavík hf., væri komið til skjalanna. Lífeyrissjóðnum hafi ekki verið tilkynnt um hið nýja fyrirtæki né að ráðstafa ætti greiðslum með öðrum hætti en gert hafði verið. Hafi hann þá hitt Gísla Erlendsson og um það verið rætt, að greiðslur ættu að ganga upp í skuld Sjávarrétta hf.

Í október 1994 hafi lífeyrissjóðnum borist fyrstu skilagreinar frá Sjávarréttum í Keflavík hf., og hafi það eiginlega verið fyrsta vitneskjan um félagið. Skilagreinar séu ekki stimplaðar um viðtöku. Það hefði því ekki verið fyrr en í október, sem hann hefði getað farið að ráðstafa greiðslum inn á skuld Sjávarrétta í Keflavík hf. Í sjö mánuði hafi Íslandsbanka hf. verið að berast greiðslur inn á reikninginn, sem hafi verið stofnaður vegna Sjávarrétta hf., án þess að nokkur skuld nýja félagsins væri í bókhaldi lífeyrissjóðsins.

Sjávarréttir hf. hafi fengið ótal innheimtubréf og launagreiðendayfirlit, þar sem kemur fram staðan bæði um greiðslur, skilagreinar og iðgjöld. Eftir október 1994 fari Sjávarréttir í Keflavík hf. að fá innheimtubréf og yfirlit. Aldrei hafi komið fram nein mótmæli við því, að greiðslur frá Sjávarréttum í Keflavík hf. rynnu til greiðslu á skuld Sjávarrétta hf. Hann muni eftir, að á fundi með forsvarsmönnum 24. febrúar 1995 hafi Gísli látið að því liggja, að einhverjir aðrir ættu eftir að fjalla um það, hvernig þessum greiðslum hefði

verið ráðstafað. Hann hafi ekki mótmælt því sérstaklega. Samkomulagið, dags. 24. febrúar 1995, hafi verið útbúið eftir fundinn. Hærri greiðslur hafi farið að skila sér í samræmi við samkomulagið nánast strax.

Gísli Erlendsson, stjórnarformaður og annar framkvæmdastjórnarmanna Sjávarrétta hf. og Sjávarrétta í Keflavík hf., skýrði svo frá fyrir dóminum, að Sjávarréttir hf. hefðu hætt starfsemi um áramót 1993/1994 og Sjávarréttir í Keflavík hf. hafið rekstur á sama tíma. Ekki hafi verið bein tengsl á milli fyrirtækjanna, þar sem Sjávarréttir í Keflavík hf. hafi ekki tekið við rekstri Sjávarrétta hf.

Lífeyrissjóði Suðurnesja hafi ekki verið tilkynnt um stofnun nýja félagsins, en skilagreinar hafi verið sendar eins og áður. Talið hafi verið eðlilegt að hafa sama hátt á um greiðslur fyrir Sjávarrétti í Keflavík hf. og tíðkast hafði samkvæmt samkomulagi lífeyrissjóðsins og Sjávarrétta hf. Fyrstu greiðslur frá Sjávarréttum í Keflavík hf. hafi borist lífeyrissjóðnum í mars 1994. Um það leyti hafi hann hitt Þórarin, starfsmann lífeyrissjóðsins, og hann haft orð á því, að farnar væru að berast skilagreinar frá öðru fyrirtæki. Hann hafi þá greint honum frá því, hvernig þessu væri háttað. Þórarinn hafi þá sagt sér, að vinnureglan hjá lífeyrissjóðnum væri sú, að þeir myndu færa greiðslur, sem bærust frá Sjávarréttum í Keflavík hf., til greiðslu á skuldum Sjávarrétta hf. Hann hafi mótmælt því við hann, en sagt, að það þyrfti að skoða betur. Þar með hafi hann talið, að lífeyrissjóðurinn vissi af tilveru nýja fyrirtækisins. Hann hafi lýst yfir því við Þórarin, en kannski ekki með nógu ákveðnum hætti, að hann teldi, að lífeyrissjóðurinn myndi endanlega færa greiðslur Sjávarrétta í Keflavík hf. inn á þeirra reikning. Hann efist um, að 13. október sé skiladagur skilagreina fyrstu sjö mánuði ársins 1994 frá Sjávarréttum í Keflavík hf. Algengt hafi verið, að hann hafi farið með skilagreinar sjálfur og afhent þær á skrifstofu lífeyrissjóðsins, en móttökukvittanir hafi ekki verið gefnar. Hann telji, að skilagreinum hafi verið skilað nokkuð reglulega. Með ólíkindum sé, ef skilagreinum hafi ekki verið skilað fyrr en í október. Verið geti, að farið hafi verið með skilagreinar fyrir tvo mánuði í einu, en hann telji, að ekki hafi orðið beinn dráttur á skilum.

Fundir hafi verið haldnir með lífeyrissjóðnum, þar sem um hafi verið að ræða skuld, sem minnkaði minna en æskilegt var. Ætlunin hafi verið að greiða skuldir Sjávarrétta hf. með láni eða með því að láta umframgreiðslur frá Sjávarréttum í Keflavík hf. fara til greiðslu skulda Sjávarrétta hf. Einkum hafi verið unnið að því, að Sjávarréttir í Keflavík hf. væru ekki í skuldum, en jafnframt að lækka skuldir Sjávarrétta hf. Greiðslur Sjávarrétta í Keflavík hf. hafi átt að renna til greiðslu skulda þess félags, en ekki hafi verið neitt að því fundið, að umframgreiðslur rynnu til greiðslu skulda Sjávarrétta hf.

Á fundi aðila 24. febrúar 1995 hafi hann afdráttarlaust tekið fram, að hann teldi þetta ekki vera í réttum farvegi og að hann óskaði eftir því, að greiðslur Sjávarrétta í Keflavík hf. væru færðar á það félag og að skörp skil yrðu gerð á milli félaganna, en því hafi verið hafnað. Þeim hafi verið tjáð, að lífeyrissjóðurinn tæki alltaf greiðslur upp í elstu skuldir. Samkomulagið, dags. 24. febrúar 1995, hafi ekki legið fyrir fundinum þann dag. Þeir hafi talið sig fallast á að hækka greiðslur til sjóðsins í 5% á loðnuvertíðinni, og á þeim tíma hafi þeir verið tilbúnir til að láta umframgreiðslur renna til greiðslu skulda Sjávarrétta hf. Eftir fundinn hafi þeir sent Íslandsbanka hf. skeyti um að hækka greiðslur í 5%. Skeytið hefði ekki verið sent, ef þeir hefðu verið búnir að sjá samkomulagið, sem þeir fengu seinna um kvöldið til undirskriftar, en þeir ekki skrifað undir það, vegna þess að þeir hafi ekki talið sig geta viðurkennt, að greiðslur frá Sjávarréttum í Keflavík hf. væru færðar á Sjávarrétti hf. Þeir hafi jafnvel talið það geta varðað við lög. Það hafi ekki verið þeirra skilningur, að niðurstaða fundarins væri sú, er fram kemur í samkomulaginu. Þeir hafi verið tilbúnir að hækka prósentuna vegna væntanlegrar loðnuvertíðar og að láta umframgreiðslur ganga til greiðslu skulda Sjávarrétta hf.

Þeir hafi ekki gert athugasemdir við lífeyrissjóðinn, þó að af yfirlitum hafi verið ljóst, að greiðslur frá stefnda voru færðar á Sjávarrétti hf. Þeir hafi talið, að ef til vill stöfuðu færslur inn á skuld Sjávarrétta hf. af einhverjum misskilningi eða mistökum, en að stofnun eins og sjóðurinn myndi leiðrétta þær. Þeir hafi borið fullt traust til lífeyrissjóðsins um það, að greiðslur yrðu færðar eins og menn myndu endanlega komast að samkomulagi um. Hann hafi efast mjög um, að lífeyrissjóðurinn hefði heimild til að ráðstafa greiðslu frá einu fyrirtæki til greiðslu á skuldum annars.

Með bréfi, dagsettu 24. júlí 1995, hafi þeir mótmælt hvers konar millifærslum með greiðslur Sjávarrétta í Keflavík hf.

Garðar Garðarsson hrl., lögmaður Lífeyrissjóðs Suðurnesja, skýrði svo frá fyrir dóminum, að hann hefði fyrst komið að þessu máli í ársbyrjun 1995, en þá hefði hann verið kallaður á fund í lífeyrissjóðnum til að fara yfir stöðu málsins með forsvarsmönnum Sjávarrétta hf. Tilefni fundarins hefði verið það, að félagið hefði verið í verulegum vanskilum með iðgjöld og samkomulag, sem það hafði gert um greiðslu iðgjalda, gekk ekki eftir.

Sér hefði ekki orðið kunnugt um nýja félagið, Sjávarrétti í Keflavík hf., fyrr en á fundinum. Þar hefði komið fram, að greiðslum frá nýja félaginu hefði verið ráðstafað inn á skuld eldra félagsins, Sjávarrétta hf. Þeirri ráðstöfun hefði ekki verið mótmælt, en fundurinn aðallega snúist um vanskilin og það, með hverjum hætti mætti greiða úr þeim.

Samkomulag hefði verið gert um það á fundinum, að Sjávarréttir í Keflavík hf. hækkuðu greiðslur úr 3% í 5% til að mæta samsöfnuðum vanskilum. Fyrirsvarsmenn félagsins hefðu gert sér fulla grein fyrir því, að þeir höfðu framið auðgunarbrot, og hann skilið þá svo, að þeim væri mikið í mun að leysa málið, svo að ekki kæmi til þess, að sjóðurinn þyrfti að kæra þá.

Eftir fundinn 24. febrúar 1995 hafi verið gert samkomulag, er hafi verið staðfesting þess, sem fram fór á fundinum. Ekki hafi verið rætt um, að umframgreiðslur færu inn á skuld eldra félagsins. Ef hann muni rétt, hafi samkomulagið verið efnt með því, að forsvarsmenn Sjávarrétta í Keflavík hf. hafi sjálfir útbúið yfirlýsingu til bankans, sem var í samræmi við það, er talað hafði verið um á fundinum.

Niðurstaða.

Til úrlausnar er í málinu, hvort Lífeyrissjóður Suðurnesja, sem hefur með höndum innheimtur fyrir stefnanda, Verkalýðsfélögin á Suðurnesjum, á greiðslum í félags-, sjúkra- og orlofssjóði stefnanda, hafi haft heimild til að færa greiðslur frá stefnda, Sjávarréttum í Keflavík hf. inn á skuldir Sjávarrétta hf.

Á hinu umstefnda tímabili greiddi stefndi Lífeyrissjóði Suðurnesja hærri fjárhæð en bar að greiða vegna stefnda.

Fyrir liggur, að lífeyrissjóðnum bárust fyrstu greiðslur frá stefnda í mars 1994, en lífeyrissjóðnum hafði ekki verið tilkynnt um stofnun stefnda og að Sjávarréttir hf. hefðu hætt starfsemi. Tók stefndi upp sama hátt á greiðslum iðgjalda og Sjávarréttir hf. höfðu haft samkvæmt samkomulagi, án þess að um það væri sérstaklega samið við lífeyrissjóðinn.

Af hálfu lífeyrissjóðsins hefur verið upplýst, að skilagreinar séu ekki móttökudagsstimplaðar. Þykir því ekki verða úr því leyst, hver var skiladagur fyrstu skilagreina stefnda.

Gísli Erlendsson, fyrirsvarsmaður stefnda, hefur viðurkennt, að starfsmaður lífeyrissjóðsins hafi munnlega tjáð sér í mars 1994, að greiðslum frá stefnda yrði ráðstafað upp í elstu skuld Sjávarrétta hf. Þá liggur fyrir, að á innheimtubréfum og yfirlitum frá lífeyrissjóðnum, sem stefnda voru send, kemur fram, hvernig greiðslum frá stefnda var ráðstafað.

Gísli hefur borið, að hann hafi mótmælt því við starfsmann lífeyrissjóðsins, að greiðslur frá Sjávarréttum í Keflavík hf. yrðu færðar til greiðslu á skuldum Sjávarrétta hf. Af hálfu lífeyrissjóðsins er því haldið fram, að ráðstöfun greiðslna frá stefnda inn á skuldir Sjávarrétta hf. hafi aldrei verið mótmælt.

Þá er því haldið fram af hálfu lífeyrissjóðsins, að samkomulagið, dags. 24. febrúar 1995, þar sem kveðið er á um, að stefndi greiði lífeyrissjóðnum 5%

af framleiðsluverðmæti vegna skulda Sjávarrétta hf., sé staðfesting þess, sem um var samið á fundi sama dag. Gísli hefur hins vegar mótmælt því og borið, að þeir hafi ekki talið sig geta samþykkt, að greiðslum frá stefnda yrði varið til greiðslu skulda Sjávarrétta hf. Þeir hafi talið sig fallast á það á fundinum að hækka greiðslur til sjóðsins, meðan loðnuvertíðin stæði yfir, og að þeir hafi verið tilbúnir til að láta umframgreiðslur renna til greiðslu skulda Sjávarrétta hf. Samkomulagið var ekki undirritað af hálfu stefnda. Gísli hefur lýst því, að skeyti til Íslandsbanka hf. um hækkun greiðsluhlutfalls til samræmis við það, sem fram kemur í samkomulaginu, hefði ekki verið sent, ef samkomulagið hefði áður borist.

Lífeyrissjóðurinn hélt áfram að færa greiðslur frá stefnda inn á skuldir Sjávarrétta hf. Hefur Gísli borið, að þar sem þeir hafi talið, að það stafaði af mistökum, sem yrðu leiðrétt, hafi ekki verið gerðar athugasemdir við það fyrr en með bréfi, dagsettu 24. júlí 1995, en þá hafi verið mótmælt hvers konar millifærslum með greiðslur Sjávarrétta í Keflavík hf.

Við það þykir þurfa að miða í máli þessu, að lífeyrissjóðnum hafi borið, þegar fyrstu greiðslur bárust frá stefnda, án tillits til þess, hvenær fyrstu skilagreinum var skilað, að leita eftir ótvíræðri heimild til að ráðstafa greiðslum frá stefnda inn á skuld Sjávarrétta hf. Það var hins vegar ekki gert fyrr en 24. febrúar 1995.

Ekki þykir fram hafa komið í málinu, svo að óvefengjanlegt sé, að stefndi hafi gefið ótvírætt samþykki sitt við því, að greiðslum félagsins til stefnanda yrði varið til greiðslna skulda Sjávarrétta hf. eða að stefndi hafi sýnt af sér slíkt tómlæti, að jafnað verði til samþykkis.

Gera verður strangar kröfur til þess, að stofnun eins og Lífeyrissjóður Suðurnesja, sem hefur með höndum innheimtu, afli sér skýlausrar heimildar til ráðstafana fjármuna, sem hún tekur við. Verður stefnandi að bera hallann af því, að lífeyrissjóðurinn aflaði ekki slíkrar heimildar. Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dóm þennan kvað upp Þorgerður Erlendsdóttir, settur héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, Sjávarréttir í Keflavík hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Verkalýðsfélaganna á Suðurnesjum.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 9. maí 1997.

Nr. 293/1996. **Ágúst Atlason**
Helgi Pétursson og
Ólafur Þórðarson
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)
gegn
Ólafíu Hrönn Jónsdóttur
(Guðni Á. Haraldsson hrl.)
og gagnsök

Samningur. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Aðaláfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1996 og krefjast aðallega sýknu, en til vara, að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar. Einnig krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. nóvember 1996 og krefst þess aðallega, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér sameiginlega 590.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 21. apríl 1995. Til vara krefst hún staðfestingar héraðsdóms. Loks krefst hún málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Hinn 18. febrúar 1997 voru að tilhlutan gagnáfrýjanda teknar skýrslur af Stefáni Baldurssyni þjóðleikhússtjóra og Hávari Sigurjónssyni, leiklistarráðunaut Þjóðleikhússins. Var endurrit úr dómabók Héraðsdóms Reykjavíkur með framburði þeirra lagt fyrir Hæstarétt svo og bréf þjóðleikhússtjóra 9. janúar 1997 og bréf leiklistarráðunautarins 11. sama mánaðar. Í gögnum þessum kemur meðal annars fram, að Björn Björnsson, leikstjóri skemmtidagskrár á Hótel Sögu, hafði nokkru fyrir frumsýningu leikritsins Taktu lagið, Lóa, spurst fyrir um hjá þessum vitnum, hvenær kvölds ætla mætti, að sýningum leikritsins lyki. Hafi stjórn Þjóðleikhússins eftir

það ákveðið, að sýningar verksins skyldu hefjast klukkan 20 í stað klukkan 20.30, eins og áður hafði verið ákveðið. Segja vitnin, að ákvörðun þessi hafi meðal annars verið tekin að ósk gagnáfrýjanda vegna þátttöku hennar í skemmtidagskránni á Hótel Sögu. Einnig kemur fram í hinum nýju gögnum, að eftir frumsýningu hafi sýningum leikritsins lokið á milli klukkan 22.45 og 22.55.

II.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var af hálfu aðaláfrýjenda borin fram sú málsástæða, að með því að taka 21. apríl 1995 fyrirvaralaust við greiðslu frá Hótel Sögu á launum fyrir æfingar og tvær sýningar á skemmtidagskránni hafi gagnáfrýjandi fyrirgert rétti sínum til að gera frekari kröfur á hendur aðaláfrýjendum. Ekki verður séð, að málsástæðu þessari hafi verið hreyft í héraði. Þegar af þeirri ástæðu verður hún ekki tekin til greina gegn mótmælum gagnáfrýjanda.

Eins og segir í héraðsdómi, gerðu aðaláfrýjendur verksamning við Hótel Sögu um það, að þeir tækju að sér að flytja dagskrá í Súlnasal hótelsins á tímabilinu frá 18. febrúar til 13. maí 1995 „með framlengingu, ef markaður er fyrir hendi“. Í reynd lauk sýningum þetta vor ekki fyrr en 31. maí.

Áfrýjendur hafa ekki sannað þá staðhæfingu sína, að samningur þeirra við gagnáfrýjanda um þátttöku í skemmtidagskránni hafi einungis verið til reynslu eða að þeim væri heimilt að slíta samningnum með nánar tilteknum fyrirvara. Verður að leggja til grundvallar, svo sem gert er í héraðsdómi, að gagnáfrýjandi hafi mátt gera ráð fyrir að taka þátt í dagskránni til maíloka. Verður því að telja með vísun til forsendna héraðsdóms, að aðaláfrýjendur hafi með ólögmætum hætti slitið samningi sínum við gagnáfrýjanda. Með skírskotun til röksemda héraðsdómara þykja skaðabætur fyrir fjártjón gagnáfrýjanda af völdum þessara vanefnda aðaláfrýjenda hæfilega ákveðnar í héraðsdómi.

III.

Auk bóta fyrir fjártjón felst í dómkröfu gagnáfrýjanda krafa um miskabætur, að fjárhæð 200.000 krónur, á þeim grundvelli, að nafn hennar hafi heimildarlaust verið notað til að auglýsa skemmtidag-

skrá þá, sem málið varðar, eftir að gagnáfrýjandi hætti að taka þátt í henni vegna vanefnda aðaláfrýjenda. Vísar gagnáfrýjandi til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 til stuðnings miskabótakröfu sinni. Gagnáfrýjanda var tilkynnt 9. mars 1995, að samstarfi hennar og aðaláfrýjenda væri lokið. Gagnáfrýjandi lagði fram ljósrit af auglýsingu í Morgunblaðinu 11. mars 1995 frá Hótel Sögu og upplýsingum um dagskrána í skemmtanadálki sama blaðs 9. og 16. mars 1995. Er nafns gagnáfrýjanda þar getið sem þátttakanda í skemmtidagskránni. Ekki er leitt í ljós, að birting auglýsingarinnar eða upplýsinga í skemmtanadálkinum verði raktar til sakar aðaláfrýjenda eða annarra atvika, sem þeir bera ábyrgð á. Verður þegar af þeirri ástæðu að sýkna þá af kröfu um miskabætur.

Samkvæmt því, sem rakið er hér að framan, verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjendur greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Ágúst Atlason, Helgi Pétursson og Ólafur Þórðarson, greiði gagnáfrýjanda, Ólafíu Hrönn Jónsdóttur, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. júní 1996.

Mál þetta, sem var dómtekið 30. maí sl., er höfðað með stefnu, þingfestri 8. júní 1995, af Ólafíu Hrönn Jónsdóttur, Skólavörðustíg 43, Reykjavík, gegn Ágústi Atlasyni, Lækjarfit 5, Garðabæ, Helga Péturssyni, Víðihlíð 13, og Ólafi Þórðarsyni, Urðarstíg 4, Reykjavík, öllum persónulega og fyrir hönd Ríó-tríósins, Birni Björnssyni, Engjaseli 41, Reykjavík, og Hótel Sögu v/Hagatorg, Reykjavík.

Við munnlegan flutning málsins féll stefnandi frá kröfum á hendur Birni Björnssyni.

Dómkröfur.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda 590.000 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 22. apríl til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefndu Ágústs, Helga og Ólafs eru þær, að þeir verði alsýknaðir af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða sér málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi auk virðisaukaskatts.

Dómkröfur stefnda Hótel Sögu hf. eru þær, að félagið verði sýknað af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmd til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Eins og áður greinir, var fallið frá kröfum á hendur Birni Björnssyni, en krafa er gerð af hans hálfu um málskostnað úr hendi stefnanda.

Málavextir.

Stefnandi kveður málavexti þá, að hún hafi verið ráðin til starfa sem „skemmtikraftur" í skemmtidagskránni Ríó-Saga, sem hafi verið samstarfsverkefni Hótel Sögu og Ríó-tríósins fyrstu mánuði árs 1995. Björn Björnsson, sem hafi verið leikstjóri dagskrárinnar, hafi hringt í sig um miðjan janúar og beðið sig að vera með. Um það hafi verið samið, að stefnandi tæki þátt í skemmtidagskránni þann tíma, sem hún stæði yfir, út maímánuð 1995, og hafi verið gert ráð fyrir einni sýningu á viku að jafnaði. Skyldu greiðslur fyrir hverja sýningu vera 30.000 kr., og að auki skyldu 30.000 kr. greiddar vegna æfinga. Æfingar hafi hafist í byrjun febrúar 1995 og skemmtidagskráin verið frumsýnd 18. febrúar.

Stefnandi hafi tekið þátt í sýningunni 18. febrúar. 25. febrúar hafi hún verið veik, en verið með 4. mars. Fimmtudaginn 9. mars hafi Björn Björnsson tilkynnt stefnanda, að ákveðið hefði verið, að hún yrði ekki lengur með í skemmtidagskránni. Stefnandi hafi þá leitað til lögmanns Félags íslenskra leikara, sem hafi sent símskeyti 10. mars og óskað staðfestingar á fyrirvaralausri riftun samningsins, en jafnframt spurst fyrir um það, hvort ætlast væri til, að stefnandi tæki þátt í næstu sýningu. Hótelstjóri Hótel Sögu hafi staðfest í samtali við lögmann Félags íslenskra leikara daginn eftir, að ekki væri óskað frekari þátttöku stefnanda í sýningunni. Ástæður þessa voru tilgreindar þær, að betur þætti henta, að sýningin hæfist 15 mínútum fyrr en verið hefði. Svo hafi háttað til, að stefnandi tók einnig þátt í sýningu í Þjóðleikhúsinu á þessum tíma og hefði því ekki getað komið fyrr. Um þetta hafi leikstjóra verið fullkomlega kunnugt allt frá upphafi, og hafi það raunar verið forsenda þess, að stefnandi gæti tekið þátt í sýningunni á Hótel Sögu.

Eftir að Ríó-Saga hafði einhliða rift samningi sínum við stefnanda, hafi þátttaka hennar í skemmtidagskránni margsinnis verið auglýst, meðal annars í Morgunblaðinu 11. febrúar (sic) 1995.

Með bréfi, dags. 22. mars 1995, hafi stefnandi sett fram kröfu á hendur stefndu til greiðslu skaðabóta vegna ólögmætrar og fyrirvaralausrar riftunar

á samningi aðila. Bréfið hafi verið stílað á Ríó-Sögu, c/o Jónas Hvannberg og Björn Björnsson, og sent á Hótel Sögu. Í svarbréfi, dagsettu 18. apríl 1995, frá lögmanni Hótel Sögu, Brynjólfi Kjartanssyni hrl., er þeirri skoðun lýst, að stefnandi hafi á engan hátt verið starfsmaður Hótel Sögu. Síðar hafi komið í ljós, að bréfið hafi aldrei borist þeim í hendur, sem því var ætlað, það er aðstandendum Ríó-Sögu, Ríó-tríóinu og Birni Björnssyni. Hinn 21. apríl hafi bréfið því verið sent öllum félögum í Ríó-tríói svo og Birni Björnssyni og óskað viðbragða. Þau hafi engin orðið.

Af hálfu stefnda Ríó-tríós er því haldið fram, að Björn Björnsson hafi farið til fundar við stefnanda á vinnustað hennar í Þjóðleikhúsinu og rætt við hana um áhuga hennar og möguleika á að taka þátt í dagskránni. Hafi þá komið í ljós, að stefnandi skyldi fara með aðalhlutverk í leikverkinu Taktu lagið, Lóa, og skyldi það vera á dagskrá í leikhúsinu á sama tíma og fyrirhuguð dagskrá stefndu á Hótel Sögu. Ræddi Björn þá einnig við þjóðleikhússtjóra og leikstjóra leikverksins. Hafi allir aðilar lýst miklum efasemdum um, að stefnandi gæti tekið þátt í sýningu stefndu, þar sem söngverk af því tagi, sem stefnandi tók þátt í, tæki að jafnaði mun lengri tíma í flutningi en þar, sem ekki er söngur og tónlist. Engu að síður hafi stefnandi og Björn ákveðið að láta á það reyna, hvort þátttaka stefnanda yrði mögulegt eða ekki.

Þegar ákveðið hafi verið að ráðast í uppfærslu á skemmtidagskránni, hafi ekki legið fyrir endanlegt handrit að henni, ekki verið vitað nákvæmlega um fjölda sýninga, ekki nákvæmlega, hvenær kvöldsins skemmtidagskráin skyldi hefjast, ekki um einstök hlutverk þeirra aðila, sem vinna skyldu að henni, o. s. frv. Þar hafi ekkert legið fyrir um það við upphaf dagskrárinnar, hvert framlag stefnanda skyldi vera nákvæmlega. Hins vegar hafi verið ljóst, að sýningin skyldi standa yfir í eina og hálfa klukkustund.

Til stefnanda hafi verið leitað sem „skemmtikrafts“ í venjulegum skilningi orðsins, en ekki sem leikara, enda hafi stefnandi getið sér gott orð sem skemmtikraftur. Hafi því ekki verið um að ræða ráðningu stefnanda sem leikara við uppsetningu á leikriti í leikhúsi, eins og málatilbúnaður stefnanda gefi tilefni til að ætla.

Við upphaf samstarfs stefnanda og stefndu hafi stefnanda verið gert ljóst, að algerlega væri óvíst, hvert hlutverk hennar yrði í skemmtidagskránni, þ. e. a. s., hvenær hún skyldi stíga á svið, hversu lengi hún skyldi skemmta, hvaða efni hún skyldi nota o. s. frv. Einvörðungu hafi verið samið um það fyrir fram, að stefnandi skyldi fá 30.000 kr. fyrir hvert skipti, sem hún tæki þátt í æfingu og sýningu á vegum stefndu. Um annað hafi ekki verið samið. Þegar skemmtidagskrá af þessu tagi sé sviðsett, sé óvíst eðli máls sam-

kvæmt, hversu lengi hún kunni að standa yfir; hún geti staðið lengi yfir ellegar kolfallið, eins og sagt er. Þá geti þurft að skipta út einstökum atriðum fyrir önnur í samræmi við vilja áhorfenda og aðstandendur sýningar.

Af þessum ástæðum hafi ekki verið unnt að fastsetja annað um samstarf aðila málsins en það, sem laut að greiðslum fyrir þátt stefnanda. Það sé því rangt, að um það hafi verið samið við stefnanda, að hún tæki þátt í sýningunni út maímánuð 1995, eins og haldið sé fram í stefnu.

Þá sé afar mikilvægt í þessu sambandi að hafa í huga, að ekki sé kleift að fastsetja að kvöldi byrjunartíma skemmtidagskrár af þessu tagi. Helgist það af því, að gestir í Súlnasal, sem er vínveitingahús, séu ráðandi um það, hvenær rétt sé að hefja dagskrá af því tagi, sem um ræði. Skipti máli að hefja sýningu, strax og „salurinn er tilbúinn", til þess að vera ekki með sýninguna í gangi, eftir að gestir eru almennt orðnir drukknir. Sé þá ekki fært að keyra sýninguna áfram, þar sem drukkna gesti skorti einbeitingu, en auk þess raski umgangur um salinn og skvaldur flutningi skemmtiatriða. Breytilegt sé því eftir gestum, hvenær æskilegt er að hefja dagskrána.

Vegna óska stjórnenda Hótel Sögu hafi orðið að ljúka sýningunni ekki síðar en 23.30 um kvöldið, þar sem þá hófst sala aðgöngumiða inn í salinn og almennur dansleikur hófst. Eftir það tímamark sé ekki unnt að halda í gangi sýningu af þessu tagi.

Á grundvelli þessara forsendna hafi stefnandi tekið þátt í skemmtidagskrá stefndu. Hafi stefnandi verið með í fyrsta sinn 18. febrúar 1995 og sýningin hafist u. þ. b. kl. 22.00. Hafi það helgast af því, hversu seint stefnandi gat tekið þátt í henni. Þátttaka stefnanda í sýningunni hafi hafist um kl. 23.00 og stefnandi verið með til loka sýningarinnar eða í u. þ. b. 30 mínútur. Hafi þetta stafað af því, að leikritið Taktu lagið, Lóa stóð til tæplega kl. 23.00, og hafi stefnandi ekki getað verið með fyrr, eins og áður segi. Þegar kom að sýningu 25. febrúar, hafi stefnandi ekki getað komið vegna veikinda og boðað forföll. Hinn 4. mars hafi stefnandi verið þátttakandi í sýningunni.

Að fenginni reynslu eftir fyrstu þrjár sýningar hafi þótt sýnt, að ekki var unnt að hefja skemmtidagskrá svo seint að kveldi, um kl. 22.00. Hafi hvort tveggja verið, að í járnum hafi staðið, að sýningu lyki fyrir þann tíma, er almennur dansleikur hófst, kl. 23.30, og jafnframt, að sýning, svo seint að kvöldi, hefði orðið fyrir þó nokkrum truflunum af því tagi, sem áður sé lýst. Hafi því verið ákveðið að hefja skemmtidagskrána nokkru fyrr og stefnanda verið tilkynnt um þessa breytingu. Þessi breyting hafi að sjálfsögðu leitt til þess, að stefnandi hafi ekki getað verið með í sýningunni vegna starfs síns í Þjóðleikhúsinu, og komi það ekki á óvart, enda miklar efasemd-

ir um með aðilum í upphafi samstarfsins, að stefnandi gæti í raun verið með í sýningunni vegna starfs síns í leikhúsinu.

Af þessum ástæðum hafi það komið stefndu í opna skjöldu, þegar stefnandi taldi, að samningi við hana hefði verið rift með ólöglegum hætti, með tilheyrandi skaðabótakröfum, sbr. sóknargögn málsins. Þyki stefndu það allnokkur umsnúningur frá raunverulegum atvikum þessa máls, sem séu einfaldlega þau, að stefnandi hafi ekki getað tekið þátt í skemmtidagskrá stefndu að Hótel Sögu, eins og áður sé rakið.

Af hálfu stefnda Hótel Sögu hf. er því haldið fram, að félagar Ríó-tríós hafi verið ráðnir sem verktakar til þess að sjá um, semja og flytja skemmtidagskrá í Súlnasal Hótel Sögu, sem borið hafi vinnuheitið Ríó-Saga. Skriflegur verksamningur hafi verið gerður milli aðila, dags. 21. janúar 1995. Samkvæmt honum skyldi dagskráin verða flutt á tímabilinu 18. febrúar til 13. maí 1995. Verkkaupi, þ. e. a. s. Hótel Saga hf., skyldi greiða meðstefndu ákveðna fjárhæð fyrir hverja sýningu, en innifaldar í þeirri fjárhæð hafi verið greiðslur vegna æfinga og undirbúnings sýningarinnar svo og allur kostnaður nema sá, sem Hótel Saga hf. tók sérstaklega að sér, svo sem laun leikstjóra og tæknimanna. Stefndi Hótel Saga hf. hafi tekið að sér að greiða ofangreinda fjárhæð, skipta á einstaka reikninga ýmissa listamanna samkvæmt yfirliti meðstefndu, eins og fram komi í 2. gr., 2. mgr., samningsins. Meðstefndu hafi tekið að sér að greiða öðrum listamönnum, sem að sýningunni kynnu að koma, en Hótel Saga hf. tekið að sér framkvæmdina, eins og að framan segi.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Af hálfu stefnanda er við það miðað, að með þeirri tilkynningu Björns Björnssonar til stefnanda, að ákveðið hefði verið, að hún yrði ekki lengur með í skemmtidagskránni, hafi Ríó-Saga einhliða og fyrirvaralaust rift samningi, sem þessir aðilar höfðu gert um þátttöku stefnanda í skemmtidagskránni. Upp gefnar ástæður um, að flýta þyrfti dagskránni, hafi ekki veitt samningsaðila heimild til riftunar, þar sem stefndu hafi vitað, að stefnanda var ókleift að koma fyrr. Samningurinn, sem gerður var, hafi verið um þátttöku stefnanda í skemmtidagskránni allan þann tíma, sem hún yrði sýnd, en gert hafi verið ráð fyrir, að það yrði út maímánuð. Samningurinn hafi ekki verið skriflegur og ekkert fjallað um heimild til uppsagnar á honum. Því gildi hin almennu ákvæði samningalaga í þessu sambandi. Forsendur riftunar hafi engar verið. Stefnandi hafði í engu brugðist skyldum sínum gagnvart viðsemjendum, og því séu stefndu bótaskyldir á grundvelli ólögmætrar riftunar. Þegar fólk ráði sig tímabundið til starfa, sé almennt

ekki innan þess tíma heimilt að slíta ráðningu með uppsögn, nema samið hafi verið sérstaklega um það eða einhvers konar fyrirvari gerður.

Eftir að Ríó-Saga hafði einhliða rift samningnum við stefnanda, hafi þátttaka hennar í skemmtidagskránni iðulega verið auglýst í útvarpi og dagblöðum. Stefnandi telur, að þar hafi nafn sitt verið misnotað og með því vegið að listamannsheiðri sínum. Geri hún því kröfu til miskabóta á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga.

Stefnandi hafi gert þennan samning við Ríó-Sögu og verið tjáð, að aðstandendur væru Ríó-tríó og Hótel Saga. Stefndi Björn Björnsson hafi verið leikstjóri sýningarinnar og tengiliður hennar við hótelið. Þar sem Hótel Saga telji sig ekki aðila þessa máls, samanber bréf lögmanns hennar, dagsett 18. apríl 1995, hafi Birni einnig verið stefnt í máli þessu, þar sem hann hafi bæði ráðið og rekið stefnanda. Hótel Saga hafi tekið á sig ýmsar skyldur gagnvart Ríó-Sögu, svo sem greiðslur vegna æfinga og undirbúnings, beint til listamanna, svo og umsjón bókhalds, að því er virðist. Það bendi til þess, að réttarsamband þess og Ríó-Sögu hafi verið nánara en svokallað „verktakasamband", svo sem haldið er fram í bréfinu. Þetta komi meðal annars fram á því, að reikningur, sem stefnandi hafi gert vegna þátttöku sinnar í Ríó-Sögu, var stílaður á Hótel Sögu samkvæmt þeirra leiðbeiningum og greiddur athugasemdalaust. Því sé Hótel Sögu einnig stefnt.

Dómkrafan sundurliðast þannig:

Greiðslur vegna reglulegra sýninga út maí, 12 skipti á 30.000 krónur	kr.	360.000
Greiðsla vegna aukasýningar 31. mars	–	30.000
Miskabætur	–	200.000

Í innheimtubréfi lögmanns stefnanda hafi verið krafist greiðslu á 680.000 kr., og hafi Hótel Saga hf. fallist á að greiða stefnanda 21. apríl 1995 90.000 kr. vegna æfinga og tveggja sýninga í skemmtidagskránni. Því sé kröfufjárhæð 680.000 kr. – 90.000 kr. eða 590.000 kr.

Málsástæður og lagarök stefnda Ríó-tríós.

Af hálfu þessa stefnda er því allsendis mótmælt, að stefndu hafi rift samningi með ólögmætum hætti. Hið rétta sé, að stefnandi hafi ekki getað staðið við samninginn af fyrrgreindum sökum. Hafi hún hætt þátttöku í skemmtidagskránni af þeim ástæðum einvörðungu, en ekki af ástæðum, sem stefndu sé um að kenna.

Stefnandi haldi því fram að fyrir hendi sé munnlegur samningur á milli aðila málsins með tilteknu efni. Fyrir staðhæfingum sínum um efni þess samnings beri stefnandi alla sönnunarbyrði.

Hafi stefnandi gert samning við stefndu, sé ljóst, að sá samningur hafi

ekki verið ráðningarsamningur, heldur hafi verið verktakasamband milli aðila. Þetta sé ljóst m. a. af dskj. nr. 9, sem sé reikningur, út gefinn af stefnanda til Hótel Sögu. Á honum sé tala, sem feli í sér allar greiðslur, er stefnandi þurfi og vilji greiða, svo sem lífeyrissjóðsiðgjald, félagsgjald og þess háttar. Af þessu leiði, að allar tilvísanir stefnanda til ráðningarsamnings á dskj. nr. 8 á milli ríkissjóðs og Félags íslenskra leikara séu marklausar og án þýðingar. Auk þess séu samningsaðilar þar ríkið og félag leikara, og eigi stefndu enga aðild að þeim samningi. Sé ósannað, að efni téðs ráðningarsamnings hafi verið hluti samnings málsaðila. Verði stefndu því ekki bundnir við efni samningsins þegar af þeirri ástæðu. Þá sé og ljóst, að umsamin þóknun til stefnanda sé í engu samræmi við kaup og kjör skv. samningi á dskj. nr. 8.

Því er gersamlega mótmælt, að efni verksamnings aðila hafi verið það, sem stefnandi haldi fram. Gegn staðhæfingum stefndu sé vafalaust, að staðhæfingar stefnanda teljist ósannaðar. Mikilvægt sé, að fram komi, að verulegar efasemdir hafi verið um það með aðilum í upphafi samstarfsins, hvort stefnandi gæti í raun tekið þátt í skemmtidagskrá stefndu sökum starfa sinna í leikhúsinu. Hafi enda komið á daginn, að stefnanda hafi verið það ókleift, og kom það engum málsaðila á óvart.

Fullkomlega sé upplýst, að samningssamband aðila málsins hafi algerlega verið háð þeim fyrirvara, að stefnanda tækist að samræma vinnu sína í Þjóðleikhúsinu skemmtidagskrá stefndu. Megi segja, að deilan snúist í einfaldleika sínum einvörðungu um það, hvort stefndu hafi lofað stefnanda, að skemmtidagskráin hæfist alltaf kl. 22.00, svo að stefnanda gæfist tækifæri til þátttöku. Stefnandi haldi þessu fram í raun, þó að ekki sé það gert með þeim orðum. Fyrir þessari staðhæfingu sinni beri stefnandi sönnunarbyrði. Því sé eindregið mótmælt, að stefndu hafi gefið nokkurt slíkt loforð, enda ógerlegt af ástæðum, sem áður er lýst. Beri því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Ekki liggi fyrir nægjanlega skýrgreint í sóknarskjölum málsins, á hvaða skaðabótasjónarmiðum stefnandi reisi kröfugerð sína. Sé krafa stefnanda grundvölluð á skaðabótum vegna ólögmætra slita á ráðningarsamningi, sé ljóst, að stefnandi eigi ekki rétt á skaðabótum úr hendi stefndu nema því aðeins, að sýnt sé fram á, að stefnandi hafi verið án atvinnu og ekki getað aflað sér tekna. Þá beri stefnanda skv. meginreglum skaðabótaréttar að reyna að takmarka tjón sitt eftir fremsta megni.

Óumdeilt í málinu sé, að stefnandi hafi verið í fullu starfi hjá Þjóðleikhúsinu á þeim tíma, sem um ræði. Þá muni stefnandi hafa tekið að sér ýmis aukastörf á því tímabili, sem krafist sé bóta fyrir, og því ljóst, að stefnandi

hafi einskis misst í tekjum, nema síður sé. Sé því ekki grundvöllur til þess að fallast á fjárkröfu stefnanda, jafnvel þótt fallist yrði á, að stefndu bæru bótaábyrgð gagnvart stefnanda. Skori því stefndu á stefnanda að leggja fram óyggjandi gögn um tekjur sínar tímabilið mars til og með maí 1995 og jafnframt, hvaða störfum hún hafi sinnt öll laugardagskvöld á þessu sama tímabili.

Sé krafa stefnanda reist á ólögmætri uppsögn verksamnings millum aðila málsins, sé og ljóst, að stefnandi verði að sýna fram á raunverulegt fjárhagstjón. Þá verði að taka tillit til sjónarmiða compensatio lucri cum damno við mat á tjóni stefnanda. Ljóst sé, að stefnandi hafi ekki staðið við sinn hluta verksamnings og beri af þeim sökum engan kostnað af samningnum eftir 4. mars 1995. Tjón stefnanda í þessu tilfelli verði því aðeins sá nettóhagnaður, sem stefnandi kunni að hafa haft af samningnum að frádregnum kostnaði, svo sem útlögðum kostnaði af búningum (saumi, hreinsun o. þ. h.), förðun, ferðakostnaði til og frá Hótel Sögu, reiknuðu endurgjaldi vegna vinnuframlags, félagsgjalda o. þ. h.

Fjárkrafa stefnanda sé því vanreifuð og ekki dómtæk, eins og hún liggi fyrir í málinu.

Að því er varði miskabótakröfu stefnanda, er henni mótmælt sem rakalausri og án nokkurs stuðnings í gögnum málsins. Stefndu benda á, að ekki geti farið saman að krefjast miskabóta vegna ólögmætra slita á samningi um verk og hins vegar miskabóta vegna þess, að auglýsing um þátttöku stefnanda í verkinu teljist skerðing á listamannsheiðri stefnanda, en miskabótakrafan sé rökstudd með því, að stefndu hafi „misnotað“ nafn stefnanda í fjölmiðlum og „vegið að listamannsheiðri“ hennar með þeim hætti. Þessi rökstuðningur sé fráleitur og krafa þessi algjörlega tilefnislaus. Nú sé það svo, að þegar stefnandi hafi getað tekið þátt í skemmtidagskrá stefndu, hafi sú þátttaka verið auglýst með venjulegum hætti í dagblöðum. Ekki sé því borið við, að þær auglýsingar hafi vegið að listamannsheiðri stefnanda sem slíkar. Eftir að ljóst hafi orðið, að stefnandi gat ekki tekið þátt í dagskrá stefndu, hafi birst auglýsingar með nafni stefnanda fyrir mistök Morgunblaðsins, sem hafði ekki leiðrétt auglýsinguna m. t. t. stefnanda. Um það verði stefndu ekki kennt, enda alls ekki ætlun þeirra að upplýsa gesti á skemmtun sinni um annað en staðreyndir.

Þá sé rétt að hafa í huga efni auglýsinganna á dskj. nr. 4, en þar segir um stefnanda: „Leik- og söngkonan Ólafía Hrönn Jónsdóttir slæst í hópinn, tekur lagið og slær á létta strengi“, sbr. Morgunblaðið 9. og 16. mars 1995.

„Skemmtisaga vetrarins, Ríó-tríó, Ólafía Hrönn og o. fl. fara á kostum,“ sbr. Morgunblaðið 11. mars 1995.

Ekki verði með nokkrum hætti séð annað en auglýsingar séu stefnanda mjög til hróss. Hafi stefnandi fengið af þeim góða kynningu án endurgjalds, sem án vafa hafi nýst henni í skemmtiiðnaðinum.

Málsástæður og lagarök stefnda Hótel Sögu hf.

Af hálfu þessa stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi ekki verið starfsmaður Hótel Sögu hf. og ekki ráðin til vinnu á vegum stefnda, heldur sennilegast af meðstefndu. Af þessu leiði, að sýkna verði Hótel Sögu hf. vegna aðildarskorts, sbr. 16. gr., 2. tl., eml.

Niðurstaða.

Lagður hefur verið fram í málinu verksamningur, dags. 21. janúar 1995, milli stefndu Hótel Sögu hf. annars vegar og Ágústs Atlasonar, Helga Péturssonar og Ólafs Þórðarsonar hins vegar. Þar kemur fram, að félagar Ríó-tríós tóku að sér flutning skemmtidagskrár í Súlnasal Hótel Sögu tímabilið 18. febrúar – 13. maí 1995 með framlengingu, ef markaður yrði til. Samkvæmt 2. gr. samningsins skyldi Hótel Saga greiða félögum Ríó-tríós ákveðna þóknun fyrir hverja sýningu. Af samningnum verður ekki ráðið, að Hótel Saga hafi samkvæmt honum tekið að sér að greiða einstökum listamönnum, er kynnu að taka þátt í sýningunni með Ríó-tríói. Þá hefur stefnandi borið fyrir dómi, að hún hafi átt fund með félögum Ríó-tríós og Birni Björnssyni og Björn tjáð sér, að hún ætti að semja við Ríó-tríó um launin, en óumdeilt er, að Björn Björnsson kom fram í máli þessu gagnvart stefnanda sem umboðsmaður Ríó-tríós, sbr. bókun við munnlegan flutning málsins. Verður því ekki séð af því, sem fram hefur komið í málinu, að Hótel Saga hf. hafi átt þátt í ráðningu stefnanda eða samið við hana um launakjör. Ber því að fallast á sýknukröfu þessa stefnda í málinu.

Upplýst er, að á komst samningur á milli stefnanda og stefnda Ríó-tríós. Deilt er um það í málinu, hvert efni hans var. Stefnandi heldur því fram, að hún hafi verið ráðin til þess að taka þátt í sýningum út maímánuð 1995. Af hálfu Ríó-tríós er því hins vegar haldið fram, að þátttaka hennar í sýningunum hafi einungis verið til reynslu, þ. e. til þess að sjá, hvort sýningin gengi upp með tilliti til þátttöku stefnanda í leiksýningum í Þjóðleikhúsinu þessi sömu kvöld.

Óumdeilt er, að Birni Björnssyni var af hálfu Ríó-tríós falið að leita til stefnanda um, að hún tæki þátt í umræddri skemmtidagskrá. Í framburði Björns fyrir dómi kom fram, að honum var um það kunnugt, að stefnandi var þá að æfa fyrir verkið Taktu lagið, Lóa, í Þjóðleikhúsinu, en leikritið var frumsýnt einni viku á undan frumsýningu á Hótel Sögu. Bar Björn, að hann hefði fengið upplýsingar hjá leikstjóra stefnanda og þjóðleikhússtjóra, sem hefðu gefið þeim ástæðu til þess að trúa, að tímasetningar gætu staðist, en síðar, eftir frumsýningu leikritsins, hafi það komið í ljós, að húsið gæti ekki sætt sig við, að beðið væri eftir einum þátttakanda.

Samkvæmt framansögðu lá það fyrir, er samningur var gerður við stefn-

anda um þátttöku í skemmtidagskránni, að hún var bundin við sýningar í Þjóðleikhúsinu. Telja verður því, að stefndu hafi tekið áhættuna af því, að tímaáætlanir stæðust ekki. Stefndu hefur ekki gegn andmælum stefnanda tekist að sýna fram á, að í samkomulagi málsaðila skyldu einhverjir fyrirvarar gilda í þessu sambandi. Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu um slíkar sýningar, þykir stefnandi hafa gert sennilegt, að hún ætti samkvæmt samkomulagi aðila að taka þátt í sýningum út maímánuð.

Stefndu riftu samningi sínum við stefnanda og bera það fyrir sig, að stefnandi hafi ekki getað efnt samninginn. Telst þetta með öllu ósannað, og hafa stefndu hvorki með framburði vitna né öðrum hætti getað sýnt fram á, að þær tvær sýningar, er stefnandi tók þátt í, hafi ekki getað hafist á eðlilegum tíma eða þurft hafi að bíða eftir stefnanda, en stefnandi bar hér fyrir dómi, að hún hefði þurft í bæði skiptin að bíða í 15 mínútur, áður en hún komst að í sýningunni með sitt atriði.

Ber því að fallast á, að stefndu hafi með ólögmætum hætti rift samningi sínum við stefnanda.

Fyrir liggur, að samkvæmt samningi aðila skyldi stefnandi fá greiddar 30.000 kr. fyrir hverja sýningu. Fallast ber á, að stefnandi hafi með riftun stefndu á samningnum orðið af hagnaði, sem hún annars hefði haft af sýningunum. Ber því að taka til greina bótakröfu hennar, að fjárhæð 390.000 kr., en fjölda sýninganna hefur ekki verið mótmælt af hálfu stefndu.

Enda þótt þátttaka stefnanda hafi verið auglýst í sýningunni, eftir að hún hætti þar þátttöku, þykir hún ekki, eins og auglýsingum var háttað, hafa sýnt fram á, að þær hafi skaðað listamannsheiður hennar eða að um misnotkun hafi verið að ræða. Ber því að hafna miskabótakröfu stefnanda.

Eftir þessari niðurstöðu ber stefndu Ágústi Atlasyni, Helga Péturssyni og Ólafi Þórðarsyni að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 100.000 kr. Virðisaukaskatts á málflutningsþóknun er ekki krafist.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi Hótel Saga hf. beri sinn kostnað af máli þessu, sömuleiðis Björn Björnsson, sem upphaflega var stefnt í málinu.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu Ágúst Atlason, Helgi Pétursson og Ólafur Þórðarson greiði stefnanda, Ólafíu Hrönn Jónsdóttur, 390.000 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. apríl 1995 til greiðsludags og 100.000 kr. í málskostnað.

Málskostnaður gagnvart Hótel Sögu hf. og Birni Björnssyni fellur niður.

Föstudaginn 9. maí 1997.

Nr. 447/1996. **Íslenska ríkið**
(Jón G. Tómasson hrl.)
gegn
Hrefnu Iðunni Sigvaldadóttur
(Guðni Á. Haraldsson hrl.)
og gagnsök

Ríkisstarfsmenn. Grunnskólar. Sveitarfélög. Skaðabótakrafa. Biðlaunakrafa. Flýtimeðferð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. desember 1996 að fengnu áfrýjunarleyfi Hæstaréttar sama dag og krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar sér til handa í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði með stefnu 3. febrúar 1997 og krefst þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 2.261.273 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. september 1996 til greiðsludags. Til vara krefst hún staðfestingar héraðsdóms um annað en málskostnað. Þá krefst hún málskostnaðar sér til handa í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með samþykki Hæstaréttar 12. desember 1996 sætir mál þetta flýtimeðferð samkvæmt XIX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

I.

Í héraðsdómi er lýst málsatvikum og málsástæðum aðila.

Gagnáfrýjandi starfaði sem skólastjóri Breiðagerðisskóla, sem er grunnskóli í Reykjavík, en í það starf hafði hún verið skipuð 14. júní 1979. Var hún ríkisstarfsmaður, og um kjör hennar og réttindi giltu kjarasamningar Kennarasambands Íslands og lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Með lögum um grunnskóla nr. 66/1995, sem gildi tóku 13. mars 1995, ákvað löggjafinn, að sveitarfélög skyldu halda grunnskóla fyrir

börn og unglinga á aldrinum 6 til 16 ára, en til þessa hafði ríkið gert það ásamt sveitarfélögunum. Skólastjórnendur og kennarar grunnskóla áttu þar með að verða starfsmenn sveitarfélaga í stað ríkis áður. Í 57. gr. laganna var kveðið á um gildistöku, en þar segir, að lögin öðlist þegar gildi og komi að fullu til framkvæmda 1. ágúst 1996, enda hafi Alþingi þá meðal annars samþykkt breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sem tryggi öllum kennurum og skólastjórnendum við grunnskóla, sem rétt hafa átt til aðildar að sjóðnum, aðild að honum, svo og lög um ráðningarréttindi þessara starfsmanna, sem tryggi þeim efnislega óbreytt ráðningarréttindi hjá nýjum vinnuveitanda.

Lög nr. 72/1996 um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla tóku gildi 1. ágúst 1996. Í þeim lögum eru ýmis ákvæði um kjör og réttindi ofangreindra starfsmanna grunnskólanna, meðal annars um veitingu starfa, lausn úr stöðu, launagreiðslur og hlunnindi. Samkvæmt 14. gr. eiga starfsmenn, ef staða þeirra er lögð niður, rétt á föstum launum, er starfanum fylgdu, í 6 eða 12 mánuði eftir starfsaldri, enda hafi þeir ekki hafnað annarri sambærilegri stöðu hjá sveitarfélögum. Jafnframt eiga þeir að öðru jöfnu rétt til stöðunnar, verði hún stofnuð aftur innan 5 ára. Eru ákvæði greinarinnar að þessu og öðru leyti sambærileg við ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, sem giltu til 1. júlí 1996. Í 36. gr. laga nr. 72/1996 segir, að þau séu sett með vísan til b-liðar 1. mgr. 57. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995. Síðan segir svo í greininni: „Við flutning grunnskólanna til sveitarfélaga yfirtaka sveitarfélögin ráðningar og ráðningarsamninga núverandi starfsmanna. Kennarar og skólastjórnendur, sem starfað hafa hjá ríki fyrir flutninginn, skulu halda öllum starfsréttindum sínum óbreyttum, þar með töldum réttindum, sem byggjast á starfs- og þjónustualdri. Flutningurinn felur því ekki í sér niðurlagningu stöðu í skilningi 14. gr. laga nr. 38/1954, og gilda ákvæði hennar því ekki um starfsmenn í skilningi laga þessara."

Óumdeilt er í málinu, að við setningu laganna var haft samráð við nefnd, sem menntamálaráðherra hafði skipað til að gera tillögur um meðferð kjara- og réttindamála kennara og skólastjórnenda við grunnskóla við flutning þeirra til sveitarfélaga. Áttu samtök kennara meðal annarra fulltrúa í nefndinni, og var sátt um efni laganna.

II.

Gagnáfrýjandi hélt áfram störfum sínum sem skólastjóri Breiðagerðisskóla eftir setningu grunnskólalaga nr. 66/1995. Hinn 1. ágúst 1996 tóku gildi lög nr. 72/1996 um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, eins og fyrr segir. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er fallist á þá niðurstöðu hans, að þau lög hafi tekið til gagnáfrýjanda. Fram að gildistöku þeirra var hún ríkisstarfsmaður. Hún hafði hins vegar ákveðið að láta þá af störfum og hafði tilkynnt aðaláfrýjanda það 2. maí 1996. Lítur hún svo á, að það hafi jafngilt uppsögn úr starfi, er löggjafinn ákvað að flytja stöðuna og þar með réttindi hennar og skyldur til Reykjavíkurborgar án samþykkis síns. Byggir hún aðalkröfu sína á því, að hún eigi rétt á bótum fyrir ólögmæta uppsögn. Varakrafa hennar um biðlaun er á því reist, að staða hennar hjá ríkinu hafi verið lögð niður.

Með þeirri löggjöf, sem að framan er lýst, var mörkuð sú stefna, að rekstur grunnskóla skyldi færast milli tveggja greina hinnar opinberu stjórnsýslu, þ. e. frá ríkisvaldi til staðbundinna sveitarstjórna. Forsenda löggjafans fyrir því, að þessi breyting næði fram að ganga, var sett fram með skýrum hætti í 57. gr. laga nr. 66/1995, þar sem kveðið var á um, að kennarar og skólastjórnendur skyldu halda öllum kjörum og réttindum, sem þeir áður höfðu. Þessu var síðan fylgt eftir í 36. gr. laga nr. 72/1996. Efnisákvæði hennar ná jafnt til allra þeirra, sem þessum stöðum gegndu. Þeim er tryggt áframhaldandi sama starf með sömu réttindum og áður. Í 14. gr. laganna eru þeim tryggð biðlaun, ef staða þeirra yrði lögð niður, ásamt forgangsrétti til starfa á vegum sveitarfélaga. Í málinu hefur ekki verið sýnt fram á, að starfsöryggi viðkomandi starfsmanna verði raskað með hinni nýju skipan. Að þessu athuguðu verður að telja þau sjónarmið, sem búa að baki 36. gr., málefnaleg og sanngjörn. Verður ekki á það fallist með gagnáfrýjanda, að með ákvæðinu hafi verið brotin á henni jafnræðisregla íslensks réttar eða gengið gegn ákvæði 75. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 13. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, um atvinnufrelsi. Önnur ákvæði stjórnarskrár og alþjóðlegra samþykkta, sem byggt er á af hálfu gagnáfrýjanda, verða ekki heldur talin hafa verið brotin með löggjöf þessari.

Ekki hefur verið sýnt fram á, að breytingar á starfi gagnáfrýjanda og verkahring við flutning stöðunnar hafi verið í þeim mæli, að það

væri umfram það, sem henni var skylt að hlíta samkvæmt 33. gr. laga nr. 38/1954, sbr. nú 33. gr. laga nr. 72/1996.

Með vísan til framanritaðs er ekki á það fallist með gagnáfrýjanda, að hún hafi sætt ólögmætri uppsögn úr starfi eða að staða hennar hafi verið lögð niður í skilningi 14. gr. laga nr. 38/1954. Samkvæmt þessu verður aðaláfrýjandi sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, íslenska ríkið, skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Hrefnu Iðunnar Sigvaldadóttur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti skal falla niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. nóvember 1996.

1.

Mál þetta sætir flýtimeðferð eftir ákvæðum XIX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Það var höfðað með birtingu stefnu 16. september sl. og dómtekið 24. október.

Stefnandi er Hrefna Iðunn Sigvaldadóttir, kt. 210330-4109, Snorrabraut 69, Reykjavík.

Stefndu eru menntamálaráðherra f. h. íslenska ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kt. 550169-2829, Arnarhváli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða stefnanda 2.261.273 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 1. september 1996 til greiðsludags, til vara, að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða stefnanda 131.302 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 1. september 1996 til greiðsludags. Stefnandi krefst þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða sér málskostnað að mati réttarins auk lögmælts virðisaukaskatts.

Af hálfu stefndu eru gerðar þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða stefndu málskostnað eftir mati dómsins.

2.

Málavextir.

Með lögum nr. 66 frá 8. mars 1995 um grunnskóla var ákveðið, að sveitarfélögin tækju við rekstri grunnskóla landsins af ríkinu. Samkvæmt

57. gr. laganna skyldu þau þegar öðlast gildi og koma að fullu til framkvæmda 1. ágúst 1996, enda hefði Alþingi þá, eftir því sem segir í b-lið greinarinnar, samþykkt lög um ráðningarréttindi kennara og skólastjórnenda við grunnskóla, sem tryggðu þeim efnislega óbreytt réttindi hjá nýjum vinnuveitanda.

Í 1. málsl. 36. gr. laga nr. 72 frá 11. júní 1996 um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, sem öðluðust gildi 1. ágúst s. á., segir: „Við flutning grunnskólanna til sveitarfélaga yfirtaka sveitarfélögin ráðningar og ráðningarsamninga núverandi starfsmanna.“ Samkvæmt athugasemdum með frumvarpi að lögunum var það frumforsenda flutnings grunnskólanna frá ríki til sveitarfélaga, að sættir tækjust með öllum aðilum um framkvæmd flutningsins og fyrirkomulag ráðningarréttinda. Þar greinir einnig frá því, að menntamálaráðherra hafi skipað nefnd 26. júní 1995 til að gera tillögur að meðferð kjara- og réttindamála kennara og skólastjórnenda grunnskóla við flutning frá ríki til sveitarfélaga. Meðal nefndarmanna var fulltrúi kennarafélaganna. Segir síðan, að frumvarpið sé „byggt á því samkomulagi, sem náðist milli þessara aðila og birtist í skýrslu nefndarinnar. Frumvarpið felur því fyrst og fremst í sér endurspeglun á lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr. 38/1954. ...“

Að loknu námi við Kennaraskóla Íslands starfaði stefnandi við Breiðagerðisskóla sem kennari frá árinu 1958, varð yfirkennari 1973, sett í stöðu skólastjóra frá 1. september 1978 og skipuð skólastjóri 14. júní 1979. Um laun hennar og kjör hefur farið eftir kjarasamningum Kennarasambands Íslands og lögum nr. 38/1954 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Með bréfi til fjármálaráðuneytisins, dags. 2. maí 1996, tilkynnti lögmaður stefnanda, að þar sem hafinn væri undirbúningur næsta skólaárs, þætti henni rétt að upplýsa, að hún myndi ekki fara til starfa hjá Reykjavíkurborg. Hún myndi nýta biðlaunarétt sinn og óskaði viðræðna um hann.

Með bréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 22. maí 1996, var viðræðum um greiðslu biðlauna hafnað á þeirri forsendu, að frumvarp að lögum um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda gerði ekki ráð fyrir biðlaunum til handa þeim skólastjórum, sem vildu ekki una flutningnum. Á framangreint bréf væri litið sem tilkynningu um starfslok og af þeim sökum framsent menntamálaráðuneyti.

Með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 31. maí 1996, til fjármálaráðuneytisins var því mótmælt, að hún hefði tilkynnt um starfslok, og áréttað, að þau hafi leitt af lögum og samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um yfirtöku grunnskóla.

Starf skólastjóra Breiðagerðisskóla var auglýst laust til umsóknar 12. maí 1996, og var stefnandi tekin af launaskrá hjá ríkinu 1. ágúst 1996.

3.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Aðalkrafa stefnanda er um skaðabætur.

Á því er byggt, að stefnanda hafi verið sagt upp störfum án sakar, og eigi hún því rétt á bótum. Ekki sé hægt að þvinga launþega með lögum eða samningum til þess að taka vinnu hjá þriðja aðila. Þetta styðjist við óskráða meginreglu vinnuréttar. Slík þvingun sé brot á 75. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 12. gr. laga nr. 97/1995, enda hafi ekki verið um að ræða neina þá almannahagsmuni, sem réttlættu hana. Um þetta er einnig vísað til undirstöðuraka 4. mgr. 20. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 23. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og 2. tl. 1. gr. félagsmálasáttmála Evrópu.

Krafan er einnig rökstudd með því, að hið nýja starf hjá Reykjavíkurborg sé mun umfangsmeira en stefnandi gegndi hjá ríkinu, og einnig séu skyldur allt aðrar. Það jafngildi fyrirvaralausri uppsögn, þegar starfi og starfssviði sé breytt án samþykkis starfsmanns. Er um þetta vitnað til tveggja bréfa frá Skólastjórafélagi Íslands, þar sem fram kemur það álit, að vinna skólastjóra hafi aukist við flutninginn svo og fjármálaleg ábyrgð, og sé þar að mestu leyti um að ræða störf, sem áður hafi heyrt undir fræðsluskrifstofur.

Um skaðabætur vísar stefnandi til 3. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1954, sbr. 32. gr. laga nr. 70/1996, og til almennra reglna skaðabótaréttar.

Fjárhæð skaðabótakröfu jafngildir föstum launum: mánaðarlaun í 12 mánuði, 1.575.624 krónur, og skólastjórayfirvinna í 12 mánuði, 425.434 krónur, auk orlofs af framangreindum liðum, 260.215 krónur.

Varakrafa er um biðlaun.

Krafan styðst við þá málsástæðu í fyrsta lagi, að við færslu grunnskólans til sveitarfélaga hafi staða stefnanda hjá ríkinu verið lögð niður, og skuli um biðlaunin fara samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954. Biðlaunaréttindi hafi verið metin til launa og þannig beinlínis orðið til þess, að opinberir starfsmenn hafi ekki fengið sömu launahækkanir og aðrir launþegar. Afnám 36. gr. laga nr. 72/1996 á biðlaunarétti, eins og hann var ákveðinn í 14. gr. laga nr. 38/1954, sé brot á 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. laga nr. 97/1995. Hið sama eigi við um afnám biðlaunaréttar, sem felist í lögum nr. 70/1996. Rétturinn til biðlauna sé hluti af launakjörum stefnanda. Biðlaun séu í eðli sínu bætur. Slík réttindi séu varin af eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, og sé ekki unnt að afnema þau, nema fullt verð komi fyrir.

Í öðru lagi er til þess vísað, að um sé að ræða brot á almennri jafnræðisreglu, sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar, með þeirri mismunun, sem felist í bið-

launaákvæði 14. gr. laga nr. 72/1996, þ. e., að launþegi verði að þiggja starf hjá öðrum en ríkinu að viðlögðum biðlaunamissi. Þá sé það ákvæði 36. gr. laga nr. 72/1996, að flutningurinn feli ekki í sér niðurlagningu á stöðu, í andstöðu við undirstöðurök 2. gr. stjórnarskrárinnar um þrígreiningu ríkisvaldsins; það sé á valdi dómstóla að dæma, hvað felist í lögum Alþingis. Löggjöf, sem gangi gegn meginreglum eignarréttar og ákvæðum stjórnarskrár, sé ógild réttarheimild.

Í þriðja lagi er krafan reist á því, að lög nr. 72/1996 eigi samkvæmt 1. gr. þeirra við um kennara og skólastjórnendur við grunnskóla í þjónustu sveitarfélaga, en það hafi stefnandi ekki verið.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram um aðalkröfu og varakröfu, að lög nr. 77/1993 um réttarstöðu launafólks við aðilaskipti að fyrirtækjum eigi ekki við um flutning grunnskólans yfir til sveitarfélaganna.

Í varakröfu er krafið um biðlaun í einn mánuð, en áskilinn réttur til þess að framhaldsstefna, eftir því sem þau falla í gjalddaga. Stefnandi hafi haft lengri starfsaldur en 15 ár og eigi því rétt á launum í 12 mánuði.

4.

Málsástæður stefndu og lagarök.

Hafa verður lög nr. 77/1993 til hliðsjónar við breytingar á starfsemi hins opinbera, þ. á m. við flutning grunnskólans til sveitarfélaga.

Tillögur nefndar, sem menntamálaráðherra skipaði 26. júní 1995, fóru til umfjöllunar verkefnisstjórnar um flutning grunnskólans, sem samdi frumvarp að lögum nr. 72/1996. Fulltrúi kennarafélaganna átti sæti í verkefnisstjórninni. Fullar sættir voru um efni lagasetningarinnar.

Kennurum og skólastjórnendum er tryggt sama starf og sömu starfsréttindi hjá sveitarfélögum og þeir höfðu hjá ríkinu. Þess vegna er ekki um það að ræða, að þeim hafi verið sagt upp starfi eða að biðlaunarétturinn verði virkur, enda eru þeim tryggð óskert biðlaunaréttindi, komi til þess, að staða þeirra verði lögð niður, sbr. 14. gr. laga nr. 72/1996.

Mótmælt er öllum vísunum stefnanda til stjórnarskrár, óskráðra meginreglna vinnuréttarins, mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og félagsmálasáttmála Evrópu. Þeirri málsástæðu stefnanda, að ákvæði laga nr. 72/1996 eigi ekki við um hana, er mótmælt með vísun til athugasemda við 1. gr. frumvarps að lögunum.

Staðhæfingum um breytt hlutverk skólastjóra er mótmælt. Að auki er bent á ákvæði 33. gr. laga nr. 38/1954, sbr. nú 33. gr. laga nr. 72/1996, sem og 19. gr. laga nr. 70/1996, um skyldur starfsmanna til að hlíta breytingum lögum samkvæmt á störfum sínum og verkahring. Þessu til viðbótar er bent á,

að samkvæmt lögum nr. 70/1996, sbr. t. d. 38. gr. þeirra, séu gerðar auknar kröfur til forstöðumanna ríkisstofnana um fjármálastjórnun. Hefði grunnskólinn verið áfram hjá ríkinu, má gera ráð fyrir, að auknar kröfur hefðu verið gerðar til fjárhagslegrar ábyrgðar skólastjóra grunnskóla.

Samkvæmt 36. gr. laga nr. 72/1966 halda kennarar og skólastjórnendur rétti sínum til biðlauna, eftir að sveitarfélögin hafa tekið að sér ráðningar og ráðningarsamninga þeirra. Rétturinn samkvæmt 14. gr. laganna er efnislega samhljóða 14. gr. laga nr. 38/1954 og í raun betri en aðrir ríkisstarfsmenn njóta nú samkvæmt 34. gr. laga nr. 70/1996. Er því vandséð, hvernig því verður haldið fram, eins og gert er í stefnu, að um afnám biðlaunaréttar í tilviki stefnanda sé að ræða eða að brotin sé jafnræðisregla gagnvart þeim kennurum og skólastjórnendum grunnskóla, sem kjósa að hætta störfum við flutning grunnskólans yfir til sveitarfélaga.

Réttur til biðlauna er ekki og hefur ekki verið samningsbundinn réttur, eins og ráða má af stefnu. Honum verður ekki jafnað til áunninna réttinda, eins og t. d. lífeyrisréttinda; starfsmenn greiða ekki sérstaklega fyrir biðlaunarétt, og hann verður aðeins virkur í undantekningartilvikum, þ. e., þegar staða er lögð niður.

5.

Forsendur og niðurstaða.

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins skyldi starfsmaður jafnan, er staða var lögð niður, fá föst laun, er starfanum fylgdu, greidd í 6 mánuði, frá því að hann lét af starfi, hefði hann verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár, en ella í 12 mánuði, enda hefði hann þá ekki hafnað annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins. Óumdeilt er, að stefnandi fullnægir skilyrði um 15 ára starfsaldur samkvæmt greininni, og kröfur hennar sæta ekki að öðru leyti ágreiningi um fjárhæðir. Því er eigi haldið fram, að stefnandi hafi hafnað annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins. Biðlaunaákvæði 1. mgr. 14. gr. laga nr. 72 frá 11. júní 1996 er samhljóða ákvæði 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954 að breyttu breytanda, þ. e. sveitarfélög koma í stað ríkisins.

Í málflutningi kom fram, að gengi dómur stefnanda í vil á grundvelli varakröfu, yrði stefnt að sömu heildarniðurstöðu eða því sem næst sem á grundvelli aðalkröfu.

Lög nr. 70 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins voru afgreidd af Alþingi 11. júní 1996. Þau öðluðust gildi 1. júlí 1996 og felldu brott lög nr. 38/1954. Lög þessi afnámu biðlaunarétt ríkisstarfsmanna að embættismönnum undanskildum. Biðlaunaréttur þeirra, sbr. 1. mgr. 34. gr. laganna, er þó háð-

ur því skilyrði, að þeir hafi ekki hafnað öðru sambærilegu starfi, óháð því, hvort það er hjá ríkinu eða öðrum. Samkvæmt 2. mgr. 34. gr. laganna koma ekki aðeins þau laun, sem embættismaður nýtur frá ríkinu, til frádráttar biðlaunagreiðslum, heldur einnig þau, sem hann hlýtur frá öðrum. Sambærilegt ákvæði var ekki í lögum nr. 38/1954 og er ekki heldur að finna í lögum nr. 72/1966. Í ákvæði til bráðabirgða með lögunum er öðrum ríkisstarfsmönnum, sem voru skipaðir eða ráðnir fyrir gildistöku þeirra, tryggður biðlaunaréttur til jafns við embættismenn.

Samkvæmt athugasemdum við 1. gr. frumvarps að lögum nr. 72/1996 taka þau til allra þeirra, sem eru ráðnir eða skipaðir á grundvelli laga nr. 66/1995 eða eldri laga um grunnskóla. Lögin eiga því við um stefnanda, eftir því sem við getur átt, og er ekki fallist á málsástæðu hennar, sem að þessu lýtur.

Lög nr. 77/1993 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum kveða á um það, sbr. 3. gr., að aðilaskiptin geti ekki ein sér verið ástæða til uppsagnar starfsmanna af hálfu atvinnurekanda. Hafa þau ekki þýðingu við úrlausn máls þessa.

Ríkið hætti starfrækslu grunnskóla á grundvelli laga nr. 66/1995. Við það lauk starfssambandi þess og stefnanda. Stefnandi átti þess ekki lengur kost að gegna stöðu sinni vegna atvika, sem verða ekki rakin til hennar. Staða hennar var lögð niður. Starfi því, sem stöðunni fylgdi, var eftir það haldið uppi af öðrum, en staðan varð ekki, svo að gilt sé að vinnurétti, flutt án samþykkis stefnanda.

Um raunverulega niðurlagningu stöðu stefnanda var að ræða, en ekki dulbúna uppsögn úr starfi, og ekki er upplýst, að fyrirhuguð breyting á starfi skólastjóra hafi verið svo veruleg, að jafna megi við fyrirvaralausa uppsögn. Er því ekki fallist á bótakröfu stefnanda á grundvelli þeirra málsástæðna, sem fram eru færðar til stuðnings aðalkröfu hennar.

Með lagaákvæðum um biðlaun eru starfsmönnum tryggðar bætur, sem er ætlað að samsvara launum í ríflegum uppsagnarfresti. Samkvæmt því, sem að framan greinir, var að öllu leyti fullnægt skilyrðum 14. gr. laga nr. 38/1954, til að stefnandi nyti biðlauna.

Eigi verður talið, að fulltrúar kennarafélaga, sem komu að undirbúningi flutnings grunnskólanna og löggjafar, sem lýtur að honum, hafi haft umboð til afsals lögbundinna starfsréttinda stefnanda.

Lögum nr. 72/1996 um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla var ætlað að taka til allra, sem eins voru settir, og verða eigi talin brjóta gegn jafnræðisreglu íslensks stjórnskipunarréttar. Ákvæði þeirra, sem lúta að biðlaunarétti, verða því eigi metin ógild af þeim sökum.

Þar sem stefnandi ákvað að hefja ekki störf hjá nýjum rekstraraðila, Breiðagerðisskóla, er sú málsástæða stefndu án þýðingar, að kennarar og skólastjórnendur grunnskóla njóti nú betri biðlaunaréttar en aðrir þeir ríkisstarfsmenn, sem notið hafi biðlaunaréttar samkvæmt lögum nr. 38/1954. Því er á hinn bóginn ekki haldið fram af hálfu stefndu, að biðlaunaákvæði laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins skuli hafa afturvirk áhrif til skerðingar á efnislegum rétti stefnanda til biðlauna, sem hún sækir á grundvelli laga nr. 38/1954.

Í 2. og 3. málsl. 36. gr. laga nr. 72/1996 segir: „Kennarar og skólastjórnendur, sem starfað hafa hjá ríki fyrir flutninginn, skulu halda öllum starfsréttindum sínum óbreyttum, þar með töldum réttindum, sem byggjast á starfs- og þjónustualdri. Flutningurinn felur því ekki í sér niðurlagningu stöðu í skilningi 14. gr. laga nr. 38/1954, og gildir ákvæði hennar því ekki um starfsmenn í skilningi laga þessara." Sú skýring er gefin í athugasemdum með frumvarpi, sem varð að lögunum, að starfsmönnum sé tryggt sama starf hjá sveitarfélögunum og þeir höfðu hjá ríkinu.

Eigi verður staðhæft, að með framangreindu ákvæði 3. málsl. 36. gr. laga nr. 72/1996 sé skorið úr um tiltekinn ágreining og ákveðnar kröfur, sem uppi hafi verið hafðar á grundvelli hans, og á þann hátt gengið inn á svið dómstóla. Er því eigi fallist á, að ákvæðið sé ógilt vegna þess, að það sé í andstöðu við undirstöðurök 2. gr. stjórnarskrárinnar.

Biðlaunaréttur stefnanda var hluti af ráðningarkjörum hennar fyllilega til jafns við það, að hann helgaðist af kjarasamningi. Frá því tímamarki, er hann varð virkur við setningu laga nr. 66/1995 um grunnskóla, naut hann verndar sem eign. Samkvæmt 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. laga nr. 97/1995, varð stefnandi eigi svipt réttinum nema gegn greiðslu fullra bóta. Þær samsvara biðlaunum, sem stefnanda báru samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954, og með sömu gjalddögum sem verið hefði.

Samkvæmt framanrituðu er niðurstaða málsins sú, að fallist er á varakröfu stefnanda um, að dæma beri stefndu óskipt til að greiða henni 131.302 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 1. september 1996 til greiðsludags. Þá ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst alls 100.000 krónur.

Mál þetta dæmir Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndu, íslenska ríkið og ríkissjóður, greiði stefnanda, Hrefnu Iðunni Sigvaldadóttur, 131.302 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 1. september 1996 til greiðsludags og 100.000 krónur í málskostnað.

Föstudaginn 9. maí 1997.

Nr. 448/1996. **Íslenska ríkið**
(Jón G. Tómasson hrl.)
gegn
Hirti Karli Einarssyni
(Guðni Á. Haraldsson hrl.)
og gagnsök

Ríkisstarfsmenn. Grunnskólar. Sveitarfélög. Skaðabótakrafa. Biðlaunakrafa. Flýtimeðferð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. desember 1996 að fengnu áfrýjunarleyfi Hæstaréttar sama dag og krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar sér til handa í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði með stefnu 3. febrúar 1997 og krefst þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 1.408.364 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. september 1996 til greiðsludags. Til vara krefst hann staðfestingar héraðsdóms um annað en málskostnað. Þá krefst hann málskostnaðar sér til handa í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með samþykki Hæstaréttar 12. desember 1996 sætir mál þetta flýtimeðferð samkvæmt XIX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

I.

Í héraðsdómi er lýst málsatvikum og málsástæðum aðila.

Gagnáfrýjandi starfaði sem kennari við Húnavallaskóla í Húnavatnssýslu, sem er grunnskóli, en starfinu hafði hann gegnt frá 1983 og hafði til þess skipun ráðherra frá 1. september 1984. Var hann ríkisstarfsmaður, og um kjör hans og réttindi giltu kjarasamningar Kennarasambands Íslands og lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Með lögum um grunnskóla nr. 66/1995, sem gildi tóku 13. mars 1995, ákvað löggjafinn, að sveitarfélög skyldu halda grunnskóla fyrir börn og unglinga á aldrinum 6 til 16 ára, en til þessa hafði ríkið gert það ásamt sveitarfélögunum. Skólastjórnendur og kennarar grunnskóla áttu þar með að verða starfsmenn sveitarfélaga í stað ríkis áður. Í 57. gr. laganna var kveðið á um gildistöku, en þar segir, að lögin öðlist þegar gildi og komi að fullu til framkvæmda 1. ágúst 1996, enda hafi Alþingi þá meðal annars samþykkt breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sem tryggi öllum kennurum og skólastjórnendum við grunnskóla, sem rétt hafa átt til aðildar að sjóðnum, aðild að honum, svo og lög um ráðningarréttindi þessara starfsmanna, sem tryggi þeim efnislega óbreytt ráðningarréttindi hjá nýjum vinnuveitanda.

Lög nr. 72/1996 um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla tóku gildi 1. ágúst 1996. Í þeim lögum eru ýmis ákvæði um kjör og réttindi ofangreindra starfsmanna grunnskólanna, meðal annars um veitingu starfa, lausn úr stöðu, launagreiðslur og hlunnindi. Samkvæmt 14. gr. eiga starfsmenn, ef staða þeirra er lögð niður, rétt á föstum launum, er starfanum fylgdu, í 6 eða 12 mánuði eftir starfsaldri, enda hafi þeir ekki hafnað annarri sambærilegri stöðu hjá sveitarfélögum. Jafnframt eiga þeir að öðru jöfnu rétt til stöðunnar, verði hún stofnuð aftur innan 5 ára. Eru ákvæði greinarinnar að þessu og öðru leyti sambærileg við ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, sem giltu til 1. júlí 1996. Í 36. gr. laga nr. 72/1996 segir, að þau séu sett með vísan til b-liðar 1. mgr. 57. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995. Síðan segir svo í greininni: „Við flutning grunnskólanna til sveitarfélaga yfirtaka sveitarfélögin ráðningar og ráðningarsamninga núverandi starfsmanna. Kennarar og skólastjórnendur, sem starfað hafa hjá ríki fyrir flutninginn, skulu halda öllum starfsréttindum sínum óbreyttum, þar með töldum réttindum, sem byggjast á starfs- og þjónustualdri. Flutningurinn felur því ekki í sér niðurlagningu stöðu í skilningi 14. gr. laga nr. 38/1954, og gilda ákvæði hennar því ekki um starfsmenn í skilningi laga þessara."

Óumdeilt er í málinu, að við setningu laganna var haft samráð við nefnd, sem menntamálaráðherra hafði skipað til að gera tillögur um meðferð kjara- og réttindamála kennara og skólastjórnenda við

grunnskóla við flutning þeirra til sveitarfélaga. Áttu samtök kennara meðal annarra fulltrúa í nefndinni, og var sátt um efni laganna.

II.

Gagnáfrýjandi hélt áfram störfum sínum sem kennari við Húnavallaskóla eftir setningu grunnskólalaga nr. 66/1995. Hinn 1. ágúst 1996 tóku gildi lög nr. 72/1996 um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, eins og fyrr segir. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er fallist á þá niðurstöðu hans, að þau lög hafi tekið til gagnáfrýjanda. Fram að gildistöku þeirra var hann ríkisstarfsmaður. Hann hafði hins vegar ákveðið að láta þá af störfum og tilkynnti aðaláfrýjanda það formlega 3. september 1996. Lítur hann svo á, að það hafi jafngilt uppsögn úr starfi, er löggjafinn ákvað að flytja stöðuna og þar með réttindi hans og skyldur til þeirra 7 hreppa, sem nú reka Húnavallaskóla, án samþykkis síns. Byggir hann aðalkröfu sína á því, að hann eigi rétt á bótum fyrir ólögmæta uppsögn. Varakrafa hans um biðlaun er á því reist, að staða hans hjá ríkinu hafi verið lögð niður.

Með þeirri löggjöf, sem að framan er lýst, var mörkuð sú stefna, að rekstur grunnskóla skyldi færast milli tveggja greina hinnar opinberu stjórnsýslu, þ. e. frá ríkisvaldi til staðbundinna sveitarstjórna. Forsenda löggjafans fyrir því, að þessi breyting næði fram að ganga, var sett fram með skýrum hætti í 57. gr. laga nr. 66/1995, þar sem kveðið var á um, að kennarar og skólastjórnendur skyldu halda öllum kjörum og réttindum, sem þeir áður höfðu. Þessu var síðan fylgt eftir í 36. gr. laga nr. 72/1996. Efnisákvæði hennar ná jafnt til allra þeirra, sem þessum stöðum gegndu. Þeim er tryggt áframhaldandi sama starf með sömu réttindum og áður. Í 14. gr. laganna eru þeim tryggð biðlaun, ef staða þeirra yrði lögð niður, ásamt forgangsrétti til starfa á vegum sveitarfélaga. Í málinu hefur ekki verið sýnt fram á, að starfsöryggi viðkomandi starfsmanna verði raskað með hinni nýju skipan. Að þessu athuguðu verður að telja þau sjónarmið, sem búa að baki 36. gr., málefnaleg og sanngjörn. Verður ekki á það fallist með gagnáfrýjanda, að með ákvæðinu hafi verið brotin á honum jafnræðisregla íslensks réttar eða gengið gegn ákvæði 75. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 13. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, um atvinnufrelsi. Önnur ákvæði stjórnar-

skrár og alþjóðlegra samþykkta, sem byggt er á af hálfu gagnáfrýjanda, verða ekki heldur talin hafa verið brotin með löggjöf þessari.

Með vísan til framanritaðs er ekki á það fallist með gagnáfrýjanda, að hann hafi sætt ólögmætri uppsögn úr starfi eða að staða hans hafi verið lögð niður í skilningi 14. gr. laga nr. 38/1954. Samkvæmt þessu verður aðaláfrýjandi sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, íslenska ríkið, skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Hjartar Karls Einarssonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti skal falla niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. nóvember 1996.

I.

Mál þetta sætir flýtimeðferð eftir ákvæðum XIX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Það var höfðað með birtingu stefnu 16. september sl. og dómtekið 24. október.

Stefnandi er Hjörtur Karl Einarsson, kt. 170753-3059, Aðalgötu 21, Blönduósi.

Stefndu eru menntamálaráðherra f. h. íslenska ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kt. 550169-2829, Arnarhváli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða stefnanda 1.408.364 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 1. september 1996 til greiðsludags, til vara, að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða stefnanda 103.651 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 1. september 1996 til greiðsludags. Stefnandi krefst þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða sér málskostnað að mati réttarins auk lögmælts virðisaukaskatts.

Af hálfu stefndu eru gerðar þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða stefndu málskostnað eftir mati dómsins.

II.

Málavextir.

Með lögum nr. 66 frá 8. mars 1995 um grunnskóla var ákveðið, að sveitarfélögin tækju við rekstri grunnskóla landsins af ríkinu. Samkvæmt

57. gr. laganna skyldu þau þegar öðlast gildi og koma að fullu til framkvæmda 1. ágúst 1996, enda hefði Alþingi þá, eftir því sem segir í b-lið greinarinnar, samþykkt lög um ráðningarréttindi kennara og skólastjórnenda við grunnskóla, sem tryggðu þeim efnislega óbreytt réttindi hjá nýjum vinnuveitanda.

Í 1. málsl. 36. gr. laga nr. 72 frá 11. júní 1996 um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, sem öðluðust gildi 1. ágúst s. á., segir: „Við flutning grunnskólanna til sveitarfélaga yfirtaka sveitarfélögin ráðningar og ráðningarsamninga núverandi starfsmanna.“ Samkvæmt athugasemdum með frumvarpi að lögunum var frumforsenda flutnings grunnskólanna frá ríki til sveitarfélaga, að sættir tækjust með öllum aðilum um framkvæmd flutningsins og fyrirkomulag ráðningarréttinda. Þar greinir einnig frá því, að menntamálaráðherra hafi skipað nefnd 26. júní 1995 til að gera tillögur að meðferð kjara- og réttindamála kennara og skólastjórnenda grunnskóla við flutning frá ríki til sveitarfélaga. Meðal nefndarmanna var fulltrúi kennarafélaganna. Segir síðan, að frumvarpið sé „byggt á því samkomulagi, sem náðist milli þessara aðila og birtist í skýrslu nefndarinnar. Frumvarpið felur því fyrst og fremst í sér endurspeglun á lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr. 38/1954 ...“

Stefnandi brautskráðist frá Íþróttakennaraskóla Íslands vorið 1976. Vorið 1983 réðst hann sem kennari að Húnavallaskóla og hlaut skipun frá og með 1. september 1984. Um laun hans og kjör hefur farið eftir kjarasamningi Kennarasambands Íslands og lögum nr. 38/1954 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Í stefnu segir, að stefnandi hafi tekið þá ákvörðun að ráða sig ekki hjá hinum nýju rekstraraðilum Húnavallaskóla, sem séu sjö hreppar.

Með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 3. september 1996, er fjármálaráðuneytinu tilkynnt, að stefnandi hafi ekki hafið kennslustörf 1. ágúst, og sett er fram krafa um biðlaun, enda geti hann ekki fallist á, að sér beri skylda til þess að ráða sig hjá nýjum vinnuveitanda að viðlögðum missi biðlauna.

Í svarbréfi ráðuneytisins, dags. 6. september, er kröfu stefnanda um biðlaun hafnað með vísun til 36. gr. laga nr. 72/1996 og þess, að tilkynning hafi ekki borist frá menntamálaráðuneyti um, að staða stefnanda hafi verið lögð niður. Einnig er bent á, að lög nr. 77/1993 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum séu höfð til hliðsjónar við framkvæmd á flutningi grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga.

Í stefnu er tekið fram, að engin tilkynning hafi borist stefnanda frá fjármálaráðuneyti þess efnis, að 1. ágúst lyki störfum hans hjá ríkinu. Honum hafi ekki heldur borist uppsögn á starfi hans eða verið tilkynnt af hinum nýju rekstraraðilum, að hann væri ráðinn til starfa hjá þeim.

Í greinargerð stefndu segir, að 31. júlí 1996 muni stefnandi hafa tilkynnt skólastjóra Húnavallaskóla, að hann kæmi ekki aftur til starfa við skólann.

III.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Aðalkrafa stefnanda er krafa um skaðabætur.

Á því er byggt, að stefnanda hafi verið sagt upp störfum án sakar, og eigi hann því rétt á bótum. Ekki sé hægt að þvinga launþega með lögum eða samningum til þess að taka vinnu hjá þriðja aðila. Þetta styðjist við óskráða meginreglu vinnuréttar. Slík þvingun sé brot á 75. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, 12. gr. laga nr. 97/1995, enda hafi ekki verið um að ræða neina þá almannahagsmuni, sem réttlættu hana. Um þetta er einnig vísað til undirstöðuraka 4. mgr. 20. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 23. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, 2. tl. 1. gr. félagsmálasáttmála Evrópu og 6. gr. alþjóðasamnings um félagsleg og efnahagsleg réttindi.

Um skaðabætur vísar stefnandi til 3. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1954, sbr. 32. gr. laga nr. 70/1996, og til almennra reglna skaðabótaréttar.

Fjárhæð skaðabótakröfu jafngildir föstum launum í 12 mánuði, 1.243.812 krónur, auk orlofs, 164.552 krónur.

Varakrafa er um biðlaun.

Krafan styðst við þá málsástæðu í fyrsta lagi, að við yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga hafi staða stefnanda hjá ríkinu verið lögð niður og skuli um biðlaunin fara samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954. Biðlaunaréttindi hafi verið metin til launa og þannig beinlínis orðið til þess, að opinberir starfsmenn hafi ekki fengið sömu launahækkanir og aðrir launþegar. Afnám 36. gr. laga nr. 72/1996 á biðlaunarétti, eins og hann var ákveðinn í 14. gr. laga nr. 38/1954, sé brot á 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. laga nr. 97/1995. Hið sama eigi við um afnám biðlaunaréttar, sem felist í lögum nr. 70/1996. Rétturinn til biðlauna sé hluti af launakjörum stefnanda. Biðlaun séu í eðli sínu bætur. Slík réttindi séu varin af eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, og sé ekki unnt að afnema þau, nema fullt verð komi fyrir.

Í öðru lagi er til þess vísað, að um sé að ræða brot á almennri jafnræðisreglu, sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar, með þeirri mismunun, sem felist í biðlaunaákvæði 14. gr. laga nr. 72/1996, þ. e., að launþegi verði að þiggja starf hjá öðrum en ríkinu að viðlögðum biðlaunamissi. Þá sé það ákvæði 36. gr. laga nr. 72/1996, að flutningurinn feli ekki í sér niðurlagningu á stöðu, í andstöðu við undirstöðurök 2. gr. stjórnarskrárinnar um þrígreiningu ríkisvaldsins; það sé á valdi dómstóla að dæma, hvað felist í lögum Alþingis.

Löggjöf, sem gangi gegn meginreglum eignarréttar og ákvæðum stjórnarskrár, sé ógild réttarheimild.

Í þriðja lagi er krafan reist á því, að lög nr. 72/1996 eigi samkvæmt 1. gr. þeirra við um kennara og skólastjórnendur við grunnskóla í þjónustu sveitarfélaga, en það hafi stefnandi ekki verið.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram um aðalkröfu og varakröfu, að lög nr. 77/1993 um réttarstöðu launafólks við aðilaskipti að fyrirtækjum eigi ekki við um flutning grunnskólans yfir til sveitarfélaganna.

Í varakröfu er krafið um biðlaun í einn mánuð, en áskilinn réttur til þess að framhaldsstefna, eftir því sem þau falla í gjalddaga. Stefnandi hafi haft lengri starfsaldur en 15 ár og eigi því rétt á launum í 12 mánuði.

IV.

Málsástæður stefndu og lagarök.

Hafa verður lög nr. 77/1993 til hliðsjónar við breytingar á starfsemi hins opinbera, þ. á m. við flutning grunnskólans til sveitarfélaga.

Tillögur nefndar, sem menntamálaráðherra skipaði 26. júní 1995, fóru til umfjöllunar verkefnisstjórnar um flutning grunnskólans, sem samdi frumvarp að lögum nr. 72/1996. Fulltrúi kennarafélaganna átti sæti í verkefnisstjórninni. Fullar sættir voru um efni lagasetningarinnar.

Kennurum og skólastjórnendum er tryggt sama starf og sömu starfsréttindi hjá sveitarfélögum og þeir höfðu hjá ríkinu. Þess vegna er ekki um það að ræða, að þeim hafi verið sagt upp starfi eða að biðlaunarétturinn verði virkur, enda eru þeim tryggð óskert biðlaunaréttindi, komi til þess, að staða þeirra verði lögð niður, sbr. 14. gr. laga nr. 72/1996.

Mótmælt er öllum vísunum stefnanda til stjórnarskrárákvæða, óskráðra meginreglna vinnuréttarins, mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, félagsmálasáttmála Evrópu og alþjóðasamnings um félagsleg og efnahagsleg réttindi. Þeirri málsástæðu stefnanda, að ákvæði laga nr. 72/1996 eigi ekki við um hann, er mótmælt með vísun til athugasemda við 1. gr. frumvarps að lögunum.

Samkvæmt 36. gr. laga nr. 72/1966 halda kennarar og skólastjórnendur rétti sínum til biðlauna, eftir að sveitarfélögin hafa yfirtekið ráðningar og ráðningarsamninga þeirra. Rétturinn samkvæmt 14. gr. laganna er efnislega samhljóða 14. gr. laga nr. 38/1954 og í raun betri en aðrir ríkisstarfsmenn njóta nú samkvæmt 34. gr. laga nr. 70/1996. Er því vandséð, hvernig því verður haldið fram, eins og gert er í stefnu, að um afnám biðlaunaréttar í tilviki stefnanda sé að ræða eða að brotin sé jafnræðisregla gagnvart þeim kennurum og skólastjórnendum grunnskóla, sem kjósa að hætta störfum við flutning grunnskólans yfir til sveitarfélaga.

Réttur til biðlauna er ekki og hefur ekki verið samningsbundinn réttur, eins og ráða má af stefnu. Honum verður ekki jafnað til áunninna réttinda, eins og t. d. lífeyrisréttinda; starfsmenn greiða ekki sérstaklega fyrir biðlaunarétt, og hann verður aðeins virkur í undantekningartilvikum, þ. e., þegar staða er lögð niður.

V.

Forsendur og niðurstaða.

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins skyldi starfsmaður jafnan, er staða var lögð niður, fá föst laun, er starfanum fylgdu, greidd í 6 mánuði, frá því að hann lét af starfi, hefði hann verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár, en ella í 12 mánuði, enda hefði hann þá ekki hafnað annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins. Óumdeilt er, að stefnandi fullnægir skilyrði um 15 ára starfsaldur samkvæmt greininni, og kröfur hans sæta ekki að öðru leyti ágreiningi um fjárhæðir. Því er eigi haldið fram, að stefnandi hafi hafnað annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins. Biðlaunaákvæði 1. mgr. 14. gr. laga nr. 72 frá 11. júní 1996 er samhljóða ákvæði 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954 að breyttu breytanda, þ. e. sveitarfélög koma í stað ríkisins.

Lög nr. 70 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins voru afgreidd af Alþingi 11. júní 1996. Þau öðluðust gildi 1. júlí 1996 og felldu brott lög nr. 38/1954. Lög þessi afnámu biðlaunarétt ríkisstarfsmanna að embættismönnum undanskildum. Biðlaunaréttur þeirra, sbr. 1. mgr. 34. gr. laganna, er þó háður því skilyrði, að þeir hafi ekki hafnað öðru sambærilegu starfi, óháð því, hvort það er hjá ríkinu eða öðrum. Samkvæmt 2. mgr. 34. gr. laganna koma ekki aðeins þau laun, sem embættismaður nýtur frá ríkinu, til frádráttar biðlaunagreiðslum, heldur einnig þau, sem hann hlýtur frá öðrum. Sambærilegt ákvæði var ekki í lögum nr. 38/1954 og er ekki heldur að finna í lögum nr. 72/1966. Í ákvæði til bráðabirgða með lögunum er öðrum ríkisstarfsmönnum, sem voru skipaðir eða ráðnir fyrir gildistöku þeirra, tryggður biðlaunaréttur til jafns við embættismenn.

Samkvæmt athugasemdum við 1. gr. frumvarps að lögum nr. 72/1996 taka þau til allra þeirra, sem eru ráðnir eða skipaðir á grundvelli laga nr. 66/1995 eða eldri laga um grunnskóla. Lögin eiga því við um stefnanda, eftir því sem við getur átt, og er ekki fallist á málsástæðu hans, sem að þessu lýtur.

Lög nr. 77/1993 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum kveða á um það, sbr. 3. gr., að aðilaskiptin geti ekki ein sér verið ástæða til uppsagnar starfsmanna af hálfu atvinnurekanda. Hafa þau ekki þýðingu við úrlausn máls þessa.

Ríkið hætti starfrækslu grunnskóla á grundvelli laga nr. 66/1995. Við það lauk starfssambandi þess og stefnanda. Stefnandi átti þess ekki lengur kost að gegna stöðu sinni vegna atvika, sem verða ekki rakin til hans. Staða hans var lögð niður. Starfi því, sem stöðunni fylgdi, var eftir það haldið uppi af öðrum, en staðan varð ekki, svo að gilt sé að vinnurétti, flutt án samþykkis stefnanda.

Um raunverulega niðurlagningu stöðu stefnanda var að ræða, en ekki dulbúna uppsögn úr starfi. Er því ekki fallist á bótakröfu stefnanda á grundvelli þeirrar málsástæðu, sem fram er færð til stuðnings aðalkröfu hans.

Með lagaákvæðum um biðlaun eru starfsmönnum tryggðar bætur, sem er ætlað að samsvara launum í ríflegum uppsagnarfresti. Samkvæmt því, sem að framan greinir, var að öllu leyti fullnægt skilyrðum 14. gr. laga nr. 38/1954, til að stefnandi nyti biðlauna.

Eigi verður talið, að fulltrúar kennarafélaga, sem komu að undirbúningi flutnings grunnskólanna og löggjafar, sem lýtur að honum, hafi haft umboð til afsals lögbundinna starfsréttinda stefnanda.

Lögum nr. 72/1996 um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla var ætlað að taka til allra, sem eins voru settir, og verða eigi talin brjóta gegn jafnræðisreglu íslensks stjórnskipunarréttar. Ákvæði þeirra, sem lúta að biðlaunarétti, verða því eigi metin ógild af þeim sökum.

Þar sem stefnandi ákvað að hefja ekki störf hjá nýjum rekstraraðilum Húnavallaskóla, er sú málsástæða stefndu án þýðingar, að kennarar og skólastjórnendur grunnskóla njóti nú betri biðlaunaréttar en aðrir þeir ríkisstarfsmenn, sem notið hafi biðlaunaréttar samkvæmt lögum nr. 38/1954. Því er á hinn bóginn ekki haldið fram af hálfu stefndu, að biðlaunaákvæði laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins skuli hafa afturvirk áhrif til skerðingar á efnislegum rétti stefnanda til biðlauna, sem hann sækir á grundvelli laga nr. 38/1954.

Í 2. og 3. málsl. 36. gr. laga nr. 72/1996 segir: „Kennarar og skólastjórnendur, sem starfað hafa hjá ríki fyrir flutninginn, skulu halda öllum starfsréttindum sínum óbreyttum, þar með töldum réttindum, sem byggjast á starfs- og þjónustualdri. Flutningurinn felur því ekki í sér niðurlagningu stöðu í skilningi 14. gr. laga nr. 38/1954, og gildir ákvæði hennar því ekki um starfsmenn í skilningi laga þessara.“ Sú skýring er gefin í athugasemdum með frumvarpi, sem varð að lögunum, að starfsmönnum sé tryggt sama starf hjá sveitarfélögunum og þeir höfðu hjá ríkinu.

Eigi verður staðhæft, að með framangreindu ákvæði 3. málsl. 36. gr. laga nr. 72/1996 sé skorið úr um tiltekinn ágreining og ákveðnar kröfur, sem

uppi hafi verið hafðar á grundvelli hans, og á þann hátt gengið inn á svið dómstóla. Er því eigi fallist á, að ákvæðið sé ógilt vegna þess, að það sé í andstöðu við undirstöðurök 2. gr. stjórnarskrárinnar.

Biðlaunaréttur stefnanda var hluti af ráðningarkjörum hans fyllilega til jafns við það, að hann helgaðist af kjarasamningi. Frá því tímamarki, er hann varð virkur við setningu laga nr. 66/1995 um grunnskóla, naut hann verndar sem eign. Samkvæmt 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. laga nr. 97/1995, varð stefnandi eigi sviptur réttinum nema gegn greiðslu fullra bóta. Þær samsvara biðlaunum, sem stefnanda báru samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954 og með sömu gjalddögum sem verið hefði.

Samkvæmt framanrituðu er niðurstaða málsins sú, að fallist er á varakröfu stefnanda um, að dæma beri stefndu óskipt til að greiða honum 103.651 krónu ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 1. september 1996 til greiðsludags. Þá ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst alls 100.000 krónur.

Mál þetta dæmir Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndu, íslenska ríkið og ríkissjóður, greiði stefnanda, Hirti Karli Einarssyni, 103.651 krónu ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 1. september 1996 til greiðsludags og 100.000 krónur í málskostnað.

Mánudaginn 12. maí 1997.

Nr. 188/1997. **Baldur Ágústsson**
(Gestur Jónsson hrl.)
gegn
íslenska ríkinu
(Jón G. Tómasson hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. apríl 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 30. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. apríl 1997, þar sem fallist var á kröfu varnaraðila um, að máli sóknaraðila á hendur honum yrði vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Samkvæmt héraðsdómsstefnu höfðaði sóknaraðili málið til heimtu skaðabóta vegna tjóns, sem hann telur sig hafa orðið fyrir, er honum var sagt upp starfi flugumferðarstjóra og hann sviptur flugumferðarstjóraskírteini sínu. Byggir hann á þeirri málsástæðu, að uppsögn sín hafi ekki verið reist á réttmætum sjónarmiðum og hann því orðið af bótum samkvæmt skírteinistryggingu eftir kjarasamningi og frjálsri hóptryggingu og greiðslum úr lífeyrissjóði allt frá sviptingu skírteinisins. Í greinargerð varnaraðila fyrir héraðsdómi var aðallega krafist frávísunar málsins með þeim rökum, að málatilbúnaður og kröfur sóknaraðila væru vanreifaðar.

Héraðsdómari styður niðurstöðu sína um frávísun aðallega þeim rökum, að ekki hafi á það reynt, hvort sóknaraðili hafi, að einhverju leyti eða öllu, orðið af skírteinistryggingu þeirri, sem hann hafi átt rétt á, vegna missis starfsréttinda af heilsufarsástæðum. Krafa sóknar-

aðila um skaðabætur úr hendi varnaraðila komi ekki til álita, fyrr en úr því hafi verið skorið.

Af gögnum málsins virðist mega ályktа, að sóknaraðila hafi verið neitað um greiðslu bóta samkvæmt fyrrgreindri skírteinistryggingu. Jafnvel þótt greiðslu hefði ekki verið neitað, leiðir það ekki til slíks galla á málatilbúnaði sóknaraðila, að frávísun málsins varði.

Fallast verður á það með varnaraðila, að málatilbúnaður sóknaraðila í héraðsdómsstefnu sé ekki svo skýr sem æskilegt væri. Hins vegar verður ekki talið, að sá annmarki sé slíkur, að ekki megi bæta úr honum við aðalmeðferð málsins í héraði.

Samkvæmt þessu eru ekki næg efni til að fallast á kröfu varnaraðila um frávísun málsins. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Þá verður varnaraðili dæmdur til að greiða sóknaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi. Lagt er fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðili, íslenska ríkið, greiði sóknaraðila, Baldri Ágústssyni, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. apríl 1997.

I.

Mál þetta var höfðað á hendur stefndu með stefnu, birtri 17. maí 1996.

Stefnandi er Baldur Ágústsson, kt. 160944-2699, Þóroddsstöðum v/Skógarhlíð, Reykjavík.

Stefndu eru samgönguráðherra vegna flugmálastjóra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs Íslands.

Dómkröfur stefnanda í máli þessu eru aðallega þær, að stefndu verði dæmdir til greiðslu skaða- og miskabóta, að fjárhæð 31.678.280 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. vaxtalögum frá þingfestingardegi til greiðsludags. Til vara er þess krafist, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda 31.069.400 kr. með vöxtum eins og í aðalkröfu. Til þrautavara er krafist skaðabóta að mati réttarins ásamt vöxtum frá 25. september 1984 og dráttarvöxtum eins og í aðal- og varakröfu. Þá er krafist málskostnaðar in solidum að mati réttarins eða skv. málskostnaðarreikningi auk virðisaukaskatts.

Af hálfu stefndu er þess krafist aðallega, að málinu verði vísað frá dómi.

Til vara er krafist sýknu af kröfum stefnanda auk málskostnaðar, og til þrautavara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki látinn niður falla.

Hinn 24. mars sl. fór fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfu stefndu, og er sá þáttur einungis til úrlausnar hér.

Af hálfu stefnanda er þess krafist, að kröfu stefndu um frávísun málsins verði hrundið. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu vegna þessa þáttar málsins.

Dómari fékk máli þessu úthlutað 1. júlí 1996. Með bréfi, dags. 3. júlí sl., boðaði dómari aðila til þinghalds í málinu 4. september s. á. Í þinghaldi þann dag óskaði lögmaður stefndu, að dómari viki sæti í málinu. Með úrskurði, upp kveðnum 2. október 1996, var kröfu stefndu hafnað. Málið var tekið fyrir 7. og 9. nóvember s. á. til gagnaöflunar af hálfu stefnanda. Hinn 9. desember sl. voru að beiðni lögmanns stefnanda dómkvaddir matsmenn til að meta nánar tilgreind atriði. Matsgerð var lögð fram 6. mars sl. og málinu frestað til flutnings um frávísunarkröfu stefndu 24. s. m.

II.

Málsatvik, málsástæður og lagarök.

Stefnandi starfaði sem flugumferðarstjóri, þegar hann var 25. september 1984 sviptur flugumferðarstjóraskírteini sínu. Í stefnu segir: „Ástæður sviptingarinnar voru tilgreindar brot á starfsskyldum, en aðeins 8 dögum áður, 17. september 1984, hafði Hannes Pétursson geðlæknir komist að þeirri niðurstöðu, að stefnandi „fullnægði því ekki lengur ákvæðum heilbrigðisskilyrða reglugerðar um skírteini, út gefin af flugmálastjórn". Stefnanda var ekki kynnt niðurstaða geðlæknisins, þrátt fyrir það að eftir væri leitað, og þar sem sjúkdómur hans var kvíði og „depurð", treysti hann sér ekki til að fara í málarekstur fyrr en fáum dögum áður en 10 ár voru liðin frá sviptingu skírteinisins. Þegar af stað var farið með þann málarekstur, var ekki vitað um þær staðreyndir málsins, er upplýstust undir málarekstrinum og liggja nú fyrir, og voru kröfur því ekki reistar á þeim grunni, sem síðar kom í ljós. Var kröfum því vísað frá dómi með dómi.

Í stefnu segir, að mál þetta sé höfðað í framhaldi frávísunardóms Héraðsdóms Reykjavíkur 21. nóvember 1995 í málinu nr. 7955/1994 milli sömu aðila.

Stefnandi reisir kröfu sína á þeirri niðurstöðu fyrrgreinds dóms, að uppsögn stefnanda hafi ekki verið byggð á réttmætum sjónarmiðum. Er því haldið fram, að niðurstaða dómsins sé bindandi um þann þátt málsins, og sé því einungis eftir að dæma um fjárhæð. Stefnandi hafi orðið af skírteinistryggingu, frjálsri hóptryggingu og greiðslum úr lífeyrissjóði allt frá sviptingu skírteinisins.

Aðalkrafa sundurliðast þannig:

A. Vegna svokallaðrar skírteinistryggingar 14.624.900 kr.

B. Vegna hóptryggingar 3.405.500 kr.

C. Vegna ógreidds lífeyris í 140 mánuði, þ. e. frá 1. október 1984 til þingfestingardags, sem verið hefði á launakjörum þess dags 41,66% af 212.937 kr. af fastalaunum, 88.710 kr. á mánuði, auk 1.632 kr. af vaktaálagi, samtals 90.342 kr. á mánuði, alls 12.647.880 kr., sem gerð sé krafa um, að greiddar verði í einu lagi.

D. Miskabætur 1.000.000 kr.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að aðal- og varakrafa sé samkvæmt útreikningum Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings á því, hvert tjón stefnanda hafi orðið miðað við 21. maí 1996. Af 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 leiði, að krafa, eins og sett sé fram í máli þessu, sé fullkomlega eðlileg og sjálfsögð. Þannig komi ekki til greina að reikna t. d. óverðtryggða sparisjóðsvexti, enda eigi frekar við sjónarmið um refsivexti í máli þessu en sjónarmið um frjálsan sparnað. Miskabótakrafan sé sett fram til að freista þess, að stefnandi fái bætta með peningum þá ómannúðlegu meðferð, sem hann hafi hlotið.

Varakrafan sundurliðast eins og aðalkrafan, en í stað fjárhæðar skv. C-lið er þess krafist, að farið verði eftir útreikningum tryggingafræðings, hvað varðar uppsafnaðar, verðbættar og vaxtaðar lífeyrisgreiðslur. Þrautavarakrafan þarfnist ekki skýringar.

Stefndu reisa kröfu sína um, að málinu verði vísað frá dómi, á því, að málið sé vanreifað og málsgrundvöllur óljós. Ekki sé að finna útskýringu í stefnu eða málsgögnum á því, hver sé grundvöllur fjárkröfu hans og tengsl við bótaskylt tjón. Ekkert eðlilegt samhengi sé þannig milli þeirra stjórnvaldsathafna, sem stefnandi telur leiða til bótaskyldu og ætlaðs tjóns. Stefnandi geri í málinu kröfur um svokallaða skírteinistryggingu, frjálsa hópsjúkra- og hópslysatryggingu, ógreiddan örorkulífeyri og bætur fyrir miska. Í stefnu segi stefnandi hins vegar málið höfðað til greiðslu skaðabóta. Þar sem málagrundvöllur sé svo óljós, telja stefndu ókleift, að dómur verði lagður á kröfur stefnanda, og beri því að vísa málinu öllu frá dómi. Telja stefndu málatilbúnaðinn ósamrýmanlegan meginreglum réttarfars um skýran og glöggan málatilbúnað, sbr. einkum d- og -lið (sic) 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Beri að vísa málinu frá dómi.

III.

Forsendur og niðurstaða.

Hinn 21. nóvember 1995 var í Héraðsdómi Reykjavíkur kveðinn upp dómur í málinu E-7955/1994, sem rekið var milli sömu aðila. Í forsendum dómsins segir m. a.:

„Stefnandi höfðar mál þetta á hendur stefndu til greiðslu skaðabóta vegna afturköllunar flugumferðarstjóraskírteinis og sviptingar réttar til atvinnu sem flugumferðarstjóri. Undir rekstri málsins komu fram gögn, er sýndu, að stefnandi fullnægði ekki skilyrði til starfs síns sem flugumferðarstjóri, þegar hann var sviptur flugumferðarstjóraskírteini sínu og var í kjölfar þess látinn hætta störfum vegna brots í starfi. Dómurinn hefur komist að þeirri niðurstöðu, að sú uppsögn stefnanda hafi ekki verið reist á réttmætum sjónarmiðum. Stefnandi naut samkvæmt kjarasamningi réttar til skírteinistryggingar vegna missis réttinda af heilsufarslegum ástæðum, ef ekki hefði komið til uppsagnar hans. Þar sem dómkrafa stefnanda er krafa um skaðabætur, er ekki unnt að dæma um hana, fyrr en reynt hefur á, hvort skírteinistrygging stefnanda verði greidd, enda kæmi sú greiðsla svo og lífeyrisréttindi o. fl. til skoðunar og eftir atvikum til frádráttar bótakröfu hans. Samkvæmt því þykir rétt að vísa kröfu stefnanda frá dómi."

Stefnandi rekur mál þetta sem skaðabótamál, en aðalkrafa hans er um greiðslu skaða- og miskabóta. Telur stefnandi sig eiga kröfu til höfuðstólsverðmætis skírteinistryggingar, frjálsrar hóptryggingar og bóta vegna missis lífeyris, allt frá því er hann var sviptur flugumferðarstjóraskírteini sínu árið 1984.

Samkvæmt kjarasamningi stefnanda naut hann réttar til skírteinistryggingar vegna missis réttinda sem flugumferðarstjóri af heilsufarslegum ástæðum. Sú trygging er umsamin í CHF (svissneskum frönkum) eða jafngildi þeirra í íslenskum krónum. Ekki er gerð krafa um greiðslu þeirrar tryggingar. Eins og mál þetta er lagt fyrir dóminn, er hins vegar við það miðað, að stefnandi hafi orðið af skírteinistryggingunni að einhverju eða öllu leyti. Á þetta hefur hins vegar ekki reynt. Kröfur stefnanda um skaðabætur úr hendi stefnda koma hins vegar ekki til álita, fyrr en úr því hefur verið skorið. Samkvæmt kröfu stefndu ber því að vísa máli þessu frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Krafa stefndu, samgönguráðherra vegna flugmálastjóra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs Íslands, að máli þessu verði vísað frá dómi, er tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 14. maí 1997.

Nr. 197/1997. **X**

(Brynjar Níelsson hdl.)

gegn

Y

Kærumál. Lögræðissvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. maí 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 6. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. apríl 1997, þar sem sóknaraðili var sviptur sjálfræði. Kæruheimild er í 10. gr. lögræðislaga nr. 68/1984. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Hún krefst einnig kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Í hinum kærða úrskurði er meðal annars rakinn framburður tveggja geðlækna. Verður ekki af framburðinum ráðið, að sóknaraðili sé haldin geðsjúkdómi, sem valdi því, að hún sé ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum, sbr. a-lið 1. mgr. 3. gr. lögræðislaga.

Af upplýsingum frá læknunum og öðrum gögnum málsins má telja ljóst, að sóknaraðili eigi við að etja verulegan vanda vegna ofneyslu áfengis. Hins vegar liggja ekki fyrir gögn, sem sýni ótvírætt, að ofdrykkja sóknaraðila sé komin á það stig, að hún sé ófær um að ráða persónulegum högum sínum, sé öðrum til byrði eða brjóti gegn skyldum eða hagsmunum, sem getur í c-lið 1. mgr. 3. gr. lögræðislaga.

Verður því ekki fallist á, að lagaskilyrði séu til þess að verða við kröfu varnaraðila um, að sóknaraðili verði svipt sjálfræði.

Ákvæði hins kærða úrskurðar um þóknun skipaðra verjenda sóknaraðila skal vera óraskað. Um þóknun verjanda vegna kæru málsins fer eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hafnað er kröfu varnaraðila, Y, um, að sóknaraðili, X, verði svipt sjálfræði.

Ákvæði hins kærða úrskurðar um þóknun skipaðra verjenda sóknaraðila skal vera óraskað.

Þóknun skipaðs verjanda sóknaraðila, Brynjars Níelssonar héraðsdómslögmanns, vegna meðferðar málsins fyrir Hæstarétti, 40.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. apríl 1997.

Með beiðni, dagsettri 13. mars sl., fór Y, f. 1960, Reykjavík, fram á það, að móðir sín, X, f. 1938, Reykjavík, yrði svipt sjálfræði. Var málið þingfest 13. mars sl. og tekið til úrskurðar 29. apríl sl. Um aðild sóknaraðila vísast til a-liðar 1. mgr. 5. gr. lögræðislaga nr. 68/1984.

Málavextir.

Í beiðni sóknaraðila kemur fram, að ástæða hennar er taumlaus og vaxandi drykkjusýki og heilaskemmdir, sem af henni hafi leitt. Meðal gagna málsins er ákvörðun dómsmálaráðuneytisins 27. febrúar sl. um, að varnaraðili skuli sæta nauðungarvistun vegna ástæðna, sem greini í 2. mgr. 13. gr. lögræðislaga. Í málinu eru einnig tvö vottorð Ingvars Kristjánssonar geðlæknis, dagsett 25. febrúar og 14. mars. Þar kemur fram, að varnaraðili sé haldin langvinnri áfengissýki, og bendi klínísk skoðun og taugasálfræðipróf auk þess eindregið til skertrar heilastarfsemi, sem rekja megi til ofdrykkjunnar. Megi ætla, að löng dvöl á meðferðarstofnun yrði henni til gagns. Styður læknirinn beiðni sóknaraðila um sjálfræðissviptingu. Þá eru meðal gagnanna fjórar lögregluskýrslur frá árunum 1994, 1996 og þessu ári, sem benda eindregið til ofdrykkju varnaraðila og sambýlismanns hennar.

Varnaraðili hefur komið fyrir dóminn og skýrt mál sitt. Hún kannast við að eiga við áfengisvanda að stríða, en kveðst geta náð tökum á fíkninni í frjálsri meðferð. Hún kveðst þrisvar áður hafa farið í áfengismeðferð, 1979, 1981 og 1991. Hún vilji dveljast áfram á spítalanum sjálfviljug og fara í meðferð með sambýlismanni sínum, sem hafi drukkið með sér. Hún segist ekkert samband hafa haft við sóknaraðila í um tvö ár, og telji hún, að börnum sínum gangi ekkert gott til með málsókninni, heldur sé hún gerð af annarlegum hvötum. Varnaraðili segir, að fljótlega eftir að hún var lögð inn, hafi hún gengist undir sálfræðipróf, sbr. hér á eftir. Hafi hún þá verið búin að vera við langvarandi áfengisdrykkju. Telji hún minni sitt vera betra nú en þegar hún tók prófið. Hún kveðst telja sig vera áfengissjúkling og segist

vilja hætta að drekka. Hún segist ekki vilja vera á spítalanum og helst takast á við vanda þennan heima hjá sér. Eins hafi hvarflað að sér að leita á náðir SÁÁ.

Lára Halla Maack geðlæknir, sem stundað hefur varnaraðila á geðdeild Landspítalans, hefur einnig komið fyrir dóm. Hún kveður varnaraðila vera með mjög alvarlegan heilaskaða, dæmigerðan fyrir ofneyslu áfengis. Þessi skaði sé svo alvarlegur, að honum fylgi minnisskerðing og lítil dómgreind. Á hinn bóginn sé von til þess, að skemmdin gangi til baka með tímanum, á 6-18 mánuðum, en það fari ekki að sjást fyrr en eftir nokkra mánuði. Gangi skemmdin til baka, verði varnaraðili komin í þá aðstöðu að geta tekist á við áfengisvanda sinn, en eins og nú sé, hafi hún engar hömlur í því efni og geti ekki tekist á við áfengissýki sína.

Ingvar Kristjánsson geðlæknir hefur einnig komið fyrir dóminn. Hann kveðst hafa hitt varnaraðila tvisvar vegna máls þessa og rætt við hana. Það, sem veki grun um heilaskaða hjá varnaraðila, sé, að geðslag sé flatt og hún bregðist ekki nema lítillega við áreitum, sem annars ættu að leiða til geðshræringar. Bendi þetta til framheilaskaða ásamt mörgu öðru, svo sem lélegri einbeitingu og lélegu minni. Próf taugasálfræðings renni stoðum undir þetta. Annars segir hann þessi einkenni einnig geta komið fram hjá alkóhólistum eftir langvarandi drykkju, enda hafi komið í ljós, þegar vitnið skoðaði varnaraðila í síðara skiptið og hún hafði ekki neytt áfengis, að ástand hennar var betra. Hann segist hafa álitið nauðsynlegt að halda varnaraðila inni á sjúkrahúsi og farið þar eftir reynslu sinni á meðferð alkóhólista. Vitnið segir það vera skoðun sína og reynslu, að nauðungarmeðferð geti ráðið bót á alkóhólisma með því að vinna upp viljahvöt þeirra eða „motivation“ til að takast á við sjúkdóminn. Takist það hins vegar ekki, sé til lítils unnið. Hann segist ekki hafa fundið, að varnaraðili væri haldin haldvillu, og hún hafi virst hafa innsæi í sjúkdóm sinn, þ. e. a. s., að hún hafi áttað sig á, að hún væri alkóhólisti, en hún finni ekki til þess sjálf, að hún þurfi að vera á meðferðarstofnun.

Þá hefur komið fyrir dóminn Eiríkur Líndal sálfræðingur, sem lagt hefur sálfræðipróf fyrir varnaraðila. Hafi það verið sjö aðalpróf, sem hugsuð séu til þess að kanna, hvort sjúklingur sé með framheilaskaða. Sé prófunum ætlað að kanna, hvort mikill munur sé á verklegri og munnlegri getu. Hafa verði hliðsjón af vissum skekkjumörkum við þessar mælingar. Venjulega komi fram munur hjá fólki upp á nokkur prósent, sem talinn sé eðlilegur. Sé fólk að jafnaði með meiri verklega getu en munnlega. Sé munurinn á hinn veginn og jafnframt umtalsverður, bendi það eindregið til framheilaskaða. Hjá varnaraðila hafi þessi munur verið 35%, sem teljist mikill. Til

dæmis um þetta nefnir sálfræðingurinn, að varnaraðili hafi verið látin teikna mynd eftir fyrirmynd, og hafi frammistaða hennar við það verið 86%, sem telja megi gott. Tuttugu og fjórum mínútum seinna hafi hún verið látin teikna myndina aftur, en nú eftir minni, og hafi frammistaða hennar þá numið 22%, sem sé mjög slakur árangur. Vísbendingar hafi komið fram um það, að hún gæti hugsanlega fengið getuna til baka. Til þess bendi það einkum, að henni hafi gengið betur, þegar hún hafi fengið aukatíma til að leysa verkefnin. Annars segir hann, að langvarandi áfengisdrykkja dragi úr andlegri getu á flestum sviðum. Þegar hins vegar mikill munur verður á milli einstakra sviða, geti það bent til heilaskaða.

Niðurstaða.

Dómarinn telur einsýnt af skýrslum læknanna og sálfræðingsins og öðru því, sem rakið hefur verið um drykkjuskap X, að hún sé ófær um að ráða persónulegum högum sínum vegna ofdrykkju og heilaskemmda, sem jafna megi til geðsjúkdóms, og beri samkvæmt því og með vísan til a- og c-liðar 1. mgr. 3. gr. laga nr. 68/1984 að fallast á beiðni sóknaraðila um, að hún verði svipt sjálfræði.

Þóknun skipaðra verjenda varnaraðila, Júlíusar Magnússonar og Brynjars Níelssonar héraðsdómslögmanna, greiðist úr ríkissjóði. Ber að greiða Júlíusi 20.000 krónur og Brynjari 30.000 krónur.

Úrskurðarorð:

X, f. 1938, er svipt sjálfræði.

Þóknun verjenda, Júlíusar Magnússonar héraðsdómslögmanns, 20.000 krónur, og Brynjars Níelssonar héraðsdómslögmanns, 30.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Fimmtudaginn 15. maí 1997.

Nr. 292/1996. **Margrét Stefánsdóttir**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Steinari Friðjónssyni
(Magnús Guðlaugsson hrl.)

Lausafjárkaup. Riftun. Afsláttur. Frávísun máls frá héraðsdómi að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1996. Hún krefst þess aðallega, að „viðurkennd verði riftun á kaupum" hennar á bifreiðinni NX-681 og að stefndi verði dæmdur til að greiða 730.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 26. apríl 1994 til greiðsludags gegn afhendingu bifreiðarinnar. Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 350.000 krónur með dráttarvöxtum frá sama degi og greinir í aðalkröfu til greiðsludags.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Atvikum að kaupum áfrýjanda á bifreið af stefnda í apríl 1994 er lýst í héraðsdómi. Kom eiginmaður áfrýjanda fram við kaupin sem umboðsmaður hennar, en hann var starfsmaður á fasteignasölu. Hefur hann viðurkennt, að sér hafi fyrir kaupin verið skýrt frá árekstri, sem bifreiðin lenti í, og að skipt hafi verið um bretti og „stuðara", auk þess sem ljós hafi skemmst. Hafi hann metið þessar upplýsingar svo, að óhappið hafi einungis verið óverulegt. Sá starfsmaður bílasölunnar, sem umboðsmaðurinn átti einkum samskipti við, staðfesti, að sér hefði verið skýrt frá óhappinu. Þær upplýsingar hefðu verið veittar, að af þessum sökum hefði vélarhlíf, bretti, ljós og stuðari verið endurnýjuð. Frá þessu hafi verið skýrt strax í upp-

hafi og það síðan rætt nokkrum sinnum, uns kaupin komust á. Í héraðsdómi er einnig lýst annmörkum á bifreiðinni, sem í ljós komu, er hún var færð á verkstæði í ágúst 1994 og desember 1995. Fyrir Hæstarétti kom fram, að skráningarnúmer hefðu verið tekin af bifreiðinni haustið 1994 og hún ekki notuð eftir það.

Með vísan til forsendna héraðsdóms verður ekki fallist á með áfrýjanda, að bifreiðin hafi við kaupin verið svo verulega gölluð, að heimilað geti henni riftun þeirra. Hið sama á við um þá málsástæðu, að bifreiðin sé „tjónsbíll“ í þeirri merkingu, að hún hafi komist í eigu vátryggingafélags eftir óhappið, en áfrýjandi telur, að með því að skýra ekki frá þessu hafi stefndi beitt svikum við samningsgerðina. Umboðsmanni áfrýjanda var skýrt frá árekstrinum, og hann hafði eftir það öll færi á að afla sér upplýsinga úr opinberum gögnum um fyrri eigendur bifreiðarinnar, teldi hann það atriði skipta sköpum. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður stefndi sýknaður af aðalkröfu áfrýjanda í málinu.

II.

Stefndi telur, að uppsett verð fyrir bifreiðina hafi verið 890.000 krónur, og hefur það stoð í framburði eiganda bílasölunnar. Áfrýjandi keypti bifreiðina fyrir 730.000 krónur.

Áfrýjandi hefur ekki stutt varakröfu sína um 350.000 króna afslátt neinum gögnum, og ekki nýtur mats dómkvadds manns um kostnað við að ráða bót á því, sem að bifreiðinni er. Að svo vöxnu eru ekki forsendur til að leggja dóm á varakröfu áfrýjanda. Verður henni því vísað frá dómi.

Samkvæmt þessum úrslitum verður áfrýjanda gert að greiða stefnda málskostnað, sem verður ákveðinn sameiginlega í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Stefndi, Steinar Friðjónsson, skal vera sýkn af aðalkröfu áfrýjanda, Margrétar Stefánsdóttur, í málinu.

Varakröfu áfrýjanda er vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi greiði stefnda samtals 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. júní 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. maí sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu, þingfestri 4. maí 1995, af Margréti Stefánsdóttur, kt. 100954-3389, Stekkjarhvammi 52, Hafnarfirði, á hendur Steinari Friðjónssyni, kt. 021132-2849, Funafold 71, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennd verði riftun á kaupum stefnanda á fólksbifreiðinni NX-681, sem er af gerðinni Mitsubishi Lancer GLX, árgerð 1990, og stefndi verði dæmdur til að endurgreiða stefnanda 730.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 26. apríl 1994 til greiðsludags gegn afhendingu bifreiðarinnar. Til vara er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 350.000 króna afslátt af kaupverði með sömu dráttarvöxtum og að framan greinir. Þá krefst stefnandi málskostnaðar ásamt virðisaukaskatti að mati dómsins.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda um riftun og stefnandi dæmd til að greiða stefnda málskostnað ásamt virðisaukaskatti. Fari svo, að dómur fallist á riftun, gerir hann þá kröfu, að stefnanda verði skylt að afhenda bílinn í sama ástandi og hún tók við honum og til frádráttar og skuldajafnaðar komi samtals 730.000 krónur auk dráttarvaxta. Þá krefst hann þess, að hann verði sýknaður af varakröfu, ef á hana reynir, en til vara, að hún verði lækkuð verulega. Við munnlegan málflutning mótmælti hann kröfu um afslátt á þeirri forsendu, að um nýja málsástæðu væri að ræða, sem væri of seint fram komin. Loks krefst hann málskostnaðar sér til handa að viðbættum virðisaukaskatti.

I.

Málavextir eru þeir, að með kaupsamningi 26. apríl 1994 keypti stefnandi fólksbifreiðina NX-681, sem er af gerðinni Mitsubishi Lancer GLX, árgerð 1990, af stefnda fyrir milligöngu Nýju bílahallarinnar, Funahöfða 1 hér í borg. Bifreið þessa hafði stefndi, sem er bifreiðasmíðameistari, keypt af Tryggingu hf., gert upp eftir tjón, sprautað og sett á sölu. Telur stefndi, að verðið, sem upphaflega var sett á bifreiðina, hafi verið á bilinu 860-890.000 krónur. Afsalið til stefnanda er undirritað af seljanda og kaupanda, en Jón Stefánsson, sölumaður bílasölunnar, gekk frá afsalinu. Við kaupin lá frammi skráningarskírteini bifreiðarinnar, en þar kom fram, að aðalskoðun

á bifreiðinni hafði farið fram 1. febrúar 1993, og var niðurstaða skoðunarinnar sú, að engar athugasemdir voru gerðar. Stefnandi staðgreiddi bifreiðina með 730.000 krónum, og annaðist eiginmaður stefnanda, Sigurður Jónsson, kaupin í umboði hennar. Hann heldur því fram, að ásett kaupverð hafi í fyrstu verið 810-820.000 krónur. Áður en kaupin voru afráðin, hafi hann skoðað bifreiðina og ekkert athugavert séð. Hvorki stefndi né starfsmaður bílasölunnar hafi gert honum grein fyrir, að eitthvað hafi verið að bifreiðinni né að hún væri nýviðgerð. Við meðferð málsins sagði eiginmaður stefnanda hins vegar, að sölumaður sá, sem gekk frá afsalinu, hefði tjáð sér, að bíllinn hefði lent í „smáóhappi" og skipta hefði þurft um bretti og stuðara og eitthvað verið athugavert við ljósin. Látið hafi verið að því liggja, að um lítilfjörlegt tjón hafi verið að ræða, „smáhnoð". Stefnandi hafi notað bifreiðina mjög lítið í upphafi, en eiginmaður hennar hafi haft afnot hennar frá síðari hluta júní og í júlímánuði 1994. Honum hafi fundist bifreiðin óeðlileg í akstri, titringur í stýri og skjálfti í yfirbyggingu og mælaborði. Þau hjónin hafi þá kannað feril bílsins og komist að raun um, að hann hafði lent í árekstri í janúar 1994 og orðið fyrir meiri háttar tjóni. Bifreiðin væri því „tjónsbíll". Er hér var komið sögu, hafi þau fengið vitneskju um, að stefndi hefði að atvinnu að gera upp og selja „tjónsbíla". Eiginmaður stefnanda hafi þá haft samband við stefnda og krafist þess, að kaupin gengju til baka. Að samkomulagi hafi orðið að svo stöddu, að bifreiðin færi í skoðun hjá Heklu hf., sem hefur umboð fyrir sölu Mitsubishi-bifreiða á Íslandi. Á reikningi Heklu hf. komi fram, að þvingun sé á mótorfestingum, en orsök ókunn. Viðgerð sé því ekki möguleg.

Í tölvuútskrift Bifreiðaskoðunar Íslands 7. júní sl. af eigendaferilsskrá kemur fram um bifreiðina NX-681, að tryggingafélagið Trygging hf. er skráður eigandi hennar 10. janúar 1994, stefndi frá 14. janúar til 26. apríl sama ár, en frá þeim degi er stefnandi skráður eigandi hennar. Hvorki kemur þar fram né í öðrum gögnum málsins, að bifreiðin hafi verið afskráð vegna tjóns, enda er það óumdeilt í málinu, að svo var ekki.

Með bréfi 10. ágúst 1994 tilkynnti lögmaður stefnanda stefnda, að stefnandi lýsti yfir riftun á kaupum bifreiðarinnar. Jafnframt krafðist hann endurgreiðslu kaupverðsins ásamt kostnaði gegn afhendingu bifreiðarinnar. Í bréfinu kemur fram, að riftunarkrafan er studd því, að stefndi hafi með sviksamlegum hætti leynt upplýsingum um það, að bifreiðin hefði lent í meiri háttar tjóni. Númer bifreiðarinnar voru lögð inn til geymslu hjá Bifreiðaskoðun Íslands 25. ágúst 1994. Í svarbréfi lögmanns stefnda 26. sama mánaðar er því haldið fram, að stefnandi hafi vitað, að bíllinn væri „tjónsbíll". Bréfinu fylgir yfirlýsing Ingimars Sigurðssonar, sölumanns og eiganda

Nýju bílahallarinnar, þar sem því er haldið fram, að eiginmanni stefnanda hafi verið gerð grein fyrir því, að bifreiðin NX-681 hefði orðið fyrir tjóni, og eftir umsögn eiganda hafi honum verið tjáð, að skipt hefði verið um frambretti, stuðara, framljós og framhluti málaður. Þá liggur frammi í málinu yfirlýsing Jóns Kr. Stefánssonar, sölumanns Nýju bílahallarinnar, 26. ágúst sama ár um það, að hann hafi ekki látið eiginmann stefnanda vita um það, að bíllinn hefði verið seldur tryggingafélagi, eftir að hann hefði skemmst í umferðaróhappi, enda hefði sér ekki verið um það kunnugt.

Lögmaður stefnanda skoraði enn á stefnda að verða við kröfum stefnanda með bréfi 15. desember 1994. Þeirri kröfu var hafnað með bréfi lögmanns stefnda 18. janúar 1995. Í framhaldi þess kannaði stefnandi hjá Bílaþingi Heklu hf., hvort mögulegt væri að losna við bifreiðina í skiptum fyrir aðra. Í yfirlýsingu Guðna Eðvarðssonar bifreiðasala 24. janúar sama ár kemur fram, að það sé vinnuregla hjá Bílaþingi Heklu að taka hvorki upp í né selja bifreiðar, sem hafi komist í eigu tryggingafélaga eftir tjón.

Stefndi kveðst hafa falið Nýju bílahöllinni að selja umrædda bifreið sína, NX-681, í apríl 1991, en bifreiðina hafi stefndi keypt „tjónaða" af Tryggingu hf. Bifreiðin hafi lent í tjóni vinstra megin að framan, og hafi tjónið ekki verið meiri háttar, enda bifreiðin aldrei afskráð, en skipta hafi þurft um þá hluti, er dælduðust. Hafi tryggingafélagið ætlað að láta gera við bifreiðina, en fallist á beiðni eiganda hennar um að kaupa hana. Stefndi hafi skipt um þá hluti, sem þurfti, og sprautað bifreiðina, áður en hann setti hana á bílasöluna. Eiginmaður stefnanda hafi skoðað bifreiðina, og áður en hann gerði tilboð, hafi honum verið sagt frá tjóninu, sem bifreiðin hefði orðið fyrir, og frá þeim viðgerðum, sem gerðar voru á henni. Hann hafi skoðað það sérstaklega, gert tilboð eftir eina viku, en bifreiðinni hafi þá verið ekið tæpa 29 þús. km og með óaðfinnanlegu lakki.

Af hálfu stefnda er á það bent, að eiginmaður stefnanda sé fasteignasali og honum því vel kunnugt um skyldur kaupanda til að skoða hið selda, áður en gengið er til samninga, og skyldur til að tilkynna strax um galla.

Stefnandi hafi fyrst í ágúst sama ár kvartað um, að bifreiðin væri óeðlileg í akstri, hristist öll og skylfi, stýri, yfirbygging og mælaborð, en þá hafi verið búið að aka bifreiðinni a. m. k. rúma fjögur þúsund km á tæpum fjórum mánuðum. Samkvæmt reikningi Heklu hafi bifreiðinni verið ekið 33 þús. km í ágúst. Á þessum stutta tíma hafi séð þó nokkuð á lakki, svo að meðferð stefnanda á bifreiðinni hafi sannanlega verið slæm. Stefndi hafi strax í upphafi viljað fá að vita, hvað væri að bifreiðinni. Virtist honum, að skipta þyrfti um mótorpúða, og hafi hann boðist til að skipta um þá, en því hafi stefnandi hafnað. Sættir hafi ekki tekist og ekkert aðhafst af hálfu stefn-

anda, þótt skorað hafi verið á eiginmann hennar og lögmann hans að fá að vita, hvað væri að bílnum. Lögmaður stefnda hafi boðist til að koma með bifreiðina á bílaréttingaverkstæði Árna Gíslasonar stefnanda að kostnaðarlausu til að skoða og meta, hvað væri nákvæmlega að bifreiðinni, en því hafi eiginmaður stefnanda ekki sinnt. Engin skilgreining væri af hálfu stefnanda á því, hvað sé að bílnum, hvenær það hafi komið fram og hvað kosti að lagfæra. Stefnandi segi aðeins, að bifreiðin hristist öll og skjálfi og sé því í raun óökufær, og númerin hafi verið rifin af bílnum. Öll kröfugerð stefnanda virðist reist á því, að bíllinn hafi lent í tjóni vinstra megin að framan, en það hafi stefnandi vitað, þegar salan fór fram.

II.

Stefnandi heldur því fram, að hún hefði ekki keypt bifreiðina, ef stefndi hefði skýrt sér frá því, að bifreiðin var tjónsbifreið, svo sem stefnda hafi ótvírætt borið að gera, enda væri alkunna, að „tjónsbílar“ seldust verr og á lægra verði en sambærilegir bílar, sem ekki hafi orðið fyrir tjóni. Stefnandi kveðst ekki hafa notað bílinn, eftir að hann var skoðaður á verkstæði Heklu hf. Reisir stefnandi aðal- og varakröfu sína á 42. gr. laga nr. 39/1922 svo og á meginreglum samninga- og kröfuréttar. Málskostnaðarkröfu sína styður hún XXI. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð einkamála og kröfuna um dráttarvexti við III. kafla vaxtalaga.

Stefndi kveðst byggja málatilbúnað sinn og kröfugerð meðal annars á eftirfarandi málsástæðum:

1) Stefnandi hafi vitað, áður en salan fór fram, að bíllinn hafði lent í tjóni vinstra megin að framan. Þá hafi stefnandi vitað, skoðað og sætt sig við tjónið og viðgerðina, sbr. 47. gr. kpl.

2) Eiginmaður stefnanda sé sérfróður í viðskiptum, og honum sé kunnugt um allar skyldur kaupanda og hverju það varðar að tilkynna ekki strax um galla.

3) Stefnandi hafi samkvæmt 42. gr. kpl. sönnunarbyrðina fyrir því, að um galla hafi verið að ræða, er sala fór fram, hver gallinn sé og hve mikið kosti að lagfæra hann, en ekkert af þessu leggi stefnandi fram. Hins vegar liggi fyrir, að stefnandi, sem sé óvön akstri, hafi ekið bifreiðinni athugasemdalaust í tæpa fjóra mánuði yfir 4 þús. km þannig, að stórsér á lakki.

4) Engum sé kunnugt um, hver gallinn sé á bifreiðinni. Ekkert hafi verið lagt fram um, að viðgerð stefnda eftir tjón á vinstra framhorni sé ábótavant. Stefndi hafi boðist til á sínum tíma að lagfæra og skoða, hvað væri að, en engin viðbrögð orðið af hálfu stefnanda.

5) Aðgerðaleysi og tómlæti stefnanda og seinagangur í málinu, sbr. 54. gr. kpl., og því séu allar kröfur of seint fram komnar.

6) Stefnandi geti ekki skilað bifreiðinni í því ástandi, er hún tók við henni, og geti riftunarkrafa ekki náð fram að ganga, þar sem bíllinn sé í mun lakara ástandi en þegar stefnandi fékk hann, farið sé að sjá á lakki, og einhver galli sé vegna titrings.

Ef fallist verði á riftun, kveður stefndi, að útreikningur á skuldajafnaðar- og frádráttarkröfu sinni, að fjárhæð 730.000 krónur, sé sem hér segir:

a) Notkun stefnanda á bifreiðinni í fjóra mánuði, sem hafi ekið henni a. m. k. 4.000 km. Beri stefnanda að greiða stefnda, eins og hafi hún fengið bílinn á bílaleigu, en skv. gjaldskrá Bílaleigu Akureyrar sé leiga fyrir MMC Lancer 3.700 krónur. Að auki sé krafist 37 króna fyrir hvern km, samtals í ágúst 592.000 krónur.

b) Notkun stefnanda á bifreiðinni í átta mánuði, frá ágúst fram að birtingu stefnu, þ. e. daggjald að frádregnum 50%, þar sem um langtímaleigu sé að ræða, samtals 444.000 krónur.

c) Galli, eftir að salan fór fram, sem stefndi metur á 350.000 krónur.

d) Gallað lakk miðað við heilsprautun skv. gjaldskrá bílamálara 230.000 krónur, en stefndi hafi ekki komist í bifreiðina til að láta meta verð lakkvinnunnar.

e) 15% lækkun á verði bifreiðarinnar á því ári, sem liðið er, 187.500 krónur, miðað við verð á nýrri samsvarandi bifreið, sem mun kosta 1.250.000 krónur.

f) 350.000 krónur vegna slæmrar meðferðar bifreiðarinnar, en þar sem stefndi hafi ekki getað látið meta bifreiðina, þyki þessi fjárhæð sanngjörn, uns unnt verði að staðreyna annað.

Niðurstaða.

Eftir að ágreiningur reis um bifreiðakaupin, urðu málsaðilar ásáttir um að fara með bílinn til skoðunar á verkstæði bifreiðaumboðsins Heklu hf. Á reikningi fyrirtækisins frá 2. ágúst 1994, sem stefnandi hefur lagt fram, kemur eftirfarandi fram: „Þvingun er á mótorfestingum. Þegar mótorbiti (sá er hliðarfestingar sitja á) er losaður niður, hverfur þvingunin, og titringur hættir. Orsök ókunn!“ Í framhaldi þessarar skoðunar bauðst stefndi til að skipta um mótorpúða, en því hafnaði stefnandi. Í desember sama ár skoðaði Ásgrímur Þorsteinsson, bifvélavirki hjá Heklu hf., bifreiðina að beiðni stefnanda með tilliti til tjóns þess, sem bifreiðin hafði orðið fyrir. Beindist skoðunin einkanlega að titringi í gangi vélar. Í yfirlýsingu hans, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, segir, að við athugun komi í ljós, að mótorfesting vinstra megin að ofan og gírkassafesting hægra megin að ofan hafi verið bognar. Valdi það því, að mótorpúðar séu í spennu, sem orsaki óeðlilegan

titring í bifreiðinni, þegar vélin sé í gangi. Ráðleggur hann, að skipt verði um mótor- og gírkassafestingu og að bifreiðinni verði síðan komið í grindarmælingu til viðurkennds aðila og því næst í hjólastillingu. Í framburði Ásgríms kom fram, að á þeim tíma, er hann mat tjónið, hafi kostnaður við skipti á mótor- og gírkassafestingum ásamt varahlutum verið um 23.000-25.000 krónur. Gerði Ásgrímur ráð fyrir, að þessi viðgerð myndi duga. Fritz Magnús Bjarnason bifvélavirki tók bifreiðina í burðarvirkismælingu (grindarmælingu) í desember sl. og staðfesti þá mælingu fyrir dóminum. Niðurstaða mælingar hans var sú, að um 7 mm skekkja væri í hæðarmælingu á einum stað, en á þessum tiltekna stað þyrftu frávik helst að vera engin, en framleiðendur teldu eðlileg skekkjumörk 1–2 mm. Þetta væri þó ekki afgerandi skekkja. Hann treysti sér ekki til að meta, hvort þessi skekkja hefði áhrif á aksturseiginleika bifreiðarinnar, en til að tryggja, að svo yrði ekki, þyrfti að hjólastilla hana. Ef lagfæra þyrfti hæðarmuninn þrátt fyrir hjólastillingu, tæki það um dagstund. Upplýst er, að stefnandi hefur hvorki gert reka að þeim lagfæringum, sem lagt var til, að færu fram, né látið meta tjónið, en rifti þess í stað kaupunum á grundvelli þess, að stefndi hefði með sviksamlegum hætti leynt upplýsingum um, að bifreiðin hefði lent í meiri háttar tjóni.

Stefndi keypti bifreiðina af tryggingafélagi, en hún var ekki afskráð, svo sem nauðsynlegt hefði verið, ef um bilun öryggisútbúnaðar eða meiri háttar tjón hefði verið að ræða. Hefur hann boðist til að bæta úr göllum á bifreiðinni, ef stefnandi geti sýnt fram á, hverjir það eru.

Ljóst er af því, sem rakið hefur verið, að stefnandi hefur ekki fært sönnur á, að bilun sú, sem rekja mátti til titrings bifreiðarinnar í lausagangi, hafi verið meiri en fram kom við fyrrgreinda skoðun hjá Heklu hf. eða við burðarvirkismælinguna. Þá hefur ekki heldur verið sýnt fram á, að titrings þessa hafi gætt, þá er kaupin voru gerð. Hefur stefnandi því ekki sýnt fram á, að bifreiðin hafi verið verulega gölluð, þegar kaupin fóru fram, jafnvel þótt litið verði svo á, að bifreið, sem hefur komist í eigu tryggingafélags, sé erfiðari í endursölu. Eru því ekki skilyrði til riftunar samkvæmt 1. ml. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup.

Í málatilbúnaði stefnanda var því í fyrstu haldið fram, að stefndi hefði hvorki gert henni grein fyrir, að eitthvað hefði verið að bifreiðinni né að hún væri nýviðgerð, en forsenda kaupanna hefði meðal annars verið, að bifreiðin væri ekki „tjónsbíll“. Við meðferð málsins kom hins vegar fram af hálfu eiginmanns stefnanda, að sölumaður sá, sem gekk frá afsalinu, hefði tjáð honum, að bíllinn hefði lent í „smáóhappi“, skipt hefði verið um bretti og stuðara og eitthvað verið athugavert við ljósin. Sagði eiginmaður stefn-

anda, að hann hefði hins vegar verið leyndur því, að tjónið hefði verið svo mikið sem raun var á. Látið hafi verið að því liggja, að um lítilfjörlegt tjón hefði verið að ræða, smá-„hnoð“. Þessu hefur stefndi og sölumaður sá, er annaðist söluna, mótmælt, og fullyrða þeir, að honum hafi einnig verið sagt, að skipt hefði verið um vélarhlíf og framstykki á bílnum.

Ljóst er, að eiginmanni stefnanda var tjáð, að bifreiðin hefði orðið fyrir tjóni, áður en salan fór fram, þótt tjóninu hefði ekki verið lýst í afsali, svo sem æskilegt hefði verið. Eiginmaður stefnanda, sem er fasteignasali, sá um kaupin og eftirmál þeirra. Var honum í lófa lagið að kanna nánar, fyrir hvaða tjóni bifreiðin hefði orðið, og óska nánari skýringa og gagna í þeim efnum, áður en hann gekk frá kaupunum. Skiptir hér engu, hvort bifreiðin var í eigu tryggingafélags eða einhvers annars eftir umrætt tjón í byrjun árs 1994. Verður samkvæmt þessu ekki á það fallist, að stefnandi hafi verið beittur svikum við kaupin. Samkvæmt því eru ekki heldur skilyrði til riftunar samkvæmt 2. ml. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922. Ber því að sýkna stefnda af riftunarkröfum stefnanda.

Stefnandi féll frá kröfu sinni um skaðabætur við munnlegan málflutning, en kvaðst þess í stað reisa varakröfu sína um greiðslu 35.000 króna úr hendi stefnda á afslætti. Hún hefur, svo sem að framan greinir, hvorki lagt fram gögn né mat um það, í hverju ætlaðir gallar á bifreiðinni eru fólgnir, og ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af kröfu stefnanda um afslátt. Er stefndi því einnig sýknaður af varakröfu stefnanda.

Eftir þessum úrslitum verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda 70.000 krónur í málskostnað, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dóm þennan kveður upp Ingibjörg Benediktsdóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, Steinar Friðjónsson, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Margrétar Stefánsdóttur, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 70.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 15. maí 1997.

Nr. 288/1996. **Gunnar Guðmundsson**
(Sigurður Sigurjónsson hrl.)
gegn
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.
(Ólafur Axelsson hrl.)

Vátrygging. Iðgjald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. júlí 1996. Hann krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.715.400 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 17. október 1996 til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða „skaðabætur, miska, vexti og kostnað að mati Hæstaréttar". Enn fremur krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur tekið við réttindum og skyldum Almennra trygginga hf. Áfrýjandi lagði fyrir Hæstarétt kvittun, sem sýnir, að Almennar tryggingar hf. greiddu 17. janúar 1985 kostnað og slysadagpeninga fyrir tímabilið 4. til 14. janúar 1985, alls að fjárhæð 13.423 krónur, vegna fingurmeiðsla, sem áfrýjandi varð fyrir 4. sama mánaðar. Einnig lagði áfrýjandi fyrir Hæstarétt kvittun þess efnis, að félagið hefði 17. janúar 1985 tekið við greiðslu iðgjalds af sjúkra- og slysatryggingu, að fjárhæð 7.700 krónur, vegna vátryggingartímabilsins frá 1. janúar til 1. júlí 1985. Kveður áfrýjandi þessi nýju gögn styðja enn frekar þá málsástæðu sína, að samkomulag hafi komist á með málsaðilum þess efnis, að „vátryggingarsamningur milli aðila stæði óhaggaður", þrátt fyrir það að ekki væri greitt á gjalddaga.

Stefndi ber ekki brigður á þessi gögn, en heldur því fram, að nefndar greiðslur hafi verið inntar af hendi vegna mistaka.

Gögn málsins sýna, að 4. janúar 1985, er áfrýjandi meiddist í fingri, svo sem að framan greinir, var iðgjald af sjúkra- og slysa-

tryggingu hans að fullu greitt til ársloka 1984. Þá var hins vegar ógreitt iðgjald, sem féll í gjalddaga 1. janúar 1985. Ekki verður fallist á, að nefnd greiðsla vátryggingarbóta á fjórða degi eftir upphaf nýs vátryggingartímabils sýni, að stefndi hafi fallið frá rétti sínum til að bera fyrir sig gagnvart áfrýjanda ákvæði vátryggingarskilmála og 2. málsliðar 1. mgr. 14. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954 um brottfall ábyrgðar félagsins.

Með framangreindum athugasemdum og skírskotun til forsendna héraðsdóms verður hann staðfestur. Eins og atvikum er háttað, þykir rétt, að aðilar beri hvor sinn málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. apríl 1996.

Mál þetta var dómtekið mánudaginn 29. apríl 1996 að loknum munnlegum málflutningi.

Stefnandi málsins er Gunnar Guðmundsson, kt. 120258-2179, Dvergabakka 22, Reykjavík.

Stefndi er Sjóvá-Almennar tryggingar hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

Aðalkrafa stefnanda er sú, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 1.844.500 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 um vexti frá 13. ágúst 1987 til greiðsludags. Varakrafa stefnanda er sú, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 1.844.500 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 um vexti frá 5. september 1991 til greiðsludags. Þrautavarakrafa stefnanda er sú, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skaðabætur, miska, vexti og kostnað að mati réttarins.

Í öllum tilvikum gerir stefnandi þá kröfu, að stefndi greiði málskostnað að mati réttarins. Þá er krafist vaxta á tildæmdan málskostnað skv. III. kafla vaxtalaga auk virðisaukaskatts, 24,5%, samkvæmt lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Dómkröfur stefnda.

Aðalkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði jafnframt gert að greiða stefnda máls-

kostnað að skaðlausu. Varakröfur stefnda eru þær, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Málavextir.

Stefnandi, sem er múrari að atvinnu, lenti í slysi við störf við Kópavogskirkju 13. ágúst 1987. Var hann við störf á þaki kirkjunnar og skrikaði fótur með þeim afleiðingum, að hann rann og féll niður um þriggja metra fall, en kom niður á fætur. Fann hann strax fyrir miklum verkjum frá hælum og mjóbaki. Var hann fluttur með sjúkrabíl á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík og var skoðaður, en við röntgenmyndatöku kom fram örlítil fleygmyndun á I. liðbol lendahryggjar svo og sprunga í vinstra hælbeini. Var stefnandi settur í gifs vegna hælbeinsbrotsins og útskrifaður með verkjalyf og á hækjum, en var síðan áfram til eftirlits á slysadeild Borgarspítalans. Stefnandi var um alllangan tíma eftir slysið frá vinnu og gekk til læknis og hlaut meðferð.

Stefnandi leitaði til Almennra trygginga hf. um greiðslu skaðabóta, en hann hafði keypt sjúkra- og slysatryggingu og líftryggingu hjá því félagi. Af hálfu Almennra trygginga hf. var því haldið fram, að kanna þyrfti málið frekar og óvíst um, hvort stefnandi fengi bætur hjá félaginu, þar eð iðgjald væri í vanskilum. Stefnandi keypti tryggingarnar hjá félaginu frá 1984, og var greiðslum iðgjalda háttað þannig, að félagið hafði fengið innborganir inn á trygginguna eða stefnandi samið um greiðslu iðgjalda í formi víxla. Með bréfi, dagsettu 30. júlí 1987, sendi félagið stefnanda svohljóðandi reikningsyfirlit:

„Reykjavík, 30. júlí 1987.

Meðfylgjandi reikningsyfirlit sýnir iðgjaldaskuld yðar við félagið.

Vinsamlegast greiðið eða semjið um skuldina án frekari tafa, svo að komist verði hjá frekari innheimtuaðgerðum.

Með kveðju,
Almennar tryggingar hf.,
Ólöf Stefánsdóttir."

Framangreindu bréfi fylgdi yfirlit yfir iðgjaldaskuld, að fjárhæð 33.113 kr., þ. e. iðgjöld 30.862 kr. og vextir 2.251 kr. Um var að ræða eftirstöðvaskuld vegna líftryggingar og sjúkra- og slysatryggingar. Stefnandi greiddi af sjúkra- og slysatryggingu og líftryggingu fyrir tímabilið 1. júlí 1985 – 1. janúar 1986, 1. janúar 1986 – 30. júní 1986, 1. júlí 1986 – 31. desember 1986 og 16. apríl 1986 – 16. október 1986. Á yfirliti Almennra trygginga hf. yfir við-

skiptastöðu, dagsettu 3. maí 1988, kemur fram, að félagið hafði fellt niður sjúkra- og slysatryggingu frá 1. júlí 1987 til áramóta 1987/1988 28. október 1987.

Stefnandi varð fyrir tveimur umferðarslysum, hinu fyrra 6. október 1990 og hinu síðara 22. október sama ár, og hlaut alvarlegt líkamstjón 6. október við keppni í torfæruakstri, en 22. október sama ár var ekið aftan á bifreið hans með þeim afleiðingum, að hann hlaut alvarlegan hálsáverka. Á þeim tíma höfðu Sjóvátryggingafélag Íslands hf. og Almennar tryggingar hf. sameinast í Sjóvá-Almennar tryggingar hf., og var uppgjöri vegna umferðarslysanna lokið 1994. Ágreiningur var hins vegar enn uppi um bótaskyldu félagsins vegna tjóns stefnanda vegna vinnuslyssins árið 1987.

Leifur Jónsson læknir gaf 2. apríl 1991 út læknisvottorð um meðferð stefnanda á Borgarspítala. Fór stefnandi í sjúkraþjálfun til þess að reyna að fá bót meina sinna samkvæmt gögnum málsins. Sigurjón Sigurðsson, sérfræðingur í bæklunarlækningum, gerði 25. október 1994 örorkumat um stefnanda um tjónið, sem hann varð fyrir 13. ágúst 1987. Var niðurstaða læknisins sú, að tímabundin og varanleg örorka, sem stefnandi hlaut af völdum þessa slyss, væri í 9 mánuði 100%, en varanleg örorka 5%. Jón Erlingur Þorlaksson tryggingafræðingur reiknaði síðan út tjón stefnanda á grundvelli örorkumatsgerðar áðurnefnds Sigurjóns, og var niðurstaða hans sú, að höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps stefnanda væri á slysdegi eftirfarandi: vegna tímabundinnar örorku 661.500 kr., vegna varanlegrar örorku 927.400 kr., samtals 1.588.900 kr. Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins var áætlað 6% af höfuðstólsverðmæti taps af varanlegri örorku, 55.600 kr. Heildarniðurstaða var samkvæmt þessu 1.644.500 kr.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur stefnda á því, að hann hafi verið tryggður sjúkra- og slysatryggingu, þegar tjónið varð 13. ágúst 1987. Málsatvik séu óumdeild. Stefnandi kveðst hafa keypt sjúkra- og slysatryggingu hjá Almennum tryggingum hf. og haft slíka tryggingu ásamt líftryggingu hjá félaginu frá 1984 og hún verið í fullu gildi, þá er slysið varð, þótt um iðgjaldaskuld hafi verið að ræða. Það hafi verið tíðkanleg viðskipti milli stefnanda og félagsins, að greiðsla iðgjalda færi fram eftir samkomulagi, þ. e. ekki við upphaf tryggingartímabils, heldur ávallt síðar, og hafi félagið látið það algjörlega átölulaust, þótt greiðsla iðgjalda drægist. Bent er á, að upphaf þess tryggingartímabils, sem um ræði, hafi verið 1. júlí 1987, og því ljóst, að ekki hafi verið langt um liðið, frá því að tryggingartímabil hófst og innheimta mátti iðgjald, þar til sjálft tjónið varð. Stefnandi bendir sérstaklega á, að stefndi hafi ekki mótmælt því, að vátryggingarsamningur hefði komist á, og af bókum félagsins sé upplýst, að samningurinn hafi verið í fullu gildi, en

með yfirliti 3. maí 1988 hafi verið upplýst, að 28. október hefði tryggingin verið felld niður af hálfu félagsins. Stefnandi heldur því fram, að félagið hefði þurft að tilkynna stefnanda með afdráttarlausum hætti, að tryggingin væri fallin úr gildi, en svo hafi ekki verið gert. Því sé ljóst, að félagið hafi litið svo á, að tryggingin, vátryggingarsamningur aðila máls þessa, væri í fullu gildi og ekki staðið til að fella hann úr gildi.

Stefnandi kveður stefnda engin skrifleg svör hafa gefið þrátt fyrir óskir þar um, og hafi hann endursent gögn, sem beint hafi verið að félaginu, og synjað um greiðslu læknisfræðilegra gagna. Stefnandi kveðst því ekki eiga aðra kosti en fá úr því skorið fyrir dómi, hvort sér beri greiðsla skaðabóta, miska og kostnaðar úr hendi félagsins á grundvelli umræddrar tryggingar, og því sé mál þetta höfðað.

Stefnandi kveðst reisa dómkröfur sínar á fram lögðum gögnum, þ. e. örorkumati og örorkutjónsútreikningi, auk kröfu um miskabætur.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

Höfuðstóll:		
Vegna tímabundinnar örorku	kr.	661.500
Vegna varanlegrar örorku	–	927.400
Vegna tapaðra lífeyrisréttinda	–	55.600
Miskabætur	–	200.000
Samtals	kr.	1.844.500

Stefnandi krefst dráttarvaxta frá slysdegi til greiðsludags ásamt greiðslu málskostnaðar og alls útlagðs kostnaðar.

Stefnandi kveðst reisa varakröfur sínar á sömu forsendum og aðalkröfu um tímabundna og varanlega örorku og miskabætur, en vaxtakrafan sé höfð uppi miðað við 1. september 1991, og sé krafist dráttarvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Varðandi þrautavarakröfu kveðst stefnandi leggja dómkröfur í mat réttarins, en ljóst sé, að langt sé liðið, frá því að tjónsatburður varð, en stefnandi eigi ekki að gjalda fyrir neikvæða afstöðu stefnda, enda hafi stefnandi margsinnis leitað samkomulags við félagið um niðurstöðu, en án árangurs.

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar á almennum reglum skaðabótaréttar og lögum um vátryggingarsamninga nr. 20/1954. Krafan um miskabætur sé reist á 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og dómvenju, en krafa um málskostnað á 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 og krafa um virðisaukaskatt á málskostnað á lögum nr. 50/1988. Vaxtakröfu styður stefnandi III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda eru gerðar athugasemdir við kröfugerð stefnanda að því leyti, að stefnandi reisi kröfur sínar á samningssambandi milli málsaðila, sem grundvallað sé á sjúkra- og slysatryggingu, er stefnandi tók hjá stefnda, en fjárkrafan sé hins vegar ekki í samræmi við þetta. Kröfugerðin taki mið af því, að um sé að ræða skaðabótamál. Slíku sé alls ekki fyrir að fara í þessu máli, og því sé málið vanreifað að þessu leyti af hálfu stefnanda. Í umræddri vátryggingu komi skýrlega fram, hvernig haga skuli útreikningi, komi til tjóns samkvæmt gildri tryggingu.

Stefndi byggir aðalkröfu sína um sýknu á því, að réttur stefnanda samkvæmt umræddri sjúkra- og slysatryggingu hafi verið fallinn niður vegna vanskila á greiðslu iðgjalda af hálfu stefnanda, þegar tjónsatburðurinn varð 13. ágúst 1987, en samkvæmt gögnum málsins hafi stefnandi verið í vanskilum með greiðslu iðgjalda umræddrar tryggingar. Samkvæmt 1. tölulið vátryggingarskilmála sjúkra- og slysatryggingarinnar gildi ábyrgð félagsins ekki, meðan vanskil séu. Vísar stefndi einnig til 13. og 14. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga.

Stefndi heldur því einnig fram, að kröfur stefnanda séu allar fyrndar eða að hluta til fyrndar, og vísar til 29. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga, hvað það varðar.

Stefndi styður varakröfu sína því, að stefnandi eigi ekki frekari kröfur en skilmálar vátryggingar geri ráð fyrir.

Niðurstöður.

Enginn ágreiningur er með aðilum máls þessa um málavexti og örorkumat. Þá er óumdeilt, að stefnandi og Almennar tryggingar hf., forveri Sjóvár-Almennra trygginga hf., gerðu með sér vátryggingarsamning árið 1984, og einnig, að iðgjöld vegna ársins 1987 hafa ekki verið greidd. Hins vegar greinir aðila á um, hvort samið hafi verið um annan gjalddaga en greinir í vátryggingarsamningnum, og af þeim sökum, hvort ábyrgð stefnda hafi verið í gildi, þegar tjónsatburðurinn varð.

Af hálfu stefnanda er því fram haldið, að stefnandi hafi haft ástæðu til að ætla, að samkomulag hefði komist á um eftirágreiðslu iðgjalda ársins 1987, eins og verið hefði árið 1986. Fyrir dómi bar stefnandi, að venjan í viðskiptum aðila væri sú, að stefnandi greiddi vátryggingariðgjöld eftir gjalddaga þeirra. Af hans hálfu hefði staðið til, að hann greiddi iðgjaldaskuld sína, þegar hann fengi næst greitt vegna vinnunnar við Kópavogskirkju. Af hálfu stefnda hefur því verið neitað, að samið hafi verið um breytingu á gjalddaga iðgjaldanna. Stefnandi ber sönnunarbyrði fyrir þeirri fullyrðingu, en þykir ekki hafa tekist að sanna hana. Af fram lögðu reikningsyfirliti og

gíróseðli vegna iðgjalda fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember 1987 kemur fram, að gjalddagi er 1. júlí 1987, en eindagi 10. ágúst. Gegn neitun stefnda verður ekki litið svo á, að aðilar hafi samið um annan gjalddaga, þótt stefnandi hafi áður greitt iðgjöld eftir á.

Í 1. gr. fram lagðs samnings aðila um sjúkra- og slysatryggingu segir, að verði fyrsta iðgjald eigi greitt, þegar þess sé krafist, en þá kröfu megi í fyrsta lagi gera á gjalddaga, sé ábyrgð félagsins lokið. Síðan segir, að sama gildi, séu síðari iðgjöld eigi greidd innan viku, frá því að þeirra sé krafist, en þeirra megi í fyrsta lagi krefjast viku fyrir gjalddaga. Þetta ákvæði er samhljóða ákvæðum 14. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga. Á fram lögðum gíróseðli til innheimtu iðgjalda fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember 1987 er tekið fram, að vanskil á greiðslu iðgjalds geti valdið því, að réttur til bóta falli niður, en gjalddagi er, eins og áður greinir, tilgreindur 1. júlí 1987. Með þessari áletrun er vísað til ákvæða samnings aðila um hugsanlegt brottfall ábyrgðar stefnda. Á gíróseðlinum er einnig að finna áletrunina: „Vinsamlega greiðið eldri iðgjaldaskuld". Í bréfi, dagsettu 30. júlí 1987, er stefnandi hvattur til að greiða eða semja um iðgjaldaskuld sína, og fylgdi með því reikningsyfirlit, sem sýnir, að iðgjöld alls ársins 1987 eru í vanskilum. Verður að telja, að stefnanda hafi með þessu verið gerð nægjanleg grein fyrir vanskilunum, enda ekkert fram komið um, að honum hafi ekki borist innheimtubréf og gíróseðill. Samkvæmt framangreindu lagaákvæði og vátryggingarsamningi var ábyrgð stefnda því lokið, er tjónsatburður varð. Samkvæmt framburði stefnanda fyrir dóminum bauð hann ekki fram greiðslu fyrr en síðar um haustið, í september-október 1987, en kveðst þá ekki hafa fengið að greiða, þar eð búið var að taka hann út af tryggingu. Samkvæmt gögnum málsins var trygging felld niður 28. október 1987.

Þegar þetta er virt ásamt því, sem að framan er rakið, verður að fallast á það með stefnda, að réttur stefnanda samkvæmt framangreindri sjúkra- og slysatryggingu teljist hafa verið fallinn niður, þegar tjónsatburðurinn varð 13. ágúst 1987. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Gunnars Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 15. maí 1997.

Nr. 310/1996. **Vigfús Andrésson**
(sjálfur)
gegn
íslenska ríkinu
(Jón G. Tómasson ríkislögmaður)

Grunnskólar. Kennari. Ráðning. Starfsréttindi. Stjórnsýsla. Miskabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. ágúst 1996. Hann krefst þess, að ráðning Elfu Daggar Einarsdóttur í auglýsta stöðu grunnskólakennara við grunnskólann í Skógum í Austur-Eyjafjallahreppi kennsluárið 1992–1993 verði dæmd ólögmæt. Þá krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 3.407.503 krónur, með 0,8% ársvöxtum af 2.094.996 krónum frá 1. ágúst 1993 til 1. september sama ár, með 0,9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember sama ár, með 0,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1994, en af 3.407.503 krónum frá þeim degi til 3. október 1995 og með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið hafi ekki verið gjafsóknarmál í héraði, en með bréfi dómsmálaráðuneytis 22. nóvember 1995 var honum veitt gjafsókn í héraði.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að fjárhæð stefnukröfu verði stórlega lækkuð.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Áfrýjandi sótti um stöðu kennara við grunnskólann í Skógum, Austur-Eyjafjallahreppi, sem auglýst var sumarið 1992. Auk hans sótti um stöðuna Elfa Dögg Einarsdóttir. Áfrýjandi hefur full rétt-

indi sem grunnskólakennari, en Elfa Dögg var menntuð fóstra. Hún hafði starfað sem leiðbeinandi við skólann veturna 1990–1991 og 1991–1992. Skólanefnd grunnskólans mælti með Elfu Dögg í stöðuna, en þar sem hún hafði ekki kennararéttindi, var sótt um undanþágu fyrir hana til undanþágunefndar samkvæmt 3. mgr. 13. gr. laga nr. 48/1986 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra. Ágreiningur varð í nefndinni, og var honum vísað til ráðherra samkvæmt 5. mgr. sömu greinar. Ráðherra mun hafa heimilað ráðningu Elfu Daggar, en áritun hans um undanþágu er dagsett í ágúst 1993, meira en ári eftir að hún var ráðin.

Ákvæði 13. gr. laga nr. 48/1986 mæla fyrir um það, að óheimilt sé að ráða til kennslu í grunnskóla aðra en þá, sem uppfylla skilyrði laganna. Ákvæðin heimila þó nánar ákveðnar undanþágur frá þessu. Í áður tilvitnaðri 3. mgr. 13. gr. laganna er ákvæði um það, að mæli hvorki skólastjóri, neinn skólanefndarmaður né fræðslustjóri með umsókn grunnskólakennara, geti skólastjóri leitað til undanþágunefndar grunnskóla og óskað eftir heimild til að lausráða mann. Í 5. mgr. eru síðan fyrirmæli um úrskurð ráðherra, verði ágreiningur í nefndinni. Stefndi heldur því fram, að svo hafi staðið á, að enginn þeirra aðila, sem greinin tilnefni, hafi mælt með áfrýjanda, og hafi skólastjóri því leitað til undanþágunefndar. Undanþágubeiðnin hafi hlotið málefnalega umfjöllun á öllum stjórnsýslustigum. Málflutningur áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti verður ekki skilinn öðruvísi en svo, að hann sé þessu ósamþykkur. Heldur hann því fram, að hann hafi verið beittur misrétti og brotið hafi verið á sér, þegar annar og óhæfari maður hafi verið tekinn fram yfir sig. Leitaði hann til kærunefndar jafnréttismála, sem komst að sömu niðurstöðu og áfrýjandi í áliti sínu 28. júní 1993 og beindi því til skólanefndar Austur-Eyjafjallahrepps og skólastjórans, að fundin yrði lausn á máli þessu, sem kærandi gæti sætt sig við. Þá heldur áfrýjandi því fram, að fyrir hafi legið, að Elfa Dögg gæti ekki tekið við starfinu í upphafi skólaárs vegna slyss, sem hún varð fyrir 11. júlí 1992. Þá hafi þáverandi formaður skólanefndar blandað því inn í málið, að áfrýjandi ætti í stöðugum illdeilum við sveitunga sína og nyti því ekki trausts. Enn fremur hafi skólanefndarformaðurinn, eftir að úrskurður kærunefndar jafnréttismála lá fyrir, haldið því fram, að

skólanefnd hafi verið um það kunnugt, að til rannsóknar væri ætluð refsiverð háttsemi áfrýjanda, einnig, að áfrýjandi hafi átt í harðvítugum forsjárdeilum. Fram er komið, að hér er á ferðinni einstakt mál að því leyti, að ekki hafi áður verið gripið til þess ráðs að heimila undanþágu frá starfsmenntunarskilyrðum, ef völ var á grunnskólakennara með full réttindi.

II.

Með þeim rökum, sem um getur í niðurstöðu héraðsdóms, er nægilega fram komið, að kynferði áfrýjanda hafi ekki ráðið því, að hann var ekki ráðinn í stöðu kennara við grunnskólann í Skógum veturinn 1992–1993. Ósannað er, að hlutaðeigandi fræðsluyfirvöld hafi mátt gera sér grein fyrir því, þá er þau fjölluðu um stöðuna, að Elfa Dögg yrði ófær um að hefja störf í upphafi skólaárs.

Á það verður ekki fallist með héraðsdómi samkvæmt því, sem að framan er frá greint, að áfrýjandi beri ekki fyrir sig, að menntamálaráðuneytið hafi staðið að veitingu undanþágunnar með ómálefnalegum hætti eða á annan hátt, þannig, að með því kunni stjórnsýslureglur að hafa verið brotnar. Verður því ekki undan því vikist að taka til umfjöllunar þær ástæður og aðferðir, sem skólayfirvöld hafa beitt við meðferð undanþágubeiðninnar og höfnun umsóknar áfrýjanda.

Í 34. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla, sem í gildi voru, þegar atburðir þessir gerðust, er það lagt á vald skólastjóra að ráða kennara í samráði við skólanefnd og innan heimilda fjárlaga. Samkvæmt 19. gr. sömu laga er skólanefnd kosin til fjögurra ára í senn af hlutaðeigandi sveitarstjórn. Samkvæmt 3. mgr. 13. gr. laga nr. 48/1986 varð skólastjóra ekki veitt heimild til að ráða Elfu Dögg, nema hvorki hann, neinn skólanefndarmaður né fræðslustjóri mælti með áfrýjanda í stöðuna. Menntamálaráðherra bar því að kanna ástæður þessara aðila fyrir andstöðu þeirra við ráðningu áfrýjanda.

Í greinargerð Sigurðar Helgasonar, deildarstjóra í menntamálaráðuneyti, frá 16. apríl 1996 um störf undanþágunefndar grunnskóla kemur fram, að beiðni skólastjóra grunnskólans í Skógum kom fyrst fyrir fund nefndarinnar 22. júlí 1992, og hafi henni þá verið frestað, svo að unnt væri að afla frekari upplýsinga. Á fundi 28. júlí sama ár hafi erindinu enn verið frestað, og var næsti fundur boðaður 13.

ágúst. Á þeim fundi hafi legið fyrir, að umsagnaraðilar treystu sér ekki til að mæla með Vigfúsi af siðferðilegum ástæðum, og hafi sérstakur atburður verið tiltekinn í því sambandi. Sigurður kvaðst hafa kynnt ráðherra stöðu málsins fyrir fundinn, og hafi hann eftir vandlega athugun heimilað ráðningu Elfu Daggar. Varafulltrúi Sigurðar í undanþágunefnd hafi síðan komið í hans stað á fundinum 13. ágúst, og hafi þá undanþágubeiðnin verið afgreidd ásamt öðrum slíkum beiðnum. Í greinargerðinni segist Sigurður síðan hafa undirritað allar beiðnirnar nema undanþágu vegna Elfu Daggar, sem hafi farið til ráðherra til áritunar vegna sérstöðu málsins. Sigurður kom fyrir héraðsdóm og bar þá, að hann hefði það eftir Sigurði Sigurjónssyni, fyrrverandi skólanefndarformanni, að áfrýjandi hefði verið grunaður um siðferðilega ámælisvert athæfi, sem væri til opinberrar rannsóknar. Sjálfur hafi hann ekkert kannað þetta frekar. Ráðherrann hafi tekið sína afstöðu á grundvelli frásagnar skólanefndarformannsins. Fram hafi einnig komið hjá umsagnaraðilum, að foreldrar myndu ekki senda börn sín í skólann, ef áfrýjandi yrði ráðinn.

Með bréfi 29. janúar 1992 hafði fræðslustjóri Suðurlands óskað eftir því við sýslumann Rangárvallasýslu, að tekið yrði til opinberrar rannsóknar mál varðandi „rökstuddan grun um kynferðislega misnotkun“ gagnvart 15 ára unglingsstúlku. Blönduðust nokkrir menn í þessa rannsókn, og var áfrýjandi talinn hafa ekið þremur þessara manna ölvuðum heim af dansleik, og átti greind misnotkun meðal annars að hafa gerst í bifreiðinni í þessari ferð, án þess að áfrýjandi kæmi í veg fyrir það. Áfrýjandi kveðst hafa ekið mönnunum, en hafnar því, að nokkuð hafi fram farið í bifreiðinni, sem ámælisvert gæti talist. Gögn málsins bera með sér, að hann hefur sjálfur aldrei verið grunaður um slíkt athæfi, sem varð tilefni rannsóknarinnar.

Rannsóknarlögregla ríkisins sendi ríkissaksóknara mál þetta til umsagnar 6. júlí 1992. Með bréfi ríkissaksóknara 31. ágúst 1992 var mál þetta fellt niður, og kemur fram í bréfinu, að við rannsóknina þótti það ekki hafa komið fram, sem nægjanlegt eða líklegt væri til sakfellis eins kærða. Þá þóttu gögn málsins eigi gefa tilefni til frekari aðgerða af hálfu ákæruvalds á hendur öðrum, sem yfirheyrðir voru. Þeirra á meðal var áfrýjandi.

III.

Af framangreindri skýrslu Sigurðar Helgasonar og framburði hans verður ekki annað ráðið en sögusagnir um siðferðilega ámælisvert athæfi áfrýjanda hafi verið ákvörðunarástæða hans sem starfsmanns ráðuneytisins og jafnframt ráðherra fyrir því að heimila undanþágu til ráðningar Elfu Daggar og þannig orðið til þess, að áfrýjandi var ekki ráðinn. Ráðuneytið hefði á þessum tíma átt að geta fengið upplýsingar um, hvernig máli þessu var í raun háttað. Gefa hefði átt áfrýjanda tækifæri á að lýsa sinni hlið málsins, en ekki verður séð, að hann hafi vitað um þessa ástæðu undanþáguheimildarinnar, fyrr en eftir að kærunefnd jafnréttismála hafði fjallað um mál hans. Þessara atriða gætti ráðuneytið ekki. Mál þetta var sérstætt, og var því gildari ástæða til að kanna það gaumgæfilega. Áfrýjandi hefur reynslu sem kennari, og þykja fram lögð gögn ekki leiða annað í ljós en að kennsla hans hafi verið áfallalaus. Ráðherra þykir að þessu athuguðu ekki hafa sýnt fram á, að rannsókn hans á staðreyndum málsins hafi verið svo tryggileg sem krafist verður, og hafi hann þannig við afgreiðslu undanþágubeiðninnar brotið gegn almennum reglum um rannsóknarskyldu stjórnvalda, sem nú hafa verið lögfestar í 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með þessu braut hann gegn þeim rétti, sem áfrýjandi hafði sem umsækjandi um stöðuna, og var ákvörðun ráðherra samkvæmt tilvitnuðum lögum nr. 48/1986 ekki málefnaleg. Forsjárdeilur, sem áfrýjandi kann að hafa átt í vegna barna sinna, geta samkvæmt efni sínu ekki komið til skoðunar við veitingu kennarastöðu, og deilur, sem áfrýjandi kann að hafa átt við hreppsnefnd um innheimtu gjalda til hreppsins, ekki að heldur. Ósannað er, að ráðning hans myndi hafa valdið almennri úlfúð í hreppnum. Skólayfirvöld verða því með tilvísun til framanskráðs talin hafa brotið rétt á áfrýjanda. Hins vegar hefur hann ekki lengur lögvarða hagsmuni af því að fá ráðningu Elfu Daggar Einarsdóttur dæmda ólögmæta, en ráðning hennar varaði aðeins eitt skólaár.

Áfrýjandi krefst skaðabóta, sem samsvara tveggja ára launum. Krafa hans er sundurliðuð í héraðsdómi. Á hún stoð í útreikningi Kennarasambands Íslands. Tölulega hefur þeim útreikningi ekki verið mótmælt, en af hálfu stefnda er bent á, að skattframtöl áfrýjanda vegna viðkomandi gjaldára hafa ekki verið lögð fram þrátt fyrir áskoranir. Verði ekki séð, hvaða tekjur hann hafi haft þessi ár.

Áfrýjandi hefur því ekki sannað, að hann hafi beðið fjártjón. Hins vegar þykir hann hafa nægilega sýnt fram á, að afgreiðsla fræðsluyfirvalda á umsókn hans um kennarastöðuna við grunnskólann í Skógum hafi falið í sér hættu á verulegum álitshnekki fyrir hann, og eigi hann því rétt á bótum samkvæmt 1. mgr. 264. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem í gildi var á þessum tíma, sbr. nú 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þótt stefndi beri ekki ábyrgð á störfum skólanefndar, en þaðan virðist upphaf máls þessa einkum komið, bar hann á þessum tíma ábyrgð á öðrum skólayfirvöldum og á því, að ráðherra gætti ekki rannsóknarskyldu sinnar nægjanlega. Að þessum sjónarmiðum athuguðum þykir stefndi eiga að greiða áfrýjanda 300.000 krónur í miskabætur ásamt dráttarvöxtum frá 3. október 1995 til greiðsludags. Vítur héraðsdómara á hendur lögmanni stefnda vegna ummæla í greinargerð fyrir héraðsdómi eru ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti, eins og málið liggur þar fyrir.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, greiði áfrýjanda, Vigfúsi Andréssyni, 300.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 3. október 1995 til greiðsludags og 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Sératkvæði
Garðars Gíslasonar

Í stefnu í héraði er þess hvergi getið, að áfrýjandi reisi kröfur sínar á hendur stefnda á því, að menntamálaráðuneytið hafi staðið að veitingu undanþágunnar með ómálefnalegum hætti eða á annan hátt þannig, að með því kynnu stjórnsýslureglur að hafa verið brotnar. Verður ekki séð, að áfrýjandi hafi borið fram þessa málsástæðu við meðferð málsins í héraði.

Að svo búnu tel ég, að staðfesta megi héraðsdóm með skírskotun

til forsendna hans. Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. maí 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum flutningi 19. apríl sl., er höfðað með stefnu, sem árituð er um viðtöku 3. október sl.

Stefnandi er Vigfús Andrésson, kt. 280347-3379, Berjanesi, Austur-Eyjafjallahreppi.

Stefndu eru menntamálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, „að dæmt verði, að ráðning Elfu Daggar Einarsdóttur, kt. 151261-5909, Álfaskeiði 42, Hafnarfirði, í auglýsta stöðu grunnskólakennara við grunnskólann í Skógum, Austur-Eyjafjallahreppi, kennsluárið 1992 – 1993 hafi verið ólögmæt og að stefndu verði óskipt dæmdir til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 3.407.503 kr., ásamt 0,8% ársvöxtum af 2.094.996 kr. frá 1. ágúst 1993 til 1. september sama ár, en með 0,9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember sama ár, en með 0,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1994, en þá af 3.407.503 kr. frá þeim degi til þingfestingardags, 3. október 1995, en af 3.407.503 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist uppreiknings vaxta og að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. ágúst 1994, en síðan árlega 1. ágúst í samræmi við 12. gr. vaxtalaga.

Þá er krafist málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnanda var veitt gjafsókn 22. nóvember 1995.

Enn fremur krefst stefnandi þess, að setning, sem byrjar neðst á bls. 2 í greinargerð stefndu og endar á orðunum „það átölulaust“ efst á bls. 3, verði ómerkt, verði hún ekki dregin til baka. Þá krefst hann þess, að dæmd verði viðurlög, með vísan til 135. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefndu krefjast aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður falli niður.

Málavextir.

Vorið 1992 voru auglýstar tvær stöður grunnskólakennara við grunnskólann í Skógum. Annars vegar var um að ræða hlutastöðu, sem Auður Bergsteinsdóttir sótti um, en hins vegar heila stöðu, sem þau Elfa Dögg Einarsdóttir og stefnandi sóttu um.

Skólanefnd grunnskólans mælti með Elfu Dögg í heilu stöðuna, en þar eð hún hafði ekki réttindi sem kennari, var sótt um undanþágu fyrir hana til undanþágunefndar samkvæmt 3. mgr. 13. gr. laga nr. 48/1986 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhalds-

skólakennara og skólastjóra. Ágreiningur varð í nefndinni, og var honum vísað til úrskurðar menntamálaráðherra. Í bréfi ríkislögmanns 20. mars 1995 segir, að ráðherra hafi tekið þá ákvörðun að heimila ráðningu Elfu Daggar, en ekki liggur fyrir skjalfestur úrskurður ráðherra.

Með bréfi 16. ágúst 1992 sendi stefnandi kærunefnd jafnréttisráðs Íslands kæru. Þar er þess krafist, að ráðning „leiðbeinandans verði ógilt“ og að viðurkennt verði, að stefnanda hafi borið og beri staðan. Enn fremur áskildi stefnandi sér rétt til skaðabóta.

Kærunefnd kvað upp úrskurð í málinu 28. júní 1993, og varð sú niðurstaða hennar, að stefnandi hefði verið hæfari til að gegna umræddu starfi og ráðning Elfu Daggar brotið gegn 2. tl. 1. mgr. 6. gr., 1. gr. og 5. gr. laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Með vísun til 20. gr. sömu laga beindi kærunefnd þeim tilmælum til skólanefndar og skólastjóra, að fundin yrði lausn á málinu, sem stefnandi gæti sætt sig við.

Með bréfi 11. júlí 1993 beindi stefnandi því til fræðslustjóra Suðurlands, að fundin yrði úrlausn í máli sínu og sér boðið kennslustarf, sem hann gæti sætt sig við. Með bréfi fræðslustjórans 12. ágúst 1993 var stefnanda greint frá því, að menntamálaráðuneytið hefði þegar gert fyrirspurn til skólastjóra og skólanefndar um, á hvern hátt þessir aðilar hygðust bregðast við niðurstöðu kærunefndar. Með tilliti til þessa myndi fræðslustjóri ekkert aðhafast í málinu að svo stöddu.

10. september 1993 sendi stefnandi skólanefnd grunnskólans í Skógum bréf og menntamálaráðuneytinu samrit þess. Í bréfinu er áréttuð fyrirspurn ráðuneytisins og að brýnt sé að fá svar við fyrirspurnum og úrlausn fyrir lok september 1993. Engin svör, úrlausn eða tillögur til úrbóta bárust frá ráðuneyti eða skólanefnd.

Með bréfi 26. nóvember 1993 krafði stefnandi stefndu um skaðabætur.

Vorið 1994 var enn auglýst staða grunnskólakennara við grunnskólann í Skógum, og sótti stefnandi þá um stöðuna auk fimm annarra. Stefnandi fékk ekki stöðuna og ekki heldur stöðu, sem hann sótti um vorið 1994 við grunnskólann í Vestur-Landeyjahreppi.

Stefnandi krafði menntamálaráðherra um skaðabætur með bréfi 18. október 1994, en með bréfi ríkislögmanns 20. mars 1995 var kröfu hans hafnað.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi heldur því fram, að með ráðningu Elfu Daggar Einarsdóttur hafi verið gengið fram hjá sér með grófum hætti og réttur sinn brotinn. Óumdeilt sé, að hún hafi ekki fullnægt þeim menntunarskilyrðum sem kraf-

ist hafi verið, til þess að hún gæti starfað sem grunnskólakennari. Heimild undanþágunefndar breyti engu þar um.

Stefnandi sé hins vegar kennaramenntaður og hafi full réttindi til þess að starfa sem grunnskólakennari. Hafi hann keypt sér löggildingu til þess að mega kallast grunnskólakennari árið 1988. Hann hafi starfað sem grunnskólakennari á Kleppjárnsreykjum í Borgarfirði, Þingborg í Árnessýslu, við Njálsbúðarskóla í Vestur-Landeyjum og við Sólgarðsskóla í Eyjafjarðarsveit og hafi því víðtæka reynslu sem grunnskólakennari. Í athugasemdum og forsendum kærunefndar jafnréttismála komi fram, að eingöngu hafi verið um að ræða kvenkynskennara við grunnskólann í Skógum, en almennt sé talið heppilegt að blanda saman karlkyns- og kvenkynskennurum við grunnskóla.

Ein forsenda, sem hafi verið færð fram fyrir ráðningu Elfu Daggar, hafi verið sú, að hún hafi starfað næstliðin tvö ár áður við kennarastörf við grunnskólann í Skógum og leiðbeint yngstu nemendum við þróunarverkefni. Umrætt þróunarverkefni hafi hins vegar einungis falist í móðurmálskennslu fyrir yngstu nemendur skólans. Sú kennsla hafi á engan hátt verið sérfræðileg og því á færi allra menntaðra grunnskólakennara að leysa. Það sé enn fremur staðreynd, að Elfa Dögg hafi hvergi komið nærri umræddu þróunarverkefni í kennslu eftir ráðningu í stöðu grunnskólakennara í júlí/ágúst 1992 eða þann tíma, er hún starfaði sem kennari við grunnskólann í Skógum, en hún hafi látið af störfum vorið 1993.

Stefnandi bendir einnig á, að um mánaðamót júní/júlí 1992 hafi Elfa Dögg slasast mjög alvarlega. Þegar mælt hafi verið með ráðningu hennar í stöðu kennara 13. júlí 1992, hafi legið ljóst fyrir, hversu alvarlega hún hefði slasast. Hún hafi engu að síður verið ráðin. Þegar menntamálaráðuneytið hafi samþykkt ráðningu hennar 16. ágúst 1992, hafi verið ljóst, að hún gæti með engum hætti tekið við því starfi, sem verið var að ráða hana til, enda hafi Elfa Dögg verið frá vinnu allt árið 1992, komið til hlutastarfs eftir áramót 1992/1993 og látið af störfum að öllu leyti vorið 1993.

Stefnandi telur framangreind atriði sýna, að hann hafi verið hæfari starfskraftur en sá, sem ráðinn var.

Stefnandi kveðst enn fremur hafa verið beittur rangindum af hálfu skólastjóra grunnskólans í Skógum og formanns skólanefndar, þegar formaður skólanefndar hafi borið því við, að stefnandi ætti í stöðugum illdeilum við sveitunga sína og væri óhæfur til starfans af þeim sökum. Engar ástæður eða skýringar á þessum sjónarmiðum eða röksemdir hafa verið settar fram af hálfu formanns skólanefndar eða annarra þrátt fyrir tilmæli kærunefndar jafnréttismála um að fá fram þau sjónarmið af hálfu formanns nefndarinnar.

Stefnandi segir, að af hálfu skólanefndar hafi ekkert verið gert til þess að draga úr tjóni sínu. Hann hafi beðið stórfellt tjón af afgreiðslu nefndarinnar

og goldið þess að hafa verið hafnað sem umsækjanda og þess að hafa lagt mál sitt til úrskurðar fyrir kærunefnd jafnréttismála. Stefnandi hafi hvað eftir annað sótt um störf við grunnskóla á héraðssvæðinu án árangurs. Í þeim tilvikum hafi verið ráðnir aðrir umsækjendur með sambærilega menntun, en jafnvel minni starfsreynslu en stefnandi. Umrætt atvik hafi haft áhrif til einangrunar og dregið stórlega úr öllum möguleikum sínum til að fá stöðu kennara á svæðinu og nýta sér þá sérmenntun, sem hann hafi aflað sér. Þannig sé umrætt brot skólanefndar brot á almennum mannréttindum og persónurétti, svo sem niðurstaða kærunefndar jafnréttismála hafi staðfest með ótvíræðum hætti. Stefnandi hafi haft af því niðurlægingu og miska í heimahéraði, sem eigi verði við unað.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 28/1991 eigi konur og karlar jafnan rétt til vinnu. Samkvæmt 6. gr. laganna sé atvinnurekendum óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði, og gildi það m. a. um ráðningu, setningu og skipun í starf. Með lögum nr. 48/1986 séu sett menntunarskilyrði, sem aðeins annar umsækjenda hafi fullnægt, þ. e. stefnandi. Við ráðningu í starf gildi sú meginregla, að ráða skuli þann umsækjanda, sem hæfastur sé, og samkvæmt lögum nr. 28/1991 skuli við mat á hæfni litið til menntunar, starfsreynslu o. fl., sbr. 8. gr. laga nr. 28/1991. Með ráðningu Elfu Daggar hafi verið brotið gegn 2. tl. 1. mgr. 6. gr., 1. gr. og 5. gr. laga nr. 28/1991.

Undir rekstri málsins hafði stefnandi uppi þá málsástæðu, að þar eð áritun menntamálaráðherra á beiðni um undanþágu fyrir Elfu Dögg sé dagsett 16. ágúst 1993, hafi undanþáguheimild eigi legið fyrir árið 1992.

Stefnandi krefst bóta sem samsvara tveggja ára launum, og sundurliðast krafan svo:

Höfuðstóll:			
1. Grunnárslaun skv. kjarasamningi		kr.	2.020.680
2. Eingreiðslur o. fl., sbr. bréf K.Í., dags. 14.07.1994		–	90.758
3. Yfirvinna:			
a) stílapeningar		–	82.626
b) bekkjarumsjón		–	30.600
c) gæsla nemenda		–	80.000
4. Orlof		–	300.528
5. Lífeyrissjóður (6%)		–	156.311
		kr.	2.761.503
6. Miskabætur		–	650.000
	Samtals	kr.	3.411.503

Stefnandi segir kröfugerðina eiga sér stoð í bréfi Kennarasambands Íslands til lögmanns síns 14. júlí 1994, þar sem sundurgreind séu árslaun og önnur laun miðað við taxtaskrá nr. 507, launatöflu nr. 50, frá 1. maí 1992.

Miskabótakrafa er rökstudd með því, að stefnandi hafi beðið álitshnekki og tjón af broti skólanefndar við ráðningu í starf grunnskólakennara umrætt sinn. Hann hafi orðið að þola niðurlægingu með því að hljóta hvergi ráðningu í starf kennara og þurfa því að þiggja atvinnuleysisbætur. Jafnframt því þurfi hann að búa við þá niðurstöðu að vera „annars flokks kennari" vegna framferðis skólanefndar grunnskólans í Skógum.

Stefnandi segir skaðabótakröfuna beinast að menntamálaráðherra fyrir hönd menntamálaráðuneytis sem yfirmanni menntamála á Íslandi og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs. Krafa sín eigi sér stoð í 21. og 22. gr. laga nr. 28/1991.

Af hálfu stefndu er á því byggt, að ákvörðunin um ráðningu Elfu Daggar sem leiðbeinanda í stöðu grunnskólakennara hafi verið tekin með málefnalegum hætti og verið fyllilega lögmæt.

Þó að meginstefna laga nr. 48/1986 sé sú, að skipa, setja eða ráða skuli til kennslustarfa í grunnskóla einungis þá, sem heimild hafa til að nota starfsheitið grunnskólakennari, sé í 13. gr. laganna veitt undanþága frá þessari meginreglu. Undanþágunni sé settur þröngur stakkur í 3. mgr. 13. gr., þar sem þeim skilyrðum þurfi að vera fullnægt, að hvorki skólastjóri, neinn skólanefndarmaður né fræðslustjóri hafi mælt með umsókn grunnskólakennarans. Ágreiningur hafi verið í undanþágunefndinni. Fulltrúi Kennarasambands Íslands hafi ekki getað mælt með ráðningu réttindalauss starfsmanns í stöðuna, þar sem hann hafi ekki talið, að gögn hafi verið lögð fram, er sýndu vanhæfni stefnanda. Þess vegna hafi þurft að leita eftir úrskurði menntamálaráðherra, sbr. 5. mgr. 13. gr. l. nr. 48/1986, og hafi hann samþykkt beiðni skólastjórans. Síðan hafi skólastjóri ráðið Elfu Dögg, sbr. 34. gr. grunnskólalaga nr. 49/1991.

Stefndu segja fjölmargar ástæður hafa verið til þess, að Elfa Dögg hafi verið ráðin í starfið fremur en stefnandi. Þær ástæður komi kynferði ekkert við. Elfa Dögg sé fóstra að mennt og hafi haft starfsreynslu á því sviði. Hún hafi m. a. verið leikskólastjóri á leikskóla í Kópavogi í þrjú ár, en einnig hafi hún þá kennt við grunnskólann í Skógum undanfarin tvö ár. Hún hafi sinnt starfi sínu af áhuga og reynst mjög vel í starfi. Veturinn 1991 – 1992 hafi hafist þróunarstarf í móðurmálskennslu við grunnskólann, og hafi skólastjóri og skólanefnd talið það mikilvægt, að sömu starfsmenn héldu áfram með það starf. Jafnframt hafi legið fyrir undanþágunefnd bréf

frá stjórn Foreldrafélags Austur-Eyfellinga frá 3. ágúst 1992, þar sem fram hafi komið eindregin ósk um, að hún fengi undanþágu til kennslu næsta vetur.

Hvað varði stefnanda, hafi það legið fyrir hjá ráðuneytinu, að hvorki skólastjóri, skólanefnd, fræðslustjóri né Foreldrafélag Austur-Eyfellinga hafi viljað fá hann sem kennara. Stefnandi hafði áður verið kennari við Njálsbúðarskóla í Vestur-Landeyjum. Hann hafi sótt um framhald setningar við þann skóla, en ekki fengið, og hafi kona verið ráðin til starfans. Það hafi hann kært til kærunefndar jafnréttismála. Á meðan stefnandi hafi starfað við Njálsbúðarskóla, hafi borist stöðugar kvartanir vegna kennslu hans, sbr. fram lagt bréf skólastjóra Njálsbúðarskóla 5. ágúst 1990. Enn fremur komi fram í bréfi fyrrverandi formanns skólanefndar til menntamálaráðuneytisins 14. mars 1995, að skólanefnd hafi verið kunnugt um, að til rannsóknar hafi verið ætluð refsiverð háttsemi stefnanda. Það mál muni hafa verið fellt niður hjá ríkissaksóknara. Í sama bréfi komi einnig fram, að stefnandi hafi átt í harðvítugum deilum um forræði yfir börnum sínum. Um þessi mál hafi skólanefnd, sveitungar og foreldrar nemenda í skólanum haft vitneskju og stefnandi ekki notið trausts þeirra til kennslustarfa við skólann. Sé bráðnauðsynlegt, að friður ríki um skólastarf og um gott samstarf að ræða.

Þegar menntamálaráðherra hafi tekið þá ákvörðun að samþykkja ráðningu Elfu Daggar í stöðu grunnskólakennara, hafi legið fyrir meðmæli frá skólastjóra, skólanefnd og fræðslustjóra um ráðningu hennar. Ráðuneytinu hafi verið kunnugt um slys Elfu Daggar 11. júlí 1992, en vottorð um veikindi hennar hafi borist starfsmannaskrifstofu u. þ. b. tveimur vikum eftir, að ráðherra samþykkti ráðningu hennar.

Ráðning Elfu Daggar hafi ekkert komið kynferði við. Þegar reyni á 13. gr. laga nr. 48/1986, séu einmitt þau sjónarmið uppi, að annar umsækjandi hafi ákveðin réttindi, en hinn ekki, og sé því e. t. v. hæfari, hvað það atriði varðar. En af einhverjum öðrum ástæðum teljist hann ekki hæfari til starfsins. Ákvæði 13. gr. séu alveg óháð kynferði. Heimildum veitingavaldsins séu ekki settar aðrar og þrengri skorður hér, ef valið standi á milli karls og konu eða milli umsækjenda af sama kyni. Þeirri meginreglu megi ekki heldur gleyma, að vinnuveitandi hafi almennt frjálst val um það, hvern hann ráði til starfa.

Tilvitnun stefnanda til laga nr. 28/1991 eigi ekki við hér, því að ráðningin hafi ekki byggst á kynferði. Undirstöðuatriði í jafnrétti karla og kvenna sé það, að sérhver sá, sem sæki um starf, sé metinn út frá eigin forsendum án tillits til kynferðis. Nákvæmlega það hafi gerst, er Elfa Dögg hafi verið ráð-

in í starfið. Sönnunarbyrði fyrir því, að jafnstöðulögin hafi verið brotin, hvíli á stefnanda. Þær upplýsingar um stefnanda, sem hafi legið fyrir kærunefnd jafnréttismála, hafi verið af skornum skammti. T. d. hafi hvorki legið fyrir nefndinni upplýsingar um klögumál á hendur stefnanda vegna fyrri starfa hans né um ætlaðan refsiverðan verknað hans.

Þeirri málsástæðu stefnanda að fremur hefði átt að ráða sig en Elfu Dögg, vegna þess að fleiri konur störfuðu við skólann, er mótmælt. Slíkt geti verið skylt við sérstakar aðstæður og afstöðu til svonefndrar jákvæðrar mismununar kynjanna. Þeirri skyldu sé ekki til að dreifa í lögum, og því fái þessi málsástæða ekki staðist.

Stefndu mótmæla fjárhæð bótakröfu. Til frádráttar bótum beri að taka tillit til annarra tekna, er stefnandi hafi fengið, svo sem atvinnuleysisbóta. Ekki verði séð, að stefnandi hafi orðið fyrir miska, og er kröfunni mótmælt sem ósannaðri, auk þess sem hún sé úr hófi. Þá er uppreikningi vaxta mótmælt svo og því, að sá hluti bóta, sem fari til greiðslu opinberra gjalda, beri vexti og dráttarvexti.

Niðurstaða.

Stefnandi krefst þess í fyrsta lagi, að ráðning Elfu Daggar Einarsdóttur í auglýsta stöðu grunnskólakennara verði dæmd ólögmæt. Hér að framan var það rakið, hvernig ráðningu hennar bar að. Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. laga nr. 48/1986 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra er óheimilt að ráða til kennslu við grunnskóla aðra en þá, sem fullnægja ákvæðum laganna. Óumdeilt er, að stefnandi fullnægir ákvæðum þeirra og hefur leyfi til að kalla sig grunnskólakennara. Þá er og upplýst, að Elfa Dögg fullnægði ekki skilyrðum laganna á þessum tíma. Í 3. mgr. 13. gr. laganna segir, að ef hvorki skólastjóri, neinn skólanefndarmaður eða fræðslustjóri mæli með umsókn grunnskólakennara, geti skólastjóri leitað til undanþágunefndar grunnskóla og óskað heimildar hennar til að lausráða annan starfsmann. Þetta var það, sem gerðist varðandi umsókn stefnanda um stöðu grunnskólakennara í Skógum. Meiri hluti undanþágunefndar mælti með því, að undanþága yrði veitt fyrir ráðningu Elfu Daggar, og samkvæmt 5. mgr. nefndrar lagagreinar fór málið því til úrskurðar ráðherra, sem samþykkti undanþáguna með áritun á umsóknina, og er samþykkið dagsett 16. ágúst 1993.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, var staðið að ráðningu Elfu Daggar að grunnskólanum í Skógum lögum samkvæmt, og var hún því lögmæt. Ekki hefur fengist skýring á því, hvers vegna samþykki ráðherra er dagsett árið 1993, en meðal gagna málsins er bréf menntamálaráðuneytisins

um, að það hafi heimilað ráðningu hennar 16. ágúst 1992, og breytir dagsetning ráðherrans því engu um lögmæti ráðningarinnar.

Stefnandi reisir skaðabótakröfu sína á tveimur málsástæðum. Í fyrsta lagi hafi verið brotin ákvæði laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, og í öðru lagi hafi réttindalaus leiðbeinandi verið tekinn fram yfir sig, er hafi réttindi sem grunnskólakennari. Hafi þetta valdið sér fjártjóni og miska, sem hann krefst, að sér verði bættur, eins og rakið var.

Samkvæmt 6. gr. jafnréttislaga er atvinnurekendum óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði, og samkvæmt 2. tl. greinarinnar gildir þetta um ráðningu, setningu eða skipun í starf. Það er því næst til athugunar, hvort kynferði stefnanda hafi ráðið því, að hann var ekki ráðinn í stöðu grunnskólakennara í Skógum, en stefndu hafa haldið því fram, að svo hafi ekki verið, heldur hafi aðrar ástæður ráðið því.

Hér að framan var það rakið, að hvorki skólastjóri, neinn skólanefndarmaður né fræðslustjóri mælti með umsókn stefnanda um stöðu grunnskólakennara. Af gögnum málsins má ráða, að það hafi verið eindreginn vilji skólastjóra og skólanefndar sem og stjórnar foreldrafélagsins, að Elfa Dögg yrði ráðin, en ekki stefnandi. Voru færð þau rök fyrir ráðningu Elfu Daggar, að hún hefði starfað við skólann sl. tvö ár og reynst vel í alla staði. Hún væri fóstra að mennt og hefði haft kennsluréttindi til að kenna yngstu börnunum, þar til breyting hefði orðið á því með nýjum grunnskólalögum, er gildi tóku 1. ágúst 1991. Þá hafi Elfa Dögg unnið að þróunarverkefni í móðurmálskennslu, og hafi skólastjórinn óskað eftir, að hún ynni áfram við það.

Svanhvít Magnúsdóttir var skólastjóri í Skógum, þegar stefnandi sótti um stöðuna. Hún bar fyrir dómi, að framangreindar ástæður hefðu ráðið því, að Elfa Dögg var ráðin, en ekki kynferði stefnanda. Þá kvað hún stefnanda ekki hafa notið trausts í sveitinni, og er það í samræmi við það, er fram kemur í bréfi skólastjórans og skólanefndarinnar til menntamálaráðuneytisins frá 25. september 1993. Í bréfinu kemur fram, að stefnandi hafi aftur sótt um stöðu við skólann vorið 1993, en annar karlmaður verið ráðinn. Síðan segir orðrétt: „Að lokum skal það tekið fram, að það er mat skólastjóra og skólanefndar, að það sé útilokað, að Vigfús verði ráðinn við skólann, þar sem hann nýtur ekki trausts til að sinna því starfi."

Meðal gagna málsins er bréf, er Sigurður Sigurjónsson, þáverandi formaður skólanefndar, ritaði menntamálaráðuneytinu 14. mars 1995. Þar koma fram sömu rök fyrir ráðningu Elfu Daggar og að framan voru rakin, en um stefnanda segir, að hann „hefur verið búsettur hér í sveitinni, og okkur skólanefndarmönnum var því kunnugt um hagi hans. Skólanefndinni var þannig kunnugt um, að til rannsóknar hafði verið meint refsiverð hátt-

semi Vigfúsar. Þá hafði Vigfús átt í harðvítugum deilum um forræði yfir börnum sínum. Skólanefndinni var ljóst, að sveitungar og foreldrar nemenda í skólanum höfðu vitneskju um þessi mál, og það var ljóst af samtölum við foreldra í sveitinni, að Vigfús naut ekki trausts þeirra til kennslustarfa við skóla sveitarinnar." Fyrir dómi bar Sigurður á sama hátt, og kom fram hjá honum, að vitneskjan um ætlaða refsiverða háttsemi stefnanda hefði ráðið afstöðu hans í skólanefndinni til umsóknar stefnanda.

Fræðslustjóri Suðurlands bar fyrir dómi, að skólastjórinn hefði þrýst á um, að Elfa Dögg yrði ráðin vegna þróunarstarfsins, og hafi hann því talið, að faglega væri að ráðningu hennar staðið, og mælt með undanþágunni.

Hinni ætluðu refsiverðu háttsemi stefnanda, sem minnst hefur verið á hér að framan, er lýst þannig í greinargerð stefndu, að veturinn 1991 – 1992 hafi hann orðið „vitni að því, að tveir til þrír drukknir menn, er hann ók, misnotuðu í bílnum 14 – 15 ára gamla stúlku, og mun stefnandi hafa látið það átölulaust". Var skorað á stefnanda að leggja fram lögregluskýrslu um þetta, en við því var ekki orðið. Lögmaður stefnanda ritaði hins vegar ríkissaksóknara bréf 1. febrúar sl. og óskaði eftir því, að upplýst yrði, hvort stefnandi væri nafngreindur í skýrslu sálfræðings til RLR, er mun hafa fjallað um framangreint athæfi, og hvort honum hafi verið borið á brýn að hafa misnotað umrædda stúlku kynferðislega. Svar ríkissaksóknara við báðum þessum spurningum var neitandi. Þá spurði lögmaðurinn um það, hvort gögn í vörslum ríkissaksóknara bentu með einhverjum hætti til þess, að stefnandi hefði með beinum eða óbeinum hætti gerst sekur um kynferðislegt brot gegn stúlkunni, og hvort því yrði með einhverjum hætti haldið fram, að hann hefði gerst sekur um hlutdeild í slíku broti. Þessu svaraði ríkissaksóknari svo: „Vegna rannsóknar á ætluðu kynferðisbroti var umbjóðandi yðar yfirheyrður af rannsóknarlögreglu 28. febrúar, 4. mars og 21. apríl 1992, og í öll skiptin var gætt ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974. Rannsóknin beindist að því að upplýsa um kynferðislega háttsemi gagnvart 15 ára stúlku, sem talið var, að fram hefði farið í bifreið, sem umbjóðandi yðar ók. Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að umbjóðandi yðar hafi tekið þátt í hinni kærðu háttsemi."

Með vísan til alls þess, sem hér að framan hefur verið rakið, telur dómurinn ósannað, að kynferði stefnanda hafi ráðið því, að hann var ekki ráðinn í umrædda stöðu, og er af þeim sökum þeirri málsástæðu hans hafnað, að jafnréttislög hafi verið brotin á honum við ráðninguna.

Síðari málsástæða stefnanda er sú, að réttindalaus leiðbeinandi hafi verið tekinn fram yfir sig við veitingu umræddrar stöðu.

Það er meginregla samkvæmt 13. gr. laga nr. 48/1986, að ráða skal kenn-

ara með réttindi sem grunnskólakennara. Undanþágur eru tvenns konar, annars vegar, þegar enginn með réttindi sækir um, og hins vegar, þegar hvorki skólastjóri, neinn skólanefndarmaður né fræðslustjóri mælir með umsókn grunnskólakennara, eins og var í tilviki stefnanda, svo sem rakið var. Þá var einnig rakið hér að framan, að hvorki skólastjóri, skólanefnd né foreldrar barna vildu stefnanda sem kennara við grunnskólann í Skógum. Er upplýst í málinu, að þetta er í eina skiptið, sem undanþága hefur verið veitt réttindalausum manni, þegar kennari með réttindi sækir um starf.

Lagaskylda var ekki til að ráða stefnanda að skólanum, þótt hann væri með réttindi til starfsins og enginn réttindamaður sækti á móti honum. Staðið var með lögmætum hætti að ráðningu Elfu Daggar og henni veitt undanþága, eins og lög mæla fyrir um. Stefnandi ber ekki fyrir sig í málinu, að menntamálaráðuneytið hafi staðið að veitingu undanþágunnar með ómálefnalegum hætti eða á annan hátt þannig, að með því kunni stjórnsýslureglur að hafa verið brotnar. Af framansögðu leiðir því, að ekki verður séð, að stefnandi eigi rétt á bótum úr hendi stefndu, og verða þeir þess vegna sýknaðir af kröfum hans.

Við aðalflutning krafðist lögmaður stefnanda þess, að eftirfarandi setning í greinargerð stefndu yrði ómerkt: „Í þessu sambandi er skorað á stefnanda að leggja fram lögregluskýrslu vegna atburðar, sem átti sér stað veturinn 1991 – 1992, er hann varð vitni að því, að tveir til þrír drukknir menn, er hann ók, misnotuðu í bílnum 14 – 15 ára gamla stúlku, og mun stefnandi hafa látið það átölulaust.“ Þá krafðist lögmaðurinn þess, að dæmd yrðu viðurlög með vísan til e-liðar 135. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Með vísan til þess, sem hér að framan var rakið um mál þetta, verður að átelja þessi ummæli, sem ekki hefur verið sýnt fram á, að eigi sér nokkra stoð. Hins vegar eru ekki efni til að gera umboðsmanni stefndu sekt vegna þeirra.

Málskostnaður á milli aðila skal falla niður, en gjafsóknarkostnaður stefnanda skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Sigurðar Sigurjónssonar hrl., 250.000 kr., auk virðisaukaskatts.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, eru sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, Vigfúsar Andréssonar.

Málskostnaður fellur niður, en gjafsóknarkostnaður stefnanda skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Sigurðar Sigurjónssonar hrl., 250.000 kr., auk virðisaukaskatts.

Fimmtudaginn 15. maí 1997.

Nr. 244/1996. **Hafbeitarstöðin Kleifum hf.**
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)
gegn
Vátryggingafélagi Íslands hf.
(Jóhannes Sigurðsson hrl.)
og gagnsök

Vátryggingarsamningar. Fiskeldi. Matsgerðir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. júní 1996. Hann krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða 9.400.105 norskar krónur og 8.250.000 íslenskar krónur og til að greiða vexti af þessum fjárhæðum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 16. desember 1992 til 6. janúar 1993 og dráttarvexti samkvæmt III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. ágúst 1996. Hann krefst sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hinn 1. nóvember 1996 keypti Vátryggingafélag Íslands hf. öll hlutabréf í Vátryggingafélaginu Skandia hf., og var nafni félagsins breytt í Vís-vátryggingu hf. Vís-vátrygging hf. hefur verið sameinuð Vátryggingafélagi Íslands hf., sem hefur tekið við aðild málsins.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit vitnamáls, sem háð var í Héraðsdómi Reykjavíkur 31. október 1996 að beiðni gagnáfrýjanda.

I.

Málsatvikum og málsástæðum aðila er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar kemur fram, er ágreiningur með aðilum um flesta þætti málsins.

Upphaf máls þessa má rekja til kaupa aðaláfrýjanda á eignum fiskeldisfyrirtækisins Fellalax hf. Fellalax hf. rak seiðaeldisstöð í

Hofsvík á Kjalarnesi og var með framhaldseldi í sjókvíum í Straumsvíkurhöfn við Hafnarfjörð. Félagið hafði um nokkurra ára skeið verið með tryggingar sínar hjá gagnáfrýjanda, sem hét þá Reykvísk endurtrygging hf. og síðar Vátryggingafélagið Skandia hf. Árið 1992 var félagið í miklum fjárhagsvandræðum og gerði skuldaskilasamning við lánardrottna sína um greiðslu 20% skulda gegn niðurfellingu 80% skulda. Meðal lánardrottna var gagnáfrýjandi, en skuld félagsins við hann nam um 6.000.000 króna. Hinn 1. júlí 1992 var á hluthafafundi hjá aðaláfrýjanda samþykkt heimild til stjórnar til að kaupa fasteignir og lausafé Fellalax hf., þar á meðal eldisfisk í sjókvíum við Straumsvíkurhöfn. Flestir hluthafar í aðaláfrýjanda voru einnig hluthafar í Fellalaxi hf. Fasteignir Fellalax hf. voru seldar nauðungarsölu 25. júní 1992, og varð aðaláfrýjandi hæstbjóðandi og fékk afsal 24. ágúst 1992. Afsöl fyrir fiskinum og kvíunum voru gefin út 2. júlí og 20. ágúst 1992. Var kaupverð greitt með yfirtöku afurðalána, sem hvíldu á fiskinum og að hluta til á sjókvíunum. Veðhafar í fiskinum voru Búnaðarbanki Íslands og Ábyrgðadeild fiskeldislána. Samkvæmt þríhliða samningi milli veðhafa og Fellalax hf. 17. febrúar 1992 skuldbatt Fellalax hf. sig til að hafa fiskinn ávallt vátryggðan á fullnægjandi hátt, og átti bankinn að fylgja því eftir. Liggja skyldi fyrir yfirlýsing tryggingafélags og lántaka um greiðslufyrirkomulag tryggingariðgjalda. Veðhafar samþykktu, að aðaláfrýjandi yrði skuldari í stað Fellalax hf. Jafnframt því að kaupa eignir Fellalax hf. yfirtók aðaláfrýjandi skuldaskilasamninga félagsins við lánardrottna sína.

Stórfellt tjón varð á eldisfiski og sjókvíum aðaláfrýjanda á hafnarsvæði Straumsvíkur 16. desember 1992. Snýst ágreiningur aðila um það, hvort tryggingar hafi þá verið í gildi á sjókvíunum og eldisfiskinum.

II.

Aðaláfrýjandi heldur því fram, að með kaupum sínum á eignum Fellalax hf. hafi hann gengið inn í öll réttindi félagsins, þar á meðal tryggingarsamninga þess við gagnáfrýjanda. Þegar tjónið varð, var í gildi tryggingarskírteini, sem var gefið út 19. febrúar 1991 af Reykvískri tryggingu hf., forvera gagnáfrýjanda, en tryggingartaki var Fellalax hf. Samkvæmt þessu skírteini voru sjókvíarnar í Straumsvík

tryggðar gegn altjóni fyrir 11.000.000 króna með 25% sjálfsábyrgð til 1. janúar 1993. Gagnáfrýjandi mótmælir því að hafa gert tryggingarsamning um kvíarnar við aðaláfrýjanda og kveður engan samning hafa verið í gildi milli þeirra, er tjónið varð. Í málinu er fram komið, að gagnáfrýjandi samþykkti greiðslu frá aðaláfrýjanda vegna skuldaskila Fellalax hf. Með vísan til forsendna héraðsdóms verður að líta svo á, að hann hafi samþykkt aðaláfrýjanda sem nýjan skuldara og að hann gengi inn í réttindi Fellalax hf. samkvæmt vátryggingarskírteininu um kvíarnar. Þá ber einnig með skírskotun til forsendna héraðsdóms að staðfesta þá niðurstöðu, að ósannað sé, að tjón aðaláfrýjanda megi rekja til þátta, sem verið hafi utan ábyrgðarsviðs vátryggingarinnar.

Í matsgerð tveggja dómkvaddra matsmanna 8. ágúst 1995 kemur fram, að kaupverð kvíanna 1. júlí 1992 var 7.000.000 króna. Matsmenn töldu eðlilegt bókfært verð kvíanna, þegar tjónið varð, 7.186.050 krónur. Mati þessu hefur ekki verið hnekkt, og þykir rétt að miða bætur vegna kvíanna við þessa fjárhæð að frádreginni 25% sjálfsábyrgð aðaláfrýjanda, 1.796.512 krónur, og iðgjaldaskuld vegna vátryggingarinnar, 432.239 krónur, eða 4.957.299 krónur, en í greinargerð stefnda í héraði var gerður áskilnaður um frádrátt iðgjaldaskulda.

III.

Aðaláfrýjandi heldur því fram, að með kaupum sínum á eignum Fellalax hf. og yfirtöku skuldaskilasamningsins hafi hann gengið inn í öll réttindi Fellalax hf. og þar á meðal yfirtekið alla tryggingarsamninga. Þótt Fellalax hf. hafi verið með tryggingar hjá gagnáfrýjanda, verður ekki séð af gögnum málsins, hvort nokkur eldistrygging hafi verið í gildi frá 1. apríl til 31. júlí 1992.

Eins og lýst er í héraðsdómi, var gefið út vátryggingarskírteini til aðaláfrýjanda vegna fiskeldis í Straumsvík. Skírteinið var gefið út 16. september 1992, en vátryggingartímabilið var frá 1. ágúst til 31. október 1992. Vátryggingarfjárhæðin var 11.951.435 norskar krónur með 25% sjálfsábyrgð, en aldrei skyldi greiða hærri bætur en næmi hæsta vátryggingarverðmæti samkvæmt eldisáætlun.

Aðaláfrýjandi heldur því fram, að með þessu skírteini hafi komist á ótímabundinn vátryggingarsamningur milli aðila eða að minnsta

kosti samningur um föst viðskipti, þannig að tryggingin myndi endurnýjast sjálfkrafa mánaðarlega, nema henni yrði sagt upp. Kveður hann gagnáfrýjanda hafa lofað að reyna að útvega ódýrari tryggingar og talið mögulegt, að það tækist innan þriggja mánaða. Hafi þetta verið meginástæða þess, að skírteinið var eingöngu gefið út til þess tíma. Gagnáfrýjandi hefði jafnframt samþykkt að framlengja tryggginguna, þar til honum tækist að útvega aðra ódýrari, að minnsta kosti til áramóta.

Gagnáfrýjandi telur, að engin trygging hafi verið í gildi, þegar tjónið varð, því að vátryggingartímabili samkvæmt skírteininu hafi þá verið lokið og hann hafi ekki samþykkt framlengingu tryggingar, eins og kveðið er á um í II. kafla vátryggingarskilmála. Bendir hann á, að aðaláfrýjandi hafi hvorki greitt iðgjöld né sent eldisskýrslur, eins og honum bar að gera.

Samskipti aðila vegna framangreindrar tryggingar fóru að mestu leyti fram munnlega milli Hilmars Sigurðssonar, sem var stjórnarformaður Fellalax hf. og hluthafi í aðaláfrýjanda, og Páls Braga Kristjónssonar, sem var framkvæmdastjóri gagnáfrýjanda. Í héraðsdómi er gerð grein fyrir minnispunktum um tryggingarskil og tryggingarskilmála, sem Hilmar sendi Páli Braga 11. september 1992, svo og bréfi Hilmars til Páls Braga 15. sama mánaðar. Þar kemur fram, að á tryggingartímabilinu, 1. ágúst til 31. október 1992, skyldi gagnáfrýjandi leita nýrra og ódýrari tryggingarskilmála. Páll Bragi kannaðist við það fyrir dómi að hafa fengið þessi bréf, en hann svaraði þeim ekki. Þá viðurkenndi hann að hafa gefið ádrátt um, að verið væri að leita að nýjum tryggingum, þótt engin loforð hefðu verið gefin í því sambandi. Tryggingarskírteinið var síðan gefið út 16. september og þannig eftir að það hafði átt að taka gildi. Var þetta gert með samþykki forstjóra félagsins, Gísla Arnar Lárussonar.

Hinn 30. september 1992 afhenti aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda tryggingarvíxil, að fjárhæð 1.874.280 krónur, ásamt yfirlýsingu, þar sem hann lýsti yfir, að greiðsla á skuldaskilum Fellalax hf. svo og 1/3 af tryggingariðgjaldi frá 1. ágúst til 1. nóvember 1992 yrði greitt samkvæmt tryggingarvíxlinum. Hinn 27. október 1992 greiddi aðaláfrýjandi 1.000.000 króna „inn á samkomulag, dags. 30/9'92", eins og segir í kvittun gagnáfrýjanda, og 11. desember 1992 greiddi aðaláfrýjandi 574.280 krónur „inn á iðgjaldaskuld sína", svo sem segir í

kvittun gagnáfrýjanda. Páll Bragi var spurður að því fyrir dómi, hvort rætt hefði verið um nýtt form á tryggingu, þegar hann tók við greiðslunni 27. október, og svaraði hann því þannig: „Ég held, að þeir hafi spurt um, hvað þessu liði, og ég hef svarað, eins og málin þá stóðu, það hafði akkúrat ekkert hreyfst í málinu.“ Þá viðurkenndi Páll Bragi, að um þessi mál hefði verið spurt, þegar greitt var inn á iðgjaldaskuldina 11. desember, og hann svarað þannig: „Ég sagði, að það hefði ekkert gengið og ekkert rekið í því máli og ég væri satt að segja svartsýnn um, að þetta yrði; þó voru einhverjar hugmyndir um, að það myndi koma hér maður eftir áramótin til að tala um, – skoða þessa hluti með þar til færum aðilum.“ Í bréfi gagnáfrýjanda til aðaláfrýjanda 29. desember 1992 kemur fram, að á fundi aðila 11. desember hafði það verið sett „sem algjört skilyrði, að öll vanskil í viðskiptareikningi yrðu að vera út úr heiminum fyrir árslok“.

Í ljós er leitt, að Björn Baldvinsson, framkvæmdastjóri aðaláfrýjanda, sótti tryggingarskírteinið til gagnáfrýjanda og fór með það til Maríu Knudsen, forstöðumanns afurðalánadeildar Búnaðarbankans. Samkvæmt þríhliða samkomulagi frá 17. febrúar 1992 milli bankans, Ábyrgðadeildar fiskeldislána og Fellalax hf. átti bankinn að fylgjast með því, að tryggingar á eldisfiski væru fullnægjandi. María Knudsen sagði fyrir dómi, að bankinn hefði vitað, að fiskurinn var tryggður hjá gagnáfrýjanda, og hefðu þau verið „í þeirri fullu vissu, á meðan ekki er sagt upp tryggingum eða látið vita, að trygging væri ekki endurnýjuð eða við haldið af hálfu tryggingarfélags, að þá sé viðkomandi afurð tryggð“. Þótt skírteinið væri aðeins til þriggja mánaða, sagði María Knudsen, að því hefði verið treyst, að tryggingin yrði framlengd eftir þörfum, meðan verið væri að leita að nýjum tryggingarskilmálum, enda hefði bankinn engin uppsagnarbréf fengið frá stefnda. Sagði hún það hafa verið hefð í samskiptum þessara aðila frá upphafi, að bankinn yrði látinn vita, ef til stæði að hætta tryggingu.

Bjarni G. Bjarnason, sem fengist hafði við fiskeldistryggingar frá 1984 til 1995, þar á meðal hjá gagnáfrýjanda, sagði fyrir dómi, að ekki hefði verið venja að segja tryggingum upp skriflega, heldur hefði verið litið svo á, að tryggingarnar rynnu út, ef ekki væri beðið

um endurnýjun á þeim. Hann taldi þó, að hin síðari ár hefði verið farið að senda skriflegar uppsagnir á tryggingum.

Af því, sem að framan er rakið um samskipti aðila, er ljóst, að rætt var um framtíðartryggingu á fiskinum, eftir að tryggingarskírteinið félli úr gildi, bæði við útgáfu þess og á síðari stigum. Er hið fyrra greinilega staðfest í áðurnefndu bréfi frá 15. september 1992, sem gagnáfrýjandi virðist ekki hafa séð ástæðu til að svara. Samkvæmt II. kafla tryggingarskilmála þeirra, sem giltu um samskipti aðila, var framlenging vátryggingar að loknu vátryggingartímabili háð samþykki félagsins.

Gagnáfrýjandi hafði um margra ára skeið sérhæft sig í fiskeldistryggingu, og á honum hvíldi rík skylda um vönduð vinnubrögð. Honum gat ekki dulist, að aðaláfrýjandi leit svo á, að tryggingin væri í gildi. Þá mátti hann einnig gera sér grein fyrir því, að veðhafar stóðu í þeirri trú. Þegar litið er til framangreindra samskipta aðila og þeirra miklu hagsmuna, sem í húfi voru, varð hann að láta það skýrt í ljós við aðaláfrýjanda, vildi hann ekki, að tryggingin væri í gildi. Það gerði hann ekki. Ber samkvæmt öllu framansögðu að líta svo á, að gagnáfrýjandi hafi í reynd samþykkt framlengingu fiskeldistryggingar aðaláfrýjanda til áramóta og hún því verið í gildi, þegar tjónið varð 16. desember 1992.

IV.

Aðaláfrýjandi krefst þess, að sér verði greiddar 9.400.105 norskar krónur í bætur vegna tjóns þess, sem varð á eldisfiskinum 16. desember 1992, en eins og að framan segir, var tryggingarfjárhæðin 11.951.435 norskar krónur með 25% sjálfsábyrgð aðaláfrýjanda.

Í málinu liggur fyrir matsgerð tveggja dómkvaddra manna frá 25. maí 1995 um fjárhæð tjónsins. Þar kemur fram, að tjónið var mun minna en haldið var fram, og staðfestir matsgerðin, að miklu minna magn var af fiski í kvíunum en sagt var í eldisskýrslum. Niðurstaða matsgerðar er sú, að verðmæti fisksins í íslenskum krónum hafi verið á bilinu 27.812.000 krónur til 35.009.000 krónur eftir því, hvaða viðmiðun er notuð. Þessari matsgerð hefur ekki verið hnekkt. Í tryggingarskírteininu er tekið fram, að trygging taki aldrei til hærri bóta en nemur hæsta vátryggingarverðmæti samkvæmt eldisáætlun.

Í vitnamáli 31. október 1996 fullyrðir Logi Jónsson, annar matsmanna, að upplýsingar um magn fisks í eldisskýrslum gefi ekki rétta mynd af magninu, þegar tjónið varð. Þykir rétt að miða bætur við endurstofnverð (kaupverð á markaði) þess fisks, sem var í kvíunum, þegar tjónið varð, en það er samkvæmt matinu 27.812.000 krónur að frádreginni 25% sjálfsábyrgð aðaláfrýjanda, 6.953.000 krónur. Iðgjaldaskuld aðaláfrýjanda, 53.091 króna fyrir ágúst 1992 og 627.371 króna á mánuði fyrir september til desember 1992, samtals 2.562.575 krónur, dragist frá bótunum.

Gagnáfrýjandi verður samkvæmt framansögðu dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda 23.253.724 krónur (7.186.050 – 1.796.512 – 432.239 + 27.812.000 – 6.953.000 – 2.562.575) með vöxtum svo sem í dómsorði greinir. Er upphafstími dráttarvaxta miðaður við þingfestingu málsins í héraði.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 1.500.000 kr. í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Vátryggingafélag Íslands hf., greiði aðaláfrýjanda, Hafbeitarstöðinni Kleifum hf., 23.253.724 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 16. desember 1992 til 5. maí 1994, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 1.500.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. júní 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum flutningi 24. maí sl., er höfðað með stefnu, sem árituð er um viðtöku 4. maí 1994.

Stefnandi er Hafbeitarstöðin Kleifum hf., kt. 500686-1119, Hofsvík á Kjalarnesi.

Stefndi er Vátryggingafélagið Skandia hf., Laugavegi 170, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á NOK 9.400.105,50 auk vaxta samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 16. desember 1992 til 6. janúar 1993, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 8.250.000 ísl. kr. auk vaxta, eins og hér að framan greinir. Þá er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar.

Málavextir.

Málsatvik eru þau, að 16. desember 1992 varð stórfellt tjón vegna veðurs á eldisfiski og sjókvíum í eigu stefnanda á hafnarsvæði Straumsvíkur í Hafnarfirði. Skemmdust kvíar, og fiskur slapp úr þeim. Telur stefnandi, að þessir hagsmunir hafi verið vátryggðir hjá stefnda, og krefur hann um bætur fyrir þá í málinu.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Málavaxtalýsing stefnanda er á þá leið, að hann hafi í samræmi við það, að vátryggingarsamningur væri í gildi, sent stefnda þegar í stað tilkynningu um, að tjón vofði yfir hinum vátryggðu hagsmunum. Í framhaldi þeirrar tilkynningar hafði starfsmaður stefnda, Sólveig Sigurþórsdóttir, þegar samband við Könnun hf., en það félag starfar við úttekt á tryggingatjóni og er m. a. umboðsaðili Lloyd's tryggingafélagsins á Íslandi. Bað téður starfsmaður stefnda Könnun hf. að taka út ástandið á tjónsvettvangi. Átti framkvæmdastjóri Könnunar hf., Þórir Konráðsson, í framhaldi þessa samtal við Gísla Örn Lárusson, forstjóra stefnda, sem staðfesti, að tryggingarsamningur væri í gildi. Síðar átti framkvæmdastjóri Könnunar hf. samskipti við Þórð Þórðarson, framkvæmdastjóra hjá stefnda. En nefndur Þórður greiddi Könnun hf. fyrir skýrslu um tjónsatburðinn.

Stefnandi gerði það, sem í hans valdi stóð, til þess að afstýra tjóni, og voru starfsmenn hans á vettvangi, er Könnun hf. gerði úttekt sína í þágu stefnda. Vissi stefnandi ekki annað en viðurkenning væri á því af hálfu stefnda, að tryggingarsamningur stefnanda væri í fullu gildi.

Það var hins vegar ekki fyrr en 22. desember 1992, að fluttar voru í fjölmiðlum fréttir af atburðinum, þar sem forsvarsmenn stefnda lýstu yfir, að enginn vátryggingarsamningur hefði verið í gildi milli aðila málsins, og því bæri félagið eigi bótaábyrgð á tjóni stefnanda. Þessar fregnir komu sem reiðarslag yfir forsvarsmenn stefnanda, enda höfðu stjórnendur stefnda aldrei látið slíkar yfirlýsingar frá sér fara til forsvarsmanna stefnanda eða veðhafa, sem starfsmenn stefnda áttu mikil samskipti við, einkum Maríu Knudsen í Búnaðarbankanum. Leitaði stefnandi eftir þessar yfirlýsingar stefnda til lögmanna um aðstoð í málinu. Hinn 22. desember 1992 var boðsent bréf til stefnda og látin í ljós undrun á neitun stefnda við bótaskyldu, sem stefnanda hefði fyrst orðið kunnugt um af lestri dagblaða. Var öllum yfirlýsingum stefnda um, að tryggingarsamningur hefði ekki verið í gildi, mótmælt sem algerlega röngum og fram settum gegn betri vitund stjórn-

enda stefnda. Var vísað til fundar með aðilum 11. desember 1992, þar sem samið var um framlengingu á gildi tryggingarsamnings til áramóta 1992/1993 og stefnda greiddar 574.280 kr. því samkomulagi til staðfestu. Var þess krafist, að stefndi viðurkenndi án tafar bótaskyldu stefnda, ella kæmi óhjákvæmilega til málaferla.

Með bréfi 28. desember 1992 hafnaði lögmaður stefnda kröfum stefnanda með þeim rökum, að ekki væri um að ræða vátryggingarsamning í bókum stefnda nema til 31. október 1992. Þá hefði eigi verið gefið út tryggingarskírteini fyrir það tímabil, sem tjónið varð á. Er sú staðhæfing rökstudd með því, að eigi sé unnt að vátryggja, nema fyrir liggi eldisskýrslur, þar sem ekki sé unnt að ákvarða iðgjöld án slíkra skýrslna. Þá var því mótmælt, að loforð hefði verið gefið á fundinum 11. desember um framhald tryggingar, og því lýst yfir, að 574.280 kr. hefðu verið greiddar inn á eldri skuld.

Stefnandi kveður í svarbréfi lögmanns stefnda vera rangar staðhæfingar og beinar rangfærslur um viðskipti aðila málsins. Hafi tilgangurinn verið sá að reyna að losna undan vátryggingarsamningnum við stefnanda, m. a. af þeim ástæðum, að fjárhagsstaða stefnda var á þessum tíma ákaflega slæm og útlit fyrir, að stefnda yrði lokað af hálfu Tryggingaeftirlitsins. Í öðru lagi hafi stefndi ekki verið með fullnægjandi endurtryggingar fyrir fiskeldislánum. Samkvæmt upplýsingum, sem stefnandi komst yfir, höfðu stjórnendur stefnda ekki hirt um eða ekki getað endurtryggt með fullnægjandi hætti sakir lélegrar stöðu stefnda á þeim tíma. Því hafi viðurkenning á bótaskyldu jafngilt gjaldþroti stefnda og stjórnendur hans því kosið að þræta fyrir um þá samninga, sem höfðu komist á milli aðila.

Við skoðun málavaxta telur stefnandi rétt að hafa eftirfarandi til hliðsjónar: Á sínum tíma rak fiskeldisfyrirtækið Fellalax hf. seiðaeldisstöð í Hofsvík á Kjalarnesi og var einnig með framhaldseldi í sjókvíum í Straumsvíkurhöfn. Hlutafélagið hafði orðið fyrir verulegum fjárhagslegum áföllum við rekstur laxeldis, og blasti gjaldþrot þess við.

Á hluthafafundi í stefnanda 1. júlí 1992 var samþykkt heimild til stjórnar stefnanda til að kaupa fasteignir og lausafé, þ. m. t. eldisfisk í sjókvíum við Straumsvíkurhöfn, en velflestir hluthafar í stefnanda eru einnig hluthafar í Fellalaxi hf. Voru samningar um lausafé (eldisfisk, kvíar o. þ. h.) undirritaðir 2. júlí og 20. ágúst s. á. Var kaupverðið greitt með yfirtöku á afurðalánum, sem hvíldu á fiskinum og að hluta til á sjókvíunum. Veðhafar í fiskinum voru þá Búnaðarbanki Íslands og Ábyrgðardeild fiskeldislána, og bundu veðhafar samþykki sitt fyrir sölu á fiskinum því skilyrði, að stefnandi tæki á sig allar skyldur Fellalax hf. samkvæmt þríhliða samningi milli Fellalax hf., Búnaðarbankans og Ábyrgðardeildar fiskeldislána. Í þeim samningi

var í samræmi við ákvæði 7. gr. reglugerðar nr. 182/1990 um Ábyrgðardeild fiskeldislána gert ráð fyrir, að hinn veðsetti fiskur skyldi ávallt vera vátryggður með fullnægjandi hætti, sbr. 6. gr. samkomulagsins, sem gerði einnig ráð fyrir, að fyrir lægi yfirlýsing tryggingafélags um greiðslufyrirkomulag tryggingaiðgjalda. Var stefnda sent eintak þessa samnings í kjölfar undirskriftar hans og ráð fyrir því gert, að veðhöfum í fiskinum yrði gert kunnugt um breytingar á tryggingum, ef um slíkt væri að ræða, eins og tíðkast hafði áður í samskiptum veðhafa við stefnda. Skal tekið fram, að Árni Björn Birgisson kom fram sem nokkurs konar trúnaðarmaður allra aðila að þessum samningi, enda hann hlutlaus og óvilhallur um málefni Fellalax hf.

Fasteignir Fellalax hf. voru seldar nauðungarsölu fyrir tilstilli veðhafa. Varð stefnandi hæstbjóðandi og fékk afsal 15. ágúst 1992.

Samfara þessum kaupum á eignum Fellalax hf. tókst stefnandi á hendur að framkvæma fyrir sinn reikning skuldaskilasamning, sem Fellalax hf. hafði áður gert við alla helstu lánardrottna félagsins, þ. m. t. stefnda, sem hafði tryggt umrædda hagsmuni um árabil. Í skuldaskilum fólst, að stefnandi tók að sér að greiða 20% af skuldum Fellalax hf. við tiltekna aðila gegn eftirgjöf á 80% skuldarinnar, sbr. bréf til kröfuhafa Fellalax hf. 12. maí 1992. Nam skuld Fellalax hf. við stefnda alls um 6.000.000 kr.

Í kjölfar þessa óskaði stefnandi eftir því, að samfara því, að hann greiddi 20% af eldri skuldum Fellalax hf. við stefnda, tæki stefnandi við öllum tryggingasamningum Fellalax hf. við stefnda og greiddi af þeim eftirleiðis í samræmi við umsamin iðgjöld. Við það tækifæri lét stefnandi stefnda í té ýmis gögn, er vörðuðu efnahag stefnanda, þ. m. t. eldisáætlanir til ársins 1995. En eldisáætlanir voru látnar stefnda í té, til þess að unnt væri að áætla iðgjöld af vátryggingunum frá mánuði til mánaðar. Eldisáætlanir voru annars til afnota fyrir veðhafa í fiskinum, svo að unnt væri fyrir þessa aðila að fylgjast með verðmæti fisksins og hvort eldið þróaðist með eðlilegum hætti. Eldisskýrslur voru síðan sendar mánaðarlega eftir á, m. a. til stefnda, til þess að unnt væri að leiðrétta iðgjöld m. t. t. raunverulegra hagsmuna í vátryggingu. Voru þá gefin út viðaukaskírteini með skýringunni „mismunur á eldisáætlun og mánaðarskýrslum".

Féllst stefndi á þessar óskir stefnanda, og var stefnandi þá tekinn í viðskipti hjá stefnda í stað Fellalax hf. með þeim kjörum, sem Fellalax hf. hafði notið, þó að frátöldum eldri skuldum Fellalax hf., sem stefnandi tók að sér að greiða 20% af, eins og áður sagði.

Um þessar mundir hafði stefnandi vilyrði fyrir 15.000.000 kr. frá landbúnaðarráðuneytinu úr svokölluðum „Ingimarssjóði". Stóð til, að stefndi fengi til sín iðgjaldagreiðslurnar úr þeirri lánveitingu, þegar af henni yrði, sem

ekki var unnt að tímasetja nákvæmlega. Forsenda fyrir slíku láni sem og öllum öðrum veðsetningum í eldisfiskinum var sú, að fiskurinn væri að fullu vátryggður.

16. september 1992 var í samræmi við framangreint gefið út tryggingarskírteini nr. 923008 (fiskeldistrygging), sem gilti frá 1. ágúst til 31. október 1992, og var það sent af stefnda beint til veðhafanna.

Undanfari útgáfu þessa tryggingarskírteinis var bréf stefnanda til stefnda 15. september 1992, sbr. og „nokkrir minnispunktar" 11. september s. á. um tryggingarskil og tryggingarskilmála milli stefnda og stefnanda sem framhald skuldaskilasamnings Fellalax hf. við stefnda. Voru minnispunktarnir áður sendir stefnda til viðbótar áður sendum efnahagsreikningi félagsins og eldisskýrslum, eins og áður sagði. Bæði minnispunktarnir og bréf stefnanda til stefnda höfðu að geyma afstöðu stefnanda til viðskipta við stefnda og byggðust á undanfarandi fundum og samtölum starfsmanna stefnda og stefnanda um skipan mála á milli aðila.

Í minnispunktunum er lýst yfir því í 2. tl., að yfirtaka á fiski af hálfu stefnanda hafi orðið 1. ágúst 1992 og gerð með samþykki veðhafa. Segir svo í 2. tl. i. f.: „Þess vegna er óskað eftir því, að Skandia hf. tryggi þennan fisk hjá þessu nýja félagi frá þessum tímamótum."

Í 3. tl. minnispunktanna segir: „Trygging þessi verði með óbreyttu sniði fyrst um sinn eða sem nemur allt að þremur mánuðum. Á þeim tíma verði leitað leiða um nýtt form á tryggingum fisksins hjá Skandia hf., einhvers konar „total loss"-tryggingu. Þessa tryggingu yrðu veðhafar að samþykkja, og verður það væntanlega mun ódýrara og sanngjarnara fyrir alla aðila."

Í bréfi stefnanda 15. september 1992 til stefnda segir m. a.: „Fallist er á, að Hafbeitarstöðin Kleifum hf. taki sömu tryggingar og Fellalax hf. hafði frá 1. 8. 1992 til 31. 10. 1992." Þá segir einnig: „Á þessum tíma mun Skandia hf. leita að nýjum tryggingarskilmálum, sbr. lið 3 í greinargerð."

Eins og ljóst má vera af framangreindu, var litið svo á af hálfu stefnanda og veðhafa, að eftirleiðis yrði fiskurinn tryggður á vegum stefnanda hjá stefnda í samræmi við lög og reglugerðir um lánveitingar Ábyrgðardeildar fiskeldislána og samning við veðhafa í fiskinum. Um þetta var fullt samkomulag hjá aðilum málsins, eins og öll gögn bera með sér, enda hvergi að finna andmæli við því af hálfu stefnda, að hann hafi samþykkt þessar óskir stefnanda um vátryggingar. Hins vegar höfðu vátryggingariðgjöld vegna fisksins verið mjög há og sýnilega hærri en Fellalax hf., fyrri eigandi fisksins, gat staðið undir. Af þeim sökum lögðu forsvarsmenn stefnanda kapp á, að Skandia hf. aflaði annarra og ódýrari vátrygginga, sem þó fullnægðu því að vernda hagsmuni stefnanda og veðhafa í fiskinum. Þegar vísað er til

nýrra tryggingarskilmála í bréfi stefnanda 15. september 1992 og nýs forms á tryggingum í minnispunktunum frá 11. s. m., er vísað til yfirlýsingar starfsmanna stefnda um að afla ódýrari tryggingа í þágu stefnanda en í gildi voru.

Ástæða þess, að ákveðið var að hafa óbreyttar tryggingar í gildi í þrjá mánuði, frá 1. ágúst til 31. október 1992, var einfaldlega sú, að starfsmenn Skandia hf. töldu sig geta aflað ódýrari tryggingа innan þess tíma. Þetta hafa vitnin María Knudsen og Árni Björn Birgisson staðfest með vitnisburði sínum fyrir dómi. Því var ekki talin ástæða til að hafa óbreyttu tryggінguna, sem var dýrari, í gildi lengur en brýnasta nauðsyn krafði. Af framangreindum ástæðum var þriggja mánaða gildistíminn einvörðungu ákveðinn af stefnda.

Í samræmi við samkomulag um vátryggingaviðskipti aðila málsins afhenti stefnandi 30. september 1992 stefnda tryggingarvíxil, að fjárhæð 1.874.280 kr., auk yfirlýsingar. Var víxilfjárhæðin samsett úr 1.254.662 kr., sem var 20% skulda Fellalax hf. við stefnda, og 619.618 kr., sem nam mánaðariðgjaldi. Skyldi víxill þessi greiddur niður 23. október um 1.000.000 kr. og eftirstöðvar fyrir næstu áramót.

Greiddi stefnandi 27. október 1992 1.000.000 kr. „inn á samkomulag, dags. 30. 9. 1992", eins og segir í kvittun stefnda þann dag.

Þrátt fyrir áform stefnda um að afla stefnda nýrrar og hagstæðari vátryggingar fyrir 31. október 1992 gengu þau ekki eftir. Varð því að samkomulagi, að óbreytta tryggingin myndi gilda einn mánuð í senn frá 31. október, enda staðfesti Páll Bragi Kristjónsson, fjármálastjóri stefnda, að félagið væri í viðræðum vegna nýrra vátryggingarkosta til handa stefnanda. Nýir tryggingarskilmálar væru því á næsta leiti. Á fundi, sem Árni Björn Birgisson, endurskoðandi stefnanda, og Hilmar Sigurðsson, stjórnarmaður í stefnanda, áttu með Páli Braga Kristjónssyni og Sólveigu Sigurþórsdóttur gjaldkera 11. desember 1992 í húsakynnum stefnda, baðst Páll Bragi afsökunar á því, hversu dræmist að finna nýja tryggingarkosti. Vísaði hann til forfalla tiltekinna norskra aðila, sem hefðu boðað komu sína til Íslands fyrir áramótin. Bað Páll Bragi um frekari frest fram yfir þau áramót, og yrðu málin þá skoðuð með nýja vátryggingarkosti í huga. Á þetta féllust erindrekar stefnanda, enda gátu þeir ekki annað. Það var stefnda eins að afla nýrra kosta, en stefnanda einungis að þiggja það, sem í boði væri. Var því ákveðið, að óbreyttar tryggingar skyldu gilda til áramóta 1992/1993. Greiddi stefnandi á þessum fundi 574.280 kr. „inn á iðgjaldaskuld sína", eins og segir í kvittun 11. desember 1992. Þá varð samkomulag um, að stefndi héldi tryggingarvíxlinum áfram á móti áfallandi iðgjöldum fyrir nóvember og desember 1992.

Þegar tjónið varð 16. desember 1992, tilkynnti stefnandi stefnda um það. Í framhaldi þess hringdi Páll Bragi Kristjónsson á skrifstofu Hilmars Sigurðssonar og bað um, að sér yrðu sendar í snatri eldisskýrslur fyrir desember, þar sem hann hefði þær ekki undir höndum. Á skrifstofu Hilmars voru staddir þeir Björn Baldvinsson, framkvæmdastjóri stefnanda, og Guðmundur Bang fiskeldisfræðingur og einn hluthafa. Voru þeir vitni að þessu samtali. Hilmar hringdi þá strax í Maríu Knudsen í afurðalánadeild Búnaðarbankans og bað hana að faxa skýrslurnar til Páls Braga, sem hún og gerði, enda hafði bankinn haft skýrslurnar undir höndum um skeið.

Það kom því öllum á óvart, bæði veðhöfum og stefnanda, þegar forsvarsmenn stefnda lýstu yfir því í fjölmiðlum nokkrum dögum eftir tjónsatburðinn, að enginn vátryggingarsamningur hefði verið í gildi milli aðila málsins.

Við tjónsatburðinn voru í gildi þessar tryggingar að mati stefnanda:

1. Samkvæmt tryggingarskírteini nr. 9130003, útg. til Fellalax hf. 19. febrúar 1991, er gilti til 31. desember 1992. Þetta skírteini varðaði Systemfarm-flotkvíar stefnanda í Straumsvík og er ranglega skráð sem NOK 11.000.000, en á að vera 11.000.000 ísl. kr., eins og sjá má af ákvörðun iðgjaldsins. Sjálfsábyrgð var 25% af hverju bótaskyldu tjóni. Altjón varð á þessum hagsmunum 16. desember 1992.

2. Samkvæmt tryggingarskírteini nr. 923008, útg. 16. september 1992 og gilti fyrst samkvæmt efni sínu frá 1. ágúst 1992 til 31. október s. á., en síðan samkvæmt sérstökum samningi frá 1. nóvember 1992 til þess tíma, sem stefndi hefði aflað annarra vátryggingarkosta. Þetta skírteini varðaði lax og regnbogasilung í Straumsvík. Sjálfsábyrgð var 25% af hverju bótaskyldu tjóni. Altjón varð á þessum hagsmunum 16. desember.

Málavaxtalýsing stefnda.

Stefndi kveður málavaxtalýsingu stefnanda vera í flestum atriðum ranga. Hann lýsir málavöxtum svo, að í ágúst 1992 hafi Hilmar Sigurðsson, fyrirsvarsmaður stefnanda, leitað til stefnda með ósk um að fá að kaupa tímabundna (þriggja mánaða) vátryggingu á eldisfisk félagsins í Straumsvík og á Kjalarnesi.

Þessari ósk var í fyrstu hafnað af hálfu stefnda. Ástæður höfnunarinnar voru í fyrsta lagi þær, að félagið var að draga úr vátryggingarstarfsemi á þessu sviði vegna lélegrar afkomu í greininni og mikilla vanskila eldisfyrirtækja á iðgjöldum. Á þessum tíma var einungis eitt eldisfyrirtæki með tryggingar hjá félaginu, og hafði félagið lítinn áhuga á að taka fleiri fyrirtæki í tryggingar á þessu sviði. Í öðru lagi hafði félag, sem sömu aðilar stóðu að, Fellalax hf., lent í verulegum vanskilum með vátryggingariðgjöld.

Skuldaði það félag stefnda rösklega sex milljónir króna í iðgjöld, er vátryggingar þess runnu út 31. mars 1992. Vegna ógjaldfærni Fellalax hf. vorið 1992 hafði verið óskað eftir því við stefnda, að hann samþykkti skuldaskilasamninga, þar sem greiða átti 20% upp í kröfur. Í þriðja lagi hafði stefnandi ekki fjármuni til þess að greiða iðgjöld vátryggingarinnar á gjalddaga, en iðgjöld á að greiða fyrir fram samkvæmt vátryggingarsamningalögum nr. 20/1954, sbr. 12.–17. gr., eða setja tryggingu fyrir greiðslum.

Eftir ítrekaðar beiðnir stefnanda um að fá að kaupa skammtímatryggingu hjá stefnda var um miðjan september 1992 fallist á að selja stefnanda tryggingu frá 1. ágúst 1992 til 31. október 1992. Vátryggingarskírteini voru gefin út 16. september 1992 og afhent fyrirsvarsmönnum stefnanda 30. s. m. Strax eftir að fyrirsvarsmenn stefnanda fengu skírteinin í hendur, fóru þeir með þau í Búnaðarbanka Íslands. Ástæðan fyrir þessum sérstaka drætti á útgáfu skírteina var, eins og áður sagði, höfnun stefnda við að taka stefnanda í tryggingu. Tryggingin var veitt með eftirfarandi skilyrðum auk þeirra, sem fram koma í vátryggingarskírteinum:

1. Sömu vátryggingarskilmálar og skildagar skyldu gilda og gilt höfðu hjá Fellalaxi hf. Þeir skildagar, sem giltu, voru nr. 3, 4 og 8.

2. Iðgjald fyrir ágústmánuð, 619.618 kr., ásamt 20% greiðslu vegna skuldaskila Fellalax hf., 1.254.662 kr., skyldi greitt, um leið og lánafyrirgreiðsla, að fjárhæð 15.000.000 kr., fengist hjá sérstökum sjóði hjá landbúnaðarráðuneytinu. Lánafyrirgreiðslan átti að koma síðari hluta septembermánaðar 1992.

3. Stefnandi skyldi gefa út greiðsluyfirlýsingar til Búnaðarbankans um, að bankinn skyldi strax greiða félaginu iðgjöld fyrir september og október 1992 af greiðslum vegna afurðasölu.

Stefndi tókst ekki á hendur neinar aðrar skyldur gagnvart hinum nýja viðskiptamanni en þessa þriggja mánaða tímabundnu vátryggingu á eldisfiski. Stefnandi keypti engar aðrar tryggingar hjá félaginu, hvorki á fiskeldiskvíar né aðra hagsmuni.

Vegna vanefnda á greiðslum samkvæmt samkomulaginu kallaði Páll Bragi Kristjónsson, framkvæmdastjóri bókhalds- og fjárreiðudeildar stefnda, fyrirsvarsmenn stefnanda á sinn fund til þess að innheimta gjaldfallnar greiðslur fyrir þessa þriggja mánaða tryggingu. Hinn 27. október 1992 gengu fyrirsvarsmenn stefnanda, þeir Hilmar Sigurðsson og Árni Björn Birgisson, löggiltur endurskoðandi félagsins, á fund Páls Braga til þess að inna af hendi 1.000.000 kr. upp í þá greiðslu, sem samið hafði verið um, að stefnandi greiddi. Þessi fundur var haldinn til þess að reka á eftir greiðslum frá stefnanda. Engin loforð voru gefin um framhald tryggingar á þess-

um fundi, né var fyrirsvarsmönnum stefnanda gefið í skyn, að tryggingin myndi endurnýjast, enda ekki óskað eftir nýrri tryggingu á fiskinum.

Í byrjun desember 1992 hafði stefnandi ekki enn staðið við fyrirheit um greiðslur né gefið út greiðsluyfirlýsingar til Búnaðarbankans samkvæmt samkomulaginu. Páll Bragi kallaði fyrirsvarsmenn stefnanda aftur á sinn fund til þess að fá greitt inn á skuldina, og 11. desember komu þeir Hilmar og Árni aftur á fund hans og greiddu 574.280 kr. upp í gjaldfallin iðgjöld af þriggja mánaða tryggingunni. Á þeim fundi var ítrekuð krafa félagsins um, að stefnandi lyki við greiðslu gjaldfallinna iðgjalda af skammtímatryggingunni. Engin loforð voru gefin um framhald tryggingar á þessum fundi, né var fyrirsvarsmönnum stefnanda gefið í skyn, að trygging væri í gildi, enda ekki beðið um nýja tryggingu á fiskinum.

Hinn 16. desember 1992 tilkynnti Björn Baldursson, framkvæmdastjóri stefnanda, Sólveigu Sigurþórsdóttur, fjármálastjóra stefnda, að tjón hefði orðið á kvíum og fiski félagsins í Straumsvík. Í samræmi við góða vátryggingarvenju óskaði Sólveig eftir því við Könnun hf., að aðstæður á vettvangi yrðu skoðaðar. Var þetta gert, án þess að sérstaklega væri gengið úr skugga um það, hvort vátryggingarsamningur væri í gildi á milli aðila.

Í framhaldi tjónstilkynningarinnar könnuðu starfsmenn stefnda, hvort í gildi væri vátryggingarsamningur á milli stefnda og stefnanda. Í samræmi við það, sem áður greinir, kom í ljós, að enginn vátryggingarsamningur var í gildi milli aðila, enda hafði einungis verið óskað eftir skammtímatryggingu til þriggja mánaða. Við skoðun á gögnum málsins kom einnig í ljós, að stefnandi hafði ekki látið stefnda í té eldisskýrslur fyrir september eða ágúst, eins og skylt var samkvæmt vátryggingarsamningi. Var Hilmari Sigurðssyni sérstaklega tilkynnt þetta í símtali 17. desember 1992.

Hinn 22. desember 1992 sendi lögmaður stefnanda stefnda kröfubréf, þar sem þess er krafist, að hann viðurkenndi greiðsluskyldu. Með bréfi 28. s. m. 1992 hafnaði lögmaður stefnda greiðsluskyldu, þar sem enginn vátryggingarsamningur hafi verið í gildi.

Eftir að mál þetta var höfðað, óskaði stefndi eftir því við stefnanda með bréfi 9. júní 1994 að fá tilteknar upplýsingar og gögn, til þess að unnt væri að taka afstöðu til fjárhæðar bótakröfunnar. Lögmaður stefnanda svaraði fyrirspurninni með bréfi 15. september 1994. Ekki voru afhent þau gögn, sem beðið var um, né veitt fullnægjandi svör við þeim spurningum, sem fram voru settar. Eldisskýrslur voru þó afhentar eftir símtal lögmanna aðila. Með bréfi 12. október 1994 voru ítrekaðar óskir stefnda um að fá gögn til þess að meta tjónið. Lögmaður stefnanda sendi svarbréf 31. október 1994, og var þar enn neitað að afhenda nauðsynleg gögn um slátrun, af-

urðaverð og fóðurgjöf, til þess að unnt væri að staðreyna verðmæti fisks í kvíum.

Að beiðni stefnanda voru yfirheyrð vitni og starfsmenn aðila í Héraðsdómi Reykjavíkur 29. mars 1993, og hafa aðilar vitnað til þeirra í málatilbúnaði sínum.

Málsástæður og lagarök.

Málsástæður stefnanda eru þessar.

1. Stefndi samþykkti, að stefnandi tæki við öllum tryggingarsamningum Fellalax hf. við stefnda og samþykkti jafnframt greiðslu á 20% iðgjaldaskuldar Fellalax hf. úr hendi stefnanda. Þá samþykkti stefndi að tryggja eftirleiðis umrædda hagsmuni í þágu stefnanda. Þetta er staðfest m. a. með vætti Hilmars Sigurðssonar, Árna B. Birgissonar, löggilts endurskoðanda, Maríu Knudsen, deildarstjóra afurðalánadeildar Búnaðarbankans, og í bókum stefnda, þar sem greiðslur frá stefnanda eru færðar inn á viðskiptareikning Fellalax hf.

2. Í gildi var vátryggingarsamningur milli aðila málsins, sem stofnaðist 1. ágúst 1992 og skyldi gilda ótímabundið. Samningurinn var og í samræmi við þá vátryggingarskilmála, sem gilt höfðu milli stefnda og Fellalax hf. 11. september 1992 voru stefnda m. a. sendar eldisáætlanir yfir fiskinn til ársins 1995, og var því grundvöllur til útreiknings iðgjalda af vátryggingarsamningnum.

3. Stefndi tókst á hendur þá skyldu að finna nýja og ódýrari vátryggingarkosti en í gildi voru milli stefnda og Fellalax hf. Á því er byggt, að minnispunktar stefnanda 11. september 1992 og bréf 15. s. m. séu innihald samnings milli aðila málsins um þessi viðskipti aðila. Engin gögn eru til frá stefnda, sem mótmæla þeim forsendum eða skilningi á samkomulagi, sem fram kemur í téðum gögnum stefnanda. Viðurkennt er af hálfu Páls Braga Kristjónssonar, fyrrum starfsmanns stefnda, að hann hafi fengið umrædd gögn frá stefnanda og ekki hreyft athugasemdum við efni þeirra.

4. Ástæða þess, að tryggingarskírteini nr. 923008 skyldi gilda fyrir tímabilið 1. ágúst til 31. október 1992, var sú, að starfsmenn stefnda, einkum Páll Bragi Kristjónsson, höfðu lofað að verða við beiðni um að finna vátryggingarkost, sem væri „mun ódýrari og sanngjarnari fyrir alla aðila“, sbr. minnispunkta 11. september 1992, 3. tl. i. f. Taldi stefndi, að nýr vátryggingarkostur myndi liggja fyrir eigi síðar en 31. október 1992. Þetta er m. a. staðfest af Árna B. Birgissyni og Maríu Knudsen og viðurkennt af hálfu Páls Braga Kristjónssonar.

5. Þegar umræddur gildistími var liðinn, var tryggingarsamningurinn um

fiskinn framlengdur um mánuð í senn. Ástæða þess voru áðurgreind loforð stefnda um, að nýir vátryggingarkostir væru á næsta leiti. Því var ekki talin þörf á að framlengja um nema einn mánuð í senn. Þannig var samningurinn fyrst framlengdur til 30. nóvember 1992, en þá fram yfir áramót 1992/1993, þar til annað yrði ákveðið með tilliti til annarra vátryggingarkosta.

6. Þegar stefnandi tilkynnti stefnda tjónið, voru ekki höfð uppi andmæli við því, að vátryggingarsamningur væri í gildi.

7. Í kjölfar tilkynningar stefnanda um tjón höfðu starfsmenn stefnda, Sólveig Sigurþórsdóttir og síðar Þórður Þórðarson, samband við Könnun hf., umboðsaðila Lloyd's á Íslandi, og fólu honum að gera úttekt á tjóninu. Í samtölum við Þóri H. Konráðsson, framkvæmdastjóra Könnunar hf., staðfesti Gísli Ö. Lárusson, að tryggingarsamningur væri í gildi við stefnanda.

8. Samkvæmt þríhliða samningi Fellalax hf., Búnaðarbankans og Ábyrgðardeildar fiskeldislána, sem stefnandi gerðist síðar aðili að, var gert ráð fyrir, að fiskurinn yrði ávallt vátryggður í samræmi við 7. gr. reglugerðar nr. 182/1990, sbr. lög um Ábyrgðardeild fiskeldislána. Um efni þessa samnings sem og lagaskyldu til vátryggingar á veðsettum fiski var stjórnendum stefnda kunnugt. Skuldbatt stefndi sig til þess að tilkynna veðhöfum, ef stefndi hygðist segja upp tryggingarsamningi við stefnanda, svo að veðhöfum gæfist kostur á að efna vátryggingarsamninginn til verndar sínum hagsmunum. Skuldbinding stefnda að þessu leyti felst í þeirri framkvæmd, sem allajafna var á samningi Fellalax hf. við stefnda. Samkvæmt bréfum stefnda tilkynnti stefndi veðhafa, þegar vanskil tryggingartakans heimiluðu uppsögn tryggingarsamnings. Eftir gerð þríhliða samningsins frá 17. febrúar 1992 var skylda tryggingartakans um að hafa fullnægjandi tryggingar ótvíræð og stefnda fullkunnugt um þann samning, enda hafði stefndi fengið samninginn sendan gagngert í því skyni, að hann rækti upplýsingaskyldu gagnvart veðhöfum.

9. Engar tilkynningar bárust veðhafa frá stefnda eftir 31. október 1992, þess efnis, að enginn vátryggingarsamningur væri til um hina veðsettu hagsmuni, heldur voru veðhafar í þeirri trú, að fiskurinn væri nægjanlega vátryggður, þar sem engar yfirlýsingar, munnlegar eða skriflegar, höfðu borist veðhafa frá stefnda um uppsögn eða fyrirsjáanlega uppsögn á vátryggingarsamningnum. María Knudsen hefur staðfest, að fiskeldistryggingar stefnda í téðum fiski eða lausafé hafi aldrei runnið út eða þeim verið sagt upp án undanfarandi tilkynningar stefnda til veðhafa þar um. Ber að athuga, að allur gangur var á útgáfu tryggingarskírteina, svo sem skírteini út gefið 16. september 1992 ber með sér, en það gilti frá 1. ágúst til 31. október 1992. Tryggingarskírteini voru því á stundum gefin út alllöngu eftir, að trygg-

ingarsamningur komst á. Því var gilt tryggingarskírteini eitt og sér ekki forsenda fyrir því, að tryggingarsamningur teldist vera í gildi. Framkvæmdin var því sú, að trygging taldist vera í fullu gildi án tillits til útgáfu tryggingarskírteina, allt þar til stefndi boðaði uppsögn með skriflegum hætti. Stefnandi vísar til meginreglu 87. gr. l. nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga, sem varðar brunatryggingu fasteigna. Þar er kveðið á um, að uppsögn hafi ekki gildi gagnvart veðhöfum fyrr en 14 dögum eftir, að veðhafi hafi fengið tilkynningu um uppsögn. Stefnandi telur, að beita verði þessu ákvæði með rýmkandi skýringu um alla þá tryggingarsamninga, sem varða hagsmuni veðhafa sérstaklega.

10. Stefnda barst greiðsla 12. nóvember 1992 að loknum fundi með forsvarsmönnum stefnanda, þar sem stefndi upplýsti, að nýir vátryggingarkostir lægju ekki þá þegar fyrir og því samið um, að óbreyttir skilmálar giltu fram yfir nk. áramót, þegar aðrir kostir lægju fyrir. Viðtaka greiðslunnar jafngildir viðurkenningu á, að samningur hafi verið með aðilum, og staðfestir viðtaka fjárins, að vátryggingarsamningur hafi verið í gildi 11. desember 1992. Ekki hefur verið sýnt fram á af hálfu stefnda, að þeim samningi hafi verið sagt upp. Túlka ber efni kvittunarinnar stefnanda í hag, enda kvittunin samin af stefnda. Í þessu sambandi er bent á, að í kvittuninni er ekki vísað til eldri skuldar Fellalax hf., heldur til iðgjalda stefnanda sjálfs.

Kröfugerð stefnanda er sundurliðuð með eftirgreindum hætti:

1. Krafa um greiðslu á NOK 9.542.118 er grundvölluð á eldisskýrslu fyrir desember 1992, en skýrslan er dagsett 7. desember 1992. Samkvæmt henni er verðmæti fisksins í kvíunum NOK 12.722.824. Að teknu tilliti til 25% sjálfsáhættu verður kröfugerðin NOK 9.542.118, enda um altjón að ræða á hinum vátryggðu hagsmunum. Hin norska fjárhæð er reiknuð eftir verðmætaskrá fyrir lax og regnbogasilung frá 1. september 1989, sem unnin var af Samsteypu íslenskra fiskeldistrygginga. Í skrá þessari er fiskurinn metinn til fjár eftir tegund og stærð í samræmi við skrá um verðmætamat frá Samsteypu íslenskra fiskeldistrygginga.

Það athugast, að tryggingarskírteini hljóðar upp á NOK 11.951.435. Sjálfsáhætta er 25% af heildarvátryggingarverðmæti í sérhverju bótaskyldu tjóni. Heildartjónið er samkvæmt eldisskýrslu í desember 1992 NOK 12.722.824, eins og áður sagði. Áhætta stefnanda er því NOK 3.180.706. Eftir standa því NOK 9.524.118, sem rúmast innan vátryggingarfjárhæðarinnar, sem er NOK 11.951.435, eins og áður sagði.

2. Krafan um greiðslu á 8.250.000 kr. er grundvölluð á vátryggingarfjárhæð Systemfarm-flotkvía, 11.000.000 kr. Frá þeirri fjárhæð eru dregnar 2.750.000 kr. Eftir standa því 8.250.000 kr.

3. Krafist er vaxta samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá tjónsdegi, 16. desember 1992, til þess tíma, er tjónið lá fyrir með skýrslu Könnunar hf. 23. desember 1992. Frá þeim tíma ber að greiða dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga, enda lá þá tjónið fyrir og stefnda kunnugt um það.

Málsástæður stefnda.

Stefndi styður aðalkröfu sína aðallega því, að er tjón varð á kvíum og eldisfiski stefnanda, hafi ekki verið í gildi vátryggingarsamningur á milli aðila um þessa hagsmuni, þar sem vátryggingartímabili samkvæmt samningi aðila hafi lokið 31. október 1992. Styðst krafan við eftirfarandi málsástæður.

1. Stefnandi óskaði einungis eftir tímabundinni vátryggingu á eldisfiski frá 1. ágúst 1992 til 31. október s. á., og tók stefndi einungis að sér að tryggja fiskinn á þessu tímabili, eins og fram kemur á vátryggingarskírteinum.

3. Engin gögn eru í málinu um, að stefndi hafi samþykkt að endurnýja eða framlengja skammtímatrygginguna. Ekkert vátryggingarskírteini var gefið út fyrir það tímabil, ekki var krafið um greiðslur iðgjalda, og eldisskýrslur fyrir þetta tímabil eða eldisáætlanir voru ekki sendar félaginu fyrr en eftir tjónið.

4. Rösklega hálfur annar mánuður leið, frá því að skammtímatryggingin rann úr gildi, þar til tjónið varð, án þess að starfsmenn stefnanda gerðu nokkuð í því að koma vátryggingarsamningi á eða staðfesta, að slíkur samningur væri í gildi. Í þessu sambandi skal á það bent, að þeir, sem komu fram f. h. stefnanda vegna innheimtutilrauna vátryggingafélagsins, þeir Hilmar Sigurðsson og Árni Björn Birgisson, hafa sérstaklega lýst yfir í aðilaskýrslum, að þeir hafi átt að sjá um tryggingarmálefni fyrir stefnanda. Hafa þeir greinilega ekki sinnt þeim skyldum, sem þeim voru faldar, á fullnægjandi hátt. Full ástæða var til þess að afla staðfestingar á þessu, eins og gert var um þriggja mánaða trygginguna.

5. Engin gögn eru um, að stefnandi hafi óskað eftir því að fá að taka við tryggingarsamningum Fellalax hf., heldur kemur t. d. fram í minnispunktum, að verið er að biðja um nýja tryggingu fyrir nýtt félag frá ákveðnum tíma, eða eins og segir í minnispunktunum: „Þess vegna er óskað eftir því, að Skandia hf. tryggi þennan fisk hjá þessu nýja félagi frá þeim tímamótum."

6. Skylda til þess að viðhalda tryggingum á fiskinum hvíldi á stefnanda einum, eins og fram kemur í samkomulagi á milli Fellalax hf., Búnaðarbanka Íslands og Ábyrgðardeildar fiskeldislána 17. febrúar 1992. Skylda stefnanda kemur glögglega fram í 6. tl. A-kafla samningsins. Í 3. tl. B-kafla eru ákvæði um eftirlitsskyldu bankans. Stefnda var ekki kunnugt um þenn-

an samning, né hafði hann tekið á sig skyldur samkvæmt honum. Stefndi gat ekki með nokkru móti ráðstafað tryggingarskyldum stefnanda samkvæmt þessum samningi. Stefnandi hafði frjálst val um það, hjá hvaða vátryggingafélagi hann tryggði, og eftirlit með því, að tryggingarskyldunni væri sinnt, lá hjá Búnaðarbankanum, en ekki vátryggingafélaginu.

7. Samkvæmt II. kafla vátryggingarskilmála fyrir fiskeldistryggingu lýkur áhættu félagsins á þeim degi, sem getið er í skírteini. Jafnframt kemur þar fram, að framlenging vátryggingarinnar er háð samþykki félagsins. Þetta ákvæði leiðir því til þess, að nauðsynlegt hefði verið fyrir stefnanda að leita eftir staðfestingu á því, að trygging væri í gildi eftir 31. október 1992. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því, að Búnaðarbankinn leitaði iðulega eftir skriflegum staðfestingum á því, að trygging væri í gildi.

8. Það er grundvallaratriði í vátryggingarrétti, að þeir, sem óska eftir því að dreifa áhættu af tjóni, leggi fram fjármuni, iðgjöld, til þess að standa undir hinni sameiginlegu áhættu. Um þetta má t. d. vísa til 12.–17. gr. laga nr. 20/1954. Stefnandi sinnti því ekki að greiða áfallin tryggingariðgjöld, þegar þeirra var krafist. Samkvæmt 14. gr. laga nr. 20/1954 lýkur ábyrgð félagsins, ef iðgjald er eigi greitt, þegar þess er krafist. Af þessu leiðir, að ábyrgð félagsins samkvæmt skammtímatryggingunni lauk, áður en hún rann út, þar sem stefnandi innti ekki iðgjaldagreiðslur af hendi í lok september, eins og um var samið. Ljóst er, að stefndi hefði ekki veitt stefnanda frekari tryggingar við þessar kringumstæður, sérstaklega þegar tekið er tillit til vanskilasögu sömu aðila vegna Fellalax hf. og fyrri synjunar félagsins við að taka stefnanda í tryggingu.

Þá vísar stefndi til þess, að enginn samningur hafi verið á milli aðila um kvíatryggingu. Stefnandi hafi ekki óskað eftir því, að kvíarnar, sem félagið keypti 1. júlí 1992, yrðu vátryggðar. Vátryggingarsamningur um kvíar, sem vitnað er til í málinu, var á milli stefnda og Fellalax hf. Þar sem Fellalax hf. er ekki lengur eigandi hagsmunanna, er ekki unnt að reisa kröfugerð á þeim samningi. Þá hefur stefndi ekki samþykkt, að stefnandi gangi inn í réttindi Fellalax hf. samkvæmt þeim vátryggingarsamningi. Aðilaskipti að vátryggingarsamningi eru háð samþykki vátryggingafélaga.

Stefndi byggir aðalkröfu sína einnig á því, að orsakir tjónsins megi rekja til þátta, sem eru utan ábyrgðarsviðs tryggingarinnar og undanskildir ábyrgð.

1. Meginorsök tjónsins er vanhirða og lélegt viðhald á kvíunum svo og slit á þeim. Samkvæmt 5. tl. IV. kafla vátryggingarskilmálanna er undanskilin ábyrgð á tjóni, sem rekja má til vanhirðu eða lélegs viðhalds búnaðar. Í 4. tl. er einnig undanþegin ábyrgð vegna slits á tækjabúnaði. Þessi ákvæði eiga við í því tilviki, sem hér um ræðir.

Slit, vanhirða og lélegt viðhald fólst í því, að tengingar (eyru og fóðringar) á milli eininga í kvíunum voru tærðar og eyddar, svo að átak á tengingar milli einstakra eininga í kvíunum var mun meira en ella. Eins og fram kemur á myndum, var mikið hlaup í festingum. Vegna þessa varð mikill sláttur í kvíum, þegar vindur blés, og mun meiri átök á tengingum en annars hefði verið. Hefðu kvíarnar hangið þétt saman á festingum, hefðu þær ekki slegist til og brotnað, þótt vindur blési. Kvíarnar hefðu hreyfst sem ein heild, eins og ráð var fyrir gert við hönnun þeirra, og lítið átak myndast við tengingar. Í þessu sambandi má vekja athygli á því, að vindur á þessum tíma var ekki mikill, og eiga kvíar af þeirri gerð, sem um ræðir í þessu tilviki, að þola slíkt veður.

2. Í I. kafla vátryggingarskilmálanna kemur fram, að vátryggingin taki eingöngu til skyndilegra, ófyrirséðra og utanaðkomandi atburða. Samkvæmt því, sem rakið hefur verið um slit, vanhirðu og lélegt viðhald, er sýnt, að tjónsatburðurinn var fyrirséður og átti sér langan aðdraganda. Vegna viðhaldsleysis var einungis óvíst, hvenær, en ekki, hvort kvíarnar færu. Veðurlag, þegar tjónið varð, var eðlilegt miðað við árstíma, og áttu kvíarnar auðveldlega að þola það, ef þær hefðu verið í því ástandi, sem til var ætlast.

3. Í skoðunarskýrslu kemur fram, að tjónið hafi orðið með þeim hætti, að net í kvíum hafi rifnað og fiskur sloppið út. Bendir það til þess, að net í kvíum hafi verið léleg. Í 7. tl. IV. kafla skilmálanna er undanþegin ábyrgð á slíku tjóni, nema rekja megi tjónið til t. d. storms eða öldurótar. Eins og fram kemur í veðurskýrslu, sem fylgir skoðunarskýrslunni, var veður ekki það vont, að net hefðu átt að rifna. Engin gögn liggja fyrir um, að öldurót hafi valdið tjóninu. Tjónið er af þessum sökum undanþegið áhættu félagsins.

4. Eins og síðar mun rakið, heldur stefndi því fram, að upp gefinn fjöldi fiska og þungi (eldismassi) í eldisskýrslum sé rangur og ofáætlaður. Ef farið er eftir þeim tölum, sem fram koma í eldisskýrslunum, er sýnt, að þéttleiki fisks í kvíunum hefur verið meiri en skilmálar félagsins heimiluðu (tl. 14. 1. í IV. kafla skilmálanna) og að sá mikli þéttleiki hefur valdið eða a. m. k. átt þátt í tjóninu. Samkvæmt skildaga nr. 3. e má þéttleiki fisks ekki fara yfir ákveðin mörk. Af því, sem hér hefur verið rakið, er ljóst, að tjónið má beinlínis rekja til orsaka, sem eru utan áhættusviðs fiskeldistryggingarinnar, og tjónið því ekki bótaskylt.

Kröfur stefnda eru einnig reistar á því, að með því að stefnandi upplýsti ekki um lélegt ástand kvíanna, net og þéttleika, þegar tryggingin var tekin, hafi hann fyrirgert rétti sínum til þess að krefjast bóta, sbr. 3. tl. VIII. kafla

vátryggingarskilmálanna og 6.–7. gr. laga nr. 20/1954. Starfsmönnum stefnanda hljóti að hafa verið kunnugt um ástand kvíanna eða a. m. k. mátt vera kunnugt um ástand þeirra. Ef stefndi hefði fengið upplýsingar um lélegt ástand og ófullnægjandi viðhald kvíanna, hefði hann ekki samþykkt tryggingu. Áhættan er það mikil, að hún er venjulega undanskilin, eins og áður hefur verið rakið. Til stuðnings þessu má vísa til bréfs um nauðsyn þess að endurnýja net í kvíum. Þá má einnig vísa til þess, að tjón hafði áður orðið á kvíunum af sömu orsökum, án þess að stefnda hafi verið skýrt frá því við samningsgerðina. Í því tilviki varð tjón á fiski, sem Arcticlax hf. átti í kvíum hjá Fellalaxi hf.

Þá er því fram haldið, að stefnandi hafi brotið gegn varúðarreglum, sem fram koma í skilmálunum, að því er varðar þéttleika fisks, slit á kvíum og vanrækslu viðhalds, sbr. 51. gr. laga nr. 20/1954. Þar sem þéttleiki fisks var of mikill í kvíunum samkvæmt upplýsingum stefnanda og viðhaldi kvía ábótavant, ber stefnandi sönnunarbyrðina fyrir því, að tjónið hafi ekki hlotist af þessum sökum, samkvæmt 51. gr. laga nr. 20/1954.

Einnig er skírskotað til þess, að með auknum þéttleika fisks í kvíum, sliti á kvíum, vaxandi viðhaldsskorti og vanhirðu á kvíum hafi áhætta félagsins aukist. Samkvæmt 45. gr. laga nr. 20/1954 er félagið laust úr ábyrgð, ef áhættan hefur aukist umfram það, sem ætla má, að aðilar hafi haft í huga, þegar tryggingin var tekin. Áður er rakið, hver áhættuaukningin er, og liggur alveg ljóst fyrir, að félagið hefði ekki tekið að sér að tryggja áhættu við þessar kringumstæður. Um þessa brýnu skyldu til þess að upplýsa um aukna áhættu má vísa til ákvæða 3. tl. IX. kafla skilmálanna.

Varakrafa stefnda byggist á því, að tjón stefnda hafi verið mun minna en kröfugerð gerir ráð fyrir. Styðst krafan við eftirfarandi málsástæður.

1. Stefnandi hefur ekki sannað, hversu mikið af fiski hafi verið í kvíunum. Styður hann kröfugerð sína hráum tölum úr eldisskýrslum. Tölurnar á eldisskýrslunum eru samdar af stefnanda, og er þeim mótmælt sem röngum, bæði að því er varðar fjölda fiska og þyngd. Í þessu sambandi er sérstaklega á það bent, að stefnda voru ekki sendar eldisskýrslur eða eldisáætlanir, eins og stefnanda var skylt að gera reglulega samkvæmt V. kafla skilmálanna.

2. Þá er bent á, að við uppfærslu eldisskýrslna hafi ekki verið tekið fullt tillit til slátraðs fisks úr kvíum né gert ráð fyrir þekktum afföllum af fiski í kvíaeldi.

3. Við útreikning á verðmæti fisksins er stuðst við verðmætaskrá Samsteypu íslenskra fiskeldistrygginga frá 1. september 1989. Verðmætaskráin

miðast ekki við raunverulegt sölu- eða markaðsverð eldisfisks, heldur er hún viðmiðunarskrá vegna vátryggingarfjárhæða, gerð í því markmiði, að fiskur sé örugglega ekki tryggður of lágt.

Skráin miðast við verðmæti eldisfisks á þeim tíma, sem verð á honum var mjög hátt. Samkvæmt VII. kafla skilmálanna skal gera tjón upp á grundvelli verðmætis þess fisks, sem í stöðinni var á tjónsdegi. Er þetta í samræmi við þá grundvallarreglu vátryggingarréttar, að einungis beri að bæta raunverulegt tjón og að vátryggður eigi ekki að hagnast á tjóninu, sbr. 38. og 39. gr. laga nr. 20/1954.

4. Stefnandi styður útreikning sinn á tjóninu kílóafjölda, sem fram kemur í eldisskýrslum. Við tjónsútreikning er rétt að miða við endurstofnverð (kostnaðarverð) á lifandi fiski, sbr. 10. tl. VIII. kafla skilmálanna, eða afurðaverð á markaði. Frá kílóafjölda í eldisskýrslu þarf því að draga þyngd innyfla, sem tekin eru úr fiski fyrir sölu (meðaltalsrýrnun vegna slægingar er 15%). Þá er einnig rétt að draga frá kostnað vegna slátrunar, pökkunar og flutnings á markað o. fl. eða m. ö. o. miðað við skilaverð til seljanda, en ekki bruttóverð á sölumarkaði. Um þetta má t. d. vísa til frádráttarliða á afreikningi Pólar-frosts hf. Þá er rétt að miða við afurðasölu á erlendum markaði, þar sem einungis lítill hluti af afurðum stefnanda var seldur innanlands.

Að því er varðar skilaverð á framangreindum afreikningi, skal tekið fram, að hluti af söluvörunni er flök, en meðaltalsrýrnun á þyngd vegna flaka er 50% frá þyngd lifandi fisks, sem miðað er við í eldisskýrslum. Skilaverð samkvæmt þessum afreikningi er því ekki unnt að leggja til grundvallar útreikningi, heldur verður að miða við almennt markaðsverð á þessum tíma. Frá skilaverði verður einnig að draga breytilegan kostnað við að koma fiskinum í sláturstærð (2–3 kg), þ. e. fóðurkostnað, vinnulaun, tryggingar, köfun, viðhald kvía og tækja o. fl.

5. Stefnandi hefur ekki sannað, að altjón hafi orðið á eldisfiski í kvíunum. Í þessu sambandi er rétt að benda á, að í skoðunarskýrslu kemur fram, að fiskur hafi verið í kvíum nr. 1–4 og hugsanlega einnig í kví nr. 15. Stefnandi hefur ekki látið í té upplýsingar um eldi og slátrun hjá félaginu eftir tjónsatburðinn, en nauðsynlegt er að leggja fram þau gögn, til þess að unnt sé að staðreyna tjónið.

6. Framangreind skýrsla er einungis skoðunarskýrsla, en ekki mat á fjárhæð tjóns, eins og fram kemur í henni. Þar segir, að upplýsingar í henni séu fengnar frá stefnanda. Ekki hafi verið látnar í té upplýsingar um afföll og fjölda seiða í upphafi. Þetta staðfestir skoðunarmaður í vitnisburði. Samkvæmt þessu er ekki unnt að reisa bótakröfur á skoðunarskýrslunni.

7. Þá er vakin athygli á því, að í eldisskýrslu kemur fram, að hluti af regnbogasilungi sé í frosti, 7.000 kg. Verður ekki annað séð en verið sé að krefja um bætur fyrir fisk, sem þegar hefur verið slátrað og frystur. Ekki nýtur neinna gagna um tjón á frosnum fiski.

8. Ekki er samhengi á milli fjölda fiska og þyngdar (eldismassa) í eldisskýrslu fyrir desember annars vegar og hins vegar fylgiskjals með bréfi lögmanns stefnanda (yfirlit yfir fjölda fiska og þyngd í kvíum) og skoðunarskýrslunni, þar sem fram kemur skipting á fjölda og þyngd fiska eftir kvíum. Fjárhæð bótakröfunnar er reist á heildarverðmæti samkvæmt eldisskýrslu. Mun minna magn af fiski kemur fram á síðarnefndu skjölunum. Munurinn er eftirfarandi:

1. Lax allt að 3000 gr, samtals 11.500 kg, er ekki að finna í skýrslu skoðunarmanns eða fylgiskjali.

2. Í eldisskýrslu kemur fram, að 200.000 stk. af laxi að 300 gr hafi verið í eldi, og byggt á því, að hann hafi farist. Samkvæmt fylgiskjali og skýrslu skoðunarmanns voru 60.000 stk. í kví 2 og 60.000 stk. í kví 15, en ekki er sannað tjón á fiski í þeim kvíum.

3. Regnbogasilungur í frosti, 7.000 kg, kemur ekki fram á fylgiskjali né skýrslu skoðunarmanns.

4. Í eldisskýrslu kemur fram, að regnbogasilungur að 3000 gr hafi verið samtals 91.800 kg. Á fylgiskjali og skoðunarskýrslu kemur fram, að einungis hafi verið 56.800 kg af þessari stærð af fiski í kvíum 1 og 11. Ósannað er tjón á fiski í kví nr. 1, eins og áður er rakið, en í þeirri kví voru 25.300 kg af þeim 56.800 kg, sem fram koma á fylgiskjali.

5. Í eldisskýrslu kemur fram, að 11.400 kg hafi verið af regnbogasilungi að 2000 gr. Á fylgiskjali og skoðunarskýrslu kemur fram, að þessi fiskur var í kví nr. 4, og er tjón á eldisfiski í þeirri kví ósannað, eins og áður er rakið.

6. Regnbogasilungur að 1000 gr er sagður vera 58.000 stk. í eldisskýrslu. Á fylgiskjali og skoðunarskýrslu er enginn regnbogasilungur gefinn upp í þessari stærð. Í kvíum 10 og 12 er hins vegar fiskur af stærðinni 450 til 500 gr, samtals 98.000 stk., og virðist inn í þeirri tölu fiskur, sem sagður er á bilinu 500 til 1000 gr í eldisskýrslu. Verðmætið er því of hátt í eldisskýrslu að þessu leyti.

Bent er á, að kaupverð þess fisks, sem fórst, hafi verið 75.513.914 kr., en verðið var fólgið í yfirtöku veðskulda á fiski. Samkvæmt eldisskýrslu fyrir ágúst var heildarverðmæti fisks samkvæmt skýrslunni NOK 11.951.435 eða 112.403.246 ísl. kr. miðað við gengi 14. ágúst 1992. Heildarverðmæti samkvæmt eldisskýrslu fyrir desember er NOK 12.722.824 eða 117.647.953 ísl. kr. miðað við gengi 15. desember 1992. Þar sem kröfugerðin er reist á eldis-

skýrslum, er bótakrafan u. þ. b. 50% hærri en kaupverð fisksins. Eins og sjá má af framangreindri upptalningu, er fjárhæð tjónsins verulega vanreifuð af hálfu stefnanda, og ber því að vísa kröfunni frá dómi, ef ekki verður bætt úr. Í öllu falli er rétt að lækka fjárhæð kröfunnar í samræmi við framangreindar athugasemdir.

Samkvæmt bréfi lögmanns stefnanda var kaupverð Systemfarm-flotkvíar 7.000.000 kr. Ekki hefur fengist upp gefið, hvenær hún var keypt. Því hefur áður verið lýst, að viðhaldi kvíar hafi verið verulega ábótavant. Upplýsingar vantar um það, hvenær kvíin var keypt, til þess að unnt sé að meta verðmæti hennar miðað við eðlilegar afskriftir. Engin tilraun er gerð til þess í stefnu að sýna fram á raunverulegt verðmæti kvíarinnar. Einungis er krafið um vátryggingarfjárhæðina samkvæmt skírteini Fellalax hf. að frádreginni sjálfsábyrgð, þótt fyrir liggi, að kaupverð kvíarinnar hafi verið lægra en þegar hún var keypt ný og ætti samkvæmt öllum reglum að vera ennþá lægra, þegar tjónið varð.

Samkvæmt gögnum málsins eru skuldir vegna iðgjalda af skammtímatryggingunni 53.091 kr. fyrir ágúst, 627.371 kr. fyrir september og 627.371 kr. fyrir október. Þessar iðgjaldaskuldir ætti einnig að draga frá kröfufjárhæð. Hið sama gildir um mánaðarleg iðgjöld fyrir framhaldi tryggingar, ef trygging verður talin hafa verið í gildi. Ef svo er, þarf að taka afstöðu til þess, til hversu langs tíma sú trygging hafi átt að gilda, og draga þau iðgjöld frá. Ef kvíatrygging verður talin í gildi, þyrfti einnig að draga frá iðgjöld vegna hennar. Á viðskiptayfirliti kemur fram, að iðgjald kvíatryggingar var 432.239 kr., og ber að draga það frá kröfunni.

Niðurstaða.

Stefnandi heldur því fram, eins og rakið var, að tryggingar samkvæmt tveimur tryggingarskírteinum hafi verið í gildi, þegar tjónið varð 16. desember 1992, annars vegar samkvæmt tryggingarskírteini, út gefnu til Fellalax hf. 19. febrúar 1991 með gildistíma til 1. janúar 1993, er var vegna Systemfarm-flotkvía, hins vegar samkvæmt tryggingarskírteini, út gefnu til stefnanda 16. september 1992, er gilt hafi samkvæmt efni sínu frá 1. ágúst þ. á. til 31. október s. á., en frá þeim tíma og til þess tíma, er stefndi hefði aflað annarra vátryggingarkosta fyrir stefnanda. Með síðara skírteininu var tryggður lax og regnbogasilungur í eigu stefnanda í Straumsvík.

Fyrst kemur til athugunar, hvort í gildi hafi verið trygging á kvíunum, en stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi samþykkt, að stefnandi tæki við öllum tryggingarsamningum Fellalax hf. við stefnda, eins og rakið hefur verið. Stefndi heldur því hins vegar fram, að enginn vátryggingarsamningur

hafi verið í gildi á milli aðila um kvíarnar og hann hafi ekki samþykkt, að stefnandi gengi inn í samninga Fellalax hf.

Meðal gagna málsins er tryggingarskírteini nr. 9130003, sem var gefið út 19. febrúar 1991 af Reykvískri tryggingu hf., er var forveri stefnda. Í skírteininu er Fellalax hf. tilgreint sem tryggingartaki, og er ágreiningslaust, að með skírteininu eru umræddar flotkvíar tryggðar gegn altjóni fyrir 11.000.000 kr. með 25% sjálfsábyrgð af heildarvátryggingarverðmæti þeirra. Vátryggingartímabilið er tilgreint frá útgáfudegi til 1. janúar 1993. Þá er það og óumdeilt, að stefndi hafi með samningum 2. júlí og 20. ágúst 1992 keypt kvíarnar og annað lausafé af Fellalaxi hf. Samfara þessum kaupum tókst stefnandi á hendur að efna skuldaskilasamning Fellalax hf. við lánardrottna þess, þ. m. t. stefnda, með greiðslu 20% af skuldum félagsins gegn niðurfellingu 80%, en skuldin við stefnda nam um 6.000.000 krónum.

Engin gögn hafa verið lögð fram í málinu, er sýni, að stefndi hafi samþykkt skuldaskilasamninginn formlega, en af framburði Páls Braga Kristjónssonar, þáverandi framkvæmdastjóra stefnda, fyrir dómi 29. mars 1993 verður ekki annað ráðið en stefndi hafi fallist á samninginn. Hann bar þá, að samskipti sín við forsvarsmenn stefnanda haustið 1992 hefðu mikið snúist um innheimtu á 20% af skuldum Fellalax hf. og greiðsla þeirra verið háð því, að stefnandi gæti tryggt eldisfisk og fengið afgreidd afurðalán. Þá bera færslur í bókhaldi stefnda það með sér, að 31. desember 1992 hafi 20% af skuld Fellalax hf. miðað við 30. apríl þ. á. verið færð út af reikningi félagsins og jafnframt verið skuldfærð hjá stefnanda.

Með vísan til framanritaðs lítur dómurinn svo á, að stefndi hafi samþykkt skuldaskilasamninginn og að stefnandi gengi inn í réttindi Fellalax hf. samkvæmt vátryggingarskírteininu um kvíarnar, enda er ágreiningslaust, að tryggingunni var ekki sagt upp.

Kemur þá að því að taka afstöðu til þeirra málsástæðna stefnda, að tjónið á kvíunum eigi ekki að bæta, vegna þess að það megi rekja til þátta, er hafi verið utan ábyrgðarsviðs tryggingarinnar.

Stefndi heldur því fram, eins og rakið var, að meginorsök tjónsins á kvíunum hafi verið vanhirða og lélegt viðhald á þeim svo og slit. Vísar hann til þess, að samkvæmt vátryggingarskilmálunum sé tjón, er af þessum ástæðum stafar, undanþegið ábyrgð.

Að kröfu stefnda voru dómkvaddir matsmenn 27. mars 1995 til að svara spurningum um ástand kvíanna. Var í fyrsta lagi spurt, hvort viðhald þeirra hefði verið fullnægjandi, einkum með tilliti til slits og tæringar á festingum milli eininga, þegar tekið hefði verið tillit til þess, að allra veðra gat verið von á þessum tíma.

Í matsgerðinni, sem dagsett er 8. ágúst 1995, svara matsmenn þessu á þá lund, að miðað við aðstæður á legustað hafi kvíarnar í raun verið of veikar og tæplega sjóhæfar. Taka þeir mið af veðri og sjólagi í Straumsvíkurhöfn í byrjun desember 1992 við þessa ályktun. Síðan segja matsmenn orðrétt: „Nauðsynlegt var að hafa varaeiningar tiltækar, sem fluttar voru út og settar í staðinn fyrir aðrar einingar, jafnóðum og þær biluðu. Bilaðar einingar væru síðan dregnar á land, gert við þær og þær síðan styrktar með skásettum togböndum eða hornalínutogböndum. Engin slík viðhaldsforskrift var í gangi og viðhald því ófullnægjandi að því leyti.

Hvað varðar viðhald á festingum milli eininga, er það fólgið í að skipta um fóðringar í festieyrum samkvæmt fyrirsögn framleiðenda. Engin slík fyrirsögn hefur komið fram í málinu, þótt eftir hafi verið leitað. Dagbók getur ekki um fóðringaskipti. Eigi að síður verður að telja líklegt, að eitthvað hafi verið skipt um fóðringar, og á staðnum má sjá bæði heilar og slitnar fóðringar í þeim einingum, sem náðust á land eftir tjónið, en það var tæplega helmingur. En vegna annarra atriða hafa matsmenn metið það svo, að ekki sé þörf að svara því nánar en hér er gert, hvort festingum á milli eininga var haldið við með eðlilegum hætti."

Í öðru lagi var um það spurt, hvort slit og tæring auki líkurnar á, að einingar slitni hver frá annarri, þegar vindur blæs, og hversu mikið höggþunginn aukist á festingar við slit og tæringu.

Svar matsmanna er svohljóðandi: „Í þeim einingum, sem á landi eru, má sjá brotin eyru víða. Er nærtækt að halda, að þetta sé hluti af tjóninu í des. 1992. Svo virðist hins vegar vera, að bitar hafi nokkuð oft brotnað í sundur og þá verið gripið til þess að lása saman brotið með keðjum og gera ekki við fyrr en seinna. Á meðan hafa stykkin getað lamist til og brotið eyrun. Þá er álit matsmanna, að höggþungi vegna slits geti aukið álag um 50–100%, en á það ber að líta, að beygjuáraun án högga var nóg til að taka sundur bitana, þó að eyrun hefðu haldið."

Í þriðja lagi var spurt um það, hvort líklegt væri, að slit og tæring í festingum hefði verið orsök þess, að einingar í kvíunum slitnuðu hver frá annarri, þegar tjónið varð, en það töldu matsmenn ekki líklegt.

Um annað ástand kvíanna og orsakir tjónsins segja matsmenn: „Kvínni var lagt þvert á ölduna, og er það skoðun matsmanna, að það hafi aukið áraun um 100% á þá staði, sem veikastir voru. Það er skoðun matsmanna, að er tjónið varð, hafi 120 × 60 mm bitar víða verið sprungnir og alveg brotnir, einkum þar sem norður- og suðurhlið eru festar við leggina."

Um orsakir tjónsins segja þeir: „Kvíin er einungis gefin upp fyrir ölduhæð Hs = 1,5 m. Henni er lagt þvert fyrir ölduna á stað, þar sem algeng

ölduhæð er töluvert meiri. Við þessar aðstæður springa burðarbitarnir smám saman, uns kvíin að lokum fer alveg í einhverju veðri, nema gripið sé til viðhalds og styrktaraðgerða. Orsakir tjónsins eru því þær, að á viðlegu sinni í Straumsvík hafði kvíin ekki nægilega sjóhæfni."

Hér að framan var þess getið, að trygging kvíanna gilti frá 19. febrúar 1991 til 1. janúar 1993. Af hálfu stefnda hafa engin gögn verið lögð fram um það, að menn á hans vegum hafi skoðað frágang kvíanna eða staðsetningu, hvorki í upphafi, er tryggingin var tekin, né á gildistíma hennar. Fram er komið í málinu, að staðsetningunni réðu hafnaryfirvöld í Straumsvíkurhöfn, og þótt kvíarnar hafi verið staðsettar eins og matsmenn lýsa, þ. e. á móti norðvestri, er á það að líta, að sú vindátt er afar sjaldgæf á þessum slóðum, aðeins í 2,2% tilfella.

Við aðalmeðferð gáfu skýrslu starfsmenn stefnanda, vélaverkfræðingur og kafari, er annaðist reglubundið eftirlit með kvíunum.

Vignir Stefánsson stöðvarstjóri bar, að til hafi verið varaeiningar í kvíarnar og þegar gera þurfti við einingu, hafi hin bilaða verið flutt í land og varaeining notuð á meðan. Kvað hann kvíunum hafa verið vel við haldið, og aldrei hafi stefndi gert athugasemdir við viðhald þeirra eða staðsetningu. Um dagbókarfærslur kvað hann dagbók hafa verið færða nákvæmlega um fóðrun fisksins, en ekki eins nákvæmlega um viðhald kvíanna.

Heimir Gylfason fiskeldisfræðingur, er starfaði hjá stefnanda fram í september 1992, bar, að sumarið 1992 hefði verið skipt um allar fóðringar á kvíunum. Þá kvað hann kvíarnar hafa átt að þola eins og hálfs metra ölduhæð, en það hefði verið ölduhæðin í höfninni að sögn hafnaryfirvalda.

Í minnispunktum Sigurðar Arnar Karlssonar vélaverkfræðings, sem aðstoðaði stefnanda við endurbætur á kvíunum árið 1992, kemur fram, að kvíarnar voru fluttar til Straumsvíkur í júní 1991. Bar Sigurður fyrir dómi, að næsta vetur hefðu einstaka einingar farið að bila og aðallega verið um þreytubrot að ræða, er hefðu flest verið innan við göngubrýr á norðurhlið og svo einstaka brot á suðurhlið. Við endurbæturnar hefði verið unnið frá því um sumarið og til nóvemberloka. Þær hafi verið í því fólgnar að setja aukaliðamót á þá staði, er brot höfðu komið fram á, skipta um fóðringar og smíða nýja bolta. Þá hefðu og verið sett liðamót á sumar einingar. Vinnu hefði verið hagað þannig, að ein eining hefði verið tekin í land og henni breytt. Sigurður Örn kvað kvíarnar hafa reynst vel eftir þessar endurbætur og engar sprungur komið fram, fyrr en kvíarnar brustu í veðrinu 16. desember.

Páll Guðbergsson kafari annaðist reglubundið eftirlit með kvíunum, þ. m. t. bólfærum, fyrir stefnanda. Hann bar fyrir dómi, að viðhald þeirra

hefði verið gott og jafnan verið bætt strax úr því, er hann taldi vera úr lagi gengið, en ekki verið beðið eftir því, að bilunin kæmi í ljós á annan hátt.

Ekki hafa verið lögð fram í málinu skjöl eða myndir, sem lýsi ástandi kvíanna þegar eftir óveðrið. Hinir dómkvöddu matsmenn skoðuðu ekki kvíarnar fyrr en sumarið 1995, tæpum þremur árum eftir, að tjónið varð, og höfðu þær þá legið á landi þann tíma. Í matsgerðinni segir, að getið sé um ýmsar viðgerðir á kvíunum, og mun þá átt við dagbókarfærslur. Síðan segir orðrétt: „Miðað við þá þekkingu, sem tiltæk var, voru þessar viðgerðir og viðhald eðlilegt. Engin viðhaldsvinna, sem beindist að því að styrkja einingarnar og laga með því sjóhæfni kvíanna, var í gangi og viðhald því ófullnægjandi að þessu leyti.“ Í kafla um styrk og styrkingu eininganna segja matsmenn: „Með samanburði á beygjuþoli og beygjuáraun í töflu A 8 sést, að 120 × 60 mm bitarnir þola ekki álagið, en 160 × 80 mm bitarnir þola það mun betur. Sú styrking, sem vantar í rammana, er hornalínutogstengur fyrir um 10 t. kraft. Hún er engin, og verður að telja það hönnunargalla.“

Af framangreindu má ráða, að stefnandi hafi staðið eðlilega að viðhaldi kvíanna miðað við þá vitneskju, sem hann hafði um þær. Ekki hefur verið sýnt fram á, að stefnandi hafi vitað um umræddan hönnunargalla, og raunar telur hinn sérfróði meðdómsmaður, að umræddar hornalínutogstengur hefðu komið í veg fyrir eðlileg not af kvíunum til fiskeldis.

Með vísan til þessa svo og framburðar vitna, sem rakinn var hér að framan, telur dómurinn ósannað, að stefnandi hafi vanrækt viðhald kvíanna með þeim hætti, að það undanskilji stefnda ábyrgð samkvæmt tryggingarskírteini.

Óumdeilt er, að tjónið varð vegna norðvestanáhlaups, og þegar litið er til þess, að ríkjandi vindáttir á þessum stað eru suðaustlægar, telur dómurinn, að um hafi verið að ræða skyndilegan, ófyrirséðan og utanaðkomandi atburð, er falli undir skilmála tryggingarinnar.

Þá heldur stefndi því fram, að stefnandi hafi ekki skýrt frá lélegu ástandi kvíanna, þegar tryggingin var tekin. Hér að framan var það rakið, að stefndi virðist hafa tryggt kvíarnar án þess að athuga þær eða líta eftir þeim á gildistíma tryggingarinnar. Þá var það einnig rakið, að engar samtímaupplýsingar liggja fyrir um ástand kvíanna og að dómurinn telur ósannað, að tjónið hafi hlotist af lélegu ástandi þeirra. Með vísan til þessa er ósannað, að stefnandi hafi veitt stefnda rangar upplýsingar um ástand kvíanna, þegar hann tók tryggingu hjá stefnda.

Stefndi reisir varakröfu sína um lækkun á því, að samkvæmt bréfi lögmanns stefnanda hafi kaupverð flotkvíarinnar verið 7.000.000 kr. Ekki hafi fengist upp gefið, hvenær hún hafi verið keypt, en upplýsingar um það séu

nauðsynlegar, til þess að unnt sé að meta verðmæti hennar miðað við eðlilegar afskriftir.

Matsmenn voru um það spurðir, hvert verðmæti kvíanna hefði verið, þegar tjónið varð. Þeir töldu eðlilegt bókfært verð vera 7.186.050 kr., en söluverðmæti hið sama og hrakvirði, 1.039.080 kr.

Fram kemur í matsgerð, að kaupverð kvíanna 1. júlí 1992 var 7.000.000 kr. Hér að framan var rakið, að sumarið og haustið 1992 voru kvíarnar endurbættar verulega, og einnig eru gögn í málinu, sem sýna, að nýjar nætur höfðu verið keyptar í þær. Samkvæmt dagbók stefnanda, þar sem daglega var skráð fóðrun fisksins, hitastig og ýmsar upplýsingar um rekstur kvíanna, var unnið að því haustið 1992 að skipta um nætur í þeim. Þegar framangreint er virt, lítur dómurinn svo á, að stefnda hafi ekki tekist að sanna, að tjón stefnanda hafi numið lægri fjárhæð en tryggingarfjárhæðinni, og verður stefndi af þeim sökum dæmdur til að greiða stefnanda umkrafða fjárhæð, 8.250.000 kr., auk vaxta, eins og krafist er og nánar greinir í dómsorði.

Stefndi krefst þess, að til frádráttar komi iðgjaldaskuld stefnanda, en með því að stefndi hefur hvorki krafist skuldajafnaðar né gagnstefnt út af þessari kröfu, getur hún ekki komið til álita.

Hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu, að stefndi hefði samþykkt skuldaskilasamning Fellalax hf., er stefnandi tók að sér að efna. Ekki verður séð af gögnum málsins, að Fellalax hf. hafi þá tryggt eldisfisk hjá stefnda. 16. september 1992 var gefið út tryggingarskírteini, sem lýst var hér að framan, og er stefnandi þar sagður vera vátryggingartaki. Um var að ræða skammtímatryggingu, er gilti frá 1. ágúst til 31. október 1992 og ekki þurfti að segja upp. Dómurinn hafnar því þeirri málsástæðu stefnanda, að stefndi hafi samþykkt að taka á sig tryggingarsamninga Fellalax hf. um eldisfisk, þar eð ekkert er fram komið um það, að slíkur samningur hafi verið í gildi, þegar stefnandi tók á sig réttindi og skyldur Fellalax hf.

Verður þá tekin afstaða til þeirrar málsástæðu stefnanda, að stefndi hafi lofað að finna nýja og ódýrari vátryggingarkosti handa stefnanda og að tryggingin samkvæmt skírteininu frá 16. september ætti að gilda á meðan og framlengjast um mánuð í senn. Stefndi hefur frá upphafi andmælt þessum skilningi stefnanda.

Meðal gagna málsins eru minnispunktar, er Hilmar Sigurðsson, sem var stjórnarformaður Fellalax hf. og hluthafi í stefnanda, sendi nefndum Páli Braga Kristjónssyni 11. september 1992. Þeir bera yfirskriftina: Nokkrir minnispunktar varðandi tryggingarskil og tryggingarskilmála milli Skandia hf. og Hafbeitarstöðvarinnar Kleifum hf. sem framhald af skuldaskilasamn-

ingi Fellalax hf. við Skandia hf. Í minnispunktunum er fyrst gerð grein fyrir skuldaskilasamningnum og því, að stefnandi hafi keypt allan eldisfisk af Fellalaxi hf. miðað við 1. ágúst, og þess óskað, að stefndi tryggi fiskinn frá þeim tíma. Síðan segir orðrétt: „Trygging þessi verði með óbreyttu sniði fyrst um sinn eða sem nemur allt að þremur mánuðum. Á þeim tíma verði leitað leiða um nýtt form á tryggingum fisksins hjá Skandia hf., einhvers konar „total loss"-tryggingu. Þessi trygging yrði að samþykkjast af veðhöfum og verður væntanlega mun ódýrari og sanngjarnari fyrir alla aðila." Þá er fjallað um iðgjaldagreiðslur og loks um framtíðarhorfur fyrirtækisins.

Ekki liggur fyrir í gögnum málsins, að erindi þessu hafi verið svarað, og raunar bar framangreindur Páll Bragi fyrir dómi, að svo hefði ekki verið, en hann kannaðist við að hafa fengið erindið í hendur. Í kjölfar framangreindra minnispunkta sendi nefndur Hilmar Páli Braga bréf 15. september, þar sem vísað er í minnispunktana og símtal. Síðan segir orðrétt: „Fallist er á, að Hafbeitarstöðin Kleifum hf. taki sömu tryggingar og Fellalax hf. hafði frá 1. ágúst til 1. nóv." Þá er gerð grein fyrir greiðslum iðgjalda, og átti að greiða ágústgreiðsluna samhliða skuldaskilunum, en greiðslur fyrir september og október átti að greiða um leið af andvirði afurðasölu beint frá viðskiptabanka stefnanda. Loks segir: „Á þessum tíma mun Skandia hf. leita að nýjum tryggingarskilmálum, sbr. lið nr. 3 í greinargerð", og mun þar átt við minnispunktana frá 11. september.

Um þetta bréf gildir hið sama og minnispunktana, að ekki verður séð, að stefndi hafi svarað því, en Páll Bragi hefur fyrir dómi kannast við að hafa fengið það í hendur. Þá hefur hann og kannast við, að stefndi hafi á þessum tíma verið að kanna aðra tryggingarkosti fyrir annan viðskiptavin en stefnanda og forsvarsmönnum stefnanda verið sagt frá því. Páll Bragi kvaðst jafnframt hafa sagt, að hann hefði enga hugmynd um, hversu raunhæft þetta væri, og engu lofað í því sambandi. Þriggja mánaða tryggingin hefði verið veitt að beiðni stefnanda, en ekki verið í tengslum við hina hugsanlegu nýju tryggingu.

Eins og nú hefur verið rakið, liggur ekkert fyrir um það í málinu, að stefndi hafi lofað að útvega stefnanda nýjar tryggingar og tryggt eldisfiskinn sjálfur á meðan. Gögn þau, er gerð hefur verið grein fyrir, eru eingöngu einhliða yfirlýsingar stefnanda, og þótt stefndi hafi ekki svarað þeim, fellst dómurinn ekki á, að það feli í sér, að hann hafi samþykkt efni þeirra.

Þá bendir stefnandi á, að stefndi hafi ekki andmælt því, að trygging væri í gildi, þegar honum var tilkynnt tjónið. Upplýst er í málinu, að stefnandi tilkynnti stefnda tjónið 16. desember 1992 og að starfsmenn stefnda gerðu ráðstafanir til, að úttektarmenn frá Könnun hf. færu á staðinn, sem þeir og

gerðu. Könnun hf. skilaði stefnda skýrslu, sem dagsett er 23. desember 1992. Dómurinn lítur svo á, að þessi viðbrögð hafi verið eðlileg og í samræmi við góða vátryggingarvenju, en ekki falið í sér viðurkenningu á því, að trygging væri í gildi, þar eð slíkt hlaut að hafa verið háð samningum aðila. Hér er og til þess að líta, að þeir starfsmenn stefnda, sem sendu úttektarmenn á staðinn, önnuðust ekki gerð vátryggingarsamninga fyrir stefnda.

Stefnandi vísar og til þess, að samkvæmt þríhliða samningi Fellalax hf., Búnaðarbankans og Ábyrgðardeildar fiskeldislána hafi verið gert ráð fyrir, að eldisfiskur væri ávallt tryggður, og hafi stefndi síðar gerst aðili að samningnum og þar með skuldbundið sig til að tilkynna veðhöfum, ef hann hygðist segja tryggingunum upp. Stefndi hefur mótmælt þessum skilningi, eins og rakið var, og gegn mótmælum hans hefur stefnandi ekki sannað, að þessi fullyrðing hans eigi við rök að styðjast.

Enn heldur stefnandi því fram, að stefndi hafi ekki tilkynnt veðhöfum, að fiskurinn væri ekki tryggður, eins og honum hafi borið að gera og hann raunar áður gert. Vísar stefnandi til þess, að allur gangur hafi verið á útgáfu tryggingarskírteina og þau stundum gefin út alllöngu eftir, að tryggingarsamningur hafði komist á. Þá telur stefnandi, að hér beri að beita meginreglu 87. gr. laga nr. 20/1954 með rýmkandi skýringu. Dómurinn lítur svo á, að þar eð tryggingin, sem tekin var 16. september, hafi verið tímabundin, hafi ekki þurft að segja henni upp og að það hafi verið hlutverk stefnanda að skýra veðhöfum frá því, að trygging væri ekki lengur í gildi. 87. gr. laga nr. 20/1954 gildir um fasteignir og verður ekki beitt hér, hvorki með rýmkandi skýringu né lögjöfnun, enda er hér fjallað um frjálsa tryggingu lausafjár.

Loks minnir stefnandi á, að stefndi hafi tekið við greiðslu 11. desember 1992 að loknum fundi með forsvarsmönnum stefnanda, þar sem samið hafi verið um óbreytta tryggingarskilmála fram yfir áramót, og staðfesti viðtaka fjárins, að trygging hafi verið í gildi. Hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu, að tímabundin trygging á eldisfiskinum hefði verið fallin úr gildi, þegar tjónið varð. Hafi greiðslan, sem kvittað var fyrir 11. desember, átt að vera fyrir iðgjaldi tryggingar, er gilda hafi átt eftir 31. október, lítur dómurinn svo á, að það sé stefnanda að sanna með skjölum eða á annan hátt, að svo hafi verið. Það hefur honum ekki tekist, eins og rakið hefur verið, og getur kvittun þessi ein sér engu breytt um þá niðurstöðu.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða dómsins, að eldisfiskur stefnanda í Straumsvíkurhöfn hafi ekki verið tryggður hjá stefnda, þegar tjónið varð í desember 1992, og verður stefndi af þeim sökum sýknaður af kröfum stefnanda, hvað það varðar.

Eftir þessum málsúrslitum þykir hæfilegt, að stefndi greiði stefnanda 800.000 kr. í málskostnað, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn ásamt Ingibjörgu Benediktsdóttur héraðsdómara og dr. Júlíusi Birgi Kristinssyni líffræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Vátryggingafélagið Skandia hf., greiði stefnanda, Hafbeitarstöðinni Kleifum hf., 8.250.000 kr. auk vaxta samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 16. desember 1992 til 6. janúar 1993, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags og 800.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Fimmtudaginn 15. maí 1997.

Nr. 129/1996. **Ívar Baldvinsson**
(Einar G. Steingrímsson hdl.)
gegn
Finni Gærdbo Péturssyni
(Jónatan Sveinsson hrl.)

Skaðabótamál. Samningur. Veiðiheimildir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. mars 1996. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til málflutnings og dómsuppkvaðningar að nýju. Til vara krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 11.277.687 krónur með nánar tilgreindum dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 22. júlí 1991 til greiðsludags. Til þrautavara krefst hann lægri fjárhæðar að mati Hæstaréttar úr hendi stefnda með nánar tilgreindum vöxtum. Í öllum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að kröfu áfrýjanda um ómerkingu og heimvísun verði hafnað og að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Einnig krefst hann málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur lagt fram nokkur ný gögn fyrir Hæstarétt. Er þar um að ræða bréf, er lögmaður hans hefur ritað sjávarútvegsráðuneytinu og samráðsnefnd samkvæmt 7. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða í lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, svarbréf við þeim og fylgiskjöl.

I.

Áfrýjandi byggir aðalkröfu sína um ómerkingu og heimvísun málsins á því, að héraðsdómari hafi látið hjá líða að taka efnislega afstöðu til málsástæðna aðila, og fullnægi dómurinn ekki ákvæðum 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Á þetta verður ekki fallist. Í dóminum er tekin rökstudd afstaða til þess ágreiningsefnis,

sem uppi er í málinu, þ. e., hvort stefndi hafi vanefnt samkomulag sitt við áfrýjanda og bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart honum. Er kröfu þessari því hafnað.

II.

Í fundargerðum samráðsnefndar þeirrar, sem áður er getið og lagðar hafa verið fyrir Hæstarétt, kemur fram, að á fundum nefndarinnar 27. og 28. desember 1990 var fjallað um beiðni þess efnis, að veiðireynsla Bylgju I, SH 273, yrði flutt yfir á Pétur Jacob II, SH 337 (áður Maron, AK 66), og lögð til grundvallar við útreikning aflahlutdeildar fyrir árið 1991. Á fundi nefndarinnar 28. desember var beiðninni hafnað með vísan til þess, að nefndin teldi það enn eiga við samkvæmt þeim gögnum, sem hún hefði undir höndum, að kaup áfrýjanda á síðarnefnda bátnum af stefnda hefðu verið málamyndagerningur. Var veiðileyfi til skipsins, sem sjávarútvegsráðuneytið gaf út 18. febrúar 1991, við þetta miðað.

Með vísan til ofanritaðs til viðbótar þeim atriðum, sem rakin eru í niðurstöðu héraðsdóms, verður hann staðfestur.

Dæma ber áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ívar Baldvinsson, greiði stefnda, Finni Gærdbo Péturssyni, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 29. desember 1995.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. desember sl. að loknum munnlegum málflutningi, hefur Ívar Baldvinsson, kt. 191139-7559, Skálholti 9, Ólafsvík, höfðað á hendur Finni Gærdbo Péturssyni, kt. 250638-4859, Ólafsbraut 54, Ólafsvík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 11.277.687 kr. auk eftirfarandi vanskilavaxta p. a., samkvæmt 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga [...]. Til vara krefst stefnandi lægri fjárhæðar að mati dómsins, og ef niðurstaða dómsins verði sú, að dráttarvexti eigi að reikna frá síðara tímamarki en að framan greinir, krefst stefnandi vaxta samkvæmt 5. gr. vaxtalaga frá ofangreindum dagsetningum til þess

dags, en til þrautavara samkvæmt 7. gr. sömu laga. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

II.

Mál þetta var dómtekið 11. maí sl., en endurupptekið 30. júní sl. og frestað óákveðið til endurflutnings, þar til fyrir lægi dómur Hæstaréttar í málinu: Ívar Baldvinsson gegn íslenska ríkinu og Valafelli hf. til réttargæslu. Hæstaréttardómur var kveðinn upp í því máli 23. nóvember sl., og var mál þetta því endurflutt 18. desember sl. og dómtekið að nýju.

III.

Stefnandi rekur fiskverkun í Ólafsvík undir nafninu Fiskiðjan Bylgja hf., en hefur auk þess átt og gert út báta.

Hinn 17. apríl 1989 seldi Fiskiðjan Bylgja hf. Jósef Valgeirssyni, kt. 251032-4119, 7,54 brúttórúmlesta bát, mb. Bylgju I, SH-273 (skipaskrárnúmer 1519). Á þeim tíma voru í gildi lög nr. 3/1988. Samkvæmt C-lið 10. gr. þeirra laga skyldi úthluta bátum undir 10 brl., sem stunduðu netaveiðar, kvóta. Á þessum grundvelli hafði kvóti Bylgjunnar verið ákvarðaður. Á þessum tíma var framsal á aflamarki óheimilt, sbr. E-lið 10. gr. laganna.

Stefndi, sem gert hefur út fiskibáta sjálfur, keypti 4. desember 1989 vélskipið Gísla Kristján, ÁR-35, skipaskrárnr. 1234, af Heimi Gíslasyni. Bátur þessi var áður í eigu Guðjóns Theódórssonar og hét þá Maron, AK-66. Afsal fyrir bátnum gekk beint frá Guðjóni til stefnda. Stefndi kveðst þegar við kaupin hafa greitt umsamið söluverð bátsins, fengið hann afhentan og hafið róðra á honum frá Ólafsvík þegar í desember, enda hafi þá verið óveitt af aflaheimild bátsins nálægt 20 tonnum. Stefndi kveður ætlun sína hafa verið þá að gera bátinn út árið 1990 og flytja síðan aflaheimildir hans yfir á stærri bát í sinni eigu, Pétur Jacob, SH-337, skipaskrárnúmer 1227, 12 rúml. að stærð, úrelda minni bátinn eða selja hann án kvóta. Stefndi kveður ástæðu sína fyrir kaupunum hafa verið m. a. góða aflareynslu bátsins á árunum 1987 – 1989, og hafi því mátt vænta 120 tonna aflaheimildar hans árið 1990. Stefndi kveður Guðjón, fyrri eigandi bátsins, hafa ætlað að sækja um kvóta á bátinn, en í lok janúar hafi Guðjón afturkallað beiðnina, svo að stefndi hafi verið í þeirri stöðu að fá 65 tonna kvóta óslægð. Hafi það verið vonbrigði fyrir stefnda.

Stefnandi kveður stefnda hafa komið að máli við stefnanda í byrjun janúar 1990 og stungið upp á, að hann, þ. e. stefnandi, yrði eigandi að bátnum að nafninu til og tryggði þar með, að aflareynsla hans færi ekki forgörðum.

Stefnandi kveður sér þá hafa verið ljóst, að ný lög um fiskistjórnun væru í undirbúningi og því væri sér nauðsynlegt að eignast bát að nýju, svo að persónuleg veiðireynsla sín færi ekki forgörðum. Stefnandi kveður aflareynslu sína hafa verið um 150 tonn, aðallega í þorski, en kvóti, sem stefndi myndi fá, yrði um 36 tonn. Stefnandi kveður stefnda hafa átt að fá fyrir greiðann að veiða kvóta stefnanda í eitt ár. Stefnandi kveðst hafa látið til leiðast, þar sem með þessu móti missti hann aðeins 36 tonn af sinni veiðireynslu, en á móti kæmi, að hann þyrfti þá ekki að kaupa bát til þess að tryggja aflareynslu sína.

Hinn 19. febrúar 1990 lét stefndi af hendi við stefnanda afsal fyrir bátnum. Sama dag sótti stefnandi til sjávarútvegsráðuneytisins um veiðileyfi út á bátinn, sem fengið hafði nafnið Pétur Jacob II SH-337. Gerði ráðuneytið athugasemdir við það, að afsalið, sem fylgdi umsókninni, kæmi ekki frá þinglýstum eiganda bátsins, Guðjóni Theódórssyni.

Hinn 1. mars 1990 var bátnum afsalað beint til stefnanda frá Guðjóni Theódórssyni, kt. 030163-3899. Þessu afsali var þinglýst 13. mars 1990.

Hinn 17. mars 1990 var tilkynnt með leyfisbréfi, að Pétri Jacobi II yrði úthlutað 120 lesta aflakvóta, sem stefnandi kveður hafa byggst á aflareynslu sinni á mb. Bylgju I, SH-273, sem hann hafi selt 17. apríl 1989. Sama dag afhenti stefndi afsalið frá stefnanda á bátnum Pétri Jacobi II til þinglýsingar. Með bréfi sama dag tilkynnti ráðuneytið, að það hygðist fella ákvörðunina úr gildi, þar sem stefnandi hefði afsalað bátnum sama dag og hann hefði fengið afsal til sín, og því teldi ráðuneytið, að um málamyndagerning væri að ræða.

Stefndi afsalaði þá stefnanda bátnum á nýjan leik með afsali, dagsettu 29. maí 1990, og var ákvörðun ráðuneytisins því aldrei felld úr gildi. Jafnframt var ritað á afsalið, að gengið skyldi frá afsali yfir á afsalsgjafa eins fljótt og unnt væri, án þess þó að kvótamillifærslan yrði skert.

Hinn 13. júlí 1990 seldi stefnandi Valafelli hf. 50 tonna þorskkvóta. Kaupverð var 100 kr. pr. kg, samtals 5.000.000 kr. Kaupsamningnum var þinglýst sem kvöð á bátinn. Stefnandi kveður kvótann hafa verið seldan að höfðu samráði kaupanda við stefnda og eignarrétt stefnanda til kvótans verið hafinn yfir allan vafa. Í vitnisburði Björns Erlings Jónassonar hér fyrir dómi kom fram, að hann hafði samband við stefnda og tilkynnti honum um þessi kaup, og kveðst hann hafa spurt stefnda, hvort hann hefði eitthvað við þau að athuga, en stefndi ekki haft neinar athugasemdir við þessa sölu. Fyrir dómi kvað stefndi þetta rétt vera, að Björn hefði haft samband við sig símleiðis og sagt sér frá þessum kaupum. Kvaðst stefndi ekki hafa gert neinar athugasemdir við þau kaup.

Hinn 6. september 1990 gaf sjávarútvegsráðuneytið út veiðileyfi til mb. Péturs Jacobs II, SH-337. Stefnandi kveður aflahámarkið hafa verið 150 tonn að viðbættum flutningi milli áranna 1989-1990, samtals 164,125 tonn. Stefndi kveður þetta vera rangt, og hafi hér verið um að ræða tilkynningu um viðbótarkvóta, og hafi sá kvóti aldrei verið sóttur í sæ.

Stefnandi kveður stefnda hafa komið til sín sama dag og stefnandi hafi afsalað kvótanum til Valafells og beðið um afsal fyrir bátnum. Stefnandi kveðst hafa gert það gegn því, að stefndi lofaði að þinglýsa ekki því afsali, fyrr en búið væri að ganga frá kvótaskiptunum. Viðstaddur þetta samtal þeirra hafi verið sonur stefnanda, Baldvin Leifur. Stefndi mótmælir þessari fullyrðingu stefnanda sem rangri. Stefnandi kveður stefnda hafa brugðist skjótt við og þinglýst afsalinu og þannig komið í veg fyrir, að aflahlutdeild bátsins færi til Valafells hf. Þessu mótmælti stefndi einnig sem röngu og ósönnuðu.

Hinn 20. febrúar 1991 var gefin út aflaheimild til fiskiskipa fyrir fiskveiðiárið 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991. Aflaheimildir til Péturs Jacobs II, SH-337, voru 55.928 kg af slægðum þorski, 7.245 kg af slægðri ýsu og 16 kg af ufsa, samtals 63.189 kg. Stefndi kveður þá aflaúthlutun hafa byggst á aflareynslu bátsins sjálfs frá árunum 1987 til 1989, en ekki á „Bylgjukvótanum".

Afsal stefnanda til handa stefnda er dagsett 22. febrúar 1991, og afhenti stefndi það til þinglýsingar 25. sama mánaðar.

IV.

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar á því, að stefndi hafi rofið samning sinn við stefnanda, þegar þeir hafi ákveðið að fara út í þessi viðskipti, með þeim afleiðingum, að „Bylgjukvótinn" hafi glatast stefnanda með öllu. Heldur stefnandi því fram, að um persónubundinn rétt sinn til kvóta hafi verið að ræða, og hafi það ráðið viðskiptum aðila. Stefndi verði að sætta sig við breytt verðgildi verðmætanna, en ekki sé unnt að breyta samningnum þrátt fyrir þessa ákvörðun stjórnvalda.

Stefnandi kveður stefnufjárhæð sína byggjast á eftirfarandi:

1. Krafa stefnanda til 8.250.000 kr. og 484.562 kr. reisir stefnandi á tjóni sínu samkvæmt sáttinni við Valafell hf. á dskj. nr. 33, en á því tjóni beri stefndi ábyrgð.

2. Kröfu um 2.478.125 kr. sé verðmæti leigukvóta í eitt ár árið 1990, reiknað út frá 101.725 kg, sem fundin séu þannig:

Úthlutaður kvóti á Pétur Jacob II miðað við óslægt árið 1990		164.125 kg
Sá kvóti, sem komið hefði á bátinn, ef „Bylgjukvótans" hefði ekki notið, sbr. dskj. nr. 6		(52.000 kg)
20% viðbót vegna munar á slægðu og óslægðu		(10.400 kg)
	Samtals	101.725 kg

Miðað við sanngjarnt leiguverð á kvóta sé 25 krónur á hvert kg árið 1990 og 25 krónur × 101.725 geri 2.478.125 kr. (?).

Stefnandi kveður lögmann sinn hafa fyrr á árinu 1994 haft samband við lögmann stefnda og tjáð honum, að hann hygðist hefja málsókn á hendur stefnda. Hafi lögmaður stefnda þá tjáð honum, að „Bylgjukvóti" hefði ekki farið á Pétur Jacob II árið 1991, eins og til hefði staðið. Stefnandi kveðst hafa sannreynt þetta. Hins vegar hefði stefndi leynt stefnanda þessu og narrað út úr honum afsal. Kveðst stefnandi hafa getað kippt þessu í liðinn, hefði hann vitað þetta, enda hefði sjávarútvegsráðuneytið engan rétt haft til þess að úthluta með þessum hætti, og hefði þetta örugglega fengist leiðrétt.

Með hliðsjón af sambandi aðila málsins kveður stefnandi stefnda hafa borið að skýra sér frá þessu, þegar þetta hafi komið í ljós, og hafi þetta athafnaleysi stefnda valdið stefnanda stórtjóni, sem stefndi verði að bera ábyrgð á.

Athafnaleysi og hegðun stefnda í þessu máli leiði til þess, að forsendur fyrir endurgjaldslausri notkun á aflareynslu stefnanda hafi brostið, og eigi stefnandi því rétt á leigugjaldi fyrir kvótann, og leiði þetta jafnframt til þess, að forsendur endurgjaldslausra nota stefnda af kvótanum hafi einnig brostið. Verði stefndi því að borga kvótaleigu. Stefndi eigi í öllu falli að greiða þá auðgun, sem hafi orðið af „Bylgjukvótanum".

Með hliðsjón af því, að stefndi hafi samþykkt í orði og verki framsal aflaheimildar til Valafells hf., sé hann skaðabótaskyldur fyrir hindranir sínar í því efni, enda hafi sú yfirfærsla verið hluti af samningi aðila. Stefnandi kveður og tjón sitt af því að hafa tapað „Bylgjukvótanum" hafa verið meira, en þó geri hann ekki frekari kröfur á hendur stefnda.

V.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefndi hafi staðið við allar skyldur sínar samkvæmt samkomulaginu við stefnanda, sem þeir hafi gert í febrúar 1990.

Stefndi kveðst hvergi hafa komið nálægt gerð samkomulags stefnanda við Valafell hf. um kvótasölu frá 13. júlí 1990, og því síður hafi hann ábyrgst efndir þess með einum eða öðrum hætti. Stefnanda og forsvarsmönnum

Valafells hf. hafi átt eða mátt vera það ljóst, er þeir gerðu samkomulag sín í milli, að ekki hafi mátt vænta þess, að úthlutaður kvóti til vs. Péturs Jacobs II árið 1990 yrði umfram það, sem þeir kalli í samkomulaginu lágmarkskvóta til báta af slíkri stærð. Vísar stefndi í því sambandi til 4. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða við lög nr. 38/1990 um stjórnun fiskveiða, sem tóku gildi 15. maí 1990, en komu til framkvæmda 1. janúar 1991, sbr. 23. gr. laganna. Bæði stefnanda og forsvarsmönnum Valafells hf. hafi átt og mátt vera kunn ákvæði þessara laga, er þeir hafi gert samkomulag sitt, m. a. um það, að lög hafi beinlínis boðið, að aflahlutdeild báta á borð við Pétur Jacob II skyldi byggð á veiðireynslu áranna 1987-1989, þannig, að miðað sé við meðalafla tveggja bestu áranna. Lög hafi ekki staðið til, að farið yrði eftir svokölluðum „Bylgjukvóta", þ. e. veiðireynslu ársins 1990. Þar með hafi brostið forsenda fyrir efndum þess hluta samkomulags stefnda, að stefnandi fengi til ráðstöfunar aflaheimildir bátsins, sem miðaðar yrðu við veiðireynslu ársins 1990, þ. e. „Bylgjukvóta".

Með samningi stefnanda og Valafells hf. sé verið að ráðstafa þorskkvóta umfram þann lágmarkskvóta, sem aðilar kalli svo, sem verði á stærðarflokki Péturs Jacobs. Þetta sýni glögglega, að verið sé að ráðstafa einhverjum óskilgreindum kvóta með fyrirvörum um, að báturinn fái kvóta umfram það, sem þeir nefni „umframkvóta", sem sé væntanlega kvóti, sem endanlega falli til bátsins samkvæmt fyrrgreindu ákvæði 4. mgr. II. kafla ákvæðis laganna til bráðabirgða.

Þá sé með öllu ljóst, að svokallaður „Bylgjukvóti" hafi fallið niður vegna sjálfra lagaboðanna, og því með öllu óskiljanlegt, hvernig stefnandi hugsi sér að sækja stefnda til ábyrgðar fyrir það. Samkvæmt dskj. nr. 51 hafi svokallaður „Bylgjukvóti" sest að á vs. Bylgju I, SH-273, skipaskrárnr. 1519, við úthlutunina árið 1991.

Stefndi kveður enga tilraun hafa verið gerða til þess að sýna fram á hið ætlaða fjártjón stefnanda. Aðeins sé sagt, að tjónið sé meira en nemi stefnufjárhæð. Við sundurliðun stefnukröfunnar sé stuðst við sundurliðun stefnukröfu í máli stefnanda á hendur ríkisvaldinu, að því er varði fyrsta kröfulið, sbr. dskj. nr. 39. Virðist stefnandi því vera að tvítaka sömu dómkröfurnar fyrir dómstólum gegn óskyldum aðilum, og beri því að vísa þeim hluta kröfugerðarinnar frá dómi, sbr. 116. gr. laga nr. 91/1991.

Stefndi kveður kröfulið tvö ekki eiga sér nokkra stoð í samskiptum aðila, hvorki í samkomulagi þeirra frá því í febrúar 1990 né í öðrum sannanlegum lögskiptum þeirra á milli. Aðeins hafi verið samið um, að stefndi legði upp hjá stefnanda sem næst 90 tonn af afla bátsins á vertíðinni á því verði, sem um semdist. Við þetta hafi verið staðið, sbr. dskj. nr. 71. Kröfu stefnanda

um leigugjald fyrir þann hluta kvótans, sem hafi verið umfram þann kvóta er báturinn hefði ella fengið, sé því mótmælt sem rangri og haldlausri. Kveðst stefndi vísa til þess, að fiskvinnslufyrirtæki stefnanda hafi fengið þann hluta kvótans til verkunar, allt í samræmi við samkomulag aðila. Stefndi bendir og á, að „Bylgjukvótinn" árið 1990 hafi fallið dauður niður, hefði þetta samkomulag ekki komið til. Stefnandi hafi haft sinn ábata af samkomulaginu eigi síður en stefndi, þó að deila megi um aðferð þeirra um framkvæmd þess.

Stefndi mótmælir sérstaklega dskj. nr. 20, sem hafi að geyma yfirlýsingu Baldvins Leifs Ívarssonar, sonar stefnanda. Efni yfirlýsingarinnar sé mótmælt sem röngu og að á því verði ekki reist neins konar sönnunarfærsla vegna tengsla yfirlýsingargjafa við stefnanda málsins. Sönnunarfærsla í formi vitnisburðar fyrir dómi, eftir að vitni hafi gefið slíka yfirlýsingu, sé andstæð öllum meginreglum réttarfarslaga um það, að leiða eigi vitni fyrir dóm og taka þar af þeim skýrslu.

Þá mótmælir stefndi sérstaklega sem röngum þeim ummælum, sem höfð séu uppi eftir Birni Erlingi Jónassyni, aðalhluthafa Valafells hf. og skipstjóra á skipi félagsins, vs. Ólafi Bjarnasyni, SH-137, innan tilvitnunarmerkja í stefnu. Enn fremur eigi vitnið mikla hagsmuni undir úrslitum málsins og einnig máls stefnanda á hendur ríkisvaldinu.

VI.

Með dómi Hæstaréttar frá 23. nóvember var staðfestur dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Ívars Baldvinssonar, stefnanda máls þessa, á hendur sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra f. h. íslenska ríkisins, þar sem stefndu voru sýknaðir af kröfu stefnanda. Í máli þessu var staðfest synjun sjávarútvegsráðuneytisins frá 1. mars 1990 við beiðni stefnanda og Valafells hf. 26. febrúar sama ár um flutning aflahlutdeildar af mb. Pétri Jacobi II, SH-337, yfir á mb. Ólaf Bjarnason, SH-137, í eigu hlutafélagsins.

Eins og fram hefur komið í málavaxtalýsingu hér að framan, afsalaði stefndi stefnanda bát sínum, Pétri Jacobi II, 19. febrúar 1990. Afsal þetta var gefið út „til málamynda", þ. e., að ætlun aðila var einungis sú að fá úthlutað kvóta á bátinn á grundvelli veiðireynslu stefnanda. Við aðilayfirheyrslur hér fyrir dómi kom fram, að aðilar málsins bjuggust við því, að bátnum Pétri Jacobi II yrði úthlutað 50-60 tonnum, en 100 tonnum meira, ef aðilar gætu með málamyndagerningi fært kvóta Bylgjunnar yfir á Pétur Jacob II.

Aðilar virðast hafa haft grun um, að til stæði að breyta veiðileyfakerfi báta í þessum stærðarflokki og að kvóti þeirra yrði seljanlegur eins og aflakvóti stærri skipa.

Samningur aðila um þessi kvótaviðskipti var munnlegur. Samkvæmt yfirheyrslum hér fyrir dómi virðist efni samkomulagsins hafa verið á þá lund, að stefnandi eignaðist þann umframkvóta, sem settist á bátinn Pétur Jacob II.

Fyrir liggur og óumdeilt, að báti stefnda, Pétri Jacobi II, SH-337, var af stjórnvöldum úthlutað kvóta fyrir tímabilið 1. janúar 1991 til 31. ágúst s. á. samkvæmt veiðireynslu þess báts árin 1987 – 1989, en ekki í samræmi við veiðireynslu bátsins Bylgjunnar, eins og aðilar máls þessa höfðu búist við og málamyndagerningar þeirra áttu að tryggja. Sú fyrirætlan aðila að fá úthlutað kvóta fiskveiðiárið 1991 á bátinn Pétur Jacob II á grundvelli aflareynslu stefnanda brást því. Hefur stefnandi ekki sýnt fram á það, að aflaúthlutun þessi hafi verið röng eða á ábyrgð stefnda.

Í samræmi við þessa hugmynd aðila um kvótaúthlutun seldi stefnandi hlutafélaginu Valafelli 50 tonna aflakvóta með kaupsamningi, dagsettum 13. júlí 1990. Á þeim tíma höfðu nýju lögin um stjórn fiskveiða nr. 38/1990 verið samþykkt á Alþingi, en þau tóku ekki gildi fyrr en 1. janúar 1991. Virðast aðilar ekki hafa haft hugmynd um efni þessara laga á þeim tíma.

Samkvæmt framansögðu virðist forsenda beggja aðila fyrir umdeildu samkomulagi hafa verið sú, að úthlutun aflakvóta á Pétur Jacob II yrði með þeim hætti, að svonefndur „Bylgjukvóti" settist á bátinn. Hins vegar brugðust þessar forsendur aðila, þar sem ný lög kváðu á um aðra skipan á úthlutun aflaheimilda. Þar með verður að telja, að forsendur stefnanda fyrir sölu á 50 tonna kvóta til Valafells hf. hafi brugðist. Afsalsgjöf stefnanda til stefnda 22. febrúar 1991 var einn liður í leik aðila við að fara í kringum lög og reglugerðir, en ekki á grundvelli eiginlegra kaupa. Verður ekki talið, að stefndi beri ábyrgð á þessari sölu.

Viðskipti aðila voru til þess ætluð að fara í kringum gildandi lög og reglur og hagnast þannig á aflaúthlutun stjórnvalda, og er ekkert það fram komið, sem bendir til annars en að báðir aðilar hafi tekið þátt í þessum leik án þess að hafa verið til þess blekktir. Með vísan til framanritaðs verða þeir að bera hallann af þessum vonarviðskiptum sínum sjálfir, en verða nú ekki aðstoðaðir við að jafna út ætluðum gróða eða tapi á réttindum, sem ekki voru þeirra og fengin voru með þessum hætti.

Ber því samkvæmt framansögðu að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að hvor aðili um sig beri kostnað af málinu.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Finnur Gærdbo Pétursson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Ívars Baldvinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 20. maí 1997.

Nr. 204/1997. **Fataframleiðendur ehf.**
(Rut Skúladóttir)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Kærumál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 22. apríl 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 12. maí sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. apríl 1997, þar sem staðfest var fjárnám, sem sýslumaðurinn í Reykjavík gerði án árangurs hjá sóknaraðila 25. júlí 1996 að kröfu varnaraðila. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst ógildingar fjárnámsins og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms og kærumálskostnaðar.

Í greinargerð sóknaraðila til Hæstaréttar kemur fram, að héraðsdómari hafi í úrskurði sínum ranglega tilgreint skyldleika fyrirsvarsmanns sóknaraðila og nafngreinds vitnis. Ekki verður séð, að missögn þessi fái neinu breytt um mat á sönnunargildi framburðar vitnisins. Með þessari athugasemd verður hinn kærði úrskurður staðfestur með vísan til forsendna hans.

Sóknaraðili verður dæmdur til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Fataframleiðendur ehf., greiði varnaraðila, Gjaldheimtunni í Reykjavík, 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. apríl 1997.

I.

Mál þetta var þingfest 3. október 1996 og tekið til úrskurðar 7. mars 1997 að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili er Fataframleiðendur ehf., kt. 441089-1399, Snorrabraut 56, Reykjavík.

Varnaraðili er Gjaldheimtan í Reykjavík, kt. 570169-0849, Tryggvagötu 28, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að aðfarargerð nr. 11/1995/18859, sem sýslumaðurinn í Reykjavík framkvæmdi hjá sóknaraðila 25. júlí 1996 að kröfu varnaraðila, verði felld úr gildi. Jafnframt krefst sóknaraðili málskostnaðar að mati dómsins.

Varnaraðili gerir þær kröfur, að fjárnámsgerð sýslumannsins í Reykjavík í aðfararmálinu nr. 11/1995/18859, sem fram fór 25. júlí 1996 hjá sóknaraðila, verði staðfest. Að auki krefst hann málskostnaðar í máli þessu að mati réttarins.

Málið hefur dregist á langinn, m. a. vegna margra fresta, sem sóknaraðili hefur fengið til gagnaöflunar, svo og forfalla sóknaraðila, þegar munnlegur málflutningur skyldi fara fram. Við fyrirtöku málsins í dag lýsti dómari yfir, að hann teldi óþarft, að málið yrði flutt að nýju, þótt 32 dagar væru liðnir frá dómtöku þess, og voru talsmenn aðila sama sinnis.

II.

Hinn 25. júlí 1996 var af hálfu sýslumannsins í Reykjavík tekin fyrir að Bergstaðastræti 19, Reykjavík, aðfarargerð nr. 11/1995/18859. Gerðarbeiðandi var varnaraðili máls þessa, Gjaldheimtan í Reykjavík, og gerðarþoli varnaraðili málsins, Fataframleiðendur ehf. Samkvæmt endurriti úr gerðabók um gerð þessa krafðist gerðarbeiðandi fjárnáms fyrir kröfu, að fjárhæð 5.373.936 kr., þannig sundurliðaðri:

Höfuðstóll	kr.	3.687.374
Dráttarvextir reiknaðir til 30. 9. 1995	–	1.505.762
Kostnaður	–	170.800
Aðfarargjald í ríkissjóð	–	10.000

auk áfallandi dráttarvaxta samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 til greiðsludags og alls kostnaðar af frekari fullnustugerðum.

Í umræddu endurriti stendur síðan:

„Fyrir gerðarbeiðanda sækir þing Harri Ormarsson lögfr., en fyrir gerðarþola Rut Skúladóttir, meðstjórnandi í stjórn gerðarþola. Henni er kynnt kröfugerð gerðarbeiðanda og leiðbeint um stöðu sína við gerðina, en

verður ekki við áskorun um að greiða kröfu gerðarbeiðanda. Skorað er á málsvara gerðarþola að benda á eignir til fjárnáms. Hann segir gerðarþola engar eignir eiga til tryggingar kröfu gerðarbeiðanda. Umboðsmaður gerðarbeiðanda krefst þess, að fjárnámi verði lokið án árangurs, og er svo gert með vísan til 8. kafla l. nr. 90/1989. Málsvara gerðarþola er leiðbeint um þýðingu fjárnámsins og kynnt efni þessarar bókunar, sem engar athugasemdir eru gerðar við.

Gerðinni er þannig lokið

Guðrún Sigtryggsdóttir (sign) Harri Ormarsson lögfr. (sign)

Vottur: Hulda Egilsdóttir (sign)".

III.

Krafa sóknaraðila um ógildingu aðfarargerðar, hér eftir nefnd greinargerð sóknaraðila, er rituð af Rut Skúladóttur, sem á sæti í stjórn sóknaraðila og var málsvari félagsins við aðfarargerðina. Í greinargerðinni er því ýtarlega lýst, sem málsvari sóknaraðila telur hafa farið fram við umrædda aðfarargerð. Rut kveðst hafa verið í baði, þegar komið var heim til hennar umrætt sinn. Baðherbergi íbúðarinnar sé baka til á neðri hæð við hliðina á bakdyrum, sem hafi staðið opnar út í garð. Hafi hún heyrt fólk koma inn í garðinn, fara upp á aðra hæð og spyrja eftir sér. Hún hafi stigið upp úr baðinu, vafið sig handklæði og farið út í dyr til að kanna, hverjir þar væru. Þar hafi þrennt verið á ferð, og hafi hún strax kannast við Guðrúnu Sigtryggsdóttur, fulltrúa sýslumannsins í Reykjavík. Með henni í för hafi verið kona og maður, sem hún hafi ekki borið kennsl á. Guðrún hafi haft orð fyrir þeim og sagt þau vera frá sýslumanninum í Reykjavík og þangað komin vegna skattkröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík á hendur Fataframleiðendum ehf. Sýslumannsfulltrúinn hafi krafist þess, að hún benti á einhverjar eignir til fjárnáms.

Rut kveðst hafa vísað því á bug að ræða nokkuð um þetta mál við þessar kringumstæður og bent aðkomufólki á þá staðreynd, að hún stæði þar klæðlaus og blaut, en lagt til, að hún kæmi á skrifstofu sýslumannsins í Reykjavík og fjallaði þar um málið. Hún kveður fulltrúa sýslumanns hafa sagt, að hún hefði áður verið boðuð til fjárnáms, en ekki komið, og því væru þau nú komin og vildu gera fjárnám. Rut kveðst hafa sagt, að hún vissi ekkert um það. Hún kveðst aldrei hafa fengið boðun um að mæta hjá sýslumanni vegna þessa máls, en slíkri boðun hefði hins vegar verið beint að stjórnarformanni félagsins, Birni Baldurssyni, sem dvalist hefði erlendis frá því í september 1995. Næst hafi tekið til máls maður sá, er verið hafi í för með Guðrúnu, og sagt frekjulega, að hún yrði að benda á eignir til fjár-

náms. Rut kveður sér þá hafa verið nóg boðið og ítrekað það, sem hún hefði áður sagt. Hafi hún ætlað inn og tekið í hurðina til að loka á eftir sér, en þá hafi maðurinn hrifsað í hurðina, haldið henni opinni og öskrað: „Á félagið einhverjar eignir, – já eða nei?“ Kveðst hún hafa spurt, hver hann væri, og hann svarað því til, að hann væri Harri Ormarsson, lögfræðingur Gjaldheimtunnar. Hann hafi sagst ætla að kalla á lögreglu, en hún sagt þetta fáránlegt, farið inn og lokað á eftir sér. Rut kveður son sinn hafa orðið vitni að öllu, sem fram hafi farið. Einnig hafi vinkona hennar, Áslaug, staðið á tröppunum uppi og séð og heyrt það, sem fram hafi farið.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að skuldir ársins 1991 séu ranglega tilgreindar. Í útskrift varnaraðila yfir opinber gjöld sóknaraðila komi fram, að þar séu skuldfærðar 150.000 kr. tvisvar, en það sé tryggingargjald vegna tveggja gjaldþrotamála, sem varnaraðili hafi höfðað gegn sóknaraðila, en síðan afturkallað. Sóknaraðili telur því, að skuld vegna ársins 1991 ætti að lækka um 300.000 kr. Þá kveður sóknaraðili gjöld vegna ársins 1992 enn vera til meðferðar hjá yfirskattanefnd, en samkvæmt áætlun viðskiptafræðings ættu því gjöldin að nema um 300.000 kr., og séu því samanlagðar skuldir sóknaraðila um 457.000 kr. auk vaxta.

Því er haldið fram, að sóknaraðili hafi ekki fyrr en 31. júlí 1996 fengið upplýsingar um, að árangurslaust fjárnám hafi verið gert hjá honum 25. júlí sl. Við lestur endurrits úr gerðabók vegna fjárnámsins hafi komið í ljós, að ekkert hafi þar verið getið um það, sem fram hafi farið, og auk þess sé þar tilbúningur um málsatvik.

Sóknaraðili kveður fulltrúa sýslumanns hafa í mörgum atriðum látið hjá líða að fara eftir lögum og reglum um framkvæmd aðfarargerðarinnar. Sóknaraðili telur, að fulltrúi sýslumanns hafi ekki upplýst málsvara gerðarþola um, hverra erinda þau væru þar, og ekki hafi verið veittar leiðbeiningar um stöðu málsvarans. Þá hafi fulltrúi sýslumanns ekki heldur farið þess á leit, að málsvari klæddi sig.

Þá sé sú fullyrðing í endurriti röng, að málsvara gerðarþola hafi verið leiðbeint um þýðingu fjárnámsins, og hreinn skáldskapur, að henni hefði verið kynnt efni bókunar og engar athugasemdir gert, enda hefði hún í svo mikilvægu máli gert verulegar athugasemdir og krafist þess, að fulltrúi sýslumanns færði þær inn í gerðabók.

Samkvæmt 2. mgr. 33. gr. laga nr. 90/1989 skuli í gerðabók m. a. greint frá því, hvernig aðfarargerð hafi farið fram. Þá fjalli 27. gr. laganna um það, hvernig sýslumaður eigi að bregðast við, ef gerðarþoli hefur uppi mótmæli við framkvæmd gerðar eða andmælir kröfum gerðarbeiðanda um það, hvernig staðið verði að gerðinni. Í athugasemdum við 27. gr. frumvarps til

aðfararlaga segi, að ef sýslumaður hafni frestkröfu gerðarþola samkvæmt reglum 26. gr., verði hann að taka afstöðu til mótmæla gerðarþola þegar í kjölfarið á grundvelli þeirra gagna eða raka, sem gerðarþoli hafi tiltæk. Sóknaraðili telur lýsingu fulltrúa sýslumanns á því, hvernig gerðin hafi farið fram, algeran tilbúning. Málsvari gerðarþola hafi borið fram tvíþætt mótmæli, annars vegar hafi hún mótmælt því að tala við fulltrúa sýslumanns allsnakin og hins vegar óskað eftir, að gerðinni væri frestað. Með vísan til 27. gr. og með skírskotun til 33. gr. hafi sýslumanni borið að taka afstöðu til mótmælanna þegar í stað og bóka um þau í gerðabók og jafnframt, hvaða afstöðu sýslumaður tæki til mótmælanna. Ekkert af þessu hafi fulltrúi sýslumanns gert.

Sóknaraðili kveður sýslumanni skylt skv. 3. mgr. 33. gr. afl. að lesa upp bókun sína við lok gerðar fyrir þá, sem viðstaddir séu, eða kynna þeim meginatriði bókunarinnar, ef þeir telja það nægja. Skuli þeim gefinn kostur á að undirrita bókun ásamt sýslumanni. Þá sé skv. 2. mgr. 34. gr. afl. skylt að hafa vott viðstaddan, sem votti með undirritun sinni, að sýslumaður hafi kynnt gerðarþola bókun um aðfarargerð. Ekkert af þessu hafi verið gert, og með athöfnum sínum hafi sýslumaður komið í veg fyrir, að gerðarþoli gæti neytt réttar síns skv. 2. mgr. 85. gr. laga nr. 90/1989 að krefjast úrlausnar héraðsdómara um aðfarargerðina, áður en henni væri lokið.

Sóknaraðili kveður ranga þá fullyrðingu í endurriti úr gerðabók, að umboðsmaður gerðarbeiðanda hafi krafist þess, að fjárnámi væri lokið án árangurs. Telur hann, að málsvari gerðarþola hefði mótmælt slíkri kröfu og krafist bókunar. Í 62. gr. laga nr. 90/1989 komi fram skilyrði þess, að fjárnámi verði lokið sem árangurslausu, en samkvæmt athugasemdum við greinina í frumvarpi til aðfararlaga komi þau málalok að jafnaði því aðeins til greina, að náðst hafi í gerðarþola eða málsvara hans, sem jafngildi því í reynd, að fjárnámi verði almennt ekki lokið án árangurs nema vegna yfirlýsingar gerðarþola um eignaleysi. Af hálfu gerðarþola hafi alls ekki verið lýst yfir eignaleysi 25. júlí sl., og séu bókanir sýslumanns þar um með öllu ósannar. Sóknaraðili kveður hið síðasta, sem fulltrúi varnaraðila hafi sagt við gerðina, hafa verið, að hann kæmi á eftir með lögreglu í fylgd með sér. Þá yfirlýsingu hafi ekki verið hægt að skilja öðruvísi en svo, að varnaraðili hafi ætlað sér að nýta heimild 29. gr. laga nr. 90/1989 og að aðfarargerðinni væri þar með ekki lokið. Málsvari sóknaraðila hafi því vænst heimsóknar lögreglumanna og yfirheyrslna um eignastöðu sóknaraðila.

Sóknaraðili kveður í 64. gr. laga nr. 90/1989 vera kveðið á um heimildir sýslumanns til að kanna eignastöðu gerðarþola með skýrslutöku annarra en gerðarþola. Ekki hafi fulltrúi sýslumanns séð ástæðu til að fara eftir þessu

lagaákvæði. Þá hafi talsmanni varnaraðila mátt vera ljóst, að félagið ætti nokkrar eignir, sem varnaraðili hafði áður gert fjárnám í, en leyst síðan undan fjárnámi án þess að hirða um að gera nýtt fjárnám í þeim.

Sóknaraðili telur fulltrúa sýslumanns með embættisfærslu sinni hafa komið í veg fyrir, að gerðarþoli gæti nýtt sér heimildir til skuldajafnaðar, en með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu Y-8/1994 hafi Gjaldheimtan í Reykjavík verið úrskurðuð til að greiða Fataframleiðendum ehf. 25.000 kr. í málskostnað.

Þá telur sóknaraðili fulltrúa sýslumanns hafa farið offari í embættisfærslum sínum. Framkoma fulltrúa sýslumanns og fulltrúa varnaraðila 25. júlí 1996 hafi allt í senn verið vanvirðandi, niðurlægjandi og ruddaleg fyrir forsvarsmann sóknaraðila, þar sem hún hafi staðið nakin fyrir framan handhafa opinbers sýslunarvalds, og telur sóknaraðili, að með því hafi verið brotið gróflega gegn 1. og 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Af hálfu sóknaraðila hefur verið bent á, að ósamræmi sé milli bókunar við fjárnámið í fram lögðu ljósriti úr gerðabók og staðfestu endurriti úr gerðabók sýslumannsins í Reykjavík vegna gerðarinnar. Telur sóknaraðili ósamræmið svo verulegt, að varða eigi ógildingu gerðarinnar.

IV.

Varnaraðili kveður stjórnarmanni sóknaraðila, Rut Skúladóttur, hafa verið kynnt krafa sú, sem fjárnám hafi verið gert fyrir, og hafi verið skorað á hana að benda á eignir til tryggingar kröfunni. Hafi hún sagt, að sóknaraðili ætti ekki eignir til tryggingar kröfunni, og sé því réttilega bókað, að hún hafi lýst yfir eignaleysi, enda hafi hún ekki getað bent á eignir til tryggingar kröfunni. Samkvæmt endurriti úr gerðabók sýslumannsins í Reykjavík hafi því gerðinni verið réttilega lokið sem árangurslausri að kröfu varnaraðila. Fullyrðingar fyrirsvarsmanns sóknaraðila um frekari orðaskipti milli hans og fulltrúa varnaraðila við framkvæmd fjárnámsins hafi engin verið færð til bókar samkvæmt endurritinu og hafi því enga þýðingu í máli þessu og því síður, hvernig hún klæddist við aðfarargerðina.

Varnaraðili kveður kröfugerð sóknaraðila vera tilraun til að komast undan ábyrgð á gífurlegum skattskuldum. Fullyrðingum sóknaraðila um, að ekki hafi verið lýst yfir eignaleysi, mótmælir varnaraðili sem ósönnum og ósönnuðum. Þá telur varnaraðili skriflega skýrslu vitnisins Áslaugar Hauksdóttur ranga og ósannaða og ekki í samræmi við fullyrðingar í greinargerð sóknaraðila. Enn fremur telur varnaraðili greinargerð sóknaraðila villandi og misvísandi og í verulegum atriðum ekki í samræmi við fram lagða skýrslu Rutar Skúladóttur. Hið eina, sem varnaraðili telur rétt í málavaxtalýsingu sóknaraðila, sé það, að ekki hafi verið unnt að kynna málsvara

gerðarþola bókun sýslumanns, eftir að gerðinni hafi verið lokið, þar sem hún hafði lokað dyrum, áður en bókunin var lesin. Það, að málsvara sóknaraðila hafi ekki verið kynnt þýðing gerðarinnar, sé á ábyrgð sóknaraðila og valdi ekki ógildi hennar.

Varnaraðili kveður endurrit úr gerðabók sýslumanns vera opinbert skjal í skilningi 71. gr. laga nr. 91/1991. Ekki verði annað séð af skjali þessu en það sé áritað bæði af fulltrúa sýslumanns og vottað um bókun hans. Réttilega hafi verið staðið að framkvæmd fjárnámsins og engin þau atvik, er ættu að varða ógildi aðfarargerðarinnar. Hafi sóknaraðili viljað benda á eignir til tryggingar kröfunni, hafi honum verið í lófa lagið að óska eftir endurupptöku gerðarinnar í því skyni.

V.

Sóknaraðili telur fjárhæðir þeirra krafna, sem aðför hafi verið gerð fyrir, of háar. Annars vegar hafi láðst að draga frá tryggingarfjárhæðir vegna afturkallaðra gjaldþrotaskiptakrafna, og hins vegar hafi gjöldin byggst á áætlunum. Í fram lögðu viðskiptayfirliti varnaraðila yfir opinber gjöld sóknaraðila kemur fram, að á móti kostnaði vegna gjaldþrotaskiptabeiðni 22. janúar 1992, 3.000 kr., og tryggingu vegna skiptakostnaðar, 150.000 kr., bókfærðri 10. febrúar 1993, komi bakfærsla 3. mars 1993, 153.000 kr. Einnig kemur þar fram, að 22. september 1994 hafi verið bókfærð trygging vegna skiptakostnaðar, 150.000 kr., en 17. nóvember 1994 hafi sama fjárhæð verið bakfærð sem endurgreiðsla. Sú málsástæða sóknaraðila, að tryggingar vegna skiptakostnaðar hafi ekki verið bakfærðar, á því ekki við rök að styðjast. Krafa varnaraðila er reist á álögðum opinberum gjöldum sóknaraðila, sem að nokkru leyti eru áætlanir skattstjóra, svo og vöxtum og kostnaði, allt frá árunum 1991 til 1995. Sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á, að einstökum álagningum hafi verið hnekkt eða að lækka beri kröfu þá, sem varnaraðili krafðist aðfarar fyrir.

Aðfararbeiðni í máli þessu barst sýslumanninum í Reykjavík 24. október 1995. Samkvæmt 1. tl. 3. mgr. 21. gr., sbr. 9. tl. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga nr. 90/1989, má víkja frá skyldu til tilkynningar um fyrirtöku aðfararbeiðni, ef um er að ræða aðför til fullnustu skattakröfu. Því var birting boðunar vegna fyrirtöku umræddrar aðfararbeiðni ekki nauðsynleg. Í greinargerð sóknaraðila kemur fram, að hann hafi ekki rekið starfsemi frá árinu 1992 og að stjórnarformaður félagsins hafi dvalist erlendis frá því í september 1995. Með hliðsjón af framangreindu og 2. mgr. 24. gr. afl. var heimilt að taka gerðina fyrir á heimili Rutar Skúladóttur, stjórnarmanns sóknaraðila, og líta á hana sem málsvara gerðarþola við gerðina.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að málsvari hans hafi haft uppi

tvenn mótmæli við gerðina, en þau hafi ekki verið færð til bókar. Vitnið Hulda Egilsdóttir bar fyrir dómi, að hún hefði verið vottur við gerðina. Hún kannaðist ekki við nein mótmæli af hálfu málsvara gerðarþola og kvað fullvíst, að bókað hefði verið um slík mótmæli, ef þau hefðu komið fram. Í endurriti úr gerðabók sýslumannsins í Reykjavík, sem telst opinbert skjal í skilningi 1. mgr. 71. gr. einkamálalaga nr. 91/1991, er engra mótmæla getið. Fullyrðingar Rutar Skúladóttur, talsmanns sóknaraðila, teljast ósannaðar og með vísan til 3. mgr. 71. gr. laga nr. 91/1991 geta þær ekki hnekkt því, sem fram kemur í endurriti úr gerðabók. Verður því að líta svo á, að engin formleg mótmæli, sem skylt var að bóka, hafi komið fram við gerðina.

Í endurriti úr gerðabók kemur fram, að málsvari gerðarþola hafi ekki orðið við áskorun um að greiða. Skorað hafi verið á hana að benda á eignir til fjárnáms, en hún sagt gerðarþola engar eignir eiga til tryggingar kröfu gerðarbeiðanda. Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda hafi fjárnáminu þá verið lokið sem árangurslausu.

Af hálfu sóknaraðila hefur efni ofangreindrar bókunar verið harðlega mótmælt. Fyrir liggur, að varnaraðili lét gera fjárnám í tilteknu lausafé í eigu sóknaraðila 22. október 1993, en leysti það undan fjárnámi 20. apríl 1994. Þrátt fyrir þá staðreynd þykir sóknaraðili ekki hafa sýnt fram á, að lausafé þetta hafi enn verið í eigu félagsins eða getað verið nothæf trygging fyrir kröfu varnaraðila, þegar margumrætt fjárnám fór fram 25. júlí 1996. Vitnið Áslaug Hauksdóttir bar, að hún hefði verið stödd á tröppum fyrir utan efri hæð hússins, þegar gerðin fór fram. Hún kvaðst ekki hafa heyrt öll orðaskil, en þó heyrt Rut Skúladóttur neita að tala og karlmann í hópi aðkomufólks hóta að senda eftir lögreglu. Hún kvaðst ekki hafa heyrt málsvara gerðarþola lýsa yfir eignaleysi. Hulda Egilsdóttir, sem var vottur við umrædda gerð, bar fyrir dómi, að ákveðið hefði verið að ljúka gerðinni sem árangurslausri. Hún kvað endurrit af gerðinni vera í samræmi við það, sem fram hefði farið. Fullyrðingar talsmanns sóknaraðila þykja hafa takmarkaðan stuðning í framburði vitnisins Áslaugar fyrir dómi, en þær eru systkinadætur og vinkonur, og framburður vitnisins Huldu gengur þvert á fullyrðingar hennar. Með vísan til þess og 71. gr. laga nr. 91/1991 þykir sönnunargildi endurrits úr gerðabók ekki hafa verið hnekkt, og verður að líta svo á, að fjárnámið hafi farið fram með þeim hætti, sem þar er frá greint.

Sóknaraðili hefur fullyrt, að fulltrúi sýslumanns hafi ekki leiðbeint málsvara gerðarþola við gerðina og að henni hafi ekki verið kynnt efni bókunar. Í endurriti úr gerðabók kemur fram, að leiðbeiningarskyldu hafi verið gætt og málsvara gerðarþola verið kynnt efni bókunar, sem hún hafi engar athugasemdir gert við, og hefur sönnunargildi þessa opinbera skjals ekki

verið hnekkt. Ekki var ritað undir gerðina af hálfu gerðarþola, enda slíkt ekki skylt, sbr. 3. mgr. 33. gr. afl.

Sóknaraðili telur, að fulltrúi sýslumanns hafi komið í veg fyrir, að komið yrði að skuldajafnaði vegna málskostnaðarkröfu hans á hendur varnaraðila. Í endurriti úr gerðabók kemur ekki fram, að slíkri skuldajafnaðarkröfu hafi verið hreyft, og kemst hún því ekki að í þessu máli.

Eins og sóknaraðili hefur réttilega bent á, er ósamræmi í tíu liðum milli fram lagðs ljósrits úr gerðabók og endurrits úr gerðabók vegna umræddrar gerðar. Þau atriði, sem sóknaraðili hefur bent á, eru ýmist smávægilegar viðbætur upp úr fylgiskjölum, svo sem kennitölur og númer, eða lítils háttar umorðun á texta. Fullt efnislegt samræmi er með gerðabókinni og endurritinu, og getur þetta óverulega ósamræmi í texta eða önnur atriði í bókun um gerðina ekki varðað ógildingu hennar.

Fjárnám er þvingunarúrræði, sem heimilað er að lögum til að knýja á um efndir lögvarinnar kröfu. Heimilt er, að fjárnámsgerðir fari fram á heimilum manna, og í sumum tilvikum óskylt að tilkynna um slík fjárnám fyrir fram. Á ýmsu getur þá staðið um klæðaburð þeirra, sem slíkar gerðir beinast að. Vitnið Hulda hefur staðfest frásögn málsvara sóknaraðila um það, hvernig hún var klædd við umræddа aðfarargerð. Ekki þykir hafa verið sýnt fram á, að klæðaburður málsvara sóknaraðila hafi haft áhrif á framkvæmd gerðarinnar.

Samkvæmt ofangreindu þykir ekkert fram komið, sem varðað geti ógildi umræddrar aðfarargerðar, og ber því að staðfesta hana. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Sigurður T. Magnússon héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Staðfest er aðfarargerð sýslumannsins í Reykjavík í aðfararmálinu nr. 11/1995/18859, sem fram fór hjá sóknaraðila, Fataframleiðendum ehf., 25. júlí 1996 fyrir kröfu sóknaraðila, Gjaldheimtunnar í Reykjavík.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 22. maí 1997.

Nr. 219/1997. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**
gegn
Óskari Þór Gunnlaugssyni
(Guðmundur Kristjánsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. maí 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 20. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 16. maí 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 30. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði felldur úr gildi. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Varnaraðili hefur viðurkennt að hafa í apríl sl. sent til landsins í pósti frá Hollandi tvö bréf, sem í voru samtals 400 skammtar af fíkniefninu LSD. Tollgæslan lagði 11. þess mánaðar hald á annað þessara bréfa, sem hafði að geyma 310 skammta. Varnaraðili segir, að í hinu bréfinu hafi verið 90 skammtar, og hefur hann viðurkennt að hafa átt þátt í að dreifa þeim hér á landi. Hefur varnaraðili borið, að sá háttur hafi verið hafður á við sendingu þessara bréfa, að þau hafi verið stíluð á nöfn, sem ekki voru til á heimilisföngum þeim, sem tilgreind voru. Hafi nafngreindur kunningi sinn átt að sækja bréfin þangað.

Sóknaraðili kveðst nú vera að rannsaka innflutning á 2998 skömmtum af LSD frá Belgíu, sem tollgæslan lagði hald á 2. maí sl. Sömu aðferð var beitt við innflutning þennan og fyrrgreindan innflutning frá Hollandi. Varnaraðili hefur neitað aðild að þessum innflutningi, en sóknaraðili kveður staðfest, að hann hafi verið staddur erlendis, þegar sú sending var póstlögð.

Þótt varnaraðili hafi, eins og áður greinir, viðurkennt hlut sinn að

innflutningi fíkniefna frá Hollandi, verður að fallast á með héraðsdómi, að fullnægt sé skilyrðum a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds, enda er eftir að rannsaka frekar þann þátt málsins svo og hugsanleg tengsl varnaraðila við fyrrgreindan innflutning fíkniefna frá Belgíu. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 16. maí 1997.

Ár 1997, föstudaginn 16. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ragnheiði Bragadóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Óskari Þór Gunnlaugssyni, kt. 180676-3179, með lögheimili að Bankastræti 14, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 30. maí nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986 um ávana- og fíkniefni.

Kærði hefur viðurkennt að hafa sent fíkniefnið LSD til landsins frá Amsterdam í Hollandi með pósti í tveimur bréfum. Kveðst hann hafa sent 310 skammta í öðru bréfinu og 90 skammta í hinu. Hefur kærði viðurkennt hér fyrir dómi, að sá, er taka átti við bréfunum, sé Sigurður Almar Ómarsson. Hinn 2. maí sl. fann tollgæslan bréf á póststofunni við Ármúla, sem innihélt 2998 skammta af fíkniefninu LSD. Bréfið var póstlagt í Belgíu. Voru þetta sex arkir með myndum af mörgæs, samtals 1440 miðar, og sex arkir með andlitsmyndum, samtals 1558 miðar. Sendingin var stíluð á Egil Jónsson, Kríuhólum 4, en komið hefur í ljós, að enginn maður með þessu nafni býr í húsinu. Kærði hefur ekki viðurkennt að vera viðriðinn sendingu þessa. Við húsleit á dvalarstað kærða í gær fundust sjö skammtar af fíkniefninu LSD, og hefur kærði viðurkennt að vera eigandi þess. Var efnið í formi pappaferninga með mynd af mörgæs. Kveður lögreglan þessa sjö skammta sömu tegundar og hluta þeirra 2998 skammta af efninu, sem tollgæslan fann 2. maí sl. Kærði hefur viðurkennt að hafa selt hluta af þeim 90 skömmtum af LSD, sem hann sendi til landsins í apríl sl. Þá hafa fjölmargir aðilar haft samband við lögreglu og upplýst, að kærði stæði fyrir innflutningi og sölu á fíkniefninu LSD.

Með hliðsjón af framangreindu þykir kærði undir rökstuddum grun um að vera viðriðinn frekari innflutning á fíkniefninu LSD en hann hefur þegar viðurkennt. Verknaður þessi getur varðað kærða fangelsi.

Rannsókn málsins er á frumstigi. Eftir er að yfirheyra vitni og þá, sem

viðriðnir kunna að vera málið. Hætta þykir á, að kærði torveldi rannsókn málsins, svo sem með því að hafa áhrif á vitni og hugsanlega samseka, fari hann frjáls ferða sinna. Þegar framanritað er virt og með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, ber að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald yfir kærða til greina, eins og hún er fram sett.

Úrskurðarorð:

Kærði, Óskar Þór Gunnlaugsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 30. maí 1997 kl. 16.00.

Fimmtudaginn 22. maí 1997.

Nr. 335/1996. **Reynir Gunnþórsson**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
íslenska ríkinu
(Jón G. Tómasson hrl.)

Læknar. Læknaráð. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. september 1996. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 42.870.000 krónur með nánar tilgreindum ársvöxtum frá 12. júní 1990 til 3. júní 1995, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis 23. október 1996 var honum veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að stefnufjárhæð verði lækkuð verulega og málskostnaður í því tilviki látinn niður falla.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Málsatvikum og málsástæðum aðila er ýtarlega lýst í héraðsdómi.

Áfrýjandi hefur lækkað dómkröfu sína um 6.079.700 krónur með því að falla frá kröfu um bætur vegna tapaðra lífeyrisréttinda og draga frá slysdagsverðmæti örorkulífeyris og tekjutryggingar, sem hann nýtur hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Ekki eru efni til annars en leggja skráningu í sjúkradagbók Heilsugæslustöðvar Suðurnesja til grundvallar í máli þessu. Liggur ekki annað fyrir en þar sé um samtímaskráningu að ræða og þar sé rétt frá greint. Sigurður Thorlacius, sérfræðingur í heila- og taugasjúkdómum, segir í álitsgerð sinni, að ekki sé unnt, þegar á heildina er litið, að áfellast heilsugæslulækna áfrýjanda „fyrir þann drátt, sem varð á greiningu vandamáls hans“.

Niðurstöðu læknaráðs er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Gögnin, sem læknaráð hafði undir höndum, voru meðal annars greinargerð Sverris Bergmann, sérfræðings í heila- og taugasjúkdómum, sem sæti átti í siðamáladeild og læknaráði. Sverrir taldi, að staðið hefði verið tilhlýðilega að sjúkdómsgreiningu og meðferð áfrýjanda á Heilsugæslustöð Suðurnesja, en ekki hefði verið óeðlilegt, að læknarnir endurskoðuðu upphaflega greiningu. Ítrekaði Sverrir þetta álit sitt fyrir dómi. Niðurstaða læknaráðs virðist ekki í samræmi við greinargerð hans.

Að þessu athuguðu, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum er rétt að fella niður málskostnað fyrir Hæstarétti, en gjafsóknarkostnaður áfrýjanda greiðist svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður, en gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, Reynis Gunnþórssonar, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 400.000 krónur, og 98.565 krónur í útlagðan kostnað.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. júní 1996.

Mál þetta er höfðað með stefnu, áritaðri af ríkislögmanni 1. desember 1995, til þingfestingar hér fyrir dómi 5. desember s. á. Það var dómtekið 30. maí sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Stefnandi málsins er Reynir Gunnþórsson, kt. 100548-4109, Vatnsholti 6 b, Keflavík, en stefndi er íslenska ríkið.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi, íslenska ríkið, verði dæmdur til greiðslu skaða- og miskabóta, að fjárhæð 48.948.700 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum]. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu ásamt virðisaukaskatti samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu og greiðslu málskostnaðar úr

hendi stefnanda að mati dómsins, en til vara er gerð krafa um verulega lækkun stefnufjárhæðar og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefnanda var veitt gjafsókn í málinu með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, sem dagsett er 6. febrúar 1996.

Málavextir.

Málavextir eru þeir í stórum dráttum, að stefnandi kom á Heilsugæslustöð Suðurnesja 30. maí 1990 vegna höfuðverkjar, verkja aftan í hálsi og ofan í herðar. Samkvæmt skýrslum heilsugæslustöðvarinnar hafði stefnandi komið þangað í júlímánuði 1983 vegna of hás blóðþrýstings og fengið viðeigandi lyfjameðferð. Einnig hafði hann leitað þangað í októbermánuði 1986 vegna stirðleika í hálsi og herðum og fengið við því vöðvaslakandi lyf og tilvísun á sjúkraþjálfun. Þá liggur fyrir í bókum heilsugæslustöðvarinnar, að stefnandi hafi í desembermánuði s. á. haft símasamband við heilsugæslustöðina vegna eymsla í hálsi og herðum. Einnig er þar skráð, að lyfjameðhöndlun sú, sem reynd hafi verið við komu hans í októbermánuði, hafi ekki gefið þann árangur, sem að var stefnt, og lyfjameðferð því breytt. Í sjúkradagbók Heilsugæslustöðvar Suðurnesja er eftirfarandi fært til bókar um komu stefnanda 30. maí 1990: „Sjómaður, kemur vegna höfuðverkja og verkja aftan í hálsi og ofan í herðar. Við skoðun er hann aumur í herðum. Hann er allt of feitur, dálítið pletorískur (rauður og þrútinn, – þýðing dómenda) í andliti. Spurður um blþr. segist hann hafa verið mældur einhvern tíma hér, og ég sé, að hann hefur verið mældur með neðri mörk, 110; var þá settur á Tenormin, 50 mg daglega, en hefur ekki tekið þau lyf. Blþr. í dag 175/100-105, actio=púls 72/mín. Hjarta- og lungnahl. eðlil. Við ræðum hans mál í sambandi við blþr. Fær Atenolol 50 mg 1 á dag, vegna þess að hann er að fara út á sjó, en þeir eru að hætta eftir 10 daga, og þá fer hann í frí. Honum er ráðlagt að koma þá og láta mæla í sér blþr. aftur og láta einnig mæla blóðsykur og blóðfitu.“ Hinn 1. júní s. á. leitaði stefnandi aftur til heilsugæslustöðvarinnar. Þá er bókað í sjúkradagbók: „Kemur í blþr.-kontrol. Blþr. 180/100 actio=púls 72/mín. reglul. Hjarta og lungna hl. eðlil. Er búinn að vera á Atenolol 50 mg í tvo daga. Ég eyk það upp í 100 mg á dag. Sjómaður. Verður laus úr róðrum í kringum 10. júní. Þá mun ég senda hann í hjarta- og lungnamynd ásamt blóðrannsókn og mælingu á blóðsykri og blóðfitu. Verulegt adipositas (offita) er hjá þessum manni og honum ráðlagt. . .“

Stefnandi leitaði enn að nýju til heilsugæslustöðvarinnar 3. júní 1990 og þá vegna höfuðverkjar. Eftirfarandi er þá m. a. bókað í sjúkradagbók: „Leitar vegna höfuðverkja. Hefur undanfarið verið með höfuðverk, lýsir þessum höfuðverk eins og þyngslum og oft og tíðum sárum höfuðverk, sem

byrjar aftur í hnakka og leiðir aftur í gagnaugu. Enginn dofi eða paresur (væg lömun) í andliti. Engin ógleði eða uppköst. Er nýlega kominn á lyf vegna of hás blþr. Ekkert unnið nú meir en venju fremur. Það kemur þó fram, að hann hefur átt hálferfitt með svefn undanfarið. Skoðun: Hraustlegur maður, þreytulegur og svolítið spenntur. Það er greinilega minnkuð hreyfing í hálshrygg vegna spennu í vöðvum. Eymsli aftur á hnakka bil. (beggja vegna) við þreifingu. Cranial-taugar eðlil. (heilataugar). Það er nokkur exopthalmus (útstæð augu) til staðar bil. (beggja vegna), en það er gamalt. Munnur, kok eðlil. Hjarta- lungnahlustun eðlil. Blþr. vi. megin 160/100 og hæ. megin 155/95, púls reglubundinn, 80/mín. Enginn perifer-bjúgur. Niðurstaða: Myosis variae (vöðvabólga). Spennuhöfuðverkur. Adipositas (offita). Hypertensio arterialis (háþrýstingur)" (þýðing dómenda innan sviga).

Í bréfi, dags. 31. ágúst 1992, sem Erla Guðjónsdóttir, eiginkona stefnanda, ritar landlækni og vikið verður nánar að síðar, kemur fram, að hún hafi þurft að aka eiginmanni sínum í læknisskoðunina 3. júní 1990, þar sem hann hafi ekki treyst sér til þess, og verið viðstödd læknisskoðunina. Hún segist hafa tjáð lækninum, að eitthvað væri meira en skrýtið með þennan höfuðverk, þar sem eiginmaður sinn hafi ekki átt vanda til að fá höfuðverk, jafnvel ekki vegna þynnku. Þar hafi einnig komið fram, að hann þyldi illa birtu, svo og, að hann hafi kastað upp úti á sjó 29. maí s. á., en ekkert eftir það. Þeim hafi verið þar tjáð, að höfuðverkur stefnanda stafaði af vöðvabólgu og of háum blóðþrýstingi.

Hinn 12. júní 1990 var stefnandi fluttur í sjúkrabíl frá heimili sínu til Heilsugæslustöðvar Suðurnesja og þaðan á Borgarspítalann. Þar kom í ljós, að stefnandi hafði fengið heilablæðingu, og gekkst hann þar undir aðgerð. Afleiðingar heilablæðingarinnar urðu þær, að stefnandi varð algjör öryrki af hennar völdum og þarfnast stöðugrar umönnunar. Ástandi hans verða gerð nánari skil síðar.

Í málinu liggur fyrir greinargerð Ragnars G. Ragnarssonar, skipstjóra á mb. Arnari, KE-260, en stefnandi var þar í skiprúmi, þegar hann kenndi sjúkleika síns.

Greinargerð skipstjóra hljóðar svo: „Þegar við komum á veiðislóð mánudagsmorguninn 4. júní 1990 og átti að fara að kasta veiðarfærinu, kom Reynir til mín og kvaðst ekki treysta sér út vegna höfuðverkjar, og var hann fölur og mjög tekinn að sjá. Við vorum sammála um, að hann færi í koju og athugaði, hvort hann myndi jafna sig. Reynir kom upp aftur eftir ca. 4 tíma og vildi fara út á dekk, en auðsýnt var, að honum leið ekki vel, þótt hann hefði jafnað sig nokkuð. Ég bað hann um að fara aftur í koju,

sem hann gerði, en síðan var haft samband við Erlu, konu hans, og henni sagt frá veikindum Reynis, og ætlaði hún að taka á móti okkur, þegar við kæmum í land, og fara með hann til læknis. Síðdegis þennan sama dag fór síðan Reynir til læknis á Heilsugæslust. í Keflavík. Næsta róður, 5. júní, var Reynir heima, en hann kom síðan í róður næst 6. júní. Hann sagði okkur, að læknirinn hefði sagt sér, að þetta, sem að sér amaði, væri vöðvabólga í hálsi og herðum; einnig hefði hann mælst með of háan blóðþrýsting, en að hann hefði fengið lyf við þessu. Þegar leið á róðurinn, sem tekur yfirleitt um 14-15 tíma, sáum við, að Reynir var greinilega orðinn þreyttur, en ég held, að hann hafi tekið lyfin mjög samviskusamlega, en samt virtist hann eiga erfitt með að halda hægra auganu opnu, og andlitsvöðvarnir virtust slappir hægra megin. En Reynir lauk róðrinum með okkur, sem var sá síðasti fyrir sumarfrí áhafnarinnar, en báturinn átti að fara í slipp. Á fimmtudagsmorguninn var báturinn þrifinn og veiðarfæri tekin í land og gert klárt fyrir slipptöku. Reynir var með okkur í þessum undirbúningi, og var það sama sagan og daginn áður, að hann þreyttist fljótt og andlitið seig hægra megin. Eftir þetta hitti ég Erlu, konu hans, aðeins á föstudeginum, og varð hún þá að aka Reyni, því að hann treysti sér ekki til þess. Við urðum sammála um það, að Reynir þyrfti að fara í nákvæma læknisrannsókn sem fyrst. Ég fór til útlanda í sumarfrí 9. júní 1990, en þegar ég kom aftur, var Reynir á gjörgæslu eftir heilablóðfall." Vikið verður að greinargerð Ragnars skipstjóra í forsendum dómsins.

Í byrjun árs 1992 hóf landlæknir könnun á því, hvernig staðið hefði verið að þeirri læknismeðferð, sem stefnandi fékk á Heilsugæslustöð Suðurnesja í lok maímánaðar og byrjun júní 1990. Landlæknir fékk Sigurð Thorlacius, sérfræðing í heila- og taugasjúkdómum, til að meta störf þeirra lækna, sem þar komu við sögu. Í læknisfræðilegri greinargerð hans, sem raunar er ódagsett, óundirrituð og höfundar ekki getið, kemur fram, að landlæknir hefur óskað eftir áliti hans um eftirfarandi: „Hafa læknar sjúklings gert mistök, þ. e. að leggja ekki sjúkling fyrr inn á sjúkrahús, t. d. í angiografíu"

Niðurstaða Sigurðar Thorlacius er svohljóðandi: „Niðurstaða: Út frá upplýsingum í ofangreindri sjúkraskrá Reynis Gunnþórssonar vegna legu hans á Borgarspítalanum 12. júní til 17. ágúst 1990 myndi ég svara játandi spurningu landlæknis um, hvort læknar Reynis hafi gert mistök með því að leggja hann ekki fyrr inn á sjúkrahús. Í sjúkrasögunni er lýst einkennum, sem eru dæmigerð fyrir innanskúms- (subarachnoidal) blæðingu, u. þ. b. tveimur vikum fyrir innlögn, þ. e. skyndilegum og sárum höfuðverk, ógleði og uppköstum. Í kjölfar þeirra einkenna tel ég, að sjálfsagt hefði verið að leggja hann inn á sjúkrahús eða gera ráðstafanir til að rannsaka ástand hans

hið bráðasta, enda almennt vitað, að veruleg hætta er á, að sá, sem fengið hefur innanskúmsblæðingu, fái fljótlega endurblæðingu og þá gjarnan verri en þá upprunalegu. Færslur í sjúkraskrá Heilsugæslustöðvar Suðurnesja sýna hins vegar greinilega, að læknar Reynis hafa talið vera um háþrýsting og spennuhöfuðverk að ræða og hagað meðferð í samræmi við það. Fram kemur, að hann hefur haldið áfram að stunda vinnu sína sem sjómaður, og í færslu 3. 6. 1990 er tekið fram, að hann hafi ekki ógleði eða uppköst, sem gæti bent til, að hann hafi gert helst til lítið úr einkennum sínum. Þegar á heildina er litið, tel ég því ekki hægt að áfellast heilsugæslulækna Reynis fyrir þann drátt, sem varð á greiningu vandamáls hans.

Með bréfi, dags. 1. júní 1992, til stefnanda og eiginkonu hans greinir aðstoðarlandlæknir frá niðurstöðu Sigurðar Thorlaciusar og lýsir yfir, að landlæknisembættið geri þau orð sérfræðingsins að sínum, að ekki sé hægt að áfellast heilsugæslulækna Reynis fyrir þann drátt, sem varð á greiningu vandamáls hans.

Landlæknir vísaði máli stefnanda til siðamáladeildar læknaráðs með bréfi, dags. 29. júní 1992. Í svarbréfi siðamáladeildar, sem dagsett er 28. janúar 1993, segir m. a.: „Spurning landlæknis hljóðar svo: Hvort heilsugæslulæknar á Heilsugæslustöðinni í Keflavík hafi staðið tilhlýðilega að sjúkdómsgreiningu og meðferð Reynis Gunnþórssonar. Svar siðamáladeildar er já. Undir svarbréfið rita læknarnir Björn Önundarson, Sverrir Bergmann og Gunnlaugur Geirsson.

Mál stefnanda fékk frekari umfjöllun hjá siðamáladeild læknaráðs. Í bréfi siðamáladeildar til landlæknis, sem dagsett er 18. maí s. á., segir m. a. svo: „Siðamáladeild læknaráðs hefur fengið til endurumfjöllunar mál Reynis Gunnþórssonar og tekið fyrir á þremur síðustu fundum sínum, auk þess sem viðbótargreinargerða var aflað frá læknum Reynis Gunnþórssonar í Keflavík. Að umfjöllun lokinni er niðurstaða mótuð í greinargerð Sverris Bergmann, sem hér fylgir með.“ Sömu læknar undirrita bréfið og áðurnefnt bréf siðamáladeildar. Niðurstaða Sverris Bergmann, sem vísað er til í bréfinu frá 18. maí, er svohljóðandi: „Ég vísa enn til niðurstöðu minnar í bréfi siðamáladeildar frá 28. janúar 1993, en bendi á til viðbótar eftir margendurtekna athugun á málavöxtum eftir skráðum gögnum, að ekki hefði verið óeðlilegt, að læknarnir á Heilsugæslustöðinni í Keflavík hefðu endurskoðað upphaflega greiningu og þar með meðferð vegna þeirrar framvindu, sem varð, er áður frískur og höfuðverkjalaus einstaklingur leitaði stöðugt og fyrr en ætlað var til heilsugæslunnar vegna viðvarandi höfuðverkjar.“

Með áðurnefndu bréfi frá 31. ágúst 1992 fór eiginkona stefnanda þess á leit við landlækni, að fengin yrðu svör læknaráðs við eftirtöldum spurningum:

„1. Hefði myndataka af höfði Reynis eða nákvæmari skoðun skorið úr um það, hvað var í raun og veru að?
2. Hefði ekki átt að taka manninn alvarlegar, þar sem hann kemur trekk í trekk með svo stuttu millibili?
3. Lásu læknarnir einfaldlega rangt úr Reyni?
4. Urðu þarna mannleg mistök lækna í starfi?“

Læknaráð tók málið til meðferðar á fundi 9. júní 1993 og leiddi það til lykta með svofelldri ályktun: „Læknaráð telur, að læknismeðferð hafi að því leyti verið ótilhlýðileg, að læknar heilsugæslustöðvarinnar hefðu átt að endurskoða upphaflegu greininguna og þar með meðferð sjúklingsins eða vísa honum til viðeigandi sérfræðings vegna þeirrar sjúkdómsframvindu, sem varð, er áður frískur einstaklingur leitaði endurtekið til heilsugæslunnar vegna viðvarandi höfuðverkjar.“

Þess er getið, að Ólafur Ólafsson landlæknir hafi vikið sæti við meðferð málsins og Þórður Harðarson læknir tekið við formennsku í hans stað. Einnig kemur þar fram, að tillaga siðamáladeildar að svari læknaráðs hafi legið fyrir fundinum og Sverrir Bergmann læknir setið fundinn og staðið að niðurstöðu læknaráðs. Landlæknir sendi Erlu Guðjónsdóttur, eiginkonu stefnanda, ályktunina með bréfi, dags. 14. júní 1993, og lét fylgja bréf, sem dagsett er sama dag, þar sem fram kom, að hann sé ósammála niðurstöðu læknaráðs. Í niðurlagi bréfs hans segir: „Landlæknir telur, að hér sé um óhappatilvik að ræða, og styðst m. a. við álit taugalæknis, sem grannskoðaði málið í upphafi.“

Með bréfi, dags. 1. september 1993, leitaði lögmaður stefnanda til nefndar skv. grein 3.5 í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990, sem hefur það verkefni að fjalla um ágreiningsmál, er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar, og óskaði eftir áliti nefndarinnar um eftirfarandi:

1) Hvort læknismeðferð sú, sem stefnandi hlaut í Heilsugæslustöðinni í Keflavík á umræddum tíma, hefði verið með þeim hætti, að heilsugæslustöðin bæri skaðabótaábyrgð á afleiðingum þess, að fyrirboðar heilablóðfallsins 12. júní 1990 greindust ekki.

2) Hvort líklegt mætti telja, að komast hefði mátt hjá heilablóðfallinu 12. júní 1990, ef rétt sjúkdómsgreining hefði farið fram, þegar stefnandi leitaði til heilsugæslustöðvarinnar í byrjun júní 1990, eða með öðrum orðum, hvort telja megi, að afleiðingar heilablóðfallsins fyrir líkamsheilsu stefnanda væru afleiðingar af því, að sjúkdómur hans greindist ekki þá.

Niðurstaða nefndarinnar er dags. 28. apríl 1995. Þar kemur fram, að nefndin taldi sig ekki geta endurmetið það, sem læknaráð hafði áður tekið afstöðu til, og svaraði því ekki, hvort umrædd læknismeðferð hefði verið

ótilhlýðileg í þeim skilningi, að til skaðabótaskyldu hafi stofnast. Að því er síðari spurninguna varðaði, var svar nefndarinnar svohljóðandi. „Samkvæmt þessu og að framangreindum forsendum gefnum er það niðurstaða nefndarinnar, að líkur bendi til, að rekja megi heilsutjón sóknaraðila vegna heilablóðfallsins til þeirrar læknismeðferðar, sem hann hlaut hjá varnaraðila og læknaráð hefur talið, að hafi verið ótilhlýðileg, eins og á stóð."

Fyrir liggur í málinu heilsufarsvottorð Arnbjörns Ólafssonar, læknis hjá Heilsugæslustöð Suðurnesja, dags. 8. september 1995. Það er þannig: „Reynir fékk hæ-helftarlömun eftir heilablæðingu í júní 1990. Við skoðun er hann með hæ-helftarlömun, og engin nothæf hreyfing er í handlegg eða hendi hæ. megin. Sæmileg hreyfing í mjöðm, en lítil í hné og ökkla. Hann er með dorsal-spelku. Hann er spastískur í hæ. líkamshelmingi. Erfitt er að meta nákvæmlega skyn vegna máltruflunar, sem hann er með, en eftir því sem næst verður komist, er hann með smá-skerðingu á bæði snerti- og stöðuskyni í hæ. líkamshelmingi. Sjónsvið virðist ekki skert. Hann getur ekki gert sig skiljanlegan nema að litlu leyti, getur sagt já og nei, en flóknara mál er honum mjög erfitt og tjáning lítil a. ö. l., en hann skilur sæmilega mælt mál. Ekki er hægt að sjá neina breytingu á ástandi mannsins síðustu mán. og mjög litla síðan 1992, nema hvað sjónsvið hefur aðeins lagast lítillega. Það var skert, en ekki teljandi, að því er næst verður komist, en mjög erfitt að komast að raun um það vegna þess, hve maðurinn á erfitt með að tjá sig. Hann hefur verið í sjúkraþjálfun hvað eftir annað og talæfingum, en hefur mjög lítið eða ekkert farið fram. Hann getur hvorki lesið, skrifað né reiknað einföldustu tölur. Ekki verður séð, að ástand hans hafi lagast neitt sem heitir síðustu 3 árin, og líkur til þess, að hann lagist hér eftir, eru að mínu mati sáralitlar, ef nokkrar."

Læknisfræðilegt mat á örorku stefnanda hefur ekki farið fram, en stefndi hefur ekki mótmælt því, að varanleg örorka hans sé alger, 100%.

– – –

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi styður kröfur sínar um skaðabætur úr hendi stefnda þeim rökum, að stefndi beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum bótaskyldra mistaka starfsmanna sinna á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Í málinu liggi fyrir óhrakið og ýtarlega ígrundað álit læknaráðs frá 9. júní 1993. Þar sé komist að þeirri samdóma niðurstöðu, að læknismeðferð sú, sem stefnandi hlaut á Heilsugæslustöðinni í Keflavík í lok maí og byrjun júní 1990, hafi verið ótilhlýðileg, þar sem viðkomandi læknum hafi borið að endurskoða sjúkdómsgreiningu sína og meðferð sjúklingsins eða vísa honum til viðeigandi sérfræðings vegna þeirrar sjúkdómsframvindu, er varð, er

áður frískur maður leitaði oftsinnis til heilsugæslunnar vegna þráláts höfuðverkjar. Þessi niðurstaða hafi fengist eftir yfirgripsmikla og rækilega skoðun allra málavaxta, svo sem sjá megi m. a. í ýtarlegri greinargerð Sverris Bergmann, sérfræðings í heila- og taugasjúkdómum, sem unnin hafi verið gagngert að frumkvæði siðamáladeildar læknaráðs. Niðurstaða læknaráðs sé unnin í samræmi við fyrirmæli laga nr. 14/1942, einkum 2. gr., og á grundvelli allra þeirra sömu læknisfræðilegu gagna og röksemda og liggi fyrir í málinu. Þessari niðurstöðu ráðsins um ótilhlýðilega starfshætti viðkomandi lækna á Heilsugæslustöðinni í Keflavík hafi ekki verið hnekkt með neinum haldbærum eða marktækum læknisfræðilegum rökum eða gögnum. Þá vísar stefnandi til álits nefndar skv. grein 3.5 í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990. Þar komi fram, að sennilegt sé, að sú meðhöndlun, sem læknaráð telji skv. framangreindu, að stefnandi hefði átt að hljóta á Heilsugæslustöð Keflavíkur á umræddum tíma, hefði leitt til þess, að rétt sjúkdómsgreining hefði fengist í tæka tíð. Þannig hefði að öllum líkindum mátt komast hjá því, sem gerðist 12. júní 1990, er heilablæðingin varð. Stefndi verði að bera allan vafa um það, hvort unnt hefði verið að afstýra hinu geigvænlega heilsutjóni stefnanda. Stefnandi bendir á í þessu sambandi, að í norrænum skaðabótarétti, þ. á m. hér á landi, hafi sönnunarsjónarmið þróast á þann veg, að sú sönnunarregla sé nú talin gilda um skaðabótaábyrgð lækna og sjúkrastofnana, að sannist á annað borð mistök eða vangæsla, beri viðkomandi læknir eða sjúkrastofnun sönnunarbyrði fyrir því, að afleiðingar hefðu komið fram, þótt engin mistök hefðu verið gerð. Reglan feli þannig í sér öfuga sönnunarbyrði, hvað þennan þátt varðar. Afleiðingar mistaka viðkomandi lækna séu hins vegar svo augljósar, að vafasamt sé, að reyni á umrædda sönnunarreglu með beinum hætti. Þá sé fullljóst af fram lögðum gögnum, m. a. vottorði Arnbjörns Ólafssonar læknis, dags. 8. september 1995, að starfsorkuskerðing stefnanda sé alger og varanleg. Starfsorka hans hafi aftur á móti verið óskert fyrir umræddan atburð. Af framangreindum forsendum sé því gerð krafa á hendur stefnda, sem miðist við 100% varanlega starfsorkuskerðingu.

Stefnandi sundurliðar dómkröfur sínar þannig:

– – –

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að sjúkdómsgreining og læknismeðferð, sem stefnandi hlaut á Heilsugæslustöð Suðurnesja, verði ekki flokkuð undir bótaskyld mistök þeirra lækna, sem hlut áttu að máli. Þá mótmælir stefndi því, að ályktun læknaráðs verði túlkuð á þann veg, sem stefnandi geri, þ. e., að sjúkdómsgreiningin hafi verið ótilhlýðileg í þeim skilningi, að

um sé að ræða saknæma og ólögmæta athöfn eða athafnaleysi læknanna, sem leiði til bótaskyldu stefnda eftir reglum um vinnuveitandaábyrgð.

– – –

Stefndi reisir varakröfu sína á eftirfarandi meginsjónarmiðum:

1. Eigin sök stefnanda sé veruleg, eins og að framan greini. Stefnandi hafi aðeins stundað sjóinn í tvo daga eftir 3. júní 1990 og þess vegna getað í tæka tíð leitað læknishjálpar, sem miðað við ástand hans þá eftir þeim lýsingum, sem gefnar hafi verið, hefðu mjög sennilega leitt til þess, að sjúkdómsgreiningin hefði verið endurmetin og stefnandi án tafar verið sendur í frekari rannsóknir.

2. Stefnufjárhæð sé mótmælt sem allt of hárri. Réttmæti þess að miða framreikning við tekjur sjómanns til 60 ára aldurs sé dregið í efa með tilliti til þess, að tekjur stefnanda sem stýrimanns hafi verið meira en tvöfalt hærri meðaltekjum iðnaðarmanna. Engin vissa sé fyrir því, að stefnandi hefði haldið svo háum tekjum til 60 ára aldurs, þótt hann hefði ekki orðið fyrir heilablæðingunni. Svo háar tekjur séu einnig háðar óvissum aflabrögðum og gæftum og aflaheimildum. Þá sé gerð krafa um, að frádráttur vegna skattleysis bótagreiðslu, hagræðis vegna eingreiðslu o. fl. verði ákveðinn mun hærri en miðað sé við í stefnu. Með framangreindum rökum sé kröfu vegna tapaðra lífeyrisréttinda einnig mótmælt sem allt of hárri, en auk þess bendi tryggingafræðingurinn á þá óvissu, sem um það sé, hvort þetta tap verði virkt í tilviki stefnanda. Miskabótakröfunni sé mótmælt sem allt of hárri og fjarri dómvenju. Loks sé upphafstíma dráttarvaxta í kröfugerð stefnanda sérstaklega mótmælt.

Forsendur og niðurstaða.

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslu fyrir dóminum: Erla Guðjónsdóttir, eiginkona stefnanda, Ragnar G. Ragnarsson skipstjóri, Hreggviður Hermannsson og Jón Aðalsteinn Jóhannsson, heilsugæslulæknar við Heilsugæslustöð Suðurnesja, Sigurður Thorlacius læknir, Sverrir Bergmann Bergsson læknir og Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir. Vikið verður að framburði þeirra hér á eftir, eins og tilefni þykir til.

Stefnandi reisir málsókn sína á áliti læknaráðs frá 9. júní 1993.

Eins og að framan er rakið, komst læknaráð að þeirri niðurstöðu, að meðferð lækna Heilsugæslustöðvar Suðurnesja hefði verið ótilhlýðileg gagnvart stefnanda (sjá hér að framan).

Að mati stefnanda er við það miðað, að tjón hans megi eindregið rekja til þeirra mistaka, sem fólust í því, að viðkomandi læknum hafi borið að endurskoða sjúkdómsgreiningu sína og læknismeðferð eða vísa honum til

viðeigandi sérfræðings vegna þeirrar sjúkdómsframvindu, sem varð, er áður frískur maður leitaði margsinnis til heilsugæslunnar vegna þráláts höfuðverkjar, eins og segi í áliti læknaráðs. Stefndi beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum bótaskyldra mistaka starfsmanna sinna á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð.

Álit læknaráðs er því sá burðarás, sem stefnandi reisir málsókn sína á, enda er ljóst, að ekki hefði komið til málsóknar af hans hálfu, hefði niðurstaða þess orðið á annan veg.

Verkefni dómsins er því m. a. í því fólgið að taka afstöðu til álits læknaráðs.

Eins og að framan er rakið, fjallaði siðamáladeild læknaráðs um mál stefnanda og komst tvívegis að þeirri niðurstöðu, að læknar heilsugæslustöðvarinnar hefðu staðið tilhlýðilega að sjúkdómsgreiningu og meðferð stefnanda. Í síðari ályktun siðamáladeildar, sem Sverrir Bergmann læknir samdi og siðamáladeild gerði að sinni, eru vangaveltur um það, að ekki hefði verið óeðlilegt, að læknarnir á Heilsugæslustöðinni í Keflavík hefðu endurskoðað upphaflega greiningu (sjá nánar hér að framan).

Sverrir Bergmann læknir greindi dóminum frá því, að oft væri mjög erfitt að greina með vissu fyrirboða heilamengisblæðingar. Mikilvægt sé við sjúkdómsgreininguna, að viðkomandi læknir fái réttar upplýsingar, svo að unnt sé að komast að réttri niðurstöðu. Ekki þurfi að vera um mikil einkenni að ræða. Ljósfælni sé ekki alltaf fyrir hendi né heldur flökurleiki eða uppköst. Góða kunnáttu þurfi oft til að finna, hvort einhver brottfallseinkenni séu frá taugakerfi. Þá standi það eitt eftir, að viðkomandi hafi höfuðverk, sem borið hafi að með ákveðnum hætti. Í flestum tilvikum sé viðkomandi hnakkastífur, en það sé mismunandi frá einum einstaklingi til annars, hversu lengi það ástand vari. Niðurstaða hans í siðamáladeild og síðar í læknaráði, þótt þar hafi verið fastar að orði kveðið, hafi mótast af þeirri vitneskju, að læknar heilsugæslustöðvarinnar hafi haft upplýsingar um það, að stefnandi hafi verið orðinn svo illa haldinn af höfuðverk, að hann hafi ekki getað stundað vinnu af þeim sökum. Því hafi honum þótt eðlilegt, að læknarnir hefðu endurskoðað fyrri sjúkdómsgreiningu sína, þegar svo illa væri komið fyrir manni, sem áður hafði verið tiltölulega vel frískur, að hann gæti ekki stundað vinnu sína vegna höfuðkvala. Hann og siðamálanefnd hafi fengið þær upplýsingar frá aðstandendum stefnanda, að læknar heilsugæslustöðvarinnar hafi vitað um það, að hann hafi verið orðinn óvinnufær vegna höfuðkvala. Sérstaklega aðspurður um það, hvort læknum heilsugæslustöðvarinnar hafi að hans mati orðið á mistök við læknismeðferð stefnanda, taldi hann svo ekki vera. Hann taldi orðið ótilhlýðilegur ákaf-

lega slæmt, og hann geri greinarmun á því og afglöpum og mistökum, sem hann telji, að ekki hafi orðið í meðhöndlun viðkomandi heilsugæslulækna á stefnanda.

Ljóst þykir með vísan til framburðar Sverris Bergmann læknis, að afstöðubreyting hans frá niðurstöðu í siðamáladeild til ályktunar læknaráðs, sem hann studdi, stafi af því, að viðkomandi heilsugæslulæknum hafi verið ljóst, að stefnandi hafi verið óvinnufær af völdum höfuðverkja. Hins vegar liggur ekki fyrir, á hvaða forsendum hinir fjórir, sem stóðu að áliti læknaráðs, byggðu niðurstöðu sína.

Ekkert liggur fyrir um það í gögnum málsins, að stefnandi hafi verið orðinn óvinnufær af völdum höfuðkvala í þau þrjú skipti, er hann var skoðaður af læknum Heilsugæslustöðvar Suðurnesja og áður er lýst.

Þau gögn, sem dóminum eru tiltæk og greina frá aðdraganda þess, að stefnandi varð fyrir áfallinu 12. júní 1990, eru þessi:

1. Sjúkraskrár Heilsugæslustöðvar Suðurnesja, sem greina sjúkrasögu stefnanda frá upphafi og til 12. júní 1990, svo og framburður heilsugæslulæknanna Hreggviðar Hermannssonar og Jóns Aðalsteins Jóhannssonar.

2. Vottorð hafnarinnar í Keflavík/Njarðvík, dags. 15. nóvember 1993, þar sem fram kemur, að mb. Arnar, KE-260, hafi haft viðlegu í höfninni frá 30. maí 1990 til 4. júní s. á.

3. Vottorð frá Sandgerðishöfn, dags. 3. desember 1993, þar sem fram kemur, að mb. Arnar, KE-260, hafi landað í Sandgerðishöfn 29. og 30. maí 1990 og 5. og 6. júní s. á., einnig, að skipið hafi legið í Sandgerðishöfn 7. júní s. á.

4. Greinargerð Ragnars G. Ragnarssonar skipstjóra, sem dagsett er 20. janúar 1992, og framburður hans við aðalmeðferð málsins.

Frásagnir Erlu Guðjónsdóttur, eiginkonu stefnanda, um aðdraganda áfalls hans í bréfum, sem liggja frammi í dóminum, svo og skýrsla hennar hér fyrir dóminum.

Öll önnur gögn málsins fjalla um það, sem gerðist eftir áfall stefnanda.

Fyrir liggur, að stefnandi kom í læknisskoðun 30. maí 1990, og eiginkona hans heldur því fram, að hann hafi veikst í róðri, sem farinn var 29. sama mánaðar.

Ragnar G. Ragnarsson skipstjóri segir í greinargerð sinni, að stefnandi hafi fyrst orðið veikur í róðri, sem farinn var 4. júní 1990, þ. e., eftir að hann fór í síðustu læknisskoðunina á heilsugæslustöðina 3. sama mánaðar. Honum var bent á þetta misræmi við skýrslutöku hér fyrir dómi og einnig á þá staðreynd, að mb. Arnar hefði legið í Keflavíkurhöfn dagana 30. maí til 4. júní umrætt ár og að 4. júní hefði verið annar í hvítasunnu. Taldi hann því

líklegt, að hann hefði farið vikuvillt, þ. e. a. s., að stefnandi hefði fyrst veikst vikuna á undan, þ. e. 29. maí s. á., eins og eiginkona stefnanda heldur fram. Aðrar dagsetningar í greinargerð sinni taldi hann réttar svo og lýsingu sína á heilsufari stefnanda eftir 4. júní. Hann staðfesti, að báturinn hefði verið þrifinn 7. júní og 8. júní hefði áhöfn hans farið í frí. Þann dag hefði hann hitt stefnanda og eiginkonu hans, eins og segi í greinargerð sinni, og daginn eftir, 9. júní, hefði hann farið í sumarfrí. Eiginkona stefnanda greinir frá því í bréfi til lögmanns síns, dags. 16. desember 1993, að Ragnar skipstjóri hafi komið í vinnu til hennar 9. júní umrætt ár og minnst á það, að stefnandi skyldi fara í rannsókn, áður en þau hjónin færu í ráðgert frí 19.–20. júní.

Þegar stefnandi kom til læknisskoðunar 30. maí 1990, hafði hann áður haft þrautir í hálsi og herðum af völdum vöðvabólgu, og eins hafði hann áður fengið lyf við of háum blóðþrýstingi. Við komuna þennan dag kvartaði hann um höfuðverk og verki aftan í hálsi og ofan í herðar og reyndist aumur í herðum. Ekkert er þar fært til bókar, sem gefi vísbendingar um heilamengisblæðingu á byrjunarstigi. Hann er sagður dálítið þrútinn í andliti og allt of feitur. Hreggviður Hermannsson heilsugæslulæknir, sem skoðaði stefnanda þennan dag, bar það fyrir dóminum, að stefnandi hefði lýst vanheilsu sinni sem venjulegum höfuðverk með þreytuverk ofan í herðar og í hálsi. Þetta sé algengt umkvörtunarefni sjómanna, og reyndar sé mjög algengt, að kvartað sé um höfuðverk. Hann kvað stefnanda ekki hafa kvartað um sáran eða skyndilegan (explosivan) höfuðverk né heldur nefnt það, að hann hefði kastað upp. Hann kvaðst ekki sérstaklega muna eftir því, að stefnandi hefði kvartað um höfuðverk, þegar hann kom í annað sinn, 1. júní, heldur hefði hann komið til að láta mæla í sér blóðþrýsting. Í hvorugt skiptið hefði hann kvartað um ógleði eða sjóntruflanir, og því hefði hann ekki séð tilefni þess að skoða sérstaklega í honum augun. Hann kvað sjúkradagbækur vera að jafnaði færðar, jafnóðum og viðtal fari fram, en mundi ekki, hvort svo hefði verið í umrætt sinn.

Bókun um læknisskoðun Jóns Aðalsteins Jóhannssonar á stefnanda 3. júní er lýst hér að framan, og vísast þar til.

Það er álit hinna sérfróðu meðdómenda, að skoðun læknisins, hafi m. a. beinst að því að greina heilamengisblæðingu á byrjunarstigi. Þar sé spurt m. a. um dofa og lömun í andliti, ógleði eða uppköst. Heilataugar og hálshreyfingar voru athugaðar og hnakki þreifaður. Eiginkonu stefnanda, sem viðstödd var skoðunina, og lækninn greinir á um það, hvort upplýsingar hafi verið veittar um það, að stefnandi hafi kastað upp 29. maí. Í skýrslu sinni hér fyrir dómi bar Jón Aðalsteinn, að hann hefði spurt sérstaklega um uppköst, ógleði og sjóntruflanir, en fengið neikvæð svör. Hann hefði kann-

að augnhreyfingar stefnanda, en mundi ekki, hvort hann hefði skoðað augnbotna hans. Hann hefði haft það í huga við skoðun sína, að um gæti verið að ræða heilamengisblæðingu á byrjunarstigi. Hann hefði þetta alltaf í huga, þegar fólk kæmi til sín með höfuðverk. Skoðun sín í umrætt sinn hefði meðfram beinst að þeirri greiningu. Hann hefði gefið stefnanda þau fyrirmæli að leita aftur til læknis, ef vanlíðan hans gengi ekki yfir eða honum versnaði, og þá til Hreggviðar Hermannssonar læknis. Hann kvaðst hafa lesið sjúkraskýrslu stefnanda inn á band strax að lokinni skoðun og stuðst við minnisatriði, sem hann skráði hjá sér við sjálfa skoðunina. Hann kvaðst hafa farið í sumarfrí eftir þessa vakt.

Skv. framangreindum heimildum er atburðarásin sú, að stefnandi veikist af höfuðverk í róðri 29. maí 1990. Hann leitar til læknis 30. maí s. á. Hinn 3. júní fer hann í síðustu læknisskoðun sína, þar til hann varð fyrir áfallinu 12. sama mánaðar. Mb. Arnar er í höfn frá 30. maí til 5. júní, en fer þann dag í róður. Stefnandi fór ekki í þann róður, en hins vegar daginn eftir, hinn 6. júní, og 7. júní vinnur hann við þrif bátsins.

Því er ljóst, að engar upplýsingar liggja fyrir um það, að stefnandi hafi verið orðinn óvinnufær 3. júní 1990.

Sé lýsing Ragnars skipstjóra á heilsufari og útliti stefnanda lögð til grundvallar, þegar hann kemur til vinnu að nýju 6. og 7. júní, virðist svo sem fyrirboði heilamengisblæðingarinnar hafi þá fyrst verið orðinn sýnilegur. Það er álit hinna sérfróðu meðdómenda, að sjúkdómur stefnanda myndi að öllum líkindum hafa greinst þá, hefði hann leitað læknis og unnt hefði verið að beita viðeigandi læknismeðferð.

Hins vegar hafi þetta ekki legið fyrir við skoðunina 3. júní, enda þótt viðkomandi læknir hafi leitað eftir einkennum heilamengisblæðingar að mati hinna sérfróðu meðdómsmanna. Að þeirra mati var skoðun læknisins Jóns Aðalsteins Jóhannssonar vel og samviskusamlega unnin. Ber hún það með sér, að læknirinn hafi í raun verið að endurskoða fyrri greiningar, en ekki fundið nein merki sjúkdóma, sem kröfðust bráðra aðgerða. Því hafi ekki verið nein ástæða til að vísa stefnanda til sérfræðings eða á bráðamóttöku, eins og aðstæður hans voru þá og álit læknaráðs gerir ráð fyrir.

Dómurinn hafnar þess vegna áliti læknaráðs frá 9. júní 1993 um ótilhlýðilega læknismeðferð viðkomandi heilsugæslulækna Heilsugæslustöðvar Suðurnesja.

Þegar öll atvik málsins eru virt, er það því niðurstaða dómsins, að læknismeðferð sú, sem stefnandi fékk hjá Heilsugæslustöð Suðurnesja í lok maímánaðar og byrjun júnímánaðar 1990, hafi ekki verið ótilhlýðileg á þann hátt, að stefndi, ríkissjóður, sé skaðabótaskyldur. Ber því að sýkna stefnda, íslenska ríkið, af kröfum stefnanda í málinu.

Eins og mál þetta er vaxið, þykir rétt, að hvor málsaðila um sig beri sinn kostnað af því.

Stefnanda var veitt gjafsókn í málinu, eins og áður segir. Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, samtals 769.920 kr., þar af 600.000 kr. til Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl., lögmanns hans, 147.000 kr. í virðisaukaskatt og 22.920 kr. í útlagðan kostnað.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan dóm ásamt meðdómendunum Bjarna Hannessyni og Lúðvík Ólafssyni.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, er sýknaður af kröfum stefnanda, Reynis Gunnþórssonar, í máli þessu.

Hvor málsaðila skal bera sinn kostnað af málinu.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, Reynis Gunnþórssonar, 769.920 kr., greiðist úr ríkissjóði, þar af 600.000 kr. til Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl., lögmanns hans, 147.000 kr. í virðisaukaskatt og 22.920 kr. í útlagðan kostnað.

Fimmtudaginn 22. maí 1997.

Nr. 228/1996. **Höfði hf.**
(Andri Árnason hrl.)
gegn
íslenska ríkinu
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Fiskveiðibrot. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. júní 1996 og krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 754.979 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 7. apríl 1994 svo og málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

I.

Áfrýjandi heldur því fram, að skipverjar á togara hans, Kolbeinsey, ÞH 10, hafi verið handteknir í skilningi laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Í skýrslu skipherra varðskipsins Týs segir, að 25. júní 1993 klukkan 10.12 hafi Bjarni Eyjólfsson, skipstjóri Kolbeinseyjar, komið um borð í varðskipið og honum verið tjáð, að möskvar bakborðspoka botnvörpu Kolbeinseyjar væru undir leyfilegri stærð. Þá hafi skipstjóranum verið tilkynnt, að skipunum yrði haldið til Eskifjarðar, þar sem málið yrði rannsakað nánar hjá sýslumanni. Klukkan 10.33 hafi skipstjórinn verið fluttur um borð í Kolbeinsey, sem hélt skömmu síðar áleiðis til Eskifjarðar. Varðskipsmenn, sem mældu botnvörpu Kolbeinseyjar, komu aftur um borð í Tý klukkan 10.54. Að ósk skipstjóra togarans hafi honum verið leyft að sigla til Fáskrúðsfjarðar í stað þess að fara til Eskifjarðar, og hafi hann haldið skipi sínu þangað. Voru þá engir skipverja Týs um borð í togaran-

um. Samkvæmt dagbók Kolbeinseyjar kom skipið til Fáskrúðsfjarðar klukkan 15.45 25. júní 1993. Yfirheyrði lögreglan á Eskifirði tvo skipverja á Tý og skipstjóra Kolbeinseyjar sama dag frá klukkan um 17.20 til tæplega 20.30.

Bjarni Eyjólfsson skipstjóri skýrði frá því fyrir héraðsdómi, að hann hefði umrætt sinn ekki neitað að fara til hafnar. Hann hefði síðan verið um borð í skipi sínu, þar til hann fór til yfirheyrslu hjá lögreglu, en lögreglumenn ekið sér frá skipi og til skips að lokinni skýrslutöku. Hann hefði og dvalist um borð, uns hann sótti dómþing á Eskifirði síðdegis 26. júní 1993 í opinberu máli, sem höfðað var á hendur honum vegna ætlaðs fiskveiðabrots. Fyrir héraðsdómi var skipstjóri sérstaklega spurður um, hvort lögreglan hefði haft hann í haldi um borð í Kolbeinsey. Svaraði hann því neitandi, en taldi sig ekki hafa verið frjálsan „að fara neitt". Þá var hann inntur eftir því, hvort hann hefði ekki mátt fara frá skipinu. Kvað hann sér ekki hafa verið bannað það.

Með vísun til þess, sem nú var rakið, verður fallist á með héraðsdómara, að skipverjar á Kolbeinsey hafi ekki verið handteknir vegna rannsóknar á atvikum þeim, sem leiddu til ákæru á hendur Bjarna Eyjólfssyni skipstjóra. Hins vegar kemur til álita, hvort skilyrði séu til þess að dæma skaðabætur vegna „annarra aðgerða, sem hafa frelsisskerðingu í för með sér", samkvæmt 176. gr., sbr. 175. gr. laga nr. 19/1991.

II.

Í 11. gr. reglugerðar nr. 38/1991 um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir eru fyrirmæli um, hvernig eftirlitsmenn skuli haga mælingum á möskvastærð. Segir í 1. mgr. 11. gr., að eftirlitsmaður skuli stinga mæli inn í möskvann með handafli án þess að nota lóð eða aflmæli. Í 2. mgr. 11. gr. er mælt fyrir um aðferð, ef mæling samkvæmt 1. mgr. sýnir, að möskvar séu ekki í samræmi við gildandi reglur. Virðist í 2. mgr. einnig gert ráð fyrir, að notað sé handafl án aflmælis. Í 3. mgr. segir svo: „Mótmæli skipstjórinn niðurstöðu mælingar, sem fengin er skv. 2. mgr., og skal netið þá mælt að nýju. Við endurmælingu skal nota lóð eða aflmæli, festan við stikuna, og ræður eftirlitsmaður hvort notað er." Ekki er ágreiningur um, að varðskipsmenn notuðu í umrætt sinn aflmæli, en

ekki handmæli, svo sem boðið er í greindu reglugerðarákvæði. Liggur því ekki fyrir staðfest handmæling á möskvastærð veiðarfæris þess, sem hér um ræðir.

Í héraðsdómi er rakið orðrétt niðurlag rökstuðnings Héraðsdóms Austurlands 11. október 1993 í refsimáli, sem höfðað var gegn Bjarna Eyjólfssyni skipstjóra. Er álit þess dóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, að niðurstöður möskvamælinga með handmæli séu að jafnaði ónákvæmari en þegar aflmælir er notaður.

Löggildingarstofan prófaði í júlí 1993 annan mæla þeirra, sem skipverjar af Tý notuðu umrætt sinn. Fór prófun fram innanhúss í 21,4 stiga hita og við 44% rakastig. Niðurstaða Löggildingarstofunnar var 3,3% meðalskekkja. Skekkjumörk við mælingu möskva eru hins vegar 3,0% samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 38/1991. Skekkja sú, sem fram kom á aflmælinum, var óveruleg.

Áfrýjandi styður bótakröfu sína aðallega við almennar reglur skaðabótaréttar og vísar „til hliðsjónar" til XXI. kafla laga nr. 19/1991. Samkvæmt framansögðu gættu skipverjar af Tý ekki réttra aðferða, þegar þeir mældu möskva botnvörpu Kolbeinseyjar andstætt fyrirmælum 11. gr. reglugerðar nr. 38/1991. Þykir áfrýjandi því hafa sýnt fram á, að málsatvik hafi verið með þeim hætti, að bótaskilyrðum 176. gr. laga nr. 19/1991 sé fullnægt. Skaðabótaskylda vegna atvika, sem urðu tilefni þessa máls, verður hins vegar ekki felld á stefnda, nema einnig sé um að ræða skilyrði 175. gr. sömu laga.

Með áðurgreindum dómi Héraðsdóms Austurlands 11. október 1993 var skipstjóri Kolbeinseyjar sýknaður með þeim rökum, að „alls ekki sé víst", að veiðarfæri Kolbeinseyjar hafi verið ólögleg umrætt sinn. Niðurstöðum mælinga, sem skipverjar á Tý gerðu í beinu framhaldi þess, að botnvarpa Kolbeinseyjar var tekin um borð og sýndu verulegt frávik frá lögleyfðri möskvastærð, hefur ekki verið hnekkt. Verður ekki talið, að sýnt hafi verið fram á, að líklegra sé, að skipstjórinn sé saklaus en sekur af háttsemi þeirri, sem hann var ákærður fyrir, sbr. b-lið 1. mgr. 175. gr. laga nr. 19/1991. Þykja því ekki vera skilyrði til að fella skaðabótaskyldu á stefnda á grundvelli XXI. kafla laga nr. 19/1991. Ekki verður heldur talið, að áfrýjandi hafi fært rök fyrir því, að stefndi beri, án tillits til bótaákvæða XXI. kafla laga nr. 19/1991, ábyrgð samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar.

Með framangreindum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður hann staðfestur.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Stefáns Más Stefánssonar
prófessors

Ég er samþykkur röksemdum meiri hluta dómsins, sem greindur er í kafla I. Að öðru leyti er atkvæði mitt svohljóðandi:

Upplýst er í málinu, að þrjár mælingar fóru fram samkvæmt 11. gr. reglugerðarinnar. Voru þær allar gerðar með aflmæli, þó að tekið sé sérstaklega fram í 1. mgr. greinarinnar, að hann skuli ekki notaður. Ekki er ágreiningur um það, að aflmælir er nákvæmara tæki til mælinganna en handmælir. Engu að síður er ljóst af ákvæðinu, að fleiri mælingar fara ekki fram, ef í ljós kemur í fyrstu eða annarri mælingu, sem aðeins skulu gerðar með handmæli, að net sé í samræmi við gildandi reglur. Ákvæði 3. mgr. 11. gr. gerir aðeins ráð fyrir þriðju mælingunni, ef mælingar í fyrstu eða annarri tilraun sýna, að net sé ekki í samræmi við gildandi reglur. Skal þriðja mæling gerð með lóði eða aflmæli, festum við stikuna, og ræður eftirlitsmaður, hvort notað er. Gildir þá sú mæling sem hin endanlega.

Af framangreindu leiðir, að handmælir er eina mælitækið, sem nota má við fyrstu og aðra mælingu. Önnur mælitæki verða ekki notuð, nema þeim skilyrðum sé fullnægt, sem fyrr er frá greint. Hér er því um að ræða kröfu um notkun tiltekinna sönnunargagna sem skilyrði þess, að unnt sé að staðreyna réttarbrot.

Áfrýjandi styður bótakröfu sína aðallega við almennar reglur skaðabótaréttarins og vísar „til hliðsjónar“ til XXI. kafla laga nr. 19/1991. Þar sem ætlað brot hans var ekki rannsakað með þeim hætti, sem lögboðinn var, gat sú rannsókn aldrei orðið réttmætur grundvöllur frekari rannsóknar á málsatvikum og meðferðar málsins.

Með hliðsjón af þessu eiga skilyrði bótaábyrgðar samkvæmt b-lið 1. mgr. 175. gr. laganna við í máli þessu.

Þar sem meiri hluti dómsins hefur komist að annarri niðurstöðu, er ekki ástæða til að fjalla um bótakröfur í máli þessu.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 20. mars 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. febrúar sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Íshafi hf., kt. 590390-2169, Suðurgarði, Húsavík, á hendur dómsmálaráðherra f. h. íslenska ríkisins með stefnu, birtri 5. apríl 1994.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða sér bætur, að fjárhæð 754.979 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Þá krefst hann málskostnaðar að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi, til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Mál þetta var áður dæmt í héraði með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 17. mars 1995. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 12. september 1995, var sá dómur felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Var málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar.

Samkvæmt tilkynningu til Hlutafélagaskrár, dags. 27. júlí 1995, um samruna félaganna Íshafs hf. og Höfða hf., kt. 661076-0389, Suðurgarði, Húsavík, hefur Höfði hf. tekið við öllum réttindum og skyldum stefnanda, Íshafs hf., miðað við 1. september 1995, og breytist aðild málsins sóknar megin til samræmis við það.

I.

Atvik máls og ágreiningsefni.

Að morgni föstudagsins 25. júní 1993 var togarinn Kolbeinsey, ÞH-10, að veiðum á Papagrunni, en stefnandi gerir skipið út. Varðskipið Týr var þar við eftirlit, og komu tveir varðskipsmenn um borð í Kolbeinsey og mældu möskvastærð í vörpu togarans. Þar sem niðurstöður úr þremur mælingum, sem þeir gerðu á bakborðsspena poka vörpunnar, sýndu möskva undir lágmarksstærð samkvæmt reglugerð nr. 38/1991, var skipstjóra, Bjarna Eyjólfssyni, gert að sigla skipinu í land. Var hann þar yfirheyrður af lögreglu og síðan fyrir dómi, en ákæra var gefin út á hendur honum laugardaginn 26. júní 1993. Það var kl. 10.12 föstudaginn 25. júní, sem fyrirmæli voru gefin um að sigla skipinu til hafnar. Var skipinu siglt til Fáskrúðsfjarðar. Stefnandi heldur því fram, að ekki hafi verið unnt að hefja veiðar að nýju fyrr en um kl. 2.30 aðfaranótt sunnudagsins 27. júní.

Meðferð málsins lauk með dómi Héraðsdóms Austurlands 11. október 1993, þar sem hann var sýknaður af kröfum ákæruvalds. Dóminum var eigi áfrýjað.

Í dómi Héraðsdóms Austurlands er lýst þeim mæliaðferðum, sem varðskipsmenn beittu, en rétt er að taka fram, að heimil möskvastærð var 135 mm. Skýrsla skipherra er tekin upp orðrétt í dóminn, en þar segir m. a.:

„. . . Eftirtaldar mælingar voru gerðar á bb-poka vörpunnar: Fyrst voru mældir 20 möskvar, og reyndist meðalmöskvastærð vera 128,4 mm eða 4,9% undir leyfilegri stærð. Því næst voru mældir 2 × 20 möskvar, og reyndist þá meðalmöskvastærð 60 möskva 129,2 mm eða 4,3% undir leyfilegri stærð. Var nú skipstjóra togarans gerð grein fyrir rétti sínum, að hann ætti rétt á að mótmæla mælingunum, og yrðu þá mældir 20 möskvar, og myndi þá meðaltal þeirra mælinga verða endanleg meðalmöskvastærð viðkomandi nets.

Kl. 9.32 óskaði skipstjóri eftir því að nýta sér þennan rétt. Voru þá mældir 20 möskvar, og reyndist meðalmöskvastærð þeirra 127,9 mm eða 5,3% undir leyfilegri stærð. Mælingarnar voru gerðar í samræmi við reglugerð nr. 38/1991, og voru þær allar gerðar á UTZON-aflmæli."

Skipverjar gerðu athugasemdir við mæliaðferðir varðskipsmanna. Hafa þeir bent á, að ekki hafi verið rétt staðið að mælingunni og varðskipsmenn ekki tekið tillit til athugasemda þeirra. Í niðurstöðu dóms Héraðsdóms Austurlands segir m. a. svo:

„Telja verður, að aðstæður séu ekki eins og best verði á kosið, þegar möskvastærð neta er mæld úti á sjó, og þegar mælt er með handmæli, séu niðurstöður slíkra mælinga allajafna ónákvæmari en þegar aflmælir er notaður. Hins vegar nota sjómenn handmæla við könnun á lögmæti veiðarfæra sinna, og eins og áður segir, eru ákvæði nefndrar reglugerðar á þá lund, að mæla skuli fyrst með handmæli, en ekki nota aflmæli, nema niðurstöður fyrstu mælinga gefi til kynna ólöglega möskvastærð. Telja verður því, að við mælingu netsins umrætt sinn hafi varðskipsmenn ekki beitt þeim aðferðum, sem skýrlega er mælt fyrir um í áðurnefndri 11. gr. reglugerðarinnar. Þá er einnig ljóst skv. athugun Löggildingarstofunnar, að aflmælir sá, sem notaður var við verkið, er ekki rétt stilltur.

Þrátt fyrir það að ekki hafi verið notaður aflmælir við mælingu matsmanns á möskvastærð, leiða niðurstöður mælinga hans og það, sem að framan er rakið, til þess, að álykta ber, að alls ekki sé víst, að veiðarfæri togarans Kolbeinseyjar, ÞH-10, hafi verið ólögleg umrætt sinn. Skal ákærði því sýknaður. . . ."

Reglugerð sú, sem að framan er vitnað til, er nr. 38/1991 um möskva-

stærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir, út gefin 31. janúar 1991. Reglugerðin hefur, eftir að atvik þessa máls urðu, verið leyst af hólmi með reglugerð nr. 391/1993.

Í forsendum dómsins, sem að framan eru teknar upp, er vikið að því, að aflmælir sá, er varðskipsmenn notuðu, hafi verið rangt stilltur. Í bréfi Löggildingarstofunnar, dags. 6. september 1994, kemur fram, að UTZON-átaksmælir hafi fyrst komið til prófunar árið 1987. Þá hafi frávik á honum mælst allt að 5/1000, en meðalfrávik verið 2,5/1000. Á þeim tíma hafi skekkja ekki mátt vera meiri en 2/1000, og því hafi mælirinn ekki verið löggiltur.

Með reglugerð nr. 511/1990 hafi verið skýrgreind vikmörk við möskvamælingar og þau leyfð 3% í heild. Á grundvelli þessa hafi átaksmælarnir verið löggiltir á prófunarstofu Löggildingarstofunnar 8. mars 1991.

Þá segir í bréfi Löggildingarstofunnar frá prófun á átaksmæli að fyrirlagi Héraðsdóms Austurlands vegna meðferðar áðurgreinds máls. Þá hafi frávik verið komið út fyrir hin leyfilegu 3% vikmörk, og því sé sá mælir ekki lengur nothæfur til möskvamælinga. Því hafi löggildingar UTZON-mæla verið afturkallaðar með bréfi til Landhelgisgæslunnar 26. október 1993.

Matsmaður, Steindór Björnsson netagerðarmaður, var kvaddur til við meðferð sakamálsins af Héraðsdómi Austurlands. Var honum falið að mæla möskvastærð í vörpu togarans. Með bréfi, dags. 29. júlí 1993, lýsir hann niðurstöðum sínum. Hann segir þar, að þar sem fyrsta mæling með handafli hafi verið innan leyfilegra skekkjumarka, hafi hann ekki gert mælingu með lóði. Meðalmöskvastærð skv. niðurstöðum hans var 134,6 mm og 134,35 mm. Hann bendir í bréfi sínu á það, sem sést af niðurstöðutöflum hans, að mikill munur er á möskvunum.

Stefnandi krefst í máli þessu skaðabóta skv. XXI. kafla laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Þeim kröfum er andmælt af hálfu stefnda.

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst telja, að með því að áfrýja ekki áðurnefndum dómi Héraðsdóms Austurlands hafi verið viðurkennt, að taka togarans hafi verið ólögmæt. Við þessa ólögmætu töku hafi hann orðið fyrir tjóni.

Stefnandi lýsir því svo, að með töku skipsins hafi verið stöðvuð lögmæt atvinnustarfsemi. Veiðar hafi gengið vel síðustu 12 stundir, áður en veiðar voru stöðvaðar. Stefnandi telur erfitt að meta tjón það, er varð. Hann kveðst miða við, að skipið hafi tafist frá veiðum í 41 klukkustund.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi svo:

Fastur kostnaður	kr.	410.420
Olíunotkun á siglingu	–	41.701
Hafnargjöld	–	10.444
Greitt launatap skipstjóra	–	292.414
Samtals	kr.	754.979

Undir heitinu Fastur kostnaður í sundurliðun þessari telur stefnandi fram hlutfall fastra útgjaldaliða (vátryggingar, fjármagnskostnaður o. fl.), er fallið hafi til þann tíma, er skipið var tafið. Krafið er um launatap skipstjóra í september, er hann var viðstaddur málsmeðferð í Héraðsdómi Austurlands, en útgerðin greiddi honum laun þann tíma.

Kröfur um bætur vegna ólögmætrar töku skipsins styður stefnandi við ákvæði XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð opinberra mála. Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Kröfur um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

III.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi skírskotar aðallega til þess, að bótarétt skv. XXI. kafla laga nr. 91/1991 geti ekki aðrir átt en sakaðir menn. Því geti stefnandi ekki átt rétt til bóta samkvæmt þessum reglum.

Þá telur stefndi, að hvorki skilyrðum 175. né 176. gr. laga nr. 19/1991 sé fullnægt, en skilyrðum beggja ákvæðanna þurfi að vera fullnægt, til að bótaréttur stofnist. Mælingar varðskipsmanna hafi grundvallað rökstuddan grun, er gefið hafi tilefni til þeirra aðgerða, sem gripið var til. Þeir hafi mælt þrisvar, og hver mæling um sig hafi bent til, að möskvar væru of þéttir.

Þá telur stefndi, að ekki sé líklegra, að veiðarfæri togarans hafi verið lögleg umrætt sinn, en það sé skilyrði skv. 1. mgr. 175. gr. Slík ályktun verði ekki dregin af dómi Héraðsdóms Austurlands.

Við allar mælingar varðskipsmanna hafi verið notaður aflmælir á mælistiku, en samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 38/1991 sé gert ráð fyrir, að aflmælir eða lóð sé ekki notað nema í þriðju og síðustu mælingu, þurfi að koma til hennar á annað borð. Engar athugasemdir eða mótmæli hafi komið fram gegn þeirri aðferð á vettvangi, og hafi hún því í reynd verið samþykkt. Þótt notaður hafi verið aflmælir á stikuna við fyrstu tvær mælingarnar í stað óskilgreinds handafls, leiði það ekki til þess, að niðurstöður þeirra mælinga verði við það rangar.

Allar þrjár mælingar varðskipsmanna hafi sýnt veruleg frávik frá heimilli möskvastærð samkvæmt reglugerðinni, og mest frávik hafi komið í ljós við þriðju mælingu. Stefndi telur, að sú skekkja, er prófun Löggildingarstof-

unnar hafi leitt í ljós, hafi verið óveruleg. Sé ekki sýnt, að hún hafi leitt til þess, að mælingin hafi verið röng, þó að lítillega hafi vantað upp á átak mælisins á vörpuna. Telur stefndi líklegra, að stefnandi hafi verið sekur en saklaus af fiskveiðabroti, og styður það mælingum varðskipsmanna, er gerðar hafi verið skömmu eftir, að varpan var dregin. Samkvæmt því komi b-liður 1. mgr. 175. gr. laga nr. 19/1991 í veg fyrir bótarétt stefnanda.

Þá gerir stefndi athugasemdir við þá matsgerð, er áður greinir, í fyrsta lagi, að matsmaðurinn sé ekki netagerðarmeistari, heldur hafi hann nýlega lokið sveinsprófi. Þá sé lýsingu á framkvæmd skoðunarinnar áfátt. Ekki verði annað ráðið en hann hafi notað mælistiku með óskýrgreindu handafli. Skýrslan leiði ekki annað í ljós en að mikill munur hafi verið á möskvastærð og frávikin verið veruleg. Bendi það ekki til þess, að mælingar varðskipsmanna hafi verið rangar.

Mælingar varðskipsmanna hafi leitt í ljós veruleg frávik frá heimilli möskvastærð. Telur stefndi, að sú skekkja í átaki mælisins, sem komið hafi í ljós, hafi ekki getað leitt til þess, að varpan hafi ranglega mælst undir máli. Þessi skekkja hafi verið óveruleg.

Loks heldur stefndi því fram, að bótaréttur skv. 176. gr. laga nr. 19/1991 geti eingöngu stofnast vegna tiltekinna þvingunarráðstafana í þágu rannsóknar opinbers máls, þ. e. handtöku, leitar, halds á munum, rannsóknar á heilsu manns, gæsluvarðhalds og annarra aðgerða, er hafi frelsisskerðingu í för með sér. Slíku hafi ekki verið beitt gagnvart stefnanda.

Loks styður stefndi varakröfu sína um lækkun með því, að aðalkrafa stefnanda sé um of háar bætur. Sérstaklega mótmælir hann kröfuliðunum fastakostnaði, að fjárhæð 410.420 kr., og launamissi skipstjóra í september, að fjárhæð 292.414 kr. Kröfuliðir þessir séu án lagastoðar, en auk þess of háir. Ekki sé unnt að fallast á, að fyrirmæli um að sigla skipinu til hafnar og tafir þar hafi fellt á þessi útgjöld. Þá geti hugsanleg krafa skipstjóra vegna missis launa ekki gengið til útgerðarinnar, þó að hún hafi greitt honum laun. Krafa skv. XXI. kafla laga nr. 19/1991 sé óframseljanleg, sbr. 180. gr. þeirra laga. Stefndi gerir ekki athugasemdir við kröfulið vegna hafnargjalda, að fjárhæð 10.444 kr., en telur kröfulið um olíukostnað, að fjárhæð 41.701 kr., vanreifaðan og ekki studdan gögnum.

IV.

Niðurstaða.

Samkvæmt niðurstöðu Héraðsdóms Austurlands var skipstjórinn á skipi stefnanda sýknaður af ákæru um fiskveiðibrot, þar sem ekki var talið sannað, að veiðarfæri togarans Kolbeinseyjar, ÞH-10, hefðu verið ólögleg tiltek-

ið sinn. Sú niðurstaða í refsimáli leiðir hins vegar ekki sjálfkrafa til þess, að stefnandi eigi rétt á bótum eða að allar aðgerðir varðskipsmanna og síðar handhafa ákæruvalds og lögreglu verði taldar ólögmætar. Meta þarf sjálfstætt, hvort aðgerðir löggæslumanna voru lögmætar á þeim tíma, sem gripið var til þeirra, en það felst einkum í mati á því, hvort tilefni hafi verið til aðgerðanna og þá hvort þær voru innan marka þeirra heimilda, er löggæslumönnum eru veittar.

Bótareglan í 176. gr. laga nr. 19/1991 er ekki takmörkuð við bætur til handa sökuðum mönnum. Hafi stefnandi þessa máls orðið fyrir tjóni vegna þeirra aðgerða, sem taldar eru í ákvæðinu, verður að telja, að honum verði ekki meinað að fá bætur samkvæmt þessari heimild að fullnægðum skilyrðum lagagreinarinnar.

Fyrir liggur, með hvaða hætti varðskipsmenn stóðu að mælingum á möskvastærð á pokum botnvörpunnar tiltekið sinn. Í öll skiptin var notaður aflmælir, sem ætla verður, að sé nákvæmari mæling en þegar möskvastærð neta er mæld með handmæli úti á sjó. Er og gert ráð fyrir því, að við endurmælingu samkvæmt 3. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 38/1991 sé notað lóð eða aflmælir. Varðskipsmenn notuðu UTZON-aflmæla, sem áður er lýst, en þeir höfðu verið löggiltir til þessara mælinga af Löggildingarstofunni, enda hafði skekkja þeirra verið innan þess ramma, er gilti um mælingar á möskvastærð skv. reglugerð nr. 511/1990. Stefnandi hefur ekki sannað, að varðskipsmenn hafi staðið rangt að mælingu tiltekið sinn.

Niðurstöður úr mælingunum vöktu grun um brot gegn ákvæðum reglugerðar nr. 38/1991, sbr. lög nr. 81/1976. Mælingarnar gerði þriðji stýrimaður á varðskipinu með þeim mæli, sem honum var lagður til, og fyrir Héraðsdómi Austurlands lýsti hann yfir því, að hann væri vanur mælingum sem þessum. Grunur varðskipsmanna var samkvæmt þessu rökstuddur og því í samræmi við starfsskyldur varðskipsmanna og lögreglu að skipa skipstjóra að sigla skipinu til hafnar og halda áfram rannsókn á ætluðu broti hans. Síðari niðurstöður um skekkjur í átaki mælisins leiða ekki til þess, að aðgerðir varðskipsmanna verði taldar ólögmætar, en mælirinn hafði með réttu verið talinn í lagi. Þá hafa ekki verið lögð fram nein gögn um það, hvaða áhrif mismunandi átakskraftur hefur á niðurstöðu um mælingu möskvastærðar, en þeirra er ekki brýn þörf í þessu máli.

Skipverjar á Kolbeinsey, ÞH, voru ekki á neinu stigi rannsóknar málsins handteknir í skilningi laga nr. 19/1991. Þá var ekki á neinu stigi lagt hald á annað en botnvörpu þá, er mæld var. Skipverjar sigldu skipinu í land, og var það tafið frá veiðum vegna rannsóknar málsins. Hugsanleg bótakrafa stefnanda yrði því reist á 176. gr. laga nr. 19/1991.

Aðgerðir varðskipsmanna og annarra löggæslumanna voru samkvæmt framansögðu eðlileg viðbrögð vegna þess rökstudda grunar, er vaknað hafði. Málsmeðferð var hagað í samræmi við lög og tilefni það, sem gefið var. Samkvæmt því verður ekki talið, að stefnandi eigi rétt á bótum skv. 176. gr. laga nr. 19/1991.

Stefndi verður því sýknaður af kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, dómsmálaráðherra f. h. íslenska ríkisins, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Höfða hf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.